# Alþingi 1954.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1954, laugardaginn 9. október, var sjötugasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og sjöunda aðalþing í röðinni, en áttugasta og níunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Biskup Íslands, Ásmundur Guðmundsson, steig í stólinn og lagði út af Jóh. 8. kap. 32.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
5. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
6. Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm.
7. Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
8. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
9. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
10. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
11. Emil Jónsson, 5. landsk. þm.
12. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
13. Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm.
17. Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
21. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
22. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
23. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
24. Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf.
25. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
26. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
27. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
28. Jón Pálmason, þm. A-Hún.
29. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
30. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
31. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
32. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
33. Ólafur Thors, þm. G-K.
34. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
35. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
36. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
37. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
38. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
39. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
40. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
41. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Ókomnir til þings voru:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm.
3. Hermann Jónasson, þm. Str.
4. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
5. Jónas Rafnar, þm. Ak.
6. Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm.
7. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
8. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
9. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.
10. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
11. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

**Forseti Íslands setur þingið.**

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

**Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson):** Hinn 21. sept. s. l. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1954 skuli koma saman til fundar laugardaginn 9. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til

Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu, er hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík 21. september 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors."

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú 1024 ár. Frá því er Alþingi var endurreist og kom saman af nýju fyrir 109 árum, er þetta 89. samkoma þess, en frá því að það fékk aftur löggjafarvald fyrir 80 árum, er þetta þing hið 74. í röðinni, en 57. aðalþing.

Á þessu ári hefur verið minnzt 50 ára afmælis heimastjórnar og þingræðis á Íslandi. Það er vel til fallið, að minnzt sé rækilega merkra atburða í sögu þjóðarinnar. Barátta brautryðjandans má ekki falla í gleymsku, og því síður megum við vanmeta þann arf, sem sigrar forfeðranna hafa fært oss í hendur. Vér þurfum að vinna á móti þeirri tilhneigingu að meta það lítils, sem hefur áunnizt og ekki lengur er háð flokksbaráttu. Þó að hillingar hverfi, þegar marki er náð, þá þarf hver kynslóð að gerþekkja þann grundvöll, sem hún byggir á. Íslendingum þótti að vísu mikið til um, þegar þeir heimtu hina æðstu stjórn sérmálanna inn í landið, og voru þá einhuga að kalla á Alþingi, eins og oftar á úrslitastundum. En þó virðist mér, að oss, sem nú lifum og lítum aftur á þessa hálfu öld, megi finnast enn meir til um árangurinn. Því er ekki alltaf að fagna, að árangur fari fram úr glæstum vonum. Mig grunar, að fögnuður þeirra, sem voru í broddi fylkingar fyrir 50 árum, mundi þó mestur og beztur, ef þeim hefði sjálfum verið unnað að líta yfir þennan áfanga með oss.

Það er erfitt að segja, hvort hafi verið mikilsverðara, búseta ráðherrans í landinu eða ábyrgð hans gagnvart Alþingi. En samanlagt nálgast það sjálfstjórn, þó að fullveldis yrði enn að bíða í hartnær 15 ár. Það virðist næstum vorkunn, þótt sumum eldri mönnum og þó sérstaklega dönskum stjórnmálamönnum dytti í hug, að hér væri stigið lokasporið í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. En um þetta leyti skýtur úr jörðu grænum sprota, sem dafnaði vel og átti fyrir höndum að verða að sterkum stofni hins endurreista lýðveldis á Íslandi. Þess höfum vér einnig minnzt í ár á viðeigandi hátt.

Það má svo segja, að með heimastjórninni hefjist hin síðari landnámsöld á Íslandi, og skal þeirri öld ekki lýst frekar en búið er að gera á þessum tveimur afmælum, þingræðis og heimastjórnar annars vegar og lýðveldisstofnunar hins vegar. En það er skemmtilegt til athugunar, að hvergi er þessu 50 ára tímabili betur fyrir fram lýst en í Aldamótaljóðum þess manns, sem fyrstur Íslandsráðherra talaði íslenzka tungu „með búsetu í Reykjavík". Þar ræðir um ólgandi fossa, auðlindir sjávar, móðurmoldina frjóu, stritandi vélar og stjórnfrjálsa þjóð. Þetta kvæði fékk ekki fyrstu skáldskaparverðlaun á sinni tíð. En það er ávarp til þjóðarinnar, stefnuskrá nýrrar aldar í bundnu máli, og andagift og skáldflug nóg til þess, að það lifir fram á þennan dag. Til einskis kvæðis heyri ég oftar vitnað af alþýðu manna á ferðum mínum um landið.

Búsetu ráðherrans á Íslandi fylgdi það tvennt, að ráðherrann bar ábyrgð gagnvart Alþingi og varð óháður stjórnarskiptum í Danmörku. Hann er því nánast Íslandsráðherra um öll sérmál Íslands, sjálfstætt ráðuneyti, einn síns liðs. Heimastjórnarafmælið er jafnframt þingræðisafmæli. Mig grunar, að á þeim tíma hafi ekki allir gert sér ljóst, hversu örlagarík þessi skipun var, jafnrík áherzla og þá var lögð á ríkisráð og ríkiseiningu. Þessi skipun hlaut að leiða til átaka um hvort tveggja, ríkisráðið og ríkiseininguna. Um hvorugt var samið berum orðum og enginn lagabókstafur fyrir, en við skipun hins fyrsta ráðherra fór konungur að réttum þingræðisreglum og jafnan síðan. Og við hin fyrstu stjórnarskipti í Danmörku eftir þetta lýsir konungur yfir því, að þau hafi engin áhrif á ákvarðanir hans um ráðherraskipti á Íslandi. Hélzt það og jafnan síðan, þó að konungaskipti yrðu. Er þetta allt því eftirtektarverðara, að Danir telja, að fullkomið þingræði hafi komizt á hjá þeim sjálfum ekki fyrr en eftir hina fyrri heimsstyrjöld. Einn af sólskinsblettunum í íslenzkri stjórnmálasögu er hið góða samstarf við hina síðustu konunga landsins, þó að ytri ástæður réðu því, að lokaviðræður gátu ekki farið fram.

Þingræði hefur því staðið á Íslandi í samfleytt hálfa öld. Á þessum tíma hafa setið fimm Íslandsráðherrar og fimmtán ráðuneyti, ef talið er fram til þeirrar stjórnar, er nú situr. Samkvæmt því er meðalaldur íslenzkra ríkisstjórna tvö og hálft ár, en þegar miðað er við forsætisráðherra, sem sumir hafa myndað fleiri en eina stjórn, er meðalaldurinn þrjú og hálft ár. Þess má og geta, að margir einstakir ráðherrar hafa setið miklu lengur að völdum og það allt upp í samtals 15 ár.

Ég hygg því, að enginn geti mælt því í gegn með rökum sögunnar, að það þingræði, sem vér búum við, hefur gefizt vel í aðaldráttunum. Vér getum litið kinnroðalaust framan í hverja þingræðisþjóð. Um meðalaldur ríkisstjórnanna verður ekki kvartað. Í þeim flestum eru menn, sem hafa langa reynslu í stjórn eða á þingi. Samhengið er því meira en meðalaldurinn segir til um. Sú viðureign, sem er háð um málefni þjóðarinnar, nær yfirleitt ekki til stjórnskipulagsins sjálfs. Og það skyldu menn vel varast að blanda saman andstöðu sinni við mál og menn og telja það vera andstöðu við skipulagið sjálft.

Þjóðkjörið þing og þingbundin stjórn á vel við Íslendinga. Hin nýja stjórnskipun mun hvergi fastar tengd við fortíðina en með vorri þjóð. Það var hugarangur í þessum orðum Jónasar: „Alþingi er horfið á braut." — En fræ kornið lá í jörðu yfir hið svartasta skammdegi og hefur varðveitt það samhengi sögunnar, sem gefur þjóðskipulaginu styrk í stormum samtíðarinnar. Brautryðjendunum hefur ekki skjátlazt. Það má lengi um bæta og halda áfram á þeirri braut, sem þeir ruddu. Það árdegi, sem hófst með heimastjórn og þingræði, „kallar, og áfram liggja sporin".

Að svo mæltu árna ég Alþingi allra heilla í

störfum og bið alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Ólafur Thors**, mælti: „Ísland lifi.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forseti Íslands tók sér nú sæti í salnum, en aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

**Minning Sigurjóns Á. Ólafssonar.**

**Aldursforseti (JörB)**: Frá því er síðasta þingi sleit, á þjóðin á bak að sjá merkum fyrrverandi þingmanni, Sigurjóni Á. Ólafssyni, sem andaðist hér í bænum 15. apríl s. l. á sjötugasta aldursári, og vil ég nú, áður en þingstörf hefjast, minnast þessa þjóðkunna manns nokkrum orðum.

Sigurjón Árni Ólafsson fæddist 29. okt. 1884 að Hvallátrum á Rauðasandi, sonur Ólafs, síðar bónda í Króki á Rauðasandi, Jónssonar og konu hans, Guðbjargar Árnadóttur bónda í Hvallátrum Thoroddsens. Ungur að árum tók hann að stunda sjóinn, fyrst á opnum bátum og síðar á þilskipum, hóf nám í Stýrimannaskólanum 1904 og lauk þar almennu stýrimannaprófi að tveim árum liðnum, réðst þá aftur á skip og gegndi ýmist háseta- eða stýrimannsstarfi í siglingum og á fiskveiðum næstu tólf árin, til 1918, og á árunum 1918—1919 hafði hann skipstjórn á hendi. Síðan stundaði hann ýmis störf hér í bænum, var afgreiðslumaður Alþýðublaðsins 1919—1927, fátækrafulltrúi 1922—1927 og afgreiðslumaður og verkstjóri hjá Skipaútgerð ríkisins 1930—1942, auk fjölmargra trúnaðarstarfa, er á hann hlóðust í almenningsþarfir og of langt yrði hér öll upp að telja. Hér skal þó getið nokkurra hinna helztu þeirra. Hann var forseti Alþýðusambands Íslands 1940—1942, átti sæti í félagsdómi 1938—1944 og í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur frá 1930 til æviloka, var yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna 1938—1943 og frá 1947 til dauðadags, sat í Landsbankanefnd 1936—1953 og í eftirlitsnefnd með opinberum sjóðum frá 1934. Hann átti og sæti í eigi færri en 8 milliþinganefndum, er flestar fjölluðu um ýmsa þætti siglinga-, atvinnu- og félagsmála. Þingmaður Reykvíkinga var hann á árunum 1928—1931 og 1934—1937 og landskjörinn þm. 1937—1942 og 1946—1948, sat alls á 22 þingum.

Ótalið er þó það starf, sem lengst mun geyma minningu Sigurjóns Á. Ólafssonar. Hann kynntist frá blautu barnsbeini af eigin raun, eins og fyrr segir, lífi og starfi sjómanna, fyrst sem undirmaður og síðar yfirmaður, og hóf snemma brautryðjandastarf fyrir bættum kjörum þeirra og öryggi, bæði með samningagerðum og íhlutun um og undirbúningi að lagasetningu þeim til hagsbóta. Hann gerðist oddviti stærstu samtaka þeirra, Sjómannafélags Reykjavíkur, og gegndi formennsku í því félagi í meira en 30 ár, 1917—1918 og 1920—1951, eða þar til hann baðst undan endurkosningu. Um þá starfsemi hans farast einum forustumanna Alþfl. og samherja Sigurjóns um langt skeið svo orð m. a. í minningarorðum um hann:

„Mun óhætt að fullyrða, að það þurfti meira en meðalmann til að gegna um svo langt árabil forustu í jafnfjölmennu stéttarfélagi og Sjómannafélagi Reykjavíkur með slíkum eldmóði, starfsgleði og baráttuþrótti sem einkenndi alla félagsmálastarfsemi Sigurjóns.“

Undir þessi ummæli munu þeir almennt taka, sem kynni höfðu af Sigurjóni Á. Ólafssyni og störfum hans. Samfara baráttu fyrir bættum kjörum sjómanna var honum og ríkt í huga að auka öryggi þeirra á sjónum. Auk hlutdeildar að ýmiss konar lagasetningu í þeim efnum var hann einn stofnenda Slysavarnafélags Íslands og átti sæti í stjórn þess frá byrjun, 1928, til dauðadags. Hann var og einn af aðalhvatamönnum að stofnun dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Sigurjón Á. Ólafsson var upprunninn úr alþýðustétt og vann henni fyrst og fremst, bæði utan þings og innan, meðan honum entist þrek og heilsa. Með ötullegri málafylgju, elju og þrautseigju hófst hann til margvíslegra forustustarfa í þjóðfélaginu og hlífði sér ekki, á hverju sem gekk. Á Alþingi naut hann persónulegra vinsælda jafnt flokksmanna sem annarra.

Ég vil biðja þingheim að rísa úr sætum og votta með því minningu Sigurjóns Á. Ólafssonar virðingu sína. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Fundi frestað.

Mánudaginn 11. okt. var fundinum fram haldið.

Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm., Hermann Jónasson, þm. Str., Jónas Rafnar, þm. Ak., Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., og Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., voru til þings komnir og sátu fundinn, nema LJóh, sem hafði boðað veikindaforföll.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Einar Ingimundarson, þm. Siglf., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

**Kosning forseta.**

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

**Jörundur Brynjólfsson**, 1. þm. Árn.,

með 33 atkv. — Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., fékk 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

**Jón Sigurðsson**, 2. þm. Skagf.,

með 32 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning 2. varaforseta. Kosningu hlaut

**Karl Kristjánsson**, þm. S-Þ.,

með 33 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

**Kosning skrifara.**

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista EI. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

**Einar Ingimundarson**, þm. Siglf., og
**Skúli Guðmundsson**, þm. V-Húnv.

**Kjörbréfanefnd.**

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír

listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Lárus Jóhannesson (B),
Hermann Jónasson (A),
Einar Ingimundarson (B),
Gísli Guðmundsson (A),
Sigurður Guðnason (C).

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**1. Fjárveitinganefnd.**

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa.

Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Pétur Ottesen (D),
Helgi Jónasson (B),
Jónas Rafnar (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Magnús Jónsson (D),
Hannibal Valdimarsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Jón Kjartansson (D).

**2. Utanríkismálanefnd.**

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar, sem á voru samtals sjö nöfn. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Ólafur Thors (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Bjarni Benediktsson (D),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Við kosningu varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Björn Ólafsson (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Jóhann Hafstein (D),
Haraldur Guðmundsson (A).

**3. Allsherjarnefnd.**

Fram komu fjórir listar, sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Voru samkv. því kjörnir án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Jón Sigurðsson (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Karl Guðjónsson (C),
Sigurður Ágústsson (D),
Emil Jónsson (A).

**Þingfararkaupsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG; á B-lista AE, EirÞ; á C-lista GJóh; á D-lista JPálm, JR. — A-listi hlaut 5 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 8 atkv., D-listi 19 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Jón Pálmason (D),
Andrés Eyjólfsson (B),
Jónas Rafnar (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Gunnar Jóhannsson (C).

# B.

# Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Andrési Eyjólfssyni, þm. Mýr. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
4. Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
15. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Jóhann Jósefsson og Vilhjálmur Hjálmarsson voru ekki til þings komnir. Allir þdm. aðrir voru á fundi, nema Lárus Jóhannesson, sem hafði boðað veikindaforföll.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

**Kosning forseta og skrifara.**

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Gísli Jónsson**, þm. Barð.,

með 9 atkv. — Bernharð Stefánsson hlaut 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

**Bernharð Stefánsson**, 1. þm. Eyf.,

með 10 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

**Lárus Jóhannesson**, þm. Seyðf.,

með 10 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SÓÓ, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

**Karl Kristjánsson**, þm. S-Þ., og
**Sigurður Ó. Ólafsson**, 2. þm. Árn.

**Sætaskipun.**

Eftir tillögu forseta voru leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv. þau afbrigði frá þingsköpum, að ekki skyldi hlutað um sæti, heldur skyldu þdm. sitja eins og þeir höfðu í upphafi fundar skipað sér í sæti.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**1. Fjárhagsnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG; á B-lista BSt, KK; á C-lista BrB; á D-lista GíslJ, LJóh. — A-listi fékk 2 atkv., B-listi 6 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Fór fram hlutkesti milli HG og BrB um fimmta sæti í nefndinni, og kom upp hlutur HG. Kosningu hlutu því:

Bernharð Stefánsson,
Gísli Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Lárus Jóhannesson,
Haraldur Guðmundsson.

Að kosningu lokinni mælti

**dómsmrh. (Bjarni Benediktsson)**: Herra forseti. Vegna þess að fram hefur komið við þá atkvgr., sem nú hefur átt sér stað, að ekkert slíkt samkomulag er um kosningu nefnda sem búizt hafði verið við, þannig að úrslitum geta ráðið atkvæði manna, sem nú eru fjarstaddir, þá vildi ég fara þess á leit, að atkvgr. yrði frestað um þær nefndir, sem eftir eru, þannig að beðið yrði eftir þeim þingmanni, sem nú er veikur, þótt ekki sé beðið eftir þeim, sem fjarstaddur er og vitanlega mun ekki koma nógu snemma. En hv. þm. Seyðf. er kominn til bæjarins og mun vera lasinn, og finnst mér rétt, þar sem ljóst er, að atkv. hans muni geta ráðið úrslitum um margar kosningar hér, að beðið sé eftir því, að hann mæti.

**Forseti (GíslJ)**: Það hefur komið fram ósk um að fresta frekari kosningum í nefndir. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt um, hvenær viðkomandi hv. þm. kann að vera væntanlegur til þings, en ég skal gjarnan verða við að fresta kosningu nú um hríð. Telur hæstv. ráðh., að það sé nauðsynlegt að fresta kosningum til morguns eða aðeins um stund nú? — Kosningunni er frestað um sinn til kl. 3½. — [Fundarhlé.]

**2. Samgöngumálanefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG; á B-lista VH, AE; á C-lista BrB; á D-lista SÓÓ, JK. — A-listi fékk 2 atkv., B-listi 6 atkv., C-listi

2 atkv., D-listi 5 atkv. Fór fram hlutkesti milli HG og BrB um fimmta sæti í nefndinni, og kom upp hlutur BrB. Kosningu hlutu því:

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Andrés Eyjólfsson,
Jón Kjartansson,
Brynjólfur Bjarnason.

**3. Landbúnaðarnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG; á B-lista PZ, AE; á C-lista FRV; á D-lista JK, SÓÓ. — A-listi fékk 2 atkv., B-listi 6 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Fór fram hlutkesti milli GÍG og FRV um fimmta sæti í nefndinni, og kom upp hlutur FRV. Kosningu hlutu því:

Páll Zóphóníasson,
Jón Kjartansson,
Andrés Eyjólfsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Finnbogi R. Valdimarsson.

**4. Sjávarútvegsnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG; á B-lista VH, BSt; á C-lista BrB; á D-lista JJós, IngF. — A-listi fékk 3 atkv., B-listi 5 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Kosningu hlutu því:

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Jóhann Jósefsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring.

**5. Iðnaðarnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG; á B-lista HermJ, PZ; á C-lista BrB; á D-lista GíslJ, JJós. — A-listi fékk 3 atkv., B-listi 5 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Kosningu hlutu því:

Hermann Jónasson,
Gísli Jónsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson,
Jóhann Jósefsson.

**6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG; á B-lista VH, KK; á C-lista FRV; á D-lista GíslJ, IngF. — A-listi fékk 3 atkv., B-listi 5 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Kosningu hlutu því:

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Gísli Jónsson,
Haraldur Guðmundsson,
Karl Kristjánsson,
Ingólfur Flygenring.

**7. Menntamálanefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG; á B-lista BSt, AE; á C-lista FRV; á D-lista IngF, SÓÓ. — A-listi fékk 2 atkv., B-listi 6 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Fór fram hlutkesti milli HG og FRV um fimmta sæti í nefndinni, og kom upp hlutur HG. Kosningu hlutu því:

Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring,
Andrés Eyjólfsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Haraldur Guðmundsson.

**8. Allsherjarnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG; á B-lista PZ, HermJ; á C-lista FRV; á D-lista LJóh, SÓÓ. — A-listi fékk 2 atkv., B-listi 6 atkv., C-listi 2 atkv., D-listi 5 atkv. Hlutkesti fór fram milli GÍG og FRV um fimmta sæti í nefndinni, og kom upp hlutur GÍG. Kosningu hlutu því:

Páll Zóphóníasson,
Lárus Jóhannesson,
Hermann Jónasson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

# C.
# Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jörundi Brynjólfssyni, 1. þm. Árn., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm.
3. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
4. Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
5. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
6. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
7. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
8. Emil Jónsson, 5. landsk. þm.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm.
13. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
14. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm.
15. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
16. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
17. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm.
25. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
26. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.
27. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
28. Ólafur Thors, þm. G-K.
29. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
30. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
31. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
32. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
33. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
34. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru Karl Guðjónsson, Kjartan J. Jóhannsson og Lúðvík Jósefsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Sigurður Bjarnason,** þm. N-Ísf.,
með 23 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

**Halldór Ásgrímsson,** 2. þm. N-M.,
með 22 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

**Jónas Rafnar,** þm. Ak.,
með 23 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista MJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

**Magnús Jónsson,** 2. þm. Eyf., og
**Páll Þorsteinsson,** þm. A-Sk.

**Sætaskipun.**

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Jörundur Brynjólfsson.
9. — — Halldór Ásgrímsson.
10. — — Einar Olgeirsson.
11. — — Jóhann Hafstein.
12. — — Einar Ingimundarson.
13. — — Bergur Sigurbjörnsson.
14. — — Kjartan J. Jóhannsson.
15. — — Eggert Þorsteinsson.
16. — — Lúðvík Jósefsson.
17. — — Helgi Jónasson.
18. — — Björn Ólafsson.
19. — — Ásgeir Bjarnason.
20. — — Gunnar Thoroddsen.
21. — — Emil Jónsson.
22. — — Gunnar Jóhannsson.
23. — — Jónas Rafnar.
24. — — Jón Pálmason.
25. — — Skúli Guðmundsson.
26. — — Eiríkur Þorsteinsson.
27. — — Gylfi Þ. Gíslason.
28. — — Gils Guðmundsson.
29. — — Gísli Guðmundsson.
30. — — Karl Guðjónsson.
31. — — Pétur Ottesen.
32. — — Sigurður Guðnason.
33. — — Sigurður Ágústsson.
34. — — Hannibal Valdimarsson.
35. — — Jón Sigurðsson.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**1. Fjárhagsnefnd.**

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason (D),
Skúli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Karl Guðjónsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

**2. Samgöngumálanefnd.**

Fram komu fimm listar. Á A-lista var EmJ; á B-lista ÁB, EirÞ; á C-lista KGuðj; á D-lista SB, MJ; á F-lista GilsG. — A-listi hlaut 5 atkv., B-listi 10 atkv., C-listi 5 atkv., D-listi 13 atkv., F-listi 2 atkv. Var hlutað um tvö sæti í nefndinni milli EmJ, EirÞ og KGuðj, og kom upp hlutur EmJ og EirÞ. Kosningu hlutu því:

Sigurður Bjarnason,
Ásgeir Bjarnason,
Magnús Jónsson,
Eiríkur Þorsteinsson,
Emil Jónsson.

**3. Landbúnaðarnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HV; á B-lista ÁB, GíslG; á C-lista SG; á D-lista JS, JPálm. — A-listi hlaut 5 atkv., B-listi 10 atkv., C-listi 6 atkv., D-listi 14 atkv. Fór fram hlutkesti milli HV og GíslG um fimmta sæti í nefndinni, og kom upp hlutur HV. Kosningu hlutu því:

Jón Sigurðsson,
Ásgeir Bjarnason,
Jón Pálmason,
Sigurður Guðnason,
Hannibal Valdimarsson.

**4. Sjávarútvegsnefnd.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því hlutu kosningu án atkvgr.:

Pétur Ottesen (D),
Gísli Guðmundsson (B),
Sigurður Ágústsson (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C).

**5. Iðnaðarnefnd.**

Fram komu fjórir listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Gunnar Thoroddsen (D),
Skúli Guðmundsson (B),
Einar Ingimundarson (D),
Eggert Þorsteinsson (A),
Bergur Sigurbjörnsson (F).

**6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.**

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því hlutu kosningu:

Jóhann Hafstein (D),
Helgi Jónasson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Hannibal Valdimarsson (A).

**7. Menntamálanefnd.**

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Voru því kjörnir án atkvgr.:

Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (D),
Karl Guðjónsson (C),
Halldór Ásgrímsson (B).

**8. Allsherjarnefnd.**

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Björn Ólafsson (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Einar Ingimundarson (D),
Gunnar Jóhannsson (C),
Ásgeir Bjarnason (B).

# Lagafrumvörp samþykkt.

## 1. Gjaldaviðauki 1955.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka** [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 5. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 44).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Með frv. þessu um heimild handa ríkisstj. til þess að innheimta á næsta ári ýmis gjöld fyrir ríkissjóðinn með viðauka er ekki verið að stofna til nýrra álagna. Viðauki þessi hefur viðgengizt í mörg undanfarandi ár, óbreyttur að prósentu. Hins vegar má segja, að hann hafi létzt sem álag fyrir þá landsmenn, — og þeir eru nokkuð margir, — sem hafa fengið hækkað kaup eða hækkað verð fyrir afurðir sínar á gildistíma þessarar lagasetningar.
Sú eina breyting, sem orðið hefur frá frv. því um þennan viðauka, sem síðasta Alþingi samþykkti, er, að nú er, svo sem vera ber, niður felld heimild til viðauka á leyfisgjöld, sem sett voru í fulla hæð með aukatekjulögunum á síðasta þingi.
Allir fjhn.-menn, sem á fundi voru, þegar frv. var athugað í n., mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.
Ég sé enga ástæðu til að fara um svo gamalkunnugt mál fleiri orðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 6. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 8. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Með þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að innheimta með viðauka nokkur gjöld á árinu 1955. Þessir viðaukar eru ekki nýmæli, heldur er þar um að ræða framlengingu á þeim viðaukum, sem áður hafa verið innheimtir. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og hefur farið í gegnum d. breytingalaust, og ég vænti, að hv. d. geti fallizt á að samþ. frv., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 133).

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og er, eins og það ber með sér, framlenging á núgildandi lögum. Fjhn. hefur athugað frv. og borið það saman við lagaákvæðin og mælir samhljóða með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 150).

## 2. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um framlengingu bráðabirgðaákvæða).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.** [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í frv. er gert ráð fyrir að innheimta með álagi vörumagnstoll og verðtoll á sama hátt og verið hefur undanfarin missiri. Enn fremur er í 2. gr. gert ráð fyrir að undanþiggja tollahækkuninni vissar vörur, sem þar eru nánar til teknar, og eru þau ákvæði alveg óbreytt frá því, sem verið hefur. Loks er í 3. gr. heimilað að fella alveg niður aðflutningsgjöld af ýmsum vörutegundum, þ. á m. kaffi og sykri og fleiri vörutegundum, og eru þær heimildir einnig hér ráðgerðar nákvæmlega eins og þær hafa verið s. l. ár og gert ráð fyrir, að þær verði notaðar á sama hátt.

Ég leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 5. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 41).

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að gera lítils háttar grein fyrir afstöðu fjhn. til þessa máls í fjarveru frsm.

Raunar ber nál., sem prentað er á þskj. 41, greinilega með sér afstöðu n. Í frv. er gert ráð fyrir, að enn verði látin gilda ákvæði um tolla árið 1955, sem gilt hafa í meginatriðum — líklega í samfleytt átta ár eða nálægt því — sem bráðabirgðaákvæði frá ári til árs. Meiri hl. fjhn. gerir engar brtt. við frv., en leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en hv. 4. þm. Reykv. er mótfallinn ákvæðinu um 45% verðtollsálag og gerir sjálfsagt við þessa umr. grein fyrir ástæðum sínum fyrir þeirri afstöðu.

Það er nú létt að vera á móti álögum, ef ekki þarf að bera ábyrgð á því, að tekjur nægi fyrir útgjöldum, en meiri hl. nefndarinnar, sem hefur þá ábyrgð á herðum, sér ekki, að hjá þessari tekjuöflun verði komizt, enda álagið sízt ósanngjarnara nú en það hefur verið að undanförnu.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hv. frsm. réttilega tók fram, þá hef ég ritað undir þetta nál. með fyrirvara, og fyrirvari minn gildir um B-lið 1. gr. frv., en þar er lagt til, að verðtollur verði innheimtur með álagi, sem nemur 45%, að undanteknum þeim vörum, sem taldar eru upp í 2. gr.

Þegar gengislækkunin var ákveðin á Alþingi 1950, var látið í veðri vaka, að það væri gert til þess að létta af landsmönnum þeim sköttum og álögum, sem á höfðu verið lagðar til þess að mæta niðurgreiðslum og uppbótagreiðslum, sem áður höfðu verið í fjárlögum. Sérstaklega var það söluskatturinn, sem hafði verið beinlínis á lagður í þessu skyni. Það fór þó svo, að þegar gengislækkunin var samþykkt, var öllum gömlu sköttunum haldið, og enn fremur var haldið viðaukanum á verðtollinum, sem áður hafði verið innheimtur, með nokkurri lítilfjörlegri lækkun.

Það er viðurkennt af öllum, að verðtollurinn komi ákaflega ranglega niður og eigi sinn ríka þátt í því að skapa dýrtíð og hátt verðlag í landinu. Því er það næst söluskattinum hin mesta nauðsyn að draga úr þessum skatti, m. a. til þess að framfærslukostnaður og framleiðslukostnaður af þeim sökum þurfi ekki að vera jafnhár og raun er á orðin. Ég hef þó ekki, sérstaklega með tilliti til söluskattsins, talið rétt að leggja til að fella þennan viðauka með öllu niður. Ég mun bera fram tillögu, með leyfi hæstv. forseta, um, að í staðinn fyrir 45% verði álagið ákveðið 20%.

Eftir því yfirliti, sem hæstv. fjmrh. gaf um útkomu ársins 1953, þar sem skattar og tollar hafa farið um 70 milljónir fram úr því, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, og eftir þeim upplýsingum, sem hann gaf um tekjur ársins í ár, sem verða stórum hærri en tekjur ársins 1953, þá er augljóst, að ríkissjóði er ekki þörf á því að taka þennan skatt, og sízt með þeim hætti sem gert er samkv. þessum lögum.

Að ég ekki legg fram till. um meiri lækkun á þessum lið, er af tvennu: Annars vegar það, að mér er fullkunnugt um, að hv. fjhn.-menn vilja ekki með nokkru móti á það fallast, að gjaldaukinn eða álagið á verðtollinum verði fellt niður með öllu, en ég geri mér nokkrar vonir um, að þegar svo hægt er farið í sakirnar sem hér er gert, þá fáist hv. þdm. til þess að fallast á, að slíka lækkun sem hér er gert ráð fyrir sé auðvelt að gera. Hin ástæðan er sú, að ég tel alveg nauðsynlegt að breyta einnig ákvæðum söluskattsins, eins og fram mun koma í tillögum frá mér, þegar hann kemur hér til umræðu.

Till. mín, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar á þessa lið:

„Við 1. gr. Í stað „45%“ í B-lið gr. komi: 20%.“

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta till. og bið hann að leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 62) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. hefur nú gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins og borið fram brtt. Þessari brtt. hreyfði hann að vísu ekki í fjhn., en tjáði sig andvígan verðtollsálaginu. Verðtollsákvæðin munu fyrst hafa verið samþ. 1946, fyrir árið 1947, og voru þá á þá leið, að viðaukinn var ákveðinn 65%. Af grg. fyrir því frv., sem ákvæðin voru í, má ráða, að viðaukinn var settur til þess og miðaður við það að standa straum af dýrtíðarráðstöfunum, niðurgreiðslum og þvíliku, sem fyrir höndum lá 1947, og ákvæðin voru 65% hækkun. Þessi ákvæði voru óbreytt, þar til gengis-

fellingin gekk í gildi, en þá var prósentan lækkuð niður í 45, eins og hún hefur verið síðan.

Þegar maður athugar fjárlögin 1947, það ár sem tollaukinn gekk fyrst í gildi, þá sést, að mikil breyting hefur orðið síðan. Heildarniðurstaða fjárlaganna mun þá hafa verið um 200 millj. Nú er hún áætluð samkv. frv. fyrir 1955 nálega 500 millj. Þess vegna liggur ljóst fyrir, að ekki hefur þörfin frá því sjónarmiði minnkað fyrir tekjur handa ríkissjóði, enda er verðtollurinn nú áætlaður fyrir næsta ár 138 millj. eða rúmlega ¼ hluti af tekjum þeim, sem ríkissjóðnum eru áætlaðar. Það er því, ef ætti að fella niður þennan viðauka eða lækka hann til verulegra muna, eins og hv. 4. þm. Reykv. leggur til, höggvið stórt skarð í tekjur ríkissjóðsins.

Athugi maður, hvað áætlað var 1947 til dýrtíðarráðstafana eða niðurfærslu, þá voru það 35 millj., en fyrir árið 1955 eru samkv. fjárlögunum áætlaðar til þessara hluta nálega 50 millj. Hið beina verkefni, sem viðaukanum var ætlað upphaflega, er því enn við lýði engu síður en fyrr, og beri maður saman gjaldaliði ríkissjóðsins samkv. fjárlögunum 1947 og fjárlagafrv. nú, þá kemur víðast hvar hið sama út. Almannatryggingunum var t. d. ætlað 1947 að fá 19 millj. úr ríkissjóði; nú þarf að ætla þeim nálega 47 milljónir. Þess vegna er það, að ég fyrir mitt leyti tel ekki grundvöll fyrir þeirri lækkun, sem hv. 4. þm. Reykv. leggur til á þessum tekjulið, og ég hygg, að ég megi segja hið sama fyrir aðra fjhn.-menn, sem með frv. mæla, þótt till. kæmi ekki fram innan fjhn. Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að meiri hl. n. leggi til, að till. verði felld.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Svar hv. frsm. gefur mér nú ekki tilefni til margra athugasemda. Ég vil taka það fram, að það er að vísu rétt, að fjárlög hafa hækkað mikið frá því 1946, þegar verðtollsálagið fyrst var tekið í lög, en það gildir engu síður um tekjuhlið fjárlaganna heldur en útgjaldahliðina. Samkv. yfirliti hæstv. fjmrh. um tekjur ríkissjóðs á árinu 1953 hafa þær reynzt af tollum og sköttum 391 millj. samkv. reikningi, en voru áætlaðar í fjárlögum 321 millj., þ. e. a. s. skattar og tollar hafa farið 70 millj. kr. fram úr áætlun. Eftir þeim bráðabirgðaáætlunum, ef svo mætti nefna það, sem hæstv. ráðh. flutti einnig í fjárlagaræðunni um horfurnar á árinu 1954, þá taldi hann líkur til, að tekjurnar á því ári yrðu nálægt 550 millj. kr., eða 50 millj. kr. hærri en það fjárlagafrv., sem hann nú leggur fram fyrir árið 1955, gerir ráð fyrir.

Það er því augljóst af þessu, enda viðurkennt af hæstv. ríkisstj., að hún fær tugi milljóna, um 100 milljónir, í umframtekjur frá því, sem fjárlögin hafa gert ráð fyrir á yfirstandandi ári. Þetta fé telur hún sig hafa til ráðstöfunar án þess að leita samþykkis þingsins um það, til hvers því sé varið. Það er starfsaðferð, sem er alveg gagnstæð öllu þingræði, eins og vitað er og viðurkennt, og því verra sem lengra er gengið í þá átt.

Hv. frsm. telur, að ekki sé fært vegna fjárhagsins að gera þessa lækkun á verðtollinum. Hann er áætlaður, eins og hann réttilega tók fram, í fjárlagafrv. fyrir næsta ár nokkuð yfir 130 millj. kr. Mér telst því til, að 25% lækkun á viðaukanum, þ. e. a. s. úr 45% og niður í 20%, mundi nema um ⅛ af heildarupphæð skattsins, eða verða í kringum 23 og 24 milljónir. Það er alveg augljóst mál, að ríkissjóður, eins og horfurnar eru nú á þessu ári og næsta ári, má vel við því að missa þessa skatta, og þetta kemur væntanlega fram á þann hátt, að verðlag í landinu lækkar sem því nemur, álagningunni á það, og er því spor í þá átt að hindra vöxt dýrtíðarinnar og heldur til þess að draga úr henni.

Ég tel, að meira sé hægt að skerða þá skattstofna, sem ríkissjóður hefur nú. En ég fer ekki lengra í því að leggja til lækkun á verðtollinum, og stafar það af því, eins og ég áðan sagði, að ég tel, að nauðsyn beri til, þótt ekki fáist söluskatturinn afnuminn, að lagfæra hann, og geymi mér því nokkurn varasjóð af umframtekjum ríkissjóðs til þess að mæta því.

Ég skal gjarnan undirstrika það, sem hv. frsm. sagði um kostnaðinn við dýrtíðarráðstafanir, að þær höfðu verið í fjárlögum um 35 millj. kr. nokkru eftir að verðtollurinn var hækkaður og allt fram undir 1949, ætla ég, en nú eru þær komnar upp í 50 millj. kr., sagði hann, og því væri sízt fært að draga úr sköttum í þessu skyni til að mæta þeim kostnaði. Ég vil leyfa mér að minna hv. frsm. á það, að verðtollsaukningunni var ekki ætlað að mæta þessum kostnaði sérstaklega, það var söluskatturinn, sem átti að mæta niðurgreiðslunum og öðrum dýrtíðarráðstöfunum. En reynslan varð sú, að þegar gengislækkunin var gerð, þá var samt sem áður söluskattinum haldið, og þrátt fyrir gengislækkun og bátagjaldeyri hafa svo uppbótagreiðslurnar vaxið ár frá ári og eru nú bara í fjárlögunum einum saman, að ég ekki taki nú styrki til bátanna og togaranna með, orðnar stórum hærri en þær voru áður en gengisbreytingin var gerð.

ATKVGR.
Brtt. 62 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GÍG, HG, BrB, FRV.
**nei:** IngF, JK, KK, PZ, SÓÓ, AE, BBen, GíslJ.
5 þm. (HermJ, JJós, LJóh, VH, BSt) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SÓÓ, VH, AE, HermJ, IngF, JK, KK, GíslJ. BrB, FRV, HG greiddu ekki atkv.
6 þm. (PZ, BSt, BBen, GÍG, JJós, LJóh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr., þá er ég algerlega and-

vigur B-lið 1. gr. Hins vegar tel ég, að 2. og 3. gr. séu nauðsynlegar og sjálfsagt að samþykkja þær, en þar sem B-liður skiptir miklu máli í sambandi við afgreiðslu frv., mun ég sitja hjá við atkvgr.

Frv. afgr. til Nd.

---

Á 6. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 8. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Með þessu frv. er lagt til að heimila ríkisstj. að innheimta vörumagnstoll og verðtoll með álagi nokkru. Enn fremur að heimila ríkisstj. að undanþiggja eða fella niður aðflutningsgjöld af ýmsum varningi, sem greinir í 3. gr. frv. Og loks eru svo í 2. gr. nokkrar undantekningar frá tollauka þeim, sem ráðgerður er í 1. gr. frv. Þetta frv. er algerlega samhljóða þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni. Það hefur farið í gegnum hv. Ed. breytingalaust. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er einkenni á þeim frv., sem nú hafa verið til umræðu af þessu tagi, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki hugsa sér að neinu leyti að létta neitt á almenningi hvað snertir tollana og söluskattinn. Söluskatturinn var hér nýlega og fór til n. í þessari hv. d., og nú kemur það gamla lagafrumvarp, sem framlengir hækkunina á verðtollinum, sem nú er orðin ein stærsta tekjulind ríkissjóðs. Ég álít, að það væri bráðnauðsynlegt, að hv. fjhn. athugaði gaumgæfilega, hvort ekki væri auðið að fá samkomulag um lækkun á þessum verðtolli, ekki sízt ef það ætlaði að sýna sig, að ekki tækist að fá fram þær till., sem þegar hefur verið drepið á og oft hafa verið bornar hér fram um lækkun á söluskattinum. Ég held það væri ákaflega nauðsynlegt, að hv. fjhn. taki þessi mál nú til rækilegrar athugunar, því að það er auðséð á þeim frv., sem hér liggja fyrir, að ríkisstj. mun ekki sjálf gera neitt í því að reyna að lækka tollabyrðina á almenningi. Ég ætla svo að svo stöddu ekki að eyða fleiri orðum að þessu, en vafalaust verður rætt betur um þetta eins og önnur tekjuöflunarfrumvörp hæstv. ríkisstjórnar við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 135).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 11, er stjfrv., sem hefur gengið gegnum hv. Ed. Það fjallar um það annars vegar að framlengja hækkun á vörumagnstolli og verðtolli að undanteknu því, sem þar segir, benzíni og flugvélabenzíni, en að hinu leytinu felur það í sér framlengingu á gildandi ákvæðum um lækkun á nokkrum öðrum tollum.

Hv. fjhn. þessarar d. hefur haft þetta mál til athugunar og borið það saman við lögin, sem um þetta gilda, og mælir öll n. með því, að frv. verði samþ., en tveir hv. nm., hv. 1. landsk. (GÞG) og 9. landsk. þm. (KGuðj), skrifa undir nál. með fyrirvara varðandi B-lið 1. gr., sem fjallar um framlengingu á hækkun á verðtollinum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Þetta mál hefur áður legið fyrir, og hv. þm. er kunnugt, hvað það hefur inni að halda.

ATKVGR.
1. gr. A. samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr. B. samþ. með 14:6 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (A. 151).

---

## 3. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins** [38. mál] (stjfrv., A. 38).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Þetta frv. er staðfesting á brbl., sem voru gefin út 18. sept. s. l., og fjallar um það að heimila ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð 5 millj. 250 þús., sem stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, og einnig að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af þessu láni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að afkoman á síldveiðum var í ár mjög léleg og jafnvel lélegri en nokkru sinni fyrr. Þegar vertíðinni lauk, höfðu a. m. k. fæst skip, svo að ekki sé sterkara að kveðið, aflað fyrir kostnaði, og aðeins örfáir útgerðarmenn voru bærir um að greiða sjómönnunum þær kvaðir, sem á útgerðinni hvíldu, þ. e. a. s. þá tryggingarupphæð, sem sjómenn áttu kröfu á. Afleiðingin af því varð sú, að skömmu eftir að vertíðinni lauk var það augljóst mál, að ef ekki yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir, mundu sjómenn neyðast til þess að afhenda kröfur sínar málfærslumönnum og málfærslumenn síðan að ganga að þeim veðum í skipunum, sem lög heimila varðandi slíkar kaupkröfur sjómanna. Ef ekkert hefði verið aðhafzt, hefði að sjálfsögðu af þessu leitt mjög mikil

vandkvæði fyrir sjómenn og án efa líka mikið fjárhagslegt tjón, ekki eingöngu fyrir sjómennina, heldur líka fyrir útvegsmennina.

Nú er það svo, að áður en vertíð hófst, hafði meðalveiðimagn fyrir vertíðina verið ákveðið af herpinótaskipum 5149 mál, og af hringnótaskipum 2878 mál. En meðalveiðin varð af herpinótaskipum 1852 mál, eða 36% af áætluðu magni, og fyrir hringnótaskipin var meðalveiðin 1280 mál, eða 44.4% af ákveðnu meðalveiðimagni. Ég get þess hér til skýringar, þótt þess þurfi naumlega, að samkv. lögum nr. 48 1949 og reglugerð nr. 195 1951 er svo ákveðið, að stjórn hlutatryggingasjóðsins geri uppástungur að meðalveiðimagninu, og það er miðað við vissar reglur og byggist á aflabrögðum undanfarinna ára. Þessar uppástungur sjóðsstjórnarinnar eru svo bornar undir L. Í. Ú., Alþýðusambandið og stjórn Fiskifélags Íslands, og að fengnum umsögnum þessara aðila kveður að lokum sjútvmrh. endanlega á um, hvað skuli gilda í þessum efnum. Og eins og ég sagði, þá urðu þetta niðurstöður ársins í ár um meðalaflamagnið, og reyndin sýndi, eins og ég gat um, að varðandi herpinótaskipin aflaðist 36% af því, sem var talið meðalaflamagn, og varðandi hringnótaskipin 44.4%.

Eins og ég skýrði frá, horfði beint til vandræða, nema gerðar væru sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja hlutatryggingasjóðnum eða síldardeild hans það fjármagn, sem þurfti til þess að uppfylla þær kvaðir, sem að lögum á honum hvíla, þ. e. a. s. þó með þeim fyrirvara, að deildin sé bær um að inna af hendi þær skyldur, sem lögin gera ráð fyrir. Og það er rétt, að það sé játað, að handbært fé síldveiðideildarinnar var ekki nema ein millj. kr., en kröfurnar, sem voru taldar hvíla á henni, voru 6¼ úr milljón, þannig að það þurfti að útvega þessari deild 5¼ millj. kr., til þess að hún gæti risið undir kröfunum, sem á henni hvíldu að lögum, með fyrirvaranum, sem ég gat um, að hún væri bær um að rísa undir því. Ég hygg, að það sé réttur skilningur, að deildin hefði ekki haft skyldu í þrengsta lagalegum skilningi til þess að inna þessar greiðslur af höndum, en samkv. anda laganna var það skylda þeirra, sem hafa forustu þessara mála, að láta einskis ófreistað til að afla deildinni þessa fjármagns, þannig að sjómenn gætu fengið sínar kröfur greiddar og útgerðarmönnum yrði forðað frá þeim voða, sem af því hefði leitt fyrir þá og reyndar atvinnulífið í heild, ef meginþorri veiðiskipanna hefði átt að fara undir hamarinn. Eftir uppástungum stjórnar hlutatryggingasjóðsins í samráði við skrifstofustjórann í atvmrn., Gunnlaug Briem, var svo hnigið að því ráði að afla þessa fjár á þann hátt, að síldveiðideildin tæki lán hjá hinni almennu fiskideild, í fyrsta lagi af stofnfé almennu deildarinnar 2.5 milljónir, í öðru lagi af handbæru fé almennu deildarinnar 1.5 millj., og í þriðja lagi fyrirframgreiðsla ríkissjóðs af innheimtu fé árið 1954, 1 millj. 250 þús., eða 1¼ milljón. Alls nam þá þetta, að viðbættri þeirri einu milljón, sem til var í síldveiðideildinni, 6¼ millj. kr.

Það er þetta, sem þessi brbl. fjalla um, og ég hygg, að hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að til slíkra óyndisúrræða sé gripið, þá játi menn þó, að þessi kostur var vænstur þeirra, sem fyrir hendi voru, og að hvorki stjórn hlutatryggingasjóðsins né aðrir, sem um málið hafa fjallað, og þar með talin ríkisstjórnin, verði talin ámælisverð fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, heldur verði því vert á móti viðurkennt, að með þessum hætti gerði ríkisstj. það eina, sem hægt var að gera til þess að koma í veg fyrir þann voða, sem hvað þetta varðar leiddi af hinu mikla aflaleysi á síldveiðunum á síðustu vertíð. Ég vona þess vegna, að hv. Alþingi staðfesti þessi bráðabirgðalög, og vil leyfa mér að mælast til, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 104).

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Tildrög þessa máls eru þau, að síldveiðar fyrir Norðurlandi brugðust enn á s. l. sumri. Það var þess vegna augljóst, þegar síldarvertíðinni lauk, að mjög mundi verða þröngt fyrir dyrum hjá síldarútvegsmönnum, ef þeim kæmi ekki einhver aðstoð til þess að kljúfa þá örðugleika, sem af síldveiðibrestinum leiddi. Það var þegar sýnt við athugun á því máli, að síldveiðideildinni mundi verða um megn að leggja fram það fé, sem þurfti til þess að gera síldarútvegsmönnum kleift að rísa undir þeim erfiðleikum. Hins vegar var hin almenna fiskideild sjóðsins betur á vegi stödd að þessu leyti, og það þótti þess vegna fært, að lán yrði tekið í þeirri deild til þess að gera síldveiðideildinni kleift að inna þessar greiðslur af hendi. En jafnframt var ríkisstjórninni nauðsynlegt að fá til þess heimild að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lánin og jafnframt að greiða vexti af þeim. Ríkisstj. greip þess vegna til þess ráðs að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, því að eigi þótti fært að láta dragast þangað til Alþingi kæmi saman að veita þessa aðstoð.

Í l. um hlutatryggingasjóð er svo ákveðið, að togarar séu undanþegnir gjaldi til hlutatryggingasjóðsins, bæði síldveiðideildar og hinnar almennu fiskideildar sjóðsins, en í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að þeir togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar, hafa lagt af sínum afla til sjóðsins alveg eins og önnur síldveiðiskip, og þess vegna er svo ákveðið í þessum brbl., sem hér er leitað staðfestingar Alþingis á, að þeir útgerðarmenn, sem gerðu út togara á s. l. sumri til síldveiða, njóti sömu hlunninda og aðrir útgerðarmenn, sem að síldveiðunum stóðu.

Sjútvn. hefur við athugun á þessu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að óhjákvæmilegt hafi verið að gera ráðstafanir til þess að rétta hlut síldarútvegsmanna, og fellst á þá ráðstöfun í þessu efni, sem í frv. þessu er fólgin, og leggur því til, að frv. verði samþ.

**Halldór Ásgrímsson:** Herra forseti. Það mun sjálfsagt mega telja eðlilegt, þegar tekið er tillit til hinnar hörmulegu útkomu, sem varð á síldveiðunum s. l. sumar, að reynt sé að útvega síldveiðideildinni fé til að reyna að milda eitthvað það áfall, sem síldveiðimenn hafa orðið fyrir enn á ný. Og ekki er það óeðlilegt, að þá sé leitað um lán til fiskveiðideildarinnar, fyrst hún er sem stendur þannig á vegi stödd, að hún er aflögufær. En í sambandi við þetta frv. vildi ég aðeins spyrjast fyrir um nokkur atriði: Hvað er þetta lán veitt til margra ára, hverjar eru árlegar afborganir, og hverjir eru vextir? Og í sambandi við þessi atriði má einnig spyrja: Hverjar eru tryggingar fyrir því, ef svo bæri til, að almennur aflabrestur yrði á þorskveiðum, að fiskveiðideildin yrði ekki fjárþrota, ef á sama tíma væri bundið verulegt af fjármagni deildarinnar í lánum til síldveiðideildarinnar? Ég spyr um þessi atriði vegna þess, að það er hvorki vikið að þessu í aths. við frv. né áliti nefndarinnar.

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Í tilefni af þessari fyrirspurn skal ég aðeins taka það fram nú, að það er gert ráð fyrir því í sambandi við þessa lántöku, að þessi ráðstöfun verði ekki þess valdandi, að fiskveiðideildin geti ekki staðið við sínar skuldbindingar. Viðvíkjandi öðrum atriðum, sem hv. þm. spurði um varðandi vextina, þá skal því verða svarað við 3. umr. þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Í framhaldi af því svari, sem ég gaf við fsp. hv. 2. þm. N-M. um viss atriði í þessu máli, vil ég aðeins bæta því við, að eigi er nær gengið hinni almennu fiskideild sjóðsins en svo, að hæfni hennar til þess að standa við sínar skuldbindingar er að engu skert. Viðkomandi vöxtunum vil ég upplýsa það, að það er samið um að greiða af láni þessu 5% vexti, en það er sú sama upphæð sem fæst í sparisjóði fyrir það fé, sem ekki er bundið þar, en fé sjóðsins er vitanlega ekki hægt að binda til langs tíma, þar sem verður að standa skil á greiðslu úr sjóðnum eftir ákvæðum laganna.

Það voru aðeins þessar upplýsingar, sem ég vildi bæta við.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 12. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 146).

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Það er ástæðulaust að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem sett voru 18. sept. s. l. Tildrögin eru hinn mikli aflabrestur á síldveiðum, sem enn átti sér stað í sumar.

Efnislega eru tvö atriði tekin fram í þessu frv. Í fyrsta lagi heimild ríkisstj. til að ábyrgjast lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild. Jafnframt er ákveðið, að ríkissjóður greiði vexti af láninu. Og í annan stað, að togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1954, skuli njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og önnur herpinótaskip. Þetta ákvæði er tekið upp m. a. vegna þess, að togarar hafa í reyndinni greitt sama gjald til hlutatryggingasjóðs og önnur síldveiðiskip, og þykir þá rétt, að þeir njóti einnig sömu réttinda.

Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og, eins og nál. ber með sér, lagt til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

---

## 4. Stýrimannaskólinn.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, l. nr. 99 18. des. 1950 og l. nr. 87 15. des. 1952, um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík [2. mál]** (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Efnisákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, er um það að bæta einum fastráðnum

kennara við í Stýrimannaskóla Íslands. Það er þó ekki ráðgert, að þessi viðbót muni ein út af fyrir sig, ef ekki kemur annað til, þurfa að hafa aukinn kostnað í för með sér, þar sem aukaeða stundakennsla við þennan skóla er nú svo mikil, að fullt rúm er fyrir einn fastan kennara þar til viðbótar. En það er talin þörf á því að fá þetta nýja kennaraembætti stofnað til þess að fá mann til að mennta sig sérstaklega í þeim efnum, sem til þessarar kennslu eiga að heyra, en nú er skortur á sérfróðum mönnum í því skyni. Er talið af skólastjóra stýrimannaskólans og öðrum þeim, er bezt til þekkja, að ekki muni fást maður til að leggja stund á þessi fræði, þau atriði sjómannafræðinnar, sem hér er um að ræða, nema því aðeins að tryggt sé, að hann geti fengið fasta stöðu að því aukanámi loknu, sem hann þarf á sig að leggja. Það er því ekki áhorfsmál um, að nauðsyn er á að samþykkja þetta litla frv. — Úr því að þörf var á að leggja það fram, var svo tekin upp í það eins konar leiðrétting á gildandi lögum, þar sem búið var að ákveða áður, að gefa ætti út þessi lög í einu lagi, en þá kom í ljós, að nokkur atriði voru þar úrelt, svo að ekki þótti ástæða til að gefa lögin út í því úrelta fyrirkomulagi, og eru önnur ákvæði frv. en það, sem ég gat um, varðandi stofnun þessa eina starfs, ekki annað en leiðréttingar til samræmis við það, sem nú er. Hitt er svo annað mál, að nokkurt íhugunarefni kynni að vera í sambandi við þetta frv. og önnur fleiri, er ég vildi vekja hér athygli á.

Eins og nú er ákveðið í lögum, þá heyrir stýrimannaskólinn undir atvmrn. Eftir þá skiptingu, sem gerð hefur verið á atvmrn., heyrir skólinn undir samgmrn. Og það er ætlazt til í því frv., sem hér er lagt fram, að það verði nú lögfest. En að mínu viti er það mikið áhorfsmál, hvort það er skynsamlegt að láta samgmrn. og atvmrn. sem landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarmálaráðuneyti fara með verulegan hluta af skólamálum landsins, — hvort það er ekki skynsamlegra að sameina þetta allt í menntmrn. Eðlilegt sýnist, úr því að búið er að koma upp sérstöku ráðuneyti, sem eingöngu á að fjalla um menntamál, eins og nú er búið að gera og hefur staðið í allmörg ár, að þá væru fleiri og fleiri af skólunum teknir undir það ráðuneyti. Ég vek athygli á þessu hér til íhugunar og umhugsunar, en ekki vegna þess að ég geri um það till. til breytingar á þessu stigi. Þvert á móti ætlast ég til, að samkv. þessu frv. verði það lögfest, sem nú er í framkvæmd. En um leið og ég geri þá tillögu, vil ég vekja athygli á því, að hér er um töluvert vafamál að ræða, hvort það er skynsamlegt að hafa þennan málaflokk, skólamálin, dreifðan undir önnur rn. með þeim hætti, sem nú er gert. Í því sambandi skiptir ekki, hver með hvern málaflokk fer hverju sinni, heldur einungis það, hvað er skynsamlegt varðandi frambúðarstjórn málanna. Ég hygg því, að eðlilegt væri, að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, íhugi einnig þessa hlið málsins.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr., og læt það afskiptalaust, til hvaða nefndar það fer. Sennilega er það, miðað við núverandi skipun, í beztu samræmi, að það fari til sjútvn., þó að hér sé í raun og veru hreint menntamál, sem ætti þá að fara til menntmn., en þarna rekast menn á þann klofning, sem er í löggjöfinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv.
Fellt með 12:12 atkv. að vísa frv. til menntmn.
Frv. vísað til sjútvn. með 17:3 atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 106, 112).

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Aðalbreytingin í frv. má segja að sé sú, að þar er lagt til, að kennaraembættum við skólann verði fjölgað um eitt, þannig að fastir kennarar skólans verði fimm, fjórir í siglingafræði og einn í tungumálum. Aðrar breytingar, sem frv. hefur í för með sér, eru minni háttar, og læt ég nægja að vísa til nál. á þskj. 106 varðandi þær breytingar. — Ég vil taka það fram, að n. hefur borið fram brtt. við fyrirsögn frv. á þskj. 112.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 112 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og l. um breyt. á þeim l., nr. 99 1950 og nr. 87 1952.**

---

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 122).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 12. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar
Á 13. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Efni þessa litla frv. er um það að fjölga um einn hinum föstu kennurum við stýrimannaskólann, og er þó talið, að ekki þurfi að verða af því verulegur kostnaðarauki, sökum þess að stundakennsla muni þá minnka að einhverju leyti þar á móti. En þörf er á því að fá sérmenntaðan mann til þess að taka þessa kennslu að sér, og þannig stendur á, að ekki eru líkur til, að maður fáist til þess að leggja stund á þá sérfræði, sem hér er um að ræða, nema öruggt sé, að hann fái starf að framhaldsnámi sínu loknu. Af þessum ástæðum er frv. borið fram.

Að öðru leyti má segja, að í frv. séu aðeins leiðréttingar á eldri lögum til samræmis við það, að nú er stýrimannaskólinn kallaður heyra

undir samgmrn., heyrði áður undir atvmrn., en eftir að því rn. var skipt, er það svo samgmrn., sem skólinn er kominn undir. Hins vegar hefur mér með sérstökum úrskurði verið falin meðferð þess hluta samgmrn., sem hefur með þennan skóla að gera, og þannig kemur hann undir mig, þó að ég að öðru leyti sé ekki samgmrh. En af því tilefni vakti ég athygli á því í hv. Nd., að það er í raun og veru óeðlilegt, að ýmsir skólar eru látnir heyra undir sérstök fagráðuneyti, ef svo má segja, en ekki undir menntmrn. Þannig heyrir þessi skóli undir samgmrn., þó að vélstjóraskólinn, sem að ýmsu leyti er sambærilegur, heyri undir menntmrn. Búnaðarskólar heyra nú undir landbrn. og eins húsmæðraskólar í sveitum. Aftur á móti húsmæðraskólar í bæjum heyra undir menntmrn. (Gripið fram í.) Það má vera í þessu síðasta nokkur misskilningur hjá mér, og getur verið, að húsmæðraskólar í sveitum séu lagðir undir núverandi landbrh. með sérstökum úrskurði, en skólarnir sjálfir séu að öðru leyti meðhöndlaðir í menntmrn. Verzlunarskólar aftur á móti heyra undir atvmrn., en hafa með sérstökum úrskurði verið lagðir undir mig. Iðnskólar heyra undir iðnmrn. eða þann mann, sem fer með iðnaðarmál. Eðlilegast væri, að þetta allt heyrði undir menntmrn. og síðan væri hægt að skipta því á mismunandi ráðherra, ef menn sjá ástæðu til. Hins vegar hef ég nú ekki gert till. til breytingar á þessu, bæði vegna þess, að til þess að koma slíkum breytingum fram mundi þurfa samkomulag á milli flokka, þegar samstjórn á sér stað, eins og nú, og eins hitt, að ef til vill er þörf á því, að það verði gert sem fyrst að endurskoða alla starfsskiptingu milli ráðuneyta í stjórnarráðinu og setja ný heildarlög um stjórnarráðið, og væri þá sennilega bezt að taka þessi atriði þar til meðferðar. Ég vildi þó benda á þetta atriði hér í hv. d., til þess að menn gætu hugleitt það og þá borið fram brtt., ef þeim svo sýnist.

Mál þetta var í Nd. til meðferðar í hv. sjútvn., og er sennilega eðlilegast, að það fari til hennar hér, en ekki til hv. menntmn., þótt málið í eðli sínu sé ekkert annað en menntamál, þar sem hér er um að ræða ráðningu á nýjum kennara. En hv. Nd. felldi beinlínis að láta málið ganga til menntmn., og geri ég því að till. minni hér, að það gangi til sjútvn. Vonast ég svo til, að málið megi ganga til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

*Forseti tók málið af dagskrá.*

Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 122, n. 160).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Það þarf ekki langa ræðu um þetta mál. Þetta eru mjög einfaldar lagabreytingar, sem hér er um að ræða. Eins og frv. um *stýrimannaskólann* í Reykjavík ber með sér, er aðalbreytingin sú, að kennurum verði fjölgað um einn, eða frá fjórum upp í fimm. Ekki er talið, að þessi breyting auki á kostnað við skólahaldið svo að neinu nemi, því að kennslustundum aukakennara á að fækka að sama skapi. Hinn *nýi fasti kennari* þarf að vera sérmenntaður, en slíkur maður fæst jafnvel ekki, nema hann fái fasta stöðu, þar sem um alveg sérstakt námsefni er að ræða, enda er það yfirleitt reynsla í skólum, að betra sé að hafa fastráðna kennara, þar sem því verður við komið.

4. gr. laganna, sem lagt er til að felld verði niður, er bráðabirgðaákvæði, sem er orðið úrelt; það er um það, að þeir, sem höfðu minna fiskimannapróf, gátu fyrstu fimm árin, eftir að skólinn hafði nægjanlegt húsnæði, gengið undir próf þar. Nú er það óþarft orðið.

Í 6. gr. er orðið „djúpmælar" fellt niður, en það er vegna þess, að á skrá um námsefni fyrir fiskimannapróf er það talið upp ásamt öðru, og er því óþarfi að endurtaka það, þegar námsefni til farmannaprófs er sett fram.

Um 1.—3. gr. er það að segja, að þar er ákveðið, að stjórn stýrimannaskólans falli undir samgmrn., en hafði verið undir öðru ráðuneyti áður, eins og sýnt er.

Við 1. umr. þessa máls hér í d. fylgdi hæstv. menntmrh. frv. úr hlaði og sagði m. a., að spurning væri um það, hvort ekki gæti verið rétt, að stjórn stýrimannaskólans heyrði undir menntmrn., svo og aðrir skólar í landinu, svo sem t. d. bændaskólar, sem nú eru undir stjórn landbrn., og iðnskólinn, sem fellur undir iðnmrn. Vék hæstv. ráðh. því til sjútvn., að hún tæki þetta til athugunar, en fór annars fram á það, að frv. yrði samþ. eins og það lægi fyrir. N. minntist á þetta, en gerir engá sérstaka till. um þetta efni, enda er dálítið erfitt við þetta að eiga. Skipting starfa á milli ráðherra er gerð þegar ný ráðuneyti eru stofnuð og er með ýmsu móti í hinum ýmsu málum og breytileg frá einni stjórn til annarrar. Að vísu er hér lögfest, að stýrimannaskólinn heyrir undir samgmrh., en þetta allt þarf eflaust meiri athugunar við en n. sá sér fært að gera.

Ég legg til, að frv. verði eftir þessa umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 192).

## 5. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (ríkisframlag).

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum** [71. mál] (stjfrv., A. 93).

Á 10. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það er hér á þskj. 93 borið fram stjórnarfrv., sem er frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 frá 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, en þau lög eru að stofni til frá 1947. Þá voru samþ. hér á hinu háa Alþingi lög um þetta efni, sem nokkrar breytingar voru gerðar á aftur 1952, og þetta frv. hér er um breytingar við það. Þessar breytingar eru í raun og veru ósköp einfaldar, og þarf því ekki langa framsögu til þess að skýra þær, en ég vil þó leyfa mér að fara örfáum orðum um þetta mál hér við 1. umr. málsins í hv. deild.

Hér er um tvær breytingar að ræða, og er önnur við 4. gr. laganna, þar sem svo er ákveðið, að næstu 10 ár skuli ríkissjóður greiða til þeirra framkvæmda, sem þar er um rætt, en það eru nýbýlamál, undirbúningur nýbýlahverfa og styrkur til einstakra nýbýla, minnst 2.5 millj. kr. á ári í þessu skyni. Nú er mjög farið að líða á þennan 10 ára tíma, eins og kunnugt er. Að vísu verða samkv. núgildandi lögum greidd framlög árið 1955 og 1956, en þá er því lokið. Og þótt segja megi, að það hefði kannske mátt bíða eitt ár að framlengja þessi ákvæði, þannig að ekki stöðvuðust framkvæmdir, þá litur ríkisstj. svo á, að það sé að öllu leyti heppilegt og sjálfsagt, að þeir, sem ávaxta þetta fé og ráða yfir því, viti, að áfram verði haldið á sömu braut um framkvæmdir eins og þarna er gert ráð fyrir. Þótti ríkisstj. því sjálfsagt, að nú yrðu framlengd um önnur 10 ár sömu framlög. Þess vegna er þetta frv. fram borið.

Ég ætla að leyfa mér að gefa örfáar upplýsingar um framkvæmdir varðandi landnám og nýbýli, eins og það nú liggur fyrir, til þess að hv. þdm. geti gert sér því ljósari grein fyrir, að hér er um hið mesta nauðsynjamál að ræða, sem ekki kemur til mála að stöðvað verði.

Fyrst má geta þess, að af því fé, sem landnámið hefur nú fengið til umráða, sem eru átta ára framlög, samkv. lögunum frá 1947, þá er til að vísu enn kringum 3½ millj. kr. í reiðu fé. Fyrstu árin, sem samkv. þessum lögum var starfað, safnaðist nokkurt fé saman, — var ekki unnið fyrir það allt, — en nú hin síðustu árin hefur aftur verið unnið meira en fyrir árlegt framlag, og hefur því mjög gengið á þann sjóð, sem einu sinni var til, og með þeim framkvæmdum, sem nú er unnið að varðandi landnámið, bæði einstök nýbýli og eins nýbýlahverfi, þá er auðséð, að sá sjóður, sem nú er til, ézt algerlega upp, þó að sama framlag verði lagt fram hin allra næstu árin, og er þetta í raun og veru nægilegur rökstuðningur fyrir því, að sjálfsagt sé að halda áfram á þessu sviði. Það hefur gengið nægilega erfiðlega að fá fólk til þess að halda áfram starfi í sveitum, og víða hafa mörg byggðarlög goldið mikið afhroð vegna fólksflutninga burt. Þó má í þessu sambandi geta þess, að á þessum árum, þó að við tökum ekki nýbýlalöggjöfina nema frá 1947, hafa verið reist í kringum 80 nýbýli á ári að meðaltali síðustu árin. Eitthvað var það minna fyrstu árin. En þetta sýnir, að þarna er um verulega miklar framkvæmdir að ræða. Ef þetta hefði ekki verið gert, þá hefði að sjálfsögðu hlutfallslega miklu fleira fólk farið úr sveitunum, því að fólk það, sem á nýbýlunum situr, mætir vitanlega brottflutningi, hvort sem er í sömu héruðum og nýbýlin eru reist eða þá annars staðar.

Ég vil líka geta þess, að þessi ár hefur verið unnið að undirbúningi að stofnun nýbýlahverfa, sem svo eru kölluð, þ. e. a. s. þar sem skipulega er unnið að framkvæmdum af hálfu nýbýlastjórnar og landnámsstjóra og þar sem síðar á svo að reisa nýbýli í skipulegu hverfi og þangað séu þá lagðar skólpleiðslur, vegir og vitanlega sími og raforka sem allra fyrst í hverfin. Nú er búið að stofnsetja 10 slík hverfi víðs vegar um landið, og þó í raun og veru búið að tryggja sér land undir hið 11. Framkvæmdum er mjög misjafnlega langt komið á þessum stöðum. Í nokkrum hverfanna er farið að reisa býli á því landi, sem undirbúið er. Í öðrum er enn unnið einungis að framræslu, vegalagningu og öðrum slíkum framkvæmdum. En í þessum 10 nýbýlahverfum munu sennilega verða upp undir 80 býli, þegar búið er að fullgera þau og koma þeim á stofn.

Það er nú ljóst, að það þarf miklu meira fé til þessara framkvæmda í nýbýlahverfum heldur en að koma fótum undir menn með einstöku nýbýlum, þar sem oft er þá að einhverju leyti stuðzt við eldri jarðir, svo sem t. d. þar sem tveir bræður skipta jörð sinni, annar býr á gömlu jörðinni og hinn tekur nýbýli í landi hennar og nýtur þá að einhverju leyti jarðarnytja og aðstoðar meðan hann er að reisa býlið. Þetta er auðsjáanlegt, og hefur alltaf verið vitað, að þetta er að vissu leyti ódýrasta leið til þess að reisa nýbýli. En fullur vilji er og hefur verið fyrir því að reyna hina leiðina til fullnustu, þ. e. að stofna til skipulegra hverfa, þar sem nokkur nýbýli væru reist eftir ákveðnu, föstu skipulagi.

Það er að vísu enn of snemmt að dæma af þeirri reynslu, sem þar er fengin, því að fyrstu býlin eru nú nýlega fullgerð í þessum hverfum; nokkur býli komin, eins og t. d. í nýbýlahverfinu í Ölfusinu, sem er elzta nýbýlahverfið. En víðar eru nýbýli nú að rísa, svo sem í Hornafirði, norður í Skagafirði, Húnavatnssýslu og víðar, en þetta er enn í svo smáum stíl, að það má segja, að það sé ekki fengin full reynsla fyrir þessu. En ég hygg, að Alþingi sé, eins og það var fyrir átta árum og hefur verið síðan, sammála um að halda þessu áfram og reyna þessa nýjung í landbúnaði okkar til fullnustu. Landnámsstjórnin eða nýbýlastjórnin, eins og hún heitir raunar, er einhuga um, að sjálfsagt sé að halda þannig áfram. Það orkar því ekki

tvímælis, að það verður að veita a. m. k. sama fé til þessara framkvæmda næstu árin eins og gert hefur verið, og á þessum grundvelli er það, sem þessi breyting er hér fram flutt, að það sé vitað með nokkurn veginn hæfilegum fyrirvara, að ekki verði kippt fyrir það fjármagn, sem til þessa hefur verið ætlað að undanförnu.

Í þeim upplýsingum, sem ég fékk frá landnámsstjóra, sést, að á árabilinu frá 1947—53 hefur verið samþ. stofnun 460 einstaklingsnýbýla, en eins og gefur að skilja eru allmörg af þeim, eða í kringum 160, enn þá á því stigi, að það er verið að vinna að þeim, fólk að vísu flutt á mörg þeirra, en önnur ekki einu sinni komin það langt, að fólk sé komið þangað. En þetta ber það með sér, hve sterkur þáttur í því að halda fólki í sveitum landsins þessi löggjöf er og hve nauðsynlegt það er að gera slíkt. Þarna er að ræða um allt að því 500 býli á þessum árum, og ef við reiknuðum með, að fimm menn væru til jafnaðar á hverju býli, þá er þarna um 2500 manns að ræða, sem á þennan hátt hefur fest rætur í sveitum, en búast hefði mátt við að öðru leyti, að a. m. k. margt af því hefði horfið þaðan burt og til annarra starfa.

Ég held nú, að ég láti þetta nægja sem rökstuðning fyrir því, að framlengt verði þetta 2½ millj. kr. framlag til landnámsins í önnur 10 ár frá því að tímabilið rennur út 1956.

Þá kem ég að síðari breyt., sem er við 13. gr. sömu laga og fjallar um framlag til byggingarsjóðs. En byggingarsjóður er, eins og allir hv. þm. vita, sjóður, sem veitir lán eftir föstum reglum til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, og hefur sá sjóður nú starfað um aldarfjórðungsskeið eða í 25 ár. Að sjálfsögðu hafa verið gerðar ýmsar breytingar, frá því að slíkt frv. varð fyrst að lögum hér, en meginhugsunin er þó algerlega óbreytt, og hún er sú að veita ódýr lán til endurbygginga á íbúðum í sveitum, og hefur þessi sjóður gert alveg ómetanlegt gagn fyrir uppbyggingu sveitanna. Ef til vill eru húsakynnin eitt af því, sem útlendingar athuga fyrst og fremst, þegar þeir koma hingað og fara út um sveitir, en hafa álitið, að hér væri að mestu leyti búið í lélegum torfkofum, sem menningarþjóðum væru algerlega ósamboðnir, en hafa svo rekið sig á það, að í mörgum sveitum má nú segja að slíkir bústaðir sjáist varla, heldur mjög myndarlegar íbúðarhúsabyggingar, svo að við þurfum engan kinnroða fyrir því að bera að sýna mönnum, sem koma frá öðrum menningarríkjum, byggingar hér á landi og bera saman við þau híbýli, sem þar tíðkast.

Nú er hér farið nákvæmlega fram á sömu breytingu á lögunum um byggingarsjóð og um lagaákvæðin um framlag til landnáms og nýbyggða. Í upphafi, þegar lög þessi voru sett, var gert ráð fyrir, að 2½ millj. kr. yrðu næstu 10 ár árlega lagðar til byggingarsjóðs. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að framlengja þetta um næstu 10 ár, nákvæmlega á sama hátt og með framlagið til landnámsins. Byggingarsjóður hefur alltaf veitt lán með mjög vægum vaxtakjörum, og sérstaklega eru það nú, þegar athuguð eru önnur vaxtakjör, geysilega vaxtalág lán, það eru 2%, eins og við vitum. Hins vegar hefur lánsupphæðin verið mjög takmörkuð, hún er aðeins 60 þús. á hvert býli, og eins og nú er með byggingarkostnað, þá vita allir, að þetta er ekki nema nokkur hluti og tiltölulega lítill hluti af því, sem sæmilegt íbúðarhús í sveit kostar, sem aldrei getur kostað minna, ef allt væri reiknað, þó að ekki sé stórt, en milli 200 og 300 þús. kr., þannig að segja má, að þessi lán, sem fást samkvæmt þessum kjörum, séu afskaplega lág og þyrftu vitanlega að hækka, en þessir lágu vextir hjálpa þarna mikið; því er ekki að neita. En það er eins með þetta og hitt atriðið, að ríkisstj. lítur svo á, að sjálfsagt sé að framlengja þessi ákvæði nú strax, þannig að vitað sé, að byggingarsjóðurinn í Búnaðarbankanum haldi þessari sömu fjárveitingu eftir 1956 eins og verið hefur s. l. 8 ár.

Byggingarsjóðurinn verður að sjálfsögðu að miklu leyti að fá fé að láni til útlána. Það er í kringum 17 millj. kr., sem byggingarsjóðurinn skuldar nú, — það er náttúrlega ekki mjög stór upphæð, ég skal viðurkenna það. En þessi lán eru sum með mjög háum vöxtum, allt upp í 7%, og verður því að sjálfsögðu vaxtamismunurinn mjög mikil upphæð. Árlegir vextir af þeirri fjárhæð, sem Búnaðarbankinn nú skuldar vegna byggingarsjóðsins, eru eitthvað rúm ½ millj. kr. Sjóðurinn á í útlánum aftur í kringum 50 milljónir. Og vaxtatekjur af því eru þá, þar sem vextirnir eru 2%, í kringum 1 milljón, en svo verður bankinn að standa straum af teiknistofu landbúnaðarins, sem gerir uppdrætti að húsum, veitir leiðbeiningar, og er sá kostnaður nú mjög farinn að nálgast 1 millj. kr. Og enginn vafi er á því, að bankinn verður á næstu árum að taka mjög verulega mikil lán til starfsemi sinnar til þess að geta fullnægt því, sem óskað er eftir og þörf er á að veita á þennan hátt. Bankastjórinn telur, að það verði að taka kringum 10 millj. kr. lán árlega næstu ár, og hefur þar reiknað með 6½% ársvöxtum, en þar sem útlánsvextirnir eru aðeins 2%, þá verður vaxtamismunurinn geysilega mikill, eða í kringum 450 þús. á ári, ef reiknað er með 10 milljónum. Þessi lán eru löng, eins og við vitum, til 42 ára, þannig að lánin koma mjög seint inn, en þetta er hins vegar feikilegt hagræði fyrir lántakendur. En það eru þessi tiltölulega mjög góðu kjör, sem hafa gert það að verkum, hve sveitirnar hafa byggzt ört upp á undanförnum árum, þó að hver bóndi sem byggir hús yfir sig hafi ekki fengið hærri upphæð en hér er um að ræða, 60 þús. kr. nú upp á síðkastið og miklu lægri upphæð náttúrlega áður fyrr.

Þetta eru þær breytingar á þessari löggjöf, sem ríkisstj. leggur nú til að gerðar verði, og eru þær gerðar nú, eins og ég tók fram áðan, til þess að tryggja það, að þær stofnanir, sem með þetta fara, viti, að ekki verði um neina brotalöm að ræða, þegar árið 1956 kemur. Ég vil taka það fram, að þó að hér sé aðeins farið fram á að framlengja þau ákvæði, sem nú eru í lögum, sem er bráðnauðsynlegt að gera, þá geri ég ráð fyrir því, að framvinda hlutanna sýni, að það verði að hækka þessi framlög og það allverulega. En ríkisstj. hefur talið rétt að bera ekki fram till. um það að þessu sinni, m. a. vegna þess, að það er ekki alveg bráð nauðsyn vegna starfsemi

þessara deilda, hvorrar sem er, hvort sem það er landnámið eða byggingarsjóðurinn, að gera það. Þeir geta vonandi starfað nokkurn veginn áfram, a. m. k. næsta ár. En ég er ekki í neinum vafa um, að það mun sýna sig, að það þarf að hækka þessi framlög allverulega, til þess að segja megi, að þessi mál verði í viðunandi horfi og komi að fullu gagni fyrir það fólk, sem á að njóta þessara lánsstofnana. Þetta vildi ég nú leyfa mér að taka fram, og veit ég, að þetta er ekki eingöngu skoðun mín, heldur flestra hv. þingmanna, að þessi nauðsyn muni verða fyrir hendi mjög fljótlega. En þetta frv. fjallar ekki um önnur atriði en þau, sem ég hef hér nefnt, og sé ég ekki ástæðu til að lengja þessa framsögu, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 93, n. 117).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Ég vil fyrir n. hönd þakka hæstv. stjórn fyrir að hafa lagt þetta frv. fram, og sömuleiðis vil ég sem formaður nýbýlastjórnar flytja þakkir fyrir, að þessi framlenging er ákveðin.

Fyrri gr. frv. fjallar um að framlengja um 10 ára skeið það ákvæði í þessum lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, að fé skuli lagt til undirbúnings nýbýla og styrkja til stofnunar nýbýla. Sannleikurinn er sá, að á þessu er mikil þörf, enda held ég, að það geri allir ráð fyrir því, að það sé haldið áfram með þá starfsemi, sem hafin hefur verið á þessu sviði. Verði ekki teknar upp neinar stórar breytingar frá því, sem verið hefur í þessu efni, þá ætti þetta framlag að vera nokkurn veginn nægilegt.

2. gr. frv. fjallar um það að framlengja um sama tíma, 10 ára skeið, framlag til byggingarsjóðs, sem eru 2½ millj. kr. á ári. Um byggingarsjóðinn er það að segja, að hann hefur ákaflega mikið og víðtækt verkefni, því að eftir því sem meira er byggt í sveitum landsins, þá þarf hann að leggja fram meiri lán og ekki einasta á hinum eldri býlum, heldur og til nýbýlanna. Byggingarsjóður, sem er gömul stofnun, var á tímabili mjög takmarkaður í lánveitingum, þannig að þá var ekki veitt nema 6 þús. kr. til einstakra bygginga, lengi nokkuð. Svo var það fært upp í 9 þús. kr., en þegar þessi lög voru sett árið 1946, var þessu gerbreytt og gert miklu rýmra um lánveitingar á þessu sviði, og þá var hámarkið til einstakra bygginga fært upp í 45 þús. kr. Sú ákvörðun stóð til 1951. Þá var þetta hámark hækkað upp í 60 þús. kr. Nú er það svo, að frá því 1946 mun láta nærri að byggingarkostnaður hafi þrefaldazt eða a. m. k. allt að því, svo að sú upphæð, sem nú er lögð fram í þessu skyni, er miklu lægri hlutfallslega en var 1946 og þá á næstu árum.

Sannleikurinn er því sá, að þó að þetta sé framlengt, eins og hér er lagt til, þá fer því fjarri, eftir því sem horfur benda til, að það sé fullnægjandi, en landbn. hefur samt ekki séð sér fært á þessu stigi að leggja til, að þessi upphæð væri hækkuð, enda þótt einstakir nm. og jafnvel n. öll hefði haft tilhneigingu til að hækka þetta framlag. — Ég skal ekki um þetta fara fleiri orðum, en vænti þess, að hv. þd. samþ. frv. eins og það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það eru hér á dagskrá í dag tvö frv., sem voru borin fram sem stjórnarfrv. í hv. Nd., og ég vildi leyfa mér að fara örfáum orðum um þau hvort um sig. Fyrra málið, sem nú er til umræðu, er frv. til l. um breyt. á l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Þetta frv. felur í sér þá breytingu, að þar sem í þessum lögum, sem eru að stofni til frá árinu 1947, en hefur lítillega verið breytt síðan, var reiknað með, að það framlag, sem á að leggja annars vegar til byggingarsjóðs samkv. 13. gr. laganna og hins vegar til landnáms og nýbýlastofnunar samkv. 4. gr. laganna, skyldi aðeins haldast um 10 ára skeið, en með þessari brtt. er lagt til, að þetta tímabil verði framlengt um önnur 10 ár, þannig að það komi 20 ár á báðum þessum stöðum inn í lögin í stað 10 ára.

Það mætti náttúrlega rökstyðja á ýmsan hátt, að það er mikil þörf fyrir þetta. En ég hygg nú, að það í raun og veru þurfi ekki, vegna þess að allir hv. þdm. munu þekkja þessi mál og vita, að hér er í raun og veru um sjálfsagðan hlut að ræða. Um framlagið til nýbýla og byggðahverfa, sem hefur að undanförnu verið 2½ milljón á ári, má það segja, að á árunum síðan þessi löggjöf var sett, sem er framhald af löggjöf, sem áður gilti um nýbýli, hefur býsna mikið verið

gert í þessum efnum, bæði með stofnun sjálfstæðra nýbýla, og sömuleiðis með því að efna til hverfisbyggða á allmörgum stöðum í landinu, á þann hátt að koma þar upp á skipulegan hátt nokkrum býlum og að ríkið styðji það með því að rækta visst flatarmál fyrir hvert býli, leggja vegi, skólpleiðslur og sjá um, að önnur aðstaða sé veitt, eins og sími og rafleiðslur og annað slíkt, eftir því sem hægt er. Ég get aðeins getið þess, að nýbýlastjórnin og landnámsstjóri, sem er framkvæmdastjóri hennar, hafa nú í meðförum 10 slík byggðahverfi hér á landi, sem eru komin misjafnlega langt áleiðis, eins og gefur að skilja. Í þeim, sem fyrst voru tekin til meðferðar og skipulagningar og ræktunar, er nú farið að reisa býli, og eru nokkur slík býli komin upp. Hin eru í undirbúningi, og það er reiknað með, að í þessum 10 býlahverfum, þegar þau eru fullræktuð og komin í gang, verði í kringum 70 býli. Og það virðist vera áhugi hjá mörgum einmitt að fá býli í slíkum hverfum. Það má segja, að þetta mál sé á tilraunastigi enn þá. Hvergi er þetta svo langt komið, að hægt sé með vissu að segja, hvernig reksturinn gengur, þegar hafinn er búrekstur á þessum býlum. Þau fyrstu eru aðeins búin að starfa fá ár, og þetta tekur, eins og gefur að skilja, alllangan tíma allt saman, en þó er ekki nokkur minnsti vafi á því, að þetta er einn mikilsverður liður í því að hindra, að þjóðfélagið kollsteypist á þann hátt, að mestur hluti fólksins flytji á tiltölulega lítinn hluta landsins og vissar byggilegar og góðar sveitir annars staðar fari í eyði.

Samhliða þessu hefur svo verið starfað að því að reisa einstök nýbýli með jarðaskiptingu og á annan hátt. Og eftir upplýsingum frá landnámsstjóra má geta þess, að á árunum 1947 til 1953, eða fram á þetta ár, sem nú er að líða kannske, hefur verið samþykkt stofnun 460 einstakra nýbýla. Mörg þessi býli eru þegar komin að fullu til búrekstrar, en auðvitað eru önnur á alls konar millistigum hvað snertir framkvæmdir og að gera þau fullbúin, til þess að taka megi við þeim og hefja þar búrekstur.

Það orkar ekki tvímælis, að þessi leið býlafjölgunar er töluvert miklu ódýrari en hin, að mynda býli í sérstökum hverfum, þar sem allt verður að gera að nýju, því að þar sem um einstök býli er að ræða, þá er það mjög víða svo, að það eru börn þess bónda, sem á jörðinni býr, sem skipta jörðinni milli sín eða hann skiptir þeim milli barna sinna, og börnin hafa svo athvarf heima, meðan verið er að koma upp nauðsynlegustu framkvæmdum á hinu nýja býli. En ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að nýbýlastjórnin og þeir, sem mest hafa starfað að þessum framkvæmdum, líti svo á, að það verði að fara báðar þessar leiðir fyrst um sinn.

Um skiptingu eldri býla í nýbýli má að vísu segja, að það sé svo gömul reynsla fyrir því, að það sé sjálfsagður hlutur, þótt það væri svo hér um fleiri aldir, að engin slík nýbýli væru í raun og veru reist, því að þá var enginn styrkur til þess veittur eða aðstoð frá ríkinu. En nú eru bráðum 20 ár síðan nýbýlalögin voru sett hér í fyrstu, árið 1936, og sú reynsla sýnir fyllilega, að þau hafa komið að geysimiklu gagni, þó að benda megi að sjálfsögðu á ýmis missmíði hvað snertir einstök býli. Það hafa verið reist nokkur býli, sem reynslan hefur sýnt að ekki hefði átt að gera, vegna þess að þau lentu á skökkum stað, þar sem skilyrði til framkvæmda og búrekstrar voru ekki við hlítandi, eða þá vegna samgangna voru ekki slík sem ættu að vera. En þetta eru — ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það — svo fá dæmi, að það miklu fremur styður þá almennu reglu, að hér hafi verið rétt af stað farið. Og í nýbýlalöggjöfinni frá 1947, sem er framhald af þessu, var svo tekin upp stofnun byggðahverfa, að vísu var það í eldri löggjöfinni líka, en hafði ekki komið til framkvæmda. Og þá leið verður, að mínum dómi, einnig að fara áfram.

Ef það framlag, 2½ millj. kr., sem árlega er veitt í þessu skyni í fjárlögum og var miðað við 10 ára tímabil, yrði afnumið, þá yrði náttúrlega þessi þróun algerlega stöðvuð, eins og gefur að skilja. Veit ég, að enginn hv. alþm. vill gera það. Hins vegar mætti segja, að þessi framlenging hefði getað beðið eitt ár enn, því að fram til ársins 1956 á að greiða þetta framlag. En það er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir framkvæmd þessara mála, að það sé vitað a. m. k. með eins árs eða helzt tveggja ára fyrirvara, hvers er að vænta í þessum efnum, og þess vegna er það, að ríkisstj., sem stendur að þessu frv., álítur, að það sé ekki eftir neinu að bíða með að framlengja þetta framlag um önnur 10 ár.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um landnámið og framlag til þess, en hin breytingin, sem er við 13. gr. l., er um að framlengja einnig ákvæði um 2½ millj. kr. framlag til byggingarsjóðs sveitanna, og það eru eiginlega alveg sömu rök sem má færa fyrir því eins og þessu, sem ég nú hef lýst.

Byggingarsjóðurinn á, eins og við vitum, að veita lán til íbúðarhúsabygginga í sveitum og hefur allt frá 1929, að hann var fyrst stofnaður, gert ómetanlegt gagn. Honum er það fyrst og fremst að þakka, hve stórkostlegar breytingar hafa orðið um byggingarmál sveitanna á þessu 25 ára tímabili, þannig að ég efast um, að í nokkru öðru landi sé hlutfallslega hægt að benda á jafnmiklar og stórfelldar breytingar og orðið hafa hér hjá okkur. Því miður er mikið ógert enn í þessum efnum, og það eru viss byggðarlög hér á landi, þar sem tiltölulega eða allt of skammt a. m. k. er komið áleiðis með að breyta gömlum, ófullkomnum og ónothæfum byggingum í sæmilega mannabústaði, eftir því sem nú er krafizt. Þess vegna er geysihlutverk eftir fyrir byggingarsjóðinn, eins og gefur að skilja, og þess vegna er að sjálfsögðu jafnsjálfsagt að framlengja þetta ákvæði einnig. En ég vil taka það fram um leið, að þó að þetta sé framlengt, þá er þetta ekki nein fullnaðarlausn á málum þessara sjóða, sem þarna er um að ræða, hvorki landnámsins né byggingarsjóðsins. Það hafa orðið miklar breytingar, frá því að þessi löggjöf var sett áður, byggingarkostnaður stórkostlega miklu hærri, og allt hefur þokazt á þá leið, og þess vegna reikna ég með, að hið háa Alþingi hljóti að standa gagnvart því mjög fljótlega að gera enn meiri breytingar á þessu. En að dómi

ríkisstj. er sjálfsagt að gera þessar breytingar, sem hér er farið fram á, framlengingu á þessu framlagi, nú strax og blanda því ekki inn í aðrar þær ráðstafanir, sem kynni að þurfa að gera, og kann vel svo að vera, að ríkisstj. síðar á þessu Alþingi komi með einhverjar till. varðandi þessi mál, sem ekki snerta þetta atriði beint út af fyrir sig.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Þetta frv. var samþ. alveg óbreytt í hv. Nd., eins og gengið var frá því sem stjórnarfrv., og ég leyfi mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 198).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Ég þarf eiginlega ekkert um þetta að segja. N. hefur athugað málið og er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt. Hins vegar er n. ljóst, að það, sem hér er gert til þess að tryggja starf byggingarsjóðsins og endurbyggingar í sveitum, er ekki nóg. En með hliðsjón af því, sem hæstv. ráðh. sagði þegar hann lagði málið fyrir þessa d., að það mundi koma frá ríkisstj. frekara víðvíkjandi framtíð þessarar stofnunar heldur en hér er, þá fann n. ekki ástæðu til að fara á neinn hátt að grípa fram fyrir hendur stjórnarinnar, sem hefur málið til meðferðar, og gerði þess vegna ekkert í því annað en leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 213).

---

## 6. Ræktunarsjóður Íslands (ríkisframlag o. fl.).

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands** [70. mál] (stjfrv., A. 92).

Á 10. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 92, um breyt. á l. um ræktunarsjóð, sem eru lög frá 1947, er mjög hliðstætt því frv., sem ég áðan lýsti, varðandi landnámið og nýbyggðirnar og byggingarsjóðinn. Það framlag, sem ákveðið er í 3. gr. laganna til ræktunarsjóðs, 500 þús. kr. á ári í tíu ár og er því úti á sama tíma og hitt, eða 1956, er hér lagt til að verði framlengt um tíu ár eins og hitt.

Ræktunarsjóðnum er ætlað að veita lán til ræktunarframkvæmda í sveitum, jafnt framræslu, ræktunar, útihúsabygginga og ýmislegs annars, og þar að auki til iðnfyrirtækja, er snerta landbúnað, eins og sláturhúsa, mjólkurbúa og margs fleira slíks, þannig að hlutverk sjóðsins er geysilega víðtækt og mikið. Hefur hann á þennan hátt veitt allmikið fé til ýmissa þessara framkvæmda og orðið á þann hátt að geysilegu liði. Ég vil taka það fram nú, að ræktunarsjóðurinn varð um síðustu áramót að standa skil á vöxtum og afborgunum af 32—33 millj. kr. Það eru lán, sem tekin hafa verið handa honum, en Búnaðarbankinn verður að sjá um. Vextir af lánum ræktunarsjóðs eru 2½%, en árleg vaxtagreiðsla af þessum lánum, sem bankinn stendur undir nú, er 1.1 millj. kr. Ræktunarsjóðurinn átti um síðustu áramót í útlánum um 54 millj. kr., og eru vaxtatekjur af því fé fyrir bankann í kringum 1.3 milljónir, þannig að þær vaxtatekjur, sem bankinn hefur með framlagi ríkissjóðs, eru í kringum 250 þús. kr. En svo verður hann að taka þátt í kostnaði við teiknistofu landbúnaðarins og aðra leiðbeiningarstarfsemi, sem nemur allt að ½ millj. kr., þannig að hér er auðséð, að í raun og veru er alltaf halli á rekstri ræktunarsjóðsins eins og nú er. Það verður að teljast sennilegt, að hann verði að fá árlega næstu árin 10—20 millj. kr. af nýju láni til þess að geta dælt því út, eftir því, hvað eftirspurnin er mikil nú, þannig að með þeim vöxtum, sem nú eru á fé, sem tekið er að láni, er auðséð, að þarna er um geysimikinn halla að ræða. Þetta sýnir, að það er enn meiri nauðsyn fyrir ræktunarsjóðinn að halda sínu tillagi, þó að ekki sé farið fram á meira, heldur en fyrir byggingarsjóðinn. Er ég því viss um, að allir hv. þdm. munu vera sammála um það, að sjálfsagt sé að framlengja þetta framlag nú.

Ég get haft sömu orð um það og ég hafði um byggingarsjóðinn og landnámið, að þó að hér sé aðeins um framlengingu að ræða nú á þessu gjaldi, þá mun það enn fremur koma fram vegna starfsemi ræktunarsjóðsins, að gera verður einhverjar ráðstafanir á allra næstu árum og þó helzt á þessu þingi til þess að gera ræktunarsjóðnum fært að halda uppi lánastarfsemi með þeim kjörum, sem nú eru, án þess að of mikið halli á hag bankans í sambandi við það. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þetta, en leyfi mér að lokum að óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 92, n. 118).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Nefndin hefur athugað það frv., sem hér liggur fyrir, og leggur til, að það verði samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til að gera að umtalsefni nauðsyn þeirra breytinga, sem frv. felur í sér. Landbrh. gerði það svo rækilega við 1. umr. þessa máls, að ég hef þar engu við að bæta. En meðan n. hafði þetta frv. til athugunar, þá bárust henni tilmæli frá nefnd, sem hefur verið að starfa á vegum búnaðarþings og vinnur að endurskoðun jarðræktarlaganna, um, að landbn. tæki til athugunar og flutnings breytingar á 4. gr. ræktunarsjóðslaganna. N. taldi sjálfsagt að verða við þessu, að athuga þetta sérstaklega, þar sem hér voru fluttar af stjórnarinnar hálfu breytingar á ræktunarsjóðslögunum, og var því eðlilegast, að þetta fylgdist að, ef ástæða þætti til að gera slíkar breytingar.

Við nánari athugun kom það í ljós, að samkv. núgildandi lögum má ekki veita til framkvæmda, sem njóta framlags samkv. jarðræktarlögunum, hærri lán úr ræktunarsjóði en sem svarar allt að 30% kostnaðarverðs, en út á aðrar framkvæmdir má veita allt að 60% kostnaðarverðs. Nú er, eins og kunnugt er, jarðræktarframlag mjög mismunandi hátt eftir því, um hvaða framkvæmdir er að ræða. Ég geri ráð fyrir, að þetta ákvæði, sem er í gildandi lögum, hafi ekki verið mjög fjarri sanni, þegar lögin voru sett, en síðan hafa orðið nokkrar breytingar, þannig að framlag í þessu skyni hefur verið hækkað allverulega á sumum liðum, aðrir liðir hafa staðið í stað eða jafnvel lækkað. Það er þess vegna orðið beinlínis mjög tilfinnanlegt misrétti, sem þetta getur valdið einstökum lántakendum, sem hafa hlotið lítils háttar jarðræktarstyrk. Þeir gjalda þess með því, að þeir fá aðeins 30% kostnaðarverðs framkvæmdanna, þegar aðrir fá 60%. Og í sumum tilfellum hefur það sýnt sig, að það er beinlínis tjón fyrir þá að hafa tekið á móti jarðræktarstyrknum. Nefndin telur því, að hér sé breytingar þörf, og leggur til, að 4. málsgr. verði orðuð þannig, að upphæð lánanna megi vera allt að 60% kostnaðarverðs, en njóti framkvæmd framlags samkv. jarðræktarlögunum, þá lækki lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Þá kemur það fram, hver styrkurinn hefur verið, og hann dregst frá. Þetta telur n. að sé í alla staði eðlilegra en eins og nú er fyrir mælt í lögum og leggur til, að þessi brtt. verði samþykkt. — N. leggur til, að frv., þannig breyttu, verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 118 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 126).

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 129) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 129 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 132).

Á 15. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég get látið nægja að fara örfáum orðum um þetta frv., því að rökin fyrir því eru í raun og veru nákvæmlega þau sömu og ég lýsti áðan um fyrra málið á dagskránni.

Samkv. lögunum um ræktunarsjóð leggur ríkissjóður árlega fram ½ millj. kr. til sjóðsins, og þetta var bundið við 10 ár eins og framlagið til byggingarsjóðsins. Hér er aðeins lagt til, að þetta framlag verði framlengt um önnur 10 ár.

Nú gefur að skilja, að þetta litla framlag, ½ milljón, hefur engin áhrif á getu ræktunarsjóðs til útlána, heldur er þetta lítils háttar stuðningur til þess að greiða vaxtamismun af því fé, sem ræktunarsjóðurinn lánar út, og aðeins þó lítilfjörlegur stuðningur. Samkv. lögunum lánar ræktunarsjóður út gegn 2½% vöxtum á ári, og við vitum allir, hverjir venjulegir vextir eru nú af lánum í bönkum og annars staðar. En þar sem sjóðurinn hefur lánað út nú síðustu árin milli 10 og 20 millj., þá sjá allir, hve lítilfjörlegt í raun og veru þetta framlag er til þess að greiða þann vaxtamismun, sem þarna er um að ræða gegn lögboðnum vöxtum, eins og það er ákveðið á hinu háa Alþingi, og þess vegna þarf í raun og veru ekki að hafa annan rökstuðning fyrir því, að sjálfsagt sé nú að framlengja þetta fasta árgjald til ræktunarsjóðsins.

En ég vildi í sambandi við þetta aðeins geta þess, að kvaðir á sjóðinn um lánveitingar hafa farið miklu meir vaxandi en jafnvel bjartsýnustu menn um vaxandi framkvæmdir í sveitum hafa getað búizt við. Eins og verið hefur síðustu árin, þá hefur ræktunarsjóðurinn lánað á milli 10 og 20 millj. árlega. Hann lánar, eins og hv. alþm. vita, til útihúsabygginga, til ræktunar svo og til ýmissa annarra framkvæmda nokkuð, en þó sérstaklega til margvíslegra ræktunarframkvæmda, bæði hvað snertir sjálfa ræktunina og sömuleiðis skurðgröfuframkvæmdir og aðra framræslu. Nú í ár virðast framkvæmdir í sveitum, sem eiga rétt til lána úr sjóðnum, vera miklu meiri en nokkru sinni áður, þannig að það er hér um bil víst, að þær umsóknir, sem ræktunarsjóðurinn nú stendur gagnvart að leysa á þessu hausti fram að áramótum, eru einhvers staðar á milli 20 og 30 millj., sennilega ekki

minna en 10 millj. hærri en nokkurn tíma hefur verið áður og mjög miklu hærri en Búnaðarbankinn sjálfur bjóst við í haust. Hann hefur því gert nýja áætlun nú, eftir því sem fram hefur komið í því, sem ég hef tekið fram.

Það liggur því auðvitað í hlutarins eðli, að þó að framlengd sé þessi litla fjárveiting, þá hefur það engin áhrif á útlánamöguleika ræktunarsjóðsins, heldur eingöngu til að létta lítils háttar undir með bankanum að greiða þann vaxtamismun, sem fram kemur. Og veit ég því, að það mun ekki vera meiningarmunur um að gera þessa breytingu á lögunum. Hitt verður svo sjálfsagt viðfangsefni þessa þings síðar, í öðru formi, að gera einhverjar ráðstafanir til þess að auka möguleika ræktunarsjóðsins til þess að geta lánað meira fé en nú virðist vera mögulegt. Þetta mál er til meðferðar í ríkisstj. nú, og ég get ekki farið að ganga nánar inn á það að þessu sinni, en þetta verður áreiðanlega eitt af þeim verkefnum, sem þetta Alþingi hlýtur að standa gagnvart og hlýtur að leysa að einhverju leyti, áður en því verður slitið.

Í hv. Nd. var gerð nokkur breyting á þessu frv., og sú breyting var gerð samkv. beiðni eða ábendingu frá mþn., sem starfað hefur í búnaðarþingi frá því í fyrra og hefur farið yfir jarðræktarlögin og er að ganga frá breytingum á þeirri löggjöf. Þessi breyting er í því fólgin, að vissar umbætur, sem jarðræktarstyrkur hefur verið greiddur á, hafa verið í lægri flokki hvað snertir lánsmöguleika heldur en þær framkvæmdir, þar sem enginn styrkur hefur verið veittur. T. d. má geta þess, að samkv. lögunum mun heimilt að veita út á fjós og fjárhús og aðrar slíkar framkvæmdir allt að ⅔ hlutum af kostnaðarverði eða matsverði byggingarinnar, en t. d. út á hlöður, sem fá lítilfjörlegan styrk samkv. jarðræktarlögunum, sem dregur ósköp lítið eins og nú er orðið, má aðeins lána 30% af matsverði þeirra, og eins er um nokkrar aðrar framkvæmdir. Þetta þykir óeðlilegt, og mþn. búnaðarþingsins hefur lagt til, að þessu yrði breytt, þannig að þessar framkvæmdir mættu njóta allt að 60% af kostnaðarverði eða matsverði framkvæmdarinnar, en þó yrði frá því dreginn sá styrkur, sem veittur hefði verið út á byggingarnar.

Hv. Nd. hefur fallizt á þessa breytingu, og þess vegna er hún nú í þessu frv., sem hér liggur fyrir hv. Ed. Ég veit, að sumir telja, og þar á meðal starfsmenn Búnaðarfélagsins, að það kunni að vera dálítið erfitt að koma þessu fyrir á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, svo að ekki orki tvímælis, að rétt sé að farið gagnvart lögunum. Landbn. þessarar hv. d. mun þá athuga það atriði sérstaklega í sambandi við athugun hennar á frv.

Annað sé ég ekki ástæðu til að taka fram varðandi frv., eins og það hér liggur fyrir, en vil leyfa mér að óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 197).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Það er sama að segja viðvíkjandi 1. gr. þessa frv. eins og um frv. um byggingarlánasjóðinn, er við vorum að ræða. Þó að n. væri ljóst, að sú ca. hálfa milljón, sem ríkissjóður á eftir lögunum að leggja til ræktunarsjóðsins til að standa undir vaxtamismun af lánum, væri alveg ónóg og þess vegna ekki nægjanlegt að framlengja þau ákvæði í næstu 10 ár, eða gera það að 20 ára ákvæði í staðinn fyrir 10 ára ákvæði, þá vildi n. ekkert hugsa um það, þar sem ráðh. sagði, að málið væri til meðferðar í stjórninni og mundi verða athugað þar að gera einhverjar ráðstafanir til úrbóta í framtíðinni.

Hins vegar bættist 2. gr. frv. við upprunalega stjfrv. í Nd. og er þar komin eftir ósk frá mþn., sem Búnaðarfélag Íslands setti til að endurskoða jarðræktarlögin o. fl. Þeirri endurskoðun á jarðræktarlögunum er nú lokið, og frumvarp til breytinga á þeim er hjá ríkisstj., eins og mþn. búnaðarþings vill hafa það, — en hvað úr því verður, veit ég ekki, enda kemur það ekki beint þessu máli við. Og þó eru viss tengsl á milli þess. En þessi n. sá það tiltölulega fljótt, þegar hún fór að hugsa um þessi mál, að lánin, sem ræktunarsjóður lánar út á jarðabætur og útihús, eru nú orðin ákaflega misjöfn eftir því, hver framkvæmdin er. Það var hugsað þannig á sínum tíma, þegar jarðræktarlögin voru sett, að jarðræktarstyrkurinn næmi sem næst ⅓ af kostnaði. Og þá var ákveðið, að ræktunarsjóður mætti lána 30% út á þær jarðræktarframkvæmdir, sem framlag tóku frá ríkinu, en 60% út á hinar. Þess vegna var lánað t. d. 60% út á fjárhús, en ekki nema 30% út á hlöður. Síðan hefur þetta allt breytzt. Sumar framkvæmdir hafa orðið tiltölulega ódýrari en þær voru fyrir nýja tækni, ný verkfæri og nýja kunnáttu, eins og t. d. skurðagerð, sem er beinlínis ódýrari en hún var, síðan skurðgröfurnar komu til sögunnar. Og eins er um ræktun. Hún er kannske ekki beint ódýrari en hún var, af því að vinnukaup hefur hækkað mikið, en allt að því, meðan aðrar framkvæmdir, eins og t. d. bygging geymsluhúsa og bygging fjárhúsa, hafa aftur hækkað geysilega, svo að framlagið, sem veitt er þar, er ekkert orðið, samanborið við það, sem áður var, miðað við hlutfallslegan tilkostnað. Þess vegna fór mþn. búnaðarþingsins fram á það við n. í Nd., sem hafði þetta frv. til meðferðar, að það væru tekin upp í það ákvæði um, að lána skyldi 60% úr ræktunarsjóði af því, sem væri áætlað eða ákveðið væri að framkvæmdin hefði kostað hverju sinni. Þó væri dregið þar frá jarðræktarframlagið frá ríkinu og 60% lánað út á það, sem eftir væri. Ef eitthvert fyrirtæki kostaði 1000 kr. og svo kæmi framlag frá ríkinu og það væri 150, þá væru eftir 850 kr., 60% af því yrði lánað í staðinn fyrir 30% af öllu verðinu. Nefndin tók þetta upp í frv. í Nd., og svoleiðis kom það til okkar.

Við höfum lagt til að gera á þessu svolitla breytingu, sem aðallega er byggð á því að gera málið framkvæmanlegt í því praktíska lífi. Nú

gengur þetta þannig fyrir sig, að ef um húsabætur er að ræða, þá eru þær teknar út, virtar af úttektarmönnum heima í sveitinni, og sú virðing fer suður í Búnaðarbankann, og síðan er hún endurskoðuð þar á teiknistofu landbúnaðarins og ákveðið, hvað hún muni hafa kostað, virðingin lækkuð eða hækkuð stundum, látin standa í stað stundum o. s. frv., og það verð, sem bankinn þá setur á hana, er það, sem lánað er út á ýmist 30 eða 60% núna. Hins vegar hefur aldrei farið fram virðing á jarðabótum á sama hátt, úttekt á jarðabótunum. Þar er farið til Búnaðarfélags Íslands, sem árlega fær skýrslu um allar jarðabætur, og sagt: Hvað hefur Jón Jónsson á Hóli eða einhvers staðar gert miklar jarðabætur síðustu þrjú árin, og viljið þið nú gefa mér skýrslu um það? — Svo er fundið meðalverðið á jarðabótum, meðalkostnaðurinn, sem er álitinn af kunnáttumönnum að sé á jarðabótum þau ár, og hann fær samkvæmt því 30%. En eins og þetta var orðað, þá mátti líta svo á, að það væri ætlazt til, að það væri kostnaðarverð hverrar einstakrar jarðabótar, sem ætti að lána út á allt að 60% að frádregnu framlaginu. En það að framkvæma jarðabót, jafnvel þó að það sé nú bara eins einföld jarðabót og að rækta einn hektara, getur kostað upp undir helmingi meira á einum stað en öðrum, eftir því hvernig aðstaðan er. Þess vegna höfum við tekið meðalverð. Og það var ekki hægt að hafa það eins og það er fram sett í frv.: „Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs“ — því að þá gat maður heimtað 60% kostnaðarverðs á þessa jarðabót, sem var kannske miklu dýrara að framkvæma en sams konar jarðabót annars staðar. Og gersamlega ómögulegt var að finna rétt kostnaðarverð fyrir hverja einstaka jarðabót, sem menn vildu fá lán til að framkvæma. Það varð að taka meðaltalskostnaðarverð, og út á það gengur okkar brtt. Hún er um það, að lánsupphæðin hverju sinni sé miðuð við meðalkostnaðarverð, eins og það er áætlað árlega. Það er alltaf áætlað á hverju ári eins og talið er að það kosti raunverulega að meðaltali. Það veit maður úr ýmsum stöðum, bæði þar sem ræktunarsamböndin vinna sjálf að framkvæmdunum og eins frá nýbýlanefnd, og þó ekki sízt þaðan. Það er aðalbreytingin. Og eins til þess að útiloka, að það þyrfti alltaf að vera að virða, þá settum við þarna: „eftir því sem þörf er á.“ Og það er alveg sama, það verða áfram virtar húsabætur, en hins vegar ekki jarðræktarframkvæmdirnar.

Hvernig þessi breyting verkar, getur maður svo séð á skýrslunni, sem er aftan á þskj. 197. Menn sjá, ef þeir líta á aftasta dálkinn og svo fimmta dálk þar fyrir framan, hvað það er miklu misjafnara, sem lánað var, meðan það var lánað 30% og ekki tekið tillit til jarðræktarframlagsins, heldur en nú er lagt til. Það er miklu nær því að vera réttlæti gagnvart hinum einstöku jarðabótum, hverri miðaðri við aðra, með frv. eins og það er núna heldur en eins og það var. Við, nefndin hérna í Ed., höfum haft samband við n. í Nd. um þetta, við vitum, að hún er með þessari breytingu, og við leggjum til, að með henni verði frv. samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 197 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 208).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 220).

---

## 7. Veitingaskattur.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um afnám laga um veitingaskatt** [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fyrir rúmum 20 árum var gripið til þess ráðs að leggja hér á svokallaðan veitingaskatt, en þessi skattur hefur ætíð verið hálfgert vandræðabarn. Veitinga- og gistihúsarekstur hér á ákaflega erfitt uppdráttar, og þó að ætlunin hafi nú verið að vísu, að þeir, sem skipta við þessar stofnanir, greiddu skattinn í verðlagi varanna, hefur þessi skattur að sjálfsögðu orðið til þess að gera erfiðara um rekstur gisti- og veitingahúsa. Það má taka svo til orða, að það hafi á undanförnum árum verið setið um færi til þess að afnema þennan skatt. Ég fyrir mitt leyti hef litið þannig á þennan skatt, að hann væri eitt af því fyrsta, sem þyrfti að losa sig við, ef hægt væri að lækka skatta og tolla. Það hefur nú orðið að ráði að leggja fram þetta frv. til l. um afnám veitingaskattslaganna.
Ég vil óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 134).

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Fjhn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Sjálfur vil ég segja, að þótt fyrr hefði verið, hefði mátt samþ. þetta, og hef ég verið flm. að því hér á fyrri þingum, að veitingaskatturinn yrði fyrr afnuminn, og er mér því sérstök ánægja að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að afnema veitingaskattinn. Þessi skattur var lagður á fyrir nokkrum árum og hefur verið innheimtur. Hann hefur verið fremur erfiður í innheimtu og heldur óskemmtilegur, þegar menn vita, hversu erfitt gistihúsa- og veitingahúsarekstur hefur átt uppdráttar. Það hefur verið ætlun manna nú um sinn að nota tækifæri, ef gæfist, til þess að afnema þennan skatt, og þykir nú óhætt að ráðast í það, og því er þetta frv. fram komið. Ég vil leyfa mér að mælast til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 214).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Með frv. þessu, sem er stjórnarfrv., er lagt til, að felld verði úr gildi frá 1. jan. 1955 lög nr. 99 frá 19. júní 1933, um veitingaskatt, með síðari breytingum á þeim lögum.

Lögin um veitingaskatt voru sett, þegar fjárhagur ríkissjóðs var mjög þröngur, þó að ljóst væri, að þessi skattstofn væri mjög vafasamur, þar sem hann í fyrsta lagi vann á móti því, að gistihús væru reist í landinu og menn gerðu veitingar að atvinnu sinni, og í öðru lagi kom hann sérstaklega hart niður á einhleypum mönnum og erlendum mönnum, sem þurftu að leita til veitingastaða með fæði og aðra fyrirgreiðslu. Það hafa því verið uppi, bæði utan þings og innan, ákveðnar raddir um að fá þessum skatti létt af, og það því frekar sem hann er ekki verulegur tekjustofn fyrir ríkissjóð og innheimta hans auk þess ýmsum örðugleikum bundin.

Sem betur fer er nú fjárhag ríkissjóðs þannig komið, að ríkisstj. hefur séð sér fært að leggja til, að þessi lög verði felld úr gildi. Fjhn. Nd., sem hafði þetta frv. til meðferðar, áður en það kom fyrir þessa hv. deild, lagði einróma til, að frv. yrði samþ., og fjhn. Ed. hefur einnig lagt einróma til við deildina, að hún samþykki frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 227).

---

## 8. Prentfrelsi.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á tilsk. 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, l. 3. jan. 1851, um prentfrelsi** [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þau ákvæði, sem hér á landi gilda um ábyrgð manna á prentuðu máli, eru orðin ærið gömul, eða hundrað ára, og þar með nokkru eldri en sjálf fyrirmælin í stjórnarskránni um prentfrelsi. Þessi fyrirmæli eru um sumt nokkuð flókin, um hverjir beri ábyrgð á því prentaða máli, og veita mönnum allrúma heimild til þess að nafngreina sig ekki, þó að út séu gefin prentuð rit. Viðhorf manna í þessu hafa að ýmsu leyti breytzt á þeim 100 árum frá því að þessi ákvæði voru sett, og ég hef því efnt til endurskoðunar á þessum fyrirmælum í heild, fengið til þess ágætan mann, en við þá athugun, sem þegar hefur átt sér stað, hefur orðið ljóst, að málið er flóknara og vandasamara, eins og oft vill verða, heldur en menn í fljótu bragði gera sér grein fyrir, og um þetta eru uppi margar kenningar og athuganir hjá þeim lærðu mönnum úti í heimi, sem mest hafa kynnt sér þessi efni og skoðað reynslu í mörgum löndum. Það var því álit okkar, að athuguðu máli, að það væri ekki rétt að hraða svo þessari heildarendurskoðun, að hún kæmist fyrir þetta þing, heldur athuga málið betur og í rólegheitum.

En þó töldum við, að það væri ein breyting, sem ekki yrði hjá komizt að lögleiða strax, og það væri, að sá, sem gefur út rit, væri skyldugur til þess að nafngreina sig á ritinu. Hingað til hefur það nægt, að vitað væri, hver prentaði ritið, en ástæðan til þess að við töldum rétt, að það lægi öllum ljóst fyrir, hver væri útgefandi rits, er sú, að á síðustu mánuðum hefur hafizt hér útgáfa sérstakra tímarita, sem sérstaklega fjalla um ýmiss konar glæpamálefni, og það hefur vakið athygli manna, að útgefendur þessara rita, a. m. k. sumra, hafa hliðrað sér hjá að láta nafns síns getið við útgáfuna. Það er talið, að minnsta krafan, sem hægt væri að gera til þeirra, sem að slíku standa og taka af þessu fé og ágóða, væri það, að menn vissu, hvaða heiðursmenn þar eru á ferð. Og til þess að láta þá vitneskju liggja ljósa fyrir er þetta litla frv. samið og nú lagt fram. Ég vona, að enginn telji, að með því sé um of takmarkað prentfrelsið í landinu, heldur einungis fengin sjálfsögð leiðrétting á ákvæðum, sem við nú orðið hljótum að játa, að eru orðin úrelt. Ég játa hins vegar, að með þessu frv. er ekki komið í veg fyrir útgáfu þessara rita, sem ýmsir, sérstaklega uppeldisfróðir menn, telja mjög varhugaverð. Það er mjög hæpið í fyrsta lagi, hvað hægt er að gera með löggjöf til þess að halda frá mönnum óheppilegu lestrarefni. Reynslan er nú sú, að bönn duga lítið í slíkum efnum, og þá einnig hætta á því, ef bönn eru sett, að þau verði viðtækari en menn ætlast til í fyrstu og valdhafar ef til vill misnoti þau. Ég er því ekki mjög trúaður á almenn bönn í þessu efni, en vil þó geta þess, að ég tel eðlilegt, bæði að þetta atriði verði nánar skoðað við þá framhaldsendurskoðun prentfrelsisákvæðanna, sem ég gat um, en þó sérstaklega í sambandi við endurskoðun hegningarlaganna, að þar verði íhugað, hvort tiltækilegt sé að setja strangari reglur um slíka útgáfu heldur en nú er, og mun ég vekja sérstaka athygli þeirra manna, sem um það fjalla, á því atriði.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um málið, en legg til, að það að lokinni þessari umr. fari til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 148).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson):** Herra forseti. Lög þau, sem gilda um prentfrelsi og útgáfu prentaðs máls á Íslandi, eru orðin æði gömul. Þau er að finna í tilskipun, sem út var gefin 9. maí 1855 og lögleiddi dönsk lög fyrir Ísland.

Það liggur í augum uppi, að slík löggjöf er orðin í fyllsta máta úrelt, þegar litið er á allar þær breytingar, sem orðið hafa á útgáfu og útgáfustarfsemi prentaðs máls á Íslandi, frá því að þessi tilskipun var út gefin. Er því brýn þörf á því, að gerðar verði ráðstafanir til þess að endurskoða í heild þessa gömlu löggjöf og undirbúa aðra nýja, sem meira er hæfð að þeim háttum, sem nú ríkja í sambandi við útgáfu prentaðs máls.

Í grg. fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, er frá því skýrt, að af hálfu menntmrn. hafi þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um prentfrelsi. Það er að sjálfsögðu talsvert mikið verk að endurskoða þessi lög og ganga fullkomlega frá þeim, til þess að hægt sé að leggja þau fyrir Alþingi. Og að því er fram kemur í grg. frv., þá er ljóst, að það mun enn taka nokkurn tíma að ljúka þessari endurskoðun. Hins vegar hefur það komið í ljós nú á seinustu árum eða kannske seinustu missirum aðeins, að talsvert hefur borið á því, að hafizt hefur verið handa um útgáfu tímarita og ritlinga, sem hafa haft að flytja þannig lagað efni, að útgefendur hafa veigrað sér við að láta nafns síns við getið, en samkv. l. um prentfrelsi hefur þeim verið slíkt heimilt. Annars staðar, þar sem slík rit sem þessi hafa verið á ferðinni, hafa yfirvöldin talið sér skylt að gera ráðstafanir til þess að reyna að draga úr útgáfu þeirra og a. m. k. gera ráðstafanir til þess, að allur almenningur gæti vitað, hvaðan slík rit væru komin. Hér á landi hefur slíkt ekki verið hægt, vegna þess að lögin um prentfrelsi hafa ekki leyft það.

Þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað það verkefni að skylda útgefendur allra rita, og eru þá ekki sízt höfð í huga þessi tímarit, sem ég minntist á áðan, til þess að láta sín getið á ritinu sjálfu, til þess að almenningur megi um það vita, frá hverjum slík rit eru komin.

Það er að sjálfsögðu hið mesta nauðsynjamál, að slík löggjöf sem þessi verði sett, og þessum tímaritum hefur nú í seinni tíð farið svo fjölgandi á Íslandi og verið svo mikið um þau, að það er ekki rétt að bíða eftir því, að heildarlöggjöf um prentfrelsi komi, með að setja ákvæði eins og þessi, heldur virðist eðlilegt, að gerðar séu ráðstafanir þegar í stað til þess að skylda útgefendur þessara tímarita til að segja til sín, þannig, að almenningur viti, að hverjum hann á að snúa sér, og að úr þessum tímaritum mætti þá draga, ef menn veigruðu sér við að bera ábyrgð á þeim.

Þetta er sú hugsun, sem liggur til grundvallar þessu frv., og allshn., sem hefur fengið málið til athugunar, er sammála því, sem fram kemur í grg. frv., viðurkennir þörfina fyrir það og telur, að hér sé haldið inn á rétta braut. N. leggur þess vegna einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr þar.

Á 21. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 223).

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Eins og nál. allshn. ber með sér, þá leggur n. einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið. Ég get látið f. h. nefndarinnar nægja að vísa til þeirrar grg., sem frv. fylgir.

Það er kunnugt, að þannig er orðið ástatt um útgáfu ýmissa rita, og það miður þarfra, að það er ekki getið um útgefanda eða ábyrgðarmann að þeim, og jafnvel munu vera til dæmi um það, að ekki bera þau með sér heldur, hver prentsmiðja hefur annazt prentverkið. Þetta eru þau rit, sem eru af því tagi, að hætt er við að valdið geti spillingu í þjóðlífinu, ekki sízt meðal ungmenna, og sakir þess, hvernig háttað er um útgáfu þeirra, getur verið torvelt að fá vitneskju um það, hver ber ábyrgð á þessum útgáfum.

Stjórnarskrá okkar ákveður, að prentfrelsi skuli ríkja, en þeir, sem að útgáfum standa, beri ábyrgð á þeim verkum fyrir dómi. En þá leiðir af sjálfu sér, að ritin verða að bera með sér, hver ábyrgðarmaður er eða hver annast útgáfuna, og eru í þessu frv. allýtarleg ákvæði um það, hvernig hægt er að sækja til saka, ef um slíkt er að ræða, þann sem að útgáfu þessara rita stendur.

Þess er getið í grg. fyrir þessu frv., að verið sé að endurskoða þau lagaákvæði, sem að þessu lúta og öðru fleiru, skilst mér, og er það vel farið. Þess er að vænta, að sá undirbúningur verði ýtarlegur og ráðin verði bót á þeim eldri ákvæðum, sem er í mörgu áfátt, eins og við er að búast. Lagasmíð og tilskipanir um þetta efni eru orðnar gamlar, svo að það er við því að búast, að þeim sé í ýmsu áfátt. Mér dettur í hug í sambandi við einmitt slíkar útgáfur, að bólað hefur á því nú í seinni tíð, að myndir og myndablöð, sem ég ætla að séu nú að miklu leyti eða kannske nærri öllu ekki prentuð hér á landi, eru í umferð hér meðal almennings, og gerð þeirra og útlit er allt annað en það sé menntandi eða göfgandi fyrir ungmenni að skoða þau og leggja sig eftir þeim. En einmitt ungmenni eru fíkin í að skoða þetta og aðgæta, og má gera ráð fyrir einmitt fyrir þær sakir, hvað ungmenni hafa mikinn áhuga fyrir þessu, að þá geti þetta haft allt annað en holl áhrif á þroska þeirra og hugsunarhátt. Það ber því vissulega í sambandi við slíka endurskoðun sem þessa að taka þetta einnig til meðferðar, og vil ég vona, að það verði gert.

Mér virðist, og þar tala ég nú aðeins af minni hálfu persónulega, að eftir því sem bólað hefur á eitt til tvö síðustu árin, — ég ætla, að það eigi sér tæpast lengri aldur, að nokkuð verulega hafi að því kveðið, — að það ætti gersamlega að banna sölu og dreifingu þessara mynda og rita. Af þeim getur enginn þrifnaður stafað, en margt illt, og er sjálfsagt að koma í veg fyrir það.

Ég vil svo, eins og ég áður gat um, mæla hið bezta með samþykkt þessa frumvarps.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að athuga lítils háttar þetta mál, sem hér liggur fyrir, en vegna þess að ég er nýkominn til þings, hef ég haft lítinn tíma til slíkrar athugunar. Ég tel, að tilgangurinn með þessum lögum sé mjög lofsverður, en ég efast um, að þau nái þeim tilgangi, sem að er stefnt. Ég hygg, að lögin, eins og þau liggja hér fyrir, gangi of skammt til þess að koma í veg fyrir útgáfu þeirra rita, sem um er að ræða, því að mér sýnist, að það sé lítil hindrun fyrir þá, sem gefa út þau sorprit, sem hér er um að ræða, þótt þeir þurfi að setja á þau sitt nafn eða einhvers lepps, sem þeir kynnu að fá fyrir sig sem útgefanda að þessum ritum. Það er öllum ljóst, að þessi útgáfa er stórskaðleg fyrir æsku landsins, og mér þótti vænt um, að hv. 1. þm. Árn. gat um þau erlendu myndablöð, sem hér eru flutt inn og ég tel miklu skaðlegri en þær útgáfur, sem hér er um að ræða. Og á það má benda í þessu sambandi, að Bandaríkjamenn, sem aðallega gefa nú út þessi myndablöð, eru að ræða um það af fullri alvöru, hvernig þeir geti komið í veg fyrir útgáfu þessara blaða, og bandaríska stjórnin og jafnvel þingið kemur vafalaust til með að taka þetta mál til meðferðar, því að svo skaðlegt er það talið Bandaríkjunum sjálfum. Sem betur fer, er nú ekki lestur þessara rita tiltölulega jafnútbreiddur hér eins og Bandaríkjunum. Í bandarískum blöðum hafa verið til tekin dæmi um það, hvaða efni þessi blöð flytji, og mörg þeirra eru hreinlega ekkert annað en kennslubækur í glæpastarfsemi fyrir æskulýðinn. Sömuleiðis hefur verið rætt um þetta í Englandi, og líklega verður það rætt í brezka þinginu, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera þar í landi til þess að stöðva útgáfu þessara rita. Svo skaðleg eru þau talin.

Ég vildi óska fyrir mitt leyti, að hægt væri að finna eða gera einhverjar ráðstafanir til þess að stöðva þetta. Við talsverða erfiðleika er að etja, því að margir munu segja, að verið sé að ráðast á prentfrelsið í landinu. En það er eins með prentfrelsið og annað frelsi: Ef það er misnotað þjóðinni til skaðræðis, þá verður að taka í taumana á einhvern hátt.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum mjög taka undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um þetta mál í stuttri ræðu. Þetta frv., svo langt sem það nær, er í sjálfu sér mjög góðra gjalda vert, tilgangurinn að baki þess mjög svo lofsverður, en ég er hv. 3. þm. Reykv. sammála um, að vafasamt er, að frv. gangi nógu langt til þess að binda enda á þann

ófögnuð, sem hér er um að ræða, þar sem er útgáfa sakamála- eða glæpatímaritanna, sem hér hefur fjölgað uggvænlega mikið á undanförnum árum. Ég hefði talið mjög æskilegt, að tryggilega hefði verið frá því gengið í frv., að reist yrði rönd við útgáfu þessara rita. Ég hef sjálfur ekki gert mér skýra grein fyrir því, með hverjum hætti það væri hægt, en haldi málið áfram til 3. umr., mun ég fyrir mitt leyti athuga nánar, hvort tiltækilegt sé að herða að einhverju leyti á ákvæðum frumvarpsins.

Annað minntist hv. 3. þm. Reykv. einnig á, sem er mjög svo rétt og athyglisvert, þótt vafasamt sé nú raunar, að ákvæði þar að lútandi eigi heima í lögum um prentfrelsi, en það er innflutningur „hasarblaðanna“ svonefndu, sem allir munu kannast við hvað eru, þó að orðið sé ekki íslenzkt frekar en þau rit, sem um er að ræða. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég hafði hugsað mér fyrir nokkru að flytja þáltill. þess efnis, að reist yrði rönd við innflutningi þessara rita, sem ég er hv. þm. algerlega sammála um að eru íslenzkum æskulýð stórskaðleg. En ég komst að raun um, var tjáð af þar til bærum mönnum, sem fást við innflutningsmál, að mjög erfitt væri að orða ákvæði um þetta þannig, að alveg tvímælalaust væri, að þau tækju eingöngu til þeirra rita, sem við hv. 3. þm. Reykv., og vafalaust fleiri, erum alveg sammála um að nauðsyn bæri til að hefta innflutning á. Hér virðist sem sagt vera við framkvæmdarörðugleika að etja, sem erfitt er að yfirvinna, en ef hv. n. kynni að ræða þetta mál frekar, þá vil ég hér með skjóta því að henni, hvort hún vildi ekki einnig taka það til athugunar, hvort ekki væri með einhverjum hætti unnt, þannig að framkvæmanlegt væri, að reisa rönd við þeim ófögnuði, sem innflutningur „hasarblaðanna“ svonefndu er.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hef að vísu ekki fylgzt með öllum umræðunum, sem hér hafa farið fram, en heyri þó, að þm. hafa talið, að þetta frv. væri ekki allsendis fullnægjandi, þar sem frekari ráðstafanir þyrfti að gera í þessum efnum. Ég vil taka það fram, að ég er þessu fyllilega sammála, og lét hið sama uppi, þegar ég lagði þetta frv. fyrir hv. Ed. En dómsmrn. fór þess á leit við einn af fremstu lögfræðingum landsins nokkuð snemma á þessu ári, að hann undirbyggi frv. um þetta efni, og ætluðumst við þá til, að það yrði rækilegri endurskoðun á þessum gömlu prentlögum og öðru þetta varðandi heldur en hann svo að athuguðu máli treysti sér til að leysa af hendi á þeim tíma, sem honum var ætlaður, og varð því úr, að við létum nægja að leggja fyrir þetta þing einungis þetta atriði, sem hér liggur fyrir, vegna þess að önnur atriði málsins þyrftu gaumgæfilegri rannsóknar, áður en hægt væri að færa þau í frumvarpsform, svo að viðhlítandi væri, vegna þess að erfiðleikinn hér er auðvitað einkum sá, að menn banni ekki of mikið, að menn í réttmætri viðleitni til að stöðva ósómann komi ekki of nærri sjálfum prentfrelsisákvæðunum, sem þrátt fyrir allt eru ein lífæðin í okkar stjórnskipun, og þar er áreiðanlega vandsiglt á milli skers og báru.

En segja má, að fram haldi tvöföld athugun þess, hvernig lagafyrirmælum um þetta verði bezt fyrir komið í framtíðinni. Annars vegar er áframhaldandi endurskoðun prenttilskipunarinnar, sem ég vonast til að verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, þannig að þá verði hægt að leggja fram heillegt lagafrv. um þau efni, og er þá líklegt, þótt ekki sé víst, að nokkru nánar verði komið inn á það atriði, sem nú er til umræðu. Enn fremur eru til endurskoðunar sjálf hegningarlögin, og eðlilegast virðist, að í sambandi við þá endurskoðun verði lögð sýnu strangari viðurlög en nú eru við slíkum ósóma sem hér er um að ræða, bæði strangari viðurlög og kveðið verði nánar á um, hvað af þessu skuli refsivert, en nú er.

En eins og ég segi, þá er þetta ekki allsendis einfalt vegna hættunnar við, að í slík bönn verði sett strangari ákvæði en menn í raun og veru hafa ætlað sér, og þess vegna er það ekki á færi annarra en hinna lærðustu og þaulvönustu manna að átta sig til hlítar á því, hvernig fyrirmælum um þetta skuli komið fyrir. Til leiðbeiningar fyrir okkur í því er það, að nokkrir þættir málsins, — það má nú segja, að það væri ekki sérstaklega varðandi þetta, en varðandi endurskoðun prentskipunarinnar, — voru til umræðu á lögfræðingaþinginu í Osló í sumar, sérstaklega varðandi það, hvort menn ættu að hafa rétt til þess að skjóta sér á bak við nafnleysi í skrifum sínum og að hve miklu leyti, og önnur atriði í sambandi við það, og taldi sá lögfræðingur, sem um þetta fjallaði af okkar hálfu, að betra væri að bíða eftir þeim umræðum og athugasemdum, sem þar kæmu fram, áður en hann lyki við sitt frv. En það er víðtækara mál. — Hitt er þrengra, sem einnig er til meðferðar í fjölmörgum löndum, t. d. nú þessa dagana í Bretlandi, baráttan gegn þessum glæparitum og „hasarblöðum“, sem hér hafa verið nefnd, og ég tel, að það sé rétt fyrir íslenzk stjórnvöld að fylgjast mjög gaumgæfilega með þeim ráðstöfunum, sem aðrar þjóðir gera í þessu. Í Bandaríkjunum, þar sem þessi ófögnuður geisar mjög, hygg ég að eigi sér stað mjög víðtæk samtök bókaútgefenda og bóksala til þess að hindra bæði útgáfu og útbreiðslu þessara rita, og eitthvað svipað hefur komið til greina í Bretlandi, um leið og það hefur verið vakin athygli á erfiðleikunum á að setja um þessi efni strangar reglur. Þó sá ég einmitt í brezku blaði í gær lauslega drepið á þær till., sem fram höfðu komið, að gjaldeyrir yrði ekki veittur til þess að flytja slík rit inn, og mér finnst það mjög koma til athugunar hér, að íslenzk stjórnvöld reyndu að fylgjast með því, að gjaldeyri væri ekki varið til þessara kaupa, en hvort framkvæmanlegt er að skilja þarna á milli eins og vera þarf, án þess að skaði sé gerður, það er erfiðleikinn, sem við alltaf rekum okkur á. Og okkur tjáir auðvitað ekki að neita því, að eitt sterkasta vopnið í baráttunni gegn slíkum ritum er sú hugmynd, sem kemur fram í þessu frv., þótt það sé annars litið frv., — ég vil ekki gera of mikið úr gildi þess, — en þó þetta: að þeir, sem þessa atvinnu stunda, ef svo má segja, verða að gera það fyrir opnum tjöldum, að menn viti, hvaða menn það eru, sem þarna eru á ferð-

um, og einhverjir verða að leggja nafn sitt við atvinnureksturinn og þá að lúta þeim almenningsdómi, sem réttilega verður að kveðast yfir slíkri starfrækslu. Og ég tel, að það sé ein af skyldum kennara og menningarfrömuða landsins að vara æskulýð mjög við slíkum skrifum og reyna að hafa áhrif á foreldra um að líða því líkt ekki á sínum heimilum. Hættan af því aftur er sú, eins og við vitum, að það, sem er reynt að banna, getur orðið enn þá fýsilegra í augum óþroskaðra unglinga ekki síst, og þess vegna er erfiðara við þetta að fást en í fljótu bragði virtist, eins og mér skildist líka koma fram í ræðu þess hv. þm., sem talaði hér næst á undan mér. En ég vildi láta það koma fram, að dómsmrn. hefur hugleitt þetta mál og að það litla frv., sem hér er flutt, er aðeins upphaf að frekari aðgerðum, sem þar eru hafðar í huga í þessum málum.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur nú vikið nokkuð að þessum atriðum, sem fram komu í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem töluðu eftir að ég mælti þessi fáu orð, sem ég sagði af hálfu nefndarinnar.

Hv. 1. landsk. beindi því til n., hvort hún mundi e. t. v. sinna þessu máli eitthvað meira nú að þessu sinni, en ég hygg, að mér sé óhætt að segja það ákveðið fyrir hönd n., að n. mun ekki sjá sér fært að gera það. Þetta bar á góma innan n., þegar málið var til meðferðar, og leizt okkur sem hyggilegra mundi vera að bíða eftir endurskoðuninni, sem nú er verið að vinna að og boðuð er í grg. fyrir þessu frv. Eins og hæstv. menntmrh. réttilega vék að, þá er þetta mál allvandasamt, þessi lagasmíð er alls ekki svo einföld. Stjórnarskráin ákveður, að prentfrelsi skuli ríkja hjá þjóðinni, en þeir, sem að útgáfu standa, hver sem hún er, beri ábyrgð á verkum sínum fyrir dómi. Og hv. 1. landsk. varð þess var, þegar hann fór að hugleiða að gera frekari ráðstafanir nú, að þar mundu e. t. v. vera nokkur vandkvæði á, og mér skildist, að sakir þess hefði hann ekki flutt málið inn í þingið. Þetta er einmitt það, sem ég hygg að blasi við hjá hverjum þeim manni, sem fer að kynna sér þetta og hugleiða, að það er nokkuð vandgert um það, hve langt skuli ganga í þessu efni, í hindrunum með prentun, en líka að nokkur vandkvæði eru á því að hitta á þær beztu ákvarðanir, sem gera ríkisvaldinu auðvelt fyrir, að menn beri ábyrgð á því, sem talið er saknæmt og miður fer. Ég hygg þess vegna, að í bili verði að láta þetta nægja.

Þess er getið í grg. fyrir þessu frv., að endurskoðun á þessum ákvæðum muni taka nokkurn tíma, og þetta frv. er borið fram til bráðabirgða til að ráða nokkra bót á því, hvernig lagaákvæðum nú er fyrir komið, og gera auðveldara um eftirlit.

Ég gat þess í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, að ég teldi, að það bæri að gera ráðstafanir einnig um þessi myndablöð, hvort sem þau eru prentuð hér á landi eða ekki, og reynt væri að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra hér eftir ýtrustu getu, og mér þykir vænt um, að hæstv. menntmrh. lítur þannig á, að það beri að gera gangskör að því. Þess vegna hygg ég, að eins og málið er vaxið, þá verði hv. Alþ. í þetta sinn að láta sér þetta lynda. Þess er að vænta, að það líði ekki á löngu, þar til endurskoðun þessarar löggjafar verði lokið og þinginu gefist þá kostur á að setja nýjan lagastaf um þetta efni, sem vonandi getur þá orðið til að greiða fyrir því að koma í veg fyrir útbreiðslu þessara svokölluðu „hasarblaða“ og þessara glæparita.

Eftir því sem mér er tjáð, mun útbreiðsla þessara rita ekki í neitt litlum stíl. Mér er sagt, að sum af þessum ritum muni seljast í 9—10 þús. eintökum hvert rit. Og nú eru þau nokkuð mörg, svo að það er ekki neitt óríkulega á borð borið fyrir þjóðina í þessum efnum, og mætti gjarnan verða þar sem skjótast mikil breyting á til hins betra.

**Björn Ólafsson:** Mér þykir vænt um þau ummæli hæstv. dómsmrh., að ekki sé lokið endurskoðun prentfrelsislaganna með þessu frv., sem hér er um að ræða, og þetta sé aðeins byrjunin. Menn geta því frekar gert sig ánægða með þessa byrjun, þó að hún velti ekki stóru hlassi.

Þessum glæparitum eða hasarblöðum, sem svo eru kölluð og hér eru seld, má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru glæpasögublöð, sem hér eru gefin út í stóru upplagi. Eftirspurnin eftir þessum blöðum er alveg ótrúleg. Þau eru lesin af unglingum, um og yfir tvítugsaldur. Hin blöðin, sem eru innflutt, eru af margs kyns tagi og ég vil segja flestöll skaðleg. Þau eru lesin af börnum í barnaskólunum. Þessi blöð eru kannske enn þá skaðlegri fyrir æskuna heldur en þau blöð, sem hér eru gefin út, þó að þau séu engin fyrirmynd, því að rosalegar glæpasögur og aðrar ófagrar lýsingar birtast í þeim.

Hér er barnavernd starfandi, sem lætur sig skipta málefni barna á flestum sviðum. Hér er eftirlit með kvikmyndum, hvaða kvikmyndir megi sýna börnum innan 16 ára aldurs. Það er í sjálfu sér engu óþarflegra að forða börnum frá lestri þessara rita heldur en að forða þeim frá því að horfa á siðspillandi kvikmyndir. Kvikmyndir, sem hingað eru fluttar, eru þó á miklu hærra stigi en þær kvikmyndir, sem sýndar eru yfirleitt almenningi í Bandaríkjunum og Bretlandi. Bretar hafa hafið aðgerðir í þessu máli með því, að það hefur verið tekið til athugunar af yfirstjórn skólanna í landinu. Kennarar hafa haldið fundi víðs vegar með foreldrum barnanna, og kennarar hafa verið hvattir til þess að vara börnin við þessum ófögnuði.

Það er öllum ljóst, og Bretum ekki síst, að það er erfiðleikum háð, ef setja þarf lög í sambandi við takmörkun prentfrelsis, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram. Þess vegna hefur ekki komið fram enn þá, — enda er það á frumstigi hjá þeim með þessar aðgerðir, — hvernig þeir hugsa sér að snúast í því frá ríkisvaldsins hálfu. En þeir telja þetta þó svo mikils varðandi, að ríkisstj. hefur haft málið til athugunar. En bæði kirkjufélög og skólafélög hafa hafið aðgerðir til þess að vara börnin við þessum ritum. Þetta mætti einnig gera hér. Og það mundi hafa sín áhrif, ef skólar landsins væru látnir taka þetta efni upp og vara börnin við þessu. Ég veit, að ekki þarf að benda hæstv. menntmrh. á þetta.

Ég heyri það, að hann er málinu mjög hlynntur, og ég efast ekki um, að honum sé ljúft að gera hvað sem kynni að verða til gagns í þessum efnum. Einnig má benda á það, að blöðin í landinu geta haft mjög mikil áhrif í því efni að skapa heilbrigt almenningsálit gegn þessum útgáfum. Það er afar lítið gert af því, miklu minna en skyldi. En ég treysti því, er þjóðin fer að vakna til meðvitundar um þann skaða, sem af þessu hlýzt, að þá muni blöðin taka þetta mál upp og berjast gegn ófagnaðinum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
*Fyrirsögn samþ. án atkvgr.*
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 240).

---

## 9. Búseta og atvinnuréttindi.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi** [33. mál] (stjfrv., A. 33).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt til þess að fella úr lögum ákvæði, sem hér voru alllengi og voru nauðsynleg, meðan vinir vorir Danir höfðu jafnrétti á við okkur hér á landi, og þurftu þá að vera til þess að veita Íslendingum raunverulega a. m. k. nokkurn forrétt eða tryggja það, að ekki væri hægt af öðrum að neyta hér slíkra atvinnuréttinda sem frv. fjallar um. Þá var sem sé eðlilegt ekki aðeins að krefjast búsetu til atvinnuréttinda hér á landi, eins og á að gera áfram samkv. frv., þar sem þess hefur verið krafizt, heldur einnig, að nokkur undanfarandi búseta hefði átt sér stað, í þessu tilfelli eitt ár. Við vitum, að enn þá róttækara ákvæði er í sjálfri stjórnarskránni varðandi neyzlu sumra borgaralegra réttinda. Þau ákvæði eru auðvitað orðin með öllu úrelt nú, en ekki er hægt að afnema þau nema með stjórnarskrárbreytingu, og hafa þessi lög því engin áhrif varðandi þau pólitísku réttindi.

Tilefni þess, að frv. er borið fram nú, er það, að einn mætur og þekktur Íslendingur, sem hefur getið sér góðan orðstír í starfi erlendis, vill flytja hingað heim, en þá kemur í ljós, að hann getur ekki fyrsta árið sem hann býr hér stundað þá atvinnu, sem hann hafði hugsað sér, og hefur því legið við borð, að hann hætti við heimkomu sína. Slíkt er auðvitað með öllu ástæðulaust og beinlínis til ills, og varð því að ráði að semja þetta frv., sem ég vona að fái greiðan framgang, og vil ég leggja til, að það gangi til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 131).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 33, 145).
Afbrigði um brtt. 145, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég flyt hér tvær brtt. á þskj. 145 við þetta frv. Það má segja, að það sé ekki mikils um þær vert. Þær raska ekkert efni frv.

Í frv. er talað um neyzlu réttinda. Þetta finnst mér dálítið óviðkunnanlegt orðalag. Nú mætti vitanlega setja annað orð þarna í staðinn fyrir neyzlu, en mér sýnist fullljóst við athugun frv., að það *missi ekkert af gildi sínu* eða *breytist* neitt efnislega, þó að orðin „eða neyzlu slíkra réttinda“ verði felld úr frumvarpsgreininni og fyrirsögninni, og legg því til, að svo verði gert.

Í frv. segir, að það sé um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara „eða neyzlu slíkra réttinda“ við búsetu. Nú liggur það í augum uppi, að ekki er hægt að nota réttindin, nema þau hafi verið veitt og séu fyrir hendi, og verður því ekki séð, að efni frv. breytist, þó að þessi orð verði niður felld.

Önnur brtt. mín er einnig aðeins orðalagsbreyting.

ATKVGR.
Brtt. 145 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.**

---

Á 17. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 152).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta litla frv. hefur verið samþ. í Nd. með

smávægilegum breytingum, að því er ég hygg einungis um orðalag. Vonast ég til þess, að það fái greiðan framgang einnig í þessari hv. d. En efni þess er það, að á daginn hefur komið, að einstakir Íslendingar, sem búsettir eru erlendis og hafa viljað flytja heim til föðurlands síns, hafa hrokkið frá því, vegna þess að krafizt hefur verið ársdvalar þeirra hér, áður en þeir gætu farið að reka þá atvinnu, sem þeir höfðu ætlað sér. Þessi undanfarandi dvöl var sett sem skilyrði meðan við vorum í sambandi við Dani og þeir höfðu jafnrétti við okkur í okkar eigin landi. Nú orðið er þetta með öllu ástæðulaus kvöð á Íslendingum, og varð því að ráði að flytja þetta frv. Vonast ég til þess, að það mæti ekki mótspyrnu í þessari deild. Ég legg til, að frv. fari til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 226).

**Hermann Jónasson:** Þetta litla frv. þarf ekki mikilla skýringa við. Það er borið fram af þeirri ástæðu, að nú eru í lögum ákvæði um það, að íslenzkir ríkisborgarar þurfi að vera búsettir hér í eitt ár til þess að geta öðlazt hér atvinnuréttindi. Það er óþarfi að rekja sögu þessa gamla ákvæðis, sem nú þykir úrelt, og n. er öll sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. og fyrrnefnt ákvæði þar með fellt úr íslenzkri löggjöf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 241).

---

## 10. Lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Á 8. fundi í Sþ., 2. nóv., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar** [82. mál] (stjfrv., A. 111).

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 111 fjallar um það að sameina Akureyrarkaupstað annars vegar og hins vegar hluta af Glæsibæjarhreppi, þ. e. a. s. Glerárþorp og nokkur bændabýli, sem talin eru upp í 1. gr. frv., í eitt lögsagnarumdæmi. Eins og grg. frv. ber með sér, hefur náðst algert samkomulag milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps um þetta.

Þetta virðist nú í sjálfu sér ekki út af fyrir sig neitt stórmál, en þó mætti segja, að forsaga þessa frv., sem hér er nú fram borið, sé býsna löng. Ég held, að þau hartnær 5 ár, sem ég hef verið félmrh., hafi þetta mál að einhverju leyti komið til athugunar og meðferðar hjá félmrn. á hverju ári, og sannleikurinn er sá, að það voru vissir erfiðleikar á að ná fullu samkomulagi milli þessara aðila um þetta, og veldur þar ýmislegt, eins og atvinnuhættir og margt fleira, sem gerði það að verkum. En félmrn. komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri nauðsynlegt, eins og ástæður væru þarna, og hefur því leitazt við að vinna að því, að samkomulag næðist um þetta, og hefur það fengizt. Ég vil hér láta í ljós þakklæti mitt til þeirra aðila, sem að því hafa unnið, að þetta næðist, fyrst og fremst bæjarstjórnar Akureyrar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps, sem eru aðalaðilarnir, en ég vil einnig nefna þá alþm., sem hér eiga hlut að máli, alþm. Ak. og alþm. Eyf., sem allir hafa unnið að því, að samkomulag næðist um þetta mál. Ég tel það vel farið og treysti því, að þetta verði í framtíðinni til hagsbóta fyrir þetta myndarlega hérað, sem þarna er um að ræða, og báða þá aðila, sem nú hafa náð samkomulagi um þetta. Mér þykir því verulega vænt um að geta hér nú lagt fram frv. um það, að þessir aðilar hafi nú sameinazt um þetta og orðið sammála um niðurstöður þess.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. Grg. er að vísu ekki löng, en lýsir þó í raun og veru nægilega því, sem um er að ræða varðandi þetta mál. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. gat um hér áðan, þá er forsaga þessa máls nokkuð löng. Þannig er háttað í Glerárþorpi, að verkamenn þar hafa þurft að sækja vinnu inn til Akureyrar á undanförnum árum, síðan fjölga tók í þorpinu. Eins hafa þeir að verulegu leyti fengið uppeldi sitt frá Krossanesverksmiðju, sem er rétt við Glerárþorpið, en er eign Akureyrarkaupstaðar.

Nú hefur þetta verið þannig, að verkalýðsfélögin á Akureyri hafa frekar amazt við því, að verkamenn og sjómenn úr Glerárþorpi sæktu vinnu inn til Akureyrar. Það hefur eingöngu verið vegna þess, að á vetrinum hefur alltaf verið ákaflega þröngt um atvinnu á Akureyri, og þá hefur þessi aðsókn verkamanna úr Glæsibæjarhreppi orðið til þess að draga úr atvinnumöguleikum verkamanna í Akureyrarkaupstað. Þetta er sú hliðin, sem snýr að okkur á Akureyri og veldur okkur og kemur til með að valda okkur nokkrum óþægindum, að eftir að sameiningin hefur orðið, fá verkamenn úr Glæsibæjarhreppi sama og jafna aðstöðu á við þá verkamenn á Akureyri, sem fyrir eru, til allrar vinnu í bænum. Hins vegar er ekki því að neita, að Akureyrarkaup-

staður hefur af því verulega hagsmuni að fá Glerárþorpið innlimað, vegna þess að bærinn þarf í náinni framtíð á auknu landrými að halda, og því er ekki hægt að neita, að það er ákaflega eðlilegt, að þessir staðir, Glerárþorpið og Akureyrarkaupstaður, séu eitt og sama sveitarfélagið. Það er eingöngu lítil árspræna, sem skilur þar á milli, og segja má, að hagsmunir þeirra manna, sem á þessum stöðum búa, falli að mestu leyti saman hvað atvinnu snertir.

Það mun hafa verið í lok ársins 1951, að kosin var nefnd manna í Glerárþorpi, sem átti að vinna að sameiningunni við Akureyrarkaupstað, og þessi nefnd óskaði eftir formlegum viðræðum við bæjarstjórnina, sem hún fékk skömmu síðar. Það er engin ástæða til þess að rekja sögu þessa máls, hún er ekki það merkileg út af fyrir sig, en ég kemst ekki hjá því að benda á það í þessu sambandi, að félmrn. hafði þá þegar mjög mikinn áhuga fyrir þessu máli og einmitt fyrst og fremst vegna þess, að það þurfti að leysa vandkvæði verkamanna og sjómanna í Glerárþorpi, sem ekki höfðu nóga atvinnu um vetrarmánuðina. Mér er kunnugt um það, að atvinnumálanefnd ríkisins kom norður og átti um þetta viðræður bæði við bæjarstjórn Akureyrar og hreppsnefndina í Glæsibæjarhreppi. Einnig var ég viðstaddur viðræðufund hér í Reykjavík, sem fór fram á milli bæjarstjórnar Akureyrar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps og svo þessarar atvinnumálanefndar, þar sem lögð var á það rík áherzla af nefndarinnar hálfu, að það yrði af þessari sameiningu.

Það hefur alltaf komið fram hjá Akureyrarbæ, að það væri ekki óeðlilegt út af fyrir sig, að þar kæmi eitthvað á móti, úr því að Akureyrarbær féllist á þessa sameiningu, því að hún mundi leiða til þess, að vinnumarkaðurinn á Akureyri mundi þrengjast. Og Akureyri hefur farið fram á það við hæstv. ríkisstj. í viðtölum, að það yrði reynt að greiða fyrir ýmsum atvinnuframkvæmdum á Akureyri í staðinn fyrir þetta, að ríkisstj. reyndi, eftir því sem aðstæður leyfðu, m. a. að útvega fé til nauðsynlegra framkvæmda. Í því sambandi hefur sérstaklega verið minnzt á byggingu hraðfrystihúss á Akureyri, sem nú þegar er knýjandi nauðsyn, og einnig, að reynt yrði að auka og efla tunnuverksmiðjuna, sem starfar þar í bænum. Þessi sjónarmið hafa komið fram. Ég verð að segja, að það hefur komið fram skilningur hjá hæstv. ríkisstj. á þessum málum, án þess að nokkur ákveðin loforð hafi verið gefin í þessum efnum. Og í sambandi við brúarbyggingu á Glerá, sem Akureyrarbær hefur kostað að helmingi, og vegagerð um Glæsibæjarhrepp í gegnum Glerárþorp hefur ríkisstj. sýnt mikinn skilning og komið því bókstaflega til leiðar, að af þessum framkvæmdum yrði. En ég vildi nú aðeins víkja að þessu og benda á það, að nú fær Akureyri, — ég skal ekki segja hvað marga, en nokkuð stóran hóp verkamanna, sem við verðum að sjá fyrir atvinnu um vetrarmánuðina, og þá er knýjandi nauðsyn fyrir bæjarfélagið að geta aukið þau atvinnufyrirtæki, sem nú þegar eru á staðnum, og það er þá fyrst og fremst að koma upp fiskvinnslustöð til þess að vinna úr afla þeirra 5 togara, sem núna eru gerðir út frá bænum, og ég treysti því og vonast til þess, að ríkisstj. muni, þegar þar að kemur, veita okkur alla þá aðstoð, sem unnt er að veita í sambandi við þetta mikla hagsmunamál bæjarfélagsins. Ég vil ekki fara fram á nein loforð, enda sæmir það ekki í sambandi við þetta mál, en ég vil bara benda á það í sambandi við þessa afgreiðslu núna, að það er nauðsynlegt, að Akureyri fái einmitt á næstunni aðstoð til þess að koma upp auknum atvinnuframkvæmdum.

Í sambandi við þetta frv. vildi ég aðeins benda á það og óska eftir því, að hæstv. n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi sérstaklega 3. gr. frv., þar sem stendur: „Nú verður ekki innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Glæsibæjarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr.“ — að í staðinn fyrir „bætur fyrir tekjurýrnun“ kæmi: um eigna- og skuldaskipti, — að gr. yrði þannig breytt, að „ef ekki næðist samkomulag um eigna- og skuldaskipti“, þá komi til gerðardóms. Ég tel, að ef talað er um bætur fyrir tekjurýrnun, sé það nokkuð víðtækt og að slíkt orðalag gæti misskilizt, því að það mun ekki vera um það að ræða og ekki meiningin á bak við þetta, að Akureyrarbær fari að greiða til Glæsibæjarhrepps einhverjar bætur fyrir það tjón, sem hreppurinn kemur til með að bíða vegna missis útsvarstekna. Það á eingöngu við um eigna- og skuldaskipti, sem hlýtur að verða að ráða einhvern veginn fram úr, þegar sameiningin á sér stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 202).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar, er flutt af hæstv. félmrh. og borið fram í samráði við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta frv. til athugunar, og mælir n. með því, að það verði samþ. En n. leggur til, að smávægilegar breytingar verði gerðar á frv., þær sem prentaðar eru á þskj. 202. Fyrri brtt. er aðeins leiðrétting á prentvillu, sem slæðzt hefur í frv. En um síðari brtt. er það að segja, að athygli var vakin á því við 1. umr. málsins af hv. þm. Ak., að betur færi á að breyta orðalagi í 3. gr. frv. á þann hátt, sem n. leggur nú til, að í staðinn fyrir orðin „bætur fyrir tekjurýrnun Glæsibæjarhrepps“ komi: eigna- og skuldaskipti. B-liður í brtt. er aðeins afleiðing af þeirri orðalagsbreytingu, sem ég var nú að lýsa.

Þess skal getið, að tveir nm. voru fjarstaddir, þegar málið var afgr. í n., og hafa þeir af þeim ástæðum ekki skrifað undir nál.

ATKVGR.
Brtt. 202,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 202,2 samþ. með 21 shlj. akv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 205).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr þar.
Á 23. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 225).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þetta frv., sem er stjórnarfrv., til okkar komið úr Nd., er um það að leggja undir Akureyrarlögsagnarumdæmi nokkurn hluta Glæsibæjarhrepps. Það er sá hluti hreppsins, sem næst liggur Akureyri og á afkomu sína að langsamlega mestu leyti saman með Akureyringum og líka með þeim önnur sameiginleg áhugamál.

Þegar þetta mál var fyrst rætt hér á þingi, þá var ekki komið samkomulag milli Akureyrarbæjar og Glæsibæjarhrepps um fjárhagslegan grundvöll fyrir skiptingunni. Þess vegna dagaði það þá uppi. Nú er sá grundvöllur fenginn, og liggur fyrir bréf frá oddvitanum í Glæsibæjarhreppi og bæjarstjóranum á Akureyri um, að þeir séu búnir að koma sér saman um það, og þess vegna hefur þótt rétt að láta þetta nú ná fram að ganga, og leggur nefndin til, að svo verði gert. Þetta er sjálfsagt réttlætismál, eins og málum þar norður frá er hagað nú.

N. er öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. var að vísu ekki á fundi, en ég hygg, að hann sé sammála því líka. Ég legg það sem sagt til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 242).

---

## 11. Yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.** [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var svo um samið milli þeirra flokka, sem að ríkisstjórninni standa, að Framsfl. færi með þau mál, sem varða framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, þess samnings, sem var löggiltur með lögum nr. 110 1951. Þegar svo gengið var frá forsetaúrskurði um skiptingu mála á milli einstakra ráðherra, urðu þar á nokkur missmíði, sem nauðsyn þótti til að leiðrétta, þó að undangengnum dómi hæstaréttar, sem gaf tilefni til þeirrar leiðréttingar, í því skyni að kveða á um það, sem fyrir stjórnarflokkunum vakti, þegar samningur um þessi efni var gerður. Þetta er gert með því frv., sem hér er lagt fyrir og er aðeins staðfesting á bráðabirgðalögunum, sem gefin voru út 2. júlí 1954. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, það skýrir sig sjálft, en vildi leyfa mér að mælast til, að frv. yrði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 130).

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir.

Frv. er borið fram af ríkisstj. til staðfestingar á brbl. frá 2. júlí 1954 og er þess efnis, að enda þótt ýmsir málaflokkar hafi með lögum verið lagðir til vissra ráðh., sé það ekki því til fyrirstöðu, að þau sömu mál heyri undir ráðh. þann, sem fer með varnarmálin, ef farið er með þau á Keflavíkurflugvelli eða öðrum þeim landssvæðum, sem varnarliðið hefur til afnota. Er tekið fram, að slík heimild gildi um dómsmál að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum. — Allshn. hefur athugað frv., eins og ég sagði áður, og mælir með því, að það verði samþ.

óbreytt. Einn nm., hv. 4. landsk. þm., skrifaði þó undir nál. með fyrirvara, og annar nm., hv. þm. Dal., var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. — Það virðist koma dálítið kynlega fyrir, að lög, sem hafa verið gefin út, skuli vera þannig úr garði gerð, að rétt á eftir skuli þurfa að fara að gefa út brbl. til þess að leiðrétta áður út gefin lög. Þá virðist hafa legið mikið á þessu, þar sem þessi brbl. eru gefin út á Sauðárkróki. Það mátti ekki bíða eftir því, að forseti kæmi úr reisu sinni hingað suður. Að öðru leyti er um þetta mál það að segja, að það er eins og flest það, sem kemur við Keflavíkurflugvelli, það er eintómt vandræðafálm við það allt saman, og ég mun við þessa atkvgr. ekki greiða atkv., hvorki með né móti málinu.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér í sambandi við þetta frv. að spyrja hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi því, sem stendur þarna í 1. gr., „á öðrum landssvæðum", hvort búið sé að afhenda hernámsliðinu fleiri landssvæði nú þegar til umráða heldur en Keflavíkurflugvöll, þannig að þau komi undir þessi sérstöku lög.

Í fyrra, þegar rætt var um lögin um lögreglustjóra í Keflavík, þá ræddi ég allýtarlega um, hve óvenjulegt það væri, þegar verið væri að ákveða það svæði, sem ákveðin hreppsstjórn eða ákveðin lögreglustjórn næði yfir, að það skyldi ekki vera gert með nokkurn veginn ákveðnum landafræðilegum takmörkunum, þannig að menn gætu vitað, á hvers svæði menn væru á Íslandi, hvort þeir væru á svæði utanríkisráðherra sem dómsmálaráðherra eða á svæði dómsmálaráðherrans sem dómsmálaráðherra. Þá kom það m. a. fram, að t. d. rétt hjá Sandgerði væri verið að byggja eina stöð, en sá grunnur, sem hún væri byggð á, væri enn sem komið er ekki eign ríkisins, hins vegar næði lögreglustjóri Keflavíkurflugvallar aðeins til þeirra landssvæða eða varnarsvæða, sem að vísu herinn væri á drottnandi, en um leið væru eign ríkisins, þannig að þetta svæði hjá Sandgerði, sem er afgirt nokkuð frá Keflavíkurflugvelli, mundi á einu ákveðnu augnabliki, ef samningur væri undirskrifaður um það, að nú ætti ríkið þetta frá þessum degi, allt í einu að færast úr dómsmálaráðherrasvæði Bjarna Benediktssonar inn á dómsmálaráðherrasvæði Kristins Guðmundssonar. Það er nú náttúrlega dálítið viðkunnanlegra, þegar það eru orðnar svona tvenns konar ríkisstjórnir í landinu, að menn viti, á hvaða svæðum þeir eru. Og það hefur frá upphafi verið reynt að fá það hérna fram, hvernig þetta raunverulega væri. Allir vitum við nú, að þessi lög eru þannig til komin, að ríkisstj. sjálf hefur verið í óttalegri óvissu með þetta allt saman. Hún vildi engu sinna, þegar við vorum að ræða þessi lög hér á þinginu í fyrra, að þau væru nú ekki rétt vel úr garði gerð, og varð svo að grípa til þessara Sauðárkrókslaga hér til þess að reyna að bæta ofur lítið úr sínum misfellum.

Nú vildi ég spyrja: Eru nú þegar ákveðin önnur landssvæði á Íslandi fengin hernámsliðinu til afnota? Eru þau svæði, þar sem radarstöðvarnar nú eru, yfirlýst varnarsvæði þannig? Eigum við von á sérstakri lögreglustjórn þar, sérstökum frumvörpum um sérstaka lögreglustjóra fyrir Aðalvík og aðra slíka staði, eða verða hreppsstjórarnir, sem eru fulltrúar ríkisvaldsins á þessum stöðum, að skipta sér á milli tveggja yfirvalda, tveggja dómsmálaráðherra?

Ég verð að segja, að fyrst á annað borð er nú farið inn á þessa leið með lögsagnarumdæmi og annað slíkt hér á Íslandi, sem ég álít ákaflega óheppilega í þessu öllu saman, enda vandræðafálm, sem auðséð er að ríkisstj. lendir í vandræðum með, þá væri þó a. m. k. bezt, að þetta væri nokkurn veginn skýrt. Ég vil þess vegna leyfa mér að óska eftir því að fá hjá hæstv. ríkisstj. yfirlýsingu um það: Eru einhver önnur landssvæði nú þegar afhent á þennan hátt og heyra þess vegna undir þetta, þannig að þau afbrot, sem þar kynnu að vera framin, kæmu þá beint undir utanrrh.? Og hver eru þau landssvæði?

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Ég held, að fsp. hv. 2. þm. Reykv. byggist á misskilningi. Málið er mjög skýrt. Þegar lögreglustjóri var settur á Keflavíkurflugvelli, þá var það skýrt tekið fram, að hans lögsagnarumdæmi væri Keflavíkurflugvöllur og önnur landssvæði, sem herinn hefði fengið til afnota á hverjum tíma og væru í eign ríkisins. Skilgreiningin er því alveg skýr. Hitt skal játað, að landamerkin eru ekki skýr, af því að þau breytast eftir því, hvaða landssvæði varnarliðið fær til umráða.

Landssvæði annars staðar á landinu, eins og t. d. radarstöðvarnar, falla einnig undir þetta. Ákæruvald fyrir afbrot, sem þar eru framin, heyrir undir mig. Aftur á móti er valdsvið lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli miðað við varnarsvæði á Reykjanesi, Keflavíkurflugvöll og önnur svæði þar.

Hv. deild er kunnugt, af hverju brbl. voru gefin út um þetta efni. Ástæðan var sú, að hæstiréttur leit þannig á, að ákvæði forsetaúrskurðar um skiptingu mála á milli ráðherranna væri ekki nægileg heimild, nema ákveðið væri með lögum. Vald forseta til þess að skipta málum á milli ráðherra var því ekki talið öruggt, nema því aðeins að það væri ákveðið með lögum, og því eru þessi lög til komin. En það, að málinu var svo flýtt, eins og hv. 4. landsk. deildi á að gert hefði verið, var af því, að máli var vísað frá hæstarétti, og þótti ekki þægilegt að láta vísa fleiri málum frá vegna formsatriða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 229).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Þetta frv., sem liggur hér fyrir, er brbl. frá s. l. sumri. Ástæðan til þess, að þessi brbl. voru sett, mun vera sú, að hæstiréttur taldi forsetaúrskurð um skiptingu starfa milli ráðherra ekki hafa næga stoð í lögum, að svo miklu leyti sem tilteknum flokki mála, eins og dómsmálum o. fl., væri skipt milli ráðherranna, eins og hafði verið gert með forsetaúrskurðinum. Rétturinn taldi, að slíkur úrskurður yrði að hvíla á löggjöf frá Alþingi. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er brbl. frá s. l. sumri, eins og ég sagði áðan, á að bæta úr þessum ágöllum.
Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Einn nm. tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 243).

---

## 12. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna** [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. um framlengingu á söluskattinum er nú ekki hægt að telja lengur með nýjungum á hv. Alþ., þar sem skattur þessi er nú allgamall orðinn og hefur verið framlengdur ár eftir ár. Ég leyfi mér að vísa til þeirra raka, sem fram komu í sambandi við framsögu fyrir fjárlögunum, og mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari 1. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þetta er ekki lengur neinn nýr kunningi og þetta frv. hefur nú verið framlengt ár eftir ár, en samt hafa alltaf verið að gerast á þessum undanförnu árum, þegar þetta frv. hefur verið framlengt, atvik, sem hafa greinilega sýnt, að ekki hefur nú verið staðið við þær upphaflegu forsendur fyrir þessu frv.
Eins og hv. þingmönnum er ljóst, þá er þetta frv. framlenging á tekjuöflunarkafla eða tekjuöflunaratriðum úr 3. kafla laganna viðvíkjandi tekjuöflun í dýrtíðarsjóð. 1. og 2. kafli laganna hafa verið afnumdir. Öll ákvæðin um það, sem átti að gera upphaflega við þennan dýrtíðarsjóð, sem enn þá standa eftir tekjuöflunarfyrirmælin um, eru farin burt. Það átti með því að tryggja afkomu sjávarútvegsins, með fiskábyrgðinni, og tryggja það að fá fé til þess að geta haldið niðri dýrtíðinni í landinu. Það eina, sem er eftir, er m. ö. o. söluskatturinn sjálfur og sú aukning á dýrtíðinni, sem hann veldur. Síðan þessi lög upphaflega voru samþykkt, er nú búið að gera þrennar ráðstafanir, sem allar saman hafa átt að vera hver um sig fullnægjandi til þess að tryggja afkomu sjávarútvegsins, aðrar en þessi söluskattur. Það er búið að setja á gengislækkunina 1950. Það er búið að setja á bátagjaldeyrinn, sem veldur því, að teknar eru 90—100 milljónir á ári af fólkinu beinlínis í því skyni, og álagningin á því gerir það þar að auki hærra. Og nú í þriðja lagi hefur bílaskattinum verið bætt ofan á. En það er ekki minnzt á, enn sem komið er, að það eigi að fara að lækka söluskattinn.
Ég held, að það væri ákaflega heppilegt, að hv. fjhn., sem nú fær þetta mál til athugunar, gerði nokkra tilraun um það, hvort ekki væri hægt að knýja fram einhverja lækkun á söluskattinum. Það hefur sýnt sig, að síðasta ár hefur hann farið 20 milljónir fram úr áætlun. Hins vegar hafa þær till., sem bæði við sósíalistar og aðrir höfum flutt á undanförnum þingum um t. d. að létta honum af íslenzku iðnaðarvörunum eða draga nokkuð úr honum á annan hátt, allar saman verið felldar með þeim forsendum, að söluskattinn mætti alls ekki minnka,

hann þyrfti að standa, því að annars mundu fjárlögin bila. En það hefur alltaf sýnt sig, að söluskatturinn er sá þáttur fjárlaganna, sem mest hefur farið fram úr áætlun. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. fjhn. athugi þetta mál mjög rækilega með það fyrir augum að sjá, hvort ekki sé hægt að knýja það fram, þó að það hafi ekki tekizt á undanförnum þingum, að nokkuð væri dregið úr þeim þunga, sem söluskatturinn er fyrir almenning.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 136 og 137, 138, 141).

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er frá hæstv. ríkisstj. og er um framlengingu á gildi laga um söluskatt. Lög um það efni hafa verið samþykkt árlega á þingi nú að undanförnu, lagaákvæðin framlengd frá ári til árs, og er nú lagt til, að svo verði gert.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að söluskatturinn haldist óbreyttur næsta ár eins og hann nú er. Efnisbreytingar eru ekki í frv., orðalagsbreytingar lítils háttar á tveimur stöðum, og er þar aðeins um skýringaratriði að ræða.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og hefur ekki orðið að öllu leyti sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. n., en hann skipa hv. 1. landsk. þm. og hv. 9. landsk. þm., leggur til í fyrsta lagi, að frv. verði fellt, en flytur einnig brtt. við það, ef þingdeildin vill ekki verða við óskum þeirra um að fella frv. Þá hafa einnig komið brtt. á þskj. 141 frá tveim hv. þm.

Meiri hl. fjhn. lítur svo á, að ríkið þurfi á næsta ári á þessum tekjustofni að halda eins og áður. Má í því sambandi benda á það, að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1955, sem liggur fyrir þessu þingi, er gert ráð fyrir því, að tekjur ríkisins af söluskatti haldist óskertar eins og nú er, og mun ekki af þeim veita, ef takast á að afgreiða fjárlögin þannig, að viðunandi megi teljast. Það er því till. meiri hl. fjhn., eins og fram kemur á þskj. 136, í nál. meiri hl., að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 141, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Svo sem fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., klofnaði n. um afstöðu sína til málsins. Við hv. 9. landsk. þm. urðum í minni hl. í n. og leggjum til aðallega, að frv. sé fellt, en til vara flytjum við brtt. á þskj. 138, sem ég mun víkja lítillega að hér á eftir.

Af þeim sköttum, sem íslenzka ríkið innheimtir nú af borgurunum, má telja söluskattinn óvinsælastan allra og að flestu leyti líka óréttlátastan, einkum og sér í lagi, þegar uppruni hans er hafður í huga.

Það er hv. þm. kunnara en frá þurfi að segja, að þegar söluskatturinn var fyrst lögleiddur á Alþingi 1948, var það gert í sambandi við viðleitni þáverandi ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir gengisfall íslenzku krónunnar. Þá var talið óhjákvæmilegt, að íslenzkur almenningur tæki á sig byrðar í einhverju formi til þess að létta undir með útflutningsatvinnuvegunum. Mönnum var sagt, að annaðhvort yrði að lækka gengi krónunnar og almenningur þannig að sætta sig við hækkað vöruverð, sem auðvitað jafngilti rýrnandi lífskjörum, eða þá hann yrði að taka á sig greiðslu nýrra skattgjalda, sem rynnu til ríkissjóðs og hann mundi síðan nota til greiðslu útflutningsuppbóta til atvinnuveganna.

Af mörgum ástæðum var síðari leiðin talin heppilegri, þ. e. sú að innheimta skatta til ríkissjóðs, sem síðan skyldi útdeilt til útflutningsatvinnuveganna, og tel ég, að sú ákvörðun hafi verið rétt. En að þessum ráðstöfunum varð þó skammgóður vermir, því að eins og alþjóð er kunnugt var tveim árum síðar gengi krónunnar fellt og almenningur varð að taka á sig byrðar vegna útflutningsatvinnuveganna, eða var sagt, að hann yrði að taka á sig byrðar vegna útflutningsatvinnuveganna í gengislækkunarforminu.

Eðlilegast hefði þá auðvitað verið, að fyrri byrðum yrði af honum létt að öllu eða a. m. k. einhverju leyti, þ. e. þeim byrðum, sem hann hafði verið látinn taka á sig tveim árum áður í skattgjaldsforminu. Það var þó ekki gert, heldur voru þær byrðar, sem á höfðu verið lagðar til þess að afstýra gengislækkun, framlengdar áfram, — og ekki nóg með þetta, þrem árum síðar, þ. e. 1951, var enn stóraukið á þessar byrðar með lögleiðingu bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins. Þessar byrðar hafa síðan enn verið að aukast með svo að segja hverju ári í því formi, að bátagjaldeyriskerfið hefur sífellt verið aukið.

Það, sem fyrst og fremst er ranglátt við söluskattinn, er, að hann leggst hlutfallslega jafnt á allar þær vörur, sem hann er innheimtur af, hvort sem þær eru nauðsynjavörur eða algerar óhófsvörur. Það, sem um tollana má þó segja í þessu sambandi, er, að þeir eru misháir eftir því, um hvers konar vörur er að ræða. Nær enginn slíkur greinarmunur er gerður um söluskattinn. Hann leggst algerlega jafnt á allt það, sem hann er á annað borð innheimtur af, en það eru flestar vörur.

Fram að þessu hafa það verið höfuðrök ríkisstjórna, að ekki væri hægt af fjárhagsástæðum að afnema söluskattinn. Nú vill svo til, að hæstv. fjmrh. lét í té í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv. prýðileg rök fyrir því, að nú væri unnt að losna við þennan óvinsæla skatt og fella hann algerlega niður. Í ræðu sinni komst hæstv. fjmrh. svo að orði, að gera mætti ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári mundu fara um 106—107 millj. kr. fram úr áætlun. Ýmis önnur ummæli hans hnigu og í þá átt, að næsta ár yrði vonandi ekki síðra, svo að þá ætti að mega gera ráð fyrir því, ef sömu reglum hefur verið fylgt við samningu fjárlaga fyrir næsta ár og síðasta ár, að tekjur ríkissjóðs færu ekki minna fram úr áætlun á því ári heldur en þær gera á þessu

ári, samkv. upplýsingum hæstv. ráðherra; og ef það reynist svo, að tekjur ríkissjóðs muni fara á næsta ári á annað hundrað millj. kr. fram úr áætlun, þá er söluskatturinn óþarfur. Þá er ekkert vit í því að innheimta skattgjöld af almenningi í þeim mæli, sem gert er ráð fyrir, og þá er sjálfsagt að fella niður þau skattgjöldin, sem eru óréttlátust og ósanngjörnust, sem er söluskatturinn. Á þessum grundvelli flytjum við hv. 9. landsk. þm. þá till. okkar að fella þetta frv. algerlega, hætta innheimtu söluskattsins.

Þegar þetta mál var rætt í n., tók meiri hl. hennar hins vegar í engu undir þessa afstöðu, og mátti af afstöðu hans ráða, að það væri vilji stjórnarflokkanna að knýja frv. fram, þ. e. láta halda áfram að innheimta söluskattinn. Þess vegna er það, sem við höfum leyft okkur að flytja sem eins konar varatill. brtt. á þskj. 138, en þær eru í aðalatriðum um það, að fjórðungur söluskattsins skuli renna til bæjar- og sveitarfélaga, ef hann á að innheimtast á annað borð.

Það þarf ekki um það að orðlengja, að fjárhagsmál bæjar- og sveitarfélaganna eru enn í hinu mesta öngþveiti. Þeim hefur ekki verið séð sómasamlega fyrir tekjustofnum, þannig að þau geti staðið undir þeim útgjöldum, sem þeim er lögum samkvæmt og eðli málsins skylt að standa undir. Þetta hefur margoft verið viðurkennt hér á hinu háa Alþingi og af ríkisstjórninni sjálfri. Það hefur í mörg ár verið viðurkennt, að brýna nauðsyn bæri til þess að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir nýjum tekjustofnum. Það var eitt af verkefnum þeirrar skattalaganefndar, sem skipuð var fyrir þremur eða fjórum árum, að endurskoða skattalögin einmitt hvað það snertir að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir auknum tekjustofnum. Það fór fram nokkur endurskoðun á skattalöggjöfinni á síðasta þingi, en að nær engu leyti var hún endurskoðuð að því er snertir tekjumöguleika bæjar- og sveitarfélaga. Það mál er því enn algerlega óleyst, þótt til mikillar vansæmdar sé. Sökum þess ríkir í þeim málum, sums staðar að minnsta kosti, allt að því öngþveiti, sem bæjar- og sveitarfélögum verður ekki um kennt, heldur þeim aðbúnaði að fjármálum þeirra, sem þeim er séð fyrir af hálfu ríkisvaldsins. Það ber því brýna nauðsyn til þess og er raunar margjátað áður hér á Alþingi, að sjá þurfi sveitarfélögunum fyrir ríflegum tekjustofnum, og þá virðist liggja beinast við, að nokkur hluti söluskattsins, sem einmitt er innheimtur í hinum ýmsu sveitarfélögum, renni í þeirra sjóð, en ekki í sjóð ríkisins. Till. um þetta hafa áður verið hér uppi og stundum legið mjög nærri, að þær yrðu samþykktar. Gerum við flm. okkur því nokkra von um, að svo gæti farið að þessu sinni, að till. yrði samþykkt, og væri þá vissulega miklu réttlætismáli fram hrundið fyrir sveitarfélögin í landinu.

Væntum við þess, að hv. d. taki þessum till. með velvild, sömu velvild og hún hefur stundum áður sýnt — og þó heldur meiri — til þess að framgangur málsins sé tryggður.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég er minni hl. fjhn. sammála um aðaltill. minni hl., að fella söluskattinn alveg úr gildi, enda hefur minni hl. n. rökstutt þá till. sína nánast tiltekið með orðum hæstv. fjmrh. sjálfs, og að öllu leyti tel ég að það væri hin bezta aðstoð, sem aðþrengdum atvinnuvegum þjóðarinnar væri hægt að veita eins og nú háttar, að fella þennan skatt úr gildi.

Hins vegar þykir mér líka rétt að taka fram, að þó að ég sé sammála minni hl. n. um það, að ekki séu miklar líkur á því, að þessi till. um að fella söluskattinn niður nái fram að ganga á þessu þingi, þá get ég ekki verið minni hl. n. sammála um, að það sé rétt, úr því að svo er, að þetta réttlætismál nær ekki fram að ganga, að verja hluta af þessum skatti til sveitarfélaga. Þetta er sama afstaða og ég hafði í fyrra og færði rök fyrir, og hirði ég ekki að endurtaka þau hér. Ég vil þó geta þess, sem mér finnst vera höfuðatriðið í þessu máli, að mér finnst nokkurrar mótsagnar gæta í því hjá þeim mönnum, sem vilja fella skattinn algerlega niður, en ef það tekst ekki, að afhenda þá sveitarfélögum hluta af honum, þ. e. a. s. að gera hann að tekjustofni fyrir sveitarfélögin, því að sú ráðstöfun hlyti að festa skattinn í sessi, hlyti að gera það erfiðara fyrir að nema hann endanlega úr gildi. Ætti að nægja í því sambandi að benda á, að það mundu fáir gerast til þess að flytja till. um að fella þennan skatt úr gildi, ef öll sveitarfélög landsins væru farin að reikna með honum sem tekjustofni og hefja framkvæmdir, sem þau ár eftir ár ætluðu kannske að nota sinn hluta af söluskattinum til þess að rísa undir.

Ég vil ekki ætla flm. þessarar till. um að afhenda sveitarfélögunum hluta af söluskattinum þau óheilindi, að þeir flytji till. sína aðeins vegna þess, að þeir þykist vita það, að hún nái ekki fram að ganga. Hitt þykir mér miklu sennilegra, að þeir hafi ekki athugað málið eins og skyldi, hafi ekki athugað það gaumgæfilega, hverjir erfiðleikar hlytu á því að verða að nema þennan skatt úr gildi, eftir að hann væri orðinn tekjustofn ekki aðeins ríkisins, heldur allra sveitarfélaga landsins. En ef svo færi, þá er það mín skoðun, að vafasamt sé, að þessum skatti — eins og hv. 1. landsk. orðaði það: þessum ranglátasta skatti — yrði nokkru sinni eða a. m. k. um mjög langa framtíð létt af þjóðinni.

En þar sem það er mín skoðun og okkar þingmanna Þjóðvarnarflokksins, að því fáist ekki framgengt nú á þessu þingi, að söluskattinum verði af létt, þá höfum við borið fram brtt. við frv. á þskj. 141. Í aðalatriðum eru þetta sömu brtt. og við bárum fram í fyrra, og skal ég ekki fara mörgum orðum um. Þó þykir mér rétt að taka það fram, vegna þess hvernig málið er lagt fram hér, að till. þessar fjalla í meginatriðum um það að afnema söluskattinn í smásölu og af þjónustu og af íslenzkum iðnaðarvörum, en innheimta hann aðeins af innfluttum vörum í heildsölu. Mér þykir ástæða til að taka þetta fram, vegna þess að málið er svo óljóst lagt hér fram, að það er ástæða til að ætla, að hv. þingmenn átti sig ekki á þessu, og ég vil í því sambandi beina þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj., að í næsta skipti sem hún leggur þetta mál fyrir Alþingi til framlengingar, sem ég býst við að verði á næsta þingi, þá láti hún endurprenta lögin

um dýrtíðarráðstafanir, það sem eftir er af þeim, í einu lagi, svo að málið geti verið aðgengilegt og auðskilið hv. þingmönnum, en þeir þurfi ekki að fletta í stjórnartíðindum margra ára til þess að fá yfirlit yfir það, hvernig málið stendur eins og nú er.

Um það atriði, að við leggjum til, að söluskatturinn verði felldur niður á smásölu, þjónustu og innlendum iðnaðarvörum, skal ég ekki fjölyrða. Ég ræddi það nokkuð ýtarlega á síðasta þingi og þarf ekki að endurtaka það, sem ég þá sagði; vil þó aðeins benda á, að það er staðreynd, að söluskatturinn að þessu leyti kemur ekki allur í ríkissjóð. Það er hæstv. fjmrh. kunnugt og fjmrn. og þeim, sem eiga að annast innheimtu á skattinum, enda ógerlegt fyrir þá aðila að fylgjast með því, hvort hann rennur allur í ríkissjóð eða ekki.

Þar að auki flytjum við hér á þskj. 141 brtt., sem við fluttum ekki í fyrra, en er um það að undanþiggja nokkrar vörutegundir algerlega söluskatti, einnig í heildsölu. Er þar um að ræða vélar og tæki til fiskiskipa, öryggistæki og annað fleira; að það skuli ákveðið og skýrt tekið fram, að söluskattur skuli ekki innheimtur af skipum, sem smíðuð eru innanlands, en í sumum tilfellum geta þetta orðið allmiklar upphæðir. Ég nefni sem dæmi fyrsta stálskip, sem var smíðað hér á landi og kostaði 4 eða 5 millj. kr., að þá er söluskattur af því ekki lítil upphæð. Þá leggjum við enn til, að dráttarvélar, heyvinnslu- og garðyrkjuvélar skuli undanþegnar söluskatti og þetta skuli greinilega tekið fram.

Þó að söluskattur hafi hér verið framlengdur á þingi ár eftir ár nú undanfarið, þá er þó ljóst, að það hafa ekki allir hv. þm. verið ánægðir með þá ráðstöfun. Þegar skatturinn hafði verið framlengdur hér í fyrra óbreyttur og allar brtt. felldar, þá fluttu tveir hv. þm., þeir Björn Ólafsson og Pétur Ottesen, frv. til laga um það að afnema söluskattinn af mótorvélum fyrir fiskiskip og vélahlutum, svo og dráttarvélum. Þetta frv. sýndi ljóslega hug manna hér almennt til skattsins, en af einhverjum ástæðum varð þetta frv. aldrei útrætt á þinginu. En þar sem í ljós kom með þessu frv., að vilji var fyrir hendi til þess að létta þessum skatti af, þó að ekki væri nema að litlu leyti, þá vona ég, að sá vilji sé enn fyrir hendi og sá skilningur, sem þá ríkti, og vænti þess því, að það dugi til þess að fá þessa litlu leiðréttingu fram, sem við þm. Þjóðvfl. höfum hér borið fram sem brtt. á þskj. 141.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:9 atkv.

Brtt. 141,a felld með 16:9 atkv.

2. gr. samþ. með 15:3 atkv.

Brtt. 141,b felld með 16:10 atkv.

3. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 141,c felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ.

nei: EystJ, GíslG, GTh, HÁ, HelgJ, JóhH, JPálm, JS, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁB, KS, EI, EirÞ, SB.

6 þm. (IngJ, JR, JörB, KJJ, ÓTh, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 138 felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, EggÞ, EOl, EmJ, GJóh, GTh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

nei: PÞ, PO, SkG, ÁB, KS, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, SB.

BergS, GilsG greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÓTh, SÁ, StgrSt, IngJ, JR, JörB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Með því að enn er í endurskoðun sá þáttur skattalaganna, sem veit að bæjar- og sveitarfélögum, og þess að vænta, að við þá endurskoðun verði leiðréttur hlutur bæjar- og sveitarfélaganna, sérstaklega varðandi tekjuöflunarmöguleika þeirra, þá segi ég nei við þessari till.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:7 atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var afgr. óbreytt þar í deildinni. Frv. fjallar um að framlengja söluskattinn fyrir næsta ár. Í sambandi við 1. umr. fjárlagafrv. gerði ég grein fyrir fjármálum ríkisins almennt og horfum á næstunni, eftir því sem unnt er að sjá. Leyfi ég mér að vísa til þeirrar skýrslu um nauðsyn þess að framlengja skattinn.

Ég vil óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar að lokinni þessari 1. umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá var Alþfl. andvígur ákvæðum þessara laga um söluskattinn. Höfum við þrásinnis borið fram brtt. við frv. í þá átt, sem ég skal ekki hirða um að gera grein fyrir að þessu sinni. Ég mun þó ekki setja mig gegn því, að málið fari til nefndar og fái athugun þar.

En ég vil nota tækifærið þegar við þessa umr. og leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæst-

virts fjmrh., hvort hann hefur ekki hugleitt eða látið athuga breytingar á söluskattsfyrirkomulaginu í þá átt, að skatturinn yrði aðeins einu sinni á lagður, í staðinn fyrir að hafa það fyrirkomulag á, sem nú er, að sumar vörur verða margskattaðar, þannig að skatturinn getur komizt allt upp í 13%. Ég held, að ég muni það rétt, að þegar þetta mál var síðast til umr. hér í þinginu, þá hafi einhver ummæli fallið af hálfu stjórnarliða í þá átt, að eðlilegt væri kannske, ef söluskatturinn festist, að breyta fyrirkomulagi hans í þá átt, sem ég nú hef drepið á, að hann skuli aldrei tekinn nema einu sinni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefur verið íhugað mjög vandlega í fjmrn., hvort rétt mundi vera að breyta söluskattinum í svipað horf og hv. þm. talaði um, en niðurstaðan hefur orðið sú, að í það hefur ekki verið lagt. Yrði nú of langt mál að fara út í þetta í einstökum atriðum hér, en á hinn bóginn var sett það ákvæði inn í þessi lög í fyrra, að ef söluskatturinn félli oftar en einu sinni á iðnaðarvarning, þá skyldi hann felldur niður á vissum stigum. Það var raunar heimild áður í lögunum til þess að gera þetta og hafði verið notuð. Það hefur mjög lítið verið eftir þessu gengið, en þetta ákvæði er í lögunum alveg skýrt og verður að sjálfsögðu framkvæmt eins og þar segir. En það hefur ekki orðið ofan á að gera till. um að gerbreyta skattinnheimtunni í það horf að innheimta hann aðeins einu sinni, t. d. í smásölunni. Norðmenn gera það. Þeir innheimta, hygg ég, 10% söluskatt af flestum sínum vörum og innheimta hann aðeins á smásölustiginu. Það hefur verið talsvert mikið um þetta hugsað í fjmrn. af þeim, sem hafa fjallað mest um þennan skatt, en ekki verið talið heppilegt að hníga að því ráði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 249).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ákvæði um að framlengja III. kafla laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, þ. e. a. s. að framlengja söluskatt þann, sem lagður hefur verið á undanfarin ár.

Þetta frv. er óbreytt frá gildandi lögum, að undanteknu einu ákvæði, er ég skal koma nokkru síðar að.

Hv. n. hefur athugað frv. Hún er þeirrar skoðunar, að ríkissjóður þurfi á þessu fé að halda. Afgreiðsla fjárl. er byggð á því, að ríkissjóður haldi þessum tekjum áfram, og þess vegna leggur hún til, að frv. verði samþykkt. Einn hv. nm., HG, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, og hefur því ekki tekið þátt í afgreiðslu þess.

Eina breytingin frá lögunum er í 3. gr. frv. Þar er sett inn nýtt ákvæði, þ. e. í síðari málsgr. b-liðar, síðasti málsliður. Þar stendur: „Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.“

Þetta ákvæði er komið inn í lögin vegna dóms, sem gengið hefur í hæstarétti gegn ríkissjóði í sambandi við sölu brauða og annarra vara, sem hafa verið seldar í umboðssölu, og eru ákvæðin gerð hér nokkru skýrari en er í lögunum til þess að fyrirbyggja nokkurn ágreining.

Í n. varð nokkur ágreiningur um þetta atriði, vegna þess að það voru borin fram dæmi, sem sýna, að svo gæti staðið á, að framleiðandi íslenzkrar vöru yrði að borga 3% söluskatt sem framleiðandi. Ef hann hefði umboðssala, sem seldi vöruna til smásala, þá yrði hann einnig að borga 3% söluskatt af öllu andvirði varanna, eftir því sem greinin hljóðar nú, og síðan yrði smásalinn að greiða 2% í söluskatt af vörunni, og er þá búið að greiða af þessari vöru 8% í söluskatt. Ef hins vegar umboðssalinn selur vöruna beint til neytandans, þá fellur niður þriðja stigið, þannig að þá yrði af þessari vöru ekki greitt nema fyrsta framleiðslugjaldið, 3%, og söluskatturinn í smásölunni, og þess vegna þótti rétt að ræða um þetta við hæstv. ráðh., sem hefur lýst því yfir við n., að í framkvæmdinni skyldi það verða þannig, að það yrði ekki tekinn 3% skatturinn af millistiginu eða settur á umboðssölu til smásala. Hefur hann lofað að láta breyta reglugerðinni á þann veg, að það verði ekki misskilið.

Með þessum fyrirvara og með þessari skýringu á lögunum leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil taka það fram út af þeim umræðum um málið, sem orðið hafa í n., og því, sem hv. frsm. sagði, að í 2. málsgr. b-liðar 3. gr. frv. er ákvæði um það, að í öllum umboðssöluviðskiptum öðrum en bóksölu skuli smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér, að framkvæmdinni mun verða hagað þannig á þessu ákvæði, að þegar umboðssali er milliliður milli framleiðanda, sem greiðir 3% söluskatt af vörunni, og smásala, sem greiðir 2%, þá verður ekki heimtur söluskattur af umboðsmanni af heildarandvirði vörunnar, heldur einungis af umboðsþóknun hans, og verður um þetta sett reglugerðarákvæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 258).

## 13. Verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna (framlenging).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna** [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég sakna þess enn sem fyrr, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera mættur hér í deildinni. — Nú, hann er kominn hér, og býð ég hann velkominn til þess að fylgja frv. sínu úr hlaði.

Í sambandi við þetta frv. á þskj. 10 vil ég aðeins taka fram, að ég er því alveg samþykkur, að þau ákvæði, sem í frv. felast um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og á eftirlaun, verði ákveðin með sérstökum lögum og gildistími þeirra laga ekki aðeins bundinn við eitt ár í senn. Þetta er orðin föst regla og eðlilegt, að starfsmennirnir vænti þess að fá staðfestingu á því, að þetta sé ekki aðeins bráðabirgðafyrirkomulag, heldur hugsað til nokkurrar frambúðar, og yfirlýsing um það felst að sjálfsögðu í samþykkt þessa frv., ef að lögum verður.

En ég vildi leyfa mér að vekja athygli á því, að það eru fleiri uppbætur, sem hafa gilt um nokkur ár á laun opinberra starfsmanna og lífeyrisþega úr lífeyrissjóðunum heldur en það, sem frá er greint í þessu frv. Um allmörg undanfarin ár hefur verið greidd sérstök grunnlaunauppbót á laun starfsmanna, mismunandi eftir upphæð launanna, og nemur þessi uppbót frá 10% og upp í 17%, þannig að grunnuppbótin er hæst á lægri launaflokkunum og lægst á efri launaflokkunum. Þessi ákvörðun hefur verið tekin fyrir hvert einstakt ár og jafnan í fjárlögunum, og ég sé, að í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. fjmrh., er gert ráð fyrir, að þessi uppbót haldist, og fjallar ákvæði 23. gr. frv. um hana.

Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. ráðh. og þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki væri rétt að fella einnig efni fjárlagafrv. inn í þetta frv., þannig að lögin væru ekki aðeins um verðlagsuppbætur á laun opinberra starfsmanna, heldur um uppbætur í heild, eins og þær eru á laun hinna opinberu starfsmanna. Jafnframt leyfi ég mér að skjóta því fram, hvort ekki sé ástæða til að athuga, hvort gerlegt er að halda lengur þeirri skiptingu í bótaflokka, sem gerð er í frv. Ég held, að það sé mjög vafasamt, að hægt sé að halda því áfram lengur.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af því, sem hv. þm. tók fram, vil ég geta þess, að það er nú nýlega hafin endurskoðun á launalögunum. Það hefur verið sett nefnd nú fyrir nokkrum dögum í því skyni af hendi ríkisstjórnarinnar, og í þeirri nefnd eiga sæti fulltrúar frá samtökum opinberra starfsmanna. Ég hygg þess vegna, að hyggilegra væri að hafa enn á þann hátt, sem hafður hefur verið, að ákvæðin um grunnlaunaupphæðina séu í fjárlögum. En að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því, að þetta sé tekið til íhugunar í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann veitti, að nú hefði verið gerð gangskör að því að taka launalögin í heild sinni til endurskoðunar, og ég get fallizt á það, að ef þess er að vænta, að slík endurskoðun leiði til nýrrar lagasetningar í því efni fljótlega, þá sé ekki ástæða til þess að taka ákvæðin um grunnlaunauppbæturnar inn í þetta frumvarp, því að þá yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra við setningu hinna nýju launalaga. Sé þess aftur á móti ekki að vænta, að fljótlega verði lokið þessari endurskoðun launalaganna, verð ég að telja, að fullkomlega sé til athugunar sú ábending, sem ég flutti hér í minni ræðu.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þótt ég geti ekkert um það fullyrt, þá þykir mér það ekki líklegt, að þessi endurskoðun geti leitt til setningar nýrra launalaga á þessu þingi. Þess vegna mætti að sjálfsögðu, eins og ég sagði áðan, taka það til íhugunar í þeirri nefnd, sem fær þetta til meðferðar, hvort grunnlaunauppbótin skyldi sett inn í lögin eða ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 10, n. 115, 119).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. allýtarlega, sérstaklega með tilliti til eldri lagaákvæða um sama efni, og vík ég nánar að því atriði síðar.

Fyrsta dag næsta mánaðar á síðasta breyting verðlagsuppbótar að fara fram samkvæmt gildandi lögum. Býst ég við, að enginn álíti rétt að láta við það sitja, heldur verði breyting að eiga sér stað áfram í samræmi við breytta vísitölu. Efni þessa frv. er að lögfesta til frambúðar þær reglur, sem nú gilda í þessu efni, en áður hafa þær verið tímabundnar. Virðist n. rétt að ákveða þetta til frambúðar, enda annað tilgangslaust eins og reynslan sýnir.

3. gr. þessa frv. er tæplega fullnægjandi. Þar segir, að úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóði ljósmæðra skuli greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greitt er á laun starfsmanna ríkisins, en ekkert tekið fram um það, hver eigi að endurgreiða hlutaðeigandi lífeyrissjóði verðlagsuppbótina, eins og gert hefur verið af hlutaðeigandi stofnunum áður, og telur n. rétt, að það sé beinlínis ákveðið í þessum lögum. Nú getur að sjálfsögðu komið fyrir, að stofnun, sem lífeyrisþegi tók

laun sín hjá, geti ekki endurgreitt lífeyrissjóði neitt eða ekki nema að nokkru leyti, — ekki neitt t. d., ef stofnunin er lögð niður, eins og getur komið fyrir. Virðist n., að þá sé ekki í annað hús að venda en til ríkissjóðs. Þess vegna ber n. fram brtt. á þskj. 115 um umorðun á 3. gr., þannig að bæði þessi atriði, sem ég nú hef nefnt, verði lagfærð.

Þegar þetta mál var til umræðu í n., þá lét hv. 4. þm. Reykv. þess getið, að hann væri með frv., enda hefur hann skrifað undir nál., en hann mundi áskilja sér rétt til að bera fram fleiri brtt. heldur en n. gerir, og brtt. liggja nú fyrir frá honum á þskj. 119. Þó að hv. þm. boðaði það í n., að hann mundi ef til vill bera fram brtt., þá man ég ekki eftir, að hann gæti neitt um það, hvers efnis þær mundu verða. Þar af leiðandi er það, að n. sem slík hefur ekki fjallað um þessar till. á neinn hátt, og get ég því ekki beinlínis sagt neitt um aðaltill. né varatill. frá hendi n., og væri svo, að hv. flm. þessara till., 4. þm. Reykv., vildi fá umsögn n. um till., þá mundi vera ráðlegt fyrir hann að taka þær aftur til 3. umr. Á hinn bóginn get ég sagt það sem mína skoðun, að mér þykir ákaflega ólíklegt, að n. vilji mæla með þessum brtt., sem fjalla um það að breyta verðlagsuppbót mánaðarlega, eins og einu sinni var, með öllum þeim glundroða og öryggisleysi, sem því fylgdi fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal ég svo ekki ræða frekar um þessar brtt. Ef til vill tekur hv. flm. þær aftur til 3. umr.

N. var í fyrstu í töluverðum vafa um það, hvort óhætt væri að samþykkja óbreytta 4. gr. frv., sem m. a. nemur úr gildi 6. gr. l. nr. 22 1950, þ. e. a. s. gengislaganna. Athugaði n. breytingar þær, sem orðið hafa á ákvæðum þeirrar gr., og skal ég til fróðleiks geta um þessar breytingar. Ákvæði 1. málsgr., 2. málsgr. og 1. málsl. 3. málsgr. voru tímabundin og eru því úr sögunni, eins og þau bera með sér. Ákvæði síðari málsl. 3. málsgr. er tekið í frv. Ákvæði 4., 5., 6. og 7. málsgr. eru afnumin með 1. gr. l. nr. 117 1950. Í stað þeirra ákvæða komu þá ákvæði í 1. gr. l. nr. 117 1950, sem breytt var með l. nr. 9 1951. Þeim ákvæðum var síðan breytt með 1. gr. l. nr. 105 1951, en þau ákvæði voru tímabundin, og komu í stað þeirra l. nr. 70 1951, sem ekki giltu nema skamma hríð, því að eftir verkfallið í desember 1952 komu í stað þeirra lög nr. 16 1953, sem miðuð voru við lausn verkfallsins. Loks eru svo núgildandi lög um þetta efni, nr. 70 1953, sem miða síðustu breytingu verðlagsuppbótar við 1. des. n. k. N. komst því að þeirri niðurstöðu, að óhætt væri að nema þessa 6. gr. úr gildi, þar sem það lítið, sem er eftir af henni, er tekið upp í þetta frv., og leggur því til, að 4. gr. frv. eins og aðrar greinar þess, að undantekinni 3. gr., verði samþykkt óbreytt.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Um brtt. n. á þskj. 115 vísa ég algerlega til þess, sem hv. frsm. sagði. Þetta er nauðsynleg breyting og sjálfsagt að gera hana, enda að langmestu leyti tekin upp úr gildandi lögum. Ég vil líka undirstrika það, sem hv. frsm. sagði um, hversu torvelt það er orðið eða torratað að finna leiðina frá gengislækkunarlöguŋum 1950 og til þessa frv. Ég hygg þó, að eins og hv. frsm. tók fram, þá hafi honum lánazt að rekja nokkurn veginn þennan feril, þannig að það megi ljóst vera, að óhætt sé að fella úr gildi 6. gr. laga frá 1950, annað en það, sem tekið er í þetta frv.

Um brtt. mínar á þskj. 119 skal ég vera stuttorður. Það er rétt, sem hv. frsm. tók fram, að ég gat ekki um efni þeirra brtt., sem ég mundi bera fram við frv. Hins vegar mun ég hafa nefnt það við n., að brtt. mínar yrðu við 2. gr., og taldi líklegt, að þá mundi þá renna nokkurn grun í, við hvað væri átt.

Till. mín er þess efnis, að í staðinn fyrir, að verðlagsuppbótargreiðslan skuli haldast óbreytt í 3 mánuði, þó að vísitalan breytist, þá verði upp tekin hin eldri regla, að uppbótin breytist mánaðarlega með breyttri vísitölu. Það, sem veldur því, að ég ber þessa till. fram, er það, að nokkur uggur er í mönnum um, að enn kunni að vera að vænta breytinga á vísitölunni, og færi betur að það sýndi sig að vera ástæðulaust. Annað er hitt, að nokkuð hefur örlað á því, að þó að verðlag hafi hækkað fyrsta eða annan mánuð þess tímabils, sem uppbótin ekki breytist á, þá hafa á þriðja mánuðinum, áður en sú vísitala, sem ákveður uppbótina, kemur í ljós, verið gerðar ráðstafanir til að greiða niður ákveðnar vörutegundir til þess að koma vísitölunni nokkuð niður. Á þann hátt er hægt að rugla vísitöluna með því að hafa vísitöluna nokkru hærri tvo fyrstu mánuði hvers tímabils, en greiða svo aftur niður á hinum þriðja mánuði. Það er að sjálfsögðu dálítið óheppilegt, að slík ákvæði skuli vera til í lögum — slík framkvæmd skuli vera möguleg, og ber að sjálfsögðu að stemma stigu við því.

Aðalmótbáran gegn þessari till. hygg ég að sé sú, ekki að hún muni auka glundroða og öryggisleysi, eins og hv. frsm. sagði, því að það er nú bitamunur en ekki fjár, hvort uppbótin breytist á hverjum mánuði eða þremur mánuðum, ef um stórar sveiflur er að ræða á annað borð, heldur er mótbáran hin, að kaupgjald meðlima verkalýðsfélaga og almennt kaupgjald í landinu breytist nú á þriggja mánaða fresti eins og laun opinberra starfsmanna. Mér hefur því þótt vissara, ef aðaltill. yrði ekki samþ., að bera fram brtt. í þá átt, að ef samningar takast um það milli atvinnurekenda og verkamanna, að uppbót á kaup breytist mánaðarlega með breyttri vísitölu, þá skuli einnig hið sama gilda um verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna. Ef sú till. er samþ., þá er ekki hægt að segja, að ríkissjóður gangi á undan í þessu efni með því að ákveða mánaðarlegar breytingar hjá sínu starfsfólki, heldur færi það þá eftir því, sem samningar tækjust um milli atvinnurekenda og verkamanna.

Ég fellst fullkomlega á það, að rétt sé og eðlilegt, að atkvæðagreiðsla um þessar till. bíði 3. umr., ef hv. n. vildi segja álit sitt um þær, og get ég fallizt á það að taka till. aftur að þessu sinni til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 119 tekin aftur til 3. umr.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 115 (ný 3 gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 125, 119).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls tók hv. 4. þm. Reykv. aftur brtt. sínar á þskj. 119 til 3. umr., í því skyni, að fjhn. athugaði þessar till. fyrir 3. umr. Nú hefur n. ekki unnizt tími til þess að taka þessar till. til meðferðar enn. Ég geri að vísu ráð fyrir, að það hafi ekki mikla þýðingu, að n. geri það, en ég bendi aðeins á þetta, og ef hv. flm. þessara tillagna óskar, að n. taki þær til athugunar, þá sé ég ekki annað en að það verði að fresta málinu nú. Mundi sennilega vera hægt að halda fund um málið í dag.

**Forseti (GíslJ):** Mér skilst, að það sé ósk hv. frsm., að málið sé tekið út af dagskrá og umr. frestað, og ósk flm. tillögunnar, hv. 4. þm. Reykv., að svo verði gert. Ég vil verða við þeirri ósk, og þar með er þá málið tekið út af dagskrá, en jafnframt óska ég þess, að hv. form. fjhn. geri allt sitt til þess, að málið verði þá afgr. í dag, svo að það sé hægt að taka það á dagskrá á morgun.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að fjhn. hefur nú haldið fund um brtt. á þskj. 119, og geta nm., aðrir en flm. tillagnanna, ekki mælt með því, að till. verði samþ. né heldur varatill. við hana. Þetta mál var þrautrætt á sínum tíma, þegar sá háttur var upp tekinn að reikna ekki út eða breyta ekki verðlagsuppbót nema á tilteknum tímum á ári, en ekki mánaðarlega, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að vekja upp þær umræður nú. Ég hygg, að það séu allar þær sömu ástæður fyrir hendi nú eins og voru þegar núverandi fyrirkomulag var ákveðið.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. frsm. hefur réttilega skýrt frá því, að meiri hl. fjhn. hefur ekki viljað fallast á brtt. á þskj. 119 og er þeim andvígur. Ég drap nokkuð á efni þeirra hér við 2. umr. og skal því stytta mál mitt mjög að þessu sinni.

Samkv. aðaltillögunni er ætlazt til þess, að kaupgjaldsvísitala hvers mánaðar verði reiknuð eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan og verðlagsuppbótin greidd samkv. henni, í stað þess að í frv. nú er gert ráð fyrir því í 2. gr., að kaupgjaldsvísitala reiknist eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert og gildi við ákvörðun verðlagsuppbóta á laun næstu þrjá mánuði í senn, frá 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. að telja. Með öðrum orðum er tilætlunin sú, að verðlagsvísitalan breytist eins og vísitalan segir til um mánaðarlega samkv. till. minni, í staðinn fyrir á þriggja mánaða fresti samkv. frv. og gildandi ákvæðum.

Það liggur í augum uppi, að tilætlunin með verðlagsuppbót á laun er sú, að launþegar séu nokkurn veginn jafnhaldnir hvað launakjör snertir, þó að verðlagið hækki, að svo miklu leyti sem vísitalan segir til um það. Því er það að minni hyggju alveg eðlilegt og rökrétt, að þessar breytingar á launum gerist jafnoft og vísitalan breytist, en það er mánaðarlega eftir útreikningum hagstofunnar.

Enginn veit, hversu verðlagssveiflur geta orðið verulega stórfelldar. Er því að sjálfsögðu meiri trygging, bæði fyrir launþega og launagreiðendur, að láta vísitöluna fylgja nokkurn veginn verðlagsbreytingunum.

Annað er í þessu sambandi, sem rétt er að benda á, og það er, að samkv. gildandi ákvæðum er auðvelt að hafa af launþegum réttmætar hækkanir á verðlagsuppbót. Ef ríkisstj. t. d. tekur sig til á síðari hluta þriggja mánaða frestsins, við skulum segja áður en vísitalan 1. maí er fundin, og greiðir þar niður stuttan tíma einhverjar ákveðnar vörutegundir, þá hefur það þau áhrif að lækka vísitöluna og þar með verðlagsuppbótina. Komi svo aftur hækkanir á eftir, næstu tvo mánuði eftir að breyting hefur skeð, þá má aftur á þriðja mánuðinum nota niðurgreiðslurnar til þess að færa verðið niður í það sama og var, þegar vísitalan síðast var ákveðin, og á þann hátt koma í veg fyrir, að nokkur uppbót fáist á laun fyrir þá verðhækkun, sem hefur staðið tvo mánuði af þeim þremur, sem verðlagsvísitalan er föst og kaupgreiðslur bundnar við hana. Það er ákaflega óheppilegt að hafa slíkt fyrirkomulag sem þetta og þess vegna að minni hyggju mikilsvert, að á þessu verði ráðin bót og tekinn upp sá háttur, sem áður var, að láta kaupgjaldið breytast mánaðarlega með vísitölu.

Nú kann að vera, að menn telji, að það sé ekki ástæða til að setja þessi ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna ríkisins eða opinberra starfsmanna, en um það efni eingöngu fjallar þetta frv., meðan verðlagsuppbótin til annars launafólks, sem vinnur hjá einstaklingum og fyrirtækjum, er enn þá samkv. samningi bundin við þriggja mánaða breytingar á vísitölunni. Því þykir mér rétt, ef aðaltill. skyldi verða felld, að bera fram brtt. þá, sem er til vara á þskj. 119, en efni hennar er það, að ákvæði frv. skuli haldast óbreytt eins og þau eru nú, nema ef svo skyldi fara, að kjarasamningar milli atvinnurekenda og launþega almennt tækju upp ákvæði um, að laun skyldu greidd samkv. mánaðarlegri vísitölu, þá skyldi einnig hið sama gilda um opinbera starfsmenn, sem þessi lög fjalla um. Þetta þykir mér fullkomið réttlætisatriði, því að ég hygg, að menn telji alveg eðlilegt og sanngjarnt, að verðlagsuppbætur til starfsmanna hins opinbera, starfsmanna ríkisins, greiðist eftir sömu reglum og almennt til annarra launþega í landinu. Er það því von mín, að þó að ekki verði nú fallizt á

að samþ. aðaltillöguna, þá sjái hv. þdm. sér fært að greiða atkvæði með varatillögunni, því að varla er ætlunin, að opinberir starfsmenn eigi að sæta öðrum og lakari kjörum í þessu efni heldur en launþegar almennt í landinu.

ATKVGR.
Brtt. 119 felld með 9:2 atkv.
— 119, varatill. felld með 9:3 atkv.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 15. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 285).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj. Það var flutt í hv. Ed. og afgreitt þaðan fyrir alllöngu. Málið hefur verið til athugunar í fjhn. þessarar d. Með frv. er lagt til, að framlengd verði óbreytt þau ákvæði, sem nú gilda um útreikning kaupgjaldsvísitölu og greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og á lífeyri. Núgildandi ákvæði um þetta efni falla úr gildi um næstu áramót, og er því nauðsynlegt, að þetta frv. fái afgreiðslu að fullu, áður en þingi verður frestað. Fjhn. hefur gefið út nál. á þskj. 285. Þrír af nm. gera þar nokkra grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, en eins og fram kemur í álitinu, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Við 2 nm. í hv. fjhn., hv. 9. landsk. þm. og ég, tókum það fram við afgreiðslu málsins í n., að við teldum þær launauppbætur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., vera allsendis ófullnægjandi fyrir opinbera starfsmenn, en mundum þó ekki flytja brtt. á þessu stigi málsins, þar eð frá því var skýrt í n. af formanni hennar, að ríkisstj. væri í þann veginn að flytja till., væntanlega í sambandi við fjárl., um launauppbætur til opinberra starfsmanna. Launamál opinberra starfsmanna hafa lengi verið í hinum mesta ólestri. Þeir fengu lengi vel laun sín greidd samkv. þáltill. að nokkrum hluta og hafa nú fengið nokkurn hluta launa sinna undanfarin ár samkv. fjárlagaákvæði, en þá launauppbót, sem opinberir starfsmenn fengu í framhaldi af verkfallinu mikla 1952, hafa þeir fengið greidda samkvæmt lögum, sem framlengd hafa verið frá ári til árs. Það frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt til framlengingar á þeim lagaákvæðum.
Um mörg undanfarin ár hefur staðið til að endurskoða launalögin, þó að ekki hafi orðið af því enn. Sá dráttur er orðinn mjög vítaverður. Opinberir starfsmenn eru nú eins og fyrri daginn orðnir langt á eftir öðrum stéttum um launabætur. Frá því að gildandi launalög voru sett, 1945, mun t. d. grunnkaup verkamanna hér í Reykjavík hafa hækkað um 25%, en laun opinberra starfsmanna hafa hækkað um 10—17% aðeins. Þeir eru því langt á eftir daglaunamönnum, en flestar aðrar stéttir, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup sín og kjör, hafa fengið svipaðar launauppbætur og daglaunamenn og sumar hverjar meira að segja meiri. Af launastéttum mun engin stétt nú vera jafnilla haldin hlutfallslega og einmitt opinberir starfsmenn. Það er því vissulega tími til kominn að rétta hlut þeirra nokkuð. Hefðum við flutt brtt. við þetta frv. til þess að kanna vilja þm. til þess að rétta hlut þessarar stéttar, ef ekki hefði verið frá því skýrt, að von væri á till. um þetta efni frá ríkisstj. Þótti okkur þá rétt og sjálfsagt að bíða þeirra till. og sjá, hverjar þær væru, hvort þær væru fullnægjandi. Ef þær reynast það ekki, þá munum við að sjálfsögðu flytja brtt. við þær till., til þess að hlutur opinberra starfsmanna megi verða sambærilegur við hlut þeirra, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup sín og kjör.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 295).

---

## 14. Aðstoð við togaraútgerðina.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954** [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að gera nokkra grein fyrir þessu frv., sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 6. ágúst 1954, en vissi ekki, að það var á dagskrá í dag. Mér þykir hins vegar ekki ástæða til að fara fram á, að málið sé tekið út af dagskrá, vegna þess að það hefur verið gert alþjóð kunnugt með blaðaskrifum og á annan hátt, og þykist ég þá einnig vita, að

allir hv. þm. séu vel kunnugir efni frv., auk þess sem svo að sjálfsögðu gefst tækifæri til að ræða einstök ákvæði þess, ef þurfa þykir, við meðferð málsins hér á hv. Alþingi.

Eins og menn muna, voru allmiklar umræður um það í lok síðasta Alþingis, að hagur togaraútvegsins væri bágur, stæði mjög höllum fæti, og að nauðsyn bæri til að gera ráðstafanir honum til viðreisnar. Af þessu tilefni var svo skipuð nefnd, sjö manna mþn., kosin af Alþingi, sem hv. 3. þm. Reykv., Björn Ólafsson, var formaður fyrir, en að öðru leyti áttu sæti í nefndinni mætir menn f. h. allra þingflokka, annarra en Þjóðvarnarflokksins. Þessi nefnd hafði eftir atvikum mjög snögg viðbrögð og gerði sér far um að hraða sem mest rannsókn á hag útvegsins og leggja sem fyrst og sem skýrust gögn fram fyrir ríkisstjórnina til rökstuðnings þeim tillögum, sem nefndin vildi gera um aðgerðir til framdráttar útveginum. Ég hygg, eins og ég segi, að það sé óþarfi að rekja hér niðurstöður af rannsókn nefndarinnar um afkomu og afkomuhorfur útvegsins, vegna þess, eins og ég áður gat um, að skýrsla nefndarinnar var send dagblöðum og útvarpi, og ýmsir meginkaflar úr þeirri skýrslu voru birtir í blöðunum og í útvarpinu, auk þess sem hverjum þeim hv. alþm., sem léki hugur á að vita meira um rannsókn þá, sem fram fór á hag útvegsins, er velkomið að fá þessa skýrslu í hendur.

Í höfuðatriðum var það skoðun nefndarinnar, að að undanförnu hefði hagur togaraútgerðarinnar versnað og þá fyrst og fremst fyrir aukinn tilkostnað og nokkuð lækkandi verðlag afurða og rénandi aflamagn, og taldi nefndin, að ef viðunandi ætti að vera, þyrfti að bæta hag útvegsins með því að leggja honum fram eða draga úr útgerðarkostnaði sem næmi tæpri milljón á ári. Nú var það skoðun nefndarinnar, að nokkuð mætti bæta hag útvegsins með því að færa niður kostnaðarliði eins og olíuverð, vátryggingagjöld, jafnvel að fá lækkuð flutningsgjöld á afurðum útvegsins og þá einkum á hraðfrystum fiski, sem hefði verið aflað á togara. Enn fremur lagði n. til, að þess yrði freistað að hækka verð á þeim fiski, sem togaraútvegurinn seldi til hraðfrystingar. Þetta þótti þó nægja skammt, og var talin nauðsyn, að ríkið legði fram beint eða óbeint verulegan styrk umfram þetta. Ég held, að ég fari rétt með það, að lækkun á kostnaði og hækkað fiskverð var áætlað að gæti numið um 250—300 þús. kr., en að öðru leyti yrðu fjárframlög að koma sjávarútveginum til framdráttar, ef hallalaus rekstur ætti að geta orðið.

Ríkisstjórnin horfðist nú í augu við það, að togararnir lágu margir hverjir og jafnvel flestir aðgerðalausir og vitað var, að þeir mundu ekki hefjast handa, nema þeim væri í einu eða öðru formi rétt hjálparhönd. Nokkrar vonir stóðu þá þegar til, — mér er nú ekki með vissu kunnugt um, hversu þær vonir hafa rætzt, — að auðið mundi reynast að lækka a. m. k. sum þeirra útgjalda, sem mþn. benti á, og enn fremur að auðið mundi reynast að hækka eitthvað fiskverðið, a. m. k. á karfa, og það hefur nú tekizt. En ríkisstj. þurfti þá að taka um það ákvarðanir, hvort hún vildi heldur una því, að þessi miklu framleiðslutæki lægju aðgerðalaus í höfnum landsins, eða gera ráðstafanir, sem hún að öðru leyti hefur talið neyðarúrræði að þurfa að grípa til, þ. e. a. s. að leggja á skatta eða tolla til þess að geta stutt þennan atvinnurekstur.

Ég hef lengst af verið meðal þeirra, sem hafa verið mjög tregir til þess að sætta sig við þá hugsun, að togaraútvegurinn væri rekinn með beinum styrk, og vita þó allir, að bæði ætti mér að vera ljós hin mikla þýðing þessa atvinnurekstrar og engin ástæða til að ætla, að ég væri ekki jafnfús, svo að ekki sé sterkara að kveðið, að rétta einmitt þeirri grein framleiðslunnar sem öðrum hjálparhönd. En eins og ég margoft hef tekið fram, þá hefur það lengst af tafið mínar aðgerðir í þeim efnum, að ég hef talið, að þegar þessi stórvirku og fullkomnu framleiðslutæki gætu ekki lengur sjálf staðið undir framleiðslukostnaði, væri svo komið um hag íslenzks atvinnurekstrar, að einhverra almennra aðgerða væri þörf. Að ég samt sem áður að þessu sinni hef átt fullan þátt í því, sem nú hefur gerzt, stafar af því, að ég gat ekki komið auga á nein önnur úrræði en þau, sem einmitt var hnigið að til þess að ýta úr vör togurunum, og um hitt þarf ég ekki að fjölyrða í þessari samkundu, að það er náttúrlega mikið neyðarúrræði, að þessi mikilvirku tæki liggi aðgerðalaus um bjargræðistímann.

Eins og frv. ber með sér, hefur ríkisstj. aðhyllzt í fyrsta lagi þá hugsun, að nú skuli í fyrsta sinn með beinum aðgerðum veittur stuðningur togaraútgerðinni, og í öðru lagi í því skyni að veita þennan stuðning gripið til þess úrræðis að leggja nýjan toll eða skatt á, eins og stendur í 1. gr.: „Að innheimta sérstakt leyfisgjald af innflutningsleyfum fyrir bifreiðum, og má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna.“ Að þessu hefur verið hnigið og togurunum gefið fyrirheit um, að hverju skipi skuli greitt úr sjóði, sem þannig er myndaður, 2000 kr. fyrir hvern dag, sem því sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. des. 1954.

Ég hygg, án þess að staðhæfa of mikið, að óhætt sé að ganga út frá, að þessum sjóði, sem þannig er stofnaður, muni áskotnast nægjanlegt fé til þess að standa undir þeim kvöðum, sem hið opinbera hefur tekið á sig með fyrirmælum þessa frv. og fyrirheitum þeim, sem togaraútveginum voru gefin í sambandi við setningu þessara bráðabirgðalaga.

Mér þykir líklegt, að þau útgjöld, sem leiðir af frv., gætu numið um 11—12 millj. kr. á þessu tímabili, sem frv. nær til, og mér þykir sennilegt, að tekjurnar, sem sjóðnum falla vegna fyrirmæla frv., verði a. m. k. 2—4 millj. kr. meiri.

Einhver kynni kannske að álíta, að það væri nú ekki rétt að vera að leggja svo þungar kvaðir á þá, sem þessar bifreiðar eiga að fá. En hvort tveggja er, að ekki var auðið að sjá alveg fyrir fram, þegar lögin voru sett, hver yrði útgjaldaþörfin og hver yrði tekjuvonin, sem og hitt, að enginn veit, hvað framtíðin ber í skauti sínu, og vel má vera, að enn þurfi að styrkja útveginn eftir næstu áramót og að ekki takist

að setja um það löggjöf svo snögglega, að ekki verði a. m. k. talið mjög æskilegt að hafa eitthvert fé til ráðstöfunar umfram það, sem þörfin kallar á vegna útgjalda þessa árs.

Ríkisstj. er allri ljóst, að þessi skattur eða þetta leyfisgjald getur bitnað mjög þunglega á jafnvel þeim, sem alls ekki eru bærir að bera mikil gjöld.

Það er náttúrlega engum vafa undirorpið, að hefði verið talið fært að gefa frjálsan innflutning á bifreiðum, eða a. m. k. lít ég þannig á, þá mundi eftirspurnin eftir bifreiðunum hafa nægt til þess að fullnægja þörfum þessa sjóðs og meira en það, jafnvel miklu meira, og þeir greitt gjöldin að mestu, sem efni hafa á því. Það, sem helzt verður talið þessari tekjuöflun til ámælis, er, að ýmsir menn, sem með illu eða jafnvel engu móti komast af án bifreiðar vegna skyldustarfa sinna annars vegar og heilsufars hins vegar, eru með þessum hætti skattlagðir þunglega, og sumir þeirra geta, eins og ég segi, nauðulega undir því risið. En það var ekki margra góðra kosta völ í þessum efnum, og að þessu ráði var hnigið sem því skásta, sem stjórnin kom auga á.

Ég sé svo ekki ástæðu á þessu stigi málsins að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. sjútvn.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. forsrh., að ég hafði ekki búizt við því fremur en hann, að þetta mál kæmi nú til umræðu hér í dag. Eftir því sem ég þekki til um hraða í vinnubrögðum hér á hv. Alþingi, þá hafði ég nú tæplega reiknað með slíkum röskleika sem verið hefur hér á vinnubrögðum í dag, og hafði því ekki búið mig undir að ræða þetta stóra og viðtæka mál. En þar sem það er hér komið til 1. umr., vil ég leyfa mér að bera fram fáeinar fyrirspurnir. Þar sem þær eru fremur einfaldar, vænti ég þess, að hæstv. forsætis- og sjávarútvegsmálaráðherra sjái sér fært að svara þeim, þó að þær séu bornar fram hér við umræðu um frv., en ekki í fyrirspurnatíma.

Það er þá í fyrsta lagi, að mér þætti fróðlegt að fá upplýst, hvort nefnd sú, sem skipuð var í lok síðasta þings til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar og gera tillögur um umbætur þar á, hafi nokkru sinni lokið störfum. Ég hygg, að það hafi ekki fyllilega komið fram, en þó verið gefið í skyn í blöðum, að hún hafi aldrei lokið fyllilega störfum, þau hafi verið stöðvuð, hæstv. ríkisstj. hafi ekki æskt eftir því, að hún héldi störfunum áfram. Það hefur ekki heldur komið fyllilega í ljós, hvort samkomulag hafi verið innan nefndarinnar um þær ráðstafanir, sem tiltækilegar þættu, hvort þar hafi verið búið að ná allsherjarsamkomulagi, eða samkomulagi um einhver tiltekin atriði. Væri fróðlegt að fá þetta upplýst.

Ég sé, að í till. til þál. um aðstoð við togaraútgerðina, sem einn af nm., hv. 5. landsk. (EmJ), leggur hér fram á þskj. 35, skýrir hann frá því, að n. hafi ekki gert neinar skriflegar tillögur til ríkisstj., en hins vegar muni form. n. og einstakir nm. hafa skýrt ríkisstj. munnlega frá tillögum, sem ræddar hefðu verið í n. Þarna kemur ekki heldur fram, hvort þessar tillögur hafi einungis verið uppástungur einstakra manna eða hvort um þær hafi náðst samkomulag í nefndinni. Hafi verið um það að ræða, að n. hafi komið sér saman, annaðhvort meiri hl. n. eða öll n., um ákveðnar till. til úrbóta fyrir togaraútveginn, þá væri fróðlegt að fá það upplýst, hvort sú ráðstöfun, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert með bráðabirgðalögunum um skattlagningu bifreiða, sé samkv. till. n. og hvort n. hafi ekki komið sér saman um fleiri aðgerðir í þessum efnum.

Að lokum vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvmrh. um það, hvort hann telji, að þær aðgerðir, sem þegar hafa verið gerðar togaraútveginum til handa, þ. e. a. s. þessi skattlagning á innfluttar bifreiðar, muni vera nægilegar til að fleyta togaraútgerðinni áfram. Eins og kunnugt er, hafa nú fyrir skömmu náðst samningar um allverulega bætt kjör togarasjómanna, þ. e. a. s. undirmanna, og var sízt vanþörf á, að þau væru bætt verulega, en þetta eykur hins vegar að sjálfsögðu rekstrarútgjöld skipanna. Svo er mér ekki grunlaust um það, að yfirmenn á skipunum telji nú, að sinn hlutur sé helzt til lítill orðinn, og muni hyggja á að fá hann bættan. Það væri mjög fróðlegt að fá það af vörum hæstv. ráðherra, hvort hann telji þessar aðgerðir, bifreiðaskattinn, nægilegar til þess að fleyta togaraútgerðinni áfram yfir þann örðuga hjalla, sem hún er nú að reyna að klífa.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Eins og kunnugt er, samþ. síðasta Alþingi að skipa 7 manna mþn. til þess að athuga sérstaklega um vandamál togaraútgerðar landsmanna. Þessi mþn. starfaði allmikið s. l. sumar og skilaði til ríkisstj. allýtarlegri grg. um ástand og afkomu togaraflotans. Ég hefði fyrir mitt leyti talið eðlilegt, að nú, þegar þetta frv. er hér tekið fyrir til umræðu, hefði hæstv. ríkisstj. skýrt Alþingi frá störfum mþn. og þeirri skýrslu, sem n. flutti stjórninni. Það frv., sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti til orðið vegna þeirra tillagna, sem mþn. í togaramálunum vann að, þó að henni entist ekki aldur til þess að skila frá sér formlegum tillögum að öllu leyti, vegna þess að n. var látin hætta störfum nokkuð skyndilega, eða nokkru áður en fullt samkomulag hafði tekizt í n. um að skila tillögum.

Vegna þess að ég geri mér vonir um það, að ríkisstj. muni síðar í þessum umræðum gera ýtarlega grein fyrir störfum mþn. og þeim staðreyndum, sem hún hefur dregið fram í skýrslu sinni, þá skal ég ekki nú á þessu stigi málsins fara að gera störf n. sérstaklega að umtalsefni, en ég get ekki látið þetta mál fara svo til 2. umr., að ég bendi ekki á, að það frv., sem hér er um að ræða, leysir ekki þann vanda, sem Alþingi hafði fyllilega gert sér grein fyrir á s. l. þingi að var fyrir hendi í sambandi við togaraflotann, að þetta frv. leysir ekki vanda togaraútgerðarinnar nema að sáralitlu leyti. Í fyrsta lagi er það svo, að það er gert ráð fyrir því, að sá stuðningur, sem hér er rætt um að

veita togaraútgerðinni, nái aðeins til næstu áramóta, en úr því er ekki um neinn stuðning að ræða. Og má öllum vera það ljóst, að þá sitjum við í öllum aðalatriðum í sama vanda og við sátum áður. Auk þess er svo það, að þessi stuðningur er ekki meiri en svo, að hann nær aðeins yfir lítinn hluta af því, sem mþn. var öll sammála um að yrði óhjákvæmilega að bæta togaraútgerðinni, ef hún ætti að geta haldið áfram störfum. Þessar staðreyndir hljóta að verða dregnar fram, og þær hljóta líka að kalla á það, að ríkisstj. svari einhverju til um það, hvað hún hyggst fyrir í sambandi við þessi vandamál. Hvaða tillögur hefur hún á prjónunum í sambandi við rekstur togaraútgerðarinnar frá næstu áramótum að telja? Eða hyggst hún að taka upp og koma áleiðis í lagaformi einhverju af þeim tillögum, sem ríkisstj. hafði fengið að heyra að mþn. vann að og var að verulegu leyti sammála um.

Það hefur verið kunngert í blöðum, að mþn. var sammála um það, að meðaltogari yrði að fá bættar tekjur sínar frá því, sem verið hefur, um 950 þús. kr. á ári. Og þá var þó miðað við það, að tekjuhækkun til skipshafnar yrði aðeins 300 þús. kr. Nú hafa þegar gerzt samningar á milli togaraeigenda og skipverja á togurunum, sem sennilega þýða útgjaldahækkun í kaupi á meðaltogara hartnær 500 þús. kr. á ári, ef a. m. k. tekið er nokkurt tillit til þeirra launahækkana, sem yfirmenn á skipunum nú gera kröfur um og hljóta í rauninni að fá fram að verulegu leyti. Það er því alveg sýnilegt mál, að það vantar stórkostlega mikið fé á, til þess að það megi gera sér vonir um, að togararnir haldi áfram rekstri, ef ekki á annað til að koma þeim til handa heldur en það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Mér fannst hæstv. forsrh. taka heldur linlega til orða, þegar hann ræddi þetta mál. Ég þóttist heyra, að hann segði eitthvað á þá leið, að vel mætti vera, að enn þyrfti að styrkja togaraútgerðina, a. m. k. frá næstu áramótum. Ég efast ekkert um það, að honum er það mætavel kunnugt og reyndar flestum mönnum í landinu, að það er ekki aðeins, að vel megi vera, að það þurfi að grípa til frekari stuðnings. Það er alveg gefinn hlutur, að það þarf að gera allverulega stórar ráðstafanir í þessum efnum, ef við eigum ekki að standa frammi fyrir stöðvun skipanna enn einu sinni.

Sú leið, sem valin var til stuðnings togaraútgerðinni og þetta frv. fjallar um, að leggja á sérstakan bílaskatt, gefur að vísu tilefni til þess, að um hana sé rætt nokkuð mikið. Ég skal nú ekki gera það, en vil þó benda á það um leið, að svo hefur verið á framkvæmd þessa máls haldið, að um leið og ákveðið er að afla togaraútgerðinni nokkurra tekna með sérstökum bílaskatti, tekna, sem vel geta numið kringum 10—11 millj. kr. á fimm mánaða tímabili, þá er gert ráð fyrir, að með þessum sömu ráðstöfunum verði tekjur ríkissjóðs hækkaðar um ekki minna en 15—20 millj. kr. Ég held, að það hafi fáum komið til hugar, þegar var verið að gera till. um að leysa vandamál togaranna, að þá mundu þær tillögur koma þannig fram í framkvæmd, að þær yrðu sérstaklega til að auka við tekjur ríkissjóðs. Það er óhætt að fullyrða, að þeir menn, sem unnu að þessum málum í mþn. í togaramálum, hafi flestir búizt við því, að ráðstafanir, t. d. í sambandi við sérstakan bílaskatt, ef á yrði lagður, yrðu framkvæmdar þannig, að allar þær tekjur, sem kæmu vegna þessara sérstöku ráðstafana, yrðu látnar renna í sjóð til þess að styrkja og styðja útgerðina, en ekki að meiri hluta til til þess að bæta hag ríkissjóðs. En það má öllum vera ljóst, að þegar svo er áfram haldið, að ríkissjóður heldur áfram öllum söluskatti af bifreiðum og öllum hinum gamla innflutningstolli af bifreiðum, en hins vegar gert ráð fyrir því að flytja inn allmikið magn af bifreiðum, þá hljóta tekjur ríkissjóðs að stórhækka við þessar ráðstafanir. Hafi það verið svo, að þessi litli stuðningur, sem hér hefur fengizt við togaraútgerðina og nær aðeins fram að næstu áramótum, hafi fengizt með því skilyrði, að ríkissjóður yrði um leið að fá hækkaðar tekjur sínar um 15—20 millj. kr., gegn því að þessi skattur yrði lagður á, að nafninu til til þess að styrkja útgerðina, en útgerðin fengi ekki af honum nema í kringum 10—11 millj. kr., þá hafa þessi kaup verið heldur dýr, þau hafa verið heldur óhagstæð. Það er látið svo heita, að lagður sé á sérstakur skattur til stuðnings útgerðinni, en útgerðin fær aðeins 10—11 millj. kr. af honum, en ríkissjóður fær hins vegar 15—20 millj. kr. í sinn hlut.

Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar að sinni, en geri ráð fyrir því, að á síðara stigi málsins gefist tækifæri til þess að ræða þetta mál miklu ýtarlegar hér, enda hafi þá ríkisstj. gert grein fyrir till. eða skýrslu togaranefndarinnar.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. lagði þetta mál nú þannig fyrir hér í upphafi við þessa umr., að mér skildist á honum, að hann ætlaðist ekki til þess, að um þetta yrðu hafðar neinar sérstakar almennar umræður, þ. e. um það vandamál í heild, sem hér liggur fyrir, afkomu togaranna, heldur hefði hann gert ráð fyrir að geta tekið það í heild síðar. En hér hefur nokkuð verið rætt um málið á víð og dreif, og skal ég þá aðeins láta nokkur orð fylgja frá mínu sjónarmiði, án þess að fara langt út í það.

Því hefur verið lýst hér af mörgum, sem talað hafa, að niðurstaða togaranefndarinnar varð sú, að til þess að jafna metin með öllu óbreyttu frá 1953 þyrfti um 650 þús. kr. á meðaltogara. Með 300 þús. kr. hækkun á launum, eins og n. gerði líka ráð fyrir, þyrfti að hækka þessa tölu upp í 950 þús., og ef kauphækkunin hefur numið í kringum 400 þús. kr., eins og allar líkur eru nú taldar til, þá vantar um 1050 þús. kr. til þess, að jöfnuður væri á rekstri meðaltogara, að öllu óbreyttu um aflamagn og útgjöld og þess háttar.

Þær tillögur, sem uppi voru í nefndinni, voru margar og mjög mismunandi að því leytinu fyrst og fremst, hvað þær gátu gefið mikið í aðra hönd, og verður ekki um það deilt, að sú till., sem hér hefur verið flutt af hæstv. ríkisstj., er sú tillagan, sem mestu munar fjárhagslega,

þar sem, þó að þessar ráðstafanir gildi ekki nema síðari hluta ársins, ef miðað er við árið, þá þýddu þær með segjum um 320 daga úthaldi, sem mun vera nálægt meðallagi eftir þeim reikningum, sem við fengum, um 640 þús. kr., svo að maður haldi sig við ársreikninginn, og er það um það bil ⅔ hlutar eða upp undir ⅔ hlutar af því, sem vantar til að ná jöfnuði. En jöfnuður er ekki fenginn fyrir þessu, og undan því veit ég að útgerðarmenn hafa kvartað og út af því tel ég að þeir hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum, að ríkisstj. hefur ekki treyst sér til að fara út í frekari aðgerðir en í þessu eina atriði. Það er rétt að vísu, eins og forsætisráðherra sagði hér áðan, að karfi hefur hækkað í verði um 5 aura, en það eru líka allar þær breytingar, sem orðið hafa mér vitanlega, aðrar en þessi bílaskattur.

Í nefndinni voru aftur til umræðu ýmsar aðrar tillögur. Ég skal leyfa mér að nefna t. d. tillögur um lækkun á vátryggingariðgjöldum, sem talið var að mundi vera hægt að gera með hóptryggingum eða ef togararnir gætu komið sér saman; lækkun á vöxtum, sem talið var mjög eðlilegt að *togararnir fengju niður í sama vaxtafót og vélbátarnir* fá af sínum rekstrarlánum, en rekstrarlán togaranna munu nú vera talsvert hærri; lækkun á farmgjöldum, sem enn var talið mögulegt að lækka verulega, það var talað um í n. allt að 10% eða eitthvað þess háttar, kannske meira, og munu vera möguleikar til þess að fá það gert, ef fast er fylgt eftir. Enn má nefna lækkun á olíuverði og loks, sem kannske aðalþýðinguna mundi hafa, hækkun á hráefnisverði því, sem frystihúsin greiða fyrir fiskinn, sem þau kaupa. Það er vitað, að hraðfrystihúsin hafa á þessu ári haft miklu meira magn til frystingar heldur en þau nokkru sinni hafa haft áður og að allur fastakostnaður kemur því á miklu meiri umsetningu en þeir reikna með í sínum áætlunum. Þess vegna áttu að vera möguleikar til að hækka a. m. k. hráefnisverðið þann hluta ársins, sem eftir var, þegar um þessa hluti var rætt í nefndinni.

Það má kannske segja, að ríkisstj. eigi ekki að hafa forgöngu um lausn þessa máls, þetta sé mál, sem snerti fyrst og fremst togaraeigendur sjálfa. Ég hygg þó, að málum hafi skipazt þannig, að þeir hafi ekki talið sér mögulegt að koma þessu í framkvæmd, útgerðarmennirnir, án þess að ríkisstj. veitti þeim styrk og stoð í því efni. En sem sagt: Niðurstaðan hefur eingöngu orðið sú, að verðið á karfa hefur hækkað um 5 aura og bifreiðaskattur hefur verið lagður á með 2 þús. kr. framlagi á hvern útheldsdag togara, sem er náttúrlega, eins og ég sagði, mjög veigamikil hjálp, svo langt sem hún nær, en hún bara nær ekki til þess að fylla alveg upp í það skarð, sem þarna er, eða til að brúa það bil, sem er á milli tekna og gjalda.

Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar till., sem fram hafa komið í n. og ekki hafa verið fluttar á Alþingi áður. Hins vegar hef ég ekki flutt þær till., sem hér voru bornar fram í fyrra og snerta þetta mál, að svo stöddu. Þær voru reyndar líka ræddar í togaranefndinni, og ef þær verða ekki bornar fram bráðlega, þá geri ég ráð fyrir því, að ég muni bera þær fram sem viðaukatillögur við mínar tillögur. En um þáltill. vil ég ekki ræða á þessu stigi málsins, hún liggur ekki fyrir nú, en hefur aðeins fléttazt inn í málið, sem hér liggur fyrir.

Ég vil aðeins segja að lokum, að þetta frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, er hjálp — og hún góð það sem hún nær — en hún er engan veginn fullnægjandi, og það þarf að gera einhverjar ráðstafanir til þess að fylla það bil, sem þrátt fyrir þessar ráðstafanir er enn ófyllt á milli tekna og gjalda togaranna.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Þær ræður, sem hafa verið fluttar hér frá því að ég lauk minni stuttu framsöguræðu, gefa ekki tilefni til langra skýringa af minni hendi.

Út af því, sem hv. 8. þm. Reykv. spurðist fyrir um, vil ég upplýsa þetta: Það er rétt, að nefndin lauk raunverulega ekki störfum. Ástæðan mun hafa verið sú, svo að engu sé nú leynt, að ég hlutaðist til um það við formanninn, að hann færi ekki að bera fram tillögur, fyrr en ég sæi eitthvað fram á, hvernig ríkisstj. í heild *mundi taka undir þær tillögur. Mér þótti óþægilegra* að fá tillögur frá nefndinni, a. m. k. aðrar en þær, sem ég hafði einhverja hugmynd um að maður gæti þá staðið saman um, og ég átti þess vegna minn þátt í því, að tillögur komu ekki endanlega fram. Ég vissi hins vegar vel, hverju fram vatt í nefndinni, og ég hygg, að ég megi segja það, — og svara þar með annarri fsp. hv. 8. þm. Reykv., — að í aðalefnum var orðið samkomulag milli manna að öðru leyti en því, að það er rétt, sem hefur komið fram, bæði hjá hv. 11. landsk. og hv. 5. landsk., að sumir vildu ganga lengra, en aðrir skemmra í minni háttar atriðum umfram þær ráðstafanir, sem mestu máli skipta og gerðar hafa verið.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði enn fremur um, hvort ég teldi þær aðgerðir nægjanlegar, sem nú hefðu verið gerðar. Ég tel það, að svo miklu leyti sem miðað er við það tímabil, sem þær gilda fyrir. Ástæðan til þess, að við vildum ekki í ríkisstj. binda hendur okkar til lengri tíma, var fyrst og fremst sú, að okkur þótti betur sæma, hvað sem við nú kunnum að hafa álitið um áframhaldandi þörf í þessum efnum, úr því að til stóð, að Alþingi kæmi saman, svo sem nú er orðið, snemma í október, að leggja málið í hendur þingsins heldur en ákveða sjálfir lengra fram í tímann en nauður rak til út frá þessu sjónarmiði. Um það, hvort þessar aðgerðir verða að teljast nægjanlegar, hafa menn nú gleggri hugmyndir, áður en þessu ári er lokið, og hæstiréttur, sem um það á að dæma, er nú viðstaddur, og stjórnin mun að sjálfsögðu leggja málið í hans hendur, þó að hún muni hafa um það sínar skoðanir, hvað þurfa þykir, og þá fylgjast með, hvað þingið gerir í málinu, og á venjulegan hátt hafa áhrif á þetta mál svo sem önnur, sem fyrir þinginu liggja og máli skipta, eftir því sem föng standa til og hennar skoðanir hvetja til.

Með þessu hef ég svarað fyrirspurnum hv. 8. þm. Reykv. og að nokkru leyti einnig vikið að því, sem hv. 11. landsk. sagði. Það er að sönnu alveg rétt, sem komið hefur fram og hann einnig

í ræðu sinni vék að, að það komu fram fleiri till. en sú, sem nú hefur verið hnigið að að koma í framkvæmd með þessu frv. En ríkisstj. taldi ekki ástæðu til þess, að hún milli þinga gerði þær ráðstafanir, sem þær till. fjölluðu um, með því að stjórnin taldi sitt hlutverk vera að gera sem einfaldastar ráðstafanir, er nægja mættu til þess að leysa þann vanda, sem fyrir dyrum stóð, ef togaraútgerðin hefði stöðvazt og togararnir legið í höfnum lengur en þegar var orðið og allir að sjálfsögðu hörmuðu.

Ég vil hins vegar af tilefni því, sem hv. 11. landsk. gaf, benda á tvennt. Það er auðvitað rétt, sem hann sagði, að áætlun um auknar tekjuþarfir togaraútgerðarinnar og þörf þeirra jafnframt fyrir lækkaðan tilkostnað miðaðist við það, að kaupgjald á skipunum mundi hækka um 300 þús. kr. á ári. Nú hefur það verið a. m. k. mín skoðun, — ég játa það hreinskilnislega og sagði það í lok síðasta þings, — að togarahásetar bæru orðið allt of lítið úr býtum miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins, miðað við hina erfiðu vinnu, sem þeir oft og einatt hafa við hin þýðingarmiklu störf, sem þeir stunda. Hins vegar hef ég ekki getað gert mér eða haft ástæðu til að reyna að gera mér fyllilega grein fyrir, hve þörfin í þessum efnum væri mikil. Í n. áttu hins vegar sæti ýmsir útgerðarmenn, og þar á meðal alþm. úr þremur þingflokkanna, allir nákunnugir þörfunum ekki síður en ég, og þeirra áætlun hné að því, að það þyrfti 300 þús. kr. til þess að ráða bót á því, sem miður fór í þessum efnum. Ef reyndin er sú, að útgerðarmenn hafi nú greitt 500 þús. kr. í staðinn fyrir 300 þús. kr., þá tel ég, að þeir hljóti að vita það betur um eigin hag en mþn. vissi, að þeir telji sig hafa ráð á að gjalda 500 þús. í staðinn fyrir 300 þús. Auðvitað nær það ekki nokkurri átt, ef mþn. kynnir sér hagsmuni útgerðarinnar og kemst að slíkri niðurstöðu sem þessi nefnd gerði annars vegar og hins vegar útgerðarmönnum er kunnugt um þær niðurstöður og hafa ekki séð neina ástæðu til þess að vefengja þær, að útgerðarmenn auki um 66% einn útgjaldaliðinn og ætli sér svo að koma til Alþingis og senda þinginu eða ríkissjóði reikning í þessum efnum. Slíkt mætti ekki lukku stýra, og skal ég þó manna fyrstur viðurkenna það, sem ég áðan tók fram, að ég hygg, að það hafi verið bein rangsleitni ríkjandi um kaupgjald til togarasjómanna. Ég fer hins vegar ekki dult með það, án þess að ég hafi kynnt mér það mál sérstaklega, að ég lít auðvitað allt öðrum augum á það, hvort hæst launuðu yfirmenn á togurunum hafa sömu þörf fyrir kauphækkun eða sama rétt til kaupbóta eins og hásetarnir og þeir lægst launuðu.

Hitt atriðið, sem ég vildi víkja að úr ræðu hv. 11. landsk., er það, að mér fannst gæta nokkurs misskilnings hjá honum, þegar hann var að ræða um hinn mikla hag, sem ríkissjóður hefði beinlínis vegna þess, að gerðar hefðu verið ráðstafanir til þess að bæta afkomu útvegsins. Auðvitað er það rétt, að ríkissjóður hefur vissan hluta af innflutningsgjöldum á bifreiðum, en það er jafnrétt, að bifreiðar hefðu verið fluttar inn, hvort sem þetta leyfisgjald, sem fellur togurunum, hefði verið lagt á eða ekki. Spurningin var þá eingöngu sú, hvort það hefði þótt rétt, að vegna þess að lagður er nýr skattur á almenning í þessum efnum, þá leiði af því, að réttlátt sé að svipta ríkissjóð vissum tekjum, svo að sá sjóður, sem hér er verið að mynda, megi aukast af þeim ástæðum.

Hv. 5. landsk. sagði, að jöfnuður væri ekki fenginn með þessum tillögum stjórnarinnar á rekstrarafkomu togaranna. Það kann að vera rétt. En engum er betur kunnugt en einmitt honum um það, að sjálf nefndin gerði ráð fyrir, að þessi rekstrarjöfnuður kæmist á með því móti, að annars vegar yrði visst framlag af hendi hins opinbera útveginum til framdráttar, en hins vegar yrðu gerðar ráðstafanir til sparnaðar á vissum útgjaldaliðum útvegsins, og sjálfur hefur hv. þm. í sinni þáltill. á þskj. 35 einmitt bent á, hvers konar sparnaðartillögur væri um að ræða. Ég veit einnig, að jafnsanngjarn maður játar, að það er ekki nema eðlilegt, að dugmikil stétt, eins og útgerðarmennirnir eru, eigi sjálf að hafa forustu um að lækka sína útgjaldaliði og hækka sínar tekjur samkvæmt þeim tillögum, sem þar eru fram bornar, og ekki ætlast til þess, að þeir séu mataðir eins og hvítvoðungar af ríkisvaldinu. Ég get hins vegar ekki neitað því, að það er rétt, að um sumt af þeim tillögum, sem um er að ræða, kann ríkisvaldið að geta haft áhrif til góðs og útgerðinni til framdráttar, enda hefur ríkisstj. boðið það og ráð einmitt í þeim efnum útgerðinni til stuðnings einn sinn ágætasta mann, sem hefur verið reiðubúinn að ræða hagsmunamál útgerðarinnar með útgerðarmönnum við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli.

Ég hygg mig mega segja, að af þeim 5 liðum, sem sérstaklega voru nefndir, er, eins og hv. 5. landsk. benti á, búið nú þegar að hafa nokkurn ávinning af hækkun á verðlagi á karfa. Auk þess er það staðreynd, ef ég veit rétt, að olía hefur verið lækkuð í verði.

Ég vildi svo láta máli mínu lokið með því að gera það, sem mér láðist áðan, að færa þeirri n., sem vann að þessu máli, þakkir fyrir það, hversu ötullega hún gekk að sínu starfi. Ég hygg það sé fremur sjaldgæft, að mþn., sem tekur að sér rannsókn á ákaflega stórvægilegu atvinnu- og fjármáli, gangi jafnfljótt og örugglega að sínu starfi og skili í aðalatriðum jafngreinargóðum skýrslum og þessi n. hefur gert. Ég vil þess vegna hér á Alþingi leyfa mér að færa bæði hv. form. n. og öllum þeim, sem með honum hafa unnið, þakkir fyrir vel unnin störf og skynsamlegar till., sem þó auðvitað eins og allt annað standa til bóta, ef Alþ. vill á þeim breytingar gera, enda á nú að vera góður tími til þess, og hver getur þá lagt gott af mörkum, eftir því sem hann álítur skynsamlegt og hefur hugkvæmni til.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir það, hversu hreinskilinn hann var í svari við svolítilli fyrirspurn frá mér varðandi störf n. í togaramálinu. Hann viðurkenndi fullkomlega, að hann hefði sett bremsu á nefndina, hann hefði verið eins og

góður bílstjóri, þegar hann sér einhverja hættu fram undan, þá stígur hann fast á og bremsar.

Það væri náttúrlega fróðlegt að vita það, hver ástæða var til þess, að hæstv. forsrh. taldi ástæðu til að stíga svona fast á bremsuna. Skyldi það geta átt sér stað, að honum hafi þótt óþægilegt að fá einhverjar sameiginlegar tillögur frá nefndinni? Hann lét í það skína, að það hefði ekki komið sér sérstaklega vel að fá tillögur, sem hann taldi sig ekki geta fallizt á. Í sambandi við þessa lofsverðu hreinskilni hæstv. ráðh. vil ég leyfa mér að spyrja að því, til hvers hann var þá eiginlega að leggja hér fram þáltill. í þinglok í fyrra um skipun nefndar til þess að rannsaka þessi mál. Hæstv. ráðh. bar fram nú í seinni ræðu sinni þakkir til n. fyrir unnin störf. Ég skal á engan hátt draga í efa, að hún hafi unnið vel að þessum málum, en einhvern veginn fannst mér, að þakkirnar væru alveg sérstaklega fyrir það, að hún hefði látið bremsa sig svona rækilega af.

Ég vil að lokum aðeins fara fram á það, og tel það fullkomið réttlætismál, að Alþ. fái skýrslu um störf togaranefndarinnar, þeirrar nefndar, sem það kaus til þess að rannsaka þetta mál. Tel ég eðlilegt, að lögð verði fram á Alþ. í einhverju formi skýrsla um störf n., og þá einkum hvaða tillögur hefðu komið fram í n. og að hvaða leyti hefði orðið samkomulag um þær tillögur. Þetta tel ég að Alþ. eigi heimtingu á að fá vitneskju um, þar sem það hlýtur að hafa verið ætlun þingsins með skipun n. að ræða og athuga þær till., sem hún hefði fram að færa, eða byggja á þeim athugunum, sem hún gerði. Annars verða vafalaust oft umræður um þetta mál hér á Alþ. í vetur, og verður þá tilefni til þess að ræða það frekar almennt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 275, 276, 280).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Frv. því á þskj. 13, sem hér er tekið til meðferðar, var vísað til sjútvn. í byrjun þings. Er það lagt fram á Alþ. til staðfestingar brbl., er ríkisstj. gaf út 6. ágúst s. l., um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

Það eru gildar ástæður fyrir því, að brtt. og nál. sjútvn. er ekki lagt fram fyrr en nú, eins og ég veit að mörgum hv. alþm. er kunnugt.

Samkvæmt þál. 13. apríl 1954 ákvað Alþingi að kjósa með hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar. Eftir ósk sjútvn. hefur mþn. í togaramálinu látið n. í té till. þær, ásamt skýringum, sem allir meðlimir mþn. voru sammála um. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr áliti mþn. Þar segir:

„Nefndin hefur rætt um það, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til þess að bæta rekstrarafkomu togaraflotans. Nefndinni er ljóst, að slíkar ráðstafanir verði að gera eins og komið er, sökum þess að þjóðarbúið þolir ekki til lengdar algera stöðvun stórvirkustu atvinnutækjanna.

Hitt er svo annað mál, að miklir erfiðleikar eru á því að útvega flotanum þann tekjuauka, sem hann þarfnast, án þess að slík fjárútvegun verki truflandi á verðlagsmálin almennt. Verður ekki á allt kosið í því efni, og verða því ýmsir að taka á sig þá byrði, sem leiðir af lausn málsins, en nefndin hefur miðað tillögur sínar við það, að þær hafi ekki mikil áhrif á framfærslukostnaðinn í landinu.“

Það eru hér átta tillögur, sem nefndin leggur fram í þessu sambandi, og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þær:

„1) Að stofnlán skipanna verði lengd um tvö ár. Þeir, sem ekki hafa greitt áfallna afborgun 1953, fái henni og afborgun 1954 frestað, aðrir fái afborgun 1954 og 1955 frestað. Tilsvarandi frestur verði veittur á afborgunum þeim, sem togaraeigendur eiga að greiða ríkissjóði vegna nýkeyptra togara.

2) Að ríkisstjórnin hlutist til um að útvega bráðabirgðalán handa þeim útgerðarfélögum, sem þess þurfa með til þess að halda áfram eðlilegum rekstri, og verði þeim lánum varið til greiðslu á aðkallandi skuldakröfum.

3) Að togaraútgerðinni verði tryggð stofnlán til þess að koma á fót fiskvinnslustöðvum eða eignast þær, sem þegar eru fyrir hendi, svo að togaraútgerðarfélögin hafi sjálf aðstöðu til að vinna úr öllum afla sínum.

4) Að gerðar verði ráðstafanir til þess að lækka stofnlán nýjustu togaranna, þannig að telja megi líklegt, að þeir geti risið undir stofnlánum sínum.

5) Að vátryggingariðgjöld lækki um allt að 10% með útboðum eða hóptryggingum. N. áætlar, að sparnaðurinn á þessum lið muni geta numið kr. 20000.00 á ári á togara.

6) Að olíuverð til togaranna lækki a. m. k. um 30 kr. á tonn frá núverandi verði. N. áætlar, að sparnaður með þessu mundi nema kr. 55000.00 á ári á togara.

7) Að vextir af rekstrarlánum togaranna verði hinir sömu og nú eru á hliðstæðum lánum til bátaflotans, 5% fyrstu 6 mánuðina og síðan 5½%. N. áætlar, að sparnaður á þessum lið mundi nema kr. 20000.00 á ári á togara.

8) Að farmgjöld af frystum fiski til útlanda lækki um 10%, enda komi sú lækkun öll fram í hækkun fiskverðs til togaranna. N. áætlar, að tekjur af þessum lið mundu nema um kr. 60000.00 á ári á togara.“

Því miður hefur enn lítill árangur náðst í sambandi við umleitanir togaraeigenda við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli og óskað er eftir að komi til móts við togaraeigendur og þar með létti að nokkru undir með taprekstri útgerðarinnar. Er þess þó vænzt, að enn verði hart gengið eftir í þessum efnum, því að það má öllum vera ljóst, að leiðir verða að finnast til að tryggja hallalausan rekstur þessara stórvirku atvinnutækja.

Frá því á miðju ári 1952, að brezkir útgerð-

armenn ákváðu að setja löndunarbann á ísvarinn fisk íslenzku togaranna, hefur mestur hluti af afla togaranna verið settur á land á ýmsum höfnum hér á landi, bæði sem saltfiskur eða til frystingar eða herzlu, og þar með valdið stórkostlegri atvinnuaukningu. Jafnframt má fullyrða, að verðmæti togaraaflans hefur aukizt að miklum mun við það, að hann á þennan hátt er fluttur fullunninn á erlendan markað. Að sjálfsögðu er það áríðandi fyrir Íslendinga að hafa ríkt í huga, að bezt mun það reynast að flytja afurðir okkar sem mest fullunnar á erlendan markað og þar með skapa meiri og öruggari atvinnu fyrir vinnandi fólk og stórauknar gjaldeyristekjur. Hræddur er ég um, að það mundi valda mikilli atvinnutruflun hjá verkafólki, ef tekinn væri upp aftur sá háttur að flytja mestan hluta af afla togaranna ísvarinn á erlendan markað. Ég tel rétt að hafa þetta í huga, þegar rætt er um nauðsyn þess, að löndunarbanninu verði af létt í Bretlandi.

Hæstv. ríkisstj. sá nauðsyn þess, að létt yrði undir með togaraútgerðinni, og gaf í því sambandi út brbl. 6. ágúst s. l. Í 1. gr. l. er kveðið á um tekjuöflun, sem er leyfisgjald af innfluttum bifreiðum, allt að 100% af fob-verði þeirra. — Í 2. gr. segir: „Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins. Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árinu 1954. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst til 31. des. 1954.

Sjútvn. hefur rætt frv. á mörgum fundum og átt viðræður við fulltrúa frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um vandamál togaraútgerðarinnar og um hugsanlegar leiðir til að bæta hag hennar. Hefur n. lagt fram nál. á þskj. 275, sem hún stendur öll að. Hv. 11. landsk. (LJós) hefur þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Sé ég, að hann hefur nú lagt fram brtt. á þskj. 280.

Þá hefur n. lagt fram brtt. á þskj. 276, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil leyfa mér að lesa hér upp:

„1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1955 að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðarinnar, og innheimtir innflutningsskrifstofan það, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.“

Á 1. gr. er sú breyting, að í stað þess að í brbl. var gert ráð fyrir, að þau giltu aðeins til 31. des. n. k., þá er nú gert ráð fyrir, að þau gildi til ársloka 1955.

„2. Við 2. gr.

a. Fyrir orðin „á árinu 1954“ í 1. málsl. síðari málsgr. kemur: á árunum 1954 og 1955.

b. Fyrir orðin „1. ágúst til 31. desember 1954“ í lok síðari málsgr. kemur: frá 1. ágúst 1954 til 31. des. 1955.“

Það er sem sé gert ráð fyrir, að þetta framlag til togaraeigenda, 2000 kr. á dag á hvern útgerðardag skipanna, gildi einnig árið 1955, en í brbl. var aðeins gert ráð fyrir, að það gilti frá 1. ágúst til 31. des. 1954.

„3. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Veita skal tveggja ára greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýjum togurum.“

Hér er tekin upp ein af þeim till., sem hv. mþn. í togaramálum lagði til og sjútvn. telur að sé á færi Alþ. að kveða á um með löggjöf. Hitt eru meira þau mál, sem snerta útgerðina og er eðlilegast að eigendur hennar beri fram með tilstyrk ríkissjóðs eða hæstv. ríkisstj., án þess að kveðið sé á um þær kjarabætur útgerðinni til handa með löggjöf.

Það er mjög aðkallandi, að þetta frv. verði afgr. héðan úr d., helzt í dag, bæði við 2. og 3. umr., sökum þess að það verður að telja nauðsynlegt, að það verði afgr. sem l. frá Alþ., áður en Alþ. frestar fundum sínum. Vil ég biðja hæstv. forseta að hafa það í huga.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um frv. eða nál. og brtt. að þessu sinni, nema tilefni gefist til undir umræðunum.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Fyrir rúmlega ári urðu hér á Alþ. allmiklar umr. um rekstrarafkomu togaraflotans. Það kom hér glöggt fram þá, að margir alþm. gerðu sér ljóst, að þannig væri komið með rekstur togaranna, að það yrði ekki haldið þar áfram við óbreyttar aðstæður, og allt benti orðið til þess, að samdráttur yrði í rekstri skipanna vegna mikils taprekstrar og jafnvel leiddi þá bráðlega til beinnar stöðvunar.

Ríkisstj. var bent á þetta af mönnum hér úr mörgum flokkum. En þrátt fyrir aðvaranir frá hálfu togaraeigenda og margra alþm. fór það nú svo, að ríkisstj. ýtti málinu fram af sér og aðhafðist ekkert, en togararnir héldu að vísu flestir áfram rekstri, en héldu hins vegar áfram að tapa. Í þinglokin á síðasta þingi, eða í byrjuðum aprílmánuði, var þessum málum þó komið svo langt, að ríkisstj. sá, að það var ekki hægt að ætla sér að skjóta sér með öllu undan þessum vanda, og þá flutti hún hér till. á Alþ. um það, að skipuð yrði mþn. til þess að rannsaka rekstur og afkomu togaraútgerðarinnar.

Þegar þetta var gert, þá var líka svo komið, að nokkur skip höfðu beinlínis hætt rekstri og lágu hér óstarfrækt í Reykjavíkurhöfn. Mikið hafði þá borið á því, að skipverjar gengju í land af skipunum, vegna þess að það var alveg vitað mál, að það þurfti að bæta launakjör togaramanna, en hins vegar hafði dregizt að verða við óskum þeirra, vegna þess að allir vissu, að afkoma togaraútgerðarinnar var ekki þannig, að hún gæti beinlínis risið undir verulega bættum kjörum.

Mþn. í togaramálum starfaði svo s. l. sumar og skilaði allýtarlegri grg. um þetta mál til ríkisstj. Till. sendi hún ekki, eins og hér hefur verið upplýst áður í umr. á Alþ. Till. sendi n. ekki beinlínis frá sér, og hefur ríkisstj. sjálf skýrt frá því, hvernig það vildi til, þótt hins vegar jafnframt hafi verið upplýst og nú skriflega frá nefndarmönnum, að n. hafði þó komið sér saman um allmargar till. til úrbóta í málefnum togaranna, en var hins vegar ekki fullkomlega sammála um allar þær till., sem þar höfðu legið fyrir.

Niðurstöður togaranefndarinnar voru í sem styztu máli þessar:

Hún bendir á, að samkvæmt rekstrarreikningum yfir 30 togara fyrir árið 1953 var meðalrekstrartap það ár á togara rúmlega 400 þús. kr. án allra afskrifta. N. bendir einnig á, að eftir því, sem hún bezt gat rannsakað þessi mál, þá bendir allt til þess, að rekstrartapið hafi þó árið 1953 raunverulega verið heldur meira en 400 þús., eins og reikningar skipanna bentu þó til, og stafar það fyrst og fremst af því, að þó nokkrar tekjur koma inn á reikningum margra skipanna árið 1953, tekjur, sem stafa frá rekstri ársins 1952, en árið 1952 varð alveg óvenjuhátt verð á saltfiski, og allmiklar uppbætur á þeirri vöru komu svo til reiknings aftur árið 1953, sem raunverulega gerðu reikninga skipanna það ár betri en rekstrarafkoma ársins sjálf sagði til um.

N. lauk grg. sinni til ríkisstj. með orðum á þá leið, að það yrði ekki komizt hjá því að bæta hag togaranna sem næmi a. m. k. 400 þús. kr., sem væri sannanlegt tap á meðalskipi, og auk þess um 250 þús. kr. vegna nokkurra afskrifta, þó minni en almennt eru reiknaðar af þessum skipum. Einnig taldi hún, að alveg óhjákvæmilegt væri að reikna með því, að launahækkanir til skipverja yrðu á hvern togara a. m. k. 300 þús. kr. eða að samtals yrði að hækka tekjur hvers togara um 950 þús. kr.

Undir þessa niðurstöðu skrifa allir nm. úr fjórum stjórnmálaflokkum. Það mátti því vera fyllilega ljóst eftir þessa athugun, sem þarna hafði farið fram, að það var engin uppgerð, sem fram hafði komið hjá togaraeigendum, að svo var nú komið, að það var orðinn verulegur halli á rekstri skipanna og að þessu gat ekki haldið áfram á annan veg en þann, að skipin smám saman stöðvuðust öll. En auk þessa, sem fram kom í niðurstöðu n., var svo það, sem nú liggur fyrir, að hún hafði orðið sammála um 8 till., sem hún taldi að allar horfðu til þess að lagfæra nokkuð rekstur togaraútgerðarinnar. Nú hefur hér verið gerð nokkur grein fyrir þessum till., og ég skal ekki fara að telja þær upp sérstaklega. En ég fullyrði það, að ef þessar till., sem n. bendir á, næðu fram að ganga, og áreiðanlega er auðvelt að láta þær ná fram að ganga, ef ríkisstj. vill gefa þeim lagagildi eða ýta þeim fram á annan hátt, þá mundi það skipta allverulegu máli um rekstrarafkomu skipanna. En ríkisstj. hefur ekki enn þá treyst sér til þess að koma þessum till. í framkvæmd, engri þeirra. Hún hefur athugað þær, hún hefur skilað þeim aftur til togaraeigenda sjálfra og óskað eftir því, að þeir reyndu sjálfir að koma fram lækkun t. d. á olíuverði, lækkun á vöxtum, lækkun á frögtum og lækkun á vátryggingu o. fl., og taldi eðlilegast, að togaraeigendur sjálfir leituðu eftir samningum við þessa aðila um það, að þeir féllust góðfúslega á að lækka verð á þessari þjónustu fyrir útgerðina.

Niðurstaðan hefur auðvitað orðið sú, að hver þessara aðila um sig hefur neitað. Olíufélögin hafa svarað ósköp einfaldlega: Við getum ekki lækkað olíuna, og við getum ekki orðið við ykkar óskum. — Vátryggingafélögin segja einnig: Við getum ekki lækkað okkar iðgjöld. — Þeir, sem hafa flutt afurðir sjávarútvegsins á erlendan markað, skipafélögin, Eimskip og Sambandsskipin og aðrir slíkir, — þessir aðilar hafa svarað á sömu lund: Við megum ekki hafa knappari rekstur en við höfum. Við getum engu skilað til baka.

En ríkisstj. hefur hins vegar vikið sér alveg undan því að nota það vald, sem hún hefur í þessum efnum. Hún hefur auðvitað lagalega heimild til þess að fyrirskipa verðlækkun á olíu, ef hún telur, að það væri hægt að koma slíkri verðlækkun við, og hún hefur líka aðstöðu til þess á tiltölulega auðveldan hátt að knýja skipafélögin, sem annast vöruflutninga til landsins og frá landinu, til þess að lækka nokkuð sínar háu fragtir. En þessar till. frá mþn. hafa enn ekki borið neinn árangur.

Ein var sú till., sem mþn. ræddi allmikið, og það var till. þess efnis, hvernig væri tiltækilegt að afla tekna í því skyni að verðhækka fisk togaranna eða bæta þeim upp á annan hátt, hækka tekjur þeirra, þannig að lagður yrði á skattur í einu eða öðru formi í þessu skyni, án þess að ríkissjóður þyrfti sjálfur þar að leggja fram fé. Í því efni var rætt allmikið um það í n. að leyfa innflutning á bifreiðum, sem þá virtist nú liggja orðið fyrir að mundi verða gripið til, en nota hins vegar hina miklu eftirsókn eftir bifreiðum til þess að leggja þar á allverulegan bifreiðaskatt, en láta hins vegar togaraútgerðina njóta góðs af þessum nýja skatti. Hins vegar varð n. aldrei alveg endanlega sammála um það, hvernig skyldi koma fyrir þessari tekjuöflun, og ríkisstj. tók málið af mþn., áður en hún hafði gert þetta mál upp endanlega. Þetta einstaka atriði leysti svo ríkisstj. á þann hátt, sem nú er kunnugt, að hún ákvað að innheimta af allverulegum bifreiðainnflutningi 100% gjald af fob-verði bifreiða og mynda þannig sérstakan stuðningssjóð fyrir togaraútgerðina og greiða frá ágústbyrjun til ársloka hverju skipi 2 þús. kr. rekstrarstyrk á dag fyrir hvern sannaðan úthaldsdag skips.

Eftir því sem áætlað var um bifreiðainnflutning eða leyfisveitingar, þá var talið, að þessi skattur mundi gefa í tekjur í kringum 18 millj. kr. af þeim bifreiðaúthlutunum, sem fram fóru nú á þessu hausti. Hins vegar var nokkurn veginn sýnilegt mál, að styrkur til togaraútgerðarinnar samkvæmt þessari leið mundi ekki geta orðið fram að áramótum hærri upphæð en 10—11 millj. kr. Það var því nokkurn veginn gefið mál, að um áramót mundi verða eftir í þessum sjóði nokkur fúlga, sem þá væri óráð-

stafað, því að þessi bráðabirgðaráðstöfun ríkisstj. átti ekki að ná nema fram að áramótum.

Í ágústbyrjun í sumar, þegar togaraeigendur höfðu gert samninga við sjómannafélögin um ný kjör á togurunum fyrir háseta og sú deila, sem þar hafði staðið um hríð, var að fullu leyst og þegar ríkisstj. gaf út sín brbl., sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar, um þennan stuðning við togaraútgerðina, þá hófu flest skipin rekstur að nýju, eftir að hafa þá legið, sum rúmlega 5 mánuði, en flest þeirra um 2—3 mánaða tíma, og því er ekki að neita, að togaraútgerðarmenn gerðu sér þá vonir um það, að þegar Alþ. kæmi saman, yrðu þessi mál öll tekin til nýrrar athugunar, þar sem sýnilegt var, að ríkisstj. leysti málið aðeins til bráðabirgða rétt fram að áramótum, og þá yrði nú væntanlega þetta mál leyst fyrir togaraútgerðina þannig, að segja mætti, að það væri einhver rekstrargrundvöllur fyrir togaraútgerð á Íslandi. En það hefur gengið seint með afgreiðslu þessa máls, eins og alþm. vita, og nú hefur þessu máli ekki þokað lengra áleiðis en svo, að ætlunin er að framlengja þá bráðabirgðaráðstöfun, sem ríkisstj. leysti málið með í ágústbyrjun s. l. sumar, að framlengja ákvæðin um bifreiðaskattinn og ákvæðin um það að greiða hverju skipi 2 þús. kr. rekstrarstyrk á dag út næsta ár, og einnig er nú bætt við að veita formlegan frest á afborgunum skipanna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins.

Á það hefur verið bent, að þessi 2 þús. kr. rekstrarstyrkur á dag geri lítið betur en að vega upp á móti þeim launahækkunum, sem um var samið á s. l. sumri til togaraháseta, og má því segja, að rekstrarafkoma skipanna sé álíka illa stödd eftir þessar bætur eins og mþn. í togaramálum hafði lýst að rekstur skipanna væri raunverulega, miðað við afkomuna 1953. En auk þess er svo rétt að benda á það, að reynslan af árinu í ár, 1954, sýnir það alveg ótvírætt, að afkoma skipanna nú á þessu ári er lakari en hún var árið 1953, sem mþn. lagði til grundvallar sinni athugun.

Það er því skoðun mín, að þessi bráðabirgðalausn, sem hér er gert ráð fyrir að framlengja nú að nýju, leysi þann mikla vanda, sem hér er við að stríða, ekki á neinn hátt. Hún vitanlega dregur nokkuð úr hinu mikla tapi, sem á skipunum er, en þessi úrlausn tryggir það á engan hátt, að skipunum verði haldið út allt næsta ár.

Ég veit, að það er álit togaraeigenda, að það geti ekki farið öðruvísi en svo, að ef ekki eigi annað til að koma heldur en þessar ráðstafanir, þá muni skipin á næsta ári eins og þessu ári, sem nú stendur enn yfir, byrja strax á vetrarvertíðinni að tínast úr leik og leggjast, og síðan leggjast þau öll, þegar kemur fram á sumarið. Ég hélt satt að segja, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. væri búið að fá nóg af því að sjá fram á það, hvernig gengur með þennan þýðingarmikla þátt í atvinnulífi landsmanna, til þess að ekki væri óskað eftir því, að til nýrrar rekstrarstöðvunar hlyti að draga.

Ég hef því tekið þá afstöðu í sjútvn., sem hefur haft þetta mál til athugunar, að ég að vísu lýsi mig samþykkan till. n. um framlengingu á því, sem verið hefur í þessum efnum, og þeirri litlu viðbót, sem þar kemur fram. Ég tel, að eins og sakir standa sé réttmætt að skattleggja bifreiðainnflutninginn og verja þeim skatti, sem þannig fæst, til þess að halda togaraútgerðinni í gangi, fyrst ekki getur orðið samkomulag um neinar aðrar leiðir til úrlausnar þessu vandamáli, en hins vegar tel ég rétt að leggja hér fram till., sem ná mun lengra að því marki að leysa þetta vandamál. Ég hef því flutt hér nokkrar brtt. á þskj. 280.

Fyrsta brtt. mín felur það í sér, að auk þessa bifreiðagjalds, sem nú hefur verið lagt í sérstakan sjóð til þess að styðja togaraútgerðina, skuli einnig renna í þann sjóð dýrtíðarsjóðsgjald, sem innheimt er af bifreiðum samkvæmt l. nr. 112 frá árinu 1950. En eins og hv. alþm. er kunnugt, þá er innheimt enn þá svonefnt dýrtíðarsjóðsgjald af bifreiðum, sem nemur 35% af fob-verði bifreiða. Þetta gjald var á sínum tíma lagt á til þess að standa undir greiðslum ríkissjóðs vegna sjávarútvegsins, en ríkissjóður hefur haldið þessu gjaldi enn, þó að hins vegar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings útgerðinni séu horfnar. Ríkissjóður hefur að vísu á nokkrum undanförnum árum sáralitlar tekjur haft af þessu gjaldi, vegna þess að um lítinn bifreiðainnflutning hefur verið að ræða. En nú, þegar sú leið er valin til þess að styðja togaraútgerðina að leyfa allverulegan innflutning á bifreiðum, þá fær ríkissjóður, með því að þetta ákvæði er enn í gildi, á þennan hátt verulega auknar tekjur. Það virðist ekki vera nein ástæða til þess, eins og fjárhag ríkisins er komið, þó að sú leið sé nú valin til þess að styðja togaraútgerðina að skattleggja innflutning á bifreiðum, þá hagnist ríkissjóður á gömlum lagaákvæðum stórlega við það, að þessi leið er valin. Það virðist því vera fyllilega eðlilegt, að ríkissjóður gefi eftir þetta gjald og láti það renna í þennan sjóð, sem á að ganga til styrktar togurunum, og að um leið verði ákveðið, að styrkurinn til togaranna verði hækkaður.

Í till. minni geri ég ráð fyrir, að dýrtíðarsjóðsgjald, sem innheimt er árið 1954, þ. e. á yfirstandandi ári, á næsta ári, 1955, og þar næsta, 1956, renni allt í þennan sjóð. Ég hef miðað þetta við þessi þrjú ár vegna þess, að dýrtíðarsjóðsgjaldstekjur falla nær eingöngu til á þessu ári, 1954, í lok ársins, af þeim bifreiðainnflutningi, sem þá var samþykktur, eftir að var ákveðið að grípa til þessarar leiðar í sambandi við lausn á togaramálunum.

Þær dýrtíðarsjóðstekjur, sem yrðu á næsta ári, 1955, yrðu líka allar vegna bifreiðainnflutnings, sem beinlínis hefur orðið til vegna þessara ákvæða. En ég tel rétt að hafa árið 1956 einnig með, af því að dýrtíðarsjóðsgjaldið er alltaf innheimt nokkru seinna en leyfin eru gefin út, og ég býst við því, að leyfi til innflutnings á bifreiðum verði veitt fram eftir næsta ári, en þær bifreiðar koma ekki allar til landsins fyrr en á árinu 1956, og tel því rétt að ákveða það líka, að þetta dýrtíðarsjóðsgjald renni allt í þennan styrktarsjóð togaranna. Ég áætla, að dýrtíðarsjóðsgjaldið af þeirri bílaúthlutun, sem ákveðin var nú á þessu hausti

og ráðgert er að leyfa aftur á næsta ári, — en það er a. m. k. jafnmikill innflutningur á bifreiðum og nú var samþykktur í haust, — muni nema allt að 12 millj. kr. af þessum innflutningi.

Í beinu framhaldi af þessu legg ég svo til, að í staðinn fyrir þau ákvæði í frv., sem nú liggur hér fyrir, þar sem ákveðið er að greiða hverjum togara 2 þús. kr. rekstrarstyrk á dag, þá verði ákveðið að greiða hverju skipi 3 þús. kr. rekstrarstyrk á dag, og það er því að mínum dómi fyllilega öruggt, að hægt á að vera að greiða hverju skipi úr sjóðnum þessa upphæð, án þess að til þess komi, að ríkissjóður þurfi að leggja nokkurn hlut fram í þessu efni til stuðnings togurunum. En það er rétt, að ríkissjóður missir auðvitað þann möguleika, sem hann hefur nú til þess að afla sér þessarar nýju tekjulindar, sem l. heimila honum enn.

Ég vil benda á það, að þó að þessi till. mín yrði samþykkt, þá mundi tekjuhækkun togaranna samt sem áður ekki ná því marki, sem mþn. í togaramálum taldi óhjákvæmilegt að ná, ef ætti að tryggja sæmilega afkomu skipanna.

Þá hef ég á þessu sama þskj. lagt til, að lögbundin yrði nokkur lækkun á olíuverði til togaranna, og ég miða till. mína við það, að fyrirskipuð yrði lækkun um 50 kr. á tonn af þeirri olíutegund, sem togararnir aðallega nota. Mþn. í togaramálum hafði fallizt á fyrir sitt leyti að leggja til, að olíuverðið yrði lækkað um 30 kr. á tonn, en 30 kr. á tonn var einmitt sá afsláttur, sem sum olíufélögin veittu togurunum á s. l. ári. Eitt olíufélagið veitti 30 kr. afslátt, en aðeins í því formi, að það greiddi þennan afslátt í skuldabréfum, sem eru til langs tíma og koma því skipunum ekki til góða núna í yfirstandandi rekstrarörðugleikum þeirra. Hin tvö olíufélögin greiddu hins vegar til baka 20 kr. á hvert tonn, en þessi niðurstaða olíufélaganna sannaði það alveg ótvírætt, að þau gátu veitt nokkurn afslátt af því verði, sem þau hafa skráð á olíum. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, eftir að hafa athugað allvel reikninga þá, sem olíufélögin hafa lagt fyrir, og það, sem hægt hefur verið að afla sér annars staðar frá um möguleika til þess að lækka olíuverðið, að það mundi veitast olíufélögunum létt að standa undir þessari lækkun, þó að ákveðin væri 50 kr. lækkun á hvert tonn af togaraolíum, en slík lækkun mundi þýða minnkuð rekstrarútgjöld hjá hverjum togara um 100 þús. kr. á ári.

Þá legg ég einnig til, að ákveðið verði, að vextir af afurðalánum sjávarútvegsins verði lækkaðir í 2½%. Þessir vextir eru nú 5 og 5½%. Ég hef áður fært rök fyrir þessu hér á Alþ. og skal nú ekki endurtaka það nema að litlu leyti, en þó benda á þá staðreynd, að annar þeirra banka, sem nú eiga aðallega viðskipti við sjávarútveginn, tekur að vísu að forminu til af sínum viðskiptamönnum 5% vexti af þeim afurðalánum, sem hann veitir þeim, og 5½% þegar um framlengingu er að ræða, en þessi banki — þetta er Útvegsbankinn — endurselur þessa afurðavíxla samstundis til Landsbankans og verður að greiða honum 4½% í vexti af þessum víxlum. Útvegsbankinn fær því fyrir að veita afurðalánin, fyrir alla sína vinnu í sambandi við að veita þau, innheimta þau og bera ábyrgð á þeim, ½% í sinn hlut. Hann stendur undir þessu með miklum sóma og hefur ekkert kveinkað sér undan því, en hins vegar hagnast seðlabankinn alveg stórkostlega á þessari starfsemi og hrúgar nú upp gróða árlega vegna þessara háu vaxta, sem hann heldur á afurðalánunum. Það virðist engin ástæða vera til þess að leyfa þetta lengur, og það er alveg vitað mál, að ef þarna yrði slakað til á þessum vaxtagjöldum, þá væri hægt að hækka fiskverð allt í landinu, bæði til báta og til togara, að verulegum mun frá því, sem nú er, því að vextirnir af þessum geysilega háu afurðalánum eru tilfinnanlegir.

Þá legg ég einnig til í till. mínum á þskj. 280, að ákveðið verði að lækka farmgjöld íslenzkra skipa á framleiðsluvörum sjávarútvegsins um 20% frá því, sem þau voru árið 1954. Ég veit, að það er öllum alþm. vel ljóst, að skipafélögin, Eimskipafélagið og Sambandsskipin, en það eru þau, sem skipta hér langmestu máli, hafa búið við verulega hagstæða afkomu á undanförnum árum. Það er ekki að efast um það, að Sambandið, sem hefur nú drifið upp mjög myndarlegan skipastól á tiltölulega stuttum tíma án þess að þurfa að kalla eftir verulegum fjármunum frá meðlimum sínum, hefur ekki getað gert þetta nema af því, að þeir hafa haft góðan rekstur, og þeir hafa ekki þénað á öðru en því að flytja vörur til landsins og að flytja afurðir landsmanna á erlendan markað. Eimskipafélagið hefur líka sýnt, að það hefur grætt verulega mikið. Ég tel því, að þegar svo stendur á um afkomu sjávarútvegsins eins og kunnugt er, að framleiðslutækin eru almennt rekin með tapi, þá sé full ástæða til þess að skylda þessa aðila a. m. k. í eitt ár til reynslu til þess að lækka nokkuð sín háu farmgjöld og skapa á þann hátt möguleika til þess, að hægt væri að hækka fiskverðið.

Mér er það ljóst, að þó að þessar till. mínar yrðu allar samþykktar, þá er það enn ekki tryggt, að rekstur togaranna sé orðinn hallalaus, en það mun þó láta nokkuð nærri því, að það megi búast við, að meðalskipið sé búið að ná jöfnuði í sínum rekstri, og ég held, að væru þó stigin þessi skref í þessa átt, þá mætti fyllilega búast við því á eftir, að vandamál togaraútgerðarinnar yrðu tekin þeim tökum, að búast mætti við því, að þau væru leyst til nokkurrar frambúðar.

Í þessu efni þykir mér rétt að benda á það, að togaraeigendur hafa nýlega gert samþykkt um að stöðva allan togaraflotann um næstu áramót, ef þeir hafi ekki fyrir þann tíma fengið samkomulag við stjórnarvöld landsins um viðhlítandi rekstrargrundvöll fyrir skipin. Till. um þetta efni hefur verið borin undir allar togaraútgerðir í landinu, og þær hafa staðfest þetta. Það er þó alveg vitað mál, að það grípur enginn til þess að þurfa að stöðva rekstur skipanna nema alveg til neyddur, því að það er miklum vandkvæðum bundið að ráðast í slíkt. Hitt er líka alveg augljóst mál, að ríkisheildin þolir það ekki nema tiltölulega stuttan tíma, að togarafloti landsmanna leggist allur. Framleiðsla tog-

aranna hefur á undanförnum árum numið álika hárri gjaldeyrisupphæð fyrir þjóðarheildina eins og framleiðsla alls bátaflotans. Það er því alveg augljóst mál, að verulega stöðvun í rekstri togaranna geta landsmenn ekki þolað.

Ég óttast það að nokkru, að ýmsir hv. alþm. haldi enn, að margir togaraeigendur beri sig um of illa í þessu efni og vilji nú ganga eftir því við ríkisvaldið, að það styrki togararekstur-inn eins og ríkið verði að styrkja ýmsan annan rekstur í landinu, og þeir haldi, að það sé hægt að komast af, eins og oft er sagt, með minni fjárhæðir en eigendur skipanna sjálfir leggja til. En það er alveg óhjákvæmilegt eins og nú er komið, að þeir alþm., sem efast í þessu efni, leggi það þá á sig að kynna sér þessi mál. Hér á Alþ. hefur verið kosin 7 manna n. úr öllum flokkum til þess að rannsaka málin. Athugun n. liggur fyrir, og afkoma togaranna hefur sannarlega sagt til sín hverjum sjáandi manni í landinu. Það er þó síður en svo, eins og ég ætla að flestir hafi þegar áttað sig á, að togaraútgerðin sé í sjálfu sér nokkur vandræðarekstur fyrir þjóðarbúið. Ástæðan til þess, að togararnir búa við þetta knappan rekstur, er sú, að togararnir fá fyrir sinn fisk 85 aura fyrir kg af þorskinum t. d., þegar bátaútvegurinn fær kr. 1.35—1.40 fyrir hvert kg, þó að hvert kg af togarafiski sé selt á sömu markaði og fyrir sama verð og í sömu umbúðum og eins unnið á allan hátt og fiskur bátanna. Það er enginn greinarmunur gerður á þessum fiski á hinum erlenda markaði. Hvor tveggja aflinn er þar seldur á sama verði. En bátaflotinn hefur hins vegar verð, sem samsvarar kr. 1.35—1.40 fyrir hvert kg, en togararnir aðeins 85 aura fyrir kg. Þessi gífurlegi mismunur hlýtur að koma fram í því, að togararnir ná ekki saman endum með rekstrargjöld og tekjur.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín öllu lengri. Ég hef lýst því, að ég er að vísu fylgjandi þeim brtt., sem sjútvn. sem heild leggur til að gerðar verði á frv. Þær eru vissulega til bóta, en þær eru ófullnægjandi, eins og ég hef lýst. Ef það væri að vísu meining hæstv. ríkisstj. í þessu máli að gera nú fyrir þinghléið aðeins bráðabirgðalausn á málinu, en hins vegar væri það alveg skýlaus yfirlýsing hennar, að hún ætli sér að taka þetta mál til fyllri lausnar strax að þinghléinu loknu, þá vitanlega kemur til mála að láta bíða að bera upp sínar viðaukatill., en hugsi ríkisstj. sér, að málið sé leyst með þessari leið, sem hér liggur fyrir, frá hennar hálfu, þá er það mikill misskilningur; það getur ekki leyst þann vanda, sem þjóðarheildin stendur frammi fyrir í sambandi við rekstur togaraflotans.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til 2. umr., var lagt fyrir þessa hv. d. í upphafi þings, og það hefur þess vegna tekið rúma tvo mánuði eða tvo og hálfan mánuð að þoka málinu þetta áleiðis. Þær breytingar, sem hv. sjútvn. gerir á frv. ríkisstj., eru hins vegar ekki mjög veigamiklar. Það er sú aðalbreyting þar, að 2000 kr. styrkurinn, sem settur var á með bráðabirgðalögum á miðju þessu ári, er framlengdur til ársloka 1955, og síðan er tekið upp eitt atriði úr till. milliþn., sem sjútvn. fékk til athugunar, en n. virðist ekki hafa séð sér fært að taka upp úr þeim fleiri till. en þá, sem hér er nefnd og fer í þá átt að fresta stofnlánagreiðslum togaraeigenda um tvö ár. Till. milliþn. voru hins vegar allmiklu fleiri, eins og lýst var hér við 1. umr. þessa máls, og skal ég ekki fara frekar út í að telja þær upp. En ég er þeirrar skoðunar, að meðal þeirra till. séu ýmis atriði það þýðingarmikil, að það hefði vissulega verið athugavert fyrir n., hvort hún hefði ekki getað tekið upp einhverjar fleiri af þeim till.

Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, sem hér talaði, hv. 11. landsk. þm., um það, að þessar till., sem hv. sjútvn. gerir, koma hvergi nærri að fullu gagni. Þær nægja ekki til þess að rekstrarjöfnuður fáist á reikningum togaranna. En ég vil leyfa mér að skoða þær till., sem hér eru bornar fram, sem byrjunaraðgerðir í málinu og að það muni fleira á eftir koma. Það eru sumar af þeim till., sem milliþn. hafði til meðferðar á sínum tíma í sumar, þannig vaxnar, að þeim kannske verður hrundið í framkvæmd án lagasetningar, með því að ríkisstj. beiti sér fyrir vissum aðgerðum, ef hún þá gerir það, og mætti e. t. v. segja, að árangurinn yrði ekki lakari fyrir því, þó að lagasetningarformið væri ekki notað, heldur áhrifum ríkisstj. beitt til þess að koma málinu fram á annan hátt. Og ég leyfi mér að skilja þær till., sem hér eru uppi, á þann veg, að þær séu byrjun á öðrum og meiri aðgerðum, bæði kannske lagalegum og framkvæmdum á annan hátt, sem hæstv. ríkisstj. hafi þá í huga að gera í framhaldi af því, sem hér er borið fram.

Um afkomu togaranna almennt skal ég ekki fara að ræða aftur nú. Ég gerði það við 1. umr. þessa máls, og þeir, sem talað hafa hér á undan mér, hafa vikið nokkuð að því, svo að það er engin ástæða til þess. En ég vil þó aðeins nefna, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta mál, þá virðist svo sem sú rekstrarafkoma, meðaltals rekstrarafkoma, sem mþn. komst að að væri fyrir hendi þegar hún starfaði, fyrir árið 1953, hafi enn versnað á árinu 1954. Við gerðum í n. lauslega athugun á afkomu nokkurra skipa, örfárra, mig minnir rúmlega 10 skipa, á þeim tíma ársins, sem liðinn var þegar n. starfaði, og komumst að þeirri niðurstöðu þá, að afkoman fyrir þetta tímabil væri sýnu lakari en hún hefði verið á árinu 1953. Við þetta bætist svo sem kunnugt er sú hækkun, sem orðið hefur á launakjörum þeirra manna, sem vinna á skipunum, sem er lágt metin á 300 þús. kr. og sennilega nær, þó frekar hátt, á 400 þús. kr., þegar öll kurl eru þar komin til grafar. Þetta er náttúrlega enn ein ástæðan til þess, að hraða verður þeim aðgerðum, sem gerðar verða til þess að koma hlutunum aftur á réttan grundvöll.

Ég er alveg sammála því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði í lok sinnar ræðu áðan, að ekki væri óeðlilegt, að það væri tekið eitthvað til athugunar það kerfi, sem byggist á því að borga fyrir sömu vöruna 85 aura til togaranna, en kr. 1.35—1.40 til bátanna.

Ég flutti á sínum tíma till. til þál. á þskj. 35 um nokkra aðstoð við togaraútgerðina. Ég sé, að hv. sjútvn. hefur tekið upp eitt af þeim atriðum, sem þar er minnzt á, og ég er henni út af fyrir sig þakklátur fyrir það, þ. e. a. s. frestun á afborganagreiðslum af stofnlánum togaranna. 4. till. á því þskj., sem ég flutti, snertir vissan flokk togaraútgerðarinnar, sem mér virðist hafa orðið harðara úti en aðrir venjulegir togarar. Þegar við erum hér að tala um afkomu togaranna, þá er venjulegast átt við þá togara, sem fyrstir komu hingað til landsins að styrjöldinni lokinni, 33 að tölu, sem þá voru fengnir, og afkoma togaraflotans er þá jafnan miðuð við þá. Hins vegar voru síðar fengnir hingað 10 togarar, sem urðu mjög miklu dýrari en þeir fyrri, og það hefur af þeim sökum gengið miklu verr að láta endana ná saman hjá þeim heldur en þeim eldri, vegna þess að vaxtabyrðin hefur þar verið þyngri, vátrygging hærri og ýmis önnur útgjöld, sem hafa komið til, eru þyngri í skauti útgerðarmanni þeirra togara heldur en hinna eldri. Þar við bætist svo, að sú tekjulind, sem átti að vega á móti þessum auknu útgjöldum, fiskimjölsvinnslan um borð í skipunum, hefur gersamlega brugðizt og það svo, að teknar hafa verið, eftir því sem ég bezt veit, flestar eða allar fiskimjölsverksmiðjurnar í land úr togurunum og hætt að nota þær. Ég leyfði mér þess vegna að flytja sem síðustu till. í þessari þáltill. minni í haust sérstaka till. um það, að reynt yrði að greiða götu þeirra manna, sem þannig hafa orðið harðar úti en nokkrir aðrir, þeir sem togararekstur hafa stundað, og lagði þá til, að ríkisstj. yrði heimilað að lækka eitthvað söluverð þessara skipa með hliðsjón af því, að fiskimjölsvélarnar hefðu brugðizt, og yrði þá verð þeirra og ýmis annar kostnaður, sem við þær var bundinn, lagður þar til grundvallar. Á hvern hátt þetta yrði gert, skal ég ekki segja, en vísast yrði það að vera á þann veg, að þetta yrði að koma sem hreint framlag ríkissjóðs.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að svo stöddu. Ég er samþykkur þeim till., sem hér hafa verið lagðar fram, bæði frá sjútvn. og eins frá hv. 11. landsk. En mig langaði í sambandi við þetta eina atriði, sem ég minntist á nú síðast, afkomu nýjustu togaranna, til þess að leggja hér fram skriflega brtt., sem mjög svipar til þeirrar till. nr. 4, sem fólst í till. minum á þskj. 35. Brtt. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstj. er heimilt að lækka söluverð nýjustu togaranna með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að nota fiskimjölsvélar þeirra.“

Eins og ég segi, skil ég það svo, að ef aðeins verða samþ. í þessu máli till. sjútvn. eða svipaðar eða lítið eitt auknar aðeins, þá þýðir það það, að hæstv. ríkisstj. telji þetta aðeins sem byrjun á aðgerðum í málinu, því að mér er ljóst, að þær einar duga ekki til þess að halda togaraflotanum gangandi, þótt útgerðarmenn séu þar allir af vilja gerðir.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari skriflegu breytingartillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 293) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Hlutverk togaranefndarinnar var fyrst og fremst það að kynna sér rekstur togaraútgerðarinnar og gefa um það greinilega skýrslu, hvernig hag hennar væri komið nú, eftir þeim gögnum, er nefndin gæti í hendur fengið í þeim efnum. Svo var hitt hlutverk hennar, ef hún teldi sér það fært, að leggja fram till. til úrbóta, til þess að rétta við reksturinn, sem þá stóð svo höllum fæti, að við lá, að togaraútgerðin yrði að hætta rekstrinum, enda stöðvuðust margir togarar um skeið meðan málið var í rannsókn. Það álit, sem n. hefur látið frá sér, er nú orðið opinbert plagg, og allir eiga aðgang að því, sem vilja kynna sér málið. Hinn liðurinn í hlutverki hennar, að skila till., er hins vegar ekki opinbert plagg. En eins og komið hefur fram, bæði í ræðu og riti, ræddi n. talsvert mikið um till. til úrbóta og gat komið sér saman um nokkrar tillögur í þeim efnum, en ekki varð samkomulag um allar tillögur, sem fram komu. Þessar till. hafa ekki verið gerðar opinberar, en hins vegar hafa þær verið sendar ríkisstj., henni til athugunar og leiðbeiningar, ef hún kysi að fara eftir þeim.

Eins og fram kemur í skýrslunni, taldi n., að árlegt meðaltap togaranna mundi vera um 950 þús. kr. Ég hygg, að eftir því sem um er að gera, muni sú niðurstaða n. um afkomu togaranna vera eins rétt og yfirleitt er hægt að búast við af slíkri rannsókn eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Það ár, sem var lagt til grundvallar, eins og kunnugt er, var árið 1953. Ég efast ekki um, að niðurstaðan sé í aðalatriðum rétt. Menn verða að gera sér það ljóst, að sú tala, sem hér er átt við, er meðaltala. Töpin hjá sumum skipum eru langt fyrir ofan meðaltölu og hjá öðrum langt fyrir neðan, eins og gengur. En það er ekki hægt að bera fram álit á öðrum grundvelli í slíkum málum sem þessu.

Meðalrekstrartap, eins og hv. 11. landsk. (LJós) gat um í sinni ræðu, taldi n. að mundi vera 400 þús. kr. á ári. Við það vildi hún svo bæta fyrningu, 250 þús. kr., vegna þess að hún taldi, að ef skip gætu ekki reiknað sér fyrningu í rekstri sínum, þá væri ekki um heilbrigðan rekstur að ræða. Hér var þó ekki um að ræða nema 250 þús. kr. fyrningu á skip á ári, sem verður að teljast lág fjárhæð, a. m. k. af nýjustu togurunum.

Til viðbótar þessu taldi svo n., að ekki yrði hjá því komizt að hækka laun skipverja, enda var ástandið þá orðið svo á togurunum, að ekki var hægt að koma skipunum út nema með harmkvælum, ef svo mætti segja, og einstök skip urðu að liggja í landi vikum saman vegna þess, að háseta skorti á skipin.

Það eru þá þessir þrír meginliðir, sem renna undir tapið, sem n. áætlaði, 950 þús. kr., þ. e. meðalrekstrartap 400 þús. kr., fyrning 250 þús. kr. og kauphækkun skipverja 300 þús. kr.

Nú hefur það farið svo, eins og kunnugt er, eftir þá athugun, sem ríkisstj. hefur gert á þessu máli, að hún hefur ákveðið að tryggja skipunum 2000 kr. rekstrarstyrk á dag þá daga, sem skip-

unum er haldið úti. Ef ég man rétt, þá reiknaði n. með því, að fjöldi úthaldsdaga á skipunum væri 310 dagar. Með því að reikna skipunum 2000 kr. á dag í styrk, þá er þar tryggt af ríkisstj. rúmlega 600 þús. kr. á skip, ef talið er, að skipunum sé haldið úti um 300 daga, eins og gera má ráð fyrir að sé, ef sæmileg aflaskilyrði eru og ekkert sérstakt, sem truflar reksturinn.

Ríkisstj. hefur þá lagt fram um 600 þús. kr. af þeim 950 þús. kr., sem n. áætlaði að væri meðalrekstrartap á skipunum. Nú má deila um það, og ég hef orðið var við, að sumir halda því fram, að ekki sé ástæða til þess, að ríkið eða það opinbera sé að greiða skipunum fyrningu, því að það sé í sjálfu sér tölulegt tap, sem þar komi fram. Að vísu verð ég að segja, að ég get fyrir mitt leyti ekki samþykkt það, að hér sé algerlega um tölulegt tap að ræða, vegna þess að á ákveðnum fresti verða þessi skip að fara til viðgerðar. Þegar þau fara til meginviðgerðar, í klössun, kostar það stórfé. Ef skipin hafa ekki til þess fé fyrir hendi, verða þau að taka það að láni hjá lánardrottnum sínum. Að öðrum kosti verður ekki skipið dæmt sjófært. En ef nú fallizt er á þá staðhæfingu þrátt fyrir þetta, að líta mætti á þetta sem tölulegt tap, þá skortir þó enn 100 þús. kr. á það, að náð sé þeirri tölu, sem n. taldi að væri meðaltap.

En þetta mál, eins og nú er komið, er þó ekki alveg eins einfalt og það lítur út fyrir með þessum tölum, sem ég nú nefndi, að á skorti 100 þús. kr. að viðbættu fyrningargjaldinu. Ef svo væri, mætti ætla, að ekki væri frágangssök fyrir togaraflotann að halda áfram rekstri og treysta þá guði og lukkunni, að tíðarfarið væri sæmilegt og afli góður. En það eru tvö meginatriði, sem enn koma til greina, atriði, sem hafa komið fram að verulegu leyti síðan n. samdi áætlun sína. Í fyrsta lagi er það, að við hásetana var samið á hærri grundvelli en n. gerði ráð fyrir. N. gerði ráð fyrir því, að ekki mundi þurfa að fara lengra í kjarabótum til háseta eða skipsmanna en næmi 300 þús. kr. á skip. Það hefur ekki verið gert upp nákvæmlega, hvað sú hækkun er mikil, sem um var samið, en ég hef heyrt mjög glögga útgerðarmenn fullyrða, að hún sé ekki undir 450 þús. kr. á skip. Sumir vilja halda fram, að hún muni geta numið um 500 þús. kr. á skip, þessi kauphækkun, sem samþ. var eftir að n. gaf út sitt álit. Ef þetta er rétt, þá munar þarna 150—200 þús. kr. frá þeirri áætlun, sem n. gerði á sínum tíma.

Annað meginatriði, sem þarna kemur til greina, er það, sem að vísu verður ekki mælt með tölum, en ég hygg að ekki verði á móti mælt, að árið 1954 hefur verið miklu óhagstæðara fyrir togaraútgerðina heldur en það ár, sem n. lagði til grundvallar, 1953. — Það er kannske aðallega tvennt, sem þar kemur til greina, fyrir utan það óhagræði, sem stafaði af manneklu í byrjun ársins, en það eru lélegri aflabrögð að verulegu leyti og stirðari veðrátta, sérstaklega síðari hluta árs. Allir útgerðarmenn, sem ég hef talað við — þó að rétt sé að taka það með nokkurri varúð, því að hér eru þeirra eigin hagsmunir, sem koma til greina, — telja óhikað, að afkoman sé mjög miklu verri á þessu ári en hún var 1953. Ef þetta er rétt, þá er að vísu skiljanlegt, að útgerðarmenn beri sig nokkuð illa nú, eins og sakir standa. Þó er ekki ástæða til þess að leggja mælikvarðann á það, hvernig útgerðin gengur hálft eða jafnvel heilt ár, því að vel getur brugðið til hins betra á skömmum tíma. En ég get skilið, að togaraútgerðarmenn beri sig illa, þegar ofan á raunir þeirra árið 1953 bætist svo mjög miklu hærra kaup á skipunum á þessu ári og lélegri afli. Hins vegar verð ég að viðurkenna, að það er erfitt fyrir ríkisstj. við þetta að eiga, — eða hvaða yfirvald sem væri, er ætti að bæta úr þeim erfiðleikum, sem hér er við að stríða. Það er erfitt fyrir hana að gera ráðstafanir, sem yrðu að breytast með stuttu millibili. Enginn er kominn til að segja, að það ástand, sem verið hefur á þessu ári, verði einnig á því næsta. Það getur vel verið, að afkoman verði miklu betri á næsta ári, og þess vegna er erfitt að gera ráðstafanir sitt á hvað, eftir því sem vindurinn blæs. Hins vegar sýnir þetta, hversu mikið vandamál þetta er í eðli sínu, og það sýnir einnig, hvað útgerðin stendur nú orðið höllum fæti eftir langvarandi rekstrartap. Hún getur ekki lengur tekið á móti neinum áföllum. En ef sniða ætti mælikvarðann eftir þeirri stundarafkomu, sem nú er, þá mundi ríkisstj. verða að láta aðra rannsókn fara fram til þess að gera sér grein fyrir, hvernig afkoman hefur verið á þessu ári, sem svo mjög er kvartað undan. En slík rannsókn verður ekki gerð fyrir jól; það er öllum ljóst. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, til þess að sú aðstoð geti verið í gildi, sem ríkisstj. með brbl. hefur veitt togaraútgerðinni, að samþykkja þessi brbl. fyrir nýár. Ég veit, að öllum hv. þm. er það ljóst. Hins vegar get ég ekki séð, að það útiloki, að aðrar ráðstafanir verði gerðar eftir nýárið, ef sýnilegt er, að ekki verði hjá því komizt.

Ég vildi mæla með því, að till. sjútvn. verði samþ. eins og þær liggja fyrir og að ekki verði aðrar brtt. samþykktar að svo stöddu. Ég sé, að hún hefur tekið eina till. milliþn. inn í sitt álit, og er það vel farið. Og ég er henni sammála um það, að mjög er vafasamt, að hún hefði getað tekið aðrar till. n. inn í lagafrv. Þess vegna segi ég einnig, að ég tel ekki, að þær till., sem hv. 11. landsk. ber fram á þskj. 280, geti komizt inn í þetta frv. Þær eru ekki þannig vaxnar, að það sé hægt að knýja þær fram með lagasetningu. Með því að samþykkja, að aðstoðin hækki um 1000 kr. á dag, þarf ríkisstj. að sjálfsögðu að sjá sér fyrir tekjum á móti.

Það hefur oft verið deilt um verð á olíunni og haldið fram, að olíufélögin geti lækkað verðið á olíunni frá því, sem nú er. Það er kunnugt, að þau hafa árið sem leið greitt í uppbætur 20—30 kr. á tonn til viðskiptamanna sinna, og við það miðaði nefndin, þegar hún áætlaði, að 30 kr. lækkun á olíutonninu gæti orðið að raunveruleika. Það getur að vísu orðið enn, og eftir því sem mér skilst, eru líkindi til þess, að olíufélögin muni gefa afslátt af olíunni um áramótin, eins og gert var á síðasta ári.

Um vexti af afurðalánum sjávarútvegsins, að þeir skuli ekki vera hærri en 2½%, þá verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég álít ekki, að þingið eigi nokkurn tíma að taka fram fyrir

hendurnar á þjóðbankanum um það, hvaða vextir eigi að vera gildandi almennt í landinu, og ekki um vexti framleiðslunnar heldur. Hins vegar eru ýmsir möguleikar á því að koma slíkum málum fram með vingjarnlegum samningum milli stjórnarvaldanna og þjóðbankans.

Sama er að segja um flutningsgjöld á íslenzkum skipum. Mér finnst, að það væri of langt gengið, ef ætti að fara að setja það í lög, að þau skyldu lækka um ákveðinn hundraðshluta.

Ég er þeirrar skoðunar, að sá styrkur, sem togararnir fá nú, sé ekki nægilegur og að skipunum verði ekki haldið úti með 2000 kr. styrk á úthaldsdag. Ég er þeirrar skoðunar, að það verði ekki hjá því komizt þegar eftir nýárið að gera einhverjar raunhæfar ráðstafanir. Ég kalla það að vísu raunhæfar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, þó að þær séu að vissu leyti bráðabirgðaráðstafanir, en ég tel, að ekki verði komizt hjá því eftir nýárið að gera frekari ráðstafanir gagnvart togaraútgerðinni, svo að hún geti fengið nokkurn veginn öruggan starfsgrundvöll, ef við getum kallað nokkurn grundvöll öruggan í þessu landi fyrir atvinnugreinarnar eins og nú horfir við. En ég vænti þess, að ríkisstj. taki þetta mál til athugunar, eins og ég veit að hún mun gera. Þetta er mál, sem snertir alla þjóðina. Við eigum erfitt með að lifa í þessu landi, ef stórvirkustu atvinnutæki okkar geta ekki starfað, vegna þess að þau hafa ekki starfsgrundvöll til þess að standa á.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki neinu þýðingarmiklu við það að bæta, sem hér hefur verið sagt af hendi hv. meiri hl. sjútvn., og get einnig að mestu leyti gert ummæli hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv., að mínum ummælum.

Kjarni þessa máls er sá, að í lok síðasta Alþ. er skipuð hér af Alþ. n. til að rannsaka hag útvegsins og gera till. um úrræði til úrbóta fyrir útveginn, ef nefndin telur, að rannsókn leiði í ljós, að þess sé þörf. Í þessa nefnd veljast menn, sem flestir hafa mjög staðgóða þekkingu á högum útgerðarinnar og alla aðstöðu til að rannsaka það, sem rannsaka þarf í þeim efnum, m. a. þrír hv. alþm., sem allir eru meira og minna við útgerð riðnir og gerkunnugir högum útgerðarinnar, og á ég þar við hv. 3. þm. Reykv., Björn Ólafsson, hv. 5. landsk., Emil Jónsson, og hv. 11. landsk., Lúðvík Jósefsson. Þessi nefnd hefur, svo sem öllum hv. þm. er kunnugt, rannsakað málið, að því er þeir töldu til hlítar, eftir því sem atvik leyfðu, og gert ákveðnar till., sem nú eru orðnar heyrinkunnar, um úrræði til viðréttingar á hag útgerðarinnar. Þegar svo stjórnin vindur snögglega við og gerir þessar ráðstafanir, er vart búið að hleypa þeim af stokkunum, áður en upp rísa nýjar raddir og nýjar kröfur um ný úrræði og aukin framlög úr ríkissjóði til handa þessum atvinnurekstri.

Nú endurtek ég það, sem ég hef áður sagt hér í deild, að það vænir mig að sjálfsögðu enginn um það, að ég hafi ekki löngun til að halda á lofti réttindum togaraútgerðarinnar. Hitt er svo annað mál, að þegar jafnfróðir menn eins og ég hér nefndi — og hef þá sleppt nöfnum annarra manna, sem einnig hafa mikla þekkingu og eru valinkunnir heiðursmenn — bera fram till., þá getur enginn gert ráð fyrir því, þó að nokkrum mánuðum seinna komi aðrar skýrslur frá útgerðarmönnum sjálfum og meðan þær skýrslur hafa ekki verið krufðar til mergjar, annaðhvort af ríkisstj., þessari nefnd eða öðrum þar til færum mönnum, að stjórnin leggi þær til grundvallar fyrir sínum till. um ný og betri úrræði til framdráttar hagsmunum útgerðarinnar heldur en þessir hv. útgerðarmenn í n. sjálfir hafa gert.

Ef hv. 11. landsk., sem hér er að bera fram sérstakar till. um hækkaðan styrk, hefur ekki talið þörf á þessum styrk í ágústmánuði, þá getur hann ekki með rökum komið hér og staðið á þeirri kröfu, enda þótt honum takist að sýna fram á, að nokkrir mánuðir, sem liðnir eru frá því að hann gerði sínar till., hafi verið enn þá lélegri en mánuðirnir, sem hann miðaði við, m. a. vegna þess, að öll hans reynsla á útgerð og öll okkar reynsla á útgerð, sem höfum lengi við hana fengizt, er sú, að ef við ættum að bíða eftir þriðja tímabilinu núna, þá gæti vel verið, að það tímabil sannaði, að við ættum að fella niður allan styrk, sem hér er verið að fjalla um. Ég tek undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, með allri minni samúð með útgerðinni og velvilja í hennar garð, að það er ekki hægt að hringla með þetta eftir því, hvernig vindurinn blæs. Það er ekki hægt, vegna þess að ótíð hefur verið í haust og kannske einhver lélegri aflabrögð en vant er, eins og alltaf er annað veifið, — það er ekki hægt af þeim ástæðum að segja: Það er ekkert að marka það, sem þessir reyndu og valinkunnu útgerðarmenn sögðu í ágústmánuði. — Ég segi þess vegna, að mig skortir grundvöll undir það að bera fram eða styðja aðrar till. en útgerðarmennirnir Lúðvík Jósefsson, Björn Ólafsson og Emil Jónsson ráðlögðu mér að bera fram í ágústmánuði, enda þótt útgerðarmenn hafi nú sýnt aukið tap með því að miða sína reikninga við eitt ár, sem er ekki almanaksár, heldur ár frá 1. júlí 1953 til 1. júlí 1954. Ég veit vel, að það ár kemur verr út en árið 1953, og það getur vel verið, að þetta kæmi þó enn verst út, ef haustið í haust væri tekið sérstaklega. En ég get ekki af þessum ástæðum, þó að útgerðarmenn geti lagt fram slíka reikninga, sem ég ekki einu sinni hef haft neitt tækifæri til að endurskoða, látið sem Lúðvík Jósefsson og Björn Ólafsson og Emil Jónsson hafi ekkert vit á útgerð og till., sem þeir hafa verið að gera til mín, séu eintóm endaleysa. Það er ekki hægt að hringla með svona frá degi til dags. Þessir menn sýndu sinn góðvilja í garð útgerðarinnar, — góðvilja, sem ríkisstj. lagðist á sveif um að gera að veruleika með því m. a. að gefa það út í bráðabirgðalögum, að styrkur ríkisins útgerðinni til framdráttar væri miðaður við fyrningu. Ég er ekki alveg viss um það, þrátt fyrir þekkta kröfuhörku mína, sem sumir vilja halda á lofti, að ég hefði haft kjark í mér til að fara fram á í fyrsta skipti, sem togaraútgerðin nýtur styrks, að hún fengi fyrningu greidda úr ríkissjóði.

Ég viðurkenni alveg, að það er ekki heilbrigður atvinnurekstur, ef arður af atvinnurekstrinum megnar ekki að fyrna skipin, því að annars

lendir í feninu. En ég segi hitt, að meðan reynslutími fellur á um þetta, meðan ekki er útséð um, hvort nýir tímar færi útgerðinni betri afkomu, þá er ég í vafa um, að ég hefði haft kjark til þess að bera fram þessa kröfu. En ég undirstrika það, að ríkisstj. tók undir góðvilja Lúðvíks Jósefssonar, Björns Ólafssonar og Emils Jónssonar í garð útgerðarinnar með því að taka þessa till. um fyrningargjald úr ríkissjóði til greina, þegar hún ákvað styrkinn úr ríkissjóði. Hitt er svo annað mál, að í þessum till. nefndarinnar var miðað við, að útgerðin væri sjálf bær um að afla sér vissra fríðinda frá öðrum aðilum, og þau fríðindi áttu að nema milli 200 og 300 þús. kr. á ári, ef ég man rétt. Aðalliðurinn í þeim fríðindum var hækkun á karfaverði, og það er nú meira fyrir atbeina ríkisstj. heldur en fyrir framtak og dugnað útgerðarmannanna, að þeirri ósk hefur fengizt framgengt. Það er meira fyrir harðýlgi leynt og ljóst frá ríkisstj., að það tókst að hækka karfaverðið, heldur en útgerðin hafi gengið skelegglega fram í því. Og ég hygg, að sumir togararnir hafi þar fengið bætur, sem nema jafnvel allt að 100—150 þús. kr., þó að ég dragi í efa, að það sé meðaltalsupphæðin, sem má reikna með. Ég hygg, að hún væri nú kannske nær 70—80 þús., án þess að ég þori að staðhæfa um það.

Styrkur til togara úr ríkissjóði verður árlega 620—630 þús. kr. með 2000 kr. framlagi á útgerðardag. Við skulum segja, að karfinn geri 100 þús. Það eru 730 þús. af þeim 950, sem talið var þurfa, og þar af voru 250 þús. kr. fyrningargjaldið. Útgerðinni var svo sjálfri ætlað að reyna að semja um að fá lækkun á farmgjöldum á hraðfrystum fiski, sem kæmi útgerðinni til framdráttar, — reyna að fá lækkun á vátryggingum, sem þessir reyndu útgerðarmenn, Björn Ólafsson, Emil Jónsson og Lúðvík Jósefsson, töldu að útgerðin gæti fengið. Ég var nú orðinn svo gamall í hettunni, svo gamaldags og svo fjarri raunveruleikanum, að ég trúði aldrei á, að hægt væri að lækka vátryggingargjaldið með þessum úrræðum, sem á var bent. En þeir vissu betur, sem nú eru í þessu. Reyndin af því hefur að vísu ekki enn þá sannað þeirra dóm, heldur minn kvíða, en látum það liggja á milli hluta. Staðreyndin er, að ríkisstj. ætlaði með sínum aðgerðum að leggja á ríkissjóð að taka þátt í fyrningargjaldi upp á 250 þús. kr. á ári af þessum skipum. Það er fyrsta staðreyndin. Önnur staðreynd er, að eins og nú standa sakir verður að viðurkenna, að útgerðarmenn sjálfir hafa ekki verið bærir um að útvega þá lækkun, sem þeim var ætlað að útvega.

Ég endurtek, að af þeim 700 þús., sem með þarf, ef fyrningargjaldið er dregið frá, hefur ríkisstj. lagt til, að ríkið leggi fram 630 þús., og átt mikinn þátt í, að 100 þús. kr. hafa fengizt fyrir hækkað karfaverð. Þetta eru staðreyndirnar, og ég dreg ekki í efa, að um mig sé trúað, að ég hafi mikla löngun til þess að draga fram hag þessarar útgerðar, eftir því sem rök standa til og geta leyfir. En ég tel ekki, að í dag hafi ég nægjanlegar sannanir til þess að segja, að það, sem Lúðvík Jósefsson, Emil Jónsson og Björn Ólafsson sögðu mér fyrir þremur mánuðum, standist ekki vegna breyttra kringumstæðna. Og enn síður hef ég rök til þess að segja við þjóðina, að hún eigi að borga í nýjum sköttum þessa smávægilegu viðbót, sem þarna þarf, en er þó 1000 kr. á dag handa hverjum togara, þ. e. a. s. 315 þús. sinnum 43, eða yfir 13 millj. kr., sem þar þyrfti í viðbót. Mig skortir rök til að biðja þjóðina að leggja þetta fram í dag. Það getur vel verið, að þegar búið er að rannsaka þetta að nýju, þá verði ég neyddur til að biðja menn að vera með mér í nýjum kaffitolli eða sykurtolli, eða hvar þið viljið nú helzt leggja þetta á. Hitt eru náttúrlega engin úrræði, að gefa út lög og segja: Olían skal lækka — eða gefa út lög og segja: Fragtirnar skulu lækka. — Mig skortir líka rök fyrir því, að það sé hægt. Útgerðarmennirnir hafa sjálfir sagt mér, ýmsir þeirra, — að þeir hafi verið að rannsaka olíuverðið og ekki séð sér fært að rannsökuðu máli að standa á slíkri kröfu. Ég hef sjálfur fengið gögn í hendurnar frá sumum þeim félögum, sem flytja fiskinn, og þau færa sterklega fram þeirra sjónarmið, án þess að útgerðarmenn hafi hrakið þau rök.

Ég vil svo aðeins benda á það, að till. hv. 11. landsk. um, að dýrtíðarsjóðsgjaldið falli í þann sjóð, sem á að standa undir þessum greiðslum til togaranna, skipta að því leyti ekki meginmáli, að dýrtíðarsjóðsgjaldið af bílainnflutningnum gefur, ef allir atvinnubílstjórar eru undanþegnir gjaldinu, ekki nema um 2 millj. eða rúmar 2 millj. á ári. Og það verður ekki það, sem sker úr. Ég vil einnig segja þessum hv. þm., hv. 11. landsk., að þær tölur, sem útgerðarmenn hafa flutt mér frá honum, eru á misskilningi byggðar. Ég get sýnt honum þær skýrslur, sem fyrir liggja frá innflutningsskrifstofunni, um, hvað tekjurnar af þessum nýja skatti verði, og því miður er ekki auðið að líta jafnbjörtum augum á þá tekjuliði sem hann gerir. Ég verð þess vegna að lokum að segja það sem sjútvmrh. og maður gerkunnugur og velviljaður togaraútveginum, að mér þykir ríkisstj. hafa sýnt fullan skilning og mikinn velvilja í garð útgerðarinnar, og sem sjútvmrh. vil ég að menn viti, að það eru ekki frekar mínar till. heldur en annarra manna í ríkisstj., sem þarna hafa náð fram að ganga útveginum til framdráttar. Stjórnin hefur öll sýnt velvilja og mikinn skilning í þessum efnum.

Ég vil í öðru lagi segja, að þar til frekari gögn eru lögð á borðið en enn hefur verið gert, enda þótt ég sjálfur viti, að útgerðin gengur illa, tel ég mér hvorki fært að bera fram né samþykkja aðrar till. en þær, sem nú eru fluttar af hv. meiri hl. sjútvn. í samráði við ríkisstj. og til viðbótar við hennar frv. Og ég minni enn og að lokum á það, að menn mega ekki láta það villa sér sýn, þó að stund og stund, mánuð og mánuð eða ársfjórðung gangi verr en ella. Og ég endurtek það, sem ég áðan sagði, að alveg eins og útgerðarmenn telja, að seinustu mánuðir kalli á hálfrar annarrar milljónar styrk á ári, miðað við, að árið þar á undan kallaði ekki nema á 900 þús., þá gæti svo farið, að aukinn fiskafli, betra tíðarfar og hækkað verðlag gæti sýnt eftir næstu þrjá mánuði, að við þyrftum engan styrk. — Ég skal svo ekki hafa um

þetta fleiri orð. Ég vona, að þetta frv. megi ná fram að ganga nú áður en þingfresturinn verður, og skal því ekki tefja málið með frekari skýringum.

**Lúðvík Jósefsson:** Ég verð nú fyrst að segja það, að ég verð alltaf fyrir allmiklum vonbrigðum og allmjög hissa, þegar ég heyri hæstv. forsrh. tala um þessi mál. Hann tekur það að vísu jafnan fram, að það væni sig enginn hér um það, að hann vilji ekki togaraútgerðinni allt hið bezta, og það þurfi enginn að efast um það, að hann dragi yfirleitt fram öll hennar rök í málinu og vilji, að hennar hagur verði sem beztur, enda gætu menn nú haldið það, með þá sögu, sem hann á að baki í þeim málum. En ég fullyrði það, eftir að hafa hlustað á hann ræða um þessi mál nú nokkrum sinnum, að hann þarf alveg tilfinnanlega að kynna sér þessi mál, og hann þarf að ganga í skóla til einhverra manna, sem hafa komið nærri þessum málum nú um hríð og öðlazt þar mikla þekkingu fram yfir það, sem hann hefur nú í dag um afkomu togaranna. (**Forsrh.:** Ég efast nú um, að hv. þm. þekki þetta betur en ég.) Það er alveg greinilegt mál. Og það er nú alveg glöggt, sem ég skal nú víkja svolítið frekar að, að hæstv. forsrh. veður hér verulega í villu og svíma um það, hvernig ástandið er raunverulega. (Gripið fram í.) Ég skal nú koma svolítið nánar að því.

Meginuppistaðan í ræðu hæstv. forsrh. var það, að hann vildi leggja út af því, að ég og tveir aðrir þm. hefðum gefið ríkisstj. skýrslu í ágústmánuði, sem ríkisstj. hefði yfirleitt orðið við að öllu leyti, en svo kæmu útgerðarmenn síðar með aðra skýrslu og byggðu kröfur sínar á því. Hvernig víkur nú þessu við? Auðvitað var hæstv. forsrh. ekki hér við fyrri hluta þessarar umr. Hann var ekki hér við, þegar ég flutti mína ræðu, að ég hygg. Það kom a. m. k. ekki fram í hans ræðu, að hann hefði tekið neitt eftir þeim málflutningi, sem ég hafði hér. Ég byggði öll mín rök og byggi enn á þeirri skýrslu, sem milliþn. í togaramálum sendi frá sér. Ég sem forsvarsmaður togaranna að sumu leyti byggi allar mínar óskir og kröfur á niðurstöðum þeirrar nefndar, en engum síðari skýrslum frá togaraeigendum. Ég veit ósköp vel, að það eru ýmsir togaraeigendur, sem álíta, að hin raunverulega afkoma togaranna hafi verið öllu lakari en niðurstaða mþn. í togaramálum sagði til um. Ég hins vegar held mér algerlega við hana, og ég skal koma nánar að því, hverjar niðurstöður n. voru, en svo virðist vera sem hæstv. forsrh. hafi alls ekki gert sér það fyllilega ljóst. Hann túlkar málið þannig nú, að m. a. vegna þess, að það hafi verið ótíð í haust, séu menn nú með einhverjar aukakröfur í þessum efnum. Þetta er mesti misskilningur. Mþn. í togaramálum sagði, að reikningar togaranna fyrir árið 1953 hefðu sýnt það frá 31 skipi af 43 samtals í landinu, að það hefði verið beint rekstrartap 407 þús. kr. að meðaltali á skipi án allra afskrifta. Hins vegar benti n. á, að samkv. nánari athugun, sem hún hafi gert, hafi raunveruleg afkoma ársins 1953 verið lakari en þessi reikningsniðurstaða fyrirtækjanna sýnir, og hún skýrir það líka, af því að hún athugaði þetta vel, að inn á reikninga skipanna fyrir árið 1953 komu óeðlilega miklar tekjur af verðuppbót á saltfiski, sérstaklega frá árinu 1952. Nú vildi ég gjarnan fallast á það út af fyrir sig, af því að ég hef aldrei haft trú á því, að Alþingi færi svo nákvæmlega í þessi mál í sambandi við stuðning við togarana, að þessum mismun yrði sleppt og gert ráð fyrir því, að rekstrarhallinn að meðaltali hafi verið þessar 407 þús., þó að togaraeigendur segi með réttu, og ég veit það vel og öll mþn. viðurkennir það líka í grg. sinni, að árið 1953 skoðað eitt út af fyrir sig hafi af þessum ástæðum raunverulega sýnt lakari afkomu en reikningarnir fyrir það ár sýna.

Mþn. bætir því að vísu við, að henni þætti ekki óeðlilegt að reikna með 250 þús. kr. í afskriftir. Hæstv. forsrh. virðist nú vilja líta alveg fram hjá þeirri upphæð, eða að mestu. Það er þó að verulegu leyti rangt, vegna þess að útgjöldum togara er þannig háttað, að þar koma til útgjöld í sambandi við fyrningu, eðlileg útgjöld, sem eru geysilega há á vissra ára fresti, þegar klössun fer fram, og þeirri upphæð verður einhvers staðar að dreifa niður. Árið 1953 gat ekki sýnt þetta nema að sáralitlu leyti. Það hafa kannske verið eitt eða tvö skip, sem hafa lent í klössun þá. Og af þeirri ástæðu var vitanlega eðlilegt og nauðsynlegt að taka tillit til þessarar tiltölulega mjög lágu afskriftarupphæðar, 250 þús., sem nefndin taldi rétt að taka tillit til.

En nefndin gerði ekki aðeins ráð fyrir útgjöldum upp á 650 þús., sem tekjur vantaði fyrir, heldur benti nefndin einnig á, að það verði að gera ráð fyrir því, að útgjaldahækkun verði hjá skipunum, sem nemi a. m. k. 300 þús. kr. (Gripið fram í.) Ja, ég get auðvitað beðið — það skiptir mig ekki miklu máli. Ef forsrh. þarf að víkja sér frá, þá get ég vel beðið hérna. (**Gripið fram í:** Á ég ekki að lána þér tímarit til að lesa?) Ég get líka staðið bara og þagað, það skiptir mig engu máli. Ég held ég doki aðeins við, af því að ég vildi beina máli mínu til hæstv. forsrh.

Ég gat þess, að n. hefði bent á það, að óhjákvæmilega yrði að gera ráð fyrir því, að útgjöld skipanna mundu vaxa a. m. k. um 300 þús. kr. vegna nýrra samninga, sem þá stóðu fram undan fyrir skipshafnir, og þannig fékk n. út, að það yrði að hækka tekjur hvers skips um 950 þús. Nú vildi hæstv. forsrh. taka þessa tölu, 950 þús., draga að vísu frá henni afskriftina, sem ég hef vikið að áður, og fá þannig út um 700 þús. kr. og segja: Við höfum raunverulega látið togarana hafa þetta, og þetta er því óþarfa rex, sem þeir eru að koma með núna og hlýtur að stafa af því, að það hefur verið ótíð í haust eða þá að útgerðarmenn eru að hlaupa frá því, sem aðrir útgerðarmenn í n. höfðu áður lagt til. — Þetta var meginefni máls hæstv. forsrh. En þar hleypur hann fram hjá þeirri staðreynd, að auðvitað gat mþn. ekki gert annað á sínum tíma en að áætla það, hver útgjöldin mundu verða af nýjum kjarasamningum. Hún hagaði því orðum sínum þannig, að hún reiknaði með

því, að útgjöldin yrðu varla undir 300 þús. Nú liggja hins vegar fyrir upplýsingar um það, að þessir kjarasamningar hafi þýtt útgjöld um ekki 300 þús., heldur, eins og hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) sagði hér að hann hefði eftir fróðum útgerðarmönnum, að þetta mundi nema 450—500 þús. Ég hygg, að heildarútgjaldahækkunin í þessu efni sé ekki fjarri því að vera 500 þús. Ég veit, að margir útgerðarmenn halda því fram, að þetta sé meira, en það fer nokkuð eftir því, á hvaða úthald skipunum er haldið, á hvaða rekstur skipunum er beitt, en ég hygg, að það sé nokkuð nærri lagi að áætla, að þetta sé 500 þús. Þó að við tækjum nú aðeins 450 þús., sem er ábyggilega lægsta tala, sem menn halda fram um þetta efni, þá hækkar talan 950 þús., sem n. gaf frá sér, um 150 þús. og er þá komin upp í 1100 þús., þótt við tökum þá lægstu. En til viðbótar við þetta var svo mþn. sammála um það, að togararnir þyrftu að fá fram ýmsar till., sem hér hefur borið á góma og nefndin mat um 300 þús. kr., eða að heildarupphæðin gæti þá numið á þennan hátt 1400 þús. kr. Þetta er allt miðað við þau rök, sem mþn. lagði fram á sínum tíma, og þær beinu staðreyndir, sem liggja fyrir síðan og ekkert koma við ótíð eða mismunandi áliti útgerðarmanna.

En hvað hefur svo ríkisstj. gert? Jú, hún hefur samþykkt þennan 2000 kr. styrk, sem getur numið yfir árið í kringum 600 þús. Hæstv. forsrh. vildi nú halda hér fram, að þetta mundi nema nokkru hærri upphæð, en það skiptir engu máli, það munar svo tiltölulega litlu. Hann vildi leggja til grundvallar 315 úthaldsdaga. Nefndin fór hæst í sínum áætlunum upp í 306 úthaldsdaga. Hins vegar sýndi reynslan það, að meðal-úthaldstíminn á skipunum var ekki nema rúmlega 260 dagar. (**Gripið fram í:** Hvaða ósköp hefur n. verið fáfróð.) Nei, n. var ekkert fáfróð. Ég var t. d. á þeirri skoðun, að þó að meðal-úthaldstími hafi verið 1953 aðeins 260 úthaldsdagar, þá sé það óeðlilegur úthaldstími, sem kemur að nokkru leyti fram af því, að togararnir bjuggu við svo lök kjör, að þeir lágu óeðlilegan tíma af árinu. Og ég fyrir mitt leyti tel það ekki eðlilegt, að togararnir geti ekki haft að meðaltali hartnær 300 úthaldsdögum. En allt sem er teygt sig upp fyrir 300 úthaldsdaga, þá er engin von til þess, að meðal-úthaldstími togaranna verði lengri. Ég álít því, að 2000 kr. styrkurinn geti aldrei numið meiru en 600 þús. kr., og þá vantar eftir þessu reikningsdæmi um 800 þús. kr. á hvert skip. Að vísu eru þá taldar með fyrningarafskriftir, 250 þús. Þótt fyrningarafskriftum sé nú alveg sleppt, þá sér hæstv. forsrh. það, að mikill halli er á hverju skipi þrátt fyrir þetta. Við það bætist svo það, sem ég sagði áðan og hefur hvergi verið reiknað inn í þessar tölur, að raunveruleg afkoma ársins 1953 var lakari en n. færði upp tölur um, og enn fremur hitt, sem líka hefur verið bent hér á, að heildarafkoman árið 1954, yfirstandandi ár, er enn þá lakari en árið 1953, sem nefndin lagði til grundvallar, svo að tapið er alveg óumdeilanlega mikið, en ekki eins og mér skildist á hæstv. forsrh. að hann héldi fram, að tapið væri raunverulega vegið upp með þeim stuðningi, sem ríkið hefur þegar samþykkt; það er mesti misskilningur. Og það var það, sem ég meinti, þegar ég sagði, að ég áliti eftir því, hvernig hæstv. forsrh. flytti sitt mál í þessu efni, að hann þyrfti að kynna sér þessi mál miklu nánar og betur en hann hefur gert, þegar svona geysilega miklu skakkar frá réttu í sambandi við hans fullyrðingar.

Þá vil ég líka minna hæstv. forsrh. á það, að það er síður en svo, að ríkisstj. hafi látið togarana fá 600 þús. kr. á ári í styrk enn þá. Þessi styrkur, sem hér var um að ræða, var aðeins frá 1. ágúst til ársloka og gat ekki numið meiru að meðaltali á skip en í kringum 300 þús. kr. Árið 1954 leið þannig, að styrkurinn frá ríkinu var aðeins 300 þús. kr. á skip, svo að afkoman nú í dag er ekki betri. Hins vegar er það, að nú stendur til að framlengja þetta allt næsta ár, og þá yrði það vitanlega skárra árið 1955 heldur en árið 1954 hefur gefið, því að stuðningurinn á árinu 1954 náði aðeins 300 þús. kr. á skip, en ef þetta verður samþ., sem hér liggur fyrir, þá mundi þó stuðningurinn næsta ár ná 600 þús.

Ég vil því undirstrika það, að það, sem við í mþn. sögðum í ágústmánuði, stendur að fullu og öllu enn þá. Við víkjum ekki frá því á neinn hátt, og ég fyrir mitt leyti byggi engar till. frá minni hálfu á neinum breytingum frá því, öðrum en þeim, sem eru beinar staðreyndir, eins og það, að þeir kjarasamningar, sem gerðir voru síðar, sýna nokkru hærri útgjaldalið hjá skipunum en n. vildi láta koma fram í sínu áliti eða áætlaði áður en samningarnir voru gerðir.

Þá minntist hæstv. forsrh. á það, að togararnir hefðu fengið nokkra hækkun á karfaverði, og vildi telja, að það gæti munað í kringum 100 þús. kr. á skip. Það er rétt, að það varð í ágústbyrjun, eftir að hinir nýju samningar voru gerðir við Rússland, 5 aura hækkun á karfanum frá því, sem hafði verið um hríð. En það er líka fjarri því, að hægt sé að halda því fram, að þetta séu 100 þús. kr. að meðaltali á skip. Samkvæmt skýrslunni frá mþn., sem er byggð á skýrslum frá Fiskifélagi Íslands, var árið 1953 þannig, að meðaltalsafli af karfa á togara á allan togaraflotann var 898 tonn yfir allt árið, og það gerir með 5 aura hækkun á kg 44900 kr. Nú var það svo, að árið 1953 var veitt geysilega mikið magn af karfa, af því að það voru hagstæðir samningar þá fyrir um afskipun á karfa, og engar líkur til þess, að við förum langt yfir það mark, nema einhverjar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar. Hitt er alveg rétt, að það verður alltaf svo, að einstök skip fái í þessu efni allmiklu meira magn og mundu ábyggilega komast í 100 þús. kr. uppbót vegna þessa liðs, en önnur skip fá enga hækkun vegna þessa, t. d. skip, sem stunda saltfisksveiðar allan tímann eða sigla á erlendan markað. Þar kemur þessi hækkun ekki til greina. Ég veit um ýmis skip, sem ekki hafa notið neinnar hækkunar í tekjum af þessum ástæðum vegna þessarar hækkunar, sem varð á karfaverði hjá frystihúsunum nú í ágústmánuði s. l., — skip sem ekki hafa haft fyllilega aðstöðu til þess

eða ekki hafa talið sér það hagkvæmt af öðrum ástæðum að fiska karfa fyrir frystihúsin. Þessi liður var því líka áberandi of hátt reiknaður hjá hæstv. forsrh. í sambandi við þær tekjur, sem skipin hefðu fengið.

Svo kemur þetta, sem heyrzt hefur áður frá hæstv. ríkisstj., að útgerðarmönnum hafi verið ætlað að útvega sjálfir ýmis fríðindi sér til handa og að það sé óeðlilegt að flytja till. um það, t. d. eins og að ákveða nokkra lækkun á olíuverði, lækkun á vöxtum og lækkun á frögtum o. fl., og að ríkisstj. hafi haft ástæðu til að skjóta sér undan þessu og segja við útgerðarmenn: Þið eigið að fá þennan afslátt sjálfir, þetta er ykkar mál, og við reiknum bara með því, að þið fáið þetta, við tökum þetta þannig, að þið hafið fengið þessar 300 þús., sem þarna var bent á, og það er þá ykkur að kenna, ef það ekki fæst. — Þetta er vitanlega ákaflega villandi málflutningur. Það er alveg gefið mál, að togaraeigendur hafa lítið vald yfir olíufélögunum hér um að knýja þau til þess að lækka olíuverðið. Þeir hafa sáralítið vald til þess. Hins vegar vita það allir, að ríkisstj. hefur bæði lagalegt vald og vald á annan hátt til þess að koma þessu í gegn. Ríkisstj. þarf t. d. ekkert annað að gera en ákveða það, að togaraolían skuli falla undir verðlagsákvæðin, en núna er frjáls verðlagning á togaraolíunni, hún fellur ekki undir hámarksverðsákvæði eins og aðrar olíur. Ef ríkisstj. ákveður þetta, þá getur hún um leið ákveðið olíuverðið. Hún hefur skotið sér undan þessu, ekki óskað eftir því að gera þetta. Ríkisstj. getur líka látið fara fram virkilega athugun á því, framkvæmda af mönnum, sem hún trúir fyrir því, hvort olíufélögin geta ekki mætt þarna nokkurri verðlækkun. Ég fyrir mitt leyti hef oft lýst því hér, að ég álít, að þau geti það vel, og ég álít meðal annars, að sá afsláttur, sem þau hafa fært mönnum til reiknings á nokkuð sérstæðan hátt með því að vilja endurgreiða það í skuldabréfum til margra ára, hafi sannað, að þau geta t. d. samkvæmt sínu eigin bókhaldi fært verðið niður um 30 kr. á tonn, og það er vel hægt að skipa þeim að gera það, — það er einfalt mál, — það hafa þau viðurkennt að þau geti.

En ég reisti nú ekki mína till. hærra en svo að fara svolítið upp yfir þetta, sem þau hafa á óbeinan hátt viðurkennt sjálf, og fer fram á, að það verði ákveðið, að þau lækki olíuna um 50 kr. í eitt ár. Ég er alveg sannfærður um það, að ríkisstj. á mjög auðvelt með að koma þessu í kring, jafnvel án þess að lögbinda það, en þar að auki hefur hún lagaheimild til þess að fyrirskipa það.

Eins er um hina liðina, að það er vitanlega tómt mál að tala um að segja við togaraeigendur: Farið þið til Eimskipafélagsins og farið þið til Sambands ísl. samvinnufélaga, sem eiga þau skip öll, sem annast flutninga til landsins og frá landinu, og fáið þið þessi félög til þess að lækka taxtana. — Út úr því hefur ekkert komið og kemur aldrei neitt. En ég er líka alveg sannfærður um það, af því að ég veit um það í öðrum tilfellum, að ríkisstj. hefur notað sitt óbeina og beina vald yfir þessum aðilum til þess að fá þá til þess að lækka taxta sína stundum, — ríkisstj. hefur gert það, hefur haft áhrif á það. Þetta gæti hún eins gert í þessum tilfellum, því að það er alveg óumdeilanlegt mál, að þessir aðilar hafa hagnazt vel á undanförnum árum, bæði sýna þeir það á reikningum sínum, og Sambandið hefur byggt upp stóran skipaflota á nokkrum árum án þess að kalla eftir fjárframlögum frá meðlimum sínum. Þetta gera þeir aðeins vegna þess, að rekstrurinn er hagstæður.

Það er því í mesta máta rangt, eins og ég hef sagt, að taka allar þessar till. mþn., sem voru metnar á um 300 þús. kr., og víkja þeim til hliðar og segja: Þetta útvega útgerðarmenn sér sjálfir. — Það er algerlega rangt, ríkisstj. getur útvegað það, og það er það, sem var mín meining og margra fleiri í mþn., að fyrir milligöngu ríkisstj. yrði þetta að fást fram, og við álitum, að þetta væri hægt. Og það vil ég minna hæstv. forsrh. á, sem hefur lýst hér tiltölulega góðu áliti sínu á mþn., sem ég álít líka að hafi yfirleitt unnið heldur vel, að mþn. var öllsömun sammála um það, upp á hvern einn og einasta mann, að það væri tiltækilegt að koma þessum viðbótarákvæðum í gegn, það væri engin goðgá að skipa olíufélögunum að lækka verðið um 30 kr. á tonn. Þau gætu það. Öll nefndin stóð að þeim till. að fá þetta í gegn, en ríkisstj. hefur hins vegar kveinkað sér undan því að þurfa að knýja þetta í gegn og vísað þessu til útgerðarinnar.

Þá kom hæstv. forsrh. að því, að það væri rangt hjá mér að halda, að það munaði nokkuð um að taka í þennan stuðningssjóð togaranna dýrtíðarsjóðsgjaldið af bifreiðum, sem nemur 35% af fob-verði bifreiða. Og hann sagði, að þegar þetta gjald væri gefið eftir af bifreiðum, sem gengju til atvinnubílstjóra, þá gæti þetta ekki numið nema í kringum 2 millj. á ári. Nú vil ég aðeins benda hæstv. forsrh. á það, hver sem hefur upplýst þetta, að aukagjaldið af bifreiðum, sem lagt er á vegna togaranna, er 100% af fob-verði þeirra. Og við höfum verið upplýstir um það, að það muni af 1200 bifreiðum nema í kringum 18 millj. kr., og af því er áætlað að komi inn fyrir áramót um 15 millj. kr., en í kringum 3 millj. verði enn úti um áramót, vegna þess að bifreiðarnar séu ekki komnar. Nú sé ég það í hendi minni, að þegar lagt er á 35% gjald á sama stofn, á fob-verðið, þá er það ákaflega nærri því að vera um þriðjungur af þessu gjaldi. Og það er mesti misskilningur að halda því fram, að þetta muni ekki gefa nema 2 millj. kr., þó að bifreiðar til atvinnubílstjóra séu undanþegnar þessu gjaldi. Það er algerlega rangt með málið farið, og ég held að það sé rétt að láta reikna það upp á nýtt aftur.

En hitt aftur minntist hæstv. forsrh. svo ekkert á, hvort það væri ekki eðlilegt mál, að þetta dýrtíðarsjóðsgjald rynni einnig í þennan styrktarsjóð togaranna, þegar það er athugað, eins og ég minntist hér á, vegna hvers þetta gjald var lagt á á sínum tíma. Þetta var lagt á til þess að standa undir greiðslum úr ríkissjóði með útfluttum afurðum sjávarútvegsins. Á sín-

um tíma var þetta lagt á þannig. En þetta ákvæði stendur enn eftir í lögum. Á undanförnum árum, líklega tveimur eða þremur, hefur þetta gjald ekki gefið ríkissjóði neinar teljandi tekjur, vegna þess að bifreiðainnflutningurinn hefur nálega enginn verið eða sáralítill á gjaldeyrisleyfum. En nú, þegar þessi leið er valin til þess að leysa vandamál togaranna, að flytja inn mikið af bílum, þá vitanlega vaxa tekjur ríkissjóðs samkv. þessu lagaákvæði allverulega.

Það kom greinilega fram í mþn. í togaramálum, sem starfaði í sumar, að það virtist enginn ágreiningur vera í n. um það, að sjálfsagt væri, að dýrtíðarsjóðsgjaldið af bifreiðum rynni í þennan sjóð, sem hún þá talaði um á sínum tíma, ásamt nýjum bifreiðaskatti, sem á yrði lagður. En eins og ríkisstj. hefur framkvæmt þetta mál, þá hefur það tekið þá sköpun á sig, að ríkissjóður á að græða á því verulega frá því, sem verið hefur, að þessi leið er valin. Því er það, sem ég legg til, að það verði ákveðið, að þessi gjaldahluti renni í þennan sjóð til stuðnings við togaraútgerðina, en dagstyrkurinn verði jafnframt hækkaður, eftir því sem talið er að hækka megi hann, miðað við væntanlegar tekjur af þessu. Ég held, að mín áætlun í þessu sé varleg. Ég get vel gert grein fyrir því, hvernig mér telst til, að þetta komi út. Og við höfum verið upplýstir um það, að heildartekjurnar af þessum nýja bifreiðaskatti mundu verða vegna úthlutunarinnar, sem fram hefur farið núna fyrir áramótin, í kringum 18 millj. kr., kæmi að vísu ekki inn fyrir áramót nema 15 millj., en 3 millj. kæmu síðar. Heildarútgjöldin geta alls ekki orðið yfir 12 millj. kr. fram að áramótum. Þetta vorum við líka upplýstir um, enda auðreiknað. (Gripið fram í.) Ja, skrifstofustjórinn í atvmrn. kom á fund í sjútvn., og hann sýndi okkur bréf um, að þetta mundi nema um 18 millj. kr. — ég held 18.1 millj. kr. — en hins vegar væri gert ráð fyrir því, að ekki nema um 15 millj. gætu verið komnar inn af þessu um áramót, en 3.1 millj. kæmi eftir. (Gripið fram í.) Já, ég á eftir að koma að því. Þess vegna segi ég, að það verði væntanlega eftir í þessum sjóði um áramót, eða vegna úthlutunarinnar, sem fram fór nú í haust, um 6 millj. króna.

Nú hef ég viljað reikna með því, að innflutningur á bifreiðum yrði á næsta ári a. m. k. jafnmikill og hann hefur verið leyfður núna á þessu hausti, og þótti mér þá varlegt að reikna með því, að 100% skatturinn mundi gefa vegna úthlutunar á næsta ári aðrar 18 millj. kr., og þá eigum við til, með því, sem geymt var, þessum 6 milljónum, 24 millj. kr. En svo reiknaði ég hins vegar með því, að ef dýrtíðarsjóðsgjaldið yrði tekið vegna allra leyfanna, sem veitt eru á þessu ári, og vegna allra leyfa, sem veitt verða á næsta ári, þá mundi dýrtíðarsjóðsgjaldið nema um 12 millj. kr. samtals, eða að heildartekjur sjóðsins yrðu þá um 36 millj. kr., en það ætla ég að sé nægilegt til þess að borga hverju skipi 3000 kr. á dag í rekstrarstyrk. Verði það sannað, að áætlun mín í þessu efni sé of há, þá skal ég gjarnan fallast á það að lækka dagstyrkinn sem því nemur, því að ég hef ekki reiknað með því, að ríkissjóður þyrfti að greiða neitt af sínum föstu tekjum í þetta.

Ég held því, að það standi að öllu leyti, það sem ég hef sagt um þetta mál og það sem mþn. í togaramálum hefur sagt um það, að þörfin er alveg greinilega fyrir hendi að ganga mun lengra en ríkisstj. hefur gengið. En hitt tel ég mestu fjarstæðu, þegar það jafnvel gægist fram hjá jafnreyndum manni í þessum málum og hæstv. forsrh. er, að hann lauk máli sínu á þá lund, að það gæti jafnvel farið svo, bara með betra tíðarfari og einhverjum auknum afla, að togararnir þyrftu ekki á frekari stuðningi að halda. Ég held, að þetta segi enginn maður, sem hefur rannsakað þessi mál niður í kjölinn, að það séu nokkrar líkur til þess, að það sé hægt að hætta á það einu sinni enn, og ef það yrði gert, þá mundi svo fara sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu, að togararnir hlytu að leggjast upp, eins og fór s. l. ár, og rekstur þeirra yrði á allan hátt miklu minni en æskilegt væri fyrir þjóðarheildina.

Ég skal svo ekki hafa þetta lengra, en vildi annars að lokum segja það, sem ég sagði líka hér í minni fyrri ræðu, — en ég hygg, að hæstv. forsrh. hafi ekki heyrt það, — að ef það er meining hæstv. ríkisstj., að sú lausn, sem hér verði gerð nú á þessu mikla vandamáli, sé aðeins bráðabirgðalausn, og hún er ákveðin í því að taka þetta mál fyrir að nýju strax eftir þinghlé, af því að henni sé það ljóst, að það þurfi að gera eitthvað frekar í þessum málum, þá get ég vel fallizt á það fyrir mitt leyti að draga til baka mínar till. og láta þær koma til athugunar í þeirri athugun, sem þá yrði gerð. En sé það hins vegar meiningin, að ríkisstj. geri sér verulegar vonir um það eða búist við því, að afgreiðsla málsins í því formi, sem hún nú styður, sé endanleg afgreiðsla í málinu, þá vitanlega held ég mér við mínar till., sem ég álít að þurfi allar að samþykkjast, ef það eigi að vera von um að tryggja rekstur togaranna á næsta ári.

Eitt atriði var það, sem kom hér fram fyrr í umr., m. a. frá hv. 5. landsk. þm.; það var ákvæði í sambandi við nýjustu togarana, þessi tíu nýjustu skip, sem búa við nokkra sérstöðu. Mþn. í togaramálum lagði til, að ríkisstj. léti athuga sérstaklega, hvernig ætti að fara með hinn háa stofnkostnað þeirra skipa. Ég er fyllilega samþykkur þeirri till., sem hv. 5. landsk. hefur lýst hér varðandi þetta mál, en ég vildi um leið mega skjóta því m. a. til hæstv. forsrh. og ríkisstj. í heild, að nýjustu skipin, sem óneitanlega búa þarna við dálítið sérstaka aðstöðu, hafa auk þess þurft að búa við þau vandkvæði nú að undanförnu, að þau hafa ekki einu sinni fengið ríkisstyrkinn greiddan nema að litlu leyti. Þessum ríkisstyrk, 2000 króna dagstyrk, hefur verið haldið eftir hjá þeim. Fjármál þessara skipa hafa ekki verið að öllu leyti í lagi við ríkissjóð, og ríkissjóður hefur ákveðið það, að þau skyldu ekki fá þennan styrk nema að litlu leyti greiddan. Þau eru því enn þá af þeirri ástæðu núna verr sett en nokkur önnur skip í togaraflotanum, og það minnsta, sem þyrfti að gera í þessu efni, er þó að kippa

til bráðabirgða þessu í lag og láta þau fá þennan styrk að fullu greiddan, og vildi ég nú mælast til þess, að það yrði athugað, þó að um bráðabirgðalausn á málinu yrði nú að ræða.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég skal nú reyna að vera fáorður, því að eins og kunnugt er, þá er nú ekki mikill tími til stefnu.

Hv. 11. landsk. (LJós) hélt því fram, að mín orð hefðu borið vitni um það, að mig skorti mikið þekkingu á þessum málum og mér veitti ekki af að leita upplýsinga hjá honum eða öðrum þar til hæfum mönnum til að bæta þessa vankunnáttu mína. Ég veit, að hann trúir því sjálfur, hvað sem hann segir, að ég sé nokkuð kunnugur útgerðinni, og félag, sem ég hef verið viðriðinn, á og rekur tvo af þessum nýsköpunartogurum. Og þó að ég fylgist þar ekki með daglegum störfum, þá hef ég náttúrlega aðstöðu til að afla mér upplýsinga frá því félagi og raunar fleirum, ef ég óska eftir því, og hygg, að það skorti ekki svo mjög á mína þekkingu um þetta.

Mér fannst hins vegar, að þær upplýsingar, sem hv. þm. gaf, og þær tilraunir, sem hann gerði til að leiðbeina mér og bæta úr minni vanþekkingu, væru ekki þess eðlis, að ég gæti mikið af þeim lært. Hann sagði m. a., að hans óskir og kröfur byggðust allar á því nál., sem hann er aðili að og mþn. í þessum málum afhenti ríkisstj. í ágústmánuði, ef ég man rétt. En mér fannst honum skjótast nokkuð, þegar hann var að gera grein fyrir því nál. Hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að samkv. nál. bæri mér að skilja, að togararnir þyrftu jafnvel allt að 1400 þús., og gat um, að nál. teldi fyrst fram 950 þús., en síðan gerði það ráð fyrir kauphækkunum, sem næmu 300 þús. Það væru 1250 þús., en auk þess kæmu enn til greina 150 þús., sem þá væntanlega er það, sem hann telur að farið hafi til kjarabóta umfram 300 þús. Mun það ekki vera þannig rétt skýrt? Nú vil ég benda þessum hv. þm. á, að í þessum 950 þús., sem hann í ágúst taldi hæfilega aðstoð, eru einmitt innifaldar kjarabæturnar. Það er þess vegna mikil skekkja, þegar hann tvítelur þá upphæð. Það stendur þess vegna alveg óhaggað, sem ég hef sagt í þessum efnum, og ber það vott um, að ég þekki málið betur en hann, þó að hann sjálfur hafi verið í nefndinni.

Hv. þm. vildi skjóta sér undir það, að afkoma togaranna væri verri en þeir reikningar bæru með sér, sem n. byggði á. Um það skal ég ekkert dæma, hvort menn hafa þar gefið ranga reikninga vísvitandi eða óafvitandi. Hitt gefur auga leið um, að ef þessi hv. þm. telur reikningana, sem útgerðarmenn gáfu, hafa verið ranga, þá bar honum sem reyndum útgerðarmanni að benda á það og leggja aðrar tölur til grundvallar fyrir tillögum sínum heldur en bær 950 þús., sem hann lagði til að hagur útgerðarinnar væri bættur um, ýmist með framlögum úr ríkissjóði eða með niðurfærslu á kostnaðarliðum. Þar er aftur skekkjan hans megin, en ekki mín megin.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, enda hafði ég um það getið, að ef um er að ræða lengra tímabil, þá er sá atvinnurekstur óheilbrigður, sem ekki getur sjálfur staðið undir fyrningu sinna framleiðslutækja. Um það erum við sammála, og hann getur ekkert sett út á það, sem ég sagði um það. Og ég verð yfirleitt á grundvelli þessara upplýsinga, sem ég nú hef gefið, að leyfa mér að staðhæfa, að ef um er að ræða, að einhver vaði í villu og svíma um það, sem hér er um að ræða, þá er það hann, en ekki ég. Ég vil enn fremur segja honum það, að nú alveg nýverið hafa sumir af stærstu útgerðarmönnunum sagt mér, að það orkaði a. m. k. nokkuð tvímælis, hvort það væri mikið yfir 300 þús., sem varið hefði verið til kjarabóta. Ég get ekki dæmt um það eftir öðrum upplýsingum en þeim, sem ég hef frá útgerðarmönnum. Hv. 11. landsk. nefndi þar 450—500 þús. Ég vil ekkert frekar vefengja hann en aðra. Mér þykir þó heldur ólíklegt, þegar svo ágætir menn sem hann og hans líkar eru í þessari n. og telja hæfilegar kjarabætur sjómönnum til handa vera 300 þús., að þá semji útgerðarmenn um 500 þús. Ég tel þá eiga að þekkja sína hagsmuni svo vel og þá ekki heldur vera það vinveittari sjómönnunum en sjálfum sér, eða það vinveittari sjómönnunum heldur en hv. 11. landsk. er, að þeir borgi fyrir það 500 þús. til sjómanna, sem hann telur hæfilegt að greiða 300 þús. fyrir.

Ég verð að segja það, að ef það væri rétt, sem hv. 11. landsk. segir, að þörf sé á 800 þús. útgerðinni til handa í viðbót við þær 630 þús., sem stj. ætlar að leggja fram, þá er það náttúrlega lítil úrbót, sem hann stingur upp á, því að hann stingur aðeins upp á 1000 kr. uppbót á dag og miðar við 300 útgerðardaga, og hefur þá ekki verið rausnarlegri eftir þessari sinni þekkingu á málinu heldur en að ætla að skammta útgerðarmönnum 300 af þeim 800, sem hann telur vanta.

Varðandi uppbætur á karfa, þá hef ég það eftir nefnd frá útgerðarmönnum, að það megi áætla það eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, og jafnvel nefndu þeir nú hærri tölu, jafnvel yfir 150 þús. Ég skal ekki um það deila. Ég gerði ekki heldur í minni ræðu ráð fyrir, að það mætti reikna að meðaltali meira en 80 þús., því þó að þeir nefndu, að togarar hefðu kannske um 3 þús. tonn á ári af karfa, þá þótti mér það nokkuð hátt reiknað, a. m. k. ef miðað væri við meðaltal. Hins vegar finnst mér of lítið rúm 800 tonn, eins og hv. þm. nefndi, því að það eru þá ekki nema svona þrjár veiðiferðir á ári, og ég hygg, að með hliðsjón af því, að margir af togurunum stunda karfaveiðar um nokkuð langan tíma ársins, þá sé það allt of lítið.

Ég skal svo ekki fara út í spardatíning, þó að nokkur ástæða væri til þess; nefni aðeins sem dæmi, að hv. þm. hafði um það allmörg orð, að á árinu 1954 næmi styrkurinn ekki nema 300 þús., en ekki 600 þús. Það er náttúrlega ekki þess að vænta, að stjórnin fari að greiða langt aftur í tímann, þegar sú nefnd, sem um þetta fjallar, hreyfir ekki einu sinni þeirri tillögu, og það gerði hv. 11. landsk. ekki.

Varðandi olíuverðið, sem hann talaði nokkuð mikið um, sagði n., sem um þetta fjallaði, eða

einhverjir menn úr henni, stjórninni frá því, að í rauninni væri olíuverðslækkunin fram komin nú þegar, vegna þess að menn fengju nú 20—30 þús. kr. afslátt á ári á olíunni, án þess að sá útgerðarsparnaður kæmi fram í þeim reikningum, sem lagðir voru til grundvallar, þegar niðurstaðan varð, að útgerðin þyrfti að fá um 950 þús. kr. uppbætur, þannig að sú olíuverðslækkun, sem þá var um að ræða, var í raun og veru fengin, og þess vegna má bæta þeim lið við þær kjarabætur, sem útgerðin hefur fengið með hækkun á karfaverðinu.

Ég nefni svo vátryggingarnar, sem ég áðan gat um. Það er ekki stjórnin, sem á að hafa forgöngu um það, hvort útgerðarmenn bjóða saman öll skip sín á erlendum markaði til vátryggingar og geta með því sparað eitthvert fé, því að þeim ber auðvitað að hafa um það alla forgöngu sjálfum, þó að ég segi hins vegar, að ég hef ekki haft mikla trú á, að það geti út af fyrir sig valdið því, að við fengjum bætur í þessum efnum. Eftir minni þekkingu á því hygg ég, að stór vátryggingarfyrirtæki eins og Lloyds í London muni ekki lækka kjörin, hvort heldur eru boðnir fram í einu lagi 15 togarar eða 30 til vátryggingar.

Ég árétta enn, að útreikningar hv. þm. um tekjur af bílaskattinum eru rangar eftir þeim upplýsingum, sem innflutningsskrifstofan gefur okkur. Ég hef skriflega frá henni fengið þær upplýsingar, að gjaldið af innfluttum bílum — þetta togaragjald, sem kallað er — muni nema 29 millj. og 500 þús. á báðum árunum 1954 og 1955, en útgjöldin, miðað við 2000 kr. á dag, muni nema 39 milljónum. Það er þess vegna augljóst, að þó að bílainnflutningur verði meiri en n. gerði ráð fyrir, þegar hún gaf frá sér þessa skriflegu umsögn, þá er full þörf fyrir þær tekjur. Ég skal sundurliða, að það er búizt við, að útgjöldin verði á þessu ári 12 millj. úr þessum uppbótarsjóði, en á árinu 1955 munu þau verða 27 millj., en sem sagt tekjurnar um 30 millj.

Þá vil ég enn upplýsa, að þær upplýsingar, sem hv. þm. gaf varðandi dýrtíðarsjóðsgjaldið, eru á misskilningi byggðar. Sá misskilningur stafar af því, að dýrtíðarsjóðsgjaldið hefur aldrei verið tekið af sendiferðabílunum. Og nefndin heldur því fast fram enn að athuguðu máli, að það sé ekki ástæða til að ætla, að það gjald mundi nema meiru en ég áðan nefndi, svona rúmum 2 millj. kr.

Ég sé ekki, að ég þurfi að árétta fleira í þessu. Í aðalefnum sýnist mér að mínar tölur standi óhraktar, ég þurfi þess vegna ekki að leita upplýsinga hjá hv. 11. landsk. um þetta og frekar það gagnstæða, að hann ætti að kynna sér nánar þær tölur, sem ég hef nefnt, og mundi þá kannske standa fastari fótum í þekkingu sinni á málinu og því betur að vígi í umræðunum um það.

Hv. þm. bauðst til að taka aftur sínar till., ef hér væri ekki um endanlega afgreiðslu málsins að ræða. Ég vil ekki gefa nein fyrirheit um það, að það eigi að fara að taka þetta mál upp til endurnýjaðrar yfirvegunar. Þetta er eins og öll önnur mál, sem við fjöllum um, að engin lausn er það, sem við köllum endanlega lausn á málinu. Það getur vel verið, að ef kringumstæður breyttust þannig, að það væri talið, að togaraútgerðin þyrfti ekki þennan styrk, sem hún hefur nú fengið fyrirheit um, þá væri ástæða til að breyta því. Og það er ekki hægt að gera mig neitt spaugilegan með því að segja, að breytt aflaverð, breytt aflamagn og betri tíð geti skapað aðra og betri afkomu fyrir togarana. Ég er búinn að vera meira og minna við togaraútgerð riðinn og hef fylgzt með henni frá því að hún hófst hér á landi, og ég hef oft séð mjög snöggar breytingar í þessum efnum. Það má kannske segja, að það séu ekki miklar líkur til, að stórbreytingar verði á næstunni, en það skyldi enginn staðhæfa um of í þeim efnum. Við skulum taka lítið dæmi. Það var sent skip til að leita að karfamiðum með aðstoð hins opinbera. togarinn Jón Þorlákssson. Hann fann ný mið, og þessi nýju mið urðu þess valdandi, að aflinn glæddist ákaflega mikið. Það er tilgangur okkar í ríkisstj. að halda áfram slíkri leit í vaxandi mæli. Við gerum ráð fyrir að geta varið til þess á næsta ári 700 þús. kr. og jafnvel fyllilega það, ef í það færi. Það getur vel verið, að sú leit gæti borið þann árangur, að hún gæti að verulegu leyti bætt hag útgerðarinnar. Ég nefni þarna aðeins eitt dæmi af ýmsum, sem geta valdið breyttri aðstöðu fyrir útgerðina.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo komnu máli og endurtek það, að ég legg meiri áherzlu á, að málið geti orðið afgreitt, heldur en hitt, að hrekja hvert minni háttar atriði, sem fram kynni að koma.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Út af ummælum, sem hæstv. forsrh. hafði hér áðan, vil ég leyfa mér að upplýsa eftirfarandi: Samkvæmt sameiginlegu áliti beggja aðila í samninganefnd um kjör togarasjómanna voru þær kjarabætur, sem fengust til togarasjómanna, taldar nema tæpum 400 þús. kr., miðað við þær upplýsingar, sem fyrir lágu. Eftir var þá og er enn að semja um kjör og kjarabætur til yfirmanna á togaraflotanum. Hvað sú upphæð nemur hárri upphæð, er ekki hægt að fullyrða neitt um, fyrr en þeim samningum hefur verið lokið, en ekki er varlegt að áætla þær kjarabætur lægri en 100—150 þús. kr. Eftir þessu eru upplýsingar, sem hv. 11. landsk. gaf hér áðan, réttar um þetta mál. — Ég vil svo að lokum bæta því við, að þessi útreikningur liggur fyrir, og getur hver fengið að sjá hann sem vill.

**Lúðvík Jósefsson:** Það var aðeins örstutt athugasemd. Ég hef ekki miklu við að bæta í tilefni af ræðu hæstv. forsrh., vildi aðeins segja það, að það gleður mig að heyra frá honum, að það standi til að eyða fé á næsta ári, allt að 700 þús. kr., í sambandi við leit að nýjum fiskimiðum. Ég er sannfærður um, að það getur lagað mikið fyrir togurunum, og sú fjárveiting mun vissulega margfalt borga sig.

Um þau atriði, þar sem hann gerði athugasemdir við mína ræðu, þá sé ég nú ekki ástæðu til að fara í neinar endurtekningar. Ég fann

það, að hann hafði að einhverju leyti misskilið minn útreikning. Það kann að vera, að ég hafi ekki haldið sem skýrast á því, en þó held ég, að það hafi verið alveg fyllilega ljóst, að mþn. í togaramálum hafði gert ráð fyrir því, að meðaltogari þyrfti að fá bættar tekjur, sem samsvara 950 þús. kr., og ég held, að það hafi líka verið skýrt, af því að þar vitnaði ég til álits hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), að hann hélt því fram í sinni ræðu eins og ég, að kauphækkanir hefðu orðið a. m. k. 150 þús. kr. meiri en n. gerði ráð fyrir í sinni áætlun, og þannig erum við komnir í 1100 þús. alveg óumdeilanlega. Auk þess var svo það, sem ég minntist á og kemur mjög greinilega fram í nál. mþn., að hún segir, að raunveruleg afkoma árið 1953 er a. m. k. 100 þús. kr. lakari en þessar 400 þús. á reikningunum sýna. Þetta stendur greinilega í nál. frá mþn. í togaramálum, og þannig erum við alveg óumdeilanlega komnir í 1200 þús. kr. Auk þess eru svo þær fríðindatill., sem n. lagði fram og mat ekki sérstaklega til fjár, en ég vildi telja um 200 þús. kr., og eru þá komnar þessar 1400 þús. Það er alveg rétt, að það er vitanlega hægt að deila um það, hvort þetta er heldur ofáætlað hjá mér eða vanáætlað. Það getur ekki skipt neinu verulegu máli, hvort hefði komið út úr mínu dæmi, að það vantaði enn 700 þús. eða 800 þús. En það sýnir aðeins það, sem ég vildi að kæmi fram í þessu, að það er fjarri því, að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur enn gert, fullnægi þeim óskum, sem mþn. taldi að þyrfti að verða við í þessum efnum.

Ég vildi aðeins segja það í sambandi við athugasemdir hæstv. forsrh., að það er ekki rétt túlkað af honum að halda því fram, að mþn. í togaramálum og ég þar með talinn — við höfum ekki ætlazt til þess, að launabætur til skipverja yrðu meira en 300 þús. Við höfðum auðvitað enga aðstöðu til þess á þessum tíma að segja til um það með neinni nákvæmni, hvað þessi útgjöld yrðu mikil. Það var bent á það réttilega í n., að það væri ekki réttmætt, að þessi nefnd færi t. d. að slá því fram, að það væri líklegt, að launabæturnar yrðu 500 þús., því að þá yrði beinlínis því haldið fram í væntanlegum samningum, að opinber nefnd væri búin að áætla þetta 500 þús. Hins vegar komst n. svo að orði, því að það var alveg augljóst mál, að minni kjarabætur var ekki um að ræða, að það yrði ekki um lægri upphæð að ræða en 300 þús.

Ég vil ekkert segja um það fyrir mitt leyti, að í þeim samningum, sem fram fóru á milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og sjómannafélaganna og ég áætla að hafi leitt til 450 þús. kr. útgjaldahækkunar, hafi togaraeigendur gengið lengra en þeir hefðu getað. Og ég álít, að mín umsögn í nál. hjá mþn. sé ekki á nokkurn hátt í mótsögn við þessa niðurstöðu. En það er staðreynd, að við tókum ekki inn í okkar heildartölu, inn í þessi 950 þús., nema 300 þús. vegna þessa, en hins vegar er það jafnframt staðreynd, að þessi tala hefur orðið í framkvæmd 450 þús., og af því ber að hækka töluna 950 þús. sem því nemur.

Það, sem mestu skakkar í sambandi við það, sem ég hélt fram og hæstv. forsrh. nú segir, er í sambandi við áætlaðar tekjur af bílainnflutningi. Hann heldur því fram samkv. upplýsingum frá einhverri n., að það sé ekki hægt að áætla, að tekjurnar af bílaskattinum verði nema 29.5 millj. kr. fyrir bæði árin 1954 og 1955. Ég hef séð útreikning frá þessum sömu aðilum, þar sem þeir gerðu ráð fyrir því, að úthlutun bílanna í haust mundi gefa í kringum 18.1 millj., en af þeirri upphæð kæmu ekki inn fyrir áramót nema 15 millj. kr. Hitt er svo alveg augljóst mál, að það renna allir blint í sjóinn um það, hvað má áætla mikinn bílainnflutning á næsta ári. Sumir segja: Það er óvarlegt að áætla nema 500 bíla og skatt af því. — Aðrir segja: Það er óhætt að áætla 1500 bíla. — Ég fyrir mitt leyti hef viljað halda mér við það að áætla, að bílainnflutningur á næsta ári eða ný leyfi veitt á næsta ári mundu jafngilda a. m. k. þeim leyfisveitingum, sem fram fóru núna á þessu hausti, og að kaupmarkaðurinn hér þoli það. Það er vitanlega hægt að deila um það, hvort þetta er ofmetið eða ekki. Ef þessi áætlun mín væri rétt, þá mundi þetta gefa aðrar 18 millj. í tekjur, þegar allt kemur til alls.

Ég er sannfærður um, að hæstv. forsrh. viðurkennir, að það getur enginn sagt með neinni vissu, hvað muni koma inn af þessum skatti. Ég álít, að þessi áætlun, sem hér liggur fyrir, að þetta verði 29.5 millj., sé allt of lág. En það getur líka verið, að mér missýnist í því.

Eins er það með útgjöldin. Ég er alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti, að útgjaldahliðin í þessu efni, sem hæstv. forsrh. minntist á, er teygð alveg til hins ýtrasta. Það er gert ráð fyrir því, eftir því sem hann las nú upp, að útgjöldin með 2000 kr. dagstyrk verði á næsta ári 27 millj. kr. Svona getur styrkurinn ekki orðið mikill, nema lagt sé til grundvallar, að hvert eitt og einasta skip í flotanum af 43 hafi a. m. k. 315 úthaldsdaga. En reynslan er nú sú, að það fer alltaf svo, að allmörg skip heltast úr lestinni um nokkra mánuði á hverju ári, og það eina, sem væri eðlilegt í þessu efni, er að miða við reynslu um úthaldsdaga að verulegu leyti, og þá hygg ég, að mín tala væri miklu eðlilegri, að reikna þarna með, að útgjöldin yrðu ekki 27 millj., heldur um 23—24 millj. í hæsta lagi.

Þá var það þessi aukatekjulind, sem ég hafði minnzt á, sem sagt, að dýrtíðarsjóðsgjaldið, 35% gjaldið, rynni í sjóðinn til viðbótar og þannig mætti hækka nokkuð fjárveitingarnar til skipanna. Mér er sagt það að vísu, og ég hef orðið þess var í einstaka tilfellum, að ríkisstj. hefði verið að gefa eftir þennan skatt, og mér er nú spurn: Hvaðan kemur sú heimild? Ég hef ekki rekið mig á það, að það sé nokkur heimild til í lögum um að vera að gefa einstökum mönnum þetta eftir. Mér er sagt t. d., að einn nokkuð stór bílakóngur hér í bænum hafi fengið núna á þessu hausti ¼ millj. kr. eftirgefinn í sambandi við þennan skatt. Mér þykir það heldur lagleg eftirgjöf. En þessi skattur er af fólksbílum yfirleitt 8—10 þús. kr., þegar hann er greiddur. En ef ríkisstj. gefur mörgum aðilum þennan skatt eftir og gefur

t. d. þetta eftir af öllum sendiferðabílum, en fjöldi fólksbíla er nú orðið fluttur inn undir heitinu sendiferðabíll, þó að það sé auðvitað glögglega fólksbíll, þá getur þessi skattur auðvitað molnað niður í það að verða sáralítill. En ég held, að það sé engin ástæða til þess. Og alveg eins og ég fyrir mitt leyti gat samþykkt að leggja allháan innflutningsskatt á bíla til stuðnings togaraútgerðinni, þegar þannig standa sakir, eins er ég á því, að eftirgjöf á þessum skatti verði að fara varlega fram og sé engin ástæða til þess að skera hann svona hrottalega niður eins og þessi áætlun bendir til.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að draga aftur mínar till. í tilefni af því, sem hér hefur komið fram í þessum umræðum. Hæstv. forsrh. sagði, að hann vildi ekki gefa hér nein fyrirheit um það, að þetta mál yrði tekið fyrir til frekari afgreiðslu síðar, og vildi, að mér fannst, enn gera ráð fyrir því, að sérstök höpp gætu komið fyrir, t. d. í sambandi við aukinn afla og fleira, þannig að það væri enn ekki vonlaust um það, að togararnir gætu komizt af með þennan stuðning. En þó að tekið sé tillit til alls hins bezta, sem leyfilegt er að áætla í þessum efnum, þá er ég alveg sannfærður um það, að enn vantar mikið á, að það megi búast við því, að togararnir geti sloppið. Þess vegna tel ég, að það þurfi að auka við stuðninginn eins og mínar till. benda til. Mér þykir það miður, að ríkisstj. vill ekki lofa því á þessu stigi málsins, að þetta verði tekið til frekari athugunar eftir þinghléið. Ég hafði satt að segja nokkra ástæðu til að halda, að það væri ætlunin, mér hafði heyrzt það meira að segja á ýmsum, sem með þetta mál hafa að gera, og ég er ákaflega hræddur um, að yfirlýsingar um hið gagnstæða, að engin fyrirheit verði gefin um það, muni beinlínis ýta á, að togaraflotinn stöðvist, eins og togaraeigendur hafa nú gert samþykktir um. En því verður ekki neitað, að togaraeigendur eru orðnir nokkuð langþreyttir í þessu, því að þeir eru almennt sagt heldur illa haldnir.

Ég get svo að lokum ekki varizt að minnast á það, að í einu tilfelli hefur ríkisstj. sjálf gripið beint inn í rekstur togara nú að undanförnu. Hún setti einu bæjarfélagi þau skilyrði, að bærinn hætti að annast um rekstur sinna skipa og setti valinkunna menn, að sínum dómi eflaust, stjórn síldarverksmiðja ríkisins, til þess að reka þessi skip. Reikningar þeirra liggja alveg greinilega fyrir. Og þar með hefur ríkisstj. fengið trúverðuga menn til þess að sýna sína reikninga og hvernig þessi beini ríkisrekstur á togurunum hefur síðan komið út. Það er ekkert launungarmál, að rekstrartap á fyrstu 9 mánuðunum, sem þessi nýja stjórn gerði út þau tvö skip, var hartnær 2 millj. kr. án allra afskrifta.

Ég er líka alveg sannfærður um það, að þegar ríkisstj. lætur nú til leiðast á eðlilegan hátt — og lofsverðan hátt vil ég segja — að aðstoða ýmis byggðarlög úti á landi til þess að fá togara til atvinnuaukningar þar, í fátæk byggðarlög, sem búa ekki yfir neinni sérstakri reynslu með rekstur þessara skipa, þá mun það sannarlega koma í ljós, að ríkisstj. kemst ekki undan því að færa þeim á eftir í rekstrarstuðning stórar fjárfúlgur. Enn fremur mun það koma í ljós, að verði þau frv. samþykkt, sem hér liggja nú fyrir frá stuðningsmönnum ríkisstj. um að hefja beina ríkisútgerð á togurum til atvinnujöfnunar, þá hygg ég, að ríkisstj. fari að sannfærast um það betur og betur að fenginni reynslu, að kvartanir frá hálfu útgerðarmanna eru sannarlega ekki að ástæðulausu í þessu efni og að það þarf að taka þessi mál til frekari úrlausnar heldur en gert hefur verið.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Mér skildist á hv. 11. landsk., að hann vildi láta nokkuð liggja á milli hluta, hvor hefði á réttu að standa, hann eða ég, um það, sem á milli ber, og ég get að sjálfsögðu ekkert við því sagt. Ég hef áður sagt, að ég tel mig nokkuð kunnugan þessum málum, og mér fannst á hans ræðu, þ. e. a. s. miðræðu hans, að mín þekking sé ekki síður haldgóð en hans.

Hv. þm. vildi nú fullyrða, að það væri óumdeilanlega sannað, að kauphækkanir til handa sjómönnum hefðu verið nær 500 þús. Ég vil ekki gera mig að dómara í því, en ég efast ekki um, að hann trúir því, að ég segi það rétt, að sumir af stærstu útgerðarmönnunum hafa sagt mér, að þetta væri rangt. Það væri enn ósannað, hvort það væri nokkuð verulega fram yfir 300 þús.

Hv. þm. segir, að þeim hafi verið ljóst í milliþn., að raunveruleg afkoma skipanna var 100 þús. verri á skip en reikningarnir báru með sér. Ef svo er, þá tel ég, að þeir hefðu átt að leggja til aðra tölu heldur en þessi 950 þús., sem við var miðað, og er varla við mig um það að sakast.

Út af tekjuliðunum eða út af þeim kjarabótum, sem ætlað var að fengjust við niðurfærslu á tilkostnaði og uppbótum á verðlagi á fiski, vil ég aðeins segja það, að ef ég man rétt, þá var heildarupphæð niðurfærslnanna á tilkostnaði ekki meiri en 155 eða 165 þús. Karfaverðið hefur fengizt hækkað, og eins og ég gat um, þá er olíuverðið nú þegar lækkað í samræmi við þessar till., og þá eru aðeins eftir svo sem 100—120 þús. af þeim till., sem nefndin var að fjalla um, en ekki hefur fengizt framgengt enn þá og fæst kannske ekki, en það eru þá ekki nema 40—45% af sjálfri fyrningarupphæðinni, sem á að vera innifalin í 950 þúsundunum.

Ég get hugsað, að þessi ágreiningur okkar um, hverra tekna sé að vænta af bílaskattinum, stafi kannske nokkuð af því, að innflutningsskrifstofan hafði verið eitthvað bjartsýnni um þetta í öndverðu heldur en hún er nú, þegar nokkur reynsla er fallin á um þetta. En ég endurtek, að samkvæmt skriflegri yfirlýsingu frá skrifstofunni má ekki reikna með, að hennar viti, meira en 30 millj. kr. tekjum af bílaskattinum á árunum 1954 og 1955. Ég leiði aðeins athygli að því, að það er viss tegund bíla, sem hefur t. d. orðið að fella undan bílaskattinum, svokallaðir Rússabílar. Þeir reyndust ekki seljanlegir, og enginn vildi kaupa þá við því verði, sem á þeim var, og eru víst ekki heldur seldir enn þá, þó að skatturinn hafi verið felldur

niður af þeim. Það lækkar að vísu tekjur þessa sjóðs um 1.2 millj., ef ég man rétt, miðað við það, sem orðið hefði, ef bílarnir hefðu selzt. En það vildi, eins og ég sagði, enginn kaupa neinn af þeim bílum, og er enn þá vandséð, hvort þeir seljast, þó að þeir séu nú orðnir skattfrjálsir.

Ég vil aðeins upplýsa það, að ég hef út af bæði tekjuhlið sjóðsins og líkum fyrir útgjöldum nú í kaffihléinu borið mig saman við þá menn, sem eiga um þetta að fjalla, og allt það, sem ég nú segi, er af þeim staðfest. Varðandi útgjaldahliðina skal ég enn árétta, að það þykir lítill vafi á því, að hún verði 12 millj. á þessu ári. Á árinu 1955 er miðað við, að hún verði 27 millj. Hv. 11. landsk. telur það nokkuð hátt áætlað. Það má vera, að það muni 1 millj. eða 2. Það er, eins og hann segir, miðað við 43 togara í 315 daga, sem eru rúmar 27 millj. Það skeikar aldrei miklu. En meginatriðið er, að hans tekjuáætlun stenzt ekki, því að hann reiknar með 18 millj. á árinu 1954, dregur af því þá ályktun, að úr því að 18 millj. komu inn af þessum skatti 1954, muni aðrar 18 millj. koma inn 1955. Þannig fær hann 36 millj., í stað þess að innflutningsskrifstofan áætlar 30 millj. En ég get tekið undir með honum um það, að það sé kannske ekki vert að staðhæfa endilega upp á milljón, hvað getur komið inn af þessum skatti. Úr því sker reynslan. En ég verð að sjálfsögðu að halda mér að því, sem innflutningsskrifstofan segir um þetta. Þetta munar 6 millj.

Í viðbót við þetta segir svo hv. þm., að ef því fáist framgengt, að dýrtíðarsjóðsgjaldið af bílunum verði látið renna í þennan sjóð, þá falli þar sjóðnum nýjar 12 millj., 6 millj. af gjaldinu 1954 og 6 millj. af gjaldinu 1955. En þetta er, eins og ég sagði honum áðan, mikill misskilningur, sem stafar, eins og ég sagði, af því, að þetta dýrtíðarsjóðsgjald hefur ekki verið tekið af atvinnubílstjórum, og því hefur verið lýst yfir hér í þinginu, að heimild, sem um þetta er, yrði notuð, að gefa öllum atvinnubílstjórum eftir þetta gjald. Hann nefndi einn stóran aðila, sem átti að hafa fengið 250 þús. sem eftirgjöf í þessum efnum. Mér er ekki kunnugt um, við hvern hann á. En ef það er einhver bílastöð, sem það hefur fengið, eða bílastöðvareigandi, þá er það af því, að hann fellur undir þetta ákvæði um atvinnubílstjóra. Ríkisstjórnin getur náttúrlega ekki sagt við einn aðila: Þú skalt fá afsláttinn sem atvinnubílstjóri — en við annan: Þú færð hann ekki. — Varðandi aftur dýrtíðarsjóðsgjaldið á sendiferðabílunum, þá hefur það aldrei verið lagt á og aldrei tekið frá öndverðu. Ég held þess vegna, að þó að þetta gjald fyrir árin 1954 og 1955 félli sjóðnum, þá mundi það ekki nema að óbreyttri framkvæmd nema um 4—4½ millj. kr.

Ég vona, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir, hvað okkur ber á milli í þessum efnum, og árétta það enn, að ég hef í þessu stuðzt við þær skýrslur, sem innflutningsskrifstofan hefur látið stjórninni í té um þetta. Menn verða þess vegna að horfast í augu við það, að ef þeir vilja bæta togurunum annað og meira heldur en gert er ráð fyrir í frv. stjórnarinnar, þá verða þeir að vera reiðubúnir til þess að leggja nýja skatta á þjóðina.

Innflutningsskrifstofan ætlar, að tekjurnar verði 30 millj. og útgjöldin 39 millj., þ. e. a. s.: það er 9 millj. kr. halli þarna. Að einhverju leyti vona ég að sá halli vinnist upp við það, að bílainnflutningurinn verði meiri en gert er ráð fyrir, og að einhverju leyti gæti skapazt jöfnuður við það, að útgerðardagarnir yrðu færri, þótt það sé nú ekki æskilegt út af fyrir sig. Ég vil ekki staðhæfa, að útgerðardagarnir séu endilega 315 frekar en 290 eða 300 eða 306, eins og nefndin ætlaði í sínum útreikningum. En ef á að bæta þarna við 1000 kr. á dag til hvers togara, þá mun það nema, eins og ég áðan sagði, um 13 millj. í viðbót. Og menn verða að athuga það vel, hvort þeir telja fært að leggja á þjóðina nýja skatta sem þessu nemur, og þá jafnframt, hvort þeir telja það óumflýjanlega nauðsyn. Ég er meðal þeirra aðila, sem eins og hv. þm. njóta góðs af því, ef togararnir fá meiri styrk. En ég er líka meðal þeirra aðila, sem eins og hv. þm. eiga að bera ábyrgð á því að leggja nýja skatta á þjóðina. Ég hef valið þann kostinn á þessu stigi málsins að veigra mér við að leggja á nýja skatta, út frá þeirri bjartsýni minni, að hægt verði að komast af með þann styrk, sem togararnir nú fá. Ég játa með honum, að ef við þyrftum að horfast í augu við það, að togararnir lægju bundnir í stað þess að sækja á miðin, þá er það náttúrlega dýrasta lausnin í málinu. En ég efast ekkert um það, að hann og aðrir togaraeigendur muni gera það, sem í þeirra valdi stendur til þess að freista til hins ýtrasta að forða þjóðinni frá því böli, sem stöðvun togaranna er og ævinlega hlýtur að vera, og muni meta það við ríkisstj., að hún hefur fylgt hans till., svo langt sem þær náðu, í aðalefnum og auk þess ákveðið að leggja af mörkum verulega aukið fé til þess að leita að nýjum fiskimiðum í því skyni að reyna með þeim hætti að bæta hag útgerðarinnar. Ég dreg það ekki í efa, að það, sem hv. þm. sagði um afkomu Siglufjarðartogaranna, sé rétt. Ég veit líka, að hann getur vel bent á skip, sem á sama tíma hafa haft arð, en ekki tap. Ég hygg, að Siglufjarðartogararnir hafi, að því er varðar stjórn þeirra í landi, verið reknir á heilbrigðum grundvelli, en lánið hefur ekki fylgt þeim, eins og við vitum, frekar en ýmsum öðrum. En það dæmi eitt getur ekki sannað neitt um afkomu heildarinnar, að minnsta kosti ekki svo, að það verði ákvarðandi um, hverjar ráðstafanir verða gerðar.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Það skal ekki verða langt, því að ég skal ekki blanda mér neitt verulega í umræðuefni þeirra hæstv. forsrh. og hv. 11. landsk. um það, hvor þeirra hafi meiri þekkingu á togaraútgerðarmálum. Ég veit, að þeir eru báðir mjög fjölfróðir um þau efni, og skal mér ekkert í það blanda. En hitt vil ég fullyrða og benda á, að okkur nefndarmönnum öllum úr milliþn. ber saman um það, að meðtöldum hv. 3. þm. Reykv., sem var formaður n. og hér talaði áðan, að það framlag til aðstoðar útgerðinni, sem hér er rætt um, muni engan veg-

inn nægja. Það má svo aftur að einhverju leyti sjálfsagt deila um það, hvað mikið vanti á og hvernig ætti að taka það, ef út í það yrði farið. Eins og hæstv. forsrh. minntist hér á áðan, þá er ekki gott að leggja nýja skatta á þjóðina til þess að ná þessu upp.

En ég vil benda á eitt atriði í þessu sambandi, sem er mjög athyglisvert. Það vill þannig til á síðustu vertíð, að mótorbátarnir fiskuðu verulega miklu meira en þeir gerðu á undanförnum vertíðum. Við það vex sú aðstoð, sem þeir fá. Samkvæmt þeim athugunum, sem við gerðum í vor í mþn. um togarana, leit út fyrir, að bátagjaldeyririnn mundi hækka á þessu ári, 1954, úr um 75 millj. upp í 100 millj. kr., miðað við þær upplýsingar, sem við höfðum þá, en að vísu voru ekki endanlegar tölur. En þetta kemur allhlálega út, þegar þegjandi og hljóðalaust er hækkaður um 25 millj. styrkurinn til mótorbátanna, vegna þess eins, að afli þeirra hefur vaxið, en samtímis má ekki hugsa sér að bæta svipaðri upphæð við togarana, samtímis því sem þeirra afli hefur minnkað. Á þessu tvennu tel ég vera höfuðmun, hvort það sé ástæða til að láta styrkinn til útgerðarinnar, hvort sem það eru nú bátar eða togarar, vaxa þegar aflinn vex og afkoman batnar, eða láta hann vaxa þegar aflinn verður lélegri og afkoman þar með náttúrlega lélegri. En ég hef nú ekki heyrt það nefnt, að það hafi valdið neinum sérstökum örðugleikum eða umþenkingum hjá hæstv. ríkisstj. að hækka bátagjaldeyrisálagið á þjóðina um þessar 25 millj., sem talið er líklegt að það muni vaxa um á þessu ári, vegna þess að mótorbátarnir bættu við sig allverulegum afla á vertíðinni.

Þetta er annað atriðið, sem ég vildi leyfa mér að benda á. En hitt atriðið er út af því, að mér hefur verið mjög hugleikið í þessu sambandi að bæta afkomu nýjustu togaranna í samanburði við þá eldri, sem er, eins og ljóslega hefur komið fram hér í umræðunum, lakari vegna hins hærra kaupverðs. Mér hefur verið tjáð, að hæstv. ríkisstj. hafi haldið eftir styrknum til þessara skipa, 2000 kr. á dag á skip, á nýju skipin. Ef það er gert til þess að mæta ófullnægðum skuldbindingum við ríkissjóðinn, þá vil ég vænta þess, að þessu verði nú hætt, þegar komin er fram till., að því er virðist með samþykki hæstv. ríkisstj., um að fresta þessum greiðslum svipað og stofnlánum, eða það hefur mér skilizt, og ætti þá ekki að vera ástæða til að halda þessum 2000 kr. eftir nú, þegar greiðslufrestur verður veittur á lánunum um tvö ár. Það, sem mig þess vegna langar til að spyrjast fyrir um, er þetta: Verður haldið áfram að halda eftir þessum 2000 kr., sem nýjustu togararnir eiga að fá, eða verður þeim greidd þessi upphæð eins og öðrum?

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Það er aðeins út af því, sem hv. 5. landsk. sagði í sambandi við bátana. Ég get ekki staðhæft neitt um það á þessu stigi málsins, hvað mikill bátagjaldeyririnn verður á næsta ári og hvort því fyrirkomulagi, sem þar hefur ríkt, verði haldið óbreyttu. Það mál er nú í athugun og rannsókn af hendi þeirra manna, sem f. h. ríkisins fara með það. Það væri mjög ótímabært, ef ég færi að vera með staðhæfingar í þeim efnum, og ég treysti mér a. m. k. alls ekki að staðhæfa nú, að kjör bátanna verði óbreytt á næsta ári. — Þetta vildi ég aðeins upplýsa.

Mér er hins vegar ekki kunnugt um hitt atriðið, sem hann var að tala um, að haldið væri eftir greiðslum til vissra togara. En ég man, að það barst í tal í ríkisstjórninni á sínum tíma, að það væru ýmis mál, sem væru óafgerð á milli núverandi eigenda togaranna og ríkissjóðs og eigendur hefðu ekki einu sinni fengizt til þess að ræða um, hvað þá heldur að skrifa undir þær skuldbindingar, sem raunverulega á þeim hvíla. Að öðru leyti er mér ekki kunnugt um það mál.

ATKVGR.

Brtt. 276,1 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 280,1 felld með 16:7 atkv.
— 276,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 276,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 280,2 felld með 14:7 atkv.
— 293 felld með 15:8 atkv.

6.—8. gr. (verða 7.—9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 276,4 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um aðstoð við togaraútgerðina.**

---

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 294).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá var í lok síðasta Alþ. skipuð n., sem skyldi athuga hag togaraútgerðarinnar og gera till. til úrbóta fyrir útveginn, ef n. teldi að rannsökuðu máli til þess ástæðu. Þessi n. vann sitt starf vel og dyggilega og skilaði allýtarlegu áliti um rannsóknir sínar ásamt till. í höfuðefnum til ríkisstj., ef ég man rétt, í ágústmánuði s. l. Ríkisstj. fjallaði um málið einnig á nokkuð stuttum tíma, enda stóðu sakir þannig, að togararnir voru bundnir í höfn og ekki talið líklegt, að útgerð þeirra mundi hefjast að nýju, nema einhver úrræði yrðu fundin til þess að bæta hag þeirra.

Ríkisstj. gaf svo út brbl., þar sem í meginefnum var farið eftir þeim leiðbeiningum, sem n., sem um málið fjallaði, hafði gefið.

Ég sé nú ekki ástæðu til að rekja þetta nál. ýtarlega, þar sem ég veit, að öllum eða a. m. k. flestum hv. þdm. er í aðalefnum kunnugt um þær upplýsingar, sem n. gaf, og þær till., sem hún gerir. Meginefni málsins var, að n. taldi, að samkvæmt fengnum reikningum frá togurum, endurskoðuðum af þar til hæfum opinberum endurskoðanda og rannsökuðum af sjálfum nefndarmönnunum, *mundi vera nauðsynlegt að bæta hag* skipanna um 900—950 þús. kr. á ári. Ætlað var, að þessar bætur fengjust sumpart með framlagi úr ríkissjóði, en sumpart með hækkuðu afurðaverði og lækkuðum tilkostnaði. Mig minnir, að það væri um 250 þús., sem síðari liðurinn átti að gefa, þ. e. a. s. lækkaður tilkostnaður og hækkað afurðaverð, en a. m. k. milli 600 og 700 þús. fengjust þá af almannafé með einum eða öðrum hætti. Og ríkisstj. hné að því ráði að ákveða að leggja innflutningstoll á bíla til þess að standa undir þeim hluta kostnaðarins, sem átti að greiðast af opinberu fé, og gaf út um þetta brbl., sem hér eru nú til umr. nokkuð breytt, en þó ekki í aðalefnum, í meðferðinni í hv. Nd.

Ég vil leiða athygli hv. þdm. að því, að nokkuð skortir á, að þeirri hlið hagsmunamála útvegsins hafi enn fengizt framgengt, sem átti að tryggja með hækkuðu afurðaverði og lækkuðum tilkostnaði, og hefur þó hækkun afurðaverðsins nú náðst fram, sumpart fyrir atbeina ríkisstj., sem nokkurn veginn, held ég, jafngildir því, sem gert var ráð fyrir í till. n. eða athugunum n. Hins vegar hefur gengið miður með niðurfærslu kostnaðar, enda verð ég fyrir mitt leyti að segja, að ég hafði ekki mikla trú á, að sú hliðin mundi gefa útgerðinni mikið í aðra hönd. Þeir liðir allir, sem þar var um að ræða, námu ekki meiru til samans en 165 þús., að ég hygg, og af því átti niðurfærsla á olíu að nema 30 þús. Sú niðurfærsla hefur nú þegar fengizt og var raunar fengin, þegar nál. var samið, þannig, að olíufélögin höfðu endurgreitt viðskiptamönnum sínum eitthvað svipaða upphæð, án þess að sú greiðsla hefði komið fram í útgjaldaáætluninni, sem lögð var til grundvallar, þegar rannsóknin fór fram. Aðrir liðir voru niðurfærsla á vátryggingargjöldum, sem ríkisstj. getur engu um ráðið, einnig niðurfærsla á farmgjöldum á hraðfrystum fiski, sem átti að koma sérstaklega til framdráttar togaraútgerðinni og ríkisstj. illa getur skipt sér mikið af. Til jafnvægis við þetta vil ég þá einnig skýra frá því, að í nál. var gert ráð fyrir og falið inni í þeim 950 þús. kr., sem talið var að þyrfti að bæta hverju skipi, fyrningarkostnaði, sem nemur 250 þús. kr. á hvert skip. Það er náttúrlega alveg rétt, að þegar er að ræða um útgerðina *með langt árabil fyrir augum*, þá er hún sem allur annar atvinnurekstur óheilbrigð, geti hún ekki af sínum eigin tekjum fyrnt sín framleiðslutæki og þannig safnað sér í sjóði til að endurnýja þau, þegar þau eru úr sér gengin og ekki lengur nothæf. En ég sagði það í Nd. og get vel sagt það hér, að ég er í vafa um, hvort ég sem útgerðarmaður hefði þorað að bera það fram á þessu stigi málsins, að ríkisframlag kæmi til móts við fyrningarkostnað, og vil ég þá sjá, hvort aukin reynsla, e. t. v. meira aflamagn eða breytt verðlag gæti ekki bætt svo aðstöðuna, að ekki þyrfti að fara fram á, að slík gjöld væru greidd af opinberu fé. En það sýnir a. m. k. hug n., sem að þessu máli starfaði, annars vegar og ríkisstj. hins vegar, að þessi till. var fram borin og samþ. af ríkisstj. og tekin upp í brbl. Það sýnir hug þessara aðila til útgerðarinnar, að hann hefur sízt verið kaldur, að slík málsmeðferð var viðhöfð, og tek ég þetta sérstaklega fram vegna þess, að nokkuð hefur verið deilt á ríkisstj. í meðferð málsins í Nd. fyrir, að hún hafi ekki nógsamlega tekið til greina þarfir útgerðarinnar við lausn þessa máls. Af þeim sökum hafa einstakir menn og jafnvel úr n., sem um þetta mál fjallaði, borið fram till. um aukinn styrk útgerðinni til handa, eins og hv. þm. hafa séð af þeim brtt., sem fluttar voru í Nd. við frv.

Ég hef leyft mér að halda því fram í Nd., að þegar slík rannsókn hefur farið fram fyrir atbeina ríkisstj. og innt af hendi af hinum hæfustu mönnum og þ. á m. af þremur alþm., sem allir eru gerkunnugir útgerð, — á ég þar við hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), hv. 5. landsk. (EmJ) og hv. 11. landsk. (LJós), — og þegar bornar hafa verið fram tillögur til úrlausnar af þessum mönnum, þá er ekki að vænta, að ríkisstj. geti án undangenginnar nýrrar rannsóknar lagt til grundvallar eitthvað allt annað fyrir sínum till. heldur en þessir mætu menn lögðu til. Og ég tel, að ríkisstj. geti ekki verið lögð undir ámæli fyrir skort á vilja til þess að bæta úr örðugleikum útgerðarinnar, þegar hún í öllum aðalefnum hefur fylgt till. þessara manna, þó að hún vilji ekki nú beita sér fyrir nýjum og auknum uppbótum útgerðinni til handa eingöngu vegna þess, að útgerðarmenn hafa nú borið fram óskir um slíkar bætur og e. t. v. fært nokkur rök fyrir, að þeirra sé þörf.

Ég hef leyft mér í Nd. að leiða athygli að því, að alveg eins og þessir mætu menn töldu í ágústmánuði, þegar þeir fluttu þær till., að árlegt framlag eða árlegar úrbætur að upphæð 950 þús. á skip mundu nægja, en að nú er hins vegar talið, að þessi upphæð þurfi að hækka, kannske um hálfa milljón, þá geti vel svo farið, að eftir nokkra mánuði sé orðin ný breyting í þessum efnum og þá á hinn veginn, til bóta, svo að jafnvel þyrfti ekki eins miklar uppbætur og frv. fer fram á, hvað þá meiri.

Um þetta má að sjálfsögðu að eilífu deila. Ég get ekki neitað því, að mér er kunnugt um afkomu ýmissa skipa, sem er það bágborin, að þær bætur, sem hér er farið fram á, nægja ekki í bili, sérstaklega ekki eins og afkoman hefur verið á þessu ári. En mér er líka kunnugt um skip, sem hafa svo góða afkomu, að þau þyrftu engar bætur.

Ríkisstj. sá sér samt ekki fært að leggja inn á þá braut að flytja till. um, að þeir fengju bætur, sem minnst öfluðu, en hinir, sem bezt öfluðu og sízt þyrftu bótanna við af þeim ástæðum, fengju engar bætur, einfaldlega vegna þess, að með þeim hætti mætti segja, að málinu væri teflt inn í þann farveg, að þeir, sem raunverulega bera ábyrgðina, útgerðarmaðurinn og sjómennirnir, þyrftu ekki að leggja sitt lið fram eða mikið af mörkum, af því að ríkið borgaði það, sem þeir ekki borguðu, ríkið greiddi það,

sem þeim kynni að hafa láðst að inna af hendi með góðri stjórn á sjó og landi. Það er auðvitað braut, sem er hættulegt að leggja inn á, þegar sagt er við menn: Aflið þið lítið eða mikið, eftir því sem ykkur fellur bezt, stjórnið ykkar fyrirtæki vel eða illa, eftir því sem ykkur hentar, því að ríkið sér um, að það skuli ekki að neinu leyti ganga út yfir ykkur. Það fá allir jafnt, hinir réttlátu og hinir ranglátu, í þeim efnum.

Nú hefur nokkur ágreiningur verið um það, hver útgjöld leiði af þessu frv. eins og það nú liggur fyrir og hverra tekna sé von af þeim tekjustofnum, sem fengnir hafa verið þeim sjóði, sem á að standa undir útgjöldunum. Ég vil aðeins upplýsa, að innflutningsskrifstofa ríkisins hefur gefið ríkisstj. þá skýrslu, að ætla megi, að þessi bílaskattur muni gefa af sér á árunum 1954 og 1955 tæpar 30 millj. Gjöldin, sem líklegt er að leiði af þessum ákvæðum, eru hins vegar á sama tíma 39 millj., á þessu ári 12 millj. og næsta ári 27 millj., ef miðað er við 2 þús. kr. á dag á skip í uppbætur úr þessum sjóði og útgerðardagarnir eru ætlaðir 315, sem kann nú að vera nokkuð mikið í lagt.

Ég tel þess vegna, að það séu fremur líkur til, að sjóðnum verði fjár vant, þó að uppbæturnar séu ekki hækkaðar frá því, sem nú er, heldur en hitt, að óhætt sé að hlaða á hann meiri kvöðum að óbreyttum tekjum. Ég játa að sönnu, að enginn er bær um á þessu stigi málsins að úrskurða með neinni vissu, hver bílainnflutningurinn verður á næsta ári, og þar af leiðandi heldur ekki, hverjar tekjur verða af þeim innflutningi og tollinum, sem á honum hvílir. Ég viðurkenni einnig, að nokkuð kann að mega lækka þessa tölu, 39 millj., sem ég nefndi, útgjaldahliðina, út frá því sjónarmiði, að útgerðardagarnir verði færri en þetta. En tæplega geri ég nú ráð fyrir, að sú lækkun mundi nema meira en 1—3 millj. kr. í hæsta lagi, og er auðvitað ekki æskilegt, að sú lækkun kæmi fram, því að það æskilegasta er, að útgerðardagarnir séu sem flestir. Með því verður atvinnan mest, og þjóðarbúið fær þá mestar tekjur.

Það kom til greina við málsmeðferðina í Nd., að sett yrði inn í frv. ákvæði um, að dýrtíðarsjóðsgjald af bílum væri einnig látið falla til þessa sjóðs, og sá, sem hélt fastast á því, hv. 11. landsk., ætlaði, að með því móti fengi sjóðurinn 12 millj. kr. tekjur, ef væri miðað við bæði árin 1954 og 1955. Ég leiddi hins vegar rök að því þar og tel ástæðu til að upplýsa það hér, að sá útreikningur er á misskilningi byggður, og misskilningurinn stafar af því, að þetta dýrtíðarsjóðsgjald hefur aldrei verið tekið af sendiferðabílum, sem eru mjög verulegur hluti af innflutningi þeirra bíla, sem hér um ræðir, og auk þess hefur verið heimild í l. og notuð undanfarin ár að gefa eftir dýrtíðarsjóðsgjaldið til atvinnubílstjóra. Tekjur af því ákvæði að óbreyttri framkvæmd þess yrðu þess vegna ekki 6 millj. kr. á ári, eins og hv. 11. landsk. hélt fram í sinni fyrri ræðu í Nd. við 2. umr. málsins að það mundi verða, heldur eru líkur til, að tekjurnar yrðu rúmar 2 millj. kr. á ári. Það breytir þess vegna ekki miklu um möguleikana til að hækka, ef menn vildu það, framlagið til hvers togara, þó að dýrtíðarsjóðsgjaldið væri látið falla sjóðnum. Skal ég í því sambandi aðeins minna á, að till., sem fram kom í Nd. um að hækka um 1000 kr. daguppbæturnar til hvers togara, mundi kosta sjóðinn um 13 millj. í viðbót við þær kvaðir, sem á honum hvíla, að óbreyttu því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég er meðal þeirra manna, sem mundu njóta góðs af hækkuðu framlagi til togaranna, en eins og ég sagði í Nd., er ég einnig meðal þeirra, sem eiga að bera ábyrgð á því, ef þetta framlag er hækkað, að afla þá tekna til þess að standa undir þeim útgjaldaauka. Ég hef því þurft eins og aðrir þm. að velja á milli þess, hvort ég vil leggja nýja skatta á almenning nú, áður en frekari rannsókn hefur farið fram á aðstöðunni, eða hins vegar láta standa við þær aðgerðir, sem ríkisstj. gerði að fengnum till. hæfustu manna og staðfesta á í þessu frv. Ég hef valið þann kostinn að taka ekki á mig ábyrgð tillagna um aukna skatta á alþýðu manna, fyrr en fyrir liggur, að það sé alveg óumflýjanleg nauðsyn. Ég tel ekki, að menn megi haga aðgerðum sínum í slíku máli út frá því, að upplýsingar liggja fyrir í ágústmánuði, sem þá voru ekki vefengdar af dómbærustu mönnum, en nú er talið að standist ekki vegna nýrrar reynslu nokkurra mánaða. Ég endurtek það, sem ég áðan sagði, að hugsanlegt er, að eftir nokkra mánuði sé komin enn ný reynsla, sem telur ekki svo mikilla bóta þörf sem hér er farið fram á, hvað þá meiri. Ég tel ekki, að menn megi í þessum efnum fara eftir því, hvaða kröfur eru bornar fram frá degi til dags. Hér er um svo miklar kvaðir að ræða á almannafé, að það verður að hafa alla varfærni í þessum efnum. Ég tel mér þess vegna ekki fært að mæla með öðru eða meiru í bili eða að óbreyttum kringumstæðum heldur en hér er mælt með.

Ég var spurður um það í Nd., hvort ríkisstj. vildi gefa fyrirheit um, að þegar þing kemur saman eftir þinghléið muni hún bera fram einhverjar nýjar till. til úrbóta í þessum efnum. Ég lýsti því yfir, að ég treysti mér ekki til að gefa neitt fyrirheit um það.

Ég viðurkenni það, að þessi meðferð málsins, sem hér er við höfð, og þessi ákvæði, sem hér eru fram borin, þó að staðfest verði, er ekki endilega endanleg afgreiðsla þessa máls, frekar en önnur frv., sem hér eru borin fram, þurfa að vera endanleg afgreiðsla þeirra mála, sem þau fjalla um. Breyttar kringumstæður geta kallað á breyttar aðgerðir, og ég játa fúslega, að það dýrasta fyrir þjóðfélagið er, að þessi stórvirku framleiðslutæki liggi óvirk, bundin í höfn. En ég segi það einnig, að ég vil reiða mig á það, að svo ágæt stétt sem útgerðarmennirnir eru geri ekki leik að því og geri það ekki fyrr en í fulla hnefana að leiða böl atvinnuleysisins yfir landslýðinn með því að binda við hafnargarðinn þessi stórvirkustu framleiðslutæki landsmanna. Ég geri útgerðarmönnum engar getsakir í þessum efnum, og ég játa fullkomlega, að mér er kunnugt um þrengingar þeirra. Það, sem úr sker, er bara þetta: að það er ekki hægt að minum dómi, rétt eftir að slík rannsókn hefur farið fram, að láta sem ekkert hafi skeð í málinu og að það eigi að hafa úrslitagildi fyrir ákvarðanir

Alþ., þó að haustmánuðirnir hafi verið útgerðarmönnum vonbrigði, því að viðhorfið gæti breytzt aftur á vormánuðunum.

Ef menn vilja hækka framlögin til styrktar útgerðinni, þá verða þeir að vera reiðubúnir að ákveða, í hvaða formi almenningur á að borga þann styrk. Menn verða að gera sér það ljóst, að það rignir ekki manna og ekki gulli af himnum ofan í greipar okkar hér á þinginu eða í hirzlur ríkissjóðs. Peningarnir, sem við erum að útbýta, eru þjóðarinnar eign, og við verðum að gera okkur fulla grein fyrir því, á hvaða hluta þjóðarinnar og í hvaða formi á að leggja þá skatta, sem þörf verður á, ef styrkurinn til útgerðarinnar verður hækkaður umfram það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég játa svo fúslega, að þau fáu orð, sem ég hef sagt hér, þótt of mörg séu kannske, eru ekki fullnægjandi eða tæmandi upplýsingar um þetta mikla mál. Þau geta þó verið til nokkurrar leiðbeiningar, a. m. k. þær tölur, sem ég hef nefnt hér. En ég leyfi mér að hafa þessi orð ekki fleiri í trausti þess, að hv. þdm. séu málinu allmjög kunnugir í höfuðatriðum.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Mér virðist þetta frv. gefa nokkuð glögga mynd af því ástandi, sem nú er í atvinnumálum þjóðarinnar að dómi hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Það verður að segja það eins og er, að þessum atvinnuveg virðist stofnað í fullkomið öngþveiti, þegar það er viðurkennt af ríkisstj. sjálfri, að gera þurfi ráðstafanir til þess að greiða dagpeninga til hvers togara, 2000—3000 kr. á dag.

Ef leitað er að orsökunum til þessa ástands, virðist mér, að það þurfi ekki langt að leita. Auk þeirrar stórfelldu hækkunar á öllum tilkostnaði, sem hefur orðið á rekstri þessara skipa við gengislækkunina sjálfa, hefur hlotið að leiða enn stórfellda kostnaðaraukningu af bátagjaldeyrinum, þeirri óbeinu gengislækkun, sem þar er framkvæmd og á engan hátt greiðir fyrir togurunum, en þunginn af honum lendir á þeirri starfsemi eins og allri annarri starfsemi í landinu. Ástandið er nú þannig, að mér skilst, að afli togaranna er greiddur með hér um bil þriðjungi lægra verði en afli vélbátanna, en tilkostnaður þeirra hefur að sjálfsögðu, eins og ég áðan sagði, aukizt, auk þess sem gengislækkunin olli, einnig vegna bátagjaldeyrisálagsins. Það er því mjög auðskilið mál hverjum, sem vill á það líta réttum augum, að horfurnar fyrir rekstur togaranna með 80—90 aura verði á kg af fiski hljóti að vera fullkomlega vonlausar, ef vélbátaflotinn þarf að fá upp undir 1.30 fyrir hvert kg af fiski, eða nærri 50% hærra en togararnir fá. Þetta er staðreynd, sem verður að horfast í augu við og gera sér ljósa, þegar rætt er um þessi mál.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að það væri hið mesta áfall fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, ef þessi stóri floti okkar, togaraflotinn, stöðvaði rekstur sinn. Einmitt þess vegna vildi ég leyfa mér strax nú við 1. umr. að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann telur tryggt með þeim aðgerðum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að togararnir geti haldið áfram rekstri. Til þess þarf tvennt: í fyrsta lagi vilja útgerðarmanna eða þeirra, sem skipunum ráða, og í öðru lagi að tryggja þeim rekstrarfé, svo að þeir geti haldið áfram, ef þeir vilja. Og mér þætti mjög æskilegt, ef hæstv. ráðh. undir meðferð málsins vildi upplýsa þetta tvennt: í fyrsta lagi, hvort útgerðarmenn vilja ráðast í það að gera út með þeim stuðningi, sem hér er veitt fyrirheit um, og í öðru lagi, hvort bankarnir þá tryggi þeim nauðsynlegt rekstrarfé í þessu sambandi, því að ef það er ekki fyrir hendi, þá nægir ekki vilji útgerðarinnar og þá eru þessar ráðstafanir, sem hér er um að ræða, gagnslausar með öllu. Þing kemur ekki saman fyrr en í febrúar aftur, er mér sagt, en með réttum hætti ættu togararnir að halda áfram óslitnum veiðum nú strax upp úr áramótunum.

Það verður að segja það eins og er, að það er fullkomið neyðarúrræði að ákveða framlag úr ríkissjóði og leggja á sérstaka skatta til þess að greiða beinan styrk á hvern úthaldsdag til togaranna, jafnvel þótt miðað sé við hvern úthaldsdag, sem ég út af fyrir sig tel heppilegt fyrirkomulag, fyrst styrkurinn er greiddur, til þess að halda sem lengst út. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það. En það, sem mig í raun og veru furðar á í þessu sambandi, er, að mér virðist, að ekkert af þeim ábendingum, sem mþn., sem rannsakaði hag togaranna, tók til athugunar og benti ríkisstj. á, skuli hafa verið athugað eða ráðstafanir gerðar í sambandi við það á þeim langa tíma, sem liðinn er frá því er öngþveitið í togaramálunum hófst.

Hæstv. ráðh. sagði að vísu, að af því, sem n. hefði nú bent á, hefði nokkuð áunnizt í einu atriði, því atriðinu að fá nokkra hækkun á afurðaverðinu. Hvað það er mikið, gat hann ekki um, og mér er það ekki kunnugt, en ég hygg þó, að það láti nærri, að verðmunur á bátafiski og togarafiski sé sá, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar. Um lækkun á tilkostnaði virðast hins vegar ekki hafa verið gerðar neinar athuganir, eða ekki kom það fram í ræðu hæstv. ráðh.

Ég vil leyfa mér að minna á, að í upphafi þessa þings bar hv. 5. landsk. (EmJ) fram í Nd. till. til þál. um aðstoð við togaraútgerðina. Þar var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. yrði falið að hrinda í framkvæmd eftirfarandi atriðum til viðreisnar togaraútgerðinni:

Í fyrsta lagi, að stofnlán togaranna verði lengd um 2 ár og niður falli afborganir, annaðhvort fyrir árin 1953 og 1954 eða 1954 og 1955. Þetta atriði hefur verið tekið upp í frv.

Í öðru lagi, að hlutazt verði til um útvegun bráðabirgðalána handa þeim útgerðarfélögum, sem þess þurfa til þess að halda uppi venjulegum rekstri. Þetta snertir þá fyrirspurn, sem ég beindi til hæstv. ráðh. í upphafi ræðu minnar. Er það tryggt, að rekstrarlán fáist fyrir þá togara, sem menn vilja gera út, án tillits til þess, hvernig efnahagur þeirra að öðru leyti er?

Í þriðja lagi, og það tel ég veigamest, að togaraútgerðinni verði tryggð stofnlán til þess að koma á fót fiskverkunarstöðvum eða eignast

þær, sem þegar eru fyrir hendi, svo að togaraútgerðarfélögin hafi sjálf aðstöðu til að vinna úr afla sínum án kostnaðar til milliliða. Ég tel, án þess að ég sé málinu jafnkunnugur og hæstv. ráðh. óefað er, að ekki sé nokkur minnsti vafi á því, að afkoma útgerðarfélaganna yrði stórum betri, ef þau hefðu aðstöðu til þess að fullvinna afla sinn og kæmust hjá því að láta þá milliliði, sem nú hafa það starf með höndum, taka skatt af vörunni, sem fer um þeirra hendur. Ég hygg líka, ef það er athugað, að það muni sýna sig, að einmitt þau útgerðarfélögin, sem hafa bezta aðstöðu til fullrar vinnslu á sínum afurðum, hafi að jafnaði skilað beztri afkomu.

Loks er svo um flutningsgjöld og um verð á olíu, sem eru stórkostlega þýðingarmikil atriði. Ég vildi mega vænta þess, þótt ekki liggi fyrir um það grg. frá hæstv. ríkisstj., að hún hefði athugað þessa möguleika til viðbótar því beina framlagi, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði til togaraútgerðarinnar, því að vissulega eru þetta miklu eðlilegri leiðir að fara í þessu efni, ef eitthvað er hægt að vinna á á þeim sviðum, heldur en að greiða beinan styrk úr ríkissjóði. Sérstaklega vildi ég beina því til hæstv. ríkisstj., ef hún vildi upplýsa það, hvort hún hefur í hyggju eða hefur undirbúið ráðstafanir til þess að gera togaraeigendunum fært að vinna sjálfir úr afla sínum.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. á þessu stigi málsins, en tel mikilsvert, að upplýsingar um þetta komi fram, hvort þess er að vænta, að einmitt á þessum sviðum megi vinna eitthvað upp í það, sem til vantar eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, að þau beinu fjárframlög úr ríkissjóði, sem ætlazt er til að séu veitt úr honum, nægi til þess að skapa togurunum rekstrargrundvöll.

Ég skal svo láta þetta nægja í bili og mun þá síðar taka til máls, ef tilefni gefst til.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvort ríkisstj. hefði um það vitneskju, að þær uppbætur, sem þetta frv. flytur útgerðinni, nægðu til þess að tryggja áframhaldandi rekstur útgerðarinnar, því að til þess þyrfti tvennt: í fyrsta lagi vilja útgerðarmanna og í öðru lagi getu þeirra, þ. e. a. s. möguleikana til lánsfjáröflunar í þessu skyni.

Ég get ekkert um þetta sagt, ekkert fremur en ég gæti svarað þessari spurningu, þó að við samþykktum þúsund króna hækkun á dagbæturnar. Reyndin verður að skera úr um það. Ég veit, að þegar ríkisstj. tók þessar ákvarðanir í ágústmánuði, þá mæltust þær vel fyrir hjá útgerðarmönnum. Ég veit einnig, að margir útgerðarmenn hafa sagt mér nú, að þetta nægi ekki, en ég hef fært rök fyrir því í minni fyrri ræðu, hvers vegna ég treysti mér ekki til að bera fram frekari till. á þessu stigi málsins í þessum efnum.

Ég vil aðeins segja hv. 4. þm. Reykv. frá því, að í Nd. kom fram sú skoðun, að jafnvel skorti 800 þús. kr. árlega handa hverjum togara í viðbót við þau fríðindi, sem frv. færir útgerðinni, til þess að tryggður væri hallalaus rekstur á meðaltogara. Sá maður, sem því hélt fram, flutti þó ekki till. um nema hækkun um 1000 kr. á uppbótunum daglega, sem ekki eru þó nema 300 þús. kr. af þeim 800 þús., sem hann taldi nauðsynlegar, til þess að útgerðin gæti heitið tryggð.

Ég endurtek þess vegna, að ég get ekki svarað því, hvort útgerðarmenn vilja gera út upp á þessi kjör, ekki heldur, hvort bankarnir vilja lána öllum útgerðarmönnum áframhaldandi, frekar en ég gæti svarað þessari spurningu, þó að bæturnar væru hækkaðar um 1000 kr. á dag. Reyndin sker úr um það. En ég endurtek það, sem ég áðan sagði, að ég geri ekki útgerðarmönnum neinar getsakir um það, að þeir reyni ekki til hins ýtrasta að standa undir skyldu sinni gegn þjóðfélaginu um að hindra stöðvun þessara tækja, meðan auðið er. Ég geri ekki heldur bönkunum getsakir um það, að þeir skilji ekki þessa sína skyldu eins og aðrir. Það gefur svo auga leið um það, að ef útgerðin á áfram að búa við hallarekstur, þá stýrir það ekki lukku og kallar þá á einhverjar aðrar ráðstafanir í þessum efnum. Það er svo um þennan atvinnurekstur eins og allan annan, að hann þolir hallarekstur um skeið, en ekki til frambúðar. En það er náttúrlega ekki hyggilegt af okkur, sem eigum að heita umboðsmenn almennings í landinu, að vera að hampa því úr hófi, að við séum reiðubúnir að leggja nýja skatta á þjóðina til þess að rétta ný fríðindi að útgerðinni, fyrr en við sjálfir höfum fengið sannfæringu um það, að útgerðin komist ekki af án þessa. Það er svo um útgerðarmenn eins og aðra, að ef þeir halda, að þeir með kröfuhörkunni geti fengið sitt fram, þá stendur ekki á henni. En við skulum ekki eiga neitt frumkvæði að því. Það voru mætir útgerðarmenn, sem gerðu þessar till. til stjórnarinnar, eins og ég áðan gat um, hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), hv. 5. landsk. (EmJ) og hv. 11. landsk. (LJós), og þó að eitthvað hafi syrt í álinn síðan, þá megum við ekki láta stjórnast af stundarfyrirbrigðum, sem þá eins geta breytzt til hins betra eins og til hins verra. Nefni ég þar eitt lítið dæmi, að ríkisstj. studdi leit eins togara að nýjum fiskimiðum á s. l. ári. Það kom aldrei til, að þetta kostaði ríkissjóð eyri, vegna þess að lánið lagði okkur það til, að þessi leitartogari lenti strax í góðum afla. Þessi leit varð þess valdandi, að útgerðin fékk milljónir — ef ekki milljónatugi — í aukinn arð vegna þessara tilrauna. Nú hefur ríkisstj. ákveðið og beðið um samþykki Alþ. til þess að nokkru leyti og mun sækja um viðtækara samþykki, áður en lýkur, að verja álitlegri fúlgu til þess að halda áfram slíkri leit í ríkara mæli. Og þó að ég þori ekki að vera svo bjartsýnn að segja, að þetta geti leitt til stórvægilegra breytinga til hagsbóta útveginum, þá er þó þetta eitt af því, sem getur gert það. Aukin aflabrögð, jafnvel bætt verðlag, betra tíðarfar en við höfum átt við að búa í haust og ýmislegt annað fleira getur bætt úr. En okkur ber að sjálfsögðu, sem hér erum, að fara varlega í það að gerast um of talhlýðnir við kröfuhörkuna, hvaðan sem hún kemur, þegar talhlýðnin kostar nýjar byrðar á herðar almenningi í landinu, sem þó að eigin dómi og jafnvel okkar ber þungar klyfjar nú þegar.

Hv. þm. fann nokkuð að því, óbeint ef ekki beint, að ríkisstj. hefði ekki verið nægilega skeleegg um að hrinda í framkvæmd tillögum, sem n. hafði bent á og sumpart eru teknar upp í sérstakri tillögu frá hv. 5. landsk. (EmJ), til niðurfærslu á kostnaði við útgerðina. Ég gat um það áðan, að veigamesti liðurinn þeirra úrbóta, sem útgerðin átti að fá eftir öðrum leiðum en beinu framlagi af almannafé, var hækkun á fiskverði, og sú hækkun hefur náð fram að ganga. Ég vil ekki staðhæfa um of, hverju hún nemur, en þó sögðu umboðsmenn útgerðarmanna mér, að fyrir suma togarana gæti sú hækkun á fiskverði, sem orðið hefur, numið tæpum 150 þús. á ári, þegar miðað er við heilt ár.

Annar liður, sem þarna er um að ræða, er olían, sem ég gat um í minni frumræðu, og sú lækkun er þegar komin í framkvæmd.

Aðrir liðir, eins og lækkun á vátryggingargjaldi, eru náttúrlega ekki þess eðlis, að stjórnin geti ráðið um það; því verða útgerðarmenn sjálfir að beita sér fyrir, eins og þeim ber almennt talað að beita sér sjálfum fyrir þessum lækkunum, sem um er að ræða. Ríkisstj. hefur hins vegar boðið útgerðinni sína aðstoð eftir föngum í þeim efnum og falið skrifstofustjóra í atvmrn., Gunnlaugi Briem, að ræða um það bæði við útgerðarmenn og við þá menn aðra, sem þarna eiga hlut að máli og kröfur eru gerðar til í þessum efnum.

Ég held, að það hafi ekki verið annað, sem hv. þm. spurði um, heldur en þetta, að því viðbættu, að hann gat um, hverra hagsmuna útgerðin ætti að gæta í því að fá aukna aðstöðu til þess sjálf að eiga sínar vinnslustöðvar. Stjórnin skilur vel það sjónarmið, og ýmsir togaraeigenda hafa þegar leitað til Framkvæmdabankans um lántökur til þess einmitt að eignast frystihús og aðrar vinnslustöðvar. Framkvæmdabankinn mun gera það, sem hann getur, til að verða við þeim beiðnum. Ríkisstj. hefur hins vegar ekki aðrar leiðir í þeim efnum heldur en að leita til innlendra banka eða að beita sér fyrir erlendum lántökum í þessu skyni. En það er nú svo um okkur Íslendinga, að við þykjum nokkuð greiðgengir í augum erlendra lánveitenda, og við þykjum fara fram á lán til margra framkvæmda í senn. Og þó að þær framkvæmdir séu ekki dæmdar út af fyrir sig óskynsamlegar, þá þykir öðrum, sem féð eiga að lána, sem við verðum að gæta nokkurs hófs í því, hvað mikið við færumst í fang í einu. En við förum ekki dult með það í stjórninni frekar en aðrir hv. þm. gera, að hér er náttúrlega mikil þörf á erlendu fé í margvíslegum tilgangi. Við þurfum meira fé í landbúnaðinn, við þurfum meira fé í hafnir, við þurfum meira fé í skipabyggingar, við þurfum meira fé í vinnslustöðvar, og við þurfum meira fé í margt annað, auk sementsverksmiðjunnar, sem við höfum nú verið lengi að basla við. En það er nokkuð sitt hvað, að við Íslendingar skiljum okkar þarfir, teljum óhætt að lána okkur og þeim peningum vel borgið, sem í framleiðslustarfsemi fara hjá okkur, og svo hitt, hvaða augum aðrir menn líta á okkar athafnir á þessu sviði, bæði um það, að við séum ekki nægilega varfærnir um að tryggja hallalausan rekstur okkar framleiðslustarfsemi, og auk þess of stórhuga.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég skal ekki flytja langa ræðu um þetta. Hitt vil ég segja, að mér finnst nú mjög miður, að hæstv. ráðh. skuli ekki geta neitt sagt um sitt álit á því, hvort þessar ráðstafanir hafa nokkra þýðingu eða enga, en það var í raun og veru hans niðurstaða, hans svar. Hann sagði, að reyndin yrði að skera úr um það, hvort togaraeigendur vildu gera út og hvort þeir gætu fengið rekstrarfé. Ég get satt að segja ekki hugsað mér, að hæstv. ráðh. beri fram slíkt frv. sem þetta án þess að hafa gert sér nokkra hugmynd um af eigin mati og eftir viðræður við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, hvort það mundi hafa nokkra þýðingu eða ekki. Ég skil vel og er alveg sammála hans sjónarmiði, að það megi ekki taka einhliða til greina, vera of talhlýðnir, eins og hann orðaði það, við kröfuharða menn og segja já við öllum kröfum, sem þeir gera. En hæstv. ráðh. verður þó sjálfur að hafa metið þær aðstæður, sem fyrir hendi eru, og nota sér sinn sérstaka kunnugleika og sambönd við togaraeigendur á landinu, þannig að hann geti gert sér hugmynd um, hvort nokkra þýðingu hefur að samþykkja þetta frv. Ef togararnir liggja og hreyfa sig ekki, þá er það þýðingarlaust. Ég trúi því ekki, satt að segja, að hæstv. ráðh. hafi ekki myndað sér rökstudda skoðun í því efni, hvort þetta dugi eða ekki. Ég meina ekki hvert einasta skip í togaraflotanum, en í heild sinni, þannig að togaraflotinn haldi áfram rekstri eftir áramótin.

Hæstv. ráðh. sagði, að mætir nefndarmenn hefðu gert till., sem svo ríkisstj. hefði gert að sínum. Það er rétt að því er snertir þá styrki, sem hér er um að ræða. Hins vegar hefur þess ekki verið gætt af hálfu ríkisstj. í þeim öðrum atriðum, sem n. benti á, að lækka tilkostnaðinn og hækka verð afurðanna að öðru en því, að hann segir, að stjórnin hafi átt hlut að máli um að fá fram þá verðhækkun á fiskinum, sem hann hér nefndi og gerði ráð fyrir að gæti numið um 150 þús. kr. á togara, að mér skildist á seinni ræðu hans.

Um lækkun olíuverðsins er mér með öllu ókunnugt. Það eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig. Ég veit ekki til, að það hafi orðið nein lækkun á olíuverði. Hitt veit ég, að eitt félag hér hefur borgað út eins konar ágóðahlut eða bónus til þeirra, sem eru hluthafar í félaginu og hafa viðskipti við það, en eftir því sem ég bezt veit, er sá bónus borgaður út í skuldabréfum, sem eiga að greiðast annaðhvort eftir 30 ár eða á 30 árum, svo að það eru náttúrlega ekki handbærir peningar. Og það gildir ekki fyrir togarana alla. Það er eingöngu fyrir þá, sem eru bæði viðskiptamenn og félagsmenn í þessu félagi. Hversu miklu þessi bónus nemur, veit ég ekki, en mér er ekki kunnugt um breytingar á olíuverðinu að öðru leyti.

Ríkisstj. hefur til þess heimild að setja hámarksverð á olíur og hámarksverð á flutningsgjöld, og ég vildi mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. hefði athugað nú þegar og gert sér grein fyrir því, hvort fært væri að beita þessum

ákvæðum eða fá fram breytingar með samningum, svo að ekki þyrfti til þess að koma að nota þessi ákvæði.

Ég skal játa það að því er vinnslustöðvarnar snertir, að það er ekki gert í svip að afla fjár til þess. Í sumum tilfellum væri kannske hægt að ná samningum um kaup á vinnslustöðvum, sem fyrir eru, ef að því væri snúið af fullum vilja, og í sumum tilfellum hægt að komast af með að fá lán hér innanlands. Hæstv. ráðh. segir, að honum sé kunnugt um, að togaraeigendur hafi snúið sér til Framkvæmdabankans í þessu efni. En ef ríkisstj. telur ástæðu til þess að gera þetta mál að sínu, er ekki óeðlilegt, að hún eigi þar hlut að máli í viðræðum við bankana, bæði þann banka og aðra, í sambandi við stofnun eða kaup á slíkum fyrirtækjum.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umræðurnar úr hófi. — Ég vil út af því síðasta, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, aðeins segja frá því, að ríkisstj. hefur áhuga á því að aðstoða útgerðarmenn eins og hún getur við að koma upp vinnslustöðvum og vill gjarnan beita þeim áhrifum, sem hún gæti haft bæði á Framkvæmdabankann og aðra í þeim efnum.

Út af hinu, sem hv. þm. fann að við mig, að ég gæti ekki svarað því, hvort þessar ráðstafanir hindruðu stöðvun útgerðarinnar, vil ég aðeins segja það, að ég vil ekki taka að mér fyrir hönd ríkissjóðs að gerast aðili til samninga við útgerðarmenn um það, hvað mikið við þurfum að borga þeim úr ríkissjóði til þess að gera út. Mér dettur ekki í hug að vera hér með fullyrðingar um það, að útgerðarmenn kunni ekki að stöðva útgerðina, annaðhvort af ásetningi eða af þörf. Mér er ekki nægilega kunnugt um það. En mér er kunnugt um hitt, að ég treysti mér ekki sem sjútvmrh. og ríkisstj. treystir sér ekki í heild sem ríkisstj. til að bera nú fram till. um annan eða meiri styrk til handa útgerðinni en sú mþn., sem var skipuð til þess að fjalla um þetta mál, í aðalefnum gerði að sínum tillögum, einfaldlega vegna þess að ég get ekki bent á, hvaðan á að fá peningana. Menn verða að skilja það, að ef á að senda mig út af örkinni til þess að þjarka við útgerðarmenn, þangað til þeir ábyrgjast, að togararnir stöðvist ekki undir neinum kringumstæðum, gæti sú för orðið dýr. Ef menn senda mig út af örkinni í þessu skyni, þá verða menn að vera reiðubúnir að taka afleiðingum af þeim viðræðum með nýjum sköttum. Við höfum gert tillögur um skatta í því skyni að standa undir frv. eins og það er. Ég er ekki bær um að benda á nýjar leiðir til meiri útgjalda í þessu skyni, og við það verður að standa. Ég vil láta útgerðina horfast í augu við það, hvort hún vill þiggja þann atbeina, sem ríkisvaldið með þessu vill veita henni, eða hvort hún vill það ekki. Og það verður í þessum efnum sem öðrum að taka því, sem að höndum ber, og snúast við þeim nýju viðhorfum, þegar þau skapast í þjóðlífinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 296).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Eins og hv. þm. þessarar d. er kunnugt, hefur sjútvn. ekki haft neinn tíma til undirbúnings, að heitið geti, því að svo stutt er liðið frá 1. umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, um aðstoð við togaraútgerðina. En þar sem nm. var efni þessa frv. allkunnugt og það reifað við 1. umr. hér í hv. d. af hæstv. forsrh., þurfti ekki að gera langt nál. Það er undirritað af öllum viðstöddum nm. Form. n. er erlendis. Mælt er með frv. óbreyttu, að því fráskildu, að hv. 10. landsk. áskildi sér rétt til að koma með brtt.

Eins og frv. ber með sér, er það viðurkennt, að togaraútgerðin sé í kröggum og þurfi aðstoðar við. Hefur þessari atvinnugrein hrakað mjög umliðið ár. Er það bæði vegna aflabrests og að einhverju leyti mun það stafa af lækkandi verði á sumum afurðum. Eins og að líkum lætur, eru ekki allir jafnilla settir, eitt skip aflar betur en annað, afli selst fyrir hærra verð hjá einum en öðrum. Slíkt er ævinlega misjafnt. En það er viðurkennt, að þörf var aðstoðar, enda hefur hún verið veitt fimm síðustu mánuði þessa árs með 2000 kr. framlagi fyrir hvern þann dag, er skipin hafa stundað veiðar. Í því frv., er fyrir liggur, er gert ráð fyrir sams konar styrk á næsta ári, og að auki skal veita tveggja ára greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur veitt til kaupa á togurum. Sama gildir og um afborganir þeirra lána, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á togurum.

Togaraeigendur hafa farið fram á lækkun á olíum, vátryggingargjaldi og flutningsgjöldum á hraðfrystum fiski, hið síðasttalda til þess að frystihúsin gætu hækkað verðið eitthvað á nýjum fiski. Lítið mun hafa gengið að fá lækkanir á liðum þessum enn sem komið er.

Um afkomu þessa atvinnurekstrar í framtíðinni er ekki hægt að segja neitt ákveðið. Það kemur mest undir aflamagni og aflaverði, eins og verið hefur hingað til. Ríkisstj. hefur lýst því yfir, eða hæstv. forsrh. fyrir hennar hönd, að hún sjái sér ekki fært að ganga lengra í þessari aðstoð að sinni, heldur bíða og sjá til, hverju fram vindur. Væri um frekari aðstoð að ræða, er ekki annað ráð til en að hækka skatta, og er það ekki fýsilegt.

Eins og ég tók fram í upphafi, mælir n. með því, að frv. á þskj. 294 verði samþ. óbreytt, þó með þeim fyrirvara, er hv. 10. landsk. þm. hefur áskilið sér.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. frsm. sjútvn. tók alveg réttilega fram, að n. hefur í því hléi, sem gefið hefur verið nú á milli funda, tekið þetta frv. til athugunar. Tími sá, sem n. hefur haft til umráða, hefur verið svo naumur og takmarkaður, að engin sérstök

athugun hefur getað farið fram á frv. á þeim tíma. Hins vegar má taka það fram, að þetta frv. hefur legið fyrir hv. Nd. nú um nokkurn tíma og orðið dálítill dráttur á afgreiðslu þess þar. Frv. er því ekki ókunnugt hv. dm., þó að ég hins vegar verði að harma, að það skyldi ekki koma fyrr í þessa hv. d., til þess að tækifæri gæfist til að athuga frv. betur en raun er nú á orðin.

Í frv. eru ýmis atriði, sem mjög hefði verið æskilegt að tækifæri hefði gefizt til að kynna sér betur í n. en hægt var á þessum stutta tíma. Auk þess hefði verið mjög æskilegt, að þessi hv. n. hefði getað fengið tækifæri til þess að hafa tal af forsvarsmönnum togaraútvegsins til þess að heyra, hvað þeir hefðu um þetta mál að segja og hvort þeir teldu, að þau bjargráð, sem boðið er upp á í frv., væru fullnægjandi til þess, að þeir gætu haldið áfram rekstri sínum. En um þetta er ekki að sakast. Frv. kom ekki hér í þessa hv. d. fyrr en í dag, og hæstv. ríkisstj. leggur á það megináherzlu, að frv. verði afgr. nú út úr d. á þessari nóttu, enda þótt ekki sé kostur á að athuga það eins og æskilegt hefði verið.

Þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. var mynduð á öndverðu árinu 1950, var eitt hennar meginviðfangsefni að reyna að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem bátaútvegurinn átti þá við að búa. Talið var, að þá væri mikill rekstrarhalli á bátaútveginum og að mjög ískyggilegt útlit væri fram undan.

Sú ríkisstj., sem mynduð var á öndverðu ári 1950, taldi ekki fært að halda áfram á þeirri braut, sem við höfðum verið á, og taldi nauðsynlegt að gera sérstakar, róttækar ráðstafanir til að ráða fram úr vandræðum bátaútvegsins.

Það bjargráð, sem sú hæstv. ríkisstj. greip til og var enda mynduð til að grípa til, var að lækka gengi íslenzkrar krónu. Á það var þá bent af andstæðingum ríkisstj., að gengislækkunin væri ekki aðeins vafasöm lausn fyrir bátaútveginn, heldur tvímælalaust sú dýrasta og þungbærasta lausn, sem hægt væri að fá á þeim vanda fyrir allan almenning í landinu. Var þá á það bent, að með gengislækkuninni væri fleiri hundruð millj. kr. bagga velt yfir á allan almenning í landinu, án þess að það væri á nokkurn hátt tryggt, að gengislækkunin yrði til þess að bjarga bátaútveginum úr hans erfiðleikum, nema síður væri, og má fullyrða, að í hópi þeirra, sem töldu þessa úrlausn mjög vafasama og lítt viðunandi, voru margir smáútvegsmenn, og það einmitt menn, sem átti að vera að bjarga með þessari ráðstöfun.

Ríkisstj. vildi þá ekki hlusta á þessar raddir og hélt fast við ákvörðun sína um að lækka gengi íslenzkrar krónu, enda var hún beinlínis mynduð til þess að hrinda því máli í framkvæmd.

Í dag þarf ekki um það að deila, hverjir hafa haft á réttu að standa í þessu máli. Reynslan er búin að tala. Hún talaði svo skýrt, að ekki verður um villzt.

Sjávarútvegurinn hafði ekki lengi búið við hið lækkaða gengi, þegar ríkisstj. sá sig neydda til að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að bjarga bátaútveginum á ný og þá m. a. undan þeim bagga, sem gengislækkunin hafði velt á herðar bátaútvegsins.

Það var ekki ýkja mörgum missirum eftir gengislækkunina, að hæstv. ríkisstj. sá sig knúða til að taka upp hinn svokallaða bátagjaldeyri til þess að reyna að bjarga bátaútveginum enn á ný. Eins og mönnum er kunnugt, er þessi bátagjaldeyrir í því fólginn, að smáútvegurinn fékk til eigin ráðstöfunar vissan hluta af andvirði útflutningsvöru sinnar. Þennan gjaldeyri mátti bátaútvegurinn síðan selja með vissu, takmörkuðu álagi. Við þetta bjargráð hefur bátaútvegurinn átt að búa síðan nokkrum missirum eftir að fyrrverandi, hæstv. ríkisstj. var stofnuð.

Þegar gengislækkunin var upp tekin í öndverðu árið 1950, var hún ekki hugsuð sem neitt sérstakt bjargráð fyrir togaraútveginn. Það var ekki talið, að afkoma togaranna væri þá slík, að nauðsyn væri á þeirri ráðstöfun, sem þá var gripið til. Hins vegar sótti fljótt í það horfið með togarana, að talið var, að ekki væri hægt að halda rekstri þeirra áfram, án þess að einhverjar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar af hálfu ríkisvaldsins. Því var það, að snemma á þessu ári var sett sérstök n. til þess að rannsaka og kynna sér, hvernig hagur og afkoma togaraútvegsins væri og hvaða ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera til þess að reyna að létta undir með togaraútveginum og afkomu hans. Þessi n. kynnti sér rækilega afkomu togaranna og miðaði þá sérstaklega við afkomuna 1953 og afkomuna 1954, að svo miklu leyti sem um hana var vitað, á meðan n. var að störfum.

Niðurstöður þessarar n. voru þær, að meðalrekstrarhalli á togara hefði reynzt um 400 þús. kr. árið 1953. Við þessa niðurstöðu gerði þó n. þá athugasemd, að í henni væri ekki reiknað með raunverulegum fyrningarafskriftum, sem n. taldi hæfilegar 250—350 þús. kr. á ári.

Það var líka fyrirsjáanlegt, meðan n. var að störfum, að mjög fljótlega og á þessu ári mundi óhjákvæmilega þurfa að koma til nokkurrar launahækkunar hjá togarasjómönnum, ef hægt ætti að vera að fá þá út á skipin. Reiknaði n. með því, að launahækkun togarasjómanna, sem óhjákvæmileg væri, til þess að hægt væri að fá sjómennina á togarana áfram og halda rekstri þeirra áfram, mundi nema ekki minnu en 300 þús. kr. á ári.

Samkvæmt þessu virtist því meðalrekstrarhalli togara, miðað við 1953 og með hliðsjón af þeim kaupbreytingum, sem fram undan voru, vera eitthvað um 950 þús. kr. á ári. Þetta er að sjálfsögðu meðaltal. Sumir togarar skila verri afkomu, miklu verri, en aðrir betri, og er talið, að til séu í flotanum togarar, sem aldrei hafi sýnt neinn rekstrarhalla og þurfi því ekki neinnar hjálpar við.

Þegar vitað var um þessar niðurstöður, taldi ríkisstj. nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að rekstur togaranna stöðvaðist ekki alveg, og verður ekki dregið í efa, að rekstur togaranna mundi hafa stöðvazt á síðastliðnu sumri, ef ekki hefðu verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að hægt væri að halda þeim úti.

Úrræði hæstv. ríkisstj. voru þau að tryggja hverjum togara 2000 kr. í styrk fyrir hvern dag, sem hann var gerður út frá 1. ágúst s. l., auk þess sem ríkisstj. gerði sérstakar ráðstafanir til þess, að útgerðarmenn fengju greiðslufrest á stofnlánum sínum. Tekna til þess að mæta þeim styrk, sem togararnir urðu þarna að fá, aflaði ríkisstj. sér með því að leggja sérstakt innflutningsgjald á bifreiðar, og er upplýst, að þetta innflutningsgjald hefur numið á árinu 1954 um 12 millj. kr.

Nú er fullyrt af togaraútvegsmönnum, að afkoma togaranna sé slík, að það sé ekki fullnægjandi, að þeir haldi þeim styrk, sem þeir hafa haft hingað til, heldur þurfi einnig meira til að koma. Er því haldið fram, að rekstrarhalli togaranna sé að meðaltali um eða yfir 3 þús. kr. á dag. Hefur verið frá því skýrt, að togaraútvegsmenn hafi óskað eftir því við ríkisstj., að hún gerði ráðstafanir til þess að tryggja þeim bætur úr ríkissjóði til að mæta þessum rekstrarhalla og gerði auk þess ráðstafanir til þess að lækka útgerðarkostnaðinn á vissum, tilteknum liðum.

Ég skal ekkert um það fullyrða hér, hvort þessar staðhæfingar togaraútvegsmanna séu réttar eða ekki. Hitt er staðreynd, að það eru togaraútvegsmennirnir sjálfir, sem bezt mega um þetta vita, og ég hefði talið, að nauðsynlegt væri, að þessar fullyrðingar þeirra og niðurstöður yrðu rannsakaðar gaumgæfilega, til þess að menn gætu myndað sér örugga skoðun um það, hvort hér væri farið með rétt mál eða ekki. En eins og ég gat um í upphafi máls míns, þá hefur sjútvn. hér í þessari hv. d., sem haft hefur þetta mál til meðferðar, fengið svo nauman og takmarkaðan tíma til starfa, að engin tök hafa verið á því fyrir nm. að geta kynnt sér þessar fullyrðingar eða staðhæfingar á nokkurn hátt.

En hvað sem þessum staðhæfingum líður, þá má öllum vera það ljóst, að hér stefnir í hreinan voða og vandræði eru fram undan, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir, — ekki aðeins ráðstafanir til þess að leysa þann vanda, sem stefnir að í augnablikinu, heldur einnig þann vanda, sem augljóst er að hlýtur að vera fram undan. Það getur að sjálfsögðu ekki gengið til frambúðar, að nauðsynlegt sé að gera stöðugar ráðstafanir til þess, að hægt sé að halda gangandi aðalundirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, eitt árið með því að lækka gengi krónunnar stórlega og annað árið með því að greiða hverri grein sjávarútvegsins á fætur annarri uppbætur á framleiðsluvöru hennar, — uppbætur, sem fara vaxandi frá ári til árs. Það má hverjum hugsandi manni vera ljóst, að ef ekki eru gerðar sérstakar, róttækar ráðstafanir til að kippa þessum hlutum í lag, þá er hér stefnt í vísan voða, sem getur ekki endað í öðru en mjög alvarlegu hruni hjá þessum atvinnuvegi.

Frv. það, sem hæstv. ríkisstj. ber nú fram til lausnar á vandamálum togaraútvegsins, er engin framtíðarlausn á þessu máli. Hér er aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða til þess að reyna að koma í veg fyrir það, að togararnir stöðvist nú um þessi áramót. Og það er meira að segja dregið stórlega í efa, að þær ráðstafanir, sem lagt er til í frv. að gerðar séu, muni vera fullnægjandi til þess, að hægt verði að halda togaraflotanum úti eftir áramót.

Hæstv. ríkisstj. hefur verið um það spurð, hvort hún geti treyst því, ef þetta frv. verði samþ., að þá muni togararnir halda áfram veiðum eftir áramótin. Og þó að ég hlustaði ekki á allar þær ræður, sem fluttar voru hér við 1. umr. málsins, þá skildist mér á hæstv. forsrh., að um þetta atriði gæti hann ekkert fullyrt og það lægi engin yfirlýsing fyrir af hans hálfu hjá þinginu um það, að þau úrræði, sem hér eru á ferðinni, væru fullnægjandi til þess, að togararnir stöðvuðust ekki um áramótin.

Þó að ég játi, eins og ég sagði áðan, að ekki hafi unnizt tími til að rannsaka þetta mál eins og skyldi, þá finnst mér fyrir mitt leyti ekki rétt, að frv. sé afgreitt á annan veg en þann, að nokkurn veginn megi á það treysta, að rekstur togaranna stöðvist ekki um áramótin, svo framarlega sem kostur er á að afgreiða slíkt frv., án þess að til vandræða sé stofnað á öðrum sviðum. Ég hef þess vegna leyft mér að bera hér fram nokkrar brtt. við frv., sem allar miða að því að reyna að freista að tryggja það, að togararnir þurfi ekki að stöðvast um áramótin og að sú hætta sé ekki yfirvofandi fyrir þá, sem hæstv. forsrh. vildi ekki aftaka um áðan, að kynni að verða til staðar.

Það hefur því miður ekki unnizt tími til að prenta þær brtt., sem ég ber hér fram. Ég hef hins vegar fengið þær vélritaðar, og ég hef afhent hæstv. forseta þessar brtt.

Grundvallaratriðið í till. er það, að ég legg til, að styrkurinn, sem hverjum togara er ætlaður, sé færður úr 2 þús. kr. á dag upp í 3 þús. kr. á dag til þess að mæta þeim kröfum, sem mér hefur verið tjáð að fyrir liggi. Hér er um sams konar till. að ræða eins og borin var fram í hv. Nd. á þskj. 280 og er þar undir 1. tölul. b.

Til þess að mæta þeirri hækkun, sem af þessum styrk til togaranna mundi leiða, leyfi ég mér að leggja til, að ákveðið sé í frv., að í þennan uppbótarsjóð til togaranna skuli renna dýrtíðarsjóðsgjald af bifreiðum skv. l. nr. 112 frá 1950, og er hér um sömu till. að ræða og borin var fram á þskj. 280 í hv. Nd., 1. lið a.

Þá legg ég einnig til, að tekin séu upp í frv. ákvæði um að lækka verð á brennsluolíu, vexti af afurðalánum sjávarútvegsins og flutningsgjöld íslenzkra skipa á framleiðsluvörum sjávarútvegsins. Er hér um sömu till. að ræða og var flutt í Nd. á þskj. 208 undir 2. tölulið.

Enn fremur hef ég leyft mér að bera fram á ný till. samhljóða þeirri, sem borin var fram í Nd. og er á þskj. 293, um það, að á eftir 5. gr. komi ný grein þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að lækka söluverð nýjustu togaranna með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að nota fiskimjölsverksmiðjur þeirra.

Þá ber ég loks fram nýja brtt. um það, að 8. gr. frv. verði orðuð um. Umorðunin á greininni er að nokkru leyti orðalagsbreyting, en þó er lagt til, að aftan við hana bætist ný mgr., sem er efnisbreyting á hinni upphaflegu 8. gr. Ég legg til, að 8. gr. verði orðuð svo:

„Ríkisstj. setur reglur um framkvæmd laga þessara. Skal í þeim reglum ákveðið, hverrar tegundar bifreiðar skuli gjaldskyldar. Ákveða má mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna *nota séu gjaldfrjálsar.*“ — Að *þessu marki* er aðeins um orðalagsbreytingu á gr. að ræða. En svo kemur til viðbótar efnisbreytingin, sem er á þá leið: „Innflutningur skal vera frjáls á þeim bifreiðum, sem innflutningsgjald ber að greiða af samkvæmt lögum þessum.“

Þessa efnisbreytingu ber ég fram með hliðsjón af því, að það segir sig sjálft, að í því er lítil trygging fyrir ríkissjóðinn og fyrir togaraútveginn, ef aðeins er ákveðið, að innflutningsgjald skuli greitt af bifreiðum, en ekki jafnframt tryggt, að bifreiðarnar verði fluttar inn. Þessi efnisbreyting, sem ég ber því fram við 8. gr., er til þess að tryggja það, að inn fáist fluttar bifreiðar til að mæta þeim gjöldum, sem togarasjóðurinn þarf að inna af hendi. Þetta er sú hugsun, sem fyrst og fremst liggur til grundvallar þessari brtt. Þessu til viðbótar kemur svo það, að megn óánægja hefur ríkt í landinu með úthlutun bifreiða. Menn hafa talið, að þar væri ýmsum ívilnað, sumir settir útundan, sem skyldu fá leyfi, en aðrir fengið leyfi, sem síður skyldi. Um þetta getur náttúrlega alltaf verið ágreiningur fram og aftur og erfitt að gera svo að öllum líki og oft erfitt að meta, hverjum á að veita leyfi og hverjum á að neita. En það fyrirkomulag, sem við höfum átt við að búa í þessum efnum, hefur leitt til mikillar óánægju, og uppi eru háværar kröfur um það, að innflutningur bifreiða verði gefinn frjáls. Þessar kröfur hafa átt miklum skilningi að fagna hér á hv. Alþingi, og er ekki annað vitað en að meiri hl. sé til staðar fyrir því í þinginu, að þessi innflutningur verði gefinn frjáls, a. m. k. að svo miklu leyti sem um tollskyldar bifreiðar er að ræða vegna togaragjaldeyrisins. Má því hér vinna tvennt í einu: tryggja það, að bifreiðar verði inn fluttar, til þess að fé sé til staðar í þessum togarasjóði, og koma í veg fyrir þá óánægju, sem uppi hefur verið út af bifreiðaúthlutuninni að undanförnu. — Ætla ég að vænta, að þessar till. minar eigi skilningi að fagna hér í d. og nái a. m. k. að einhverju leyti fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 301) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki alla ræðu hv. 10. landsk., en nokkurn hluta hennar og þá fyrst og fremst það, sem gaf skýringu á þeim brtt., sem hann flytur.

Í þessum brtt. er, eins og hv. 10. landsk. gerði grein fyrir, ein efnisbreyting, og hún er um það, að innflutningur skuli vera frjáls á þeim bifreiðum, sem innflutningsgjald ber að greiða af samkv. lögum þessum. Rökin, sem hv. þm. færði fyrir þessari brtt., voru fyrst og fremst þau, að ef ætti að byggja gjaldgetu þessa sjóðs, sem stofnaður er til stuðnings við útveginn, á tolli á bifreiðum, þá yrði innflutningur á bifreiðunum að vera frjáls. Það væri eina leiðin til að tryggja tekjurnar, en þá væru þær líka tryggðar.

Ég hygg, að hv. þm. sjái það, ef hann athugar málið nánar, að frjáls innflutningur á bifreiðum *tryggir* þetta að sjálfsögðu ekki. Tekjur sjóðsins eru ekki tryggðar með frjálsum innflutningi, heldur með innflutningi. Við höfum engar sannanir fyrir því í dag, þó að innflutningurinn verði frjáls, að þegnar þjóðfélagsins vilji kaupa þann fjölda af bifreiðum, sem með þarf til að tryggja nægilegar tekjur handa sjóðnum. Ég held einnig, um leið og játa verður, að þetta ákvæði tryggir ekki til hlítar það, sem fyrir hv. flm. vakir, þá hljótum við að vera sammála um, að úr því að ríkisstj. á annað borð hefur tekið að sér að bera fram þessar till. útveginum til framdráttar, þá hvíli á henni sú kvöð að hindra ekki innflutning á bifreiðum, að svo miklu leyti sem eftirspurn er fyrir hendi og allt að því marki, að tekjur sjóðsins séu tryggðar til samræmis við þau útgjöld, sem gert er ráð fyrir í frv.

Hitt er svo annað mál, — um það er ég hv. þm. alveg sammála, — að það væri mjög æskilegt, að þessi innflutningur gæti verið frjáls, m. a. vegna þeirra annmarka, sem á innflutningnum eru nú og hv. þm. benti á og ég hef raunar leyft mér áður að geta um í sambandi við aðra till., sem um þetta liggur fyrir í þinginu. Það eru stöðugt klögumál út úr því, hverjir hljóti leyfin fyrir innflutningi á bifreiðum og hverjum sé synjað. Og ég álít mjög æskilegt, að þessi klögumál, rétt eða röng, verði kveðin niður og þá auðvitað með frjálsum innflutningi. Nú liggur fyrir þinginu till. um það, og ég hefði heldur kosið fyrir mitt leyti, að það mál fengi athugun og afgreiðslu í sambandi við þá till., en yrði ekki blandað inn í þetta mál, sem hér liggur fyrir, m. a. vegna þess, að slík till., ef samþ. yrði í sambandi við þetta mál, gæti valdið einhverjum ágreiningi um málið í heild. Ég tel þess vegna rétt, að þessari till. verði vísað frá, þannig að hún verði ekki samþ. í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og menn geymi þá sitt vald og sitt atkv. til þess að fullnægja þeim vilja á þeim vettvangi, sem skapaður var með flutningi þeirrar till., sem ég hef verið að ræða um.

Að öðru leyti eru till. hv. 10. landsk., eins og hann sjálfur segir, áður fluttar í Nd., og þar hafa verið um þær rökræður. Ég skal ekki orðlengja mikið um till., en aðeins víkja örfáum orðum að þeim.

Fyrsta till., sem er við 2. gr. frv., er um það, að dýrtíðarsjóðsgjaldið verði látið falla þessum sjóð. Hv. flm. gerði þá grein fyrir þessari till., að tekjur, sem af henni falla sjóðnum, ættu að vera til jafnvægis við þann útgjaldaauka, sem leiðir af b-lið þessarar sömu till., þar sem dagbætur hverjum togara til handa eru hækkaðar úr 2000 í 3000 kr. Ég held ég hafi getið um það í framsöguræðu minni um þetta mál, að af slíkri till. um að hækka dagbæturnar um 1000 kr. mundi leiða til útgjaldaauka fyrir sjóðinn á árinu 1955, sem næmi 13

millj. kr. Hins vegar mundi ekki af hinni till., jafnvel þótt hún næði til 3 ára, leiða meiri tekjur en um 6 millj., kannske nokkuð á 7. millj., og það er vegna þess, sem ég áður gat um, að þetta gjald hefur aldrei verið innheimt af sendiferðabifreiðum, en mikill fjöldi þeirra bifreiða, sem lögin ná til og skattskyldar eru með lögunum, eru einmitt sendiferðabifreiðar, og auk þess hefur verið venja undanfarin ár að innheimta ekki þetta gjald af þeim bifreiðum, sem atvinnubílstjórar fá, hvort sem það eru stöðvar eða einstaklingar, sem þær bifreiðar kaupa í þessum tilgangi. Og eins og ég skýrði frá í Nd., liggja fyrir um það skriflegar yfirlýsingar frá innflutningsskrifstofunni, að það megi ekki ætla, að dýrtíðarsjóðsgjaldið mundi nema meiru en rúmum 2 millj. kr. á ári. Þessi till. mundi þess vegna, þótt samþ. yrði, ekki nema meiru en hálfum þeim útgjaldaauka, sem leiðir af b-lið þessarar sömu till. við 2. gr., og ekki hafa nein úrslitaáhrif á það, hvort auðið yrði, *ef rétt þætti*, að greiða 3000 kr. á dag. Ég gat auk þess um það, að eins og sakir standa eru líkur til, að tekjur sjóðsins á árunum 1954 og 1955 verði ekki nema 30 millj., tæpar þó, en útgjöldin kannske allt að 39 millj. Það eru þannig sterkar líkur, svo að það sé nú ekki orðað fastar, á því, að nokkrar milljónir skorti á, að sjóðurinn fái sínar tekjur af fyrirhuguðum *gjaldstofni, og þá er ekki um annað að* ræða, sýnist mér, ef standa á við þau fyrirheit, sem óneitanlega felast í frv., en að greiða þær með einum hætti eða öðrum úr ríkissjóði, og mætti þá náttúrlega segja, að einu gilti, hvort lögákveðið væri, að þessi tekjustofn félli nú þegar sjóðnum eða aðrar ráðstafanir yrðu seinna gerðar í þessum efnum. Ég get þó ekki mælt með þessari till., vegna þess að fjárlagaafgreiðslan er nú byggð á því, að þetta gjald renni beint í ríkissjóð, og það er þó a. m. k. ekki loku fyrir skotið, að þessi sjóður, sem hér ræðir um til uppbótar fyrir togarana, fái risið undir sínum þörfum með auknum innflutningi á bifreiðum. Og þá er ekki ástæða til að svipta ríkissjóðinn þessum tekjustofni, sem er, eins og *ég segi, reiknað með, til þess að fjárlög fái* staðizt og séu afgreidd greiðsluhallalaust. Ég get þess vegna ekki mælt með þessari till., a-lið hennar, hvort heldur litið er á afgreiðslu fjárlaga eða þá þýðingu fyrir sjálft málið, sem samþykkt till. hefði.

Þá er önnur till. hv. þm., sem hnígur að því að ákveða þar tilgreindar verðlækkanir á olíu og á vöxtum og á *flutningsgjöldum á fiski. Um* það er það að segja, að ég fyrir mitt leyti verð að lýsa því yfir, að mér er ekki kunnugt um, hvort auðið er, án þess að stofnað sé til hallarekstrar, að fyrirskipa slíkar lækkanir annars vegar þeim, sem olíusöluna annast, og hins vegar þeim, sem annast útflutning á framleiðsluvöru sjávarútvegsins. Ég hef fyrir satt, *og er það eftir gildum útvegsmönnum*, að þeir hafi sjálfir gengið úr skugga um, að ekki sé auðið með sanngirni og án hallarekstrar að lækka olíuverðið umfram það, sem nú er gert. Sjálfur hef ég ekki gögn í höndunum til þess að ganga úr skugga um, hvort sú fullyrðing útgerðarmanna er rétt eða röng. En mér finnst, að Alþingi geti ekki samþ. að lögbjóða lækkanir á vissum vörutegundum, án þess að lögð séu fram gögn um það, að þessar vörutegundir séu seldar óhæfilega háu verði eða a. m. k. svo háu, að það sé ekki úr hófi fram gengið á hlut þeirra, sem þessa verzlun reka, með slíku lagafyrirmæli. Hér hefur ekki verið gerð nein tilraun og raunar ekki heldur í Nd. til þess að færa sönnur á, að slík verðlækkun á olíunni fái staðizt út frá þessu sjónarmiði.

Varðandi flutningsgjöldin hef ég sjálfur persónulega reynt að eiga þátt í því, að þau yrðu eitthvað lækkuð, og mér hefur ekki gengið það betur en öðrum. Aftur á móti hafa verið lögð fyrir mig margvísleg gögn um, hverju þetta muni fyrir útveginn, annars vegar og hins vegar, að með margvíslegum kvöðum, sem á skipafélögin hafa verið lagðar, aðallega varðandi farmgjöld á nauðsynjavörum almennings í landinu, þyki ekki auðið frá þeirra sjónarmiði að verða við slíkum óskum, þó að ríkisstj. hafi sótt það allfast. Og ég vil þá ekki að svo komnu máli, skortandi gögn fyrir því, að þetta sé sanngjarnt, vera með í því að lögbjóða það. Ég álít, að ef það er staðreynd, að auðið sé að lækka olíuverðið annars vegar og flutningsgjöld hins vegar, þá megi ósköp vel og einnig með aðstoð ríkisstj. fá það upplýst, enda þótt Alþingi sé búið að ganga frá þessu máli, og ganga þá því harðara að þessum aðilum með öllum þeim siðferðislega rétti, sem hallarekstur útgerðarinnar skapar til að gera kröfur á hendur aðilum, sem annast ýmist sölu á höfuðnauðsynjum útvegsins eða flutninga á aðalframleiðsluvörunni, og með þeim hætti reyna að knýja allt það fram, sem hóflegt þykir og menn *vildu ljá atbeina sinn og síðar berjast fyrir að* fullkomlega upplýstu máli. En ég endurtek, að ég tel það sama gilda um farmgjöldin og um olíuverðið, að Alþ. getur ekki eingöngu af því, að hér er flutt till., án þess að hún sé rökstudd með öðru en að útvegurinn þurfi á þessu að halda, samþ. slíkar till. og haldið sinni fullu virðingu. Alþ. má ekki grípa til svo handhægra ráða að segja: Ja, vegna þess að einn aðila skortir, þá skulu án rannsóknar um gjaldskyldu annars aðila þó lagðar á hann þær kvaðir að fullnægja þörfum hins fyrrnefnda. Um það þurfa að liggja fyrir fyllri upplýsingar, áður en hægt er að fallast á slíkar tillögur.

Varðandi vextina halda bankarnir því fram, að togaraútgerðin búi við sömu kjör og bátaútvegur*inn. Ég hef ekki fullkomlega gengið úr skugga* um, hvort það er með öllu rétt, en það er áreiðanlega vafalaust, að nokkurs misskilnings gætti af hendi togaraútgerðarmanna í veigamiklum efnum þess þáttar af þeirra rekstrarkostnaði. Ég vildi ekki fyrir mitt leyti beita mér fyrir því, að togaraútgerðin fengi önnur vaxtakjör heldur en bátaútvegurinn nýtur, og meðan ekki er upplýst um það, að þessi till. setji ekki togarana við hærra borð en bátaútvegurinn situr við, þá vil ég ekki leggja liðsinni til, að hún verði samþykkt. Hitt hygg ég að hv. flm. þurfi ekki að óttast, að ef um eitthvert misrétti er þarna að ræða, þá verði ekki auðið að fá það leið-

rétt. Það mun aldrei muna nema einum eða tveimur tugum þúsunda fyrir hvern togara, hvort hann fær þau kjör, sem hann sjálfur óskaði eftir í þessum efnum, þ. e. a. s. taldi sig þurfa að fá til þess að njóta sömu kjara og báta-útvegurinn, og það sker ekki úr í þessu máli, en óviðfelldið fyrir þingið að fyrirskipa bönkunum þetta og ætti einnig að vera nauðsynjalaust, ef um sanngirniskröfu og jafnrétti er að ræða. — Þetta er nú það, sem ég vildi segja um 2. lið till.

Varðandi 3. liðinn, að lækka söluverð á nýju togurunum með þeim rökum, að fiskimjölsvélar hafi ekki reynzt eins og vonir stóðu til, þá hafa nú ekki heldur verið færð rök — ekki heldur í Nd. af þeim, sem þar fluttu till. — fyrir því. Og enda þótt fiskimjölsvélarnar kunni að hafa reynzt miður en skyldi eða óskir eða vonir stóðu til, þá leiðir ekki af því út af fyrir sig nauðsyn á að lækka söluverðið. Hitt er svo rétt, að þessir togarar urðu mjög dýrir, og er án efa örðugt fyrir þá, sem þá keyptu, að standa undir rekstri þeirra. Það er mál, sem verður að athuga eitt og út af fyrir sig og án hliðsjónar af almennum ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að tryggja rekstur togaraflotans. Til þess gefast nóg tækifæri, ef menn á annað borð vilja inn á þá braut, að ríkið slái af eða taki á sig, við skulum segja 3 millj. af hverjum togara. Það eru 30 millj. Þeir, sem það vilja, verða þá að gera sér grein fyrir, hvaðan ríkið á að taka það fé, og það er náttúrlega út af fyrir sig hál braut að komast út á, að ríkið hafi þau viðskipti við þegnana, að þegar það er búið að veita þeim fyrirgreiðslu um öflun framleiðslutækja og þeir þykjast farsælastir, sem hnossið hreppa, þá skuli þeir þó geta barið á dyr að nýju, ef reyndin sýnir, að þeir hefðu nú verið hamingjusamari með því að verða settir hjá, þegar þessum gæðum var útbýtt meðal þegnanna. Þetta eru tiltölulega fáir menn, sem hér eiga hlut að máli, og ég tel, að Alþ. verði að athuga það mál nokkuð gaumgæfilega, áður en það tekur að sér að leggja 30 millj. kr. nýjar kvaðir á þjóðina, svo að ég nefni nú einhverja tölu, til þess að geta úthlutað þeim feng til þeirra manna, sem keyptu þessa nýju togara.

Ég segi um þessar till. almennt, að sumar þeirra eru mér meira eða minna geðþekkar. Málið liggur bara þannig fyrir í dag, eins og ég gerði grein fyrir í minni frumræðu, að mig skortir aðila, sem ég get bent á og sagt við: Borga þú það, sem leiðir af þessum tillögum.

Eins og málið allt nú stendur, held ég, að við eigum ekki annars úrkostar en að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, og svo verður reyndin að skera úr um, hversu farsællega það reynist. En ég endurtek það, sem ég áður sagði í minni fyrri ræðu, að í höfuðatriðum hefur verið fylgt till. velviljaðra og viturra manna, þ. á m. manna úr okkar eigin hópi, þm., sem voru látnir rannsaka hag togaraútgerðarinnar og gerðu ákveðnar till. um, hvernig ætti að bæta úr öngþveitinu.

Ég vil svo aðeins bæta því einu við, sem ég raunar sagði líka áðan, að enda þótt við hækkum daggjaldið úr tveim þúsundum í þrjár þúsundir, þá er með því ekki sköpuð trygging, a. m. k. þori ég ekki að staðhæfa, að þá sé öruggt um afkomu togaranna. Ég þori ekkert að staðhæfa um það. Ég er að gera mér vonir um, að tvær þúsundir muni duga. Að sjálfsögðu mundu þá þrjár duga enn þá betur, en hvorugt nægir, ef það er rétt, sem flm. þessarar till. sagði í Nd., að það vantaði hvorki meira né minna en 800 þús. upp á till. sjálfs frv., til þess að heita mætti, að tryggur væri rekstur meðaltogara, — 800 þús., en ekki 300 þús., eins og í þessari till., sem hann sjálfur þá flutti og hv. 10 landsk. nú tekur upp. Ég verð þess vegna að leyfa mér að leggja til, að þessar till. verði felldar og frv. samþykkt eins og það er lagt fyrir hv. deild.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. sjútvn. á þskj. 296 fyrirvaralaust. Og af því leiðir að sjálfsögðu, að ég mun greiða frv. því, sem hér liggur fyrir, atkv. óbreyttu. Ég hef því ekki neina sérstöðu í n., sem ég þarf að gera grein fyrir. Samt sem áður þykir mér þörf á því að segja hér örfá orð og þá fyrst og fremst til að taka það fram, áður en þetta frv. gengur hér í gegnum hv. d., að ég lít á þetta sem hreint neyðarúrræði, og það gera líklega flestir. En ég sé ekki, að neitt annað sé hægt að gera nú á elleftu stundu, ef togaraútgerðin á ekki að stöðvast eftir áramótin, með ófyrirséðum afleiðingum, en að minnsta kosti slæmum afleiðingum fyrir land og þjóð. Hins vegar er mér það alveg ljóst, að þá braut, sem verið er á að því er atvinnuvegina snertir, verður ekki hægt að halda til langframa öðruvísi en að illa fari.

Hv. 10. landsk. þm. flutti hér brtt. og talaði fyrir þeim og einnig um málið almennt. Ég ætla ekki að svara hans ræðu, það hefur hæstv. forsrh. gert. Og ef hv. frsm. n. þykir þörf á að svara þeirri ræðu að einhverju leyti fyrir n. hönd, þá mun hann að sjálfsögðu gera það. En þó eru það ein eða tvær athugasemdir, sem ég vildi gera.

Hv. þm. tók það réttilega fram, að n. hefði haft lítinn tíma til þess að athuga þetta frv. Þess ber þó að gæta, að þm. yfirleitt hafa haft allt þingið til þess að íhuga málið, því að málið var lagt fyrir þingið fljótt eftir setningu þess, og meira að segja áður en þing kom saman var það öllum þm. og landslýð vitanlegt, að á þessu máli þyrfti að taka á Alþingi.

Eitt af því, sem hv. 10. landsk. þm. kvartaði um í þessu sambandi, var það, að ekki hefði gefizt tími til þess að tala við forsvarsmenn togaraútgerðarinnar og vita, hvort þeir teldu þá hjálp, sem í frv. fælist, fullnægjandi. Í þessu sambandi dettur mér í hug fjvn. Ef fjvn. hefði þann hátt á að kalla þm. hvers kjördæmis og segja: Ég hef nú hugsað mér að leggja til, að þitt kjördæmi fengi hálfa milljón í hinar og aðrar framkvæmdir, telur þú það fullnægjandi? — ja, ég er ákaflega hræddur um, að fæstir þm. mundu svara því játandi, að þeir teldu það fullnægjandi. Og eins og tíðarandinn er orðinn, þá hygg ég, að það séu ákaflega fáir, sem eygja einhver friðindi, að þeir játi því í byrjun, að það, sem þeim er boðið, sé fullnægjandi og þeir

séu ánægðir með það, meðan þeir kunna að hafa von um að fá meira. Ég held því, að þetta hafi ekki beinlínis verið neitt þjóðráð. Hitt var auðvitað annað mál, að ef n. hefði sjálfstætt getað rannsakað líklegar tekjur og gjöld togaranna og myndað sér sjálfstæðar skoðanir um það, hvað mikla hjálp togaraútgerðin þyrfti að fá, þá hefði það verið gott. Það gat sjútvn. Ed. ekki gert vegna tímaskorts. En eins og hér hefur komið fram og hæstv. forsrh. margtekið fram, þá starfaði að þessum málum n. í sumar, sem rannsakaði hag togaraútgerðarinnar óhlutdrægt, og frv. er einmitt á hennar till. byggt.

Hv. 10. landsk. þm. minntist hér á gengislækkunina og taldi hana síður en svo hafa orðið til bjargar atvinnuvegum þjóðarinnar, heldur væri hún það þungbærasta, sagði hann, sem á þá hefði verið lagt. Það má að vísu endalaust deila um þetta, en ég hygg, að margir skynbærir menn líti þannig á, að eins og þá var ástatt, þegar gengislækkunin var gerð, ef ekki hefðu komið ófyrirséðar breytingar á verðlagi og öðru slíku, þá hefði hún verið fullnægjandi fyrir útflutningsatvinnuvegina, til þess að þeir gætu orðið reknir með sæmilegum árangri. En það komu fljótt eftir gengislækkunina ófyrirséðir atburðir, einkum voru þeir í tvennu fólgnir. Annað var öllum Íslendingum ósjálfrátt, það var verðlækkun á útlendum mörkuðum. Hitt var í raun og veru stjórn og þingi sjálfrátt, a. m. k. að nokkru leyti, og það var, að ekki var haldið við gengislögin eins og þau voru, heldur heyktist bæði þing og stjórn á því að framfylgja þeim ráðstöfunum, sem í fyrstu voru í gengislögunum gerðar.

Hv. 10. landsk. þm. sagði, að það væri öllu stefnt í voða, ef ekki yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir til bjargar. Ég býst við, að þetta sé rétt, ef svo horfir um afkomu aðalatvinnuvegar þjóðarinnar sem verið hefur, að þá sé öllu stefnt í voða. En hver á að gera þessar ráðstafanir? Frá hans sjónarmiði sjálfsagt þing og stjórn. Og það er orðinn hugsunarháttur í landinu, að það opinbera, ríkisvaldið, eigi að bjarga öllu við og sjá um allt. Það á sem sagt að þjóðnýta töp á öllum atvinnurekstri, en að vísu ekki að þjóðnýta hagnað, ef einhver yrði. Ég verð nú að segja það hreint eins og það er, að ég veit ekki, hvar þetta lendir, og skil ekki, að það lendi í öðru en öngþveiti. Og ég sé ekki, hver getur haft gagn af því til lengdar, þegar allir þjóðfélagsþegnarnir lifa að meiru og minnu á styrkjum. Þá gengur það þannig fyrir sig, svo að tekið sé einfalt dæmi, að hv. 10. landsk. rekur atvinnu og fær til þess styrk, sem ég borga. Ég rek aðra atvinnu og fæ til þess styrk, sem hann borgar. Ég sé ekki, hvaða gagn við tveir höfum af þessu. Meðan það eru ein eða tvær þjóðfélagsstéttir, sem fá styrk og reka sína atvinnu með styrkjum, þá getur verið gagn að því, og hinir borga. Og nú er það einmitt með togarana, að það voru bjartar vonir bundnar við þá, að það væri nú það eina, sem öruggt væri. En svo er komið, að þeir þurfa að fá styrk. Og vitanlega er þetta allt af einum og sama toga spunnið. Það er ekki gengisfallinu að kenna. Það er þeirri kröfupólitík, sem í raun og veru allar stéttir þjóðfélagsins reka nú á dögum, sem þetta er að kenna.

Ég held, að það væri tími kominn til að gera ráðstafanir til frambúðar, þó að nauðsynlegt sé að samþykkja þetta frv. nú. En ég held, að þær ráðstafanir yrðu tryggastar og beztar þannig, að þjóðfélagsstéttirnar gerðu þessar ráðstafanir sjálfar með sanngjörnum allsherjarsamningum um það, hvernig afrakstri af vinnu þjóðarinnar yrði sanngjarnlega skipt. Og ég sé ekki annað, ef slíkir samningar geta ekki komizt á, en að þá muni og verði fyrr eða síðar að koma einhvers konar valdboð í því efni, annars geti þjóðfélagið alls ekki staðizt.

Þetta eru nú aðeins hugleiðingar, sem ég vildi láta fylgja því, að ég sjálfur neyðist til að greiða þessu frv. atkvæði nú, af því, eins og ég tók fram í upphafi, að þegar þingið er nú að skilja fyrir jólin og verður töluvert þinghlé, þá er ekkert annað ráð fyrir hendi. Ráðstafanir til frambúðar, hvort sem þær væru gerðar með frjálsum samtökum eða með valdboði, þurfa auðvitað mikinn undirbúning og íhugun, og er ekki um þær að ræða nú eða til þess að bjarga togaraútgerðinni á næstu vertíð.

Um brtt. hv. 10. landsk. þm. skal ég ekki ræða. Hæstv. ráðh. hefur rakið þær og gert grein fyrir ástæðunum til þess, að hvað sem um hverja einstaka þeirra má segja, þá eru ekki ástæður til þess nú að rugla málið með því að samþ. neina þeirra. En út af einni þeirra, till. um það, að frjáls skuli vera innflutningur á þeim bifreiðum, sem togaraskatturinn er lagður á, skal ég geta þess, að sams konar till. liggur fyrir Alþ. og er til meðferðar í n., sem ég sjálfur á sæti í, og ég hef ekki orðið annars var, þó að sú nefnd hafi ekki afgr. málið enn, en að það væru allir nm. sammála um að afgreiða þá till. jákvætt, þó að það sé ef til vill ágreiningur um einstök atriði, sem þó er ekki komið skýrt í ljós. Ég held, að ég megi fullyrða það, að Alþ. fær tækifæri til þess á sínum tíma, þegar það kemur aftur saman, að greiða atkv. um það, hvort allur bifreiðainnflutningur á að vera frjáls, eða þá sá bifreiðainnflutningur, sem hér um ræðir, og ekki þurfi því að samþykkja till. hv. þm. um þetta atriði, jafnvel ekki af þeim, sem eru því mjög fylgjandi að gefa bifreiðainnflutning frjálsan.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um ræðu þá, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) flutti hér áðan. Hugleiðingar hans um ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar voru að ýmsu leyti mjög skemmtilegar og athyglisverðar. Hann tók undir það, að óhjákvæmilegt væri að gera einhverjar róttækar ráðstafanir til þess að skipa málum sjávarútvegsins með betri og öruggari hætti en verið hefði að undanförnu.

Hv. þm. kastaði fram þeirri spurningu, hverjum bæri að ráða fram úr þessum vanda. Hann minntist á það, að menn gerðu kröfu til ríkisstj. í þessum efnum, en hv. þm. vildi beina þessari kröfu meira til alls almennings. Hv. þm. gat þess og, að það væri ekkert vit í því að vera stöðugt að þjóðnýta töpin á sjávarútveginum

og það væri lítið vit í því, eins og hann orðaði það, að hann ræki einhvern atvinnurekstur og tapaði á honum og fengi styrk hjá mér til þess, ég ræki annan, tapaði á honum líka og fengi styrk hjá honum til þess. Allt er þetta að sjálfsögðu alveg rétt. En hvað er hv. þm. að gera hér í kvöld? Hvernig er frv., sem hann er að leggja til að samþykkt verði? (BSt: Bráðabirgðaráðstöfun.) Þessi hv. þm. er einmitt að leggja til með samþykkt þessa frv., að gert verði það, sem hann segir að geti ekki gengið til frambúðar.

Ég ætla ekki heldur að fara að deila við þennan hv. þm. um gengislækkunina og áhrif hennar. Það yrði allt of langt mál, enda ætti að vera óþarfi fyrir okkur stjórnarandstæðinga að vera að deila við stuðningsmenn ríkisstj. um gagnsemi gengislækkunarinnar og áhrif hennar. Við getum látið þá algerlega um að spjalla við reynsluna í þeim efnum. Hún talar sínu skýra máli, og niðurstöður hennar verða ekki vefengdar. Það er staðreynd, að skömmu eftir að gengi íslenzkrar krónu var lækkað, var óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bjarga bátaútveginum m. a. undan gengislækkuninni. Í dag er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að bjarga togaraútveginum, og gengislækkunin á sinn þátt í því. Um þessa hluti þurfum við stjórnarandstæðingar ekki að vera að rífast við hæstv. ríkisstj. eða hennar stuðningsmenn, við getum látið þá algerlega um að spjalla um þetta í ró og næði við reynsluna. Hún segir þar allt, sem segja þarf.

Það kom mjög greinilega fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann getur ekkert um það sagt, hvort samþykkt þessa frv. nægi til þess, að togurunum verði haldið úti eftir áramótin. Þetta er óneitanlega mikill galli á þessu máli. Þessu frv. er ætlað og það er flutt í þeim tilgangi að tryggja það, að togararnir geti haldið áfram eftir áramótin. Þessu frv. er ætlað að leysa vandamál togaraútgerðarinnar, en að sögn hæstv. forsrh. er það flutt með því fororði, að hann segist ekki hafa hugmynd um, hvort hann geti náð þeim tilgangi, sem hann ætlar sér með frv. Um það hyggst hann láta skeika að sköpuðu. Þetta verður því alvarlegra, þar sem vitað er, að mþn. sú, sem hafði þetta mál til athugunar, lagði til, að gerðar yrðu ýmsar ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru til þess að leysa vanda togaraútgerðarinnar. Það frv., sem hér liggur fyrir, felur alls ekki í sér nema nokkurn hluta af þessum úrræðum. Hin eru alls ekki með.

Eftir álitsgerð mþn. liggur því nærri að óttast, að þetta frv. feli ekki í sér fullnægjandi lausn á málinu, og það því fremur, þar sem vitað er, að togaraútgerðarmenn halda því fram sjálfir, að þetta sé ekki fullnægjandi, þó að ég skuli viðurkenna, að á þeim ummælum vil ég miklu minna mark taka en þeim, sem frá mþn. koma í þessu máli, því að hún átti þó að vera hlutlaus aðili til að athuga málið.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það, hversu hlýlega hann tók undir þá till., sem ég ber hér fram við 8. gr. frv. Það er till. um, að innflutningur á bifreiðum skuli gefinn frjáls, að svo miklu leyti sem um er að ræða bifreiðar, sem togaragjaldið skuli á lagt. Hæstv. ráðh. tók mjög vel undir þessa till. og kvað sig vera efnislega fylgjandi henni. Hins vegar verð ég að harma það, að áhugi hans fyrir till. skyldi ekki ná það langt, að hann gæti mælt með því, að hún yrði samþ. Hann bar því við, að hér í þinginu væri önnur till., sem væri efnislega eins, og hún væri borin fram sem sjálfstæð till. Hann óskaði frekar eftir, að sú till. væri samþ., en ekki væri farið að rugla það mál, sem hér liggur fyrir, með því að samþ. mína till. nú.

Ég vil benda hæstv. forsrh. á, að það er þó nokkuð langt síðan þáltill. kom fram hér í þinginu. Það er þó nokkuð langt um liðið. Það dróst dálítið, að hún yrði tekin á dagskrá í Sþ., þó kannske ekki verulega. Hitt er staðreynd, að umr. um till. í Sþ. stóðu mjög lengi og nokkuð óvenjulega lengi. Till. hefur nú legið í n. um skeið, og þó að okkur sé í dag sagt, að henni sé vel tekið, þá getur enginn fullyrt um á þessari stundu, nema sú till. kunni að eiga eftir að daga uppi í n. eða vera svo misþyrmt í þinginu, að hún komist ekki í gegn. Svo mikið er víst, að þessi till. verður ekki samþ. áður en þing fer heim nú í jólaleyfi, og er þá gefið, að hún getur ekki komið til framkvæmda í byrjun næsta árs. Hitt er víst, að ef þessi till. verður afgreidd nú hér í kvöld og samþ. sem brtt. við þessi lög, þá er hún orðin að lögum fyrir áramót væntanlega og kemur þá strax til framkvæmda. Öruggasta leiðin til þess að koma fram þessari till., sem hæstv. forsrh. hefur nú lýst fylgi sínu við, er því að samþ. hana nú þegar, en vera ekki að hætta á að bíða eftir, hvernig kunni að fara um þáltill. einhvern tíma í framtíðinni. Ég held því, að hæstv. forsrh. væri miklu öruggari um skjótan og góðan framgang þess máls, sem við báðir fylgjum, ef hann vildi nú ljá minni till. sitt lið hér í kvöld og hans flokkur.

Þá ræddi hæstv. forsrh. nokkuð um dýrtíðarsjóðsgjaldið samkvæmt lögum nr. 112 frá 1950, sem ég hef lagt til að verði látið renna í þennan tryggingasjóð togaranna.

Hæstv. forsrh. andmælti þessari till. og ekki hvað síst á grundvelli þess, að þetta mundi rugla afgreiðslu fjárlaga, í fjárlögunum væri gert ráð fyrir, að þetta gjald rynni í ríkissjóð, og ef nú væri farið að kippa því í burtu, þá mundi þetta rugla niðurstöður fjárlaga.

Við þessu er fyrst því að svara, að fjárlög hafa alls ekki verið afgreidd enn. 3. umr. fjárl. er ekki byrjuð, og ef samþ. yrði hér í nótt, að þetta gjald skyldi renna í togarasjóðinn, þá er að sjálfsögðu nægur tími enn til þess að bera fram nauðsynlegar breytingar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, svo að það þarf ekki neinu þar í að rugla.

Hér við bætist svo annað. Það er vitað, að á seinni hluta ársins 1954 hefur orðið talsvert mikil aukning á innflutningi bifreiða vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru í sambandi við togarana, og það er ætlað, að á árinu 1955 verði enn mikil aukning á þessum innflutningi. Þessi aukni innflutningur hlýtur að leiða til þess, að dýrtíðarsjóðsgjaldið samkvæmt lögum nr. 112 1950 aukist mjög verulega frá því, sem

var áður en þessi skipan var upp tekin. Hæstv. forsrh. getur ef til vill upplýst hér, hversu mikil aukning er áætluð á tekjum ríkissjóðs 1955 vegna þeirrar aukningar, sem verður á bifreiðainnflutningi í sambandi við þennan togarasjóð. Mér er ekki kunnugt um, að í tekjuáætlun fjárlaganna sé reiknað með neinni aukningu á tekjum frá því, sem áður var, og þó að þetta sé tekið og lagt í þennan togaragjaldeyrissjóð, þá mundi það í engu eða sáralitlu rugla þeim tölum, sem fyrir liggja í sambandi við fjárlögin. Ég skal taka fram, að ég hef ekki athugað þetta alveg niður í kjölinn, en ég hygg, að þetta muni fara nokkuð nærri, og hæstv. forsrh. getur þá upplýst þetta, ef rangt er með farið.

Þá talaði hæstv. forsrh. um það, að harkalega væri að farið, ef nú ætti skyndilega að fara að ákveða með lögum, að flutningsgjöld íslenzkra skipa á framleiðsluvörum sjávarútvegsins skyldu lækka um 20%. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að til þess að hægt væri að taka í lög slík ákvæði sem þetta, þá þyrfti að rannsaka rækilega og fá upplýst, hvort þetta væri raunverulega hægt vegna afkomu skipafélaganna. Og hæstv. forsrh. sagði eitthvað á þá leið, að ef hæstv. Alþ. flasaði að því að gera svona ráðstafanir að óathuguðu máli, þá gæti það naumast haldið virðingu sinni á eftir.

Ég vil benda hæstv. forsrh. á, að hér er ekki um neitt nýtt mál að ræða. Þetta er mál, sem búið er að vera á dagskrá lengi, í mörg ár. Það mun sjálfsagt vera þaulrætt við skipafélögin um að fá þessa lækkun fram með frjálsum samningum. Það hefur ekki tekizt. Togaranefndin, sem athugaði þetta mál, var m. a. með þetta í sínum till., og ég vildi mega ganga út frá því, að n. hefði ekki farið inn á þessa braut, ef hún hefði ekki vitað, hvað hún var að segja. Svo mikið er víst, að það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að flutningsgjald hjá þeim íslenzkum skipum, sem við þurfum að skipta við, er til muna hærra en hjá erlendum skipum, sem á svipuðum leiðum sigla. Við eigum við hlutfallslega verulega hærra flutningsgjald að *búa heldur en tíðkast með öðrum þjóðum*, og það er áreiðanlegt, að þarna hlýtur eitthvað að vera bogið.

Ég hef enga trú á því, þó að haldið verði áfram að ræða við skipafélögin um afslátt nú um skeið vegna sjávarútvegsins, að þær umr. beri frekar árangur nú en á undanförnum árum, og ég vil þess vegna fyrir mitt leyti eindregið taka undir þá hugmynd, sem fram kom í togaranefndinni, að þetta hljóti og verði að ákveða með lögum.

Þá andmælti hæstv. forsrh. einnig þeirri till., sem hér liggur fyrir um lækkun á vöxtum vegna lána til sjávarútvegsins. Hann andmælti þessu m. a. á grundvelli þess, að hann efaðist um, að togaraútvegurinn ætti þarna við verri lánakjör að búa en bátaútvegurinn.

Ég skal ekki um þetta deila. Ég þekki þetta ekki svo vel, en hitt veit ég, að aðrar atvinnugreinar þjóðarinnar eiga við betri lánakjör að búa en togaraútvegurinn og ef til vill bátaútvegurinn líka.

Hæstv. forsrh. veit það ákaflega vel, að það er í ýmsum lögum í sambandi við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar ákveðið, að lán til þeirra skuli ekki vera með hærri vöxtum en 2½%, og í sumum tilfellum er um lægri vexti að ræða. Ég vil því spyrja: Hvernig stendur á því, fyrst togaraútvegurinn er svo illa kominn, að það er nauðsynlegt að grípa til alvarlegrar ráðstöfunar, til þess að hann stöðvist ekki, að hann á ekki að búa við sömu lánakjör og ýmsar aðrar atvinnugreinar þjóðarinnar?

Þá minntist hæstv. forsrh. einnig á það atriði í till., að verð á olíu verði lækkað um sem svarar 50 kr. á hvert tonn frá því verði, sem gilti 1. des. 1954.

Hæstv. forsrh. taldi, að það væri alveg ósannað, að olíufélögin þyldu þetta. Þetta eru ummæli, sem hafa heyrzt oft og mörgum sinnum, enda þótt það sé alþekkt staðreynd, ekki aðeins hér, heldur og um heim allan, að olíufélögin eru einhver stærstu gróðafyrirtæki, sem til eru í veröldinni, og hafa safnað að sér meiri gróða og meiri auð en flest önnur verzlunarfyrirtæki, sem við þekkjum. Þessi olíufélög, sem hér starfa á Íslandi, eru ekkert annað en angi af hinum stóru olíufélögum, sem hafa breitt sig út um allan heim, þannig að ég fyrir mitt leyti hef enga tilhneigingu til þess að taka það neitt alvarlega, þó að ég heyri hér um það són, að afkoma þessara fyrirtækja sé þannig, að þau þoli ekki, að olíuverðið til togaranna sé lækkað nokkuð. *Og ég vil í sambandi við það eins og í* sambandi við hinar aðrar till., sem hér eru á ferðinni, minna á, að þessi till. er eins og þær ættuð og upprunnin í þeirri nefnd, sem hafði þessi mál til athugunar, — nefnd, sem athugaði, hvað hún var að gera, og vissi, á hvaða leiðir hún var að benda.

*Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að* fara frekar út í þessar till. En ég vil enn sem fyrr benda á það, að mér finnst harla mikil og mjög alvarleg veila í þessu máli, þar sem hæstv. forsrh. getur ekki sagt þinginu neitt um það, hvort hægt sé að gera sér vonir um, að þetta frv., þó að samþ. verði, nái að leysa það mál, sem því er ætlað að leysa. Ég tel, að af hálfu hæstv. ríkisstj. hafi málið ekki verið undirbúið sem skyldi, fyrst ekki var gengið úr skugga um slíkt og hægt að segja Alþ. eitthvað meira um þær niðurstöður en hæstv. forsrh. hefur getað lagt hér fyrir.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Það yrðu að mestu leyti endurtekningar frá því, sem ég sagði í síðustu ræðu minni, ef ég færi að rekja lið fyrir lið það, sem hv. 10. landsk. (GÍG) sagði nú í seinni ræðu sinni. Ég get þess vegna í aðalefnum vísað til þess, sem ég er búinn að segja um þetta, vil þó aðeins árétta einstök atriði.

Ég heyrði ekki, eins og ég gat um áðan í fyrri ræðu minni, fyrri hluta af frumræðu hv. 10. landsk. þm., en ég sé, að hann hefur þar hleypt á sprett út af genginu.

Ég held, að það verði ekki til sálubótar fyrir neinn okkar að fara að draga viðtækar umr. um þær ráðstafanir, sem gerðar voru á öndverðu árinu 1950, inn í umr. um þetta mál. En ég get *ekki stillt mig um að minna á það, að þegar*

gengisfellingin var gerð, þá var valið á milli hennar eða að leggja á nýja skatta, áreiðanlega 2—3 hundruð millj. kr., og ég get vel sagt það hér í hundraðasta skipti, að dómurinn yfir þeim möguleika felst beint og skýrast í því, að enginn þeirra manna, sem gagnrýnt hafa gengisfellinguna, hafði sig til þess að bera fram till. eða benda á gjaldstofna, sem gætu gefið ríkissjóði svo mikið sem ⅒ hluta af þeim nýjum tekjum, sem hefði þurft á að halda, ef enn hefði átt að halda áfram eftir þeim leiðum, sem farnar höfðu verið fram að gengislækkun. Menn geta sagt allt um bölvun gengislækkunar út af fyrir sig. Það er auðvitað ævinlega neyðarúrræði. Um það geta menn, eins og ég segi, sagt allt annað en það, að það hafi verið auðið að komast hjá þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar. Og ég vil ekki, að það standi ómótmælt, sem hv. 10. landsk. þm. sagði hér, að skömmu seinna hefði þurft að hjálpa bátaútveginum að nýju með bátagjaldeyri og nú togurunum vegna gengislækkunar. Kjarni málsins er sá, að þrátt fyrir gengislækkunina höfum við vegna alls annars en hennar neyðzt til að gera viðtækari ráðstafanir, og þá m. a. vegna þess, að verðlag á erlendum markaði var okkur óhagstætt, verzlunarárferði var Íslendingum mjög óhagstætt um visst árabil eftir gengisfellinguna og ýmislegt fleira, sem þar hefur komið til, og þar á meðal aukinn innlendur kostnaður. En sem sagt, ég vil stilla mig um að fara út í langar umræður um það.

Hv. þm. gat um það, raunar tvisvar í ræðu sinni, að það væri í sjálfu sér hörmuleg staðreynd, að ég treysti mér ekki til að fullyrða, að þessar till., sem ríkisstj. stendur að, mundu nægja til þess að tryggja áframhald togaraútvegsins á næsta ári. Ég get ekki úr þessu bætt, frekar en hann mundi geta svarað fsp. frá mér, ef ég spyrði hann um, hvort hann þyrði að ábyrgjast, að till. hans, þó að samþ. yrði, um hækkun daggjaldsins úr 2000 í 3000 kr. mundi geta tryggt þetta. Hvorugur okkar getur tryggt það. Ég bendi hv. þm. enn á það, að sá, sem þessa till. flutti í Nd., sagði, að vanta mundi 800 þús. á það, að jöfnuður fengist á þessa reikninga með 2000 kr. gjaldi, og vildi þá eiginlega ekki gera ráð fyrir því, að útgerðardagar yrðu fleiri en 280 eða 290 á ári. M. ö. o.: Hann telur, að það hefði þurft að hækka þessar 2000 kr., sem frv. mælir fyrir um, upp í ekki 3000, heldur nær 5000 kr., ef auðið ætti að vera að skapa jöfnuð. Þessi ágalli er á frv., að geta ekki tryggt þetta, en hann er líka í þessari till. hv. þm. Það er ekki hægt fyrir ríkisstj. að ganga til samninga við útgerðarmenn um þær greiðslur, sem þeir telja að þeir þurfi á að halda, nema ríkisstj. hefði um það fyrirmæli frá Alþ. og Alþ. treysti sér þá að afla þess fjár, sem til þess þyrfti.

Tillögur okkar eru miðaðar við getuna, — þá getu, sem við höfum komið auga á í bili, og svo að öðru leyti við þær till., sem fróðustu menn báru fram í þessum efnum, og þar á meðal þrír þm., sem allir eru mjög kunnugir útgerð.

Hv. þm. taldi það einnig nokkurn ljóð, að engin fyrirmæli væru í frv., sem tryggðu, að hliðarráðstafanir þær, sem n., sem um þetta mál fjallaði, hafði rætt í sinn hóp, næðu fram að ganga.

Ég tók það fram annaðhvort í fyrstu eða annarri ræðu minni, að nú væri búið að tryggja verulegan hluta af þeim till. með hækkuðu afurðaverði og lækkuðu olíuverði, sem ég var að gera grein fyrir. Ég hygg, að það mundi ekki muna nema svona 120—140 þús. á skip á ári, hvort hinar till. ná fram að ganga eða ekki. En ég bendi enn á, að till. n., sem miða við 950 þús. kr. uppbætur til togaranna, gera ráð fyrir, að í þeirri upphæð felist fyrningargjald, sem nemur 250 þús. kr. Það kom bert fram í ræðu hv. 10. landsk., að hann gerir ráð fyrir, að n. hafi ætlazt til, að þessi fríðindi yrðu tryggð með lagasetningu. Svo er eigi. Auk þess bendi ég á, að jafnvel þó að ekki tækist með samningum að tryggja annað eða meira en búið er að gera, þá orkar það þó ekki öðru en því, að fyrningargjaldið fæst ekki að fullu greitt úr ríkissjóði og raunar þá kannske ekki nema 40—50% af því, og við það álít ég að mætti vel una, ef ekki væru aðrir annmarkar á og ef ekki væri kvíðinn fyrir því, að töpin mundu reynast meiri en mþn. gerði ráð fyrir. — Hv. þm. vildi varlega trúa orðum útgerðarmanna, en því betur orðum n., og stjórnin hefur þá farið eftir hans sjónarmiði að byggja sínar till. á áliti nefndarinnar frekar en á fullyrðingum þeirra aðila, sem kjarabótanna eiga að njóta.

Ég sé, þegar ég les þessar till. frá hv. 10. landsk., að ég hef misskilið b-lið 2. till., þar sem hann mælir fyrir um, að vextir af afurðalánum togaraútvegsins skuli eigi vera hærri en 2½%. Þá þarf ég ekki að orða mína hugsun svo varlega sem ég gerði í minni fyrri ræðu. Ég get ekki fyrir mitt leyti mælt með því, að togarar fái slík vaxtakjör, meðan bátaútvegurinn situr við allt önnur vaxtakjör, og þó að það sé rétt, að til séu lán með þessum kjörum, þá man ég ekki til, að rekstrarlán séu með svo lágum kjörum. Ég held, að það séu stofnlán, t. d. eins og lán stofnlánadeildar sjávarútvegsins og svo lán til handa landbúnaðinum. Það stýrir ekki góðri lukku, ef innlánsvextir eiga að vera frá 5—7% í landinu, en útlánsvextir til sjálfstæðs atvinnurekstrar eiga að vera 2½%. Ég fæ ekki séð, að það geti staðizt. (Gripið fram í.) Ja, það er þá því varhugaverðara fyrir þá, sem vilja hafa sparisjóðsvextina frá 5—7%, ef það á að ákveða með einni lítilli brtt., að útlánsvextir til handa sjávarútveginum og þá væntanlega öðrum atvinnurekstri í landinu séu 2½%, þegar innlánsvextirnir eru upp í 7%. Við getum þá eins vel lokað bönkunum. Og það er að láta kærleikann hlaupa með sig í gönur fyrir okkur, sem erum umboðsmenn sjávarútvegsins, að ganga svona langt til framdráttar sjávarútveginum. En að öðru leyti út af leiðbeiningunni, sem ég fékk, vil ég minna á, að þessi góði ásetningur um að láta þetta ná til bátaútgerðarinnar hefur sennilega verið meira afleiðing af skörpum heila, sem var að leita að rökum, því að till. sínar kallar hann brtt. við frv. til laga um aðstoð við togaraútgerðina. Það er skýrt tekið fram af n., að flutningsgjöldin eigi að lækka eingöngu á hraðfrystum fiski og togararnir eigi að njóta allrar

þeirrar lækkunar, en bátarnir ekki. Það liggur alveg skýrt fyrir.

Ég vil að öðru leyti um farmgjöldin segja hv. 10. landsk. það, að það er kannske ekki alveg eins vonlaust um, að einhverju megi ná fram með frjálsum samningum við skipafélögin, eins og hann óttast, þó að ég sé ekki mjög bjartsýnn á, að að þessu sinni komi það að miklu gagni. En ég get frætt hann um það, að ríkisstj. hefur áður haft afskipti af slíkum málum og komið í þeim efnum góðu til leiðar, bæði varðandi lækkun á fragt á skreiðinni, mig minnir tvisvar sinnum, á mjöli og að ég held líka á hraðfrystum fiski. — Ég efast ekki um, að ríkisstj. sem heild vildi gjarnan eiga þátt í, að hægt væri að fá þetta með frjálsum samningum, þó að ég sé ekki mjög trúaður á, að það megi takast núna. Ég vil þó ekki fortaka það.

Ég sagði áðan, að mér þætti hæpið að lögfesta fyrirmæli um lækkun á olíuverði og lækkun á farmgjöldum eingöngu út frá því sjónarmiði, að sá aðili, sem góðs ætti að njóta, þyrfti á því að halda. Þeir, sem slíkar till. flytja, þurfa að færa rök fyrir því, að sá, sem á að bera baggann, rísi undir honum. Og það eru auðvitað engin rök, að olíufélögin séu með stærstu gróðafélögum í veröldinni. Út frá þeim rökum má alveg eins segja: Við skulum skylda olíufélögin til að gefa olíuna. — Eða því er þá miðað við að lækka um 50 kr. á tonnið, en ekki 150? Það skal ekki vefengt, að grundvöllurinn undir þessum till. sé góðvilji í garð útgerðarinnar, en það raskar ekki því, að þeir, sem þær flytja, hafa ekki gert þá skyldu sína að ganga úr skugga um, hvort þær eru frambærilegar frá því sjónarmiði, að löggjafinn getur ekki sett slík fyrirmæli út í hött né heldur gengið svo langt í kvöðum, sem á slíka aðila séu lagðar, að til taprekstrar sé stofnað vegna fyrirmæla Alþingis.

Varðandi dýrtíðarsjóðsgjaldið vil ég enn minna á það, sem ég áðan sagði, og það er aðalatriðið, að þó að slík till. næði samþykki þingsins, þá ræður hún ekki úrslitum um möguleika til uppbóta. Auk þess er, eins og ég áður hef sagt, nokkur hætta á, að bæta þurfi eftir öðrum leiðum þessum sjóði, ef ekki rætist úr betur en á horfist, og það leggst þá náttúrlega beint eða óbeint á ríkissjóðinn að gera það.

Hv. þm. sagði svo, að hann þakkaði mér fyrir hlýjar undirtektir undir brtt. sína við 8. gr. um, að frjáls skyldi innflutningur á þeim bílum, sem skattur er lagður á. Ég þakka honum fyrir þakklætið og tel, að hann sýni mér hina mestu sanngirni í þessum efnum og jafnvel meiri en ég verðskuldi, því að ég lagði til, að till. hans yrði felld. Ég bendi á, að ef það er rétt, sem hann segir, — og ég vona, að það sé rétt, og það styðst einnig við ummæli hv. 1. þm. Eyf., — að slík till. eigi nú þingfylgi að fagna og muni að efni til ná fram að ganga á þessu þingi, þá þarf hann ekki að hafa neinar áhyggjur um, hvernig fer um þessa till. hans við atkvæðagreiðsluna nú. Sé það hins vegar rangt og misskilningur hjá okkur, að till. eigi þingfylgi að fagna, þá má ekki stofna þessu máli í neinn voða út af þeirri till. Ég held því, að það sé rétt, sem bæði hv. 1. þm. Eyf. og ég höfum hér bent á, að það er ekki ástæða til að blanda þessari till. eða þeirri skipan þeirra mála inn í þetta frv., vegna þess að menn geta látið í ljós álit sitt og ráðið stefnu í því máli á Alþ. í sambandi við aðra till., sem um þetta er flutt og virðist eiga fylgi að fagna í þeirri n., sem um hana fjallar.

Ég endurtek svo, án þess að fara að telja fram að nýju þau rök, sem ég hef áður fært fram, að ég hef engu við að bæta út af því, sem hv. 10. landsk. sagði í sinni seinni ræðu, og læt því þessi ummæli nægja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 301,1 felld með 10:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 301,2 felld með 10:3 atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 301,3 felld með 10:3 atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 301,4 felld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BrB, GÍG, HG.
**nei:** SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, IngF, JK, KK, LJóh, GíslJ.
4 þm. (PZ, FRV, HermJ, JJós) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Jón Kjartansson:** Fyrir Alþ. liggur nú till. um frjálsan innflutning bifreiða. Ef hv. 10. landsk. og flokkur hans fylgja þeirri till., þá er henni örugglega tryggður framgangur. Ég tel hins vegar óheppilegt að blanda þessari till. saman við þetta mál og segi því nei.

***Gísli Jónsson:*** Með tilvísun til greinargerðar hv. þm. V-Sk. segi ég nei.

8.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 302).

---

## 15. Fjárlög 1955.

Á 1. fundi í Sþ., 9. okt., var útbýtt:
**Frv. til fjárlaga fyrir árið 1955** [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Rétt áður en síðasta Alþ. lauk, gerði ég grein fyrir

afkomu ríkissjóðs á árinu 1953 samkvæmt þeim bráðabirgðagögnum, sem þá lágu fyrir. Nú hefur reikningur fyrir það ár verið fullgerður og útþýtt til hv. alþm. aðalreikningnum. Ég sé enga ástæðu til þess að lengja mál mitt með því að greina frá einstökum reikningsliðum, enda mundi það að mestu verða endurtekning á því, sem ég greindi hv. þm. frá á síðasta Alþ. Endanlegar niðurstöður eru sem sé alls ekki í verulegum atriðum frábrugðnar bráðabirgðareikningnum. Tekjur reyndust 510 millj. á rekstrarreikningi eða aðeins hærri en bráðabirgðayfirlitið gerði ráð fyrir. Útgjöldin urðu einnig aðeins hærri en í bráðabirgðayfirlitinu. Afkoman verður því nánast alveg eins og ráð var fyrir gert í heild sinni skoðað. Telst mér svo til, að greiðsluafgangur hafi orðið um 36 millj., og ráðstöfun hans hefur þá orðið sem hér segir:

Aukið rekstrarfé ríkisstofnana 7 millj. 962 þús. Til atvinnuaukningar samkvæmt heimild í 22. gr. fjárl. 1954 5 millj. 9 þús., þ. e. a. s., það er atvinnuaukningarfé, sem úthlutað var eftir áramótin, en ákveðið var á Alþ. í fyrra að skyldi koma á reikning ársins 1954. Framlagt fé til tryggingar togaralánum 7 millj. og 100 þús. Greiðslur af lánum vegna 10 togara, vanskil eins og þau urðu endanlega, 2 millj. 148 þús. Fyrir fram greitt vegna fjárl. 1954 2 millj. 403 þús. Geymt vegna verklegra framkvæmda vita- og flugmála á árinu 1954 914 þús., og auknar innstæður og fyrirframgreiðslur 1 millj. 924 þús.

Þessar fjárhæðir nema samtals tæpum 27 millj. Ríflega 9 millj. af greiðsluafganginum hafa þá gengið til lækkunar á lausaskuldum, en lausaskuldir í bönkum hafa þó lækkað talsvert miklu meira, en það er vegna þess, að geymslufé jókst allverulega á árinu.

Hér hefur sú breyting á orðið frá því að bráðabirgðauppgjör var gert, að vanskil vegna hinna 10 togara hafa lækkað um ríflega 4 millj. og lausaskuldagreiðslur af tekjum ársins hafa vaxið að sama skapi. Aðrar breytingar hafa ekki orðið, sem ástæða er til að rekja.

Áður en ég ræði fjárlagafrv. þykir mér rétt að víkja nokkuð að horfunum á yfirstandandi ári.

Þegar gildandi fjárl. voru sett, þótti ábyrgum mönnum teflt á tæpasta vað með tekjuáætlunina. Tekjurnar voru áætlaðar 443 millj. Það lá að vísu fyrir þá, að þær mundu verða rúmlega 500 millj. á árinu 1953. En hvort tveggja var, að þar af voru 25 millj. tolltekjur af sérstökum vélainnflutningi til stóru fyrirtækjanna þriggja, sem voru alveg óvenjulegar tekjur, og svo var árið 1953 af öllum talið óvenjulegt góðæri. Í þessu góðæri urðu tekjur ríkissjóðs af venjulegum tekjustofnum í kringum 485 millj. Þótti þá fullílagt að áætla tekjurnar á fjárlögum yfirstandandi árs 443 millj. kr., þar sem óhugsandi er, að greiðslujöfnuður náist, nema tekjur fari eitthvað fram úr áætlun. Því veldur, að aldrei er hægt að forðast með öllu umframgreiðslur, hversu vel sem á er haldið í framkvæmdinni. Þá voru í fjárl. heimildir til útgjalda á 22. gr., sem allir vissu að ætlazt var til að notaðar yrðu, og varð að hafa það í huga við tekjuáætlunina.

Tekjuáætlun fjárl. fyrir þetta ár og ákvörðun útgjalda var því byggð á því, að viðskipta- og atvinnuástand breyttist ekki til hins verra frá því, sem það var 1953. Ef það hefði breytzt til hins lakara frá því, sem það var 1953, þá hefði orðið greiðsluhalli. Nú hefur svo ánægjulega skipazt, að yfirstandandi ár verður enn betra atvinnu- og viðskiptaár en árið í fyrra, þótt gott væri. Tekjur ríkissjóðs munu því fara verulega fram úr hinni bjartsýnu áætlun fjárl., og þó að umframgreiðslur verði einhverjar, eins og þær ævinlega hljóta að verða, svo sem hér er frá fjárl. gengið, þá verður talsverður greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, ef ekki verður alveg snögg breyting til hins lakara, það sem eftir er af árinu, en engin ástæða er til þess að álíta það, skilst mér.

Ég treysti mér ekki til að gera á þessu stigi áætlun um útkomuna. Hv. fjvn. mun verða látin fylgjast með horfunum í því efni, jafnóðum og þær skýrast nú með haustinu, og greiðsluafgangi verður ráðstafað í samráði við hv. Alþingi.

Það verður að teljast mjög mikilsvert, að ríkissjóður hefur greiðsluafgang á þessu ári. Er augljóst, að slíkt vegur nokkuð á móti þeirri miklu þenslu, sem nú er í öllu fjármálalífi landsins, og dregur úr þeirri hættu, að verðbólga myndist og ný verðhækkunaralda skelli yfir.

Þá er ekki síður ánægjulegt og þýðingarmikið, ef ríkissjóður gæti í slíku góðæri sem nú er eignazt einhverja fjármuni, sem hægt væri að leggja til hliðar og nota til nauðsynlegra framkvæmda síðar, þegar þörf væri á ráðstöfunum af hendi hins opinbera til þess að halda uppi nægilegri atvinnu í landinu. Verður áreiðanlega seint metinn til fulls sá hagur, sem þjóðinni gæti af því orðið, ef ríkissjóður gæti haft greiðsluafgang í góðærum, sem nota mætti, þegar á móti blési, til þess að koma þá í veg fyrir samdrátt verklegra framkvæmda og til þess beinlínis að auka þá verklegar framkvæmdir ríkisins og tryggja svo sem jafnasta atvinnu fyrir landsmenn. Fjármálastefna, sem á þessu væri byggð, mundi einnig að sjálfsögðu reynast öflugt tæki til þess að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum, tryggja stöðugt verðlag, auka sparnaðinn og verða á allan hátt örvandi fyrir framkvæmdir og framleiðslustarfsemi.

Ég tel það mikið lán, að ekki var teflt á tæpara vað um afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár en ofan á varð.

Fjárl. næsta árs verða byggð á góðærisáætlunum. Kemur þá upp sú spurning, hvort Alþ. gæti tekizt að afgreiða fjárl. fyrir næsta ár með greiðsluafgangi, sem lagður væri til hliðar til framkvæmda síðar, þá með það fyrir augum að styrkja aðstöðu þjóðarinnar fjárhagslega og auka atvinnu og framkvæmdir, þegar á móti blési. Hætta er auðvitað á því, að í miklu góðæri falli menn fyrir freistingunni og afgreiði ógætileg fjárlög, sem auki mönnum erfiðleika, þegar hallar undan fæti, í stað þess að verða hin styrkasta stoð til þess að mæta erfiðleikum og draga úr áhrifum þeirra á afkomu landsmanna, ef svo tækist til um afgreiðsluna sem ég hef nú minnzt á.

Ég veit ekki, hvort dómur manna fellur þannig, að í fjárlfrv. því, sem nú er fyrir lagt, sé nægilegt tillit tekið til þessa sjónarmiðs, sem

ég nú hef rakið nokkuð, eða hvort svo fer, að sumir áliti jafnvel, að of mikið tillit sé til þess tekið í frv. En benda vil ég á, að þessi stefna er mótuð í frv. með tillögunni um, að hinn raunverulegi greiðsluafgangur á því verði lagður í framkvæmdasjóð ríkisins og ætlaður til þess að auka framkvæmdir, þegar skynsamlegt þykir og fært að auka fjárfestinguna.

Mun ég þá vikja nokkru nánar að fjárlfrv. fyrir árið 1955. Það er auðvitað mikið álitamál, hvernig áætla skuli tekjur ríkissjóðs, ekki síst þegar reynslan sýnir, að hér geta orðið mjög miklar sveiflur á frá ári til árs.

Tekjurnar reyndust 510 millj. árið 1953. Í ár verða þær mun hærri. Ég kinoka mér við að nefna tölur í því sambandi enn sem komið er, en mér finnst, að þær ættu að ná 550 millj., miðað við það, sem af er árinu, eða verða allt að 10% hærri en í fyrra. Tekjur ríkissjóðs af venjulegum tekjustofnum árið 1953 hafa á hinn bóginn verið um 485 millj., eins og ég gat um áðan. Til þess að nokkur von sé um greiðsluhallalaus fjárlög, verður alltaf að áætla tekjurnar eitthvað lægri en vitað er að þær verða eða þá að öðrum kosti, ef menn ekki vilja það, hafa allríflegan greiðsluafgang á fjárlögum. Ef miðað væri við tekjuár eins og 1953, mætti tekjuáætlunin því ekki fara yfir 450—460 millj., ef miðað væri við tekjuár eins og 1953, til þess að gera mætti ráð fyrir greiðsluhallalausum búskap. Aftur á móti ætti að mega áætla tekjurnar 510—520 millj., ef gera mætti ráð fyrir öðru eins ári næst og verið hefur í ár, en það væri að mínum dómi ekki hyggilegt að gera ráð fyrir slíku, nema þá með því að afgreiða fjárl. með verulegum greiðsluafgangi, svo að þar væri breitt borð fyrir báru. Í þessu frv. er farinn meðalvegurinn í tekjuáætluninni. Tekjurnar eru áætlaðar 493 millj., og er þá við það miðað, að næsta ár verði sem allra næst meðaltali hinna tveggja góðu ára, ársins, sem er að líða, og ársins 1953. Þetta tel ég langhyggilegustu aðferðina við tekjuáætlunina eins og nú standa sakir.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja hér einstök atriði tekjuáætlunarinnar. Það er gert ráð fyrir óbreyttri tekjulöggjöf að öðru leyti en því, að veitingaskatturinn verði felldur niður. Er lagt fram stjórnarfrv. um það efni. Veitingaskatturinn hefur ætíð verið hálfgerður neyðarskattur. Rekstur gisti- og veitingahúsa hefur yfirleitt átt hér afar erfitt uppdráttar. Þetta sést bezt á þeirri kyrrstöðu, sem verið hefur í þeim málum um skeið, enda þótt brýn nauðsyn sé aukningar og framfara á því sviði. Þessi kyrrstaða stafar tvímælalaust af því, hve erfitt er að reka þessar stofnanir, og sýnir, að brýn þörf væri að bæta aðstöðu gisti- og veitingahúsarekstrar, ef hægt væri. Þetta hefur verið ljóst alllengi, og ætlunin hefur verið nú um sinn að nota fyrsta tækifærið, sem gæfist, til þess að nema veitingaskattinn úr gildi. Þetta hefur þó dregizt, vegna þess að aðrar skatta- og tollalækkanir hafa verið látnar sitja í fyrirrúmi. Ekki hefur verið talið fært fyrr en nú að fella hann niður til viðbótar þeim miklu lækkunum á sköttum og tollum, sem lögfestar hafa verið nú síðustu missiri.

Í þessu sambandi þykir mér ástæða til þess að minna á það enn þá einu sinni, því að gamalt máltæki segir, að góð vísa verði aldrei of oft kveðin, að bætt afkoma ríkissjóðs á undanförnum árum er ekki fengin með nýjum skatta- og tollaálögum, þvert á móti. Síðustu 5 árin hafa eftirtaldar aðalbreytingar verið gerðar á tekjuöflunarlöggjöfinni: Í fyrsta lagi lækkun á verðtollsviðauka, lækkun og niðurfelling leyfisgjalda og lítils háttar hækkun á söluskatti og aukatekjum og fleiri gjöldum. Þessar hækkanir og lækkanir mætast, og er það alveg öruggt, að heildaráhrif þessara breytinga eru fremur til lækkunar en hækkunar. En auk þess koma svo hinar hreinu lækkanir. Það er í fyrsta lagi afnám kaffitolls og sykurtolls, í öðru lagi niður felldur söluskattur af bifreiðaakstri, í þriðja lagi hækkun fyrningarafskrifta á iðnaðarvélum, í fjórða lagi lækkun tolla á iðnaðarhráefnum, í fimmta lagi lækkun tekjuskatts á einstaklingum að meðaltali um 26—28% og félögum um 20%, í sjötta lagi hefur sparifé og vextir af því verið gert skatt- og útsvarsfrjálst, í sjöunda lagi hefur fasteignaskattur ríkissjóðs verið afhentur bæjar- og sveitarfélögum, og í áttunda lagi er nú lagt til að afnema veitingaskattinn.

Þetta eru stórfelldar lækkanir á sköttum og tollum, en samt sem áður hefur afkoma ríkissjóðs verið góð. Hér kemur m. a. tvennt til: Annars vegar hefur framleiðslan í landinu farið sívaxandi og þar með þjóðartekjurnar. Á þetta ekki síst rót sína að rekja til þess, að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans vegna framleiðslunnar á árinu 1950 og síðan hafa reynzt hagfelldar framleiðslustarfsemi landsmanna. Á hinn bóginn hefur þess verið gætt eftir föngum við afgreiðslu fjárlaga að hafa ríkisútgjöldin ekki hærri en tekjurnar gætu staðið undir. Taka vil ég fram í þessu sambandi, að ekki laukst á síðasta Alþ. endurskoðun félagakafla tekju- og eignarskattslaganna. Er unnið að henni, og verði því starfi lokið á þessu Alþ., verða tillögur um það efni lagðar fyrir hv. Alþ. síðar.

Ég kem þá að gjaldahlið fjárlfrv. Ég skýrði frá því á síðasta Alþ., að ég mundi beita mér fyrir því, að fram færi allsherjarathugun á útgjöldum ríkisins. Þessi athugun var sett af stað á s. l. vori, og varð niðurstaðan sú, að hver ráðh. skipaði mann af sinni hendi til þess að rannsaka þetta mál. Eiga þessir fulltrúar ráðh. að athuga nákvæmlega útgjaldaliði fjárl. hjá hverju ráðuneyti um sig og þeim stofnunum og starfsgreinum, sem þar undir heyra, gera álitsgerð um, hvort og þá hvernig þeim fyndist draga mætti úr útgjöldunum. Enn fremur er þeim falið að íhuga, hvaða leiðir muni helztar til að koma í veg fyrir, að ábyrgðir, sem ríkið hefur tekið á sig samkvæmt heimildum Alþ., falli á ríkissjóð, en þessar ábyrgðargreiðslur eru orðnar stórfellt vandamál, svo sem ég tel mig hafa rækilega vakið athygli hv. Alþ. á nú undanfarið. Nefnd þessi gat ekki skilað áliti svo snemma, að tillögur hennar kæmu til meðferðar í sambandi við undirbúning fjárlfrv., og verða nefndarmenn alls ekki ásakaðir fyrir það, þar sem hér er um mjög umfangsmikið verk að ræða. Ég

veit, að nefndin mun hraða störfum eftir föngum, og munu vonir standa til, að hún geti skilað áliti a. m. k. að einhverju leyti á meðan fjvn. vinnur að fjárlfrv. Í þessu sambandi vil ég enn þá einu sinni taka fram það, sem ég hef áður skýrt ýtarlega og beinlínis með það fyrir augum að minnka líkur fyrir vonbrigðum í sambandi við rannsókn þessara mála, að það mun enn koma í ljós hið sama og fyrr, þegar þessi mál hafa verið skoðuð ofan í kjölinn. Ríkisútgjöldunum verður ekki breytt, svo að straumhvörfum valdi í ríkisbúskapnum eða fjármálalífi landsins, nema með því að ríkið minnki verklegar framkvæmdir sínar, framlög til menntamála, heilbrigðismála, félagsmála, samgöngumála, atvinnumála eða framlög til þess að greiða niður verð neyzluvara. Ég segi: Ekki lækkun, svo að straumhvörfum valdi, með öðru móti. Þróunin hefur hins vegar aldrei orðið sú að lækka framlög til þessara mála, heldur eru þau þvert á móti sífellt aukin á hverju Alþ., annaðhvort með ákvæðum í fjárlögum eða með nýrri löggjöf. Eru horfur á, að svo verði enn þá gert, ef litið er yfir frv. þau, sem fram eru komin. Þannig mun það sýna sig, þegar ég geri grein fyrir því, hvers vegna fjárlfrv. er núna hærra en gildandi fjárlög, að hækkanirnar stafa sumpart af lagaákvæðum, sem Alþ. hefur alveg nýlega sett, og sumpart frá eldri löggjöf eða útgjaldavenju.

Þótt þannig beri að varast að blekkja sig með slagorðum í sambandi við lækkun ríkisútgjalda, þá er þýðingarmikið, að athugun á þeim með sparnað fyrir augum fari fram svo að segja í sífellu. Slíkt verður alltaf að einhverju gagni. Ætíð finnast einhverjir liðir í starfrækslunni, sem færa má til betra horfs, og slík rannsókn hjálpar einnig ævinlega eitthvað til í þeirri baráttu, sem sífellt verður að heyja gegn óeðlilegri útþenslu í ríkisstarfrækslunni, en tilhneigingar til óeðlilegrar útþenslu verður stöðugt vart, og gegn henni þarf að halda uppi sífelldu andófi. Ég vona, að gagn geti orðið að þeirri allsherjarathugun, sem nú fer fram á ríkisútgjöldunum. Ég vænti, að nefnd þeirri, sem vinnur að málinu, takist að gefa skýra mynd af ástandinu, svo að gleggra verði eftir starf hennar en áður, hvað mundi þurfa að gera til þess að lækka ríkisútgjöldin, svo að um munaði. Geta menn þá valið eða hafnað.

Á gildandi fjárlögum eru útgjöld á rekstrarreikningi 405 millj. kr. Á frv. því, sem hér er lagt fram, eru þau 432 millj. Hækkunin nemur 27 millj. Sé hins vegar borið saman við reynsluna 1953, þá eru útgjöldin á rekstrarreikningi fyrir það ár 423 millj. Er hækkunin í frv. frá því, sem gjöldin voru s. l. ár, þess vegna 9 millj. kr. Mun ég nú telja í fáum orðum helztu breytingar:

Vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 560 þús. kr. hærri en áður, en þeir hafa að undanförnu verið of lágt áætlaðir. Hins vegar hafa skuldirnar lækkað.

Liðurinn til ríkisstjórnarinnar er settur um 919 þús. kr. hærri en í gildandi fjárl., en rúmlega 600 þús. kr. hærri en reynslan varð s. l. ár. Hækkunin stafar aðallega eða nær einvörðungu af kostnaði við utanríkis- og varnarmál. Kemur hér til aukinn kostnaður við sendiráð, 220 þús. kr., einkum vegna meiri kostnaðar við sendiráð Íslands í Moskva en áætlað var í upphafi.

Þá er hér kostnaður við hina nýju varnarmáladeild, 380 þús. kr., en af því er nýr kostnaður 330 þús.

Nauðsynlegt þótti í sambandi við þá nýskipun, sem verið er að vinna að á framkvæmd varnarmálanna, að stofna í utanrrn. sérstaka varnarmáladeild og leggja undir hana alla framkvæmd þeirra mála. Teknir voru upp á þessu ári samningar við Bandaríkjastjórn um breytingar á framkvæmd varnarsamningsins í ýmsum atriðum. Einkum var lögð rik áherzla á, að dvöl varnarliðsins væri takmörkuð við samningssvæðin og heft sem mest öll óþörf samskipti landsmanna og varnarliðsins. Enn fremur var lögð áherzla á, að Íslendingar tækju í sínar hendur verklegar framkvæmdir í sambandi við varnarmálin. Um þetta hvort tveggja hefur náðst samkomulag, og er nú unnið að því, að það samkomulag komi til framkvæmda. Augljóst er, að hinni nýju skipan um framkvæmd þessara mála hlýtur að fylgja aukin vinna og því kostnaðarauki. Er þar helzti liðurinn kostnaður við varnarmáladeild, sem ég nú hef greint frá.

Þá er nokkuð aukinn kostnaður við lögreglumál og tollamál í Keflavík, og eru þeir liðir á 11. gr.

11. gr. A, dómgæzla og lögreglustjórn, hækkar um 1 millj. 569 þús. kr. frá fjárl. yfirstandandi árs, en um tæplega 1 millj. frá því, sem reynslan varð í fyrra. Hér eru helztu liðirnir: Hækkun til landhelgisgæzlunnar vegna aukinnar fluggæzlu, 300 þús. kr., hækkað framlag til byggingar fangahúsa, 150 þús. kr., aukinn kostnaður við rekstur hegningarhúsa, 117 þús. kr., og aukinn lögreglukostnaður á Keflavíkurflugvelli, 208 þús. kr. Og loks er settur hér inn nýr liður, sem aldrei hefur verið á fjárl. áður, en sá kostnaður hefur þó ætíð verið greiddur og settur á 19. gr. Er þetta viðhald og endurbætur embættisbústaða sýslumanna og bæjarfógeta. Fjárveiting í því skyni er sett 300 þús. kr.

Þá er 11. gr. B, opinbert eftirlit. Liðurinn hækkar frá gildandi fjárlögum, en er þó heldur lægri en hann hefur reynzt undanfarið. Hér er því nánast um leiðréttingu að ræða. Og það sama er að segja um 11. gr. C, kostnað við innheimtu og álagningu skatta og tolla. Liðurinn hækkar um rúmlega 700 þús. kr. frá gildandi fjárl., er þó tæplega eins hár hér og reynslan sýndi 1953.

12. gr., til læknaskipunar og heilbrigðismála, hækkar frá gildandi fjárlögum um 960 þús. kr. Hækkunin stafar af fjölgun sjúklinga á ríkisframfærslu vegna fleiri rúma á sjúkrahúsunum, hækkun rekstrarstyrks til sjúkrahúsa um 400 þús. kr. samkvæmt nýju lögunum um það efni frá síðasta Alþ. og hækkun á styrk til heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum, vegna þess að bæjarfélögin hafa eflt heilsuverndarstarfsemi sína; nemur þessi hækkun 150 þús. kr. Til fróðleiks má nefna um þennan fjárlagalið, framlög til heilbrigðismála, að þau eru nú á fjárlfrv. 3 millj. og 500 þús. kr. hærri en þau urðu í

fyrra. Það er sem sé eins árs hækkun. Sú hækkun á nær öll rót sína í stækkun sjúkrahúsa og auknum styrk til þeirra af ríkisfé og til sjúklinga, sem fá rúm á sjúkrahúsunum fleiri en áður.

Þá kemur 13. gr. A, vegamál, sem er 4 millj. hærri í frv. en í gildandi fjárl. Hefur nú viðhald þjóðvega verið sett 24 millj. kr. í fjárlfrv. og hækkar því um 3½ millj. frá gildandi fjárl. Það er nú augljóst orðið, að vonlaust er, að hægt sé að viðhalda vegakerfinu með lægri fjárhæð, og sýnilegt, að sé lægri fjárhæð sett, þá verður það til þess, að óhjákvæmilegt reynist að fara fram úr á liðnum. Það verður því að horfast í augu við þennan kostnað, þótt hár þyki, við afgreiðslu fjárlaganna. Hér veldur miklu, að fyrir nokkrum árum lengdi hv. Alþ. þjóðvegakerfið stórkostlega. Þá er hækkun á lögboðnu framlagi til sýsluvegasjóða, 375 þús. kr. Það er skylt að leggja á móti framlagi sýslusjóðanna í vegasjóði sína.

Til samgangna á sjó er veitt á 13. gr. B 500 þús. kr. meira en á gildandi fjárl. Þýðir ekki að gera ráð fyrir minnu en 6½ millj. kr. halla á rekstri strandferðaskipanna, nema draga eigi úr strandferðunum. Reynslan sýnir þetta ótvírætt. Fjárhæðin er þó lægri en hallinn á strandferðaskipunum var í fyrra.

Hallinn á rekstri flugmálanna á 13. gr. D er ráðgerður 550 þús. kr. meiri en í gildandi fjárl. Vegur hér mest, að malbika verður flugbrautir á Reykjavíkurflugvelli, ella verður hann ónothæfur. Enn fremur kemur hér til, að flugþjónusta fer öll sívaxandi með auknum loftferðum, tekjurnar vaxa að vísu einnig nokkuð, en ekki hefur þótt fært að gera ráð fyrir því, að þær vaxi að sama skapi og kostnaðurinn.

Ég vil taka fram, að fjárveitingar til nýrra vega, brúargerða og hafnargerða eru allar settar í þetta fjárlfrv. jafnháar og þær eru á gildandi fjárl.

Til kirkjumála á 14. gr. A er nú veitt 3 millj. og 100 þús. kr. meira en á gildandi fjárl. Ber þar fyrst að nefna fjárveitingu til kirkjubygginga og annarra framkvæmda í Skálholti, 2 milljónir til viðbótar þeirri einu milljón sem heimiluð var af ríkisfé á þessu ári til bygginga á staðnum. Viðurkenna vist allir nú nauðsyn þess að koma upp kirkju í Skálholti og gera ýmsar aðrar endurbætur á staðnum í tæka tíð fyrir 900 ára afmæli biskupsstóls þar árið 1956. Þá er nú tekið inn framlag til kirkjubyggingasjóðs samkv. lögum frá síðasta Alþingi, 500 þús. kr.; enn fremur fjárhæð til greiðslu álags á kirkjur, 150 þús. kr. Þetta er nýr liður, en hefur orðið að greiða álag á kirkjur utan fjárlaga, og þykir rétt að hafa þennan lið á fjárlögum svo sem öll önnur fyrirsjáanleg útgjöld. Þá er embættiskostnaður presta hækkaður um 215 þús. kr. Þykir ekki verða hjá því komizt, þar sem ákvæðin um þær kostnaðargreiðslur eru nú úrelt orðin með öllu.

Til kennslumála á 14. gr. B hækka framlög um rúmlega 3 millj. kr. Þessi liður hækkar jöfnum skrefum ár frá ári, skólar stækka, og skólum fjölgar. Hækkun barnakennaralauna nemur um 1 millj. og 100 þús. kr. Kostnaður við þátttöku í rekstrarkostnaði gagnfræðaskóla hækkar um 350 þús. kr. og rekstrarkostnaður við barnaskóla um 100 þús. kr. Þá hækkar nokkuð kostnaður við flesta framhaldsskólana. Styrkur til bygginga barnaskóla er hækkaður um 1 millj. og 100 þús. kr. og verður þá 3 millj. og 200 þús. Styrkur til byggingar gagnfræðaskóla og héraðsskóla er hækkaður um 250 þús. kr. og verður 1 millj. og 500 þús. kr. Óhjákvæmilegt þótti að hækka þessa liði nokkuð, sérstaklega framlag til barnaskólabygginga, og er þó langt frá því, að þar með leysist það vandamál, sem greiðslur á ríkisframlögum til skólabygginga eru nú orðið. Fræðslumálastjórnin álítur, að í lok þessa árs muni skorta um 14 millj. kr. til þess, að ríkissjóður hafi greitt þann hluta, sem honum er ætlað að leggja fram af byggingarkostnaði barnaskóla. Héruðin byggja skólana sem sé miklu hraðar en svo, að Alþingi hafi séð sér fært að veita fé til byggginganna jafnóðum úr ríkissjóði. Svipaða sögu er að segja um gagnfræðaskóla og héraðsskóla, þó er þar ekki nærri jafnstórfelldur munur á framlögum héraða og ríkissjóðs.

Til rannsókna í opinbera þágu á 15. gr. B er veitt 319 þús. kr. meira en á gildandi fjárl. Er hér einkum um að ræða aukinn kostnað fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Er óhjákvæmilegt að leggja í þennan aukna kostnað vegna síldarrannsókna. Ægir hefur verið útbúinn með góðum tækjum til þess að kynna sér síldargöngur og annað, sem lýtur að síldveiðum. Verður að auka starfsliðið í landi til þess að vinna úr því efni, sem að er viðað á Ægi.

Fjárveitingar til landbúnaðarins á 16. gr. A lækka um 1 millj. og 400 þús. kr. Vegna þess að fjárskiptum er nú að ljúka, lækka útgjöldin vegna sauðfjárveikivarna um 3 millj. og 567 þús. kr. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að útgjöld vegna jarðræktarlaganna hækki um 1 millj. og 930 þús. kr. og framlög til Búnaðarfélags Íslands um 150 þús. kr. Þetta eru helztu breytingarnar á liðnum til lækkunar og hækkunar. — Síðan fjárveiting til sauðfjárveikivarna var sett í frv., hafa þau geigvænlegu tíðindi borizt, að mæðiveiki sé nú komin upp að nýju. Verður því væntanlega að auka fjárveitingar til varnar að nýju, enda má ekkert til spara að kveða þann vágest niður, jafnóðum og hann gerir vart við sig.

Ég vil í sambandi við þessa gr. fjárl. minnast á skógræktina og fjármál hennar. Skógrækt færist nú mjög í aukana, bæði á vegum ríkisins og skógræktarfélaga. Fleiri og fleiri leggja þar nú hönd á plóginn. Öllum þeim, sem séð hafa árangur skógræktar, ætti að vera ljóst orðið, að skógar geta vaxið hér á landi til stórfelldra nytja. Á hinn bóginn er mikið verk og tafsamt að gróðursetja svo mikinn skóg, að straumhvörfum valdi. Þó mundi þetta takast fyrr en varir, ef gróðursetning væri nógu mikil. Nokkuð hefur verið aukin fjárveiting til plöntuuppeldis, en vitað er, að það hrekkur ekki til að koma hæfilegum skrið á málið. Forustumenn skógræktar hafa farið þess á leit að fá að reyna nýja fjáröflunarleið vegna skógræktarmálanna. Leiðin er sú að hafa á boðstólum vindlingapakka með 20 aura merki landgræðslusjóðs. Mönnum yrði að sjálfsögðu í sjálfsvald sett, hvort þeir keyptu vindlingapakka með

þessu merki eða aðra án merkis landgræðslusjóðs. En ástæða er til að álíta, að með þessu móti mætti auka drjúgum fjárframlög til skógræktarmála, og væri þá vel farið. Ríkisstj. telur rétt, að þessi fjáröflunarleið verði farin. Leggur hún til, að samþ. verði á 22. gr. fjárl. heimild fyrir ríkisstj. til þess að styrkja skógræktina með þessu móti.

Til sjávarútvegsmála á 16. gr. B er nú ætlað um 2 millj. og 300 þús. kr. meira en á gildandi fjárl., og er hækkunin aðallega áætlaðar útflutningsuppbætur á Faxaflóasíld, 2 millj. og 100 þús. kr. Í fyrra var samkv. heimild í fjárl. veitt nokkur ábyrgð í sambandi við söltun Faxaflóasíldar. Þótti þetta óhjákvæmilegt, ef síldveiði og söltun ætti ekki að stöðvast. Tjón af þeirri ábyrgð mun hafa orðið rúmlega 1 millj. kr. Afkomuhorfur þessarar atvinnugreinar breyttust verulega til hins verra á þessu ári, þar sem verð á Faxasíld lækkaði frá því í fyrra, en framleiðslukostnaður hefur síður en svo lækkað. Stóðu menn frammi fyrir því, að síldveiði suðvestanlands hlyti að falla niður, ef ekkert væri að gert. Var sá kostur tekinn að ganga nokkru lengra en í fyrra um ríkisábyrgð í þessu sambandi, og var áhættan metin 2 millj. og 100 þús. kr., þegar fjárlfrv. var samið, en nokkuð hefur bætzt við síðan, þannig að nú mun réttara að meta áhættuna 3 millj. Þá er þess að geta um 16. gr. B, að framlag til Fiskifélagsins hækkar um 123 þús. kr. og lögboðið framlag til hlutatryggingasjóðs um 100 þús. kr.

Framlag á 16. gr. C til iðnaðarmála er ráðgert 200 þús. kr. hærra en í fyrra. Á síðustu missirum hefur verið að vaxa upp á vegum ríkisins ný stofnun, sem nefnd er Iðnaðarmálastofnun Íslands. Á hún að hafa með höndum margvíslegar leiðbeiningar í iðnaðarmálum og aðra starfsemi til hagsbóta fyrir iðnaðinn. Í fyrra voru veittar 450 þús. kr. til þessarar stofnunar, og þykir nú rétt að hækka þessa fjárveitingu í 650 þús. kr.

Þá er ég kominn að 17. gr. Greinin hækkar um 3 millj. 640 þús. kr. frá gildandi fjárl., en um rúmar 8 millj. kr. miðað við útgjöldin eins og þau urðu í fyrra. Þessi hækkun frá síðustu fjárlögum stafar af því, að aukafjárframlag til Tryggingastofnunar ríkisins er hækkað um 2 millj. 650 þús., eða í 5 millj. kr. Auk þess er beint lögboðið framlag vegna tryggginganna hækkað um 250 þús. Tryggingastofnun ríkisins er nú rekin með verulegum halla. Tryggingalöggjöfin er í endurskoðun, og þeirri endurskoðun verður ekki lokið fyrr en á næsta ári. Það lá fyrir í fyrra, að Tryggingastofnun ríkisins mundi verða rekin með halla á yfirstandandi ári. Þegar tryggingalögin voru sett, var sú meginregla höfð í huga, að kostnaður við tryggingastarfsemina væri að ⅓ borinn af ríkinu, að ⅓ af þeim tryggðu og að ⅓ af atvinnurekendum og bæjar- og sveitarfélögum. Í fyrra voru lagðar fram skýrslur um það, hvernig þessi skipting hefði orðið í reyndinni, og var sýnt fram á, að ríkissjóður hafði greitt nokkru minna en ⅓ af heildarkostnaðinum. Auk þess höfðu orðið í framkvæmd tilfærslur á milli hinna aðilanna, sem ekki skipta máli í þessu sambandi. Var því á það fallizt í fyrra með tilliti til þessara upplýsinga og með tilliti til þess, að fyrirsjáanlegur var verulegur halli á rekstri Tryggingastofnunarinnar, að veita aukaframlag í eitt skipti á fjárl., sem nam 2 millj. 350 þús. kr. Á því sama þingi voru tryggingamálin sett í endurskoðun. Nú liggur enn fyrir, eins og ég gat um áðan, að halli verður á rekstri tryggginganna næsta ár sízt minni en áður. Ný löggjöf um þessi mál verður ekki sett á þessu þingi, og enn vantar talsvert á, að ríkissjóður hafi lagt fram þriðjung kostnaðar frá upphafi. Hefur ríkisstj. því sýnzt óhjákvæmilegt að veita aukaframlag í annað sinn og hækka það nú upp í 5 millj. kr. Er þetta bráðabirgðaráðstöfun varðandi fjármál tryggginganna.

Þegar nýju áfengislögin voru sett í fyrra, var sett á fót áfengisvarnaráð. Því er ætluð margs konar forusta í baráttunni gegn áfengisbölinu. Var þá gert ráð fyrir, að fjárveiting til þeirrar starfsemi yrði sett á fjárl. hverju sinni. Í þessu frv. er gert ráð fyrir 550 þús. kr. fjárveitingu til ráðstöfunar fyrir áfengisvarnaráð. Er hér aukinn mjög verulega fjárstuðningur við bindindisstarfsemi í landinu.

Ég kem þá að 19. gr. Til dýrtíðarráðstafana á 19. gr. eru ætlaðar í frv. 49 millj. og 100 þús. kr. Er það 3 millj. og 200 þús. kr. hærra en á gildandi fjárl., en raunar ekki nema 600 þús. kr. hærra en þessar greiðslur reyndust árið 1953. Er þessi fjárveiting við það miðuð, að óbreyttar haldist niðurgreiðslur á vöruverði frá því, sem þær eru nú, þegar þetta frv. er fram lagt, en gert ráð fyrir, að þær kosti meira á næsta ári en þær kosta í ár. Reynslan sýnir sem sé, að sala þeirra vara, sem greiddar eru niður, fer vaxandi ár frá ári.

Ég hef bent rækilega á það svo oft, hver áhrif þessar niðurgreiðslur hafa á fjárl., að ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma nú. Ég vil þó benda mönnum á að bera þessar fjárhæðir saman við þær fjárveitingar, sem ríkið ætlar til verklegra framkvæmda, og þá sjá menn nokkuð glöggt, hvar lenda mundi, ef lengra væri gengið á þessari braut en nú er komið. Þess er rétt að geta í sambandi við þetta, að þessar niðurgreiðslur hafa ekki verið auknar í haust, svo að neinu máli skipti, og er það fyrsta haustið nú um alllangt skeið, sem það hefur ekki verið gert.

Ég hef þá gert grein fyrir helztu hækkunum á gjaldahlið rekstrarreiknings fjárlfrv. og kem þá að eignahreyfingunum. Fjárveitingar á eignahreyfingum hækka um 13 millj. 303 þús., og í þessu sambandi tel ég þá ekki liðinn til framkvæmdasjóðs fjárveitingu, þar sem ætlazt er til, að það fé verði í raun og veru lagt til hliðar og er því annars eðlis en hinar beinu fjárveitingar á útgjaldaliðunum.

Á 20. gr. er aðallega um fjárfestingarútgjöld að ræða, þótt ekki séu öll fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs á þessari gr., sbr. til dæmis framlög til vega, hafna, brúa og skólabygginga, sem eru á öðrum greinum. Hjá ríkisstj. liggja nú tillögur og beiðnir úr öllum áttum um stóraukin fjárframlög í framkvæmdir eða til fjárfestingar, eins og menn eru nú farnir að kalla það. Ríkisstj. er ljóst, að mjög mikil þörf er á framkvæmdum í mörgum greinum. En hún hefur samt sem áður viljað fara mjög gætilega í að hækka ein-

staka fjárfestingarliði í fjárlfrv. Er þá tvennt haft í huga: annars vegar að fjárl. verði afgr. raunverulega greiðsluhallalaus — og eins og nú er háttað fjármálaástandi landsins helzt með greiðsluafgangi; á hinn bóginn að framleiðslan og fjárfestingarstarfsemi er yfirleitt rekin nú með svo miklu kappi, að ekki er unnt að komast yfir meira eins og sakir standa.

Ef athugaðar eru þær framkvæmdir, sem byrjað er á af ríkisins hendi, og aðrar, sem ekki er byrjað á, en óneitanlega þarf að ljúka á næstu árum, þá kemur í ljós, að gífurlegar fjárhæðir þarf til þess að koma þeim í höfn. Þrátt fyrir þetta hefur ríkisstj. talið sig verða af ástæðum, sem ég hef þegar greint, að fara mjög hægt í sakirnar varðandi auknar fjárveitingar til þessara framkvæmda. Mun ég geta um helztu hækkanirnar á 20. gr.

Á gildandi fjárl. eru áætlaðar 8 millj. til þess að mæta töpum af ríkisábyrgðum. Að öllu athuguðu þykir mér ekki varlegt að áætla þessa upphæð undir 12 millj. kr. á næsta ári. Er það hvorki meira né minna en 4 millj. kr. hækkun. Er þetta byggt á allra nýjustu reynslu, og mun ég gera fjvn. nánari grein fyrir þessu. Það er orðið alvarlegt ástand, þegar gera má ráð fyrir árlegum töpum á ríkisábyrgðum, sem nema meiru en allt það fé, sem veitt er til nýlagningar þjóðvega, svo að aðeins sé tekið eitt samanburðardæmi.

Gert er ráð fyrir, að landssíminn noti til framkvæmda 1 millj. og 350 þús. kr. meira en í fyrra. Er þó ekki gert ráð fyrir meiri fjárveitingu beint úr ríkissjóði til stofnunarinnar en áður. Talið er, að gera megi ráð fyrir bættri rekstrarafkomu, sem nemur þessari hækkaðri fjárfestingu hjá landssímanum. Er hér einkum um að ræða framlag til sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík. Það verður ekki með nokkru móti komizt hjá því að halda áfram stækkun hennar hröðum skrefum, og það kostar stórfé.

Þá er gert ráð fyrir að leggja til sementsverksmiðjunnar 2 millj. kr. á árinu 1955. Hafa raunar verið lagðar til hennar 2 millj. á ári undanfarin ár, en önnur milljónin hefur verið færð á heimildargrein fjárl. En það er engin ástæða til annars en að veita það fé, sem á að fara til verksmiðjunnar úr ríkissjóði, hreinlega á 20. gr. Eru því hér færðar 2 millj. til verksmiðjunnar. Það er í rauninni óbreytt fjárveiting til hennar frá því, sem verið hefur.

Hækkuð er fjárveiting til húsnæðis ríkisspítalanna um 1 millj. og 200 þús. kr. Svo sem hv. þm. er kunnugt, hefur verið ráðizt í byggingu hjúkrunarkvennaskóla, og var það alveg óumflýjanleg nauðsyn. Enn fremur er verið að byggja viðbót við landsspítalann, sem er raunar heldur stærri bygging, skilst mér, en landsspítalinn sjálfur. Þessar byggingar kosta stórfé báðar samanlagt, og nefni ég ekki tölur í því sambandi hér. En víst er um það, að fjárveitingar þær, sem nú eru á fjárl. til bygginga þessara, hrökkva skammt til þess að greiða þennan kostnað, enda þótt aðrir leggi hér einnig nokkuð til, svo sem kunnugt er, að því er landsspítalann varðar. Ekki er hægt að sætta sig við, að þessar byggingar verði svo lengi í smíðum sem verða mundi að óbreyttum framlögum, en á hinn bóginn er óhjákvæmilegt, að bygging þeirra taki nokkur ár. Ríkisstj. vill reyna að flýta fyrir þessum nauðsynjaverkum með því að hækka nokkuð framlag til þeirra á 20. gr., en fyrir því, að það hrekkur skammt, hefur verið sett á 22. gr. heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka allt að 5 millj. kr. lán til þessara bygginga. Er þá gert ráð fyrir að leita til Tryggingastofnunar ríkisins í því sambandi, því að sú stofnun á talsverða sjóði að sjálfsögðu, þó að rekstur hennar standi nokkuð höllum fæti í bili, eins og ég hef greint frá.

Sú nýlunda er í þessu frv., að tekin er inn á 20. gr. fjárveiting til atvinnuaukningar, 5 millj. kr. Undanfarið hefur hliðstæð fjárveiting verið á 22. gr. sem heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja allt að 5 millj. kr. í þessu skyni. Þessi heimild hefur alltaf verið notuð og vel það. Reynslan sýnir, að slíkar heimildir eru notaðar, ef þær eru gefnar. Því veldur hin brýna þörf fyrir margs konar fyrirgreiðslu varðandi aukningu atvinnulífsins á ýmsum stöðum í landinu og erfiðleikar á því að fá lánsfé til þeirra framkvæmda, sem menn hafa á prjónunum. Það þykir þess vegna hreinlegra og eðlilegra, að þessi fjárveiting komi nú beint á fjárl. sjálf. Þykir ekki rétt að hætta þessum framlögum, þótt atvinna sé mikil í landinu eins og stendur. Þótt almenna ástandið sé gott, þá er brýn þörf á stuðningi við einstök byggðarlög, m. a. til þess að vinna á móti því, að óeðlilegir fólksflutningar eigi sér stað í landinu. Raunar er þetta fé, atvinnuaukningarfé, þannig notað, að fáar fjárveitingar munu reynast notadrýgri til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins en einmitt þessi.

Þá er hækkað á 20. gr. framlag til flugvallagerðar og annarra framkvæmda í flugmálum um 480 þús. kr. Til nýrra framkvæmda í flugmálum hafa verið veittar undanfarið 1 millj. 320 þús. kr. að viðbættu því fé, sem rekstrarafkoma flugmála hefur orðið betri en fjárlög hafa gert ráð fyrir, en þann mismun, sem þannig hefur komið fram, hafa flugmálin fengið að nota til framkvæmda. Að vandlega íhuguðu máli þykir þetta nú of lítið og er hækkað upp í 1 millj. og 800 þús. kr.

Þá eru nokkuð hækkaðar fjárveitingar til menntaskólabyggingar, kennaraskólabyggingar, byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík og í Keflavík og til byggingar á prestssetrum. Allt eru þetta bráðnauðsynlegar framkvæmdir. Eru þessar hækkanir ekki miklar en þó óhjákvæmilegar sökum þess, hve þessar framkvæmdir eru stórfelldar, en framlög til þeirra mjög lág fyrir á fjárl., samanborið við kostnaðinn.

Þá er tekin inn fjárveiting til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum í Ölfusi, 100 þús. kr. Á garðyrkjuskólanum að Reykjum í Ölfusi er unnið stórmerkilegt tilraunastarf í gróðurhúsum, án þess að fé sé til þess sótt í ríkissjóð. Hefur náðst þar hinn furðulegasti árangur í mörgum greinum. Má nefna þar til dæmis bananarækt, sem hefur gefið merkilega góða raun. Gróðurhúsin á Reykjum þykja nú orðið eitt af undrum Íslands, og þótt ekkert væri annað, þá væri ástæða til þess að sýna þessari starfsemi nokkurn skilning með því að veita framlag í

nýtt, myndarlegt tilraunagróðurhús. En hér kemur þó fleira og meira til, því að starf það, sem þarna er unnið, markar vafalaust merkileg spor í atvinnusögu landsins.

Ég hef þá lokið við að geta um einstaka liði, sem ástæða er til að nefna í fjárlagafrv., en heildarniðurstaða fjárlfrv. er þannig, að framlag til framkvæmdasjóðs og greiðsluafgangur nemur samtals 10 millj. 956 þús. kr.

Stefna frv. er sú að nota góðærið, sem við vonum að haldist, þótt ekki getum við gert ráð fyrir öðru eins ári og því, sem nú er að líða, til þess að afgreiða fjárlög með nokkrum greiðsluafgangi, er lagður sé til hliðar í framkvæmdasjóð. Með slíkri afgreiðslu fjárl. væri stuðlað að auknum sparnaði og stutt að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þess konar afgreiðsla fjárl. styður afkomu þjóðarinnar út á við, bætir gjaldeyrisaðstöðuna og stuðlar að því, að hægt sé að búa áfram við það viðskiptafrelsi, sem áunnizt hefur síðustu árin. Þá er ekki þýðingarminnst, að með þessu móti yrði hægt að tryggja nokkurt fé til þess að auka opinberar framkvæmdir í atvinnuaukningarskyni, þegar þörf væri á almennt eða í einstökum landshlutum eða byggðarlögum. Það hefði verið stórum ánægjulegra að geta gert ráð fyrir hærri fjárhæð til framkvæmdasjóðs í frv. eins og nú standa sakir um árferði. En þeir, sem kunnugir eru fjárl. og útgjaldalöggjöf og þörfinni fyrir framlög til einstakra framkvæmda án tafar, munu skilja, að því hefur ekki orðið við komið að hafa þetta framlag hærra, nema þá með því að gera tekjuáætlunina hærri en hún er, en það getur verið ákaflega mikið álitamál, hversu langt á að fara í því, eins og ég hef rætt allýtarlega.

Ég hef þá lokið máli mínu um fjárlagafrv., en mun víkja næst fáeinum orðum að útvegun lánsfjár til þeirra framkvæmda, sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að beita sér fyrir og afla fjár til með lántökum.

Raforkuáætlunin var eitt höfuðatriði þess samnings, sem gerður var á milli flokkanna í sambandi við stjórnarmyndunina. Var það bundið fastmælum að útvega 250 millj. á næstu árum til raforkuframkvæmda, og skyldi það fé sumpart koma frá ríkissjóði, en sumpart fást með lántökum. Það hafa náðst samningar um, að bankarnir láni á næstu árum þann hluta fjárins, sem afla skyldi með lántökum, og er því þessi fjáröflun tryggð. Leitað er eftir, hvort hægt muni að fá lánsfé erlendis í þessu skyni, og standa vonir til, að það geti orðið eitthvað.

Á síðasta Alþingi var stjórninni heimilað að taka 20 millj. kr. lán og endurlána það lánadeild smáíbúða. Er það nú tryggt orðið, að þetta lánsfé fæst, og verður úthlutun þess lokið innan skamms.

Undanfarið hefur verið leitazt fyrir um lán til byggingar sementsverksmiðju, svo sem hv. Alþ. er kunnugt. Vonir hafa brugðizt í því sambandi. Hefur verið ætlunin að fá frjáls lán til verksmiðjubyggingarinnar, þannig lán, að hægt væri að nota féð til þess að kaupa vélar og tæki til verksmiðjunnar á frjálsum markaði. Þessi viðleitni hefur enn þá ekki leitt til lántöku. Verður henni haldið áfram enn um sinn. Takist ekki að fá frjáls lán til þessara framkvæmda, mun ríkisstj. leitast fyrir um lántöku í sambandi við kaup á vélum og efni til verksmiðjunnar.

Næst á eftir þessu láni hefur ríkisstj. ætlað að beita sér fyrir útvegun láns erlendis handa Iðnaðarbankanum samkvæmt lagaheimild. Hefur þetta raunar verið haft í athugun í sambandi við önnur atriði og umleitan um lán til sementsverksmiðjunnar, en af því er ekki önnur tíðindi að segja að svo vöxnu, en áfram verður unnið að þessu máli.

Nokkur fjáröflunarmál önnur en þau, sem ég hér hef greint, eru mjög á döfinni, svo sem til fiskveiðasjóðs, ræktunarsjóðs, frystihúsabygginga, veðdeildar Búnaðarbankans, og fleira mætti telja. Þessi mál eru að sumu leyti í hendi ríkisstj. og að sumu leyti til athugunar í Framkvæmdabankanum. Ræði ég þau ekki hér að sinni, þar sem þau eru ekki á því stigi, að um þau geti orðið gefin skýrsla nú.

Þá er sérstök ástæða til að geta um það í þessu sambandi, að unnið er á vegum ríkisstj. að tillögum um útvegun aukins lánsfjár til íbúðabygginga, og verður það eitt af úrlausnarmálum þessa Alþingis, og enn fremur eru í endurskoðun rekstrarlánakjör landbúnaðarins og iðnaðarins samkv. ákvæðum stjórnarsamningsins.

Aldrei verður það nógsamlega brýnt fyrir mönnum, að til framfara og framkvæmda í landinu verður ekki annað fé notað en það, sem landsmenn leggja upp, að viðbættu því, sem fengið er að láni erlendis. Þótt sjálfsagt sé að nota erlent lánsfé til þjóðnýtra framkvæmda, þá er óhugsandi, að erlendis fáist nema lítið brot af því fjármagni, sem til framkvæmdanna þarf. Það er því sparnaður landsmanna sjálfra, sem verður að vera meginstoð framfaranna. Á verðbólguárunum fór hörmulega með sparnað landsmanna þrátt fyrir miklar tekjur. Fleira en eitt kom til, en mestu hefur vafalaust valdið síhækkandi verðlag og þar með minnkandi kaupmáttur peninganna. Svo óskaplegt varð ástandið í þessu tilliti, að sparifjáraukningin komst niður í 20—35 millj. kr. árlega ár eftir ár, og eitt ár var meira tekið út úr bönkum og sparisjóðum samanlagt en inn í þá var lagt. Og þó var þá talið mikið góðæri. Á þessum árum voru framkvæmdirnar að verulegu leyti eða mestu leyti byggðar á því að éta út erlendar innstæður þjóðarinnar, á erlendum lánum og erlendu gjafafé.

Nú allra síðustu árin, eða eftir 1951, hefur orðið á þessu stórfelld breyting. Má t. d. nefna, að á árinu 1953, eða í fyrra, jókst sparifé um 186 millj., og á þessu ári hefur sparifé aukizt um tæpar 150 millj. á sjö fyrstu mánuðum ársins. Hér hefur því átt sér stað gerbreyting til bóta. Þessi aukni sparnaður hefur orðið undirstaða að auknum atvinnurekstri og framkvæmdum og átt sinn þátt í því að stuðla að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum nú síðustu missirin, eftir að þessa aukna sparnaðar fór að gæta. Það er þessi sparifjáraukning, sem gerir það mögulegt að fá hér innanlands verulegt fjármagn að láni til raforkuframkvæmda og íbúðabygginga, svo að dæmi séu nefnd um áhrif þessara breytinga. Þó er víðs fjarri, að sparifjáraukningin hrökkvi enn sem komið er til þess að mæta hinni miklu fjár-

þörf í sambandi við nýjar framkvæmdir og aukinn atvinnurekstur, og nægir í því sambandi að minna á upptalningu mína hér áðan um fjárþörf fyrirtækja og lánsstofnana. En hér hefur orðið stórvægileg og ánægjuleg breyting til bóta.

Nú er spurningin: Hvað kemur til, að þetta hefur áunnizt? Ég veit ekki, hvort árin 1953 og 1954 eru betri tekjuár en sum hinna, þegar sparnaðurinn var sáralítill eða jafnvel enginn. Þau hafa verið mjög góð tekjuár að vísu, en það er a. m. k. ekki nægileg skýring á breytingunni. Það sjáum við á reynslu verðbólguáranna, þegar tekjur urðu stundum gífurlega háar, en sparnaðurinn hverfandi eða jafnvel enginn. Ég held, að hér valdi miklu um — og raunar mestu — að viðhorf manna til sparnaðar, til peninga, hefur breytzt verulega. Verðlagið í landinu hefur mjög lítið breytzt, hefur verið nær því stöðugt í þrjú ár, og þetta hefur haft stórfelld áhrif. Menn keppast ekki lengur við að kaupa fyrir fé sitt jafnóðum, svo sem áður var, enda er engin ástæða til þess. Fyrir bragðið hafa menn hver um annan þveran farið að leggja fé til hliðar, og þetta hefur gerbreytt ástandinu í þessum efnum. Þá hafa stórfelldar beinar ráðstafanir verið gerðar til þess að hvetja menn til sparnaðar, og er þess skemmst að minnast, að á síðasta Alþingi var sparifé gert skatt- og útsvarsfrjálst. Eru það engin smáræðis hlunnindi, sem sparifjáreigendum eru veitt með þeim ráðstöfunum, og væri ekki undarlegt, þótt það ýtti undir sparnað. Það vil ég þó enn minna á, að þótt sparnaður hafi aukizt frá því, sem hann var, þegar verst var ástatt í þeim efnum, þá fer því fjarri, að hann sé eðlilega mikill orðinn miðað við árferði nú, hvað þá lánsfjárþörfina. Þess vegna þarf sparnaðurinn enn að aukast. Ætti að mega gera ráð fyrir, að svo verði. Finnst mér mega vænta þess, að menn hafi tæplega enn áttað sig á því til fulls, hve stórfelldra hlunninda sparifjáreigendur njóta af ákvæðunum um skatt- og útsvarsfrelsi sparifjár; hafi því heppileg áhrif þeirrar löggjafar á sparnaðinn alls ekki fram komið öll enn þá. Þá mun stöðugt verðlag enn eiga eftir að hafa stórfelld áhrif til bóta, ef það helzt, og ekkert sýnist benda til, að verðlagsjafnvægi hér þurfi að raskast, ef rétt er að farið.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að mikla nauðsyn ber til að koma hér á sölu verðbréfa á opnum markaði, svo sem tíðkast í þeim löndum, þar sem sæmilegt jafnvægi ríkir í þjóðarbúskapnum. Ég minni á þetta stórmál og vil benda á, að fjárútvegun til fjárfestingar verður ekki sæmilega örugg né fyllilega heilbrigð, fyrr en hún getur að verulegu leyti byggzt á sölu verðbréfa á innlendum markaði. Er það mál í athugun og undirbúningi og ekki tímabært að ræða það nánar að þessu sinni.

Ég mun þá fara að lokum fáeinum orðum um áhrif stjórnarstefnunnar, sem fylgt hefur verið frá 1950, en upphaf hennar er að rekja til þeirra átaka í stjórnmálum landsins, sem urðu á árinu 1949. Þegar þessi átök hófust, var mestöll framleiðslustarfsemi landsmanna rekin með halla, fjölmargar starfsgreinar lágu alveg niðri, og tilfinnanlegt atvinnuleysi var í þann veginn að halda innreið sína. Ríkisbúskapurinn var rekinn með stórfelldum greiðsluhalla þrátt fyrir gífurlegar skatta- og tollaálögur. Greiðsluhallinn við útlönd var stórfelldur, erlendar innstæður frá betri árum gersamlega þrotnar, Marshallfé fór í eyðslu, öll viðskipti voru heft í fjötra, og vöruskortur var svo tilfinnanlegur, að knékrjúpa varð ekki ósjaldan til þess að fá brýnustu nauðsynjar, þótt menn hefðu fullar hendur fjár. Sumarið 1949 skarst í odda í ríkisstjórn þeirri, sem þá sat, út af þessu ástandi og hvað gera skyldi til þess að rífa sig upp úr feninu. Leiddi þessi ágreiningur til kosninganna um haustið. Það voru framsóknarmenn, sem knúðu fram þetta uppgjör. Árangur þess urðu samtök tveggja stærstu stjórnmálaflokka landsins um þær ráðstafanir, sem síðan hafa verið gerðar. Með ráðstöfunum þessa þingmeirihluta var framleiðslan leyst úr dróma og hefur blómgazt síðan og aukizt ár frá ári og þjóðartekjurnar vaxið. Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur hefur stuðlað að auknu peningalegu jafnvægi í landinu, stöðugra verðlagi og auknum sparnaði almennt og orðið til þess, að hægt hefur verið að slaka stórkostlega á viðskiptafjötrunum. Þessum árangri hefur ekki aðeins verið náð án þess að skattar og tollar hafi verið hækkaðir, heldur hefur reynzt mögulegt að lækka stórlega skattaálögur. Gjaldeyrisástandið hefur farið batnandi frá því, sem áður var. Þannig batnaði gjaldeyrisaðstaða landsins út á við á árinu 1953 nokkuð og er nokkru betri nú en hún var á sama tíma í fyrra. Ótalið er þó enn það, sem ekki skiptir minnstu máli: Verðlag í landinu hefur staðið svo að segja í stað í 3 ár og mun ekki hækka sem máli skiptir á þessu hausti. Er þó hausttíminn hættulegastur að þessu leyti. Þetta þýðir, að áfram getum við gert ráð fyrir að búa við sæmilega stöðugt verðlag, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til þess að setja af stað verðbólguhjólið, sem hefur verið stöðvað til stóraukinnar hagsældar fyrir alla landsmenn. Eins og nú er háttað, veltur mest á þeirri stefnu, sem launasamtökin fylgja á næstunni í þessu tilliti.

Nú um sinn hefur borið talsvert á fólksskorti til þess að sinna allri þeirri framleiðslustarfsemi, sem menn gjarnan vilja stunda, og fjárfestingarverkefnunum. Er skammt öfganna á milli í þessum efnum hjá okkur, því að ekki mun vera nema eitt og hálft ár síðan menn höfðu áhyggjur af því, að ekki væri full atvinna fyrir alla. Ekki er því til að dreifa, að fólkseklan nú samanborið við í fyrra stafi af því, að fjölgað hafi verið fólki við varnarframkvæmdir, og þá ekki heldur því til að dreifa, að aukin viðskiptavelta og velmegun nú frá í fyrra eigi rót sína í auknum varnarframkvæmdum. Á þessu sumri hafa unnið um 600 manns færra við varnarmálin en á sama tíma í fyrra, og er þá til tínt allt það fólk, sem þar kemur nærri. Hér kemur annað til. Í fyrsta lagi mjög aukin smábátaútgerð að sumrinu, þá stóraukin fiskverkun innanlands, þar sem togararnir hafa lagt á land nær allan afla sinn, en höfðu áður selt mjög mikið af honum óverkað til Englands. Loks bætist við stóraukin fjárfesting einstaklinga, einkum íbúðarhúsabyggingar.

Það er sannarlega ástæða til þess að gleðjast

yfir því, að allir hafa nú atvinnu og að menn búa nú hér í þessu landi almennt við kjör, sem fyllilega munu þola samanburð við það, sem gerist annars staðar, að ekki sé meira sagt. Hitt er áhyggjuefni, að svo var komið hag togaraútgerðarinnar á þessu ári, að hún gat ekki haldið áfram án sérstaks stuðnings. Það er mikið alvörumál, að framleiðslukostnaður á togarafiski er nú orðinn svo hár, að útflutningsverðið hrekkur ekki til þess að mæta honum, og á þessu sama bólar í fleiri greinum, sbr. það, sem ég upplýsti áðan um Faxaflóasíldina. Erfiðleikar togaraútgerðarinnar stafa að verulegu leyti af hinu ófyrirleitna löndunarbanni brezkra útgerðarmanna. Það raskaði sem sé öllum rekstri togaraflotans, þegar Englandsmarkaðurinn lokaðist. Kjörin á togurunum urðu meðal annars af því alveg ósambærileg við önnur launakjör í landinu, og fleira kom til, sem verkaði í sömu átt. Ýmislegt hefur breytzt heldur til bóta í sambandi við aflabrögð og sölur togaranna, síðan verst horfði um þau málefni síðastliðið vor, og leið hefur verið fundin til þess að styðja togaraútgerðina, án þess að þær ráðstafanir valdi almennri verðhækkun. Var sú leið beinlínis valin með það fyrir augum að þurfa ekki að gera ráðstafanir, sem hefðu almenn verðhækkunaráhrif.

Í sambandi við vandamál togaraútgerðarinnar hefur eitthvað borið á ótta um það, að stjórnin mundi knýjast til þess að beita sér fyrir gengislækkun vegna þessara erfiðleika togaraútgerðarinnar. Það er engin ástæða til þess að óttast slíkt, jafnvel þótt eitthvað meira þyrfti að aðhafast vegna togaraflotans en enn hefur verið gert. Það er engin ástæða til þess að tala um gengislækkun í sambandi við nokkur þau mál, sem nú eru til meðferðar. Það er þvert á móti full ástæða til þess að álíta, að við getum áfram búið við allvel stöðugt verðlag, ef ekki eru beinlínis gerðar nýjar ráðstafanir, sem gera slíkt ómögulegt. Á hinn bóginn er svo kostnaði hlaðið á framleiðsluna, svo sem augljós dæmi sanna, að verði kröfur á hendur henni almennt auknar, svo sem nú stendur, þá mundi það gerbreyta ástandinu og hrinda af stað hjólinu á ný. Slíkt væri þó hin mesta ógæfa og öllum til stórtjóns. Ég hef ekki trú á því, að nokkur af hinum sterku almannasamtökum sjái sér hag í að beita sér fyrir slíkri stefnu.

Að lokum vil ég á það minna, að við megum ekki láta góðærið og peningaflóðið villa okkur sýn um það, að talsvert mikill fjöldi manna í landinu vinnur að störfum í þágu varnarmálanna, enda þótt færri séu en í fyrra, störfum, sem ekki er gert ráð fyrir að séu til frambúðar. Þarf því að vinna markvisst að því að efna á réttum tíma til framkvæmda og starfrækslu, sem komi í stað þessara framkvæmda, þegar þær dragast saman eða hverfa. Þá þarf einnig að eiga sér stað stöðug aukning atvinnurekstrar í landinu vegna mikillar fólksfjölgunar. Við þurfum því mikla fjárfestingu á næstu árum ekki síður en undanfarið. Svo bezt mun okkur á hinn bóginn takast að leysa þennan vanda og viðhalda almennri velmegun, að við berum gæfu til að hafa jafnvægi og stöðugleik nokkurn í þjóðarbúskapnum, en leggjumst ekki til sunds á nýjan leik í fen verðbólgu og fjármálaupplausnar. Ég trúi því, að við höfum öll svo mikið lært af reynslunni, að vel muni takast.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Við eðlilegar kringumstæður ætti setning fjárlaga hvers árs að vera eitt stærsta og mikilvægasta mál hvers þings. Það má og sjá af þingsköpum, að meðan hugsað var skynsamlega á Alþingi Íslendinga, hefur þannig verið á það mál litið. Í þingsköpum er svo ákveðið, að fjárlög ein allra mála skuli rædd í áheyrn þjóðarinnar og það ekki skemmri tíma en að skipta hefur þurft á 3 daga. Það þarf ekki langa íhugun, sé rökrétt hugsað, til að sjá, að skynsamleg ástæða er til að hafa þennan hátt á. Það skiptir almenning ekki litlu máli og sízt nú hin síðari ár, á hvern hátt og til hvers er ráðstafað þeim gífurlegu fjárhæðum, sem ríkið innheimtir og þjóðin öll á í ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum. Það er heldur ekkert smávægilegt aukaatriði fyrir almenning, að hvaða þróun í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar ríkisvaldið stefnir með fjármálastefnu sinni, áhrifum sínum á og afskiptum sínum af lífi og starfsemi einstaklinga, fyrirtækja og þjóðarheildar. Allra sízt er þetta smávægilegt nú, þegar afskipti ríkisvaldsins eru jafnmikil og jafnháskaleg og raun ber vitni. Þetta sá hinn vísi löggjafi meðan skynsemi réð meira en aðrir eiginleikar á Alþingi Íslendinga. En nú er sá háttur upp tekinn, að þó að formi sé að nafninu til haldið um fjárlagaumræður, er það mál ekki rætt af hálfu stjórnarvalda í almenningsáheyrn nema við 1. umr., en við síðari umr. hefur jafnvel sjálfur fjmrh. talið sér sæma að ræða fyrr öll önnur mál en fjármálin og efnahagsmálin og það enda þótt hann bæri sýnu minna skyn á þau en fjármálin.

En sé að gætt, má öllum ljóst vera, hvers vegna ríkisstjórnir síðustu ára hafa viljað losna við þann kross að þurfa að ræða fjármál og efnahagsmál opinskátt og rökrænt í áheyrn almennings. Það fáheyrða glæfraspil, sem kallað er stefna núverandi stjórnarflokka í fjárhags- og atvinnumálum, er ekki til þess fallið að afla núverandi valdhöfum trausts og fylgis almennings. Í því efni verða þeir að treysta á önnur meðul og óvandaðri en góðan málstað. Að þessu leyti og fjárlfrv. það fyrir árið 1955, sem hér liggur fyrir til 1. umr., í engu frábrugðið fjárlfrv. síðustu ára. Með því er engin ný stefna eða stefnubreyting mörkuð í fjárhags- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Hin fáheyrða og glæfralega skattheimta núverandi valdhafa heldur óbreyttri stefnu upp á við, og er þetta frv. samkvæmt því hæsta fjárlfrv., sem lagt hefur verið fram á Alþingi til þessa dags, en samkvæmt frv. eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 495 millj. kr., eða um 52 millj. kr. hærri en 1954 og 77 millj. kr. hærri en þær voru áætlaðar 1953. Hins vegar urðu ríkistekjurnar 510 millj. kr. árið 1953, eða „aðeins" 92 millj. kr. hærri en áætlað var, og munu nálgast 600 millj. árið 1954, sé miðað við það, að þær voru orðnar 301 millj. kr. 31. ágúst s. l., en 262 millj. á sama tíma í fyrra. Allar fullyrðingar hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, um það, að fjárlagaafgreiðslu væri teflt á tæpasta

vað og ekki mætti leiðrétta tekjuáætlanir hans, hafa því enn einu sinni reynzt marklaust óvitahjal, svo sem vitað var, enda í öðrum tilgangi gert en að hafa það heldur, sem sannara reynist.

Með þessu fjárlfrv. er engin tilraun gerð til að draga úr því fjármálasukki og spillingu, sem verið hefur eitt helzta einkenni fjármálastjórnar núverandi stjórnarflokka að undanförnu, heldur færist það enn hröðum skrefum í aukana, og eru flestir útgjaldaliðir áætlaðir hærri árið 1955 en þeir voru á þessu ári. Ræddi hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, um stóraukna eyðslu af almannafé vegna lögregluefti rlits og annars með svonefndu varnarliði, og skal ég engu við það bæta. Þá er ekki nú fremur en endranær gerð tilraun til að afhenda þinginu raunverulegt fjárveitingavald, því að enn ætlar hæstv. ríkisstj. að tryggja það, að hún hafi óbundnar hendur um fjárlagaafgreiðslu eins og að undanförnu. Því til sönnunar skal það nefnt, að árið 1951 urðu tekjur ríkissjóðs 116 millj. kr. hærri en áætlað var í fjárl., árið 1952 urðu þær 44 millj. kr. hærri, árið 1953 92 millj. kr. hærri en áætlað var og munu á þessu ári verða um 160 millj. kr. hærri. Þannig munu ríkisstj. þessara 4 ára hafa alls um 400 millj. kr. til ráðstöfunar umfram það, sem áætlað var á fjárl., og þessum upphæðum hefur verið ráðstafað og mun verða, án þess að samþykkis Alþingis sé leitað, en það látið leggja blessun sína yfir gerðir hæstv. ríkisstj., þegar öllu hefur verið eytt.

Í höndum hæstv. ríkisstj. er fjárlagaafgreiðslan því aðeins formsatriði, þar sem hin víðfrægu bókarasjónarmið hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, fá notið sín til fullnustu. Á hinn bóginn er öllum það ljóst, að svo er til ætlazt, að Alþingi leysi sérhvert verk, sem í þess verkahring er, af fyllstu samvizkusemi og réttsýni og láti ekkert rangt vitandi vits frá sér fara. Reynsla margra ára í röð er þó sú, að þessa reglu hefur Alþingi, þ. e. a. s. stjórnarflokkarnir, ekki haldið við afgreiðslu fjárl. Öllum þingheimi hefur verið ljóst síðan 1951, að tekjur ríkissjóðs hafa árlega verið of lágt áætlaðar, en vegna þess að ríkisstj. vildi hafa óbundnar hendur um ráðstöfun á almannafé í því skyni að tryggja völd sín, hafa hv. þm. stjórnarflokkanna látið hafa sig til þeirrar óhæfu að samþykkja það, sem þeir vissu að var rangt, og staðfest það sem lög í nafni Alþingis. Mun erfitt að finna hliðstæðu slíks framferðis með öðrum þjóðum, enda er þetta orðið sá smánarblettur á Alþingi, að það nýtur nú orðið lítillar eða engrar virðingar.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekki heldur látið sitt eftir liggja í því að misbjóða virðingu Alþingis og sýna því fyrirlitningu. Sem dæmi skal það nefnt, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1955 er, eins og hæstv. fjmrh. gat í framsöguræðu sinni, fellt niður að áætla tekjur af veitingaskatti, en hann hefur numið á þriðju millj. kr. árlega. Enn er það þó í lögum, að veitingaskattur skuli innheimtur, og ber því að telja hann með öðrum tekjum, meðan Alþingi hefur ekki fellt þau lög úr gildi. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. borið fram frv. um það að afnema þennan skatt, og vegna þess að hún ætlar að láta Alþingi samþykkja þetta frv., áður en fjárl. eru afgreidd, er það fellt niður að áætla tekjur af þessum skatti.

Það er svo annað mál, að með því að leggja niður veitingaskattinn heldur hæstv. ríkisstj. áfram þeirri íhaldsstefnu sinni í skattamálum að létta fyrst sköttum á þeim, sem sízt skyldi. Á síðasta þingi gumaði hæstv. ríkisstj. mjög af því, að hún ætlaði að lækka beina skatta á almenningi. Niðurstaðan af þessu skattalækkunarhjali hefur þó orðið sú í reyndinni, að tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum hafa hækkað verulega og eru nú áætlaðar 6.3 millj. kr. hærri en s. l. ár og munu verða enn hærri. Hins vegar hafa tekjur af striðsgróðaskatti, þ. e. a. s. sérskatti hinna tekjuhæstu og ríkustu, lækkað og eru nú áætlaðar 1 millj. kr. lægri en s. l. ár, enda þótt gróði þessara aðila hafi aldrei verið meiri en nú þessi árin. Er öllum svo ljóst, hvort það eru þeir, sem greiða eiga stríðsgróðaskattinn, sem fyrir fátæktar sakir hafa mesta þörf fyrir skattalækkun, að óþarft er um að ræða.

Ég sagði í upphafi máls míns, að það skipti þjóðina ekki litlu, að hvaða þróun efnahags- og atvinnulífsins væri stefnt með fjárl. og öðrum afskiptum ríkisvaldsins af þeim málum. Ég skal reyna að skýra þetta nánar.

Óski þjóðin að veita sér aukin lífsþægindi eins og rafmagn, betri vegi og samgöngutæki, aukna menntun eða heilsugæzlu, aukið fjárhagslegt öryggi o. s. frv., en halda jafnframt fjárhagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði sínu, verður atvinnulíf hennar að vera svo blómlegt og arðbært, að það geti risið undir þessum kröfum auk alls þess, sem þjóðin þarfnast til þess að viðhalda lífi sínu. Þetta er einföld staðreynd og ætti að vera hverju fermingarbarni ljós. Og þó hefur maður allt of oft ástæðu til að ætla, að hún sé jafnvel æðstu ráðamönnum og spekingum íslenzkrar þjóðar algerlega hulin. Má um það nefna mörg dæmi.

Fyrst mætti e. t. v. nefna það, hve lítil áherzla hefur til þessa verið lögð á það að beina æðri menntun þjóðarinnar inn á þau svið, sem gætu orðið atvinnuvegunum lyftistöng og fært þá fram á við, svo að þeir mættu sem bezt fullnægja kröfum hvers tíma. Enn er það, að þeir fáu menn, sem hafa lagt út á þá braut að afla sér æðri verklegrar menntunar, eru í bezta falli settir í skrifstofustóla og látnir vinna þar verk, sem að litlu eða engu eru höfð, en í mörgum tilfellum verða þeir að flýja land vegna þess, að svo lítur út sem þjóðin hafi ekki verk handa þeim að vinna og enga þörf fyrir dýrmæta þekkingu þeirra. Og þó mætti öllum vera ljóst, að sú þjóð, sem ekki hagnýtir þá fullkomnustu þekkingu, sem völ er á, í þágu atvinnulífsins, hlýtur að dragast aftur úr öðrum og enda sem bónbjarga vesalingur og ósjálfstæð nýlenda undir stjórn annarra, sem annaðhvort kynnu betur á málum að halda eða hefðu annan ávinning af því að hirða land hennar.

Þá verður ekki komizt hjá því að nefna sem dæmi þá staðreynd, að sérhver þjóð, sem er í vexti, verður árlega að færa út kvíarnar, auka við atvinnuvegi sína og finna nýja og auka á þann hátt framleiðslu sína, ef takast á að færa hverjum nýjum árgangi þjóðarinnar, sem við

bætist í tölu vinnandi fólks, hagnýt verkefni og búa hverjum þjóðfélagsborgara lífvænleg skilyrði, en ekki atvinnuleysi og eymd.

Samkvæmt nýútkomnum hagtíðindum bætast við tölu fullvinnandi fólks í okkar þjóðfélagi árlega um 2000 manns, sem þarfnast arðbærra verkefna til þess að lifa af. Að nokkrum árum liðnum verður viðbótin um 3000—3500 manns árlega og fer að sjálfsögðu vaxandi. Augljóst er, að eigi þetta fólk að staðfestast í landinu, verða atvinnumöguleikarnir að aukast stórlega á ári hverju. Með stefnu sinni og afskiptum af fjárhags- og efnahagsmálum geta stjórnarvöldin stuðlað að því, að svo verði, en einnig unnið gegn því, ef af skammsýni og annarlegum hvötum er unnið.

Allar sjálfstæðar þjóðir leggja á það höfuðáherzlu að auka framleiðslu sína og efla atvinnulíf sitt ár frá ári. Er til þess varið mikilli atorku og miklum fjármunum af hálfu stjórnarvalda, félaga og einstaklinga. Nýlega var t. d. frá því skýrt, að framleiðsla Frakka hefði aukizt um 6½% fyrstu 6 mánuði þessa árs. Þóttu það mikil tíðindi og góð þar í landi. En hvernig horfa þessi mál við hér? Öllum landsmönnum er ljóst, að vegna aðgerða og afskipta valdhafanna með skattakúgun og hernaðarbrölti hafa atvinnuvegirnir dregizt saman og framleiðslutækin legið ónotuð og grotnað niður síðustu 3 árin. Og mér er ekki kunnugt um það, að nokkru sinni hafi verið gerð tilraun til þess síðustu árin hér á landi að athuga það, hvort framleiðslan hafi aukizt eða minnkað og hve mikið, hvað þá að skipulega hafi verið unnið að því að auka hana. Hins vegar hefur verið varið til þess mikilli atorku og fyrirhöfn að betla í síauknum mæli og biðja um meiri hernaðarframkvæmdir í landinu. Fyrir þannig fengnar tekjur hafa valdhafarnir lofað þjóðinni auknum lífsþægindum og aukinni velmegun fyrirhafnarlaust og gefins, samtímis því að þjóðin horfir á atvinnuvegi sína og sjálfsbjargarmöguleika riða til falls.

Við þjóðvarnarmenn höfum aldrei reynt að blekkja þjóðina með loforðum um gefins lífsþægindi og fyrirhafnarlausa velmegun eins og hinir stjórnmálaflokkarnir. Við höfum þvert á móti sagt henni opinskátt og hreinskilnislega, að vildi hún halda frelsi sínu og sjálfstæði, kostaði það baráttu og fórnir, erfiðleika og einbeittan vilja til að ná því marki. Við höfum sagt henni af fullkominni hreinskilni, að hún yrði að neita sér um fjölmargt, sem hún gjarnan vildi veita sér, á meðan hún væri að efla atvinnuvegi sína svo, að þeir gætu risið undir og borið uppi þau lífsþægindi, sem þjóðin á skilið og verður að gera kröfu til, vilji hún halda menningu sinni og virðingu sjálfrar sín og annarra.

Við þjóðvarnarmenn höfum reynt að benda þjóðinni á, að frumskilyrði alls þessa væri efling atvinnuveganna og aukin fjölbreytni þeirra, og við höfum bent á fjölmörg verkefni, sem þar biðu óleyst. Gagnstætt þessu hafa hinir flokkarnir og þá fyrst og fremst stjórnarflokkarnir lofað þjóðinni aukinni velmegun og lífsþægindum með styrkjum frá sjálfri sér, úr sínum eigin sjóði — ríkissjóði, og öðrum geigvænlegri ráðum, sem a. m. k. munu skilja eftir ör á þjóðarsálinni langt fram í tímann, ef ekki tortíma þjóðinni að fullu.

Íslenzk stjórnarvöld hafa frá árinu 1948 gefizt upp við að leysa þann vanda, sem það er fyrir fámenna þjóð að lifa sjálfbjarga lífi í landi sínu. Í stað þess að leggja áherzlu á að auka framleiðslu þjóðarinnar hafa allar ríkisstjórnir, sem farið hafa með völd frá árinu 1948, gengið æ lengra á þeirri uppgjafar- og glötunarbraut að biðja um fé frá erlendu stórveldi, annaðhvort beint eða óbeint, gegnum hervirkjagerð í landinu. Í hagtíðindum Hagstofu Íslands frá þessum árum er yfirlit um það, hve mikið fé íslenzk stjórnarvöld og hermangarar hafa fengið frá Bandaríkjunum „á miðnætti íslenzkrar ómennsku“ eins og Arnór Sigurjónsson hefur orðað það af fullkomnum skilningi og listfengi. Yfirlit þetta sýnir ljóslega, hversu skjótt hefur sigið á ógæfuhlið, síðan betli- og hermangarastefnan var upp tekin, og hve üggvænlega skammt er þess að bíða, að þjóðin hafi tapað yfirtökunum á sínu eigin atvinnulífi að því er snertir gjaldeyrisöflunina. Samkvæmt hagtíðindunum hafa íslenzk stjórnarvöld þegið alls 774 millj. kr. með framangreindum hætti á árunum 1948—53, að báðum meðtöldum, reiknað á skráðu gengi hvers árs. Meðalgjaldeyristekjur þjóðarinnar þessi 6 ár fyrir eigin tilverknað eru hins vegar ekki nema 720 millj. kr. á ári. Þetta þýðir það, að íslenzk þjóð hefur á s. l. 6 árum lifað gjaldeyrislega séð meira en eitt ár eingöngu á gjöfum og hernaðarbraski.

Gjafaféð og hernámspeningarnir skiptast þannig árlega: Árið 1948 nam gjafaféð 1.8% af gjaldeyristekjum þess árs, árið 1949 3%, árið 1950 11.3%, árið 1951 11.8%, árið 1952 nam gjafafé og hernámspeningar 18.5% af heildargjaldeyristekjunum, og árið 1953 nam þetta hvort tveggja hvorki meira né minna en 27.7% af gjaldeyristekjunum, eða 349.7 millj. kr. samtals. Og enn fer þetta vaxandi. Þannig var meira en fjórða hver króna, sem þjóðin eyddi í erlendum gjaldeyri 1953, þegin að gjöf eða fengin fyrir hernaðarbrask erlends stórveldis í okkar landi.

Framkvæmd betli- og hermangarastefnu þeirrar, sem ég hef hér lýst í stórum dráttum, hefur orðið með nokkuð nýstárlegum og óvæntum hætti miðað við skipulag lýðræðisþjóða. Íhaldsflokkarnir hafa tekið upp þá reglu að skipa þannig málum á þeim stöðum, þar sem ránsfengnum er skipt, að útiloka það, að þar geti myndazt lýðræðislegur meiri hluti, er ákvörðun ráði. Þannig er fjárhagsráð með nýja nafninu skipað tveim mönnum, en þar er innflutnings- og fjárfestingarleyfum skipt jafnt milli helztu gæðinga stjórnarflokkanna. Stjórn hermangarafyrirtækisins Aðalverktakar h/f er skipuð fjórum mönnum, tveim frá hvorum stjórnarflokkanna um sig. Þannig er það stjórnarfarslega tryggt, að hvorugur aðilinn fái meira en hinn. Náist ekki samkomulag um helmingaskiptin, eru jafnvel þjóðþrifafyrirtæki eins og sementsverksmiðjan látin bíða, unz klíkurnar hafa náð samkomulagi um það, hvernig hagkvæmast sé að féfletta þjóðina og hvernig fengnum skuli skipt.

Þó að gjafafé og hernámsvinna hafi borið uppi

stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahags-, atvinnu- og fjármálum, er því ekki að leyna, að þar eru fleiri eftirtektarverðir þættir. T. d. má þar til nefna hin miklu loforð stjórnarinnar í raforkumálum. Afrekin á því sviði hafa hins vegar verið þau helzt að gera Sogs- og Laxárvirkjanirnar að féþúfu fyrir ráðdeildarlaust fjárbruðl valdhafanna og sækja þangað milljónatugi í eyðsluhít ríkissjóðs. Á öðrum stórafrekum bólar lítið. — Hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir því, að virkjunarframkvæmdir fyrir Austurland verði ekki hafnar. Hins vegar hefur hún reynt að blekkja fólk á þessu svæði með því að gefa í skyn, að rafmagn yrði leitt frá Laxárvirkjun til Austurlands með nýrri sænskri aðferð, og þó veit hæstv. ríkisstj., að þessi aðferð er enn á tilraunastigi og að mörg ár geta liðið, áður en þeim tilraunum lýkur. Einnig eru þau tæki, sem notuð yrðu við þennan flutning á rafmagni, svo dýr, að vafasamt er, að virkjun, t. d. í Lagarfljóti, yrði dýrari. Loks er svo órannsakað, hvort þessi sænska aðferð er framkvæmanleg við þau skilyrði, sem hér er um að ræða. Fleira mætti rekja til sönnunar því, að lítið mun verða úr hinum miklu rafvæðingarframkvæmdum ríkisstj. á þessu kjörtímabili og það enda þótt ríkissjóður hafi nær 100 millj. kr. tekjur umfram fjárlög árlega.

Eitt var það mál, sem sett var efst á loforðaskrá hæstv. ríkisstj., en það var sementsverksmiðjan. Nauðsyn þess máls fyrir þjóðfélagið þarf ekki að lýsa. Í upphafi settu bandarískir ráðamenn það skilyrði fyrir lánum til sementsverksmiðjunnar, að um hana yrði stofnað hlutafélag. Íhaldsflokkarnir komust að þeirri niðurstöðu, að eðlilegast væri, að sementsheildsalar ættu verksmiðjuna. Krafðist Framsfl. helmingaskipta fyrir S. Í. S. þar eins og annars staðar. Samkomulag hefur sem kunnugt er ekki náðst um þessi helmingaskipti milli stjórnarflokkanna, og er það ástæðan til þess, að enn hefur ekkert orðið úr framkvæmdum annað en það, að öðru hverju er þar eytt 2 millj. á ári, án þess að neitt verulegt sjáist eftir, og er enn gert ráð fyrir, að svo verði. Þessar upphæðir eru líka fyrst og fremst ætlaðar til þess að halda almenningi í þeirri trú, að eitthvað hljóti að gerast á næstunni í þessu máli. En ekki er sýnilegt, að svo verði. Og þó voru sérfræðingar Alþjóðabankans, sem hér voru á ferð, eins og t. d. Harryson Clark, því mjög meðmæltir, að Alþjóðabankinn veitti lán til sementsverksmiðjunnar, og töldu, að hún ætti að ganga fyrir öðrum framkvæmdum, t. d. áburðarverksmiðjunni.

Fleiri mjög markverða drætti í efnahags- og fjármálastefnu hæstv. ríkisstj. mætti að sjálfsögðu nefna, ef tími ynnist til, sem ekki er. Þó verður ekki hjá því komizt að nefna það meginatriði stjórnarstefnunnar, sem allt annað stefndi að, þ. e. a. s. að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðva verðbólguna. Þetta meginatriði var þannig framkvæmt, að verzlunarálagning var gefin frjáls, svo að allt vöruverð rauk upp í það, sem áður hafði verið kallað svartamarkaðsverð. Með þessu voru í fyrsta lagi þeim, sem reka verzlun, gefnar algerlega frjálsar hendur um að skammta sér sjálfir tekjur úr þjóðarbúinu, meðan kaup margra annarra stétta var bundið með lögum og samningum. Ofan á þetta var svo bætt bátagjaldeyrisokrinu, innheimta hins opinbera aukin um hundruð millj. króna árlega og mun á þessu ári verða um eða yfir 1000 millj. kr., þegar allt er talið, tekjur ríkis og sveitarsjóða, báta- og togaragjaldeyrisálag, skattgreiðslur til sjúkrasamlaga og tryggingastofnana o. fl. Samtímis þessu hefur svo eyðsla hins opinbera aukizt og framleiðsluatvinnuvegirnir stórlega dregizt saman vegna hernámsvinnunnar. Jafnvægið varð svo eftir því. Er því bezt lýst í skýrslu Landsbankans fyrir árið 1953, en þar segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstrarafgangur ríkissjóðs fór mjög fram úr áætlun, en vegna mikilla útgjalda utan rekstrarreiknings varð hann ekki til þess að hamla á móti þenslunni innanlands. — — Er það ljóst, að ný verðbólguskrúfa, sem einkum á rót sína að rekja til varnarliðsframkvæmdanna og mikillar fjárfestingar samfara ónógum sparnaði, mun ná fastari tökum á efnahagslífinu áður en langt líður, ef ekki er spyrnt við fæti.“

Þessi ummæli landsbankastjórnar og sérfræðinga hennar geta menn svo borið saman við digurbarkalegar fullyrðingar hæstv. ríkisstj. um það, að jafnvægi hafi náðst í þjóðarbúskapnum. Ljóst er, að verðbólguþróunin hefur haldið áfram stórum skrefum á þessu ári, enda ekkert gert til að stöðva hana enn þá, heldur þvert á móti.

Ummæli hæstv. forsrh., Ólafs Thors, hér á þingi við umræður um togaragjaldeyrisálagið verða þó ekki skilin á annan veg en þann, að tíðinda sé að vænta í því efni, því að hann lét svo um mælt, að þegar aðalatvinnuvegir þjóðarinnar eins og togaraútgerðin væru komnir á vonarvöl, teldi hann, að grípa þyrfti til annarra og almennari ráða en að lækna það með því að hækka skatta og álögur. Geta menn svo velt því fyrir sér, hver þessi almennu ráð hæstv. ríkisstj. eru og hafa verið.

Sú hrunstefna hæstv. ríkisstj. í fjármálum, efnahags- og atvinnumálum, sem ég hef hér rakið í stórum dráttum, verðskuldar sannarlega harðan dóm. Eftir atvikum tel ég eðlilegast og skyldast að láta málsvara hæstv. ríkisstj. sjálfa kveða upp þann dóm yfir sjálfum sér. Hann er þegar fyrir hendi og birtist í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, hinn 11. sept. s. l. og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsóknarmenn hafa löngum stært sig af því, að þeir væru miklir fjármálamenn. Þeir telja, að brjóstvitið hafi gefizt sér bezt, enda mun það vera sú eina tegund af fjármálaviti, sem þeir herrar hafa til að bera. Verst er þó, að þetta brjóstvit þeirra er oftast aðeins annað nafn á glópsku og reynsluleysi. Að minnsta kosti virðist áratugalangur fjármálaferill þeirra ekki bera vott um, að sú rödd sé „hugljúf og hrein“, enda er nú svo komið, að framsóknarspillingin hefur komið því til vegar, að svo gæti sýnzt sem Íslendingar væru orðnir hlutgengir, a. m. k. miðað við fólksfjölda, ef rætt er um glannaskap í fjármálum og hárugar viðskiptaaðferðir.“

Það er svo auðvitað hin víðfræga Morgunblaðspeki að reyna að klína þessum dómi á Fram-

sfl. einan. Auðvitað á þessi dómur við báða stjórnarflokkana og stjórnina í heild, því að þar er völdum, áhrifum og ábyrgð jafnt skipt eins og annars staðar, þar sem þessir herrar hafa hreiðrað um sig í sameiningu.

Sú stefna hæstv. ríkisstj. í fjárhags- og efnahagsmálum, sem ég hef hér rakið í stórum dráttum, mundi að sjálfsögðu eiga formælendur fáa, ef ekki kæmi til áróður og blekkingar, sem mörgum ágætum manni hefur villt sýn.

Það væri hættulegt að viðurkenna ekki þá staðreynd, að svo er nú komið, að fjölmargir Íslendingar trúa þeirri kenningu valdhafanna, að þjóðin geti ekki lifað án gjafa og gjaldeyristekna af hernaðarframkvæmdum erlends stórveldis. Þessir menn spyrja: Hvernig hefðum við t. d. lifað árið 1953, ef við hefðum ekki þegið nær 350 millj. kr. gefins og fyrir hernaðarvinnu? Þessu má að sjálfsögðu svara á margan veg, bæði með almennum rökum og einstökum dæmum. Í fyrsta lagi er það augljóst mál, að meginþorri þess fólks, sem vinnur hjá hernum, er dregið frá íslenzkum atvinnuvegum, þ. á m. frá útflutningsframleiðslunni. Að sjálfsögðu hefðu því gjaldeyristekjur þjóðarinnar af eigin aflafé orðið meiri árið 1953 en þær urðu, ef þetta fólk hefði starfað við framleiðslu útflutningsafurða. Framleiðslutækin voru fyrir hendi, því að margir bátar lágu bundnir vegna fólkseklunnar. Markaðir voru einnig fyrir hendi, því að nú er svo komið, eins og allir vita, að við framleiðum ekki einu sinni upp í gerða samninga, hvað þá að það sé reynt, hvort enn mætti selja meira. Þar að auki er ljóst, að þjóðin þyrfti ekki að nota jafnmikinn erlendan gjaldeyri til neyzlu og hún gerir, því að fjöldamargt er keypt erlendis frá, sem framleiða má hér eða ónauðsynlegt er að kaupa. Má þar til nefna, að við kaupum fyrir milljónatugi erlendar iðnaðarvörur, sem hér eru framleiddar með góðum árangri. Árlega greiðum við 30—40 millj. kr. í erlendum gjaldeyri til olíuflutninga, sem við gætum eins annazt sjálfir, og kaupum skepnufóður fyrir 10—15 millj. og sement fyrir 10—20 millj. árlega auk margs annars, sem óþarft er að eyða gjaldeyri í. Þá hefur ekki verið reynt að framleiða hér aðrar vörur en sjávar- og landbúnaðarafurðir til útflutnings, enda þótt ljóst sé, að margt annað megi framleiða og með meira markaðsöryggi en þær vörur. Má t. d. nefna alúmín, ýmiss konar efni og sýrur úr sjó og þangi, brennistein o. fl., o. fl., sem of langt mál yrði upp að telja.

En þeir, sem trúa á lífsnauðsyn hernámsins, segja enn: En árið 1953 hefðum við ekki getað haft meiri gjaldeyristekjur við eigin framleiðslu en af hernáminu fyrir það fólk, sem vann við hernaðarframkvæmdir. — Þetta þarf ekki að vera rétt og er ekki rétt. Það, að fólk leitaði heldur í hernámsvinnuna heldur en að framleiðslustörfum, sannar ekkert um gjaldeyristekjur eða þjóðartekjur af störfum þess. Fólkið kýs heldur hernámsvinnuna af þeirri einföldu ástæðu, að hver einstaklingur ber þar að jafnaði persónulega meira úr býtum fyrir minni og léttari vinnu en býðst við framleiðslustörfin.

Þá er það vitað, að við framleiðsluatvinnuvegina hafa safnazt svo margir óþarfa milliliðir og gróðabrallsmenn, sem hrifsa til sín meginhlutann af verðmæti framleiðsluvaranna, að hlutur hins vinnandi fólks verður óeðlilega lítill, og miklum mun minni en ef t. d. sjómenn og verkamenn ættu í félagi bátana, vinnslustöðvarnar og skipin, sem flytja fiskinn á erlendan markað, en gættu þess að auki, að auðhringar hrifsuðu ekki til sín tugmilljóna gróða af olíusölu og innflutningi á rekstrarvörum útgerðarinnar.

Og þeir, sem trúa á nauðsyn hernámsvinnunnar fyrir afkomu þjóðarinnar, hljóta að verða að svara þeirri spurningu, hvað þjóðin á að taka til bragðs, þegar sú „guðs blessun“ tekur enda, því að einhvern tíma hlýtur það að verða. Ljóst er, að haldi svo fram sem nú horfir, að fleiri og fleiri menn hverfi frá framleiðslunni að hervirkjagerð, hljóta atvinnutækin að stöðvast og eyðileggjast. Og hvernig á þjóðin þá að lifa af eigin framleiðslu sinni með færri og úreltari framleiðslutæki en hún á nú, ef hún gat ekki lifað á henni árið 1953, þegar hún átti fleiri og betri framleiðslutæki en nokkru sinni áður í sögu sinni? Þessum spurningum geta hernámspostularnir ekki skotið sér undan að svara, ef þeir ætlast til, að þeir séu teknir alvarlega.

Við þingmenn Þjóðvfl. Íslands höfum svarað þessum spurningum af okkar hálfu. Við höfum svarað þeim með því að krefjast þess og bera fram till. um það, að ríkisvaldið beitti sér fyrir eflingu atvinnuveganna og að vinna íslenzkra manna við hervirkjagerð yrði stöðvuð jafnskjótt og atvinnuvegirnir gætu við þeim tekið. Við höfum nú þegar lagt fram þáltill. um það, að þingflokkarnir tilnefndu hver um sig einn mann í nefnd til að rannsaka og gera till. um það, á hvern hátt megi efla íslenzkt atvinnulíf og íslenzka atvinnuvegi svo, að þeir geti tekið við því fólki, sem nú vinnur hjá hernum, svo og búið þeim stóra hóp, sem þjóðinni bætist árlega, lífvænleg skilyrði. Takist ekki að knýja stjórnarflokkana til að fara inn á þá braut, sem bent er á í till. okkar þm. Þjóðvfl., verður þjóðin sjálf að gripa í taumana, ef hún á að sjá dag renna eftir það miðnætti íslenzkrar ómennsku, sem grúft hefur yfir henni um skeið.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, að virðing Alþ. væri lítil. Þessi hv. þm. virðist þó telja virðingu þingsins nógu mikla, því að svo augljóslega misbauð hann staðreyndum í ræðu sinni, að hún horfði ekki til virðingarauka fyrir þingið.

Fjárlögin eru tvímælalaust mikilvægasta málið, sem hvert Alþ. hefur til meðferðar. Þau grípa inn á öll svið þjóðlífsins og spegla ekki aðeins aðstöðu þjóðarinnar í efnahagsmálum og fjármálum almennt, heldur sýna þau einnig afstöðuna til menningarmála og framfaramála yfirleitt, bæði í andlegum og veraldlegum efnum. Þótt mörgum kunni að þykja fjárlög og fjárlagaumræður leiðinlegur tölulegur lestur, þá fer ekki hjá því, að þessar tölur snerta meira og minna hag hvers einasta þjóðfélagsborgara. Hallalaus ríkisbúskapur er óhjákvæmilegt skilyrði heilbrigðrar efnahagsþróunar í þjóðfélaginu. Miklar tekjur og góður efnahagur almennings er undirstaða góðrar afkomu ríkissjóðs. Hins

vegar getur verið góð afkoma hjá almenningi, þótt hagur ríkissjóðs sé slæmur, en slíkt ástand getur þó ekki blessazt til lengdar.

Hæstv. fjmrh. gerði í frumræðu sinni glögga grein fyrir ástandi og horfum um fjárhag ríkissjóðs bæði í ár og á næsta fjárhagsári. Hefur hann jafnframt gert grein fyrir öllum helztu breytingum frá fjárl. þessa árs, sem fram koma í fjárlfrv. fyrir árið 1955. Mun ég því ekki nema að mjög litlu leyti ræða um einstaka liði fjárlfrv., heldur verja þessum stutta tíma, sem ég hef til umráða, til þess að íhuga fjármálaþróunina síðustu árin og gera grein fyrir þeirri meginstefnu, sem við sjálfstæðismenn teljum þurfa að fylgja í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Niðurstöðutala sjóðsyfirlits á fjárlfrv. fyrir árið 1955 er rúmar 497 millj. kr., og skortir þá aðeins tæpar 3 millj. í ½ milljarð. Má telja fullvíst, að í meðförum þingsins hækki frv. svo, að fjárl. verði endanlega afgreidd með yfir ½ milljarð kr. í heildarútgjöld og tekjur. Er það geysileg upphæð á íslenzkan mælikvarða, þótt að vísu viðskiptavelta þjóðarinnar árlega muni nú á þessu ári nema rúmum 2 milljörðum króna, eða 2 þúsund milljónum. Og þótt við séum farnir að verða vanir háum tölum, er ekki að undra, þótt marga sundli við að heyra slíkar upphæðir nefndar.

Síðustu árin hafa heildarniðurstöðutölur á sjóðsyfirliti fjárl. verið sem hér segir: 1952 382 millj., 1953 423 millj., 1954 446 millj. og á fjárlfrv. 1955 497 millj. 1953 hækkuðu fjárl. því um 41 millj., miðað við næsta ár á undan, 1954 var hækkunin 23 millj., og 1955 er hækkunin 51 millj. Raunveruleg hækkun fjárlfrv. nú miðað við yfirstandandi ár mun þó ekki vera nema um 34 millj., því að teknar eru í frv. sjálft nú a. m. k. 7 millj. kr., sem í fjárl. þessa árs eru í heimildagrein, og auk þess eru í útgjaldaáætlun fjárlfrv. nú 10 millj kr., sem ekki eru eyðslufé, heldur gert ráð fyrir að lagt verði til framkvæmdasjóðs ríkisins.

Það er raunar ekkert nýtt fyrirbrigði, að fjárl. hækki verulega frá ári til árs, því að sú hefur jafnan verið þróunin. Nokkur hækkun er jafnan eðlileg, því að með vaxandi fólksfjölda vaxa þarfirnar, og tekjurnar eiga þá einnig að vaxa, ef allt er með eðlilegum hætti. Verðbólgutímabil það, sem hófst upp úr 1940, hefur síðan valdið því, að fjárl. hafa hækkað mjög ár frá ári. Hefur mikið af þeirri hækkun verið lítt viðráðanlegt, en jafnframt hefur margvísleg umbótalöggjöf lagt nýjar kvaðir á ríkissjóðinn.

Þótt mörgum hafi að vonum vaxið mjög í augum hin mikla aukning ríkisútgjalda og þá um leið ríkistekna, þá má þó ekki álykta út frá þessum tölum einum, heldur verður að íhuga, hversu kvaðirnar, sem ríkið leggur á þjóðfélagsborgarana, eru þungar. Þótt ýmsar álögur ríkisins á þjóðfélagsborgarana hafi meira en tuttugufaldazt síðan 1939, er engum efa bundið, að hagur alls almennings í landinu er miklum mun betri nú en var fyrir 15 árum, jafnframt því sem félagslegt öryggi og menntunarskilyrði eru nú miklum mun betri en þá. Engu að síður er því ekki að leyna, að boginn er nú svo hátt spenntur, að engu má muna, að hann bresti.

Ein helzta orsök útgjaldahækkunar ríkissjóðs hefur fram á síðustu ár verið vísitöluhækkunin og þar af leiðandi hækkandi kaupgjald, því að laun í einu eða öðru formi eru mjög stór liður í útgjöldum ríkissjóðs. Nú hefur ríkisstj. hins vegar tekizt í rúmt hálft þriðja ár að halda vísitölunni í skefjum, þannig að verðlag og kaupgjald hefur lítið hækkað. Er þetta gleðilegur árangur af þeirri stefnu, sem mörkuð var með gengisbreytingunni árið 1950, þótt nú steðji að vísu að nýjar hættur, sem ósýnt er, hvaða afleiðingar hafa.

Þegar þess er gætt, að allt frá árinu 1952 hafa launaútgjöld ríkissjóðs tekið litlum sem engum breytingum, þá verður því ekki neitað, að nokkuð er uggvænlegt, hversu útgjöld ríkissjóðs hafa samt stórhækkað. Í því sambandi er þó þess að gæta, að baráttan fyrir þessu jafnvægi í efnahagsmálunum hefur kostað ríkissjóð allmiklar fórnir, sem bæði koma fram í auknum niðurgreiðslum á verði innlendra afurða og einnig á ýmsan annan hátt. Engu að síður er það alvarlegt íhugunarefni, hvort ekki sé með einhverju móti auðið að draga allverulega úr hinni árlegu útgjaldahækkun ríkissjóðs. Ég skal fúslega játa, að á þessu eru margvísleg vandkvæði og hægara um að tala en í að komast, eins og reynslan sýnir, því að á sínum tíma var eitt helzta árásarefnið á fjmrh. Sjálfstfl. hin háu fjárl., þótt fjárl. hafi þá verið miklu lægri en nú. Aftur á móti er það mikið efamál og raunar mjög ólíklegt, að tekjur ríkissjóðs haldi áfram að vaxa svo stórkostlega ár frá ári eins og þær hafa gert síðustu árin, og verður þá ekki um annað að ræða, hvort sem mönnum er ljúft eða leitt, en að draga saman seglin eða leggja ella á nýja skatta, sem flestum mun sýnast neyðarúrræði.

Helztu útgjaldaliðir fjárl., sem stöðugt hækka ár frá ári, enda þótt ekki verði launabreytingar, eru kennslumálin, sem hækka að meðaltali um 3 millj. á ári, félagsmálin, sem síðustu 4 árin hafa hækkað að meðaltali um rúmar 4 millj. á ári, heilbrigðismálin rúma 1 millj. á ári og vegamálin, sem fara sífellt hækkandi, einkum viðhaldsfé vegna lengingar þjóðvegakerfisins, og mun þó skorta mjög á, að hægt sé að halda vegunum í viðunandi horfi. Allt eru þetta útgjaldaliðir, sem hækka af eðlilegum ástæðum og eru flestir ákveðnir með sérstakri löggjöf. Hins vegar eru svo ýmsir fjárfestingarliðir, sem árlega nema stórum upphæðum. Virðist það sjálfsögð stefna að haga opinberum framkvæmdum nokkuð eftir atvinnuástandi í landinu yfirleitt og ekki megi a. m. k. draga vinnuafl frá framleiðsluatvinnuvegunum til slíkra framkvæmda. Er það tvímælalaust rétt stefna, sem á sínum tíma var mörkuð með stofnun framkvæmdasjóðs ríkisins og nú er aftur, þó að í smáum stíl sé, farið inn á í þessu fjárlfrv., að leggja til hliðar fé, þegar atvinnuástand er gott og tekjur ríkissjóðs miklar, til þess svo aftur að verja þessum varasjóði til framkvæmda ýmiss konar, þegar að þrengir með atvinnu. Því miður hafa þarfirnar og kröfurnar undanfarin ár verið svo miklar á hendur ríkissjóði, að enda þótt mikill tekjuafgangur hafi orðið, hefur ekki reynzt auðið að

leggja það fé til hliðar til framkvæmda síðar meir.

Í fjárlfrv. nú er gert ráð fyrir miklum framkvæmdum á vegum ríkisins. Vafalaust er mikil þörf að hraða þessum framkvæmdum öllum af ýmsum ástæðum, en nokkuð sýnist þó tvísýnt, að hægt sé að vinna að þessu öllu auk hinna stórkostlegu byggingarframkvæmda einstaklinga og atvinnufyrirtækja, án þess að það leiði til verðbólgu í byggingariðnaði, sem virðist nú þegar vera yfirvofandi vegna skorts á faglærðum byggingarmönnum.

Einn útgjaldaliður ríkissjóðs hækkar uggvænlega ár frá ári, en það er greiðsla vaxta og afborgana af ýmiss konar ríkisábyrgðarlánum, sem falla á ríkissjóð vegna vanskila sveitarfélaganna. Samtals mun ríkissjóður eiga nú útistandandi hjá ýmsum sveitarfélögum yfir 34 millj. kr. vegna ábyrgðarskuldbindinga, sem fallið hafa á ríkissjóð, og á þessu ári mun ríkið hafa orðið að leggja út rúmar 5½ millj. kr. vegna vanskila sveitarfélaganna. Í fjárlfrv. eru áætlaðar 12 millj. kr. á næsta ári í þessu skyni, og er það 4 millj. kr. hækkun frá fjárl. þessa árs. Þar sem þessi vanskil aukast stöðugt, verður ekki hjá því komizt að taka til rækilegrar athugunar, hvort ekki sé hægt að gera einhverjar ráðstafanir til þess að draga úr þessum vanskilum, því að það leiðir til ábyrgðarleysis hjá sveitarstjórnum, ef þær venjast á það að geta átölulaust varpað öllum sínum áhyggjum á ríkið og látið það standa straum af sínum skuldum. Á þessu máli eru þó fleiri hliðar, og mun ég víkja að því síðar í ræðu minni í sambandi við atvinnuþróunina og hag sveitarfélaganna víðs vegar um land.

Í ræðu minni við 1. umr. fjárl. í fyrra gerði ég ýtarlega grein fyrir þeirri gerbreyttu stefnu í efnahags- og fjármálum, sem tekin var upp árið 1950 í samræmi við till., sem undirbúnar voru þá af minnihlutastjórn Sjálfstfl. Hirði ég ekki um að endurtaka þau ummæli mín nú, enda hverjum manni auðvelt að gera samanburð á ástandinu í efnahagsmálum þjóðarinnar fyrir og eftir þann tíma.

Hagur ríkissjóðs hefur raunar farið mjög batnandi frá stríðsbyrjun allt fram til ársins 1948. Erlendar skuldir, sem í stríðsbyrjun voru tæpar 50 millj. kr., voru aðeins tæpar 6 millj. kr. árið 1947, en hafa síðan farið hækkandi vegna lána til margvíslegra framkvæmda og voru um síðustu áramót rúmar 218 millj. kr. Innlendar skuldir höfðu hækkað dálítið og raunverulega þó ekki miðað við verðgildi peninganna þar til árið 1947, þegar dýrtíðin lagðist á ríkissjóð með meiri þunga, og vegna sívaxandi útgjalda til uppbóta á útflutningsafurðir landsmanna voru innlendar skuldir ríkissjóðs orðnar tæpar 217 millj. 1949, en voru um síðustu áramót rúmar 180 millj. Þáverandi fjmrh., Jóhann Þ. Jósefsson, hafði lagt á það ríka áherzlu þing eftir þing, að breyta yrði um stefnu í efnahags- og fjármálum, en það var ekki fyrr en 1950, að tókst að ná samkomulagi um nýja stefnu. Sú breytta stefna, sem þá var tekin upp í viðskiptamálum, hefur lagt grundvöllinn að hinni ágætu afkomu ríkissjóðs síðan, því að aðalhækkunin á tekjum ríkissjóðs stafar af ýmiss konar tollum, einkum verðtolli og söluskatti, jafnframt því sem blómlegra viðskipta- og athafnalíf hefur aukið tekjur ríkissjóðs á ýmsum öðrum sviðum, enda þótt skattstofnar hafi ekki verið hækkaðir, eins og hæstv. fjmrh. benti á. Það er því hinn síaukni innflutningur til landsins, sem hefur tryggt hina mjög góðu afkomu ríkissjóðs undanfarin ár, enda þótt fjárl. hafi verið afgr. með svo að segja engum greiðsluafgangi. Í fyrra töldu menn líklegt, að innflutningur hefði náð hámarki, enda bentu öll skynsamleg rök til þess, og fjvn. taldi tekjuáætlunina mjög óvarlega. En reyndin hefur orðið sú, að tolltekjur eru nú þann 1. september um 33 millj. kr. meiri en um sama leyti í fyrra, enda er innflutningur nú 111 millj. kr. meiri en 1. september í fyrra. Þessi mikli innflutningur sýnir ljóst, að kaupgeta almennings hefur vaxið mjög mikið, því að meginhluti innflutningsins nú eru neyzluvörur og rekstrarvörur, en í innflutningi í fyrra var mikið af vélum til virkjananna og áburðarverksmiðjunnar. Ber vissulega að fagna bættri afkomu almennings, þótt áhrif hennar á viðskiptalífið hafi sínar skuggahliðar.

Með gengisbreytingunni 1950 var stefnt að því, sem við sjálfstæðismenn teljum höfuðnauðsyn, að auðið sé að starfrækja atvinnuvegi þjóðarinnar halla- og styrkjalaust í meðalárferði. Það tókst með þessum ráðstöfunum að létta af ríkissjóði útflutningsuppbótum, sem voru orðnar algerlega óbærilegar fyrir ríkissjóð. Þótt gengisbreytingin bætti mjög hag útflutningsframleiðslunnar, fór samt svo, að þessi ráðstöfun nægði ekki bátaútveginum, og varð því að grípa til hins svokallaða bátagjaldeyrisskipulags til þess að tryggja áframhaldandi útgerð bátanna. En ríkissjóður varð þó eftir sem áður laus við útgjöld vegna útvegsins. Nú hins vegar hefur það gerzt, að stórvirkustu framleiðslutæki þjóðarinnar, togararnir, geta ekki lengur gengið án þess að fá háan styrk. Flestir munu nú hafa talið, að afkoma þessara mikilvirkustu framleiðslutækja sjávarútvegsins hlyti að vera mælikvarðinn á það, hvenær yrði að segja hingað og ekki lengra, því að útilokað væri að taka togarana á ríkisframfæri. En það sannast hér sem oftar, að allt er á hverfanda hveli og tímarnir breytast og einnig mat manna á öllum aðstæðum, og því hefur nú ríkið byrjað að greiða rekstrarstyrki til togaraflotans til þess að koma í veg fyrir stöðvun hans. Enginn ágreiningur hefur verið um það, að togararnir þyrftu á þessum styrk að halda, og enginn ágreiningur hefur heldur verið um það, að ekki mætti til þess koma, að togararnir stöðvuðust, svo alvarlegar afleiðingar mundi það hafa fyrir þjóðina. Út á þessa braut varð því að fara, hvort sem mönnum líkaði betur eða verr, og jafnframt varð verulegur hluti af þessum styrk að ganga til launahækkunar skipverja á togurunum, því þótt launakjör togarasjómanna væru á sínum tíma talin sérstaklega góð, þá var nú hlutfallið milli launa þeirra og launa í landi orðið svo óhagstætt, að ógerlegt var orðið að fá menn á togarana. Þótt hagur ríkissjóðs sé góður, þá horfir því miður ekki sérlega vel með atvinnu-

vegina, þar sem bæði bátaútvegurinn og togaraútgerðin eru rekin með miklum halla og styrkjum. Enn sem komið er hefur ríkissjóður ekki sjálfur þurft að leggja fram fé til styrktar togaraútgerðinni, þar sem sú leið var farin að skattleggja bifreiðainnflutning til þess að standa straum af þessum útgjöldum. Sú ráðstöfun var þó aðeins til næstu áramóta. Er ósýnt enn, hverjar ráðstafanir þá verða gerðar, því að naumast mun togaraútgerðin hafa þá rétt svo við, að hún komist af án styrks á næsta ári.

Aðalbagginn, sem á ríkissjóð hefur lagzt síðustu árin vegna dýrtíðarráðstafana, er niðurgreiðslur á innlendar afurðir. Hafa þau útgjöld farið vaxandi og eru áætluð í fjárlfrv. 51 millj. kr., ef með eru taldar 2 millj. kr. til bóta á útflutta sunnanlandssíld. Þetta er mikið fé og mikil nauðsyn að losna við þessi útgjöld, en hins ber þó að gæta, að með þessum ráðstöfunum hefur tekizt á þriðja ár að halda visitölunni nokkurn veginn stöðugri, og hefur þannig verið létt af ríkissjóði öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum.

Ég hef nú drepið á ýmis helztu atriði, sem snerta fjárhagsafkomu ríkissjóðs nú og þróunina í efnahags- og fjármálum síðustu árin. Ætla ég nú í stuttu máli að gera grein fyrir viðhorfi Sjálfstfl. til þessara mála og ræða í því sambandi nánar nokkur einstök atriði.

Þegar *minnihlutastjórn* Sjálfstfl. lagði fram tillögu sína um breytta stefnu í efnahags- og fjármálum snemma árs 1950, var eitt grundvallaratriði þeirrar stefnu að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs, en án breyttrar stefnu var þetta ógerlegt. Um þetta varð samkomulag við Framsfl., og hefur Sjálfstfl. æ síðan stutt fjmrh. dyggilega í því að fylgja þessari stefnu. Með þessari nýju stefnu var jafnframt lagður grundvöllur að frjálsræði í viðskiptum og framkvæmdum í stað hafta og ríkisafskipta af öllum högum borgaranna. Hin stórbætta afkoma ríkissjóðs leiddi einnig til þess, sem við sjálfstæðismenn töldum mikla nauðsyn, að auðið reyndist á þessu ári að lækka beina skatta mjög verulega, eða um 30% á einstaklingum og 20% á félögum. Það hefur ætíð verið meginsjónarmið sjálfstæðismanna í skattamálum, að skattarnir væru ekki atvinnurekstri og framleiðslustarfsemi í landinu fjötur um fót og drægju ekki úr framtaki og sjálfsbjargarviðleitni þjóðfélagsborgaranna. Við höfum jafnan talið, að atvinnuvegirnir yrðu að bera sig, ef ekki kæmi óvænt óhapp fyrir, og það hlyti að leiða til ófarnaðar, ef þeir væru til langframa reknir með ríkisstyrkjum. Okkur er þó ljóst, að hvað sem líður þessari meginstefnu, þá geti ríkisvaldið þó aldrei skotið sér undan þeirri skyldu að reyna með öllum tiltækilegum ráðum að örva framleiðsluna í landinu og jafnframt að koma í veg fyrir það, að mikilvæg framleiðslustarfsemi stöðvist. Með þetta sjónarmið í huga höfum við sjálfstæðismenn fallizt á, að gripið væri til þess neyðarúrræðis að styrkja togaraútgerðina, því að án starfrækslu togaranna væri ógerlegt að tryggja sæmilega afkomu þjóðarinnar. Sjálfstæðismenn telja mikilvægt að framkvæma sem mestan sparnað í ríkisrekstrinum og hafa við ríkisframkvæmdir svo hagkvæm vinnubrögð sem kostur er á. Jafnhliða því, sem Sjálfstfl. telur nauðsynlegt, að ríkisvaldið stuðli að sem fjölþættustu atvinnulífi og framleiðslu í landinu, telur flokkurinn mikilvægt, að ríkisvaldið styrki sem bezt andlega menningu þjóðarinnar og félagslegt öryggi. Allt verður þetta þó vitanlega innan þess ramma, sem fjárgeta ríkissjóðs hverju sinni leyfir.

Ég gat þess áðan, að vafasamt gæti verið, hvort ekki væri rétt, að ríkið takmarkaði framkvæmdir sínar á þeim tímum, þegar næg atvinna væri í landinu. Í sambandi við þetta rís einnig önnur spurning: hvort ekki sé a. m. k. sjálfsagt, að ríkið hagi framkvæmdum sínum svo, að þær verði til atvinnujöfnunar. Þótt almenn velmegun sé nú í landinu og vinnuafl skorti hér suðvestanlands og einnig í ýmsum iðngreinum, þá er ástandið því miður ekki svo gott um allt land. Síldveiði fyrir Norðurlandi hefur brugðizt í heilan áratug, en ýmsir kaupstaðir og kauptún hafa að verulegu leyti byggt afkomu sína á sumarsíldveiðum. Þegar þetta aflaleysi bætist við hið árstíðabundna atvinnuleysi, sem jafnan fylgir útgerðinni, þá er ekki von, að atvinnuástand sé gott á ýmsum stöðum í landinu. Jöfnun atvinnunnar er tvímælalaust eitt mikilvægasta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar. Það leiðir af eðli útgerðar, að oft verða menn að vera á vertíð fjarri heimkynnum sínum, en alvarlega horfir, þegar fólk þarf að staðaldri að leita sér atvinnu fjarri sínu byggðarlagi. Þetta er það ástand, sem við stöndum nú andspænis, og ef ekki er auðið að finna einhverjar úrbætur, er hætt við, að fólk streymi úr ýmsum sjávarplássum úti um land hingað suður til Faxaflóa, og sjást þegar alvarleg merki þessarar þróunar.

Eitt atriði í málefnasamningi ríkisstj. var að stuðla að jafnvægi í byggð landsins Hinar miklu framkvæmdir í raforkumálum eru mikilvægur þáttur í þeirri stefnu. Árlega hefur einnig verið varið úr ríkissjóði um 5 millj. kr. til atvinnuaukningar í þeim byggðarlögum, sem skort hefur atvinnutæki og búið hafa við atvinnuleysi. Þessi hjálp hefur víða komið að mjög góðum notum. En þetta út af fyrir sig nægir þó ekki. Það, sem vantar, er meira hráefni til nýtingar í landi á þeim stöðum á landinu, þar sem ekki er um aðra atvinnu að ræða, og meðan bátarnir verða að leita til veiða fjarri sinni heimahöfn, þá verður þetta vandamál naumast leyst nema með útgerð togara. En þótt sums staðar sé erfitt með atvinnu í sjávarplássunum, þá er þó mjög alvarlegur skortur á vinnuafli í sveitunum, svo að sums staðar horfir til stórvandræða. Atvinnumálin almennt eru ekki viðfangsefni þessarar umræðu, þótt það að vísu varði afkomu þjóðarbúsins mjög að tryggja jafnvægi á því sviði sem öðru.

Ég gat áðan um hinar sívaxandi vanskilaskuldir ýmissa sveitarfélaga. Ef til vill stafa þessi vanskil að einhverju leyti af því, að sum sveitarfélög leggja ekki nógu mikið að sér að standa í skilum, en meginástæðan mun þó vera miklir fjárhagsörðugleikar sveitarfélaganna. Þeirra tekjur eru svo að segja eingöngu útsvör, og þegar illa árar og atvinna er lítil, gengur

erfiðlega með innheimtu útsvara. Ríkissjóður á að ýmsu leyti auðveldara með tekjuöflun. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga var eitt þeirra viðfangsefna, sem mþn. í skattamálum fékk, en því miður virðist starf þeirrar n. ganga ótrúlega seint. Brýna nauðsyn ber til að taka til rækilegrar athugunar fjárreiður og afkomumöguleika þeirra sveitarfélaga, sem stöðugt eru í vanskilum, og reyna að finna leiðir til þess, að þau geti af sjálfsdáðum staðið við sínar skuldbindingar.

Í þessu sambandi verður þó að geta þess, að mörg sveitarfélög eiga einnig fjárkröfur á ríkissjóð vegna vanskila á ýmsum framlögum, sem gert er ráð fyrir í lögum. Er mikil nauðsyn, að breyting til batnaðar geti einnig orðið í því efni.

Ríkisstj. hefur nú skipað tvo þm. til þess að gera till. og ráðstafanir til að auka jafnvægi í byggð landsins. Er hér um að ræða eitt hið mikilvægasta atriði fyrir afkomu þjóðarheildarinnar.

Þótt við atvinnuörðugleika sé að stríða á ýmsum stöðum á landinu, hefur afkoma þjóðarinnar almennt sennilega aldrei verið betri en nú. Er það vissulega gleðiefni, og stefnan í fjármálum og efnahagsmálum hlýtur jafnan að beinast að því, að afkoma alls almennings geti verið sem bezt. Hinu er ekki að leyna, að hin mikla peningavelta skapar hættu á nýrri verðbólgu, ef peningarnir verða aðallega eyðslueyrir eða þeir ekki lagðir fyrir. Vantrúin á gildi peninganna hefur á undanförnum árum leitt til óeðlilegrar eyðslu.

Einn sterkasti þátturinn í baráttunni gegn verðbólgu er að auka sem mest sparnaðinn. Stöðvun vísitölunnar tvö síðustu árin hefur haft þau heillavænlegu áhrif, að trú manna á gildi peninga hefur aftur aukizt. Á árinu 1953 uxu innstæður í bönkum og sparisjóðum um 192 millj., og átta fyrstu mánuði þessa árs nemur sparifjáraukningin 170 millj. kr. Er mjög líklegt, að sú ráðstöfun að gera sparifé skattfrjálst muni hafa heillavænleg áhrif og auka sparnaðarviljann.

Nú hefur hins vegar hættan á nýrri verðbólgu vegna hinnar miklu peningaveltu og miklu eftirspurnar eftir vinnuafli jafnhliða vaxandi erfiðleikum útflutningsframleiðslunnar vakið manna á meðal bollaleggingar um það, að ný gengislækkun sé í aðsigi og þar af leiðandi verðrýrnun peninganna. Þessar hugleiðingar geta haft mjög slæm áhrif og aukið á erfiðleikana við að halda uppi verðgildi peninganna. Sannleikurinn er líka sá, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að ekki er sjáanlegt, að gengislækkun geti leyst vandann nú, enda fer því víðs fjarri, að nokkur ákvörðun sé uppi um það að framkvæma nýja gengislækkun. En þessar ástæðulausu bollaleggingar geta orkað til ills á sama hátt og flugufregnir, sem bornar eru út um það, að taka eigi upp innflutningshöft að nýju. Hafa slíkar fullyrðingar jafnvel verið settar í blaðaauglýsingar, sýnilega í því skyni einu að örva kaup almennings á neyzluvörum. Allt slíkt tal er í þágu upplausnarinnar.

Ég hef nú í stórum dráttum rætt nokkuð um þau helztu vandamál, sem við er að stríða. Það er ljóst, að afkoma þjóðarinnar almennt hefur aldrei verið betri en nú og hagur ríkissjóðs er einnig mjög góður. Þrátt fyrir þetta eru ýmis váleg ský á lofti, þannig að sýna verður fulla aðgætni. Þótt allt hafi til þessa gengið vel að segja má, þá eru kröfusjónarmiðin ískyggilega rík með þjóðinni. Allir sameinast um það að gera kröfur á hendur ríkinu, því þegar atvinnuvegirnir geta ekki staðið undir þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar, þá þykir sjálfsagt, að ríkið hlaupi undir bagga. Reynslan hefur þó ótvírætt sannað það, að tilgangslaust er að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að lífskjör þjóðarinnar hljóta alltaf að takmarkast af framleiðsluverðmæti hennar, ef hún vill ekki verða öðrum háð efnahagslega. Framleiðslan hlýtur alltaf að verða mælikvarðinn á afkomu þjóðarinnar, og eina leiðin til bættra lífskjara er að auka framleiðsluna. Þetta virðist vera einföld staðreynd, en þó sýnist hún oft gleymast mönnum.

Undirstaðan að efnahagsafkomu þjóðarinnar nú er hin mikla uppbygging atvinnulífsins, sem hófst í stríðslokin og síðan hefur verið haldið uppi, eftir því sem getan hefur leyft. Án fullkominna framleiðslutækja og fjölþætts atvinnulífs getum við ekki haldið uppi þeim lífskjörum, sem þjóðin nú býr við. Það er því höfuðnauðsyn, að framleiðslan sé efld sem mest og auðlindir lands og sjávar hagnýttar eftir beztu getu til þess bæði að afla gjaldeyris og spara gjaldeyri. Því fer fjarri, að andvirði framleiðslu þjóðarinnar nú fullnægi kröfum hennar um ýmiss konar nauðsynjar erlendis frá, þótt framleiðslan hafi aukizt verulega, og þegar hverfa þær óvenjulegu gjaldeyristekjur, sem þjóðin fær nú, þá er ekki um annað að ræða en draga úr kröfunum eða stórauka framleiðsluna.

Sem betur fer horfir nú vel um sölu sjávarafurða, þótt framleiðslan aukist verulega frá því, sem nú er. Miklir möguleikar til aukinnar framleiðslu og nýrrar framleiðslu á ýmsum sviðum eru enn ónotaðir. Stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi, áburðarverksmiðjan, hefur nú hafið starfsemi sína, og unnið er af fullum krafti að því að koma upp sementsverksmiðju. Bæði þessi fyrirtæki hafa mjög mikla þýðingu fyrir afkomu þjóðarinnar, en þau hafa einnig fært oss heim sanninn um það, að án erlends fjármagns er erfitt að nýta ýmsar auðlindir landsins. Það er engin minnkun fyrir okkur Íslendinga að þurfa að fá erlent fjármagn til uppbyggingar atvinnuvegum okkar, því að það hafa miklu stærri þjóðir orðið að gera. Þess eins verður að gæta, að hinu erlenda fjármagni sé varið til raunverulegrar framleiðsluaukningar, og vitanlega má ekki ganga lengra í lántökum erlendis en svo, að þjóðin fái auðveldlega undir þeim risið.

Fjárlfrv. fyrir árið 1955 er í meginatriðum í samræmi við þá stefnu ríkisstj. að stuðla að sem blómlegustu athafna- og menningarlífi í landinu, innan þeirra marka, sem gjaldgetan leyfir. Þá stefnu styður Sjálfstfl. einhuga. Framlög til raforkumála eru í samræmi við hina stórhuga stefnu ríkisstj. í þeim mikilvægu framfaramálum. Mikill minni hluti þess kostnaðar mun raunar lenda á ríkissjóði, ef allt fer að

vonum, en ríkisstj. hefur giftusamlega tekizt að afla fjár til raforkuframkvæmdanna. Tillögur til frambúðarlausnar á lánsþörf til íbúðarbygginga, annað af mikilvægustu stefnumálum ríkisstj., munu væntanlegar á þessu þingi, en þær munu sennilega ekki heldur kosta framlög úr ríkissjóði. Ríkisstj. mun einnig vera að vinna að því að leysa með viðunandi móti lánsfjárþörf útvegsins og stofnlánadeildar landbúnaðarins og auk þess vinna að útvegun rekstrarfjár handa Iðnaðarbanka Íslands. Það er því með engu móti hægt að segja, að ekki sé af mikilli atorku og framfarahug unnið að hinum fjölþættustu umbótamálum.

Sjálfstfl. mun nú sem fyrr leggja áherzlu á það, að fjárl. verði afgreidd greiðsluhallalaus. Hann telur reynsluna hafa staðfest það ótvírætt, að frjálsræði í framkvæmdum og viðskiptum sé farsælasta leiðin til þess að örva framtak, framleiðslu og aukningu verðmæta, er tryggt geti góða efnahagslega afkomu þjóðarinnar og jafnhliða góða afkomu ríkissjóðs.

Það er engin ástæða til svartsýni vegna þeirra erfiðleika, sem nú er við að stríða, ef af heilindum og drengskap er unnið saman að lausn vandamálanna og kröfunum á hendur atvinnuvegunum og ríkisvaldinu er stillt í hóf. Alvarlegasta hættan er sú, að menn neiti að viðurkenna staðreyndir og þjóðin af skammsýni kalli yfir sig nýja skriðu verðbólgu og dýrtíðar, sem ekki verður hægt undir að rísa. Vonandi reynist gifta þjóðarinnar næg til þess að forða henni frá því óláni.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar íslenzka ríkisstj. gerir áætlanir um framkvæmdir og fjárreiður fram í tímann, skeður það auðsjáanlega með þeim hætti, að fjmrh. dregur fram gamalt blað og rykfallið úr skáp sínum eða hillu, veltir því fyrir sér, strikar ofan í einhverja tölustafi, gætir þess þó að láta ekki muna miklu á einstökum liðum, og síðan eru fjárl. frá fyrra ári endurprentuð með ofaníkroti ráðh. og heita nú frv. til fjárlaga. Þetta plagg liggur nú hér fyrir Alþ., og hefur fjmrh. fylgt því úr hlaði með ræðu. Bæði ræðan og frv. eru á sinn hátt athyglisverð, því að þau sýna það betur en flest annað, hve lítill skyldleiki er með þjóðinni í landinu og ríkisstj. og hve litla athygli hið lifandi starf þjóðarinnar vekur á hærri stöðum.

Í lífi þjóðarinnar eru sífellt að skapast ný vandamál, sem þjóðin glímir við í sínu ólgandi starfi. Afli þverr á einum stað, og ný fiskimið finnast á öðrum. Til þess að mæta breytingunni af fullri einurð og hagnýta hina nýju möguleika og láta það, sem tapaðist, ekki á sig fá, þarf mörgu að breyta, margt að byggja og flytja. Verktækni gerbreytist og krefst þess, að með allt öðrum hætti sé unnið að en áður var, og fólkið í landinu skilur, hvaða þýðingu aukin tækni hefur í för með sér, og leggur sig fram um að brjóta niður þá þröskulda, sem í vegi eru, og byggja það, sem á vantar, til þess að hið úrelta víki fyrir því, sem fullkomnara er.

Þannig starfar þjóðin, eftir því sem ástæður hennar frekast leyfa, á ótal sviðum að viðhaldi þess, sem áunnizt hefur, og framförum í fullri vitund þess, að framvinda tímanna treður hvern þann undir í lífsbaráttunni, sem ekki fylgist með þróuninni, hvort heldur þar á í hlut einstaklingur, hreppur eða þjóðfélag.

Alveg sérstaklega er það þó áríðandi, að þjóðfélagið geri allt, sem í þess valdi stendur, til þess að fylgjast með högum atvinnuveganna og undirbyggja þá, sem bezt má verða, til þess að skapa þjóðinni velmegun. Slíkt verður auðvitað ekki gert án þess að móta fjármálastefnuna eftir þörfum þjóðarinnar.

En ríkisstj. kýs sem sagt að rýna í gömlu blöðin sín og endurprenta þau frá ári til árs sem sínar till. um fjármálastefnu ríkisins, hvað sem líður lífi og starfi þjóðarinnar.

Af ræðu þeirri, sem fjmrh. flutti til áréttingar þessu frv. sínu og ríkisstj., rifjast það upp, að á fjárl. fyrir yfirstandandi ár eru tekjur ríkisins áætlaðar 443½ millj. kr. Fjmrh. taldi sig við setningu þeirra laga sýna hina ýtrustu bjartsýni og taldi alla þá sýna gáleysi, er töldu tekjurnar þar vanreiknaðar. Nú upplýsir þessi sami ráðh., að tekjurnar muni fara á annað hundrað millj. kr. fram úr áætluninni og verða væntanlega 550 millj., og telur hann þetta stafa af alveg sérstöku góðæri. Jafnframt byrjar hann sinn sama gamla söng um, að fávíslegt væri að áætla tekjurnar í samræmi við það, sem veruleikinn sannar að þær eru.

Það var einnig augljóst af ræðu ráðh., að hann er ánægður. Að vísu er ánægja hans eitthvað blandin varðandi suma þætti fjármálanna, og framtíðarhorfurnar eru allt annað en glæsilegar í hug hans. Þar eru ótal blikur á lofti.

Þegar nánar er að gætt, hvað það í rauninni sé, sem ráðh. er ánægður með, þá er það fátt annað en stjórnvizka þess manns, sem getur fengið talnadálka til að skila hærri útkomu teknamegin en á gjaldahliðinni og í framhaldi af því hringlað aurakistlinum sínum og látið glamra í. M. ö. o.: Ráðh. er ánægður með sjálfan sig og fjármálaspeki sína. Hann telur sig hafa bjargað öllum vandanum með því að koma með ríflega afgangsaura í ríkiskassanum út úr öllum þeim voða, sem sigla þurfti fram hjá, og þótt hann fyrir lítillætis sakir segi það ekki berum orðum, mátti vel af máli hans ráða, að hinn eini vonarneisti, sem þjóðin ætti á sínum uggvænlegu framtíðarbrautum, væri hans frábæra fjármálastjórn.

Þeir, sem ekki vilja rengja ráðh. eða draga ágæti hans í efa, hljóta því að sitja uppi með þær hugmyndir, að allir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður, séu í rauninni níðþungir ómagar, sem í raun réttri séu ekki á vetur setjandi og öllu ætli að ríða á slig, einkum þó sjávarútvegurinn, en fyrir frábæran dugnað og búhyggindi Eysteins Jónssonar bjargist þetta allt af; lífinu sé haldið í ómögunum og gróði á búskapnum þrátt fyrir allt.

Í framhaldi af þessu má telja víst, að ráðh. og hans skoðanabræður teldu þjóðarhag þá fyrst vel borgið, ef þessir ómagar væru úr sögunni, svo miklu angri sem þeir valda ráðh. og svo þungir sem þeir eru honum í skauti.

Já, við Íslendingar höfum á síðustu árum

fengið allmikla undirbúningsþjálfun í því að meðtaka einkennilegar hugmyndir frá hinni ráðandi stétt á Íslandi.

Lengi höfum við t. d. verið fræddir á því, að Kóreumenn hafi gert innrás í Kóreu, en þangað hafi til allrar hamingju komið Bandaríkjaher til varnar. Þótt mér og öðrum fávísum finnist eitthvað bogið við þetta, munu þeir þó ófáir, sem taka þetta fyrir góðan og gildan varning.

Þá höfum við einnig fengið að heyra þá kenningu, að það sé þjóðinni lífsnauðsyn, að landið sé hersetið og vígbúnaður hafður uppi og ógnanir gegn þeirri þjóð, sem bezt hefur reynzt okkur í viðskiptum til þessa, — þeirri þjóð, sem reynslan sannar, að jafnskjótt og viðskiptasambönd okkar við hana rofna, er hér skollin á fjárhagskreppa. Við erum líka margir, sem ekki föllumst á réttmæti þeirra ráðstafana ríkisstj. að halda landinu í hernámsástandi, þótt e. t. v. finnist einhverjir, sem ekki telja sig menn að minni, þótt þeir jánki kenningum ríkisstj. í hermálunum.

En þrátt fyrir margendurteknar tilraunir valdaklíkunnar á Íslandi til þess að fá hrekklaust fólk til þess að fallast á fjarstæður, og þrátt fyrir nokkurn árangur í þeim efnum, þegar um fjarlæga atburði er að ræða, þá hygg ég, að hæstv. fjmrh. gangi skrefi of langt, þegar hann opinberar þá skoðun sína, að atvinnuvegirnir, og þá fyrst og fremst sjávarútvegurinn, séu ómagar á þjóðinni, en skattarnir séu hins vegar hinn raunverulegi bústofn, enda er líklegast, að þetta verði að vera hans einkaálit og þeirra talsmanna ríkisstj., en flestir aðrir afsali sér þeim heiðri að taka undir þessar kenningar.

Við höfum nú orðið nokkurra ára reynslu af þeirri fjármálastjórn, sem að setningu fjárl. mun standa á þessu þingi og vinnur með þeim hætti að fjárlfrv. sínu, sem áður er lýst. Árangurinn af tillitsleysi hennar í vandamálum atvinnulífsins er sá, sem allir þekkja, að 2—4 mánuði ár hvert er togaraflotinn bundinn við landfestar og þannig glatað stærstu möguleikunum, sem þjóðin á þessum tímum á til verulegrar framleiðsluaukningar og þar með til bættra lífskjara. Vélbátaflotinn hefur einnig á undanförnum árum verið látinn liggja í mánuð eða stundum á annan mánuð í vertíðarbyrjun í hálfopinberu stríði útgerðarmanna við ríkisstj. um það, hvort ríkisvaldið, sem einokar alla afurðasöluna undir gæðinga sína, skapar þessum útvegi nokkra rekstrarmöguleika eða enga. Og það er aldrei mál ríkisstj., hvort sjór er sóttur af hálfu landsmanna eða ekki, fyrr en hún er toguð og neydd til þess að gera einhverjar ráðstafanir útveginum til handa, sem hún hefur nokkurn raunverulegan áhuga fyrir, en það er að veita gæðingum sínum aðstöðu til þess að okra á útgerðinni, og flokkar hæstv. ríkisstj. þurfa um það eitt að semja, hversu skipta skuli milli Framsóknar- og Sjálfstæðisgæðinganna gróðamöguleikunum. Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hafa t. d. einkarétt á saltfisksútflutningnum, en olíufélögin Esso og Shell fá að okra á olíu þeirri, sem ríkið kaupir sjálft til landsins.

Um nokkurra ára skeið hefur ríkisvaldið með fjármálastjórn sinni stöðvað að mestu eða öllu smíði nýrra fiskibáta í landinu og jafnframt synjað að miklu leyti um leyfi til innflutnings á fiskibátum. Þetta er auðvitað skiljanleg ráðstöfun út frá því sjónarmiði, að útvegurinn sé ómagi á þjóðinni, enda margbekkt fordæmi um það, að oddvitar eða hreppsstjórar, sem ábyrgð báru á sveitarsjóðum fyrr á árum, gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að koma í veg fyrir það, að hreppsómagar ykju kyn sitt. Hins vegar keppast stjórnarflokkarnir um það að greiða fyrir því, að þeir, sem hirða milliliðagróðann af sjávarútvegi landsmanna, fái að flytja inn allt, sem þeir girnast, þ. á m. skip, og leggja þeim meira að segja til ábyrgð ríkissjóðs fyrir greiðslu skipanna.

Á fjárlfrv. er hvergi gert ráð fyrir því, að ríkið ráði í einu eða neinu bót á þeim vandkvæðum, sem útgerðin á við að stríða, og eru þó vandkvæðin til komin fyrir beinar aðgerðir ríkisvaldsins, eins og ég hef áður rakið. Það væri því engan veginn óhugsandi, að enn á næsta ári mætti þjóðin eiga von á því, að saga síðustu ára endurtæki sig, þannig að stöðvun yrði á einhverjum þætti framleiðslustarfanna, þjóðin tapaði niður svo og svo stórum hluta af framleiðslumöguleikum sínum og ríkisstj. yrði um síðir dregin til að hafa afskipti af málinu, og þau afskipti mundu auðvitað verða á sama hátt og svo oft áður: nýir skattar á þjóðina, hvort þeir yrðu nú nefndir bílaskattur, bátagjaldeyrir, gengisbreyting, eins og hingað til hefur verið, eða eitthvert nýtt nafn upp fundið. Íslendingar eru orðnir ýmsu vanir í þessum efnum, en þó má fullyrða, að takmörk eru fyrir því, hve langt er hægt að ganga í því að skattleggja þjóðina á ný með auknum sköttum ár frá ári.

Það er ekki úr vegi að rifja það dálítið upp, með hverjum hætti tekjur ríkisins og þar með auðvitað tekjuafgangur ríkisins er fenginn.

Þeir, sem samþykkja kenningu Eysteins Jónssonar um það, að það sé hin frábærlega ágæta fjármálastjórn í landinu, sem ein hafi bjargað því, að ekki er allt komið í kaldakol, og mest vegna þess, hversu atvinnuvegirnir séu þungir ómagar á þjóðinni, gætu hugleitt það, hvaða atvinna það er, sem þessi Eysteinn stundar og gefur svona miklar og góðar tekjur, að ríkið bjargast af þrátt fyrir ómegðina.

Á fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að skattar og tollar ársins 1955 nemi 382 millj. kr. Þetta er um 44 millj. kr. hækkun frá síðustu fjárl. og kemur furðu illa heim við þá fullyrðingu málsvara ríkisstj., að lækkaðar skyldu skattabyrðar á þjóðinni. Við afgreiðslu skattalaganna á síðasta þingi lét stjórnin það í veðri vaka, að breytingarnar á útreikningi tekjuskatts og eignarskatts mundu lækka þá skattgreiðslu um 20%, eða um nálega 12 millj. kr. Á fjárl. þessa árs, sem samin voru meðan engin breyting var enn orðin á skattalögunum, voru skattar þessir reiknaðir 56½ millj. kr., en í fjárlfrv. í ár er gert ráð fyrir hækkun á þessum lið upp í 62.8 millj., og er þá augljóst, að þjóðin fær að borga meira í tekju- og eignarskatt eftir lagabreytinguna en fyrir hana. Það er að vísu rétt, að

skattstiginn lækkaði heldur við tilkomu hinna nýju skattalaga, en áætlanir ríkisstj. voru á engu viti byggðar. Þær voru, eins og fjárlfrv., samhengislausar við líf og starf þjóðarinnar. Þær voru krot ofan í gamlar tölur, — krot, sem ekki stóðst próf reynslunnar.

En þótt fjárlfrv. geri ekki ráð fyrir nema 382 millj. kr. tollum og sköttum beint í ríkissjóð, þá verður þjóðin fyrir atbeina ríkisvaldsins að gjalda miklu hærri þegnskyldu en þeirri upphæð nemur. Þá er ótalið bátagjaldeyrisálagið, sem nema mun um 90 millj. kr. fyrir utan þá verzlunarálagningu, sem ofan á það kemur. Enn fremur er þá ótalinn bílaskatturinn nýi, hverju sem hann kann nú að nema á næsta ári. Forsrh. hefur upplýst hér á þingi, að á þeim árshluta, sem sá skattur nær til á yfirstandandi ári, en það er tæplega hálft ár, muni hann nema 13—16 millj. kr. Bátagjaldeyrir og bílaskattur ásamt verzlunarálagningunni á bátagjaldeyrinn munu því kosta þjóðina eitthvað yfir 150 millj. kr. á næsta ári.

Til þess að glöggva sig betur á því, hvað lagt er á hverja einstaka fjölskyldu í landinu til þess að þurfa ekki að skerða gróðamöguleika braskaranna, olíuhringanna, Eimskipafélagsins, Sambands ísl. samvinnufélaga og útflutningseinokaranna í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandi ísl. fiskframleiðenda og annarra þeirra, sem nú græða á kostnað atvinnuveganna í skjóli ríkisstjórnarinnar, skulum við hugsa okkur 5 manna fjölskyldu, hjón með 3 börn. Tekjurnar skulum við ætla 40 þús. yfir árið, en það munu nokkuð algengar tekjur alþýðumanna nú og eru nokkru hærri en ófaglærðir verkamenn hafa fyrir 8 stunda vinnudag. Við skulum enn fremur reikna með því, að fjölskyldan eigi sinn eðlilega þátt í neyzlu þjóðarinnar og viðskiptum. Svo er vert að finna, hverja þegnskyldu slíkri fjölskyldu er gert að inna af hendi í ríkissjóð og aðra sjóði eftir lagaboði frá Alþ. og reglugerðum frá stjórnarráðinu. Sá reikningur yrði eitthvað á þessa leið:

Óbeinir skattar: Í fyrsta lagi aðflutningsgjald af vörum. Það er á fjárlfrv. yfirstandandi árs áætlað 181½ millj. kr., eða 6050 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Söluskattur er í hinu nýja fjárlfrv. áætlaður 107 millj. kr., eða 3567 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Í þriðja lagi ýmiss konar aukagjöld í ríkissjóð, svo sem stimpilgjöld, leyfisbréfagjöld o. s. frv., sem áætluð eru í frv. 24 millj., eða 800 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Og þá loks bátagjaldeyrisálögurnar og verzlunarálagningin á þær ásamt bílaskatti, sem ekki munu nema undir 150 millj., eða 5 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Þarna höfum við orðið þegnskyldu í óbeinum sköttum fyrir þessa 5 manna fjölskyldu upp á 15417 kr. Nefskattar þessarar fjölskyldu, svo sem tryggingaiðgjöld, sjúkrasamlagsgjöld, námsbókagjald og nokkur fleiri, munu nema réttum 1400 kr., og tekjuskatturinn, sem slík fjölskylda hlýtur að greiða, er um 283 kr. Þ. e. a. s., þarna höfum við samtals 17100 kr., og þá er ótalið útsvar, sem nokkuð er mismunandi eftir því, hvar er á landinu. En þótt útsvarið sé ekki talið með, kemur í ljós, að samkvæmt beinu lagaboði greiðir slík fjölskylda kr. 42.75 af hverjum 100 kr., sem henni áskotnast, í þegnskyldu, aðra en útsvarið. Ég vil endurtaka þessar tölur, að slík fjölskylda greiðir auk útsvars kr. 42.75 af hverjum 100 kr., sem henni áskotnast, í þegnskyldu til ríkisins eða eftir lögum frá ríkinu. Þegar þess er gætt, að útsvar slíkrar fjölskyldu í bæjum landsins er 2—3 þús. kr., verður ljóst, að rétt um helmingur teknanna er af slíkri fjölskyldu tekinn og allar þarfir sínar verður hún að greiða af helmingi launanna.

Það er ekkert að furða, þótt fjmrh. landsins miklist af því að hafa náð af þegnunum einhverjum milljónum fram yfir það, sem þörf var á, og nú fer það allt að verða ljósara, í hverju fjármálasnilld ráðh. liggur. Sífellt hækkandi partur af tekjum alþýðuheimilanna er upptækur ger með lögum og reglugerðum, stöðug óvissa um framtíð atvinnuveganna, rekstrarstöðvanir á hverju ári, einkum á sjávarútveginum, einokun á útflutningsverzluninni og alls kyns höft til verndar gæðingum ríkisstj. á innflutningnum, og hingað til hefur sérhvert strand, sem stjórnin hefur siglt hinum einstöku þáttum atvinnulífsins í, verið leyst með nýjum álögum á almenning í landinu.

Væri nú ekki eins hyggilegt, að ríkisstj. reyndi að læra eitthvað af síendurtekinni reynslu um stöðvanir atvinnutækjanna og framleiðslutap, reyndi að endurskoða sína fjármálastefnu, reyndi að undirbyggja öruggt atvinnulíf í landinu í stað þess að endurprenta sífellt sama blaðið og hafa það að leiðarvisi án tillits til þróunarinnar í þjóðlífinu? Væri ekki líka hyggilegt að gera sér einhverja grein fyrir því, að einnig sá tekjustofn, sem ríkisstjórninni er ósárast um að nota af algeru hlífðarleysi, sem sagt álögurnar á alþýðu manna, á sér líka takmörk og það er með öllu óhugsandi, að hið opinbera geti gengið miklu lengra en nú er þegar gert í því efni? Ég efast ekki um, að meðal liðsmanna ríkisstj. eru margir, sem telja það hyggilegra að taka af meira raunsæi á vandamálum þjóðfélagsins en núverandi ríkisstj. gerir. Ég held meira að segja, að flestir aðrir en þá hæstv. fjmrh. viti það fullvel, að það er ekki allt fengið með einhverjum tekjuafgangi í ríkissjóði. Fjármálastjórnina verður fyrst og fremst að meta eftir því, hvort hún eykur hagsæld þjóðarinnar og tryggir framtíðarmöguleika sjálfstæðs atvinnulífs í landinu. Hitt kemur a. m. k. ekki fyrr en í annarri röð, hvort tekjur og gjöld hafa staðizt á í ríkissjóði eða hvort einhver mismunur kann að hafa þar orðið. Fjármagn ríkisins á sem sagt að þjóna þjóðinni, en ekki gera þjóðina að þræli sínum.

Það er höfuðsynd núverandi fjármálastjórnar landsins að hafa bókstaflega gefizt upp við að reka sjálfstæðan þjóðarbúskap á Íslandi. Hún hefur um langt skeið að undanförnu séð fram hjá þörfum íslenzkra atvinnuvega og vanrækt skyldur sínar gagnvart þeim. Þar á móti hefur hún lagzt sem betlari að fótum ameríska herveldisins og þegið þaðan gjafir, — gjafir, sem þjóðin þó hefur orðið að gjalda hærra verði en nokkuð annað. Og enn stuðlar ríkisstj. að því eftir föngum að draga vinnuafl þjóðarinnar frá

íslenzkum atvinnuvegum, frá íslenzkum framleiðslustörfum til starfa við stríðsundirbúning vina sinna í Reykjaneshrauni, enda hafa stjórnarflokkarnir nú raunverulegan gróða sem umboðsaðilar Bandaríkjahers við hernaðarframkvæmdirnar þar syðra og munu nú eftir alllangt þref vera búnir að koma sér niður á skiptingu þeirra fjármuna eftir sinni alkunnu helmingaskiptareglu.

Þegar þessara staðreynda er gætt, verður margt skiljanlegra um framferði stjórnarinnar í garð íslenzks atvinnulífs og raunar ekkert óskiljanlegt við fjármálastjórnina, nema lítilmennskan sem í því felst, að íslenzkir aðilar, sem falin hafa verið hin ábyrgðarmestu trúnaðarstörf í sínu þjóðfélagi, skuli telja sér sæmra að snuðra eftir gróðamöguleikum flokksklíkum sínum til handa en að einbeita sér að lausn vandamála þjóðar sinnar.

Ekki þætti mér ótrúlegt, að ríkisstj. eða málsvarar hennar reyndu að hrinda ádeilum á fjármálastjórnina með því að telja lífskjör þjóðarinnar góð um þessar mundir. Satt er það, að oft á tímum hefur þjóðin átt við þrengri kost að búa en nú. En þau kjör, sem þjóðin býr við nú, á hún alls ekki ríkisstj. að þakka, heldur þvert á móti hefur hún unnið sér þau í harðri baráttu við þau öfl, sem nú stjórna landinu. Alþýða landsins hefur þrásinnis orðið að beita mætti samtaka sinna til varnar þeim lífskjörum, sem ríkisvaldið rýrir stöðugt með auknum sköttum og álögum á alþýðu manna. Nei, það er dugnaður íslenzkra vinnuhanda á sjó og landi og verkalýðshreyfingin, sem valda því, að ríkisstj. hefur ekki orðið meira ágengt en raun ber vitni í því að sökkva íslenzku þjóðinni niður í eymd og fátækt. Ríkisstj. getur auðvitað komið fram fyrir þjóðina með gamalt blað og sagt: Sjáið þið, ég er svo sem búin að gera áætlun um áframhaldandi öryggi í fjármálum landsins. — Og sú sama ríkisstj. getur líka komið með aurabaukinn sinn hér að hljóðnemanum og hrist hann og lofað ykkur, áheyrendur góðir, að heyra, að dálítið af því fé, sem þið voruð látnir gjalda, er enn í vörzlu Eysteins Jónssonar. En hvorugt þetta breytir neinu um eðli þeirrar fjármálastefnu, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur og þær ríkisstj., er setið hafa frá 1947, einnig höfðu.

Sú ríkisstj., sem leggur sig fram um það að gera flokkum sínum og gæðingum hernáms landsins að féþúfu, telur íslenzka atvinnuvegi ómaga á framfærslu ríkisins, verndar einokun, pínir allt að helmingi teknanna af alþýðu þessa lands og sér samt ekki fram á annað en áframhaldandi efnahagstruflanir í framleiðslu þjóðarinnar, hefur brugðizt sínu hlutverki og misnotað það traust, sem þjóðin sýndi henni. Andstæðingum ríkisstj., hvort sem þeir hafa hingað til talið sig í röðum þeirra flokka, sem styðja ríkisstj., eða fylgjendur stjórnarandstöðuflokkanna, ber að taka höndum saman í baráttu gegn þeirri spillingu, sem stjórnin hefur innleitt í fjármálin, sameinast til sköpunar ríkisstj., sem byggir störf sín á hagsmunum þjóðarinnar, segir upp hernámssamningnum og einbeitir sér að því að gernýta möguleika íslenzkra atvinnuvega til aukinnar hagsældar fyrir hina íslenzku þjóð.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Frv. það til fjárlaga fyrir árið 1955, sem hér liggur fyrir, er lagt fram á 1. fundi þessa þings, laugardaginn 9. þ. m. Daginn eftir birtust í stjórnarblöðunum báðum, Morgunblaðinu og Tímanum, feitletraðar greinar um ágæti frv. og afrek ríkisstj.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, segir í Morgunblaðinu þann 10. þ. m.: „Svo virðist sem afkoma ríkissjóðs muni verða ágæt á árinu. Sjaldan hefur almenningur haft öruggari og betri afkomu en á árinu."

En fyrirsögnin í aðalgrein Tímans sama dag er á þessa leið: „Lækkun skatta og tolla". Þar er fullyrt, að hæstv. ríkisstj. hafi stöðugt og einkum nú síðustu ár verið að lækka skatta og tolla á þjóðinni.

Bæði eru þessi blöð sammála um það, að ástandið sé ágætt. Peningarnir streyma í ríkissjóðinn, atvinna er næg — afkoman er örugg. Þó bregður öðru hverju fyrir fölskum tón í þessari fagnaðarhljómkviðu.

Morgunblaðið segir frá því 12. þ. m., að ýmsir spyrji: Er ekki togarastyrkurinn upphaf nýrrar gengislækkunar? Blaðið lætur svo sem því finnist þessi spurning fávísleg og fjarstæðukennd, en segir samt hæstv. forsrh. frá henni. Svar hans er á þessa leið: Þvert á móti. Togaraskatturinn er á lagður til þess að afstýra gengislækkun, segir hæstv. forsrh. Mér varð nú á að spyrja, er ég las þetta: Úr því að til er gnótt peninga og úr því að afkoman er örugg fyrir almenning í landinu, er þá þörf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afstýra gengislækkun? Ég las svo dálítið lengra í Morgunblaðinu, og þar segir, að umtalið um gengislækkun sé svo útbreitt, „að einstakir kaupsýslumenn hafi jafnvel auglýst í blöðunum, að gengislækkun sé yfirvofandi". Væntanlega hefur þessi auglýsing komið í Morgunblaðinu, úr því að svo vel er um hana kunnugt í þeim herbúðum. En af þessu tilefni segir svo forsrh. í viðtali við Morgunblaðið sama dag: „Ríkisstjórnin öll er sammála um, að þessar ráðstafanir hafi verið nauðsynlegar, m. a. í því skyni að forðast gengislækkun." Og svo bætir hann við: „Og stjórnin er einnig öll sammála um, að ekkert sérstakt í efnahags- eða atvinnulífi þjóðarinnar bendi nú til nýrrar gengislækkunar." Og enn bætir hann við: „Ríkisstj. er að sjálfsögðu í fararbroddi í baráttunni gegn því, að slík ógæfa hendi þjóðina." „Slík ógæfa", segir hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu. Öðruvísi mér áður brá. Frá því 1950 hefur hæstv. forsrh. og blöð hans og Tíminn stöðugt kallað gengislækkunina bjargráð við útveginn og hreina þjóðarblessun. Nú er það ógæfa, segir hæstv. forsætisráðherra.

Skal ég svo víkja að ræðu hæstv. fjmrh. Ræða hans var að mestu, þegar frá er tekinn greinagóður kafli, sem fjallaði um tekjur og gjöld á árinu 1953 og horfurnar á árinu 1954, að mestu sami lofsöngurinn um ástandið eins og blöð stjórnarflokkanna og hæstv. forsrh. hafa áður flutt. Peningarnir streyma í ríkissjóð, úr honum aftur til blessunar fyrir landsfólkið. Afkoman er ágæt og örugg. Tollar og skattar eru lækkandi, en samt fara alltaf tekjurnar langt, langt

fram úr áætlun, 1954 væntanlega um 100 millj., og á árinu 1953 er rekstrarafgangurinn 92 millj.

Meðan ég hlustaði á þessa ræðu hæstv. fjmrh., komu mér í hug ýmsar gamlar öfugmælavísur, sem ég ekki skal þylja hér. Ráðh. er ekki að eðlisfari raupsamur maður, það má hann eiga. Hann getur verið spaugsamur og hefur það stundum til að henda gaman að sjálfum sér. Mér fannst stundum, að hann brygði fyrir sig þessari kímni, þegar hann var að flytja ræðu sína. Öfugmælin voru svo augljós, þegar hann var að tala um lækkun skatta og tolla.

Hvað segja nú staðreyndirnar í þessu efni? Samkvæmt frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að rekstrartekjur ríkissjóðs árið 1955 verði um 500 millj. kr., sem bersýnilega er allt of lágt áætlað, ef miðað er við áætlaðar tekjur 1954. Af þessari upphæð eru um 400 millj. skattar og tollar og um 100 millj. rúmlega tekjur af fyrirtækjum ríkissjóðs. Í því frv., sem hæstv. ráðh. lagði fyrir síðasta Alþ., til fjárlaga fyrir 1954, voru rekstrartekjurnar áætlaðar um 430 millj. alls. Hækkunin er því til þessa frv. 70 millj. kr., þar af um 60 milljónir hækkun af tollum og sköttum, en um 10 millj. kr. aukinn hagnaður á ríkisfyrirtækjum. Mér virðist fullkomið öfugmæli af hæstv. ráðh. að tala um lækkun skatta og tolla í þessu sambandi. Veit ég vel, hvaða rök hæstv. ráðh. flytur gegn þessu. Hann mun segja tollskráða skattstiga hafa ekki verið hækkaða á tímabilinu og benda á, að veitingaskatturinn eigi nú alveg að falla niður. Hann kemst þó aldrei fram hjá því, að gjöldin, sem af landsmönnum eru tekin í ríkissjóðinn, hafa hækkað og eiga að hækka samkv. áætlunum hans um a. m. k. þessar 60 millj. kr. að óbreyttum gildandi skattalögum. Og ekki má hann gleyma nýju viðbótunum, sem hann nefndi ekki í sinni ræðu. Ég vil gera ráð fyrir í öllu falli, að hann gleymi ekki að sjá um, að þær verði innheimtar. Hæstv. ríkisstj. hefur með brbl. lagt nýjan innflutningsskatt á bíla, sem áætlað er að muni nema á þessu ári 16 millj. kr. Þessar 16 millj. koma því í viðbót við þær 60 millj., sem ráðh. áætlar hækkun á gömlu sköttunum. — Það má ekki gleyma stærsta bitanum í þessu sambandi, þeim skattinum, sem stöðugt er reynt að fela fyrir landsfólkinu með því að taka hann ekki inn í fjárlög og ekki inn í ríkisreikninga. Á árinu 1953 munu bátagjaldeyrisleyfi — B-leyfi — hafa numið um 150 millj. kr. Bátagjaldeyrisálagið, styrkurinn til útvegsins, nam til uppjafnaðar nokkuð yfir 50%, eða samtals rúmlega 75 millj. kr. á því ári. Á þessu ári, 1954, er gert ráð fyrir, að upphæð B-leyfa muni nema um 200 millj. kr. og álagið á bátagjaldeyri talið nema 100 millj. kr., eða hækkunin á þessum eina lið, hinum dulda skatti, að minnsta kosti 25 millj. kr. Þessar tvær hækkanir einar saman nema a. m. k. 40 millj. kr. Afnám veltuskattsins, 2—2½ millj., hrekkur skammt, finnst mér, upp í þessar hækkanir.

Áætlaðar skatta- og tollahækkanir samkv. lögum og samkv. frv. ráðh. í heild á árinu 1955 virðist því mega reikna þannig: Áætlaðar hækkanir eldri skatta um 60 millj. kr., bílaskattur 16 millj. kr. og aukning álaga á bátagjaldeyri 25 millj. kr., og eru þá komnar þarna hækkanir upp á 101 millj. Er þá sleppt því, sem vantar á, að það, sem togurum er lagt með bílaskattinum, nægi til þess að tryggja rekstur þeirra, en það mun vera ekki minna en 20—25 millj. a. m. k. Töluglöggir menn geta reiknað út, hversu miklu þessi upphæð muni nema, þegar búið er að bæta við hana álagningu heildsala, umboðssala, smásala og öðrum milliliðakostnaði. Ætla má, að viðbótin, hækkunin, fari þá að nálgast 200 millj. kr., og í öllu falli verður hún aldrei lægri en eitthvað á milli 160 og 200 millj. kr. Þetta kalla stjórnarflokkarnir og blöð þeirra lækkun skatta og tolla. Þetta leyfi ég mér að kalla fullkomið öfugmæli, því að ljóst er, að hér er um gífurlega hækkun að ræða.

En hvað er þá um öryggi atvinnulífsins, öryggi um afkomu almennings, sem ríkisstj. telur í svo ágætu lagi, góðærið, sem hæstv. fjmrh. talaði svo mjög um? Við skulum líta á fjárlagafrv. Í 20. gr. eru ætlaðar 5 millj. kr. til að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu. Allir vita, að sú upphæð þarf að hækka. Í sömu gr. eru ætlaðar 12 millj. kr. til afborgana og vaxta af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum. Sú upphæð er í frv. hækkuð um 4 millj. kr. frá fyrra ári. Gefur þessi liður og hækkunin 50% nokkra mynd af atvinnuástandinu í landinu. Mest af þessum lánum er hjá sveitarfélögum og bæjarfélögum og tekin til þess að reyna að halda atvinnulífi í horfinu á þeim stöðum. Lítum svo loks á 19. gr. Þar eru ætlaðar til dýrtíðarráðstafana 50 millj. kr. Hverjar eru þessar dýrtíðarráðstafanir? Það eru greiðslur úr ríkissjóði til þess að greiða niður vöruverð, aðallega landbúnaðarvörur. Við þessa upphæð, sem án efa á eftir að hækka á þessu þingi, má bæta útgerðarstyrknum til togaranna, sem talið er að þurfi að nema 1 millj. kr. á dag á hvern togara eða samtals um 40 millj. kr., ef ekki eru fundnar aðrar leiðir. Fara þá þessar uppbætur og niðurgreiðslur að nálgast 100 millj. kr. eða nærfelt tvöfalda þá upphæð, sem veitt var á fjárlögum fyrir gengislækkunina 1950 í sama skyni og átti þá alveg að falla niður eins og söluskatturinn, sem þá var á lagður til þess að mæta útgjöldum vegna dýrtíðarráðstafana, niðurgreiðslna og annars slíks.

Sveitarfélögunum eru ætlaðar í beinan styrk til að halda við atvinnunni 17 millj. kr. Bátaútveginum er ætlað um 100 millj. kr. álag á gjaldeyrinn, til þess að hann geti haldið í horfinu, og togurunum eru ætlaðir 2000 kr. dagpeningar hverjum, og vantar þó sem svarar hálfri þeirri upphæð til þess, að endarnir nái saman. Auk þess þarf um 40 millj. kr. til þess að greiða niður verð á landbúnaðarvörum, til þess að fólkið við sjóinn geti keypt þær og bændur haldið búskap sínum áfram.

Þetta er hið raunverulega mat ríkisstj. á afkomuöryggi landsmanna, öryggi atvinnulífsins í landinu. Þetta gefur allt aðra og sannari mynd af ástandinu heldur en ræður ráðherranna og þær greinar, sem ég hef vitnað í í blöðum stjórnarflokkanna. Mér telst svo til, að samtals nemi sá styrkur, sem lög og fjárlög gera ráð fyrir til atvinnulífsins í landinu til þess að halda því gangandi, ekki minna en a. m. k. 200 millj. kr.:

100 millj. í bátaútveginn, 40 millj. í togarana, 40 millj. til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum, og til atvinnuráðstafana og annars slíks í sveitarfélögunum um 17 millj. kr. Þetta eru um 200 millj. kr., sem þarf til þess að tryggja atvinnulífið, svo vel sem það nú er gert.

Enginn raunsær maður getur tekið fullyrðingu hæstv. ríkisstj. um þessi efni alvarlega. Það er viðurkennd staðreynd, að ástandið í efnahagsmálum okkar, atvinnu- og fjárhagsmálum er svo iskyggilegt sem orðið getur. Bátaútvegurinn, togaraútgerðin, landbúnaðurinn fljóta nú á beinum styrkjum. Frjálsa verzlunin er með þeim hætti, að nú heimta bankarnir allt að 100% fyrirframgreiðslu upp í andvirði þeirra vara, sem pantaðar eru frá útlöndum. Með því móti eru þeir, sem ekki hafa nægileg fjárráð eða innhlaup í bankana, útilokaðir frá slíkum verzlunarviðskiptum, en einokunaraðstaða hinna, sem næg hafa fjárráðin, styrkt að sama skapi. Milliliðirnir raka saman gróða. Töp atvinnuveganna, fólksins, sem vinnur, verða þeim sívaxandi gróðalind. Því meiri sem styrkirnir og uppbæturnar eru, þeim mun meiri verður þeirra gróði.

Hitt vita og allir, sem ekki loka augunum fyrir staðreyndum, að síðan Marshallhjálpinni lauk eru það tveir tekjuliðir, sem fjárhagsafkoma þjóðarinnar í raun og veru að miklu leyti hefur byggzt á. Annar er framkvæmdir varnarliðssveitanna hér í landi og sá erlendi gjaldeyrir, sem þaðan rennur. Hitt er afurðasalan til Sovétríkjanna og þeir útflutningsmöguleikar, sem viðskiptasamningurinn við Rússa hefur opnað. En báðir þessir tekjuliðir eru mjög ótryggir. Hinn fyrri, tekjurnar af dvöl varnarliðsins, vona flestir að verði brátt úr sögunni og falli niður. Menn vona, að vit og ábyrgðartilfinning verði yfirsterkari ofbeldisöflunum í heiminum, þannig að ekki þurfi lengur erlenda hersetu hér á landi. Hinn síðari verður því miður einnig að teljast mjög ótryggur. Því hlýtur jafnan að fylgja mikið öryggisleysi, þegar mikill hluti viðskipta með höfuðútflutningsvöru okkar er bundinn viðskiptum við eina þjóð. Ef það viðskiptasamband rofnar af einhverjum ástæðum, eru miklir erfiðleikar fram undan. Þá er voðinn vís að óbreyttu ástandi að öðru leyti. Verðþenslan er gífurleg og sívaxandi. Vísitalan er nú 158 stig, þrátt fyrir allar niðurgreiðslur, og segir þó ekki allan sannleikann. Krónan hefur stöðugt farið lækkandi síðan árið 1950. Hæstv. ríkisstj. kveðst vera í fararbroddi í baráttunni gegn gengislækkun, gegn því, að slík ógæfa hendi þjóðina, eins og hæstv. forsrh. orðaði það. Ég vil vona, að hæstv. ríkisstj. takist þetta. En traust mitt á hæstv. ríkisstj. til áhrifaríkra aðgerða í þessu efni er mjög veikt, harla lítið. Hæstv. ríkisstj. er studd af sömu flokkum og ríkisstj. sú, sem mynduð var árið 1950. Flestir ráðh. eru hinir sömu. Sú stjórn var til þess mynduð að lækka gengið. Það var þá bjargráð, en ekki ógæfa. Hún lækkaði gengið þá þegar á íslenzkri krónu um 42%. Hún hefur haldið áfram á sömu braut síðan, aftur lækkað gengið með bátagjaldeyrisálögum, afnumið verðlagseftirlit og húsaleigueftirlit, svipt burt öllum hömlum á gróðastarfsemi fjáraflamanna í hverri mynd sem er. Enn er haldið áfram á sömu braut.

Húsnæðismálin eru erfiðustu málin viðfangs að mörgu leyti hér á landi nú. Fyrir utan að taka gróða af milliliðastörfum við verzlun með vörur, þjónustu og annað slíkt er það stórfelld tekjulind fyrir gróðamennina í landinu að annast nú peningaverzlunina, taka hana frá bönkunum og í sínar hendur. Verðbréfin, sem menn eru að reyna að selja til þess að fá þak yfir höfuðið og tryggja með öruggum veðrétti og ríkisábyrgð, ganga kaupum og sölum fyrir ⅔ verðs. Tugum milljóna raka fjárbraskarar saman á slíkri peningaverzlun. Á þetta horfir ríkisstjórnin aðgerðalaus. Ég vil fullyrða, að í fjárhagsmálum þjóðarinnar og að því er afkomuöryggi snertir hefur stöðugt sigið á ógæfuhlið síðan árið 1950. Því miður fæ ég ekki annað séð en að fjárlfrv. það, sem hér liggur fyrir, og stefna ríkisstjórnarinnar á s. l. árum bendi til, að svo verði áfram, því miður.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Mönnum er það sjálfsagt í fersku minni, að í hvert skipti sem stjórnarandstaðan hefur deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir eyðslu og látlausa útþenslu ríkisbáknsins, hefur svar fjmrh. alltaf verið eitt og hið sama: Það er ekkert hægt að spara, alls ekkert. — Og svo hefur hann talið upp öll þau ríkisútgjöld, sem sjálfsögðust eru, og spurt: Á að spara þetta? Vilja menn, að þetta sé skorið niður? — og síðan nefnt heilbrigðismál, menntamál, félagsmál, vegamál, samgöngumál o. s. frv. Að lokum hefur hann svo svarað sjálfum sér, því að það er alltaf auðveldast, og stimplað stjórnarandstöðuna sem ábyrgðarlausa gasprara, sem væru að heimta óframkvæmanlega hluti, og endurtekið að lokum, að ekkert væri hægt að spara á ríkisrekstrinum. Eftir þessar látlausu neitanir ráðh. um sparnaðarmöguleika varð ég því næsta undrandi, þegar ég í athugasemdum við fjárlfrv., sem hér er til umræðu, rak mig á svo hljóðandi upplýsingar, með leyfi hæstv. forseta: „Á síðastliðnu vori beitti fjmrh. sér fyrir því, að hvert ráðuneytanna um sig skipaði einn mann til að athuga útgjöld ríkisins í því skyni að koma fram sparnaði við ríkisreksturinn.“ Eftir þessu að dæma hefur þá loksins hvarflað að hæstv. ráðh., að ef til vill kynni þó eitthvað að vera hægt að spara, því að ekki ætla ég honum það að fara að fela fulltrúum ráðuneytanna vonlaust verk og óframkvæmanlegt, — verk, sem væri fyrir fram vitað að yrði árangurslaust.

Er þá ekki þetta fjárlfrv. sparnaðarfrv.? Er ekki búið að skera niður öll óþarfaútgjöld ríkissjóðs samkvæmt fjárlfrv., sem hér er nú til athugunar og umræðu? Nei, því miður. Sparnaðarnefndin var ekki búin að leggja fram tillögur sínar, áður en fjárlfrv. var samið, og þess vegna var ekki hægt að styðjast við athuganir hennar við samningu þess. Við eigum því inni vonina í öllum þessum sparnaðartillögum, og er því nú lofað, að þær skuli liggja fyrir við afgreiðslu frv. á Alþingi.

Þrátt fyrir það að miðað sé við sömu kaupgjaldsvísitölu og í seinasta fjárlfrv., hækka útgjöldin á hverri einustu grein gjaldabálksins frá því í fyrra. Kostnaður við æðstu stjórn landsins samkv. 8. gr. hækkar úr 560 þús. í 630 þús. 9. gr. hækkar úr 3.7 millj. í 4.5 millj. 10. gr. hækkar úr

13.9 millj. í 14.9 millj. 11. gr. hækkar úr 38.6 millj. í 42 millj. 12. gr. hækkar úr 28.8 millj. í 31.1 millj. 13. gr. hækkar úr 59.2 millj. í 70.5 millj. 14. gr. hækkar úr 64.7 millj. í 72.1 millj. 15. gr. hækkar úr 10.9 millj. í 11.6 millj. 16. gr. hækkar úr 55.1 millj. í 58.3 millj. 17. gr. hækkar úr 51.5 millj. í 57.9 millj. 18. gr. hækkar úr 12.9 millj. í 13.1 millj. og á auðvitað eftir að hækka mikið í meðförum þingsins. Og loks er það svo 19. gr., til óvissra útgjalda og niðurgreiðslna, sem hækkar úr 45 millj. í 51 millj.

Þannig er veruleg hækkun á hverri einustu grein gjaldabálksins, miðað við frv. frá því í fyrra. Þá voru heildarniðurstöðutölur á rekstraryfirliti 427 millj., en eru nú komnar upp í 494 millj. og 900 þús. kr., eða fast upp í ½ milljarð kr. Kemur frv. þá út með 62 millj. kr. rekstrarafgang, en endanlegur greiðslujöfnuður má hins vegar heita alveg á sléttu, hagstæður greiðslujöfnuður er tæplega 1 millj. kr.

Þá kemur að gróanda tekjuliðanna. Í hittiðfyrra áætlaði hæstv. fjmrh. tolla og skatta 296 millj., í fyrra voru þeir áætlaðir 325 millj., og nú eru tollar og skattar áætlaðir 382 millj. og 500 þús. kr. Auk þess eru áætlaðar nettótekjur ríkissjóðs af brennivíni og tóbaki rúmar 100 millj. kr. Þar af er áætlað að brennivínið gefi nú 60 millj., eða 8 millj. meira en búizt var við í fyrra. Þá hljóðaði tekjuáætlun brennivínsins upp á 52 millj., eða 1 millj. á viku, — snotur tala.

Þannig hefur reynslan af nýju áfengislöggjöfinni með vínveitingaleyfum hótelanna orðið sú, eins og við mátti búast, að meira er drukkið í landinu og ríkissjóður græðir meira en nokkru sinni fyrr á áfengisbölinu. Til þess mun líka leikurinn hafa verið gerður.

Af athugasemdum ráðh. með frv. verður ekki annað séð en að þessi þróun sé talin fagnaðarefni, því að þar er skýrt frá því, að bætt hafi verið við 11 nýjum starfsmönnum hjá Áfengisverzlun ríkisins. Síðan segir orðrétt í athugasemdinni: „Þessa viðbót á starfsliði telja forstöðumenn Áfengisverzlunarinnar og Lyfjaverzlunar ríkisins óhjákvæmilega, bæði vegna aukinna viðskipta og aukinnar framleiðslu.“ — Í þessari ríkisstofnun er sem sé mikið að gera.

Þrátt fyrir skattabreytinguna, sem gerð var á síðasta þingi og mikið var gumað af af stjórnarflokkunum báðum sem stórkostlegri skattalækkun, kemur nú í ljós, að fjmrh. hefur vogað sér að áætla tekju- og eignarskattinn mun hærri en nokkru sinni fyrr. Á fjárlfrv. seinasta árs, fyrir skattalækkunina svo kölluðu, var tekju- og eignarskatturinn áætlaður 56½ millj., en er nú 62 millj. og 800 þús. kr. Hækkunin er þannig 6 millj. og 300 þús. frá seinasta ári. Vörumagnstollurinn hækkar um 2 millj., úr 24 í 26 millj. Söluskatturinn tekið mikið stökk upp á við. Í hittiðfyrra var hann 77 millj. og komst í fyrra upp í 91½, hækkaði þannig á einu ári um 14½ millj. kr. Nú gerir hann þó enn þá betur í blóðið sitt, því að hann hækkar nú úr 91½ millj. í 107 milljónir, og er hækkunin núna þannig 15½ millj. frá því í fyrra. En hækkun tveggja seinustu ára nemur réttum 30 milljónum. Verðtollurinn er eins og í fyrra hæsti tekjuliður fjárl. og tekur þó stærsta stökkið. Hann er á frv. í fyrrahaust áætlaður 110 milljónir, en er að þessu sinni áætlaður 138 millj. Hækkun á þessum eina skattstofni er hvorki meiri né minni en 28 milljónir á einu ári.

Þannig er látið vaða á súðum. Útgjöld fjárl. eru að komast upp í hálfan milljarð, og skattar og tollar eru bara hækkaðir að sama skapi og vel það, því að alltaf hefur reynslan leitt það í ljós, að skattarnir, sem innheimtir eru af skattþegnunum, eru a. m. k. 30—50 millj. hærri en hæstv. fjmrh. áætlar á fjárlfrv. Það er nú einu sinni hans búskaparlag og stjórnarinnar í heild, enda er þá hægara um vik að hafa nokkra milljónatugi til ráðstöfunar út í kjördæmi stjórnarflokkanna utan fjárlagaákvæða.

En er þá ekki allt í stöku himnalagi í landinu, fyrst útlit er fyrir, að afgreidd verði hallalaus fjárlög? Einhverjir kynnu að ætla það. En slíkt er mikill misskilningur. Hitt skiptir meira máli, hvort við höfum þróttmikið og heilbrigt atvinnulíf í landi okkar. Það er spurning, sem fyllsta ástæða er til að velta nokkuð fyrir sér. Ef hægt væri að svara þeirri spurningu játandi, væri það lofsamlegur vitnisburður um stjórnarstefnuna. En það er nú eitthvað annað en svo sé. Sjúkdómseinkenni atvinnulífsins eru bæði mörg og margvísleg. Hér í Reykjavík og í nágrenni hennar er mikið talað um of mikla eftirspurn eftir vinnu. Því veldur Keflavíkurflugvöllur fyrst og fremst. Þaðan streyma inn í efnahagslíf þessarar fámennu þjóðar 250—300 millj. kr. á ári. Af þessu stendur öllu heilbrigðu og lífrænu atvinnulífi landsins bráður háski. Samt virðist ríkisstj. líta á þetta sem varanlegt bjargráð, sem nýjan atvinnuveg, sem leysa megi gjarnan aðra höfuðatvinnuvegi Íslendinga af hólmi. Gullstraumurinn frá Keflavíkurflugvelli er látinn mæta árlegum hundraða milljóna óhagstæðum viðskiptajöfnuði við útlönd, og fólkið er sogað frá íslenzku framleiðslustarfi án nokkurrar fyrirhyggju. — Fyrirhyggjulausari og glæfralegri stjórnarstefnu er ekki hægt að hugsa sér. Góðri ríkisstjórn bæri auðvitað skylda til að sjá um, að þetta innskotsfjármagn ærði ekki þjóðina og espaði til sjúkrar kaupfýsi og eyðslusemi.

Ef öll umhyggja ríkisstj. snerist ekki um braskarana, bæri henni að sjá um, að ekkert af gjaldeyri þeim, sem þjóðinni berst í sambandi við hernaðarframkvæmdirnar, færi til daglegrar eyðslu, heldur eingöngu til að leysa stórbrotin framtíðarverkefni, sem létt gætu þjóðinni lífsbaráttuna í framtíðinni og orðið heilbrigðu athafnalífi hennar til styrktar á næstu árum. Raforkumál Austfjarða og Vestfjarða væri t. d. hægt að leysa á myndarlegan hátt með eins til tveggja mánaða gjaldeyri frá Keflavíkurflugvelli. En þetta dettur stjórninni ekki í hug. Glysið og óþarfinn er látinn sitja fyrir. Hann verður að kaupa inn; braskararnir verða að græða á honum. Og svo leggja stjórnarvöldin höfuðin í bleyti um, hvernig sé hægt að svíkjast frá virkjun Dynjanda og Lagarfoss, sem þó er eina fullnægjandi lausnin á raforkumálum Vestfirðinga og Austfirðinga. Margar ófullnægjandi smávirkjanir eru að hyggju stjórnarinnar lausnin á raf-

orkumálavanda Vestfirðinga, og í viðbót við þessar smávirkjanir er svo ætlunin að klúðra upp mörgum olíubrennslustöðvum. Einfasa raftaug um háfjöll og öræfi á hins vegar að veita Austfirðingum langþráð öryggi í atvinnu- og raforkumálum þeirra. Þetta eru draumar þeirrar ríkisstj., sem mestu hefur lofað allra ríkisstjórna fyrr og síðar í raforkumálum — og ætlar sér líka að svíkja mest. Þetta er raunveruleikinn, þó að talað sé af fjálgleik um jafnvægi í byggð landsins og ágætir menn hafi verið kosnir í nefnd til þess að framleiða tillögur í þá átt. Það er engu líkara en að hæstv. ríkisstj. hafi ekki hugmynd um það, að fjöldi kauptúna og bæja, jafnvel heilir landshlutar, búa nú við átakanlegt atvinnuleysi og lamað atvinnulíf. Þaðan verður fólkið að flýja, ef ekkert verður að gert, og sá flótti verður aðeins stöðvaður með skipulagsbundinni uppbyggingu atvinnulífsins. Það er sjálfsagður hlutur og auðskilinn. Það eru þær ráðstafanir einar, sem bjargað geta þjóðinni, þegar öllum hernaðarframkvæmdum sleppir.

En þeirri ríkisstj., sem lét stærstu framleiðslufyrirtæki þjóðarinnar, togaraflotann, liggja í höfn í allt sumar, er vissulega ekki treystandi til að leysa vandamál atvinnulífsins. Togaravandamálið er óleyst enn þá. Bílaskatturinn, sem skilar togaraútgerðinni aðeins 11 millj. kr., en ríkissjóði 24 eða 25 millj., leysir ekki vandann nema fram til næstu áramóta, og hinum mikla bílainnflutningi fylgir auðvitað mikil gjaldeyriseyðsla vegna olíueyðslu og varahluta í sambandi við rekstur þeirra. Sannleikurinn er sá, að öll mál atvinnulífsins eru í stjórnleysi og reiðileysi. Jafnvægisleysi, öngþveiti og uppgjöf blasir við í öllum áttum, og engin viðleitni er sýnd í þá átt af ríkisstj. að ráða varanlega bót á neinum erfiðleikum atvinnulífsins. Þetta er hennar höfuðsynd, og ætti að verða hennar dauðasynd.

Þær raddir gerast nú æ háværari í báðum stjórnarflokkunum, að þetta stjórnarfar íhalds og Framsóknar megi ekki halda öllu lengur áfram. Hafa bæði aðalmálgögn stjórnarinnar mætt þessari mögnuðu óánægju með svæsnum skömmum hvort um annað, og þessar æðisgengnu svívirðingar eiga auðvitað að gefa þeim óánægðu í báðum flokkum vonir um, að stjórnarsamstarfið sé nú loksins að gliðna. Þetta taki bráðum enda. En hér er aðeins um leiktjöld að ræða, góðir hlustendur. Stjórnarflokkarnir eru báðir jafnráðnir í því að sitja meðan sætt er, helzt út allt þetta kjörtímabil. Framsóknarmenn gera sér ljóst, að Sjálfstfl. stefnir nú markvisst að því að ná Vestur-Ísafjarðarsýslu, Dalasýslu, Mýrasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Skaftafellssýslu af Framsókn í næstu kosningum, svo sem í þakklætisskyni fyrir góða aðstoð seinasta sprettinn við það að ná hreinu flokksræði yfir landinu.

Út af þessu ávarpaði Tíminn fóstbróður sinn, Sjálfstfl., allhressilega og óvenju einarðlega þann 2. okt. s. l., á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er vel þess vert að gera sér tvennt ljóst," segir Tíminn, „hvað er í vændum, ef íhaldið eitt fær meiri hluta, og hvernig verður slíkum valdadraumum þess bezt kollvarpað. Það stjórnarfar, sem mundi skapast hér á landi, ef íhaldið fengi meiri hluta, væri alræði braskaranna, versta og skaðlegasta stjórnarfar, sem til er í heiminum, þegar skipulag kommúnismans er undanskilið. Það eru braskarar, sem ráða Sjálfstfl., og þeir mundu nota valdaaðstöðuna án minnstu miskunnar og tillitssemi".

„Íhaldið mundi vissulega," segir Tíminn enn fremur, „misbeita þannig valdinu, ef það fengi það einsamalt, að eftir það yrði ekki til lýðræði á Íslandi nema að nafninu til. Og ekki mundi horft í það að þiggja erlenda aðstoð, ef völdin yrðu ekki tryggð með öðrum hætti. Þetta geta menn bezt dæmt um, ef þeir kynna sér, hvernig alræði braskaranna hefur gefizt, þar sem það hefur komizt á, í Suður-Ameríku.

Sjálfstfl. er ekki lýðræðissinnaður íhaldsflokkur, er stendur á gömlum og þjóðlegum merg, heldur valdatæki ófyrirleitinna braskara, eins og íhaldsflokkarnir eru í Suður-Ameríku."

Þetta er sem sé dómur þess stjórnmálaflokks, sem af löngu og nánu samstarfi þekkir Sjálfstfl. og innviði hans bezt. Morgunblaðinu varð að vonum heldur fátt um svör, þegar þessi ósköp dundu yfir frá samstarfsflokknum. Það sagði, að Tíminn hefði gengið af göflunum, fengið sálsýkiskast, og þar fram eftir götunum, og hefði Morgunblaðið og fyrirmenn þess sjálfsagt langað til að setja Tímann á Klepp, ef það hefði verið hægt. — En svo spurði Morgunblaðið: „Hvernig má það nú vera, að Framsókn skuli hafa valið sér slíkan glæpaflokk til náins samstarfs um margra ára skeið?" Og mér finnst ekki nema von, að Morgunblaðið spyrji um það. Helzta skýring Morgunblaðsins á því, hvers vegna Tíminn léti nú svona, var annars sú, að forráðamenn Framsfl. sæju, að aðstaða braskaranna í Framsókn mundi versna stórkostlega, ef þeir lentu í stjórnarandstöðu. Og e. t. v. er sú skýring ekki órafjarri því rétta.

Í framhaldi af þessum bróðurlegu umræðum birtist grein í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Gulljata Framsóknar". Og hver halda menn að þessi gulljata sé? Jú, það er Keflavíkurflugvöllur og hernaðarframkvæmdirnar víðs vegar um landið. Í þessari „gulljötugrein" spyr höfundurinn, sem sennilega er sjálfur dómsmrh.: „Hvað vakti fyrir Framsókn, þegar hún setti það að skilyrði fyrir stjórnarsamstarfi, að hún fengi utanríkismálin? Hún sá hilla undir gulljötu Framsóknarbraskaranna á Keflavíkurflugvelli, og eru þeir nú sem óðast að raða sér á hana og er það efni í aðra blaðagrein. Og svo hrópar veslings Tíminn um alræði braskaranna."

Þetta er fróðlegt samtal milli forustusauðanna, sem nú berjast um að komast á gulljötuna. En hverjir voru það, sem voru við þessa gulljötu, áður en braskarar Framsóknar röðuðu sér á hana? Og hver er það nú, sem er að kveinka sér yfir að hafa misst þarna jötuplass? Eru ekki þarna helmingaskipti milli íhalds og Framsóknar eins og alls staðar annars staðar um alla aðstöðu og gróðamöguleika í skjóli ríkisvaldsins? Er ekki þarna einmitt skipt bróðurlega í fjöru í tvo staði eftir sömu grundvallarreglu og allt

stjórnarsamstarfið að öðru leyti byggist á? Og hvers vegna þá þetta æðisgengna rifrildi fyrir opnum tjöldum milli þessara fóstbræðra? — En, góðir hlustendur, það lærdómsríka við þessi ofsaskrif stjórnarblaðanna er það, að þau sýna ljóslega, hvað hugurinn hringsólar um í stjórnarherbúðunum. Það er „gulljatan", en ekki atvinnulíf þjóðarinnar. Það er braskið, en ekki framleiðslustörf landsmanna.

Fyrir tveim dögum vítti hæstv. forsrh. í ræðu á Alþ. atvinnurekendasamtökin harðlega fyrir það, að þau hefðu sýnt of mikla undanlátssemi við samtök togarasjómanna. Hann taldi með öðrum orðum, að allt of miklar kjarabætur hefðu verið veittar sjómönnum með hinum nýju kjarasamningum, sem fengizt hafa. Liggur þannig fyrir hans viðhorf og sennilega stjórnarinnar allrar í því máli. Að öðru leyti blasir það ástand nú við í launamálum, að starfsmenn og embættismenn ríkisins geta ekki lengur dregið fram lífið á sómasamlegan hátt, nema mjög veruleg hækkun fáist á launalögum. Ein stétt, verkfræðingarnir, er þegar búin að vera í verkfalli við ríkisvaldið, og mun þetta koma tilfinnanlega niður á verklegum framkvæmdum ríkisins á næsta ári, þar eð sérfræðilegur undirbúningur undir þessar framkvæmdir hefur nú fallið niður að mestu. Þar sem verkfræðingar eru þó engan veginn meðal lægst launuðu embættismanna ríkisins, er vitað mál, að þetta þing getur ekki komizt hjá að afgreiða ný og hækkuð launalög. Þetta er bein afleiðing þess, að ríkisstj. hefur herfilega brugðizt þeirri verðlækkunarstefnu, sem verkalýðssamtökin knúðu ríkisstj. þó inn á með lausn verkfallsins mikla haustið 1952. Enn munu verkalýðssamtökin knýja á af alefli um viðnám gegn vaxandi dýrtíð og um lækkað verðlag. Með þeirri stefnu vinnst tvennt í senn: aukinn kaupmáttur gildandi kaupgjalds og meiri samkeppnismáttur íslenzkrar framleiðslu á erlendum mörkuðum, og hvort tveggja er þýðingarmikið fyrir vinnandi fólk. En beri þessi barátta ekki árangur, munu verkalýðssamtökin ekki láta hræða sig með hótunum um gengislækkun frá sanngjörnum kröfum um hækkað kaup. Jafnframt þessu munu verkalýðssamtökin ástunda sem nánasta samvinnu við atvinnurekendur um sameiginleg hagsmunamál þeirra og verkafólksins, svo sem um vöruvöndun og aukin framleiðsluafköst. En hitt er jafnvíst, að í stjórn verkalýðssamtakanna verða ekki þoluð nein afskipti eða áhrif atvinnurekenda. Þau eiga þar ekki heima, fremur en þátttaka baráttumanna verkalýðssamtakanna á heima í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands.

Verkalýðssamtökin munu gera það að höfuðbaráttumáli sínu á næstunni, að sama kaup verði greitt um land allt fyrir sömu vinnu, en ekki lægra kaup á einstökum stöðum úti um land. Jafnframt þessari kröfu munu verkalýðssamtökin knýja fram kröfuna um sömu laun kvenna og karla. En stöðug atvinna er ekki síður grundvallaratriði góðra lífskjara en viðunandi kaup að krónutölu. Þess vegna munu verkalýðssamtökin bera fram vel undirbúnar tillögur um skipulagsbundna uppbyggingu atvinnulífsins í þeim byggðarlögum og landshlutum, sem nú liggur við eyðingu vegna vanrækslu ríkisstj., en sú vanræksla er bein afleiðing af hinni trylltu baráttu stjórnarflokkanna um „gulljötuna", eins og Morgunblaðið hefur réttilega bent á.

Stjórnarfarið, eins og það er nú, hefur opnað augu alls vinnandi fólks fyrir því, að það verður að eiga öruggt vígi í stéttarsamtökum sínum. En kæmi það fyrir, að íhaldið næði meirihlutavaldi yfir þjóðfélaginu, er það vissulega lífsnauðsyn öllum vinnandi stéttum, að Alþýðusamband Íslands lúti sterkri stjórn og sé sá helgi reitur, sem algerlega sé friðaður fyrir öllum áhrifum þeirra spilltu pólitísku afla, sem Tíminn hefur sagt að afnema mundu allt lýðræði hér á landi og ekki hika við að þiggja erlenda aðstoð, ef völdin yrðu ekki tryggð með öðrum hætti. Nú eiga vinnustéttirnar á Íslandi, að minni hyggju, allt undir því, að þær láti hleypidóma og sundrungu víkja og sýni í verki, að þær kunni einu sinni vel að standa saman á stund hættunnar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. síðasti ræðumaður talaði hér nokkuð um eðli og innræti íhaldsins. Þessi hv. þm. má vara sig, hann verður að gæta sín, ef hann á ekki að fá þau eftirmæli í íslenzkum stjórnmálum, að hann hafi verið einn hinn bezti stuðningsmaður íhaldsins, sem á síðari árum hefur komið fram á sjónarsviðið. Hann má þá a. m. k. ekki framvegis leika hlutverk kolkrabbans í því liði, sem að ýmsu leyti ætti að standa saman á móti íhaldinu.

Ég mun víkja nokkrum orðum að því, sem sagt hefur verið hér viðvíkjandi fjárlfrv.

Talsmaður Sjálfstfl., 2. þm. Eyf., gerði hér grein fyrir stefnu Sjálfstfl. í fjármálum, — eða því, sem hann kallaði stefnu Sjálfstfl. í fjármálum. Ég ætla að minnast á tvö atriði í því sambandi. Annað er, að hv. þm. sagði, að fjmrh. Sjálfstfl. hefði lagt á það ríka áherzlu á árunum fyrir 1950, að stefnubreyting yrði tekin upp. Ég held, að hér sé um einhvern misskilning að ræða hjá hv. þm. Sannleikurinn er sá, að það vottaði ekki fyrir því, að gerð væri nokkur gangskör að stefnubreytingu á þeim tíma og ekki fyrr en framsóknarmenn sumarið 1949 gerðu tillögur að stefnubreytingu í þeim málum, og þá var þeim tillögum allt annað en vel tekið af forustumönnum Sjálfstfl., bæði í stjórninni og utan hennar. Framsfl. var álitinn hinn versti friðarspillir fyrir að vilja taka þau mál til uppgjörs. Það var ekki fyrr en eftir kosningarnar, að tekið var af öðrum undir þær tillögur, sem Framsfl. hafði gert fyrir kosningarnar. Framsfl. gerði þá tillögu um gengisbreytingu eða niðurfærslu og margvíslegar ráðstafanir í því sambandi.

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf., að það hefði tekizt að rýmka á verzlunarhöftunum og þar af hafi stafað auknar tekjur ríkissjóðs. Út af þessu gefst mér tilefni til að benda á það og taka greinilega fram enn þá einu sinni, og ekki sízt vegna þess, að það er fullkomin nauðsyn, að menn skilji samhengið í því, að það kom ekki til mála að rýmka á verzlunarhöftunum fyrr en búið var að koma á greiðsluhallalausum fjárlögum. Það sem rýmkað hefur verið á verzlunarhöftunum er bein afleiðing nýrrar fjármála-

stefnu. Það er afleiðing gengisbreytingarinnar og þess hagræðis, sem framleiðslunni varð af henni, og afleiðing þess, að tekinn var upp greiðsluhallalaus ríkisbúskapur. Það var ekki fyrr en búinn var að vera greiðsluhallalaus ríkisbúskapur í meir en heilt ár, að til mála gat komið að slaka á verzlunarhöftunum. Þetta er ekki sízt nauðsynlegt að vita fyrir sjálfstæðismenn, sem telja sig fylgjendur frjálsrar verzlunar. Þeim þyrfti að vera ljóst, að allt tal um frjálsa verzlun er út í bláinn, ef fjármálunum er stjórnað eins og gert var fyrir 1950.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, sagði, að það væru fullkomin öfugmæli, og hann þóttist halda, að ég hefði gert það í spaugi að tala um, að skattar og tollar hefðu verið lækkaðir, vegna þess að ríkistekjurnar hefðu farið hækkandi. Ég vil nú ekki vera að þræta við jafnglöggan mann og hv. 4. þm. Reykv. er um þetta. Ég vil bara svara þessu með einni spurningu. Mundi hann telja það lækkun á sköttum og tollum, ef ríkistekjurnar færu lækkandi vegna versnandi árferðis, vegna eymdarástands, þó að allir skattar og allir tollar stæðu óbreyttir? Mundi hann kalla það lækkun á sköttum og tollum? Ég held ekki. Ég held, að hann mundi þvert á móti halda hrókaræður um, að það hefði öllum sköttum og tollum verið haldið óbreyttum. Með sinni þrumuraust hefði hann á það lagt áherzlu, að samt sem áður væri útkoman sú og afleiðing af stjórnarstefnunni, að ríkistekjurnar færu lækkandi og allt drægist saman í fullkomna eymd. Á þessu sjáum við, að þetta tal um hærri skatta og tolla er ekkert annað en orðaleikur hjá hv. þm. í þessu sambandi. Það er staðreynd, að skattar hafa verið lækkaðir stórlega, tollar hafa líka verið lækkaðir, en tolltekjur og skatttekjur verða samt meiri en áður vegna vaxandi þjóðartekna.

Þá sagði hv. þm., að krónan færi stöðugt lækkandi síðan 1950. Þetta er skaðlegur áróður. Það rétta í málinu er það, að verðlag hefur verið stöðugt síðan 1952, og það er engum þjónað með því að breiða yfir þá staðreynd, heldur þvert á móti ástæða til að halda henni á loft til þess að auka líkurnar fyrir því, að svo geti orðið áfram. Allur óábyrgur áróður í aðra stefnu eykur á upplausn og hættuna á því, að ástandið breytist til hins verra fyrir alla.

Hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, sagði, að fjrmh. hefði oft sagt: „Það er ekki hægt að spara.“ Þetta hefur núverandi fjmrh. aldrei sagt, og þetta hefur verið leiðrétt hjá hv. landsk. þm. í hvert skipti, sem hann hefur haldið þessu fram. Þetta er hreinn uppspuni. Ég hef sagt, að það væri ekki hægt að lækka ríkisútgjöldin þannig, að straumhvörfum gæti valdið í fjármálum landsins, nema með því að lækka stórkostlega framlög til margrar þjónustu, sem ég hef svo talið upp. Það er þetta, sem ég hef sagt, og ekkert annað. En um þennan hv. þm. er það sannast mála, að það er enginn ákafari stuðningsmaður hækkana á fjárlögum til á Alþ. heldur en hann, nema það væru þá kommúnistarnir. — Þá er annað athyglisvert. Þessi hv. þm. fór að lesa hér upp í þeim ræðutíma, sem hann hafði og var takmarkaður og reyndist honum of stuttur, ýmsar fjárlagagreinar og hvað þær hefðu hækkað. Hvers vegna eyddi hann ekki heldur tímanum til þess að segja mönnum, hvað hann vildi lækka á fjárlögunum? Var ekki nær að nota tímann til þess að lofa hlustendum að heyra, hvað hann vildi lækka á fjárlögunum? Þannig var málfærsla þessa hv. þm., og eru þó hér ekki tekin nema sýnishorn.

Þá vil ég víkja fáeinum orðum að því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði. Hv. þm. sagði, að það héldi áfram óhæfilegt sukk og spilling, og viðhafði hin stærstu orð í því sambandi. Ef þetta er rétt, hvers vegna notaði þá ekki þessi hv. þm. ræðutíma sinn hér við útvarpið til þess að fletta ofan af þessu sukki og þessari spillingu? Hvers vegna notaði hann ekki aðstöðu sína hér til þess að segja þjóðinni frá, í hverju hún væri fólgin? Hvers vegna notaði hann allan ræðutíma sinn hér í heimspekilegar hugleiðingar fram og aftur, ef leyfast mætti að nefna jafnvirðulegt orð og heimspeki í sambandi við þann málflutning? Það var undarlegt, að hv. þm. skyldi ekki gera þetta. Þá sagði hv. þm., og ég nefni það bara sem sýnishorn um hugsanaganginn, að það væri ein af till. stjórnarinnar að leggja niður veitingaskattinn, stjórnin felldi veitingaskattinn niður af fjárlfrv., en auðvitað ætti hann að vera þar. Sem sé, á einu þskj. átti stjórnin að leggja til, að veitingaskatturinn yrði felldur niður. Á öðru þskj. átti stjórnin að leggja til, að hann stæði áfram. Þetta er hugsanagangur hv. þm.

Þá sagði hv. 8. landsk. þm., og það var aðalefnið í ræðu hans, að atvinnuvegirnir hefðu dregizt stórkostlega saman og framleiðslan, og á móti kæmi svo síaukið betl og gjafafé og auknar hernaðarframkvæmdir. Ég veit ekki, hvar þessi hv. þm. hefur verið undanfarið. Maður gæti haldið, að hann hefði alls ekki verið á Íslandi. Sannleikurinn er sá, að Marshallaðstoðin féll niður á síðasta ári, hefur því engin verið í ár. Vinna við hernaðarframkvæmdir er minni í ár en hún var í fyrra. Auknar þjóðartekjur í ár stafa alls ekki af aukinni hernaðarvinnu, þvert á móti. Sannleikurinn er sá, að framleiðslustarfsemi hefur orðið stórum meiri á þessu ári en nokkru sinni áður á síðari árum. — Það getur vel verið, að það hafi verið heldur daufleg vistin á Skólavörðustígnum í sumar. Það getur vel verið, að það hafi verið lítið um að vera og fjörlítil starfsemi yfirleitt í herbúðum Þjóðvfl. á Skólavörðustíg, en hv. þm. má ekki draga ályktanir af því. — Öll ræða hv. 8. landsk. var út í bláinn. Hún var byggð á skökkum forsendum.

Þá sagði hv. þm., að stjórnarliðið væri að halda því að mönnum, að þjóðin gæti ekki komizt af án erlendrar hjálpar. Hverjir eru það, sem hafa verið að spá því undanfarið, að hér mundi verða algert fjárhagshrun, ef Marshallaðstoðin hætti? Því hefur ekki stjórnarliðið spáð. Það eru stjórnarandstæðingar, sem hafa spáð því. En hvað hefur skeð? Marshallaðstoðin er hætt, og hér hefur ekkert hrun orðið, og hafa þó verið minnkaðar hernaðarframkvæmdir. Nei, það eru einmitt hv. stjórnarandstæðingar og jafnvel sérstaklega hv. 8. landsk. þm., sem hafa verið að halda þessu að þjóðinni, en talsmenn stjórnarinnar hafa ekki gert það.

Þá kem ég loks að hv. 9. landsk. þm., talsmanni kommúnista. Annars virtist mér ræða hans vera samhengislausir þankar. Hann sagði, að fjmrh. hefði verið ákaflega ánægður með sjálfan sig og hann væri sérstaklega ánægður með það að hafa nokkra aura í bauknum, sem hann gæti, ef í það færi, komið og hrist, svo að menn gætu heyrt aurahljóðið í útvarpið. Athugum út af þessu, hvað gerzt hefur.

Ríkistekjurnar hafa farið stórlega hækkandi með lækkandi sköttum. Ætli það sé fjmrh. einn, sem hefur ástæðu til þess að vera ánægður með þá þróun? Ég held ekki. Ég held, að hún snerti nánast alla landsmenn. Það verður væntanlega nokkur greiðsluafgangur, og það hefur orðið greiðsluafgangur á undanförnum árum. Það sagði hv. þm. að væri einkamál fjmrh., það væru aurar handa honum að leika sér með. En ætli þeim finnist sama um þetta og hv. þm., sem notið hafa þessara fjármuna í margs konar auknum framkvæmdum víðs vegar um landið? Svo að segja allur greiðsluafgangurinn hefur verið notaður til margvíslegra framkvæmda í almannaþágu. Ætli þeim, sem njóta þeirra, finnist greiðsluafgangurinn hafa aðeins orðið handa fjmrh. til þess að leika sér með? Ég hugsa ekki. Ég hugsa, að það eigi enn eftir að fara svo, að verði greiðsluafgangur, sem við vonum fastlega að verði, þá verði hægt að styðja með honum ýmsar nýtilegar framkvæmdir. Hv. 9. landsk. þm. er frjálst fyrir mér að fara um það hæðilegum orðum. Það mun gera sama gagn fyrir því, þar sem það kemur niður.

Þá bjó þessi hv. þm. til þá kenningu og lagði mér í munn, að sjávarútvegurinn væri ómagi, og margendurtók það í ræðu sinni. Ég hef aldrei svo mikið sem imprað á neinu í þessa átt. Ég hef þvert á móti ætíð lagt höfuðáherzlu á að búa þannig að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, að þeir þyrftu ekki að sækja styrki til hins opinbera, til þess að menn skyldu ekki fá þá skökku hugmynd, að einmitt sjálfir undirstöðuatvinnuvegirnir væru hálfgerðir ómagar á hinum. En kommúnistar, flokksmenn þessa hv. þm., hafa sýnt þeim málum mestan fjandskap, sem orðið hafa að mestu gagni fyrir sjávarútveginn, og er þar einfaldast að vísa til bátagjaldeyrisins.

Þá sagði þessi hv. þm., að fjárlfrv. væri ekki í neinu samhengi við líf þjóðarinnar, það væri samhengislaust við líf þjóðarinnar. Hann kom að þessu oftar en einu sinni í ræðunni. Hvað á svona skraf að þýða? Það er eins og þetta sé samið — þetta var víst skrifuð ræða — í einhvers konar dvala. Þetta er fullkomlega í þoku talað. Álítur hv. þm., að það sé ekki í neinu samhengi við líf þjóðarinnar að verja 50 millj. til þess að lækka verð á nauðsynjavörum, svo að maður taki það dæmi, að verja 40—50 millj. til almannatrygginga, að verja 60—70 millj. í verklegar framkvæmdir, að verja 30—40 millj. til stuðnings landbúnaði og sjávarútvegi o. s. frv., o. s. frv. Ég segi: Hvað á svona skraf að þýða, og mjög mega þeir menn tómir vera, sem nota ræðutíma sinn á Alþ. í fjárlagaumræðum í svona skraf.

Þá kom þessi hv. þm. með stórfellda útreikninga, sem áttu að sýna það, að ríkissjóður tæki af meðaltekjum verkamanna hvorki meira né minna en nærfellt helminginn í skatta og tolla. Allur útreikningur sá, sem hv. þm. flutti í þessu sambandi, er falsaður margfaldri fölsun. Í fyrsta lagi er það, að 50 millj. af ríkistekjunum, sköttunum og tollunum, eru beinlínis borgaðar út aftur til lækkunar á verði nauðsynjavara. Í öðru lagi, að mjög mikill hluti af ríkistekjunum er borgaður af fyrirtækjum, borgaður af tekjum þeirra, og kemur því aldrei fram sem útgjaldaliður á heimili launamanns. Í þriðja lagi er, að stór hluti af ríkistekjunum er lagður á lúxusvörur, sem fólk með meðaltekjur eða þar undir kaupir alls ekki. Þessi reikningur er því margföld fölsun, eins og líka sést glöggt þegar það er athugað, að allar tekjur ríkissjóðs munu vera sem næst milli 18—20% af þjóðartekjunum. Þessi hv. þm. er víst kennari í Vestmannaeyjum. Ég vona, að hann kenni þó a. m. k. ekki reikning.

Að síðustu vil ég segja þetta: Mér finnst það koma fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, að þeir séu blátt áfram miður sín af reiði yfir því, að framleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið svo, að ríkistekjurnar hafa aukizt, þótt skattar og tollar hafi verið lækkaðir. Þetta gengur eins og rauður þráður í gegnum allt, sem frá þessum mönnum kemur. En þessi reiði þeirra verður léttbær, þegar þess er gætt, að út af þessu eru engir aðrir reiðir en þessir hv. talsmenn stjórnarandstæðinga. Þeir eru þeir einu, sem eru reiðir út af þessu. Almenningur fagnar því, að þjóðartekjurnar hafa vaxið og almenn farsæld aukizt.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Fjvn. óskar ekki eftir að gera athugasemd við fjárlfrv. við þessa umr. og leggur til, að frv. verði að henni lokinni vísað til 2. umr.

**Forseti (JörB):** Það mun hafa orðið samkomulag um að fresta hinum svokölluðu eldhúsumræðum við þessa umr., sem þó er venja og þingsköp ætlast til, og er ætlunin, að slík umr. fari fram síðar. Ég vil því leita afbrigða frá þingsköpum um þessa frestun.

ATKVGR.

Afbrigði um að fresta útvarpsumræðum leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Sþ., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 238 og 246, 236, 237, 245, 250).

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Svo sem nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 238 ber með sér, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu fjárlfrv. Sjö nm. standa að áliti meiri hl. n., en tveir nm. skila sérálíti. Þótt fjvn. skili þannig áliti í tvennu lagi, stendur n. óklofin að

meginhluta brtt. sinna, svo sem þskj. 236 ber með sér. Er það fyrst og fremst áætlunin um tekjur ríkissjóðs á næsta fjárhagsári, sem ágreiningi hefur valdið í n., og síðast á fundi n. lýsti hv. 11. landsk. nokkrum útgjaldatillögum, sem hann kvaðst áforma að bera fram umfram það, sem n. hafði orðið sammála um að mæla með. Ég sé, að brtt. þær, sem hv. minni hl. n. ber fram, eru allmiklu viðtækari en þær till. voru, sem hv. 11. landsk. þá boðaði.

Auðvitað sýndist einstökum nm. sitt hvað um þær 82 brtt., sem n. ber fram sameiginlega, en allir nm. gerðu sér ljósa nauðsyn þess, að komizt yrði að sameiginlegri niðurstöðu um sem flest atriði, og var samvinna í n. hin bezta.

Fyrir fjvn. hafa nú legið óskir um hærri framlög úr ríkissjóði til margvíslegra þarfa en nokkru sinni fyrr. Hefði n. vissulega kosið að geta verið stórtækari í till. sínum um fjárveitingar til ýmiss konar þjóðnýtra framkvæmda og félagsmálastarfsemi, en á þessu sviði sem öðrum er óumflýjanlegt að sníða sér stakk eftir vexti, ef ekki á illa að fara. Auðvitað verður þó alltaf mikið álitamál, þegar þarfirnar eru miklar, hvað taka skuli og hverju hafna.

Í nál. meiri hl. fjvn. er gerð grein fyrir því, hvernig n. hefur hagað athugun á fjárlfrv., og þar eru einnig skýrðar í stuttu máli hinar einstöku brtt. n. Ég mun því í þessari framsöguræðu minni fyrst og fremst gera grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem ráðið hafa afstöðu n. Mun ég fyrst lýsa þeim ramma, sem meiri hl. n. setti sér varðandi ákvörðun tekna og útgjalda, síðan ræða horfur varðandi tekjuöflun á næsta fjárhagsári og loks íhuga nokkuð það ástand og framtíðarhorfur, sem þing og þjóð verða að horfast í augu við.

Þegar framkvæmd var hin sérfræðilega athugun á efnahagsmálum þjóðarinnar árið 1949, sem varð grundvöllur að þeim ráðstöfunum í efnahags- og fjármálum, sem gerðar voru árið 1950, var lögð rík áherzla á það, að óhjákvæmilegt skilyrði heilbrigðrar fjármálaþróunar í þjóðfélaginu væri hallalaus ríkisbúskapur. Þessa staðreynd hefur ríkisstj. og þingmeirihluti síðan staðfest í verki. Hafa fjárlög jafnan verið afgreidd greiðsluhallalaus og tekjur ríkissjóðs öll þessi ár orðið það miklar, að stundum hefur orðið verulegur greiðsluafgangur, sem hægt hefur verið að verja til ýmissa mikilvægra framkvæmda í landinu. Núverandi ríkisstj. fylgir þessari sömu fjármálastefnu, og meiri hl. fjvn. teldi það mikið óheillaspor, ef frá þessari stefnu væri horfið.

Meiri hl. fjvn. myndaði starfsramma sinn með samræmingu tveggja sjónarmiða: annars vegar að verja sem mestu fé til margvíslegra framkvæmda og framfara í þjóðfélaginu í andlegum og veraldlegum efnum, en hins vegar að stilla till. sínum um fjárveitingar það í hóf, að afkomu ríkissjóðs væri ekki stefnt í bráða hættu. Ef ríkissjóði verður gert um megn að standa undir fjárveitingum, þá getur orðið lítið úr framkvæmdum, þótt í bili geti verið hægt að slá um sig með tillögum um milljónatugaframlög til ýmissa þarfra hluta. Því miður sá minni hl. n. sér ekki fært að taka þessa afstöðu til afgreiðslu fjárlfrv., og því skildu leiðir. Meiri hl. n. mun hins vegar ekki hvika frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið, og væntir þess, að mikill meiri hl. hv. þm. sé honum sammála um það, að sú stefna ein sé þinginu sæmandi og þjóðinni til farsældar.

Svo sem ég áðan gat um, hefur nú verið geysileg ásókn um fjárveitingar úr ríkissjóði til hinna margvíslegustu og óskyldustu þarfa og jafnframt beðið um miklum mun hærri upphæðir en áður hefur verið. Viðtöl við marga þessa umsækjendur, bæði opinbera aðila og aðra, hafa leitt það í ljós, að bak við fjárbeiðnirnar felst sú hugsun, að afkoma ríkissjóðs sé nú svo góð, að óhætt sé að vera óspar á fjárkröfur. Það eru að vísu góðar horfur á því, að afkoma ríkissjóðs í ár verði mjög hagstæð, þótt ekki verði hún í neinu samræmi við þær draumsýnir, er ýmsir virðast sjá, og má helzt álykta sem svo eftir viðhorfi ýmissa manna til fjárgetu ríkissjóðs, að fjármálaráðherrann hafi fundið einhvern töfrakassa, sem sífellt sé hægt að ausa úr, en helzt þurfi aldrei að láta í. Kæmi sér óneitanlega vel að eiga slíkan grip, en því miður mun raunin vera önnur.

Uppbygging atvinnulífs og menningarlífs á Íslandi hófst miklu seinna en hjá flestum eða öllum öðrum menningarþjóðum. Hin óleystu verkefni eru því óteljandi og þarfirnar því miklar um fé til framkvæmda á mörgum sviðum. Fjvn. hefði óneitanlega kosið að geta mælt með ríflegri fjárveitingum til ýmissa framkvæmda, en með hliðsjón af gjaldgetunni hefur meiri hl. n. á þessu stigi málsins ekki talið sér fært að leggja til að hækka gjaldabálk frv. meir en um rúmar 14 millj. kr., en öll kurl eru ekki enn til grafar komin, eins og ég mun síðar víkja að.

Af þessum 14 millj. kr. eru rúmar 4 millj. hækkun á fjárveitingu til ýmissa svokallaðra verklegra framkvæmda. Má að vísu segja, að mikið álitamál sé, hversu miklum framkvæmdum ríkið eigi að halda uppi, þegar mikil atvinna er í landinu og á ýmsum stöðum jafnvel skortur vinnuafls. Því er til að svara í þessu sambandi, að meginhluti hinna verklegu framkvæmda, sem einkum eru samgöngubætur, er unninn víðs vegar úti um byggðir landsins og á allmörgum þessara staða um töluverða atvinnuörðugleika að ræða. Einnig verður þess að gæta, að atvinnuvegir þjóðarinnar eru mjög háðir samgöngum, og því er hér um að ræða óhjákvæmilega undirstöðu atvinnulífsins. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir sömu fjárveitingu í þessu skyni og í fjárl. þessa árs, en fjvn. taldi óhjákvæmilegt að hækka sex liði, sem hér verða greindir.

Nefndin leggur til að hækka fjárveitingu til hafnargerða og lendingarbóta um 807 þús. kr. Eru mjög miklar framkvæmdir fyrirhugaðar í hafnargerðum á næsta ári, enda er þörfin víða mjög brýn og ekki hægt nema að litlu leyti að koma til móts við hana með þeim fjárveitingum, sem gert er ráð fyrir. Er áætlað, að hluti ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum árið 1955 muni verða yfir 17 millj. kr., og er ljóst, að 6.6 millj. kr. fjárveiting hrekkur skammt til að mæta þeim kostnaði. Er þess um leið að geta, að vangreiddur hluti ríkissjóðs af unnum hafnarframkvæmd-

um mun nú vera um 5.6 millj. kr. Sakir standa aftur á móti víða þannig, að óumflýjanlegt er að gera stór átök í hafnarmálum, en mjög erfitt um lánsútveganir. Sýnist því mjög mikil nauðsyn, að ríkisstj. íhugi, hvort ekki séu einhverjar leiðir tiltækilegar til meiri fjáröflunar í þessu skyni.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til vega um 620 þús. kr. Fer því þó fjarri, að hægt sé að mæta þeim óskum, sem uppi eru um framkvæmdir í vegagerð. Ýmsir telja ósamræmis gæta í fjárveitingum til vegagerða í hinum ýmsu héruðum og telja nauðsynlegt að breyta þeim hlutföllum, sem nú eru. Þetta kann vel að vera rétt, en torvelt mun reynast að fá samkomulag um þá breytingu, nema því aðeins að hafa fyrir sér ýtarlegar skýrslur um ástand í vegamálum í öllum héruðum landsins. Nefndin hefði gjarnan viljað framkvæma þessa athugun nú, því að henni er vel ljóst, að hæpið er að halda sömu hlutföllum um fjárveitingar frá ári til árs, en vegna veikinda vegamálastjóra hefur ekki verið auðið að kanna málið svo, að n. treysti sér til þess að breyta að nokkru ráði þeim grundvelli, sem er í fjárl. þessa árs. Nefndin telur hins vegar sjálfsagt að taka þetta mál til rækilegrar athugunar við afgreiðslu næstu fjárlaga.

Á síðasta þingi var samþykkt sérstök fjárveiting til endurbyggingar gamalla vega, að upphæð ½ millj. kr. Margir þeir vegir, sem fyrst voru lagðir, eru orðnir algerlega ófullnægjandi, og ber brýna nauðsyn til þess að endurbyggja þá, en ekki hefur verið talið fært að nota nýbyggingarfé í þessu skyni. Þörfin er hér mikil, og leggur n. til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 300 þús. kr.

Fjallvegafé var hækkað nokkuð á síðasta þingi, einkum með hliðsjón af tveim fjallvegum, sem nú er unnið að, Vestfjarðavegi og Múlavegi, sem hvorugur er enn kominn í þjóðvegatölu. Mikil nauðsyn er talin á auknu fé til fjallvega, og leggur n. til, að fjárveitingin verði hækkuð um 250 þús. kr.

Margar ár eru enn óbrúaðar, og eru þær víða mikill farartálmi. Er því nauðsynlegt að hraða brúargerðum svo sem kostur er, og leggur n. til, að áætluð fjárveiting til brúargerða verði hækkuð um 600 þús. kr. Brúasjóði er ætlað að standa straum af kostnaði við byggingu stórbrúa. Þar eru svo mörg verkefni, að ógerlegt er að leysa þau á viðunandi hátt nema með auknu fé í brúasjóð. Sérstakt viðfangsefni á þessu sviði er endurbygging nokkurra stórbrúa, sem nú eru orðnar svo úr sér gengnar, að þær eru orðnar hættulegar umferðar. Eru þetta dýrar framkvæmdir, en svo mikilvægar fyrir samgönguöryggi í landinu, að n. hefur ekki talið sér fært annað en að leggja til, að 1.5 millj. kr. verði á næsta ári varið til endurbyggingar stórbrúa, og er þá hugmyndin sú, að sömu fjárhæð verði varið í þessu skyni á árinu 1956.

Ekki verður um samgöngubætur rætt án þess að minnast flugmálanna, því að flugið er að verða æ stærri þáttur í samgöngum, bæði innanlands og við útlönd. Virðast góðar horfur á því, að Íslendingar geti átt mikla framtíðarmöguleika á þessu sviði, en vitanlega verða þau tækifæri ekki notuð án mikilla fjárframlaga til ýmiss konar stofnkostnaðar. Ekkert má til spara að gera flugsamgöngur sem öruggastar, og gerð flugvalla og ýmissa mannvirkja á þeim til afnota við flugið kostar geysimikið fé. Aðalflugvelli sína tvo hafa Íslendingar eignazt með óvenjulegum hætti. Áætlar flugmálastjóri, að Reykjavíkurflugvöllur mundi nú kosta um 1000 millj. kr. Verður af þessu ljóst, að flugvellirnir eru engin smámannvirki. Mikla nauðsyn ber til að hraða flugvallargerðum á ýmsum stöðum á landinu, og einnig þarf að leggja í dýrar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli til þess að skapa þar viðunandi aðstöðu og halda við flugbrautum. Ekki hefur þó verið talið fært að hækka beina fjárveitingu frá því, sem er í fjárlfrv. Tekjur af flugvöllunum hafa síðustu árin farið alllangt fram úr áætlun, og hefur flugmálastjórninni verið heimilað að nota þessar umframtekjur til framkvæmda. Þessi heimild hefur verið takmörkuð við 2.5 millj. kr., en fjvn. leggur til, að takmarkið verði hækkað í 3.5 millj., ef svo kynni að fara, að flugvellirnir gæfu meiri tekjur en gert er ráð fyrir.

Þar sem byggingar eru nú mjög miklar í landinu, er sjálfsagt, að ríkið gæti hófs í þeim framkvæmdum til þess að draga ekki nauðsynlegt vinnuafl og efni frá byggingarframkvæmdum einstaklinga. Ýmsar ástæður valda þó því, að ekki er auðið að fresta öllum slíkum framkvæmdum, og leggur fjvn. til nokkra viðbót fjárveitinga til framkvæmda, sem taldar eru vera mjög brýnar. Stærst þessara framkvæmda er bygging hinnar sjálfvirku stöðvar bæjarsímans í Reykjavík. Er í fjárlfrv. lagt til að veita 1.7 millj. kr. til byggingar þessarar, en n. telur ekki annað fært en að hækka þessa fjárveitingu í 2.7 millj. kr. með hliðsjón af því, að hér er um framkvæmd að ræða, sem skapar landssímanum möguleika til mjög mikillar tekjuöflunar, og er gert ráð fyrir, að hús þetta geti borgað sig á mjög skömmum tíma. Er því hér í senn um hagkvæma og nauðsynlega framkvæmd að ræða.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna um 600 þús. kr. Þola sumar þessara bygginga enga bið, og telur því n. ekki verða komizt hjá þessari hækkun.

Lagt er til að veita 250 þús. kr. til byggingar peningshúsa að Litla-Hrauni. Er talið nauðsynlegt að reka þar nokkurn búskap til þess að láta þá, sem þar dvelja, starfa að nytsömum viðfangsefnum. Peningshús þessi munu þegar hafa verið reist, en fjárveitingu vantar.

Þá er talið nauðsynlegt að hækka framlag til jarðræktartilrauna um 100 þús. kr. vegna viðbótarbygginga á tilraunastöðvunum.

Hafa þá verið taldir upp helztu liðirnir í till. n., sem varða fjárfestingu ríkisins.

Ríkisstj. hefur skotið undir úrskurð fjvn. beiðnum nokkurra ríkisstofnana um fjölgun starfsmanna. Það verður þó að teljast óeðlilegt að ætla fjvn. að dæma um það, hvort einstökum ríkisstofnunum sé þörf á auknu starfsliði, því að n. hefur enga aðstöðu til þess að kynna sér nægilega starfshætti ríkisstofnana þann stutta tíma, sem henni er ætlaður til athugunar á fjárlfrv. Verður að ætlast til þess, að þau ráðuneyti, sem

stofnanirnar lúta undir, fylgist það vel með rekstri stofnananna, að þau geti tekið ákvörðun um, hvort þörf sé nýrra starfsmanna eða ekki.

Nefndin hefur í þetta sinn tekið launagreiðslur til nokkurra starfsmanna inn í till. sínar, en þar er svo að segja eingöngu um að ræða starfsmenn, sem starfandi eru í viðkomandi stofnun og hafa sumir starfað um langt skeið. Fjmrn. hefur hins vegar ekki viljað viðurkenna þessa menn á launaskrá, en þeim hafa engu að síður verið greidd laun, og telur n. enga ástæðu til annars en viðurkenna nú þá staðreynd, að þessir starfsmenn eru starfandi við stofnanirnar og beri því að taka laun þeirra í launaáætlun, úr því að ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að þeir hættu störfum. Hefur n. um alla þessa menn haft samráð við viðkomandi ráðuneyti og fjmrn. og ekki heldur tekið í till. sínar aðra starfsmenn en þá, sem henni hefur sýnzt eftir viðtölum við forstöðumenn viðkomandi stofnana að óumflýjanlegt væri að þar störfuðu áfram. Ég tel ekki ástæðu til að telja upp, hvaða stofnanir er hér um að ræða, en vísa til nál. um það efni.

Mikið er nú á dögum rætt um Ísland sem ferðamannaland, og eru uppi ýmsar hugmyndir um leiðir til þess að fá útlendinga til að heimsækja landið. Bæði af þessum sökum og einnig vegna annarra nauðsynlegra samskipta Íslendinga við aðrar þjóðir er mikilvægt að halda uppi góðri og skynsamlegri landkynningu. Fátt er heppilegra til landkynningar en vel gerðar kvikmyndir. Áhugamenn hafa þegar unnið gott starf á þessu sviði, og einnig hafa sendiráð Íslands erlendis lagt mikla áherzlu á það að fá góðar kvikmyndir til afnota. Leggur n. til, að varið verði nokkru fé í þessu skyni.

Það mun sameiginlegt álit allra landsmanna, að nauðsynlegt sé að halda uppi sem styrkastri landhelgisgæzlu, þótt menn að öðru leyti greini á um það, hvort Íslendingar eigi að hafa hliðstætt öryggislið í landi. Stækkun landhelginnar og mótmæli ýmissa þjóða gegn þeirri stækkun hafa aukið mjög nauðsynina á því að efla landhelgisgæzluna sem mest. Flugvélar hafa nú í ríkara mæli verið teknar í þjónustu landhelgisgæzlunnar, og telur forstjóri hennar, að fluggæzlan hafi gefið mjög góða raun, og telur nauðsynlegt að auka hana. Hefur n. fallizt á þetta sjónarmið og leggur til, að framlög til landhelgisgæzlu verði hækkuð um 350 þús. kr.

Vegna aukinnar starfsemi og tilkostnaðar hjá Búnaðarfélagi Íslands og Fiskifélagi Íslands telur n. óumflýjanlegt að hækka nokkuð fjárframlög til þessara mikilvægu stofnana. Er lagt til að hækka fjárveitingu til Búnaðarfélagsins um 210 þús. kr. og Fiskifélagsins um 140 þús. kr., og skortir þó allmjög á, að orðið sé við óskum þessara stofnana.

N. telur augljósa nauðsyn þess að halda í horfinu varðandi jarðræktarframkvæmdir, og er þá fyrsta skilyrðið, að nægilegur vélakostur sé fyrir hendi. Teknar hafa nú verið í notkun afkastameiri vélar en áður, en vélar þessar eru um leið bæði stærri og dýrari. Telur n. óumflýjanlegt að hækka framlög ríkissjóðs til kaupa á jarðræktarvélum um 250 þús. kr. á næsta ári.

Búnaðarsamband Suðurlands hefur komið upp myndarlegu kynbótabúi, og nautgriparæktarsambandið í Eyjafirði er einnig að koma slíku búi á fót. Er hér um mjög mikilvæga starfsemi að ræða fyrir nautgriparækt landsmanna. Sunnlendingar munu hafa fengið yfir hálfa milljón til síns bús í ríkisstyrk, en Eyfirðingar munu hafa fengið 100 þús. kr. á þessu ári. Bæði samböndin leita nú eftir viðbótarfjárveitingu, og leggur n. til, að samböndunum verði veittar samtals 300 þús. kr., en ætlar ráðherra að skipta fénu á milli þeirra, eftir því sem hann telur sanngjarnast.

Ríkið afhenti Búnaðarfélagi Íslands fyrir nokkrum árum lóð til eignar undir húsbyggingu þá, sem félagið hefur fyrirhugað að reisa hér í Reykjavík fyrir starfsemi sína. Áður en hafizt yrði handa um húsbyggingu á lóð þessari þurfti ríkið nauðsynlega á henni að halda undir byggingu rannsóknarstofu í þágu sjávarútvegsins. Varð þá að samkomulagi, að Búnaðarfélagið seldi ríkinu lóðina við matsverði, og reyndist matsverðið 1 millj. 50 þús. kr. Er nú lagt til, að andvirði lóðarinnar verði greitt á 3 árum og fari fyrsta greiðsla fram á næsta ári.

Það var von manna, að með fjárskiptunum tækist að útrýma þurramæðinni, þessum mikla vágesti, sem um margra ára skeið hefur herjað á sauðfé landsmanna. Hefur ríkissjóður haft mikil útgjöld vegna sauðfjársjúkdómavarna, en þessi útgjöld hafa tvö síðustu árin farið mjög lækkandi, og stóðu vonir til, að þau hyrfu að mestu leyti á næsta ári. Nú hafa hins vegar þau illu tíðindi gerzt, að þurramæði hefur orðið vart á tveimur stöðum á landinu, í Dalasýslu og Skagafirði, og telja raunar fróðir menn, að þess hafi ekki verið að vænta, að tækist að útrýma veikinni að fullu í fyrstu umferð. Þegar hefur verið hafizt handa um að stöðva útbreiðslu veikinnar, en þær ráðstafanir munu kosta allmikið fé, og er talið óumflýjanlegt að hækka framlög til sauðfjárveikivarna um 1 millj. og 40 þús. kr.

Sandgræðslan hefur mörgum mikilvægum verkefnum að sinna, og kemur nú þar til viðbótar, að við þurrkun í Landeyjum hefur sandfok aukizt þar svo mikið, að ekki má draga að gera nauðsynlegar varnarráðstafanir. Sandgræðslunni er um megn að kosta allar þessar framkvæmdir, sem nú er unnið að, með hinni áætluðu fjárveitingu, og er því lagt til, að fjárveiting til sandgræðslustöðva hækki um 150 þús. kr.

Í fjárlfrv. er lagt til að veita 1 millj. og 500 þús. kr. til þess að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir. Orðalag liðarins er að vísu nokkuð villandi, því að meginhluti fjárveitingarinnar er kostnaður vegna varðskipsins Ægis í sambandi við síldar- og fiskirannsóknir, en skipið starfar nú að verulegu leyti að þeim rannsóknum, síðan asdic-tækið var í það sett. Nú stendur til að gera tilraunir með nýja tegund síldarvörpu, sem á að geta sparað mjög mannahald og kostnað við síldveiðarnar, ef vel tekst til. Verður að telja sjálfsagt að gera þessa tilraun, en hún kostar töluvert fé, og er því óumflýjanlegt að hækka fjárveitingu á þessum lið um 350 þús. kr.

Mjög hefur verið leitað á um hækkun styrk-

veitinga til skálda, rithöfunda og listamanna, og hefur n. eftir atvikum þótt sanngjarnt að koma nokkuð móts við þær óskir. Er lagt til, að heildarfjárveiting til skálda, rithöfunda og listamanna svo og fræðimanna hækki um samtals 200 þús. kr. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að heiðurslaun Gunnars Gunnarssonar skálds hækki hlutfallslega.

Svo sem till. n. bera með sér, er lagt til að hækka nokkuð fjárveitingar til ýmiss konar menningarstarfsemi, sem fé hefur verið veitt til á 15. gr. fjárl. Hirði ég ekki að rekja þær till. í einstökum liðum, því að í flestum tilfellum er hér um smáar fjárveitingar að ræða. Stærsti liðurinn er fjárveiting vegna væntanlegrar þátttöku íslenzkra myndlistarmanna í listsýningu í Rómaborg. Gefst íslenzkum myndlistarmönnum þar tækifæri til þess að kynna umheiminum list sína, og þykir því sanngjarnt að styrkja þetta fyrirtæki. Eftir atvikum þykir þó rétt, að styrkveitingin sé bundin því skilyrði, að menntamálaráðuneytið samþykki undirbúning og tilhögun á þátttöku í sýningunni.

N. telur nauðsynlegt að hraða eftir föngum undirbúningi að útgáfu hinnar íslenzku orðabókar og leggur því til, að fjárveiting til hennar verði hækkuð um 25 þús. kr.

Svo sem kunnugt er, voru stúdentagarðarnir á sínum tíma að verulegu leyti reistir fyrir samskotafé, og hafa því þessar veglegu byggingar ekki orðið ríkissjóði kostnaðarsamar. Enn hvíla þó stofnskuldir á stúdentagörðunum, sem nema rúmum 900 þús. kr. Er þetta þungur baggi og hindrar, að auðið sé að veita stúdentum eins hagstæð kjör á stúdentagörðunum og æskilegt hefði verið. Nú stendur enn fremur fyrir dyrum mjög kostnaðarsöm viðgerð á nýja stúdentagarðinum. Hefur verið leitað eftir nokkurri aðstoð ríkissjóðs til þess að grynna á þessum skuldum, og er lagt til að veita stjórn stúdentagarðanna 100 þús. kr. styrk til greiðslu stofnskuldar.

Ljóst er nú orðið, að rekstrarhalli almannatrygginganna verður meiri en svo, að það viðbótarframlag ríkissjóðs til trygginganna nægi, sem áætlað er í fjárlfrv. Er því talið óumflýjanlegt annað en leggja til, að viðbótarframlag þetta hækki um 1 millj. kr., til þess að almannatryggingunum verði fært að standa undir skuldbindingum sínum. Er hér eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða í trausti þess, að betri skipan verði komið á þessi mál í sambandi við þá heildarendurskoðun tryggingalöggjafarinnar, sem nú stendur yfir.

Um það hefur verið samið, að Íslendingar tækju að mestu eða öllu leyti að sér ýmsar framkvæmdir á vegum varnarliðsins, sem áður hafa verið unnar af erlendum verktökum. Hefur í þessu sambandi verið stofnað sameignarfélagið Íslenzkir aðalverktakar, og hefur ríkisstjórnin ákveðið, að ríkissjóður verði að ¼ hluta aðili að þessu félagi. Þótt menn kunni að greina á um það, hvort rétt sé, að ríkið sé sjálft beinn þátttakandi í þessum framkvæmdum, þá þýðir ekki annað en leggja fram það fé, sem leiðir af þessari ákvörðun. Er gert ráð fyrir, að stofnframlag ríkissjóðs í sameignarfélaginu verði ein millj. kr., en þar að auki þarf ríkissjóður að ábyrgjast vegna félagsins allt að 1.5 millj. kr. lán vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu. Um þetta mál hefur ekki náðst samkomulag í fjvn., en meiri hl. n. leggur til, að staðið verði við þær skuldbindingar, sem ríkisstj. hefur tekið á ríkissjóð með ákvörðuninni um þátttöku í þessu félagi.

Ég hef þá gert grein fyrir meginatriðunum í brtt. fjvn. við gjaldabálk fjárlfrv. Verði allar till. n. á þskj. 236 og 237 samþykktar, mun það leiða til um 14 millj. kr. hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs á næsta fjárhagsári.

Áður en ég sný mér að tekjuáætluninni, tel ég rétt að minnast á atriði, sem er að verða vaxandi vandamál, en það er greiðsla á því framlagi, sem ríkissjóði er í ýmsum lögum ætlað að greiða sem styrk til sveitarfélaga vegna ýmiss konar framkvæmda þeirra. Er hér fyrst og fremst um að ræða skólabyggingar, hafnargerðir og sjúkrahúsabyggingar. Þótt vafasamt sé, hvort sveitarfélögin eigi lögvarinn kröfurétt á ríkissjóð um greiðslu þessa fjárhluta, þá er ekki að efa, að Alþ. hefur á sínum tíma ætlazt til, að ríkissjóður greiddi þennan hluta af kostnaðinum, og sveitarfélögin vitanlega á það treyst. Verður því ekki hjá því komizt, að ríkið greiði þessar fjárhæðir, sem á eru fallnar, og eigi að hafa aðra tilhögun á þeim málum í framtíðinni, verður að breyta þeim lögum, sem við eiga. Nú standa svo sakir, að ógreiddur hluti ríkissjóðs vegna skólabygginga mun vera um 16.5 millj. kr., vegna hafnargerða og lendingarbóta um 5.6 millj. og vegna sjúkrahúsa um 2 millj. Þótt ríkissjóður hafi frá ári til árs haldið í horfi um framlög til þessara framkvæmda, hefur framkvæmdahraði landsmanna í þessum efnum verið miklu meiri en svo, að fjárveitingar hafi nægt upp í rikishlutann.

Þótt nokkur hækkun sé gerð á fjárveitingu til þessara þarfa nú, er hætt við, að lítið grynni á hinum ógreidda hluta ríkissjóðs, því að svo miklar framkvæmdir munu vera fyrirhugaðar á næsta ári í þessum greinum. Er því nauðsynlegt, að ríkisstj. taki þetta vandamál til sérstakrar athugunar.

Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar í fjárl. þessa árs 443.5 millj. kr. Þegar endanlega var gengið frá tekjuáætlun þessari, sýndust horfur á, að tekjur ríkissjóðs árið 1953 mundu verða eða geta orðið um 480 millj. kr., en reyndin varð sú, að tekjurnar urðu 510 millj. kr. Árið 1953 fékk ríkissjóður 24 millj. kr. tolltekjur af efni og vélum til virkjananna og áburðarverksmiðju, og var sýnt, að hliðstæðar innflutningstekjur yrðu ekki til á þessu ári. Miðað við allar aðstæður taldi því meiri hl. fjvn. ekki mega ganga lengra í útgjaldatill., og var sú afstaða raunsæ miðað við ástand og horfur.

Reyndin hefur orðið sú, að tekjur ríkissjóðs ætla að verða í ár meiri en nokkrum kom til hugar. 1. des. í ár voru tekjur ríkissjóðs orðnar 456 millj., en voru á sama tíma í fyrra 423 millj. Í desembermánuði í fyrra urðu tekjur ríkissjóðs 87 millj., og miðað við tekjuhækkunina 11 mánuði ársins má gera ráð fyrir, að tekjurnar í desember nú geti orðið um 95 millj. Er því sennilegt, að tekjur ríkissjóðs í ár geti orðið

550 millj., eða um 40 millj. kr. hærri en þær urðu á árinu 1953. Orsök þessara miklu tekna ríkissjóðs er fyrst og fremst hinn geysimikli innflutningur. Má gera ráð fyrir, að innflutningurinn í ár muni nema um 1200 millj. kr. Bendir þetta til mikillar kaupgetu í landinu, og er innflutningurinn miklum mun meiri en svarar tekjum þjóðarinnar á útfluttum framleiðsluvörum sínum. Byggist þessi mikli innflutningur og þar af leiðandi hinar miklu tekjur ríkissjóðs algerlega á því, að um gjaldeyristekjur hefur verið að ræða eftir öðrum leiðum, og það, sem gerir þennan mikla innflutning mögulegan, eru fyrst og fremst gjaldeyristekjur þær, sem þjóðin fær frá varnarliðinu. Tekjur áfengisverzlunarinnar og tóbaksverzlunarinnar sýnast ætla að fara nokkuð fram úr áætlun, en aðrar tekjur ríkissjóðs eru svipaðar og í fyrra og innheimtur tekju- og eignarskattur þó raunar töluvert lægri en um sama leyti í fyrra. Aftur á móti hefur söluskattur hækkað, en hann fylgir nokkuð sömu lögmálum og innflutningstollarnir.

Ágreiningurinn um tekjuáætlunina stafar af því, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í n. vilja miða tekjuáætlunina við þróunina í fyrra og í ár og álykta sem svo, að sams konar þróun til tekjuhækkunar hljóti að verða á næsta ári. Vissulega geta þeir á það bent, að tekjur ríkissjóðs í ár hafi orðið miklum mun meiri en meiri hl. fjvn. vildi álita við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1954. Engu að síður munu þó flestir gera sér ljóst, að ekki er auðið að afgreiða fjárl. fyrir næsta ár með svo einfaldri staðhæfingu, heldur verði að íhuga með rökréttri hugsun aðstæðurnar eins og þær eru nú og raunverulegar horfur um tekjuöflun á næsta ári, því að öllum má ljóst vera, að ekki eru neinar líkur til, að tekjur ríkissjóðs haldi áfram að hækka í sömu hlutföllum og verið hefur í ár og síðustu ár.

Tekjur ársins 1953 reyndust 30—40 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru afgreidd, en þá lágu ekki heldur fyrir upplýsingar um tekjur ríkissjóðs nema 10 fyrstu mánuði ársins. Nú liggja fyrir upplýsingar um tekjur 11 mánuði þessa árs og gert ráð fyrir hliðstæðri tekjuhækkun í desembermánuði og verið hefur aðra mánuði ársins. Er þó mikill vafi á, að tekjuhækkunin verði hliðstæð í desember, því að tekjur októbermánaðar reyndust töluvert lægri en í fyrra í sama mánuði og tekjur nóvembermánaðar gera ekki meira en að samsvara tekjum nóvembermánaðar 1953. Er því ljóst, að nokkur samdráttur er í innflutningi síðasta hluta ársins, og sýnast því engar horfur á því, að tekjur ársins geti orðið meiri en 550 millj. kr. Er því ljóst, að ekki getur í ár orðið um að ræða þá miklu tekjuhækkun frá áætlun eins og varð á árinu 1953.

Naumast mun nokkur maður í alvöru þora að afgreiða fjárlög nú í trausti þess, að tekjur ársins 1955 reynist mun hærri en tekjurnar í ár. Hinn geysimikli innflutningur s. l. 2 ár hefur mettað svo vöruhungrið, að kaupsýslumenn telja nú á ýmsum sviðum eftirspurnina hafa minnkað verulega, og augljóst er, að sala er minnkandi á ýmsum vörutegundum. Er þetta eðlileg þróun, en hlýtur að leiða til minni innflutnings. Munu nú vera í landinu mjög miklar vörubirgðir, og hinn minnkandi innflutningur síðustu mánuði ársins bendir ótvírætt til þess, að innflytjendur séu farnir að draga nokkuð úr innkaupum sínum.

Árið í ár hefur verið mikið framleiðsluár og mjög vel gengið með sölu á íslenzkum afurðum, þannig að vörubirgðir munu nú vera mjög litlar í landinu. Virðast ekki miklar líkur til þess, að um verulega aukningu útflutningsverðmæta verði að ræða á næsta ári, og líkur til, að framkvæmdir á vegum varnarliðsins verði minni á næsta ári, ef miðað er við það, sem nú er vitað.

Með hliðsjón af þessu er því vægast sagt óvarlegt að gera ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1955 verði hærri en í ár, og má raunar teljast gott, ef þær verða jafnháar.

Meiri hl. fjvn. leggur til, að tekjuáætlunin verði hækkuð um 19 millj. kr., og eru þá tekjur ríkissjóðs áætlaðar samtals tæpar 514 millj. kr. á árinu 1955. Miðað við að afgreiða fjárlög þannig, að ekki verði um greiðsluhalla að ræða hjá ríkissjóði, telur meiri hl. n. mjög óvarlegt að áætla tekjurnar meiri.

Hv. stjórnarandstæðingar munu vafalaust á það benda, að þessi áætlun sé um 36 millj. kr. lægri en tekjur ríkissjóðs verða í ár. Þetta er rétt, en því er til að svara, að alltaf hefur verið um að ræða miklar greiðslur umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Má auðvitað segja, að óeðlilegt sé að greiða fé umfram fjárlagaheimild, en augunum verður ekki lokað fyrir því, að þetta hefur ætíð verið gert, og í mörgum tilfellum er um greiðslur að ræða, sem ekki var hægt að sjá fyrir, þegar fjárl. voru samþykkt, en óumflýjanlegt af þjóðfélagslegri nauðsyn að inna af hendi og allir síðar sammála um. Má t. d. á það benda, að ef tekjur ríkissjóðs hefðu ekki orðið miklum mun meiri en öll rök sýndust benda til við afgreiðslu fjárl. í fyrra, þá hefði orðið greiðsluhalli hjá ríkissjóði á þessu ári. 36 millj. kr. eru aðeins rúm 7% af heildartekjuáætluninni nú, og sýnist ekki vanþörf á þeirri fjárhæð til að standa straum af óumflýjanlegum greiðslum á næsta ári, sem umfram verða fjárl.

Því til sönnunar, að hér sé ekki um of háa áætlun að ræða varðandi umframgreiðslur, vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að undanfarin ár hafa umframgreiðslur ríkissjóðs orðið sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið 1953 | ..... | 86.2 | millj. kr. |
| — 1952 | ..... | 41.2 | — — |
| — 1951 | ..... | 89.7 | — — |
| — 1950 | ..... | 16.8 | — — |
| — 1949 | ..... | 53.9 | — — |
| — 1948 | ..... | 56.4 | — — |
| — 1947 | ..... | 100 | — — |

Ef litið er á umframgreiðslur á rekstrarreikningi út af fyrir sig, þá hafa þær aðeins einu sinni farið niður fyrir 7.6%, miðað við tímabilið allt frá 1924 til 1953, og langoftast verið miklu hærri.

Leggja verður auðvitað jafnan ríka áherzlu á það að halda útgjöldum ríkissjóðs innan ramma fjárl., en svo sem ég áðan gat um, koma ætíð

til ýmis ófyrirsjáanleg atvik, auk þess sem ríkissjóði er gert að inna af hendi greiðslur ýmiss konar, annaðhvort með beinum lagafyrirmælum eða heimildarlögum. Miðað við reynsluna telur því meiri hl. fjvn. allar horfur á því, að útgjaldaáætlunin sé nú svo há, að gæta verði mikillar varúðar með umframgreiðslur á næsta ári, ef ekki eigi að verða greiðsluhalli hjá ríkissjóði.

Í fjárlfrv. er lagt til að leggja 10 millj. kr. í framkvæmdasjóð ríkisins í því skyni að nota þetta fé síðar til nauðsynlegra bygginga á vegum ríkisins. Því er mjög miður farið, að ríkið skuli ekki geta tileinkað sér þá búskaparhætti að leggja fyrir fé í góðum árum til þess að eiga nokkra varasjóði, þegar harðnar í ári. Ætti raunar að leggja verulegan hluta greiðsluafgangs ríkissjóðs á hverjum tíma í slíkan varasjóð. En því er ekki að heilsa, að þá aðferð sé hægt að hafa. Það hefur komið sér vel eftir á, þegar greiðsluafgangur hefur orðið hjá ríkissjóði, og mun svo einnig verða á þessu ári, og hefur með þessu fé tekizt að leysa ýmsar mjög mikilvægar þarfir. Er því síður en svo, að fénu hafi verið illa varið, og næsta kynlegt, þegar það er notað til árása á ríkisstjórnina, að greiðsluafgangur sé hjá ríkissjóði. Með framlaginu til framkvæmdasjóðs var nú ætlunin að reyna að mynda dálítinn varasjóð, og var það vissulega spor í rétta átt. Hins vegar er sýnilegt, að útgjaldaþörfin leyfir ekki þessa hagsýni nema að litlu leyti, og hefur meiri hl. fjvn. neyðzt til að leggja til að skerða þetta fyrirhugaða framlag um helming.

Samkvæmt till. meiri hl. fjvn. verður hagnaður á rekstraryfirliti rúmar 70.5 millj. kr., og hagstæður greiðslujöfnuður verður rúmar 10.7 millj., en var í frv. aðeins 956 þús. kr.

Sumir kunna að álíta sem svo, að óhætt sé við þessa umr. að samþ. ýmsar þær óskir um fjárveitingar, sem fram eru bornar, bæði af minni hl. fjvn. og einstökum hv. þm., en meiri hl. n. varar mjög eindregið við því. Í nál. er tekið fram, að allmörg mál, sem til útgjalda horfa, séu enn óafgreidd hjá n. Er þar m. a. um að ræða till. um hækkun á framlagi til skólabygginga og sjúkrahúsabygginga, hækkun á framlagi til iðnlánasjóðs og íþróttasjóðs. Ekki hafa enn verið afgreidd framlög til ferjuhafna, og allmörg erindi varðandi tónlistarstarfsemi og söngmennt ýmiss konar bíða enn afgreiðslu, auk ýmissa annarra erinda, sem borizt hafa nú síðustu daga og óhjákvæmilegt kann að verða að sinna að einhverju leyti. Þá er þess enn fremur að gæta, að allar till. um eftirlaun á 18. gr. fjárl. bíða 3. umr. að venju. Samvinnunefnd samgöngumála mun skila áliti um fjárveitingar til flóabáta, og munu till. n. ekki liggja fyrir fyrr en við 3. umr. frv., en sýnt er, að þar verður um töluverða hækkun að ræða.

Stærsti útgjaldaliðurinn, sem enn hefur ekki verið tekinn inn í fjárlfrv., mun verða launauppbætur til opinberra starfsmanna. Sérstök n. vinnur nú að heildarendurskoðun launalaga, en álit hennar og till. munu naumast koma fyrir þetta þing. Er því gert ráð fyrir einhverjum bráðabirgðaráðstöfunum á næsta ári, því að opinberir starfsmenn telja sig mjög vanhaldna miðað við þær kjarabætur, sem allar aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið síðan launalög voru sett. Eru allar horfur á, að hér verði um töluverða fjárhæð að ræða. Er því augljóst, að greiðsluafgangur sá, sem nú er á fjárlfrv., mun ekki gera betur en jafna metin við 3. umr. frv.

Loks ber að hafa það í huga við tekjuáætlunina, að endurskoðun skattalaga er enn ekki lokið, og getur vel svo farið, að þær niðurstöður leiði til enn frekari rýrnunar á tekju- og eignarskatti.

Verði allar brtt. fjvn. við gjaldabálk frv. samþ., hækka áætluð ríkisútgjöld í frv. um 56 millj. kr., miðað við fjárl. þessa árs. Raunveruleg hækkun er þó ekki nema um 49 millj., því að nú verða tekin inn í fjárlfrv. 7 millj. kr. útgjöld, sem eru á 22. gr. í fjárl. þessa árs. Hér er samt um mjög mikla hækkun að ræða, þannig að líklegt er, að mönnum finnist við nánari athugun fremur, að ríkisstj. og meiri hl. fjvn. séu of rausnarleg í framlögum úr ríkissjóði, en hið gagnstæða, svo sem hv. minni hl. fjvn. vill vera láta.

Helztu hækkanir frá gildandi fjárl. eru þessar, þegar til greina eru teknar till. nefndarinnar: Almannatryggingar 4 millj., kennslumál 3.5 millj., sjávarútvegsmál 2.7 millj., kirkjumál 3 millj., vegir og brýr 3.2 millj., hafnir 0.8 millj., eignahreyfingar 17.8 millj., dýrtíðarráðstafanir 3.2 millj. og heilbrigðismál 1 millj.

Þótt fjárhagur ríkissjóðs standi nú í blóma, er ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að engin von er til þess, að ríkissjóður fái lengi staðið undir slíkum útgjaldahækkunum frá ári til árs sem verið hafa nú um langt skeið. Hinn ríkjandi hugsunarháttur er þó þannig, að mjög erfitt er að sporna við fótum. Flestir vilja láta leiðast af þeirri draumsýn, að sífellt hljóti að stefna hratt upp á við með tekjur ríkissjóðs og því sé sjálfsagt fyrir alla þjóðfélagsborgara, sem í einhverjar kröggur komast, að gera kröfu um aðstoð frá ríkinu. Háværastar eru þó kröfurnar frá þeim, sem mest tala um skattaáþján og telja allt að því glæpsamlegt af ríkisvaldinu að ætlast til þess að fá tekjur til þess að standa undir hinum háu útgjöldum. Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera ljóst, hversu rangsnúinn slíkur hugsunarháttur er.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, mun ég ekki nú ræða einstakar brtt. hv. minni hl. fjvn., sem liggja fyrir í sameiginlegu áliti frá þeim hv. tveim þm., heldur bíða þess, að talað verði fyrir till. Allar eru till. þessar um aukin útgjöld, sem nema mörgum milljónatugum, og hvergi bent á eina einustu tillögu til sparnaðar á útgjöldum ríkisins, nema þá helzt það að leggja niður varnarmáladeildina við utanríkisráðuneytið.

Í nál. sínu lætur minni hl. n. kveða við hinn sama són og áður, að útgjaldahækkun ríkissjóðs sé fyrst og fremst að kenna hinu svokallaða „embættismannabákni“. Engin till. er þó fram borin til þess að minnka þetta bákn, og ekki kæmi mér á óvart, að þessir hv. þm. teldu sig mikla stuðningsmenn launahækkana til opinberra starfsmanna, þegar þær koma til meðferðar.

Minni hl. segir, að fjármálastefna núverandi

hæstv. ríkisstj. sé hin mesta glæfrastefna, og sé aðaleinkenni stefnunnar að hækka álögur á landsmenn og auka þannig tekjur ríkissjóðs. Hér er um hina mestu staðleysu að ræða, svo sem allir vita. Tollar og skattar til ríkissjóðs hafa verið óbreyttir í mörg ár, og á síðasta þingi voru beinir skattar meira að segja lækkaðir um 20—29%. Hinar síhækkandi tekjur ríkissjóðs stafa því alls ekki af því, að álögur hafi verið þyngdar á landsmönnum, heldur koma þær af aukinni peningaveltu og auknum innflutningi. Að ríkisstj. hafi einkum lagt sig fram um að íþyngja atvinnuvegum landsmanna, er slagorð, sem ekki á við nein rök að styðjast og ósæmilegt er að byggja málflutning á í nál. á Alþ.

Sú staðreynd blasir við, að hv. minnihlutamenn og skoðanabræður þeirra hafa ekki sýnt nokkra viðleitni í þá átt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, heldur finna þeir ríkisstj. og meiri hl. fjvn. það helzt til foráttu, svo sem till. þeirra benda til, að vilja ekki ganga nógu langt til fjárveitinga úr ríkissjóði. Jafnframt hneykslast þessir hv. þm. yfir því, að stjórnarflokkarnir skuli ekki afnema stóran hluta þeirra tekjustofna, sem eiga að standa undir þessum miklu útgjöldum ríkisins. Sjá allir heilvita menn, hversu óraunhæf og hættuleg slík fjármálastefna er.

Svo sem hæstv. fjmrh. skýrði frá í framsöguræðu sinni við 1. umr. fjárl., skipaði ríkisstj. á s. l. sumri 6 manna n. til þess að athuga, hvort og þá hvernig koma mætti við sparnaði í rekstri ríkisins. Jafnframt var n. falið að gera till. um, hversu setja mætti hemil á hin sívaxandi útgjöld ríkissjóðs vegna ábyrgðarskuldbindinga. Hér er um mjög stórt viðfangsefni að ræða, sem engin von er til að hægt sé að gera viðhlítandi skil á skömmum tíma, enda mun n. ekki enn hafa skilað till. sínum, og hefur því ekki verið auðið að hafa þær til leiðbeiningar við afgreiðslu fjárl. í þetta sinn. En fjvn. er þeirrar skoðunar, að erfitt kunni að reynast að ná saman endum við samningu næstu fjárl. og sé því mikilvægt að íhuga vandlega allar hugsanlegar leiðir til sparnaðar.

Sannleikurinn er þó sá, að það er hægara að tala um sparnað en að framkvæma hann, og erfitt mun verða að koma við nokkrum þeim sparnaði, sem verulegu máli skiptir, nema með því að skerða ýmsa þá þjónustu, sem almenningur telur mikilvægt að ríkið haldi uppi. Það getur auðvitað hljómað vel í eyrum að tala um „embættismannabáknˮ, sem allt sé að sliga, en jafnvel þeim, sem oftast taka sér það orð í munn, hefur til þessa reynzt ofvaxið að benda á sparnaðarúrræði á því sviði.

Meiri hl. fjvn. mælir með því, að fjárlfrv. verði samþykkt með þeim brtt., sem n. ber fram á þskj. 236 og 237. Það er von meiri hl. n., að allur þorri hv. þm. vilji styðja þá fjármálastefnu að íþyngja ekki atvinnuvegum þjóðarinnar og þjóðfélagsborgurunum með of þungum álögum, en halda þó uppi sem fjölþættustum stuðningi við atvinnulíf í landinu, tryggja sem bezt félagslegt öryggi þjóðarinnar, efla sem mest margvíslega menningarstarfsemi í landinu, en gæta þess þó jafnan að standa báðum fótum á jörðu, binda næstu kynslóðum ekki stærri skuldabagga en svo, að þær fái undir þeim risið, og gæta þess þá um leið jafnan að haga ríkisbúskapnum og fjármálastefnu ríkisins þannig, að sæmi stjórnarfarslega þroskaðri þjóð. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur fjvn. teygt sig svo langt sem verða má með fjárframlög til hinna margþættustu þjóðnytjamála, en um leið lagt áherzlu á að halda sér innan þeirra takmarka, að afkoma ríkissjóðs verði greiðsluhallalaus á næsta fjárhagsári. Þessa stefnu telur hún í beztu samræmi við hagsmuni þjóðarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 250, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Fjvn. hefur eins og oftast áður klofnað, og mynda meiri hl. allir fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. í n. Hefur frsm. meiri hl., hv. 2. þm. Eyf., nú gert grein fyrir nál. og till. meiri hl. Þær till. eru flestar smálagfæringar á frv. til fjárl. fyrir árið 1955 og viðbætur við það. En í rauninni er með till. meiri hl. lögð blessun yfir fjárlfrv. sjálft og þá viðsjárverðu stjórnarstefnu, sem það er spegilmynd af. Það er því að vonum, að ræða hv. 2. þm. Eyf. varð nálega óslitinn lofsöngur um stefnu ríkisstj. og um ástandið í landinu, sem þeir telja vera harla gott.

Við hv. 11. landsk. (LJós) lítum allt öðruvísi á það mál. Við teljum stefnu ríkisstj. í fjármálum, þá stefnu, sem fjárlfrv. er byggt á, vera í senn ranga og bókstaflega hættulega atvinnuvegum landsins. Ávextir þessarar stefnu blasa hvarvetna við. Gengislækkunin var fyrsta sporið út á þá heljarslóð, sem núverandi og næstsíðasta ríkisstj. hafa troðið síðan. Verðfelling krónunnar átti að vera allsherjarlækning á öllum erfiðleikum og meinum atvinnulífsins, og upp á það voru þjóðinni þulin mörg læknisvottorð frá sprenglærðum Ólöfum og Benjamínum, ríkisstjórninni og ýmsum fleiri. En því miður hafa þessi vottorð reynzt falsvottorð eintóm, og spárnar um gullöld atvinnulífsins hafa sprungið á sjálfum spámönnunum eins og sápukúlur væru. Eftir gengislækkunina varð fljótlega að grípa til annars bjargræðis fyrir bátaútveginn, það var bátagjaldeyrisskatturinn, sem er í raun og veru viðbótargengislækkun eða hundraða milljóna skattur á þjóðina ofan á allt annað. En ekki dugði þetta heldur. Á þessu ári var togaraútgerðin líka komin á heljarþröm, og þá var skellt á sérstökum togaraskatti upp á nokkra tugi milljóna bara til þess að halda togurunum í gangi fram til næstu áramóta. Svo vísdómslega var þessum skatti þó hagað, að af honum drypi jafnframt í ríkissjóð a. m. k. 20 millj. kr. sem aukageta, og var þó sannarlega ekki hægt að segja, að ríkissjóðurinn væri í aurahraki. Þannig er ástand sjávarútvegsins.

En ekki er hörmungarsaga atvinnuveganna öll sögð með því, því að með gengislækkuninni átti svo sem að hverfa af styrkja- og uppbótaleiðinni,

allar uppbótagreiðslur til atvinnuveganna áttu þá að falla niður, og hin hátíðlegu loforð, sem gefin voru um það, eru öllum í fersku minni. Er þá ástæða til að spyrja, hvort þau loforð hafi ekki verið efnd. Hefur ekki verið staðið vandlega við loforðin um að hverfa af styrkjaleiðinni? Nei, það er eitthvað annað. Á seinasta ári voru borgaðar 50 millj. kr. í niðurgreiðslur úr ríkissjóði, aðallega til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum. Sama upphæð fer í niðurgreiðslur á þessu ári, og sama fjárhæð er enn þá ætluð til þeirra á næsta ári. Þannig eru allir framtíðaratvinnuvegir og framleiðsluatvinnuvegir þjóðarinnar á fátækraframfæri hjá ríkissjóði, en milliliðir og braskarar græða á tá og fingri og velta sér í auði og allsnægtum. Og hvaðan skyldu þeir fá gróða sinn? Auðvitað af framleiðslustörfum þjóðarinnar, því að víst er, að það er vinnan, sem er móðir allra auðæfa. Gæðingar stjórnarflokkanna hafa fengið óheft frelsi og í flestum tilfellum einokunaraðstöðu til að soga til sín ofurgróða af sölumeðferð framleiðsluvaranna og síðan margfalda þann ofsagróða aftur með ótakmarkaðri álagningu á þær vörur, sem keyptar eru inn í landið fyrir framleiðslu landsmanna. Á þessum leiðum er siglt við blásandi byr fjárplógs og féflettingar. En hver trillubátur, hver þilfarsbátur og hver togari er rekinn með dúndrandi tapi. Af öllu greiðist meira eða minna. Allir þeir, sem vinna að stjórn eða rekstri atvinnutækja, verða að búa við kröpp kjör. Fólkið flýr þess vegna framleiðslustörfin. Skortur er á mönnum á vélbátaflotann, og nú á að fara að flytja inn útlendinga á bátana. Það er sama sagan og var með togaraflotann í fyrravetur, þar til mönnum hugkvæmdist það snjallræði undir verkfallsógnunum að bæta svolítið kjör togarasjómannanna, og það reyndist auðvitað að leysa vandann.

Ekki er það betra með landbúnaðinn. Um ástandið þar hafa þeir hv. stjórnarstuðningsmenn, Jón á Reynistað og Jón Pálmason, þm. Skagf. og Húnv., sagt hv. Alþingi sannleikann, en hann er sá, að aldrei í sögunni hafi tilveru íslenzks landbúnaðar verið ógnað eins og nú af verkafólksskorti, vinnuaflsskorti. Og þeirra till. er að flytja inn kvenfólk frá Hollandi eða öðrum Evrópulöndum til þess að reyna að halda íslenzkum landbúnaði gangandi. Ekki er þó gefin nein fullnægjandi heildarmynd af upplausnar- og neyðarástandi atvinnulífsins, nema á það sé minnzt, að atvinnuleysi herjar nú í þremur landsfjórðungum, og er það ástand ekki aðeins viðurkennt af stjórnarandstæðingum, heldur hafa stuðningsmenn stjórnarinnar komið fram í hópum og röðum hér á Alþingi, lýst atvinnuskortinum hver í sínu byggðarlagi og krafizt úrbóta.

Þetta eru ávextir þeirrar stjórnarstefnu, sem hóf hér innreið sína árið 1950 með gengisfellingunni og hefur drottnað alvöld síðan. Það má nú segja, að þetta er búskapur í lagi — Sjálfstæðisbúskapur — það er sjálfsagt að nefna hann því nafni, enda annast bústjórnina Sjálfstæðisflokkur og bændaflokkur, sem kennir sig við framsækni og framfarir. Ríkisstj. ætti vissulega að staldra við á heljarslóðarmarsi sínum og spyrja: Hvað er nú orðið okkar starf, höfum við gengið til góðs? — Ef til vill sýnist stjórninni sem ofurgróði milliliða og braskara sé aðalatriðið, að dýrtíðarflóðið sé gæði, en ekki þjóðfélagsböl. Ef til vill segir forsrh. bara með hressilegu handapati: Skítt með atvinnuvegina, lifi milliliðirnir. — A. m. k. verður ekki annað séð en að kjörorð stj. séu að anda og innihaldi eitthvað á þá leið, og starf stj. er nú aðallega orðið það að grípa sífellt til nýrra og nýrra neyðarúrræða — hún játar sjálf, að það séu neyðarúrræði — til þess að reyna að koma í veg fyrir algera stöðvun atvinnulífsins í bili. Stendur hún í því efni í líkum sporum og meistarinn Münchausen, þegar hann var að reyna að draga sjálfan sig upp á hárinu.

Við hv. 11. landsk., sem stöndum að áliti og till. minni hl. fjvn., gerum okkur ljóst, að það ber nauðsyn til, að breytt verði um stefnu í fjármálum landsins, en slík breyting næst ekki fram með því einu að gera nokkrar smábreytingar á ýmsum liðum fjárlfrv. Við höfum því látið undir höfuð leggjast að bera fram brtt. að þessu sinni til að draga úr hinu sívaxandi embættisbákni ríkisins. Til þess að koma þar fram breytingum, sem máli skipti, þarf margvíslegar lagabreytingar, en þannig væri líka hægt að gera embættisbáknið miklu einfaldara, starfhæfara og ódýrara. Við erum líka í meginatriðum ósamþykkir þeirri tekjuöflun, sem nú er bundin í lögum, og væri vissulega þörf margvíslegra lagabreytinga á því sviði. En við viljum, að hinir lögbundnu tekjustofnar ríkisins séu rétt áætlaðir, en það hafa þeir ekki verið nú í mörg undanfarin ár. Hefur nú verið upplýst, að tekjur ársins 1954 hafi farið 108 millj. kr. fram úr tekjuáætlun fjárl. fyrir þetta ár. Á fjárl. þessa árs voru tekjurnar áætlaðar 443 millj., en verða a. m. k. 551 millj. kr., áður en þessu ári lýkur. Og þessar röngu áætlanir eru heldur engin ný bóla, því að svona hefur þetta gengið á hverju einasta ári, a. m. k. síðan ég kom í fjvn. og man til þessara mála. Á hverju einasta ári hef ég lagt til, að tekjuáætlunin væri hækkuð um nokkra milljónatugi. Á hverju einasta ári hefur hæstv. fjmrh. hamazt á móti þessum leiðréttingum, og allt stjórnarliðið hefur lamið fram fyrir hann hinar röngu — þ. e. a. s. allt of lágu — tekjuáætlanir. Hæstv. fjmrh. hefur á hverju ári fullyrt, að áætlanir mínar væru óraunhæfar, þær væru allt of háar, hann hefur talað um blekkingar, barnaskap, fáfræði í því sambandi. En hver hefur svo reynslan orðið? Hún hefur orðið sú á hverju einasta ári, að allar mínar áætlanir hafa staðizt og reynzt mjög varlegar, eins og ég hef haldið fram að þær væru og eins og ég hef vitað að þær voru.

Aldrei hefur hæstv. fjmrh. þó haft stærri orð um glannalegar áætlanir mínar um tekjuáætlanir fjárl. heldur en í fyrrahaust um þetta leyti. Þá lagði ég til, að tekjuáætlanirnar á fjárl. yrðu hækkaðar um rúmar 35 millj. kr., að mig minnir. Að lokum lét stjórnarliðið svolítið undan síga og hækkaði tekjuáætlunina um 17 eða 18 millj., að ég held. En hver hefur svo reyndin orðið á þessu ári, sem síðan er liðið? Hún er þessi, sem ég áðan sagði. Tekjurnar hafa farið 108 millj. a. m. k. fram úr áætlun fjárl.,

eins og frá þeim var gengið að síðustu, en nálægt 130 millj. fram úr áætlun hæstv. fjmrh. samkv. fjárlfrv. ársins 1954. Þetta er kórónan á röngum tekjuáætlunum fjárl. á undanförnum árum.

Nú skyldi maður ætla, að fjmrh. hefði séð að sér og viðurkenndi staðreyndir, en það er ekkert útlit fyrir það enn þá. Hann lagði í haust fram fjárlfrv., þar sem gert er ráð fyrir, að tekjurnar árið 1955 verði 494 millj., eða um 60 millj. kr. lægri en tekjur þessa árs reynast. Þetta heitir á biblíumáli að forherðast í syndinni, en er á alþýðumáli íslenzku nefnt að lemja hausnum við steininn. Sá kostur er þó einn fyrir hendi að gera enn þá eina tilraun til að leiðrétta tekjuáætlun fjárl., sem enn þá er bersýnilega röng um marga milljónatugi. Verður enn farið svo varlega í sakir, að víst megi telja, að reynslan skili hærri tölum, eins og ég hef gert undanfarin ár.

Áætlun hæstv. fjmrh. um tekju- og eignarskattinn læt ég standa óbreytta eins og hann hefur gert hana, en hún er 65 millj. og 700 þús. kr. Má þó telja alveg víst, að hin alkunna varfærni hæstv. ráðherra lumi þar á nokkrum milljónum sem afgangi. — Vörumagnstollurinn, sem í frv. er áætlaður 26 millj., er nú orðinn 25.3 millj. í nóvemberlokin. Hann á því áreiðanlega eftir sem svarar tveggja mánaða viðbót um það leyti sem hann verður fulluppgerður, og áætlast hann því af okkur í minni hl. 30.5 millj. kr. — Verðtollurinn er áætlaður í frv. 138 millj. kr. Hann er þegar orðinn 133.3 millj., en kemur inn nokkru eftir á. Eftir reynslu undanfarinna ára á hann eftir að hækka mikið, og áætla ég hann þó ekki nema 158.3 millj. kr. — Innflutningsgjald af benzíni er áætlað 9½ millj., en þegar er komið á 13. millj., og áætla ég það því 14½ millj. kr. — Gjald af innlendum tollvörum áætla ég 1 millj. kr. hærra en gert er í frv. og bifreiðaskattinn aðeins 700 þús. kr. hærri þrátt fyrir allan þann bílafjölda, sem nú á að flytja inn í landið á þessu og næsta ári. Hvort tveggja er svo varlega gert, að ekki verður um það deilt. — Aukatekjur, sem hafa tekið mikið stökk upp á við frá árinu 1953, áætla ég 1 millj. hærra en gert er í frv., eða 8.6 millj. í staðinn fyrir 7.6 millj.

Þá kemur að hinni miklu mjólkurkú ríkisstj., söluskattinum. Hann er áætlaður 107 millj. á fjárlfrv., en varð árið 1953 nokkru hærri, og nú í nóvemberlokin er hann orðinn 104 millj. Hann er einn þeirra tekjustofna, sem skila sér í ríkiskassann nokkuð eftir á, og er því óhætt að reikna með því, að hann eigi eftir að skila í desember, þeim mikla kaupsýslumánuði, og janúar allt að þriggja mánaða meðaltekjum. Áætla ég hann því örugglega 126 millj. kr. og veit, að hann verður nokkru hærri. — Reynsla seinasta árs, þegar söluskatturinn var áætlaður 91½ millj. kr., en tekjurnar fóru 108 millj. fram úr áætlun, eins og áður er sagt, sýnir, að vel hefði verið forsvaranlegt að samþykkja till., sem fram kom í fyrra um að fella söluskattinn alveg niður. En þrátt fyrir það leggur minni hl. nú aðeins til, að þriðjungur hans, 42 millj. kr., verði látinn renna til tekjuvana bæjar- og sveitarfélaga og ríkissjóði séu ætlaðir ⅔ af söluskattinum.

Samkv. ríkisreikningunum 1953 voru tekjur af rekstri ríkisstofnana, aðallega áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu, 112.8 millj. kr. Nú þegar eru tekjur þessara stofnana orðnar 96 millj. kr., og er vitað, að desember er jafnan tekjudrjúgur hjá báðum þessum fyrirtækjum. Ég tel mig því ekki áætla of djarft, þegar ég geri ráð fyrir, að áfengi og tóbak skili ríkissjóði á næsta ári 115 millj. kr. með sífjölgandi veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi hafa fengið nýlega og eru að fá.

Niðurstaðan af tekjuhækkunartill. mínum og hv. 11. landsk. (LJós) er þá sú, að tekjur fjárl. yrðu samkv. okkar till. tæpar 553 millj. kr., eða nokkurn veginn sama upphæð og tekjurnar reynast þetta ár, 1954. Hefur meiri hl. enga tilraun gert til að sýna fram á, að tekjur muni fara lækkandi á næsta ári, enda er ekkert, sem bendir til þess, að það séu komin straumhvörf í tekjuupphæðum ríkissjóðs. Hins vegar má geta þess, að þegar er vitað, að ríkissjóður fær á næsta ári um 20 millj. kr. aukatekjur vegna togaraskattsins á bílana, þó að skipulag þessa togaraskatts verði ekki framlengt, en miklu meiri upphæð, ef gripið verður til þess að framlengja það fyrir næsta ár. Til þessarar upphæðar hefur ekkert tillit verið tekið í okkar hækkunartill., og á hæstv. fjmrh. hana til góða.

Till. þær, sem við berum fram um beinar gjaldahækkanir á fjárl., nema hins vegar samtals ekki nema 28.3 millj. auk þeirra 14 millj. hækkunartill., sem við stöndum að ásamt hv. meiri hl. fjvn. Þannig skiljum við þá við fjárlfrv., þótt till. okkar yrðu allar samþ., með meiri tekjuafgangi en stjórnarliðið, enda höfum við þá leiðrétt nokkuð tekjuáætlunina, sem hefur verið röng mörg undanfarin ár og er jafnvitlaus nú eins og áður.

Stærstu till. okkar eru þær, að atvinnubótafé verði 10 millj. kr. í stað 5 millj., sem nú eru á frv. Aðrar 10 millj. kr. leggjum við til að fari til stuðnings bæjar- og sveitarfélögum til kaupa á fiskibátum. Þá leggjum við til, að varið verði 20 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs 1954 til eflingar Fiskveiðasjóði Íslands. Það er einnig styrkur fyrir atvinnulífið, 50 millj. kr. verði teknar að láni, að svo miklu leyti sem fjárhagur ríkissjóðs á næsta ári gerði ekki mögulegt að leggja þá upphæð eða meiri hluta hennar fram, og þetta fé yrði síðan endurlánað bæjar- og sveitarfélögum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi til viðreisnar og eflingar atvinnulífinu í þessum aðþrengdu landshlutum. Þetta er sem sé okkar till. um að hætta að snakka og fara að gera eitthvað til aukins jafnvægis í byggð landsins.

Húsnæðisleysinu leggjum við til að verði mætt með 15 millj. kr. láni til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna. Við leggjum enn fremur til, að aðrar 15 millj. kr. verði ætlaðar lánadeild smáíbúða, enda sé allri framkvæmd þeirrar lánastarfsemi komið í hendur einhverjum bankanna. Samvinnubyggingarfélögin vinna líka merkilegt og virðingarvert starf til lausnar á húsnæðisvandamálinu, og leggjum við til, að þeim verði útvegað 10 millj. kr. lánsfé til byggingarstarf-

semi sinnar. Væri þá samkv. þessum till. okkar varið 40 millj. kr. til úrlausnar á húsnæðisvandræðunum í landinu. Enn fremur leggjum við til, að varið verði 3 millj. kr. samkv. 3. kafla laga nr. 44 frá 7. maí 1946, um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum, en sú löggjöf hefur legið dauð nú um nokkurra ára skeið.

Raforkumálin áttu að verða eitt aðalstefnumál þessarar ríkisstj., en framkvæmdir í þeim málum hafa til þessa valdið þjóðinni meiri vonbrigðum en allt annað í starfsemi stjórnarinnar. Þess vegna minnum við hæstv. ríkisstj. á hin gullnu loforð hennar í raforkumálunum með því að leggja nú til, að raforkusjóði verði ætlaðar 10 millj. kr. og að til nýrra raforkuframkvæmda á 16. gr. verði ætlaðar 12 millj. kr.

Lofað hefur verið að greiða niður verð á raforku, framleiddri í dieselrafstöðvum, en það er víða geysilega hátt, og þetta loforð hefur ekki verið efnt. Þess vegna leggjum við til, að varið verði 1 millj. kr. í þessu skyni.

Lánasjóð stúdenta teljum við nauðsynlegt að efla, svo að hann geti orðið sterkur sem fyrst og gegnt nauðsynlegu hlutverki sínu í framtíðinni. Það er um einar 300 þús. kr. sem við leggjum til að framlagið til hans verði hækkað.

Malbikuðum vegum og götum í kaupstöðum, sem lengi hafa á fjárl. átt að fá 100 þús. kr., en aldrei fengið neitt, ætlum við 2 millj. kr. og til verkamannaskýla í hafnarbæjum 1 millj. kr. gegn tvöföldu framlagi, sem kæmi annars staðar að.

Með þessum till. okkar teljum við, sem minni hl. skipum, að sýnd væri þó nokkur viðleitni í þá átt að snúast við erfiðleikum atvinnulífsins úti á landi, byrja á lausn húsnæðisvandamálsins og sinna nokkrum öðrum aðkallandi viðfangsefnum, sem fjárlfrv. sýnir litinn eða engan lit á að leysa. Þyrfti þó miklu gagngerðari umbyltingu á frv. öllu, ef vel ætti að vera. En það verður sjálfsagt að bíða betri tíða, þegar ný ríkisstj. og ný stjórnarstefna hefur tekið við á Íslandi.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., hefur fjvn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu fjárlfrv. Meiri hl., þ. e. stuðningsmenn ríkisstj., leggur til, að frv. verði afgreitt í öllum meginatriðum á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hefur lagt til í upphafi í frv. En við tveir í minni hl., hv. 3. landsk. (HV) og ég, lýsum hins vegar yfir, að við erum andvígir þeirri meginstefnu, sem fjárlfrv. er grundvallað á.

Hv. 3. landsk. hefur nú gert hér allýtarlega grein fyrir afstöðu okkar og ýmsum þeim till., sem við flytjum, og af þeirri ástæðu get ég stytt mál mitt, en mun þó víkja hér að nokkrum aðalatriðum, bæði viðvíkjandi till. og viðvíkjandi sjónarmiði míns flokks til frv. í heild.

Við sósialistar höfum marglýst því yfir, að við teljum, að fjármálastefna þessarar ríkisstj. og þeirrar ríkisstj., sem hér fór með völd næst á undan þessari, sú fjármálastefna, sem markast í fyrirliggjandi fjárlfrv., sé í aðalatriðum röng og óheillavænleg fyrir atvinnuvegi landsmanna og afkomu alþýðu manna. Við teljum, að það þurfi að skipta um stefnu í öllum meginatriðum í fjármálum. Sú fjármálastefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt sérstakt kapp á, hefur einkennzt fyrst og fremst af því að hækka jafnt og þétt frá ári til árs álögur á landsmenn, hækka tekjur ríkissjóðs. Hún hefur að verulegu leyti verið fólgin í því að trúa á það, að þá fyrst væri fjármálum landsmanna vel borgið, ef ríkissjóður hefði nokkurn tekjuafgang.

Því er að vísu haldið fram hér, að ríkisstj. hafi ekki hækkað álögur á landsmenn, vegna þess að að verulegu leyti séu sömu skattstigar í gildi og hafi verið í gildi í mörg ár. En það er auðvitað auðvelt verk að leika sér að tölum aftur og fram, m. a. þegar gerð er grundvallarbreyting á gildi talna eins og í sambandi við gengisbreytingar. Eigi að síður verður ekki um það deilt, að t. d. fyrsta árið eftir að gengisbreytingin var samþykkt, árið 1950, voru heildartekjur ríkissjóðs rétt í kringum 300 millj. kr., en nú á þessu ári, sem er að ljúka, eru þessar sömu tekjur orðnar 550 millj. kr. Það gefur því alveg auga leið, að álögurnar á landsmenn hafa hækkað sem þessu nemur, jafnvel þó að ýmsir skattstigar hafi verið óbreyttir frá því, sem áður var.

Við sósialistar höfum lagt áherzlu á, að það eitt, að ríkissjóður sýni sæmilega góða afkomu, segi tiltölulega lítið um það, hversu réttmæt fjármálapólitíkin er; hitt skipti miklu meira máli, að rannsaka, hvernig atvinnulífi landsmanna hefur vegnað undir þessari fjármálastjórn. Búa atvinnuvegirnir við eðlileg kjör, geta þeir starfað óhindrað, og aukast af þeim ástæðum þjóðartekjurnar á raunhæfan hátt?

Staðreyndirnar hafa leitt í ljós, að flestar aðalgreinar atvinnulífsins eru þannig á vegi staddar, að það verður að grípa til örþrifaráða til þess að forðast þar beina stöðvun. Og fjöldamörg dæmi liggja fyrir til sönnunar því, að þau atvinnutæki, sem landsmenn hafa aflað sér, eru ekki notuð til fulls vegna þess, hve atvinnulífið er aðþrengt fjárhagslega.

Það er auðvelt að benda á, að það væri hægt aðeins með samþykkt einnar nýrrar till. hér á Alþ. að auka tekjur ríkissjóðs enn um 1 eða 2 eða 3 hundruð millj. króna, og fjármálaráðherra gæti svo komið fram á eftir og státað af því, að hagur ríkissjóðs væri góður. En afleiðing þessa gæti hins vegar orðið sú, að verulegur hluti af aðalatvinnuvegum landsmanna hefði stöðvazt. Þó að þetta hafi nú ekki gengið svo langt, að fjmrh. geti með þeirri stefnu, sem hér hefur verið haldið, komið hér fram á Alþ. og státað af 1, 2 eða 3 hundruð millj. króna afgangi, og afleiðingin sé ekki heldur orðin sú, að meginhluti af atvinnutækjum landsmanna sé stöðvaður, þá hefur óneitanlega stefnt mjög í þessa átt. Hæstv. fjmrh. og ríkisstj. sem heild státa af þessari góðu afkomu ríkissjóðs, en vilja minna tala um hina raunverulegu afkomu atvinnuveganna.

Við sósialistar höfum einnig lýst því yfir, að við erum í meginatriðum andvígir þeim tekjuöflunarleiðum, sem nú eru farnar til að afla ríkissjóði tekna. Eins og kunnugt er, þá er uppistaðan í tekjum ríkissjóðs tollar á neyzluvarning, söluskattur, sem verkar nákvæmlega eins og þungbærustu tollar, og síðan hagnaður af áfengis-

sölu og tóbakssölu. Aftur á móti fer sá hluti af tekjum ríkissjóðs minnkandi árlega, sem tekinn er á raunverulegan hátt af þeim, sem breiðust hafa bökin í þjóðfélaginu.

En nú er það svo, að við afgreiðslu fjárl. verður ekki gengið til atkvæða um það, hvernig tekjuöflunin skuli fram fara, — það er ákveðið með öðrum lögum, — en hins vegar er þó ljóst, að áætlanir þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert um væntanlegar tekjur samkvæmt þessum leiðum, eru rangar. Hv. 3. landsk. hefur nú gert allýtarlega grein fyrir skoðunum okkar í minni hlutanum í þeim efnum, og þarf ég því ekki að eyða löngu máli að því. En aðalatriðin eru þessi: Tekjurnar samkvæmt fyrirliggjandi tekjuöflunarleiðum munu á þessu ári reynast í kringum 550 millj. kr. eða fara 108 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Það er engin ástæða til þess að áætla ekki á næsta ári jafnmiklar tekjur til handa ríkissjóði samkvæmt þessum sömu lögum eins og tekjurnar verða á þessu ári, og við það höfum við í minni hlutanum miðað okkar tillögur.

Ég endurtek það, að þó að við stöndum að till., sem miða að hækkun á verðtolli og söluskatti, þá er það aðeins til þess að leiðrétta fyrirliggjandi áætlanir, en eigi að síður erum við mótfallnir þeirri leið, sem meiri hluti Alþ. hefur ákveðið í sambandi við þessa tekjuöflunarleið.

Það er skoðun okkar í minni hlutanum, að ekki sé verjandi, eins og nú er háttað afkomu ríkissjóðs, að afgreiða svo fjárlög fyrir næsta ár, að ekki séu gerðar ráðstafanir til frambúðarlausnar á atvinnumálum þeirra landshluta, þar sem nú er verst ástatt í atvinnumálum. Það verður þó að teljast hin minnsta skylda ríkisins, þegar þannig hefur verið haldið á málunum eins og ég hef nokkuð minnzt hér á, að afkoma ríkissjóðs er orðin mjög góð, að ríkissjóður sýni þá skilning á því að mæta aðkallandi vanda í sambandi við atvinnumál þeirra, sem eiga erfiðast í þeim efnum, en það er löngu viðurkennt mál hér á Alþ., að víðs vegar úti á landi stappar nærri hreinum vandræðum í atvinnumálum.

Það fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, gerir ekki ráð fyrir neinum úrbótum í þessum efnum. Það eina, sem í því er að finna, er það, að gert er ráð fyrir að verja 5 millj. kr. til atvinnubóta úti á landi, þar sem atvinnuleysi er orðið viðvarandi, en það er samsvarandi fjárveiting og veitt hefur verið í þessu skyni nokkur undanfarin ár. En um úrbætur, sem mættu verða til frambúðar í þessum efnum, er ekki að ræða.

Við í minni hlutanum höfum því lagt hér fram till., sem mættu verða fyrsta skref í þá átt, að hér yrði virkilega hafizt handa með nokkra frambúðarlausn í þessum málum. Við leggjum hér til, að ríkissjóður taki að láni eða leggi fram, eftir því sem geta hans er til, 50 millj. kr. og framláni þessa upphæð til þeirra bæjar- og sveitarfélaga úti á landi, sem mest eru þurfandi í þessum efnum og þurfa að rétta við sitt atvinnulíf. Ég hygg, að varla verði um það deilt, að ríkissjóður getur vel látið þetta fé af hendi. Hvort tveggja er, að hann getur tekið nokkurn hluta af þeim mikla tekjuafgangi, sem hann kemur til með að eiga nú í árslokin, og varið honum í þessu skyni, og eins mun honum ekki heldur verða skotaskuld úr að taka nokkuð eða jafnvel allt þetta fé, 50 millj. kr., að láni og framlána það þessum byggðarlögum. Spurningin er aðeins sú: Er vilji hér á hv. Alþ. í þessa átt? Vill hæstv. ríkisstj., að ráðið verði á varanlegan hátt fram úr þessum vandamálum þeirra staða, sem hér hafa orðið harðast úti?

Við höfum einnig lagt fram till. um það, að 20 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs á þessu ári verði varið til þess að efla fiskveiðasjóð. Um þetta hefur lítillega verið rætt hér á Alþ., og raddir hafa jafnvel komið fram um það frá hæstv. ríkisstj., en engar till. hafa komið fram um þetta efni enn. Það má hins vegar telja fullvíst, að hreinn tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári muni verða um 60—70 millj. kr. Það virðist því ekki nema sanngjarnt, að af þessari fjárfúlgu verði varið um 20 millj. kr. til þess að efla fiskveiðasjóð, en meginhlutinn af því fjármagni, sem þangað gengur, er aftur lánaður til þess að kaupa inn nýja fiskibáta til landsins og efla fiskiðnað landsmanna og skilar sér því fljótlega í stórauknum þjóðartekjum.

Þá leggjum við einnig fram till. um það, að varið verði beint úr ríkissjóði 10 millj. kr. til þess að styðja ýmsa til fiskiskipakaupa. Það hefur sýnt sig, að þeir staðir eru allmargir, sem eru þannig settir fjárhagslega nú, að þó að þar sé fyrir að finna duglega fiskimenn, sem gjarnan vilja eignast fiskibáta, þá þurfa þeir að leggja fram til þess að eignast meðalfiskibát a. m. k. 250—300 þús. kr. á hvern bát, en það er hærri fjárhæð en svo, að menn alls staðar á landinu hafi þetta fé handbært til þess að leggja fram í þessu skyni. Við álítum því, að það væri réttmætt að leggja af þessum miklu tekjum ríkissjóðs fram 10 millj. kr., sem yrði varið gagngert í því skyni að efla þá til þess að eignast fiskiskip, sem hafa ekki nægilegt fjármagn fram að leggja að sínum hluta á móti þeim lánum, sem annars munu verða veitt, t. d. frá fiskveiðasjóði.

Þá höfum við einnig lagt fram till. um það að hækka framlag til atvinnubóta úr 5 millj. kr. í 10 millj. kr. Ég skal að vísu taka það fram, að ég álít, að ráðstöfun á undanförnum árum á þessu atvinnubótafé hafi verið verulega áfátt og það þurfi sem fyrst að reyna að breyta til um útdeilingaraðferð á þessu fé. Þegar svo er komið, að hægt er að tilgreina ýmis bláfátæk byggðarlög úti á landi, sem sótt hafa um atvinnubótafé og þar sem verulegt atvinnuleysi er oft og tíðum, en fá ekkert fé úr þessum sjóði ár eftir ár, en hins vegar eru verulega stór og fjársterk fyrirtæki og ýmsir einstaklingar, þ. á m. ýmsir alþm., farin að fá árlega atvinnubótafé, þá álít ég, að það sé komið inn á svo hættulega braut, að það verði að vara við henni. Það er sannleikur, sem rétt er að staldra við, að þetta fé hefur ekki einvörðungu verið veitt hreppsfélögum og bæjarfélögum, heldur er það svo, að það eru ýmis fjársterk fyrirtæki og fjársterkir einstaklingar, sem er orðið veitt þetta fé og það án allra skilyrða. Það fé, sem hefur átt að renna í sumum tilfellum til fátækra staða úti á landi, hefur runnið til einstaklinga að nafninu til í þessum byggðarlögum, en viðkomandi atvinnutæki, sem

þannig hafa átt að fást í plássið, hafa verið horfin þaðan strax næsta ár á eftir. Vægast sagt verðum við líka að telja, að hið mesta handahóf hafi ríkt um ráðstöfun á þessu fé. Hinu er svo ekki að neita, að í mörgum tilfellum hefur þetta fé komið sér vel. Það er hægt að nefna mörg dæmi um það, að byggðarlög hafa fengið þarna nokkra fjárhagslega aðstoð og fleytt sér verulega áfram vegna þessa fjárstuðnings. Ég tel því ekki óeðlilegt, að það sé lagt fram nokkru meira fé í þessu skyni heldur en gert hefur verið sem bráðabirgðalausn, á meðan verið er að vinna að því að byggja upp atvinnulíf þessara staða á þann hátt, sem til frambúðar má vera. Hins vegar er alveg augljóst mál, að það er fráleit stefna að ætla að halda áfram árum saman að láta viss byggðarlög eða einstaklinga fá 1, 2 og 3 hundruð þús. kr. í fjárstyrk úr ríkissjóði, og alltaf situr við hið sama um atvinnumöguleika viðkomandi staða. Það ber að taka atvinnumál slíkra staða til gaumgæfilegrar athugunar og reyna að leysa þau til frambúðar.

Í raforkumálum höfum við einnig flutt hér till. um allverulegar hækkanir. Ég verð að segja, að mér finnst, að þær fjárveitingar, sem er að finna í fjárlfrv. til nýrra raforkuframkvæmda, séu harla litlar með tilliti til þeirra stóru framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru í raforkumálum landsmanna. Mér sýnist því, að þó að teknar séu upp í þetta fjárlfrv. fjárveitingar, sem nema samtals í kringum 22 millj. kr., eins og við í minni hlutanum ráðgerum, til raforkuframkvæmda, þá geti það varla minna verið.

Þá höfum við einnig lagt fram till. um, að varið yrði 1 millj. kr. til verðlækkunar á rafmagni frá dieselrafstöðvum. Ég minni á í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún tók við völdum, að hún héti því að lækka rafmagnsverðið hjá þeim landsmönnum, sem nú búa við dýrasta raforku. Það var þá skilið svo, að þar sem dieselrafstöðvarnar enn eru og hljóta að verða um sinn, yrði gripið til þess að verðlækka nokkuð rafmagnið á þeim stöðum. Þrátt fyrir þessi loforð ríkisstj. hefur ekkert orðið úr framkvæmdum. Áfram hefur verið haldið á þeirri óheillavænlegu braut, að ríkissjóður hefur greitt fyrir þau bæjarfélög og sveitarfélög, sem eiga þessar rafveitur, vexti og afborganir, og lánum þeirra hefur sem sagt verið haldið í óreiðu í stað þess að greiða hreinlega með nokkurri fjárveitingu á ári hverju niður það óhæfilega háa rafmagnsverð, sem er á þessum stöðum, en gera síðan aftur kröfu til þessara staða, að þeir haldi sínum lánum í eðlilegu horfi. Ég tel, að þetta loforð ríkisstj. hafi hreinlega verið svikið. Ég hef áður flutt till. hér í þessa átt, og hún hefur ekki náð fram að ganga. Nú vil ég freista þess enn einu sinni, að ríkisstj. standi frammi fyrir þessari till. og rifji þá upp loforð sín í þessu efni.

Ég skal nú ekki ræða þetta mál frekar að sinni, hef nú minnzt á þær till., sem mestu máli skipta og við í minni hlutanum flytjum, en undirstrika það, að veigamesta atriðið í augum okkar sósíalista í sambandi við afgreiðslu þessa fjárlfrv. er það, að sú stefna, sem frv. byggir á, er í aðalatriðum röng og hættuleg atvinnulífi landsmanna.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil þakka meiri hluta fjvn. fyrir góða samvinnu um málið og láta þess getið, að meiri hl. hefur haft samráð við ríkisstj. um langflestar hinna veigameiri brtt., sem frá meiri hl. koma.

Ég gat þess hér við framsögu frv., að tilætlunin væri sú að afgreiða að þessu sinni fjárlfrv. með greiðsluafgangi og leggja hann í framkvæmdasjóð. Þetta væri gert með það fyrir augum, að við byggjum nú við óvenjulegt góðæri og þess vegna væri hyggilegt að eyða ekki öllu því, sem aflað væri, heldur geyma eitthvað af því og nota til verklegra framkvæmda, þegar sérstök ástæða væri til þess að auka atvinnu í landinu.

Eins og till. meiri hl. bera með sér, hefur nú svo ráðizt, þegar farið var að líta yfir þær margvíslegu umsóknir, sem hjá hv. fjvn. voru um framlög til nauðsynlegra mála, að ekki hefur þótt verða hjá því komizt að hækka talsvert fjárlfrv. frá því, sem það var, þegar það var lagt fyrir hv. Alþ. Við skoðun á tekjuáætluninni, sem farið hefur fram jafnhliða, hefur það svo komið í ljós, að meiri hl. nefndarinnar, í samráði við ríkisstj., hefur ekki talið hyggilegt að hækka tekjuáætlunina um meira en 19 millj., þ. e. a. s. upp í 514 millj. kr. á rekstrarreikningi. Af þessu tvennu, að ekki hefur verið talið hægt að komast hjá því að sinna á þann hátt, sem gert er í till., ýmsum óskum um framlög til nauðsynjamála, og sökum þess að ekki þykir fært að áætla tekjurnar hærra en nú þegar hefur verið á minnzt, hefur nefndin orðið að fara inn á þá braut að lækka um helming það framlag, sem áætlað var til framkvæmdasjóðs, eða með öðrum orðum að lækka í raun og veru um helming þann greiðsluafgang, sem gert var ráð fyrir í frv. Það er að vísu svo, að reikningslega er í frv. gert ráð fyrir rúmlega 10 millj. kr. greiðsluafgangi núna, ef till. meiri hl. verða samþ. eftir 2. umr., en það eru engar horfur á öðru en að það verði að hækka útgjöld frv. við 3. umr. um þá fjárhæð svo að segja alla eða alla, og kem ég að því síðar.

Það hefur þess vegna orðið að breyta stefnunni þannig, að í stað þess, að gert var ráð fyrir, að greiðsluafgangur gæti orðið um 10 millj. rúmar og þær lagðar til framkvæmdasjóðs, þá er nú ekki ráðgert, að það geti orðið meira en 5 millj., sem ætlaðar verða í þessu skyni. E. t. v. getur svo farið, að það þurfi að skerða þá upphæð enn við 3. umr. fjárl., ef það tekst ekki að komast þá af með til gjaldahækkana þessar 10 millj. eða svo, sem nú yrðu greiðsluafgangur, ef menn halda sér við till. meiri hl. við 2. umr., þ. e. a. s. samþykkja ekki aðrar till.

Það hefur verið nokkuð rætt, og er það alveg eðlilegt, hvort tekjuáætlunin sé hæfileg, hvort það sé hæfilegt að gera ráð fyrir, að á næsta ári verði tekjurnar 514 millj. Sumir vilja halda því fram, að það ætti að áætla tekjurnar mun hærra. Ég vil fara um þetta fáeinum orðum, þó að hv. frsm. gerði þessu að vísu allmikil skil.

Tekjurnar urðu 510 millj. í fyrra, en á þessu ári gerum við ráð fyrir, að þær verði um 550

millj. Það er aðeins eftir að fá reynsluna um desembermánuð. Ég held, að þetta geti aldrei skeikað verulega. Þó er ekki hægt að fullyrða þetta alveg enn sem komið er. En þetta er sú tala, sem allir þeir, sem þessi mál hafa skoðað, telja líklegasta nú, 550 millj. Nú mundu sumir segja, og það hefur raunar komið fram hér við umr. frá hv. minni hl.: Fyrst þið gerið ráð fyrir að fá 550 millj. kr. í ár, þá er rétt að áætla tekjurnar næsta ár 550 millj. — En frá mínu sjónarmiði og meiri hl. væri þetta hið mesta óráð, og kemur þar einkum tvennt til.

Í fyrsta lagi er það, að þetta ár, sem nú er að líða, er alveg óvenjulega gott ár. Þjóðartekjurnar eru óvenjulega miklar, þannig að það er alls ekki hægt að gera ráð fyrir því, að næsta ár verði betra að þessu leyti. Ég skil varla í því, að nokkur mundi vilja gera ráð fyrir slíku fyrir fram, a. m. k. enginn sá, sem hefði hugsað sér, að afgreiða ætti greiðsluhallalaus fjárlög. Það hefur verið svo mikil atvinna í landinu, að verulega hefur borið á fólksskorti, og tekjur almennings hafa verið óvenjulega miklar. Þetta vita allir. Þetta er önnur ástæðan til þess, að það er vitanlega engin skynsemi í því að áætla tekjurnar næsta ár jafnháar og þær verða í ár. Við gætum frekar búizt við því, að einhver breyting yrði til hins lakara, en til hins betra. — Svo er önnur ástæða, sem sker alveg úr um þetta. Hún er sú, að óhugsandi er, að fjárlög verði greiðsluhallalaus í reyndinni, ef tekjurnar fara ekkert fram úr áætlun. Það er blátt áfram óhugsandi, að slíkt geti átt sér stað. Þess vegna eru þeir menn, sem leggja það til, að tekjurnar séu áætlaðar eins háar og hægt er að hugsa sér að þær verði hæstar, raunverulega að gera till. um að afgreiða fjárl. með greiðsluhalla. Og fram hjá þessu er ekki með nokkru móti hægt að komast. Reynslan sýnir þetta svo ótvírætt. Það er búið að vefja ríkisvaldið inn í svo stórkostleg afskipti af öllum högum landsmanna, atvinnurekstri og öllu starfslífi yfirleitt, að á hverju einasta ári koma fram óskir eða kröfur um útgjöld á milli þinga, sem verður að sinna að einhverju leyti. Það væri fróðlegt fyrir þá, sem vildu bera á móti þessu, að athuga reynsluna undanfarin ár og vita, hvað þeir segðu, eftir að þeir hefðu kynnt sér hana. Auk þess má ævinlega gera ráð fyrir því, að áætlaðir gjaldaliðir fari fremur fram úr áætlun en hið gagnstæða.

Hv. frsm. meiri hl. gaf nokkrar upplýsingar í þessu sambandi. Mig langar til að bæta dálitlu við. Ég ætla að lesa fyrir menn hérna ofur litinn lista um það, hvernig þetta hefur tekizt í reyndinni undanfarin 30 ár. Það tekur ekki svo langan tíma, mönnum finnst það kannske geigvænlegt, að nú eigi að fara að gefa skýrslu hér um 30 ár, en ég held, að það takist á 1½ mínútu. Ég ætla að byrja á 1924. Þá eru umframgreiðslur á rekstrarreikningi 21%. 1925 urðu þær 44%, 1926 urðu þær 32%, 1927 urðu þær 16%, 1928 urðu þær 26%, 1929 urðu þær 43% og 1930 urðu þær 45%, 1931 urðu þær 29%, 1932 urðu þær 17%, 1933 urðu þær 25%, 1934 43% og 1935 17%, 1936 10%, 1937 15%, 1938 8%, 1939 16%, 1940 22%, 1941 79%, 1942 216%, 1943 61%, 1944 38%, 1945 42%, 1946 33%, 1947 29%, 1948 16%, 1949 15%, 1950 1%, 1951 16%, 1952 7%, 1953 11%. Ég skal taka það fram, að ég sleppi brotum. Ég les bara heilu tölurnar. Fyrir utan þetta, sem eru umframgreiðslur á rekstrarreikningi, hafa svo ævinlega komið verulegar greiðslur á 20. gr., sem ýmist hafa verið eftir sérstökum heimildum eða ákveðnar á milli þinga, oftast nær ákveðnar af Alþingi utan fjárlaganna.

Ég skal taka það fram, að þessar umframgreiðslur eru auðvitað margar hverjar greiðslur samkvæmt sérstökum lögum, sem færðar hafa verið á rekstrarreikninga, og svo eru hreinar umframgreiðslur. Ég vil benda mönnum á, að árið 1952 voru þessar greiðslur á 20. gr. utan fjárlaga 16 millj. og árið 1951 voru þessar greiðslur 46 millj., þar af voru 25 millj. hluti af andvirði 10 togara.

Þetta sýnir, svo að ekki verður um villzt, að ef tekjurnar væru áætlaðar eins háar og þær gætu hæstar orðið, þannig að engar umframtekjur yrðu, þá er greiðsluhallinn alveg vís. Hversu vel sem upp á er passað að þessu leyti, þá er margt af því, sem til fellur, þannig, að það er ómögulegt að komast undan því. Það koma atvik fyrir, sem valda því, að aukagreiðslur verða að fara fram. Ef óhöpp henda atvinnuvegina eða eitthvað ber út af einhvers staðar, þá er yfirleitt leitað til ríkisstj., til ríkisvaldsins, og það getur oft ekki komizt undan því að hlaupa þar undir bagga, þó að það sé á miðju fjárhagstímabilinu. Ef við gerum ráð fyrir, að næsta ár verði jafngott ár og þetta, þá væri 36 millj. upp á að hlaupa, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, eða um 7% umfram þær tekjur, sem áætlaðar eru í fjárlfrv. Þetta ætti þá að duga til þess að mæta öllum hugsanlegum umframgreiðslum í rekstrinum og öllu því, sem kynni að geta komið fyrir að þyrfti að leggja út á 20. gr. á næsta ári eftir sérstökum lögum, sérstökum heimildum eða vegna sérstakra óhappa, sem kunna að koma fyrir á árinu. Það er óhugsandi annað en að meiri hluti, sem hefur þá stefnu að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., hafi borð fyrir báru að þessu leyti. Annars væri vísvitandi upp tekin sú stefna að afgreiða fjárlögin með greiðsluhalla.

Ég minntist á það áðan, að gera mætti ráð fyrir einhverjum hækkunum við 3. umr., og skal ég ekki ræða í því sambandi einstök atriði, en vil þó minnast hér nokkrum orðum á launamál opinberra starfsmanna. Eins og mönnum er kunnugt, þá hafa launalögin nú undanfarin missiri verið í athugun. Frv. til þeirra hefur verið nokkuð lengi hjá Bandalagi opinberra starfsmanna til athugunar, og bandalagið skilaði uppástungum sínum um launalögin til ríkisstjórnarinnar núna í haust. Þá var skipuð nefnd, sem er skipuð mönnum frá bandalaginu og mönnum frá ríkisstjórninni, til þess að fara yfir launalagafrv., sem fyrir lá, og till. bandalagsins. En það er augljóst mál og var raunar augljóst þegar í þingbyrjun, eins og ég upplýsti þá, að ekki mundi verða mögulegt að leggja nýtt launalagafrv. fyrir þetta hv. Alþ., sem nú situr, og þó að við sjáum fram á, að þinginu lýkur ekki fyrir jól, heldur verður að koma saman aftur eftir jólin, þá höfum við ekki von um að geta komið nýjum launalögum fram á þessu þingi.

Þá mundu sennilega sumir spyrja: Er þá nokkur ástæða til annars en að láta launamál opinberra starfsmanna bíða alveg næsta þings? Eins og ég tók fram í sambandi við svör við fsp., sem fram kom í Sþ. um þetta mál á dögunum, þá er það skoðun stjórnarinnar, að verði ekki hægt að setja ný launalög á þessu þingi, þá verði að samþykkja eða gera einhverja bráðabirgðaúrlausn í launamálum opinberra starfsmanna.

Það hefur sem sé komið í ljós við þá athugun, sem gerð hefur verið á þessum málum, að verulegar hækkanir á grunnlaunum almennt hafa átt sér stað síðan launalögin voru sett, þannig að opinberir starfsmenn hafa dregizt nokkuð aftur úr. Ég nefni ekki í þessu sambandi núna neinar tölur, en þetta liggur fyrir. Stjórninni sýnist því eðlilegt, að á þessu þingi verði gerðar bráðabirgðaráðstafanir, sem miði til samræmis í launamálum opinberra starfsmanna við þau laun, sem annars staðar eru nú greidd. Og stjórnin gerir sér vonir um að hafa till. um þetta tilbúnar fyrir 3. umr.

Ég skal taka það fram, að það er ekki með neinum rökum hægt að líta á till. um uppbætur nú á laun opinberra starfsmanna sem upphaf að nýrri kauphækkunaröldu í landinu. Það mundi eingöngu verða um uppbætur að ræða til þess að færa laun opinberra starfsmanna til samræmis við þær launahækkanir, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum hjá öðrum.

Ég skal þá fara fáeinum orðum um nál. frá hv. minni hl. fjvn. Það mátti nú búast við því, að það yrði eitthvað vizkulegt, þegar þeir hv. 11. landsk. og hv. 3. landsk. lögðu saman í nál. Það hefur líka farið eftir vonum. Mér finnst þetta nál. af þeirra hendi vera hinn furðulegasti samsetningur. Ég skal ekki fara mjög langt út í nál. það, en nefna hér aðeins dæmi um þetta.

Það stendur hér í nál. með öðru góðu, að aðaleinkenni fjármálastefnu þessara tveggja ríkisstj., þ. e. a. s. núverandi og fyrrverandi ríkisstjórna, hafi verið að hækka álögur á landsmenn og auka þannig tekjur ríkissjóðs. Þetta er lesið orðrétt úr álitinu. En hvað er nú það rétta í þessu? Það rétta í þessu er, að núverandi ríkisstj. og fyrrverandi ríkisstj. hafa beitt sér fyrir stórkostlegum skatta- og tollalækkunum á þessu tímabili, sem nál. ræðir um. Og ég vil til þess að taka af öll tvímæli gefa hér enn einu sinni yfirlit um, hverjar þessar tollalækkanir og skattalækkanir eru. Það er í fyrsta lagi, að afnuminn hefur verið kaffitollur og sykurtollur. Í öðru lagi hefur verið felldur niður söluskattur af bifreiðaakstri. Í þriðja lagi hafa verið hækkaðar fyrningarafskriftir á iðnaðarvélum. Í fjórða lagi hafa verið lækkaðir tollar af iðnaðarhráefnum. Í fimmta lagi hefur verið lækkaður tekjuskattur á einstaklingum að meðaltali um hvorki meira né minna en ca. 29% og 20% á félögum. Í sjötta lagi hefur sparifé og vextir af sparifé verið gert skattfrjálst. Í sjöunda lagi hefur fasteignaskattur ríkissjóðs verið afhentur bæjar- og sveitarfélögum. Og í áttunda lagi hefur veitingaskatturinn verið afnuminn. Svo koma þessir hv. þm. og segja, að aðaleinkennið á fjármálastefnu núverandi ríkisstj. hafi verið að auka tekjur ríkissjóðs með því að hækka álögur á landsmenn. Ég verð að segja, að þeir menn eru ekki vandir að virðingu sinni, sem gefa út þess háttar þingskjöl.

Svo eru þessir hv. þm. auðvitað að tala um í framhaldi af þessu, að skattpíningarvélinni hafi verið beitt gegn atvinnulífi landsmanna, og nota önnur þvílík stóryrði. Yfirleitt er allt nál. byggt á þessari röngu staðhæfingu, sem ég hef hrakið. Nál. hefur því ekkert gildi. Hins vegar vitum við, að það nagar alltaf þessa hv. þm. innan og út af því hafa þeir enga sálarró eða eirð í sínum beinum, að framleiðslan í landinu hefur aukizt svo mikið, að tekjur ríkissjóðs hafa farið hækkandi í krónutölu, þó að skattar og tollar hafi verið stórkostlega lækkaðir. En það er vegna þess, að þjóðartekjurnar hafa vaxið stórkostlega á þessu tímabili. Það bendir sannarlega ekki til þess, að stefna ríkisstj. hafi orðið atvinnuvegunum þung í skauti, heldur auðvitað til hins gagnstæða, enda hafa margar af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert, einmitt orðið til þess að efla atvinnulífið frá því, sem það var áður, og það svo verulega, að þótt skattarnir og tollarnir hafi verið lækkaðir, hafa tekjur ríkissjóðs samt farið hækkandi.

Hér í þessu nál. er talað um, að það þurfi að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Maður þekkir nú þann söng þeirra stjórnarandstæðinga. En nú í þetta skipti ætla hv. þm. hins vegar að hafa vaðið fyrir neðan sig, því að nú lýsa þeir því yfir, að til þess að draga úr embættisbákninu þurfi að breyta lögum og þess vegna flytji þeir ekki um það neinar till. Ef það er hægt að draga stórkostlega úr embættismannabákninu með því að breyta lögum, hvers vegna flytja þeir þá ekki lagafrv. um það á þinginu? Hvers vegna eru þá öll lagafrv., sem koma fram frá þessum hv. þm., um það að auka útgjöld ríkissjóðs? Hvers vegna sýna þeir mönnum ekki, hvernig þeir vilja lækka útgjöld ríkissjóðs? Og ef þeir hafa nú allt í einu uppgötvað það, sem þeir hafa nú víst ekki áður vitað, skilst manni, að það muni þurfa lagabreytingar til þess að lækka útgjöldin, hvers vegna koma þeir þá ekki með lagafrv., svo að menn sjái svart á hvítu, hvernig eigi að fara að því að þeirra dómi að lækka stórlega útgjöld ríkisins?

Fyrst þegar hv. 3. landsk. þm. (HV) fór að tala hér um sparnaðinn, fór hann að flytja hér ýmsar till. um lækkanir á áætlanaliðum fjárlfrv., og það hafa þm. kommúnista stundum gert líka. En svo þegar sýnt var fram á, að þetta voru ekkert annað en sýndartill. um lækkanir á áætlunarliðum, sem engin áhrif gátu á það haft, hvað endanlega yrði útborgað, hafa þeir hætt við þetta og í staðinn talað um, að annaðhvort væri það svo mikið verk að gera till. um sparnaðinn, að þeir gætu ekki komizt yfir það, eða þá að það þurfi að breyta lögum til þess að koma sparnaðinum við. En ég spyr enn: Hefur þessum hv. þm. ekki dottið í hug, að leiðin til þess að breyta lögum er sú að flytja frumvörp til breytinga á lögum?

Hv. þm. (HV) kvartaði yfir því, að það hefði ekki á undanförnum árum verið farið eftir hans till. um áætlunina á tekjunum. Sem betur fer hefur það ekki verið gert. Ef það hefði verið gert, þá hefði sum árin orðið stórkostlegur greiðsluhalli, önnur árin hefði kannske skriðið,

vegna þess að það urðu óvenjuleg góðæri, sem enginn gat séð fyrir.

Ég hef fært alveg fullnægjandi rök fyrir því og hv. frsm. meiri hl. líka, hvers vegna meiri hl. fjvn. og stjórnin álitu hæfilegt að áætla tekjurnar sem næst því, sem nú er lagt til, en ekki eins og hv. minni hl. stingur upp á.

Að lokum aðeins eitt atriði. Hv. 11. landsk. þm. (LJós) sagði, að sósialistar væru á móti tollum og söluskatti, áfengis- og tóbaksgróða, skildist mér. Mér skildist helzt, að hann vildi láta selja brennivín við sannvirði, láta lækka brennivínið. Hann leiðréttir, ef ég hef misskilið hann. Hann sagði sem sé, að sósialistar væru á móti því að afla ríkinu tekna með tollum og söluskatti, áfengis- og tóbaksgróða, og sagði, að þeir vildu taka meira með raunverulegum sköttum á breiðu bökin. Í fyrra var verið að fjalla hér um tekju- og eignarskattinn og þá voru hér frammi till. um að lækka hann allverulega, og sósialistar greiddu atkv. með öllum þeim lækkunum á tekjuskattinum. Þetta gefur mér tilefni til þess að spyrja: Hvað er það, sem sósialistar eða kommúnistar vilja? Hvernig vilja þeir afla teknanna? Það væri fróðlegt að vita, hvað ætti að koma í staðinn fyrir alla tollana, söluskattinn, áfengis- og tóbaksgróðann. Væntanlega á það ekki að vera tekjuskattur, því að í fyrra voru þeir með því að lækka hann.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 252, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Hermann Jónsson:** Herra forseti. Við þjóðvarnarmenn höfum flutt brtt. við frv. til fjárlaga, sem eru hér á þskj. 252. Ég hef tekið að mér að fylgja þeim úr hlaði með nokkrum orðum og skal forðast að vera langorður í því efni, heldur halda mér aðallega við að gefa þær skýringar á þessum till., sem ég tel nauðsynlegar, til þess að hv. þm. átti sig vel á því, við hvað er átt og hvernig þetta er hugsað.

Ég geri mér vel ljóst, að það er ekki vænlegt til raunverulegs árangurs fyrir minnihlutaflokk á Alþ. að bera fram mikilvægar brtt. við fjárl., því þó að ég hafi ekki átt sæti hér fyrr en nú, hef ég þó lengi hlustað á útvarpsumr. um fjárl., og mér hefur ávallt skilizt, að það, sem kæmi frá minni hluta, væri tóm vitleysa eða í bezta tilfelli a. m. k. mjög ábyrgðarlaust.

Mig langar til að reyna að sýna fram á það hér, að þessar till., sem við berum hér fram, eru hvorki ábyrgðarlausar né vitlausar.

Ég skal ekki hafa þennan formála lengri, heldur rekja liðina lauslega eins og þeir koma fyrir á þskj.

Í 1. lið er gert ráð fyrir að hækka áætlun um vörumagnstoll úr 26 millj. kr. í 29 millj. kr.

Í 2. lið er gert ráð fyrir að hækka verðtoll, áætlun um hann, úr 138 millj. kr. í 160 millj. kr.

Í 3. lið er gert ráð fyrir að hækka innflutningsgjald af benzíni úr 9.5 millj. kr. í 11.5 millj. kr.

Í 4. lið er gert ráð fyrir að hækka söluskatt úr 107 millj. kr. í 123 millj. kr.

Í 5. lið er gert ráð fyrir að hækkja tekjur af áfengisverzluninni um hér um bil 5 millj. kr., úr 69 millj. kr. í 74 millj. kr.

Í 6. lið er hækkun á tekjum tóbakseinkasölunnar úr rúmlega 44.5 millj. kr. í 49 millj. kr.

Ég ætla nú ekki að fara að orðlengja um hvern einstakan lið fyrir sig, geri ekki ráð fyrir, að það hafi sérstaklega mikla þýðingu, en ég vil geta þess, að samanlagt eru þessir liðir rúmlega 52 millj. kr. Með þessu móti verða ríkistekjurnar í heild um 548 millj. kr.

Þá kem ég að því, sem mér hefur ávallt skilizt, þegar ég hef hlustað á umr. hér, að væri aðalatriðið, þegar komið er með brtt., og það er, að það væri ábyrgðarlaust að hækka tekjuliðina í frv.

Ég vil leyfa mér að vísa til þess, sem hæstv. framsögumaður fjvn. sagði hér í framsöguræðu sinni í dag, vona, að ég hafi það nokkurn veginn rétt eftir, að hann sagði, að það væri ekki rétt að reikna með áframhaldandi aukningu tekna hjá ríkissjóði, þrátt fyrir það að tekjurnar hefðu farið ört vaxandi á undanförnum árum. Hann sagði enn fremur, að tekjurnar væru nú 550 millj. kr. á yfirstandandi ári, eða þar um bil, sem sagt örlítið hærri en hér er gert ráð fyrir.

Ástæðurnar til þess, að fjvn. eða meiri hluti hennar lækkaði þessa tekjuáætlun niður í 514 millj. kr., eða um 36 millj. kr. frá því, sem tekjurnar eru á yfirstandandi ári, eru mér ekki vel ljósar, ef ég skil það rétt, sem mér finnst liggja í hlutarins eðli, að meiningin með áætlun hljóti alltaf að vera að setja þá tölu, sem maður álítur að muni verða niðurstaðan. Að vísu vottaði fyrir rökstuðningi fyrir því hjá hæstv. framsögumanni, að tekjurnar kynnu kannske jafnvel að verða minni en núna, og ég heyrði nú ekki hjá honum aðra röksemd fyrir því heldur en þá, að það mundi kannske verða lítill útflutningur, það væri lítið af vörubirgðum í landinu, seldar upp nokkurn veginn. Það, sem hann var að fara, var kannske ekki fyllilega ljóst, en ég skildi það þannig, að þetta mundi hafa þau áhrif, að við gætum ekki keypt eins mikið af vörum til landsins, vegna þess að við mundum ekki hafa úr eins miklum gjaldeyri að spila. Hef ég kannske misskilið þetta?

Ég sé nú ekki, að þetta komi málinu beinlínis við, nema því aðeins að það sé meining ríkisstj. að breyta verulega um stefnu í verzlunarmálunum og taka upp hin — frá þeirra sjónarmiði að minnsta kosti — illræmdu innflutningshöft og takmarka með valdi á einhvern hátt vöruflutning til landsins. En fari þeir með einhverjum ráðum, eins og þeir hafa nú haft hingað til nokkurn veginn, heldur þá leiðina að halda sem mestu frelsi eða jafnvel auka það í verzlun og skaffa þá einhvern veginn gjaldeyri, með skuldasöfnun, ef ekki vill betur, eða auknum framkvæmdum á Keflavíkurvelli eða einhverju því um líku, þá sé ég ekki, að neitt bendi til þess, að kaupgeta almennings í landinu sé minnkandi. Og ef hún er ekki minnkandi, þá kaupir hann vörurnar, ef þær fást.

Ég get þess vegna ómögulega séð, að neitt réttlæti það að gera ráð fyrir því, að innflutningur á vörum og tekjur ríkissjóðs af tollum og

því um líku fari minnkandi frá því, sem er á yfirstandandi ári.

Hitt er kannske virðingarvert, að hegða sér búmannslega í þessu og hafa áætlunina það varlega að fara alltaf svo og svo langt niður fyrir. Hins vegar virðist mér ómögulegt að neita því, að það sé mjög varleg áætlun að reikna nú með því, að tekjurnar á næsta ári verði eins og á þessu, og allt það, sem fer niður fyrir það að áætla þessar 550 millj. kr., sé ekki varfærni, heldur eitthvað annað.

Ef verið er að þessu til þess að mæta einhverjum væntanlegum útgjöldum á árinu, ef það er verið vísvitandi að áætla þetta miklu minna en menn raunverulega gera ráð fyrir að það verði, þá kann ég ekki við þá aðferð. Mér finnst, að það væri eðlilegra að áætla þetta rétt, en gera þá ráð fyrir þeim mun meiri tekjuafgangi til þess að mæta þessum útgjöldum.

Ég vil þess vegna fyrir fram mótmæla því, nema einhver ný rök komi fram, að það sé ábyrgðarleysi að hækka þessa áætlun, sem er í fjárlögum og frá fjvn. líka, upp í það, sem er á yfirstandandi ári.

Það þótti mikið ábyrgðarleysi af Þjóðvfl. á síðastliðnu ári, þegar gerðar voru till. um að hækka tekjuáætlunina um 37 millj. kr. Það leit svo illa út með árferðið, eins og það gerir á hverju ári, þegar rætt er um fjárlög; þá lítur alltaf illa út, og hefur alltaf rætzt miklu betur úr en á horfðist, þegar talað er um árið á undan. Þetta er orðin svo föst regla, að það ætti að vera óþarfi að vera nokkuð að orðlengja um það. Það þekkir hana hver einasti maður, sem til mín heyrir. — Ekki meira um það í bili.

Næsti liður hjá okkur hér, 7. liðurinn í brtt., er hækkun á útgjöldum við sendiráðið í Kaupmannahöfn. Þar er till. um hækkun á launum úr 271 þús. kr. upp í 390 þús., og svo annar kostnaður hækkaður hjá okkur úr 75100 kr. upp í 110 þús. kr. Þetta er hækkun, sem nemur um 150 þús. kr. og er gerð með tilliti til þess, sem segir svo í 8. og 9. lið, þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður sendiráðin í Stokkhólmi og Osló. Með þessu móti verður þarna um að ræða raunverulegan sparnað upp á 770 þús. kr.

Það er löngum heimtað af stjórnarandstöðunni, þegar hún kemur með till. hér, að hún geri till. um lækkun á útgjöldum. Við viljum með þessu móti gera þarna ofur litla viðleitni til þess að verða við þessum tilmælum frá hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokkum og væntum, að henni verði vel tekið, og ef svo verður, að hún yrði nú samþ., þá mundum við meta það á þann hátt, að við mundum þá reyna eftir beztu getu og tíma að leggja vinnu í það að finna út fleiri lækkunarleiðir, sem færar eru. En hins vegar er varla við því að búast af okkur, að við höfum haft tíma eða aðstöðu til þess að fara nákvæmlega í gegnum allt fjárlagafrv. með það fyrir augum að finna út, hvað hægt er að lækka. Ég vil í því sambandi benda á það, að mér finnst sannast að segja, að aðstaða Þjóðvfl. í þessu efni sé ekki góð hér á Alþ. Það er að vísu lagt fram sjálft fjárlfrv. snemma á þingi, og síðan fer það í fjvn., sem vinnur að því og hefur til þess góða aðstöðu að afla allra hugsanlegra upplýsinga og vinna að málunum, og eins og fram kom frá hæstv. frsm. hennar greinilega, þá er þessi tími mjög knappur, sem henni var ætlaður til þess, þrátt fyrir hennar góðu aðstöðu, og skal ég taka mjög undir það, að ég efast ekki um, að það sé einmitt alveg hárrétt, og mun koma að því betur síðar, því að mér finnst það eigi að sumu leyti að létta störfum af þessari nefnd. En hins vegar er okkar aðstaða sem sagt þessi, að við höfum ekki aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem þar er gert og unnið, því, sem kemur inn af ýmsum tilmælum til hækkana, og síðan fáum við álit n. einum degi áður en við eigum að skila okkar brtt., og till. minni hluta n. fáum við samdægurs því, sem við áttum að skila þeim. Að vísu fengum við að skila þessu núna í morgun. Þess er því ekki að vænta, að við höfum farið ýtarlega út í alla hluti, en ég leyfi mér að gefa fyrirheit um það, að ef þessari fyrstu lækkunartill. okkar verður vel tekið, þá muni það örva okkur mjög til að leggja í það vinnu að gera fleiri.

Annars er um þessa till. meira að segja heldur en það. Það eru nú ekki fyrst og fremst þessar 700 þús. kr. Það munar ekki svo mikið um þær á fjárl. núna, enda er þetta sem nokkurs konar dæmi, sem þarna er tekið, en um leið er þetta að nokkru leyti stefnumál, því að okkur þjóðvarnarmönnum þykir hafa verið iskyggilega mikil útþensla hjá okkur í sambandi við utanríkisþjónustuna. Það er að vísu gott að hafa góða og mikla utanríkisþjónustu og sem víðast, en við erum bara of litlir til þess, að fjárhagur okkar leyfi það, og við þurfum að beina huganum betur að því að spara í þessu efni og reyna að koma þessu fyrir á hagkvæman hátt. Þessi till. okkar þarna er vafalaust ekki fullnægjandi. Það er hægt að spara miklu meira á þessu sviði, og það skal ég taka fram, að tölurnar, sem við setjum þarna, eru áætlaðar, án þess að við höfum nógu góð gögn í höndum til þess að geta staðið á því, að sú áætlun sé endilega rétt. Aðalatriðið fyrir okkur er að fá úr því skorið, hvort hæstv. ríkisstj. væri ekki fáanleg til þess að breyta um stefnu í þessu atriði, snúa sér frá því að þenja þetta út og auka það og reyna heldur að finna leiðir til að draga það saman.

Þá kem ég að 10. lið í brtt. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um hann. Það er gerð till. um það, að í staðinn fyrir 750 þús. kr. í íþróttasjóð komi 1 millj. 250 þús. kr., og þarna mun þannig vera, að það er í raun og veru ekki um framlag að ræða, heldur um greiðslu á skuld til þessa sjóðs. Ríkissjóður hefur ekki greitt þangað eins og hann hefur þó verið skuldbundinn til samkvæmt lögum.

11. liðurinn er Iðnaðarmálastofnunin. Þar gerum við að till. okkar, að tillag til hennar sé hækkað úr 650 þús. kr. í 880 þús. kr. Þessar 880 þús. kr. eru það, sem stofnunin fór sjálf fram á að fá. Hér er um að ræða unga stofnun, sem gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki, og mér finnst það vafasamt fyrir 230 þús. kr. að tefla í nokkurn voða með það, að hún fái aðstöðu til að inna sitt starf af hendi eins og hún bezt getur.

Þá kem ég að 12. liðnum. Það er iðnlánasjóður. Þar gerum við ráð fyrir hækkun úr 300

þús. kr. upp í 1 millj. kr. Þetta er til samræmis við það, sem væntanlega verður samþ. í iðnn. í sambandi við þennan sjóð, og sé ég ekki ástæðu til þess að rökstyðja það nánar. Það verður gert síðar. En mér skilst, að framlag til þessa sjóðs hafi fyrir stríð verið 65 þús. kr., og ef það er 300 þús. kr. núna, þá er óhætt að kalla það lækkun um helming að minnsta kosti. Auk þess er gert ráð fyrir að víkka starfsemina út þannig, að hún þurfi á meira fjármagni að halda.

Þá kemur 13. liðurinn. Það er nýr liður — til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis — og leggjum við til, að í það séu lagðar 8 millj. kr. Þetta þykir kannske ríflega í farið, ég veit það ekki, en mér kemur dálítið spánskt fyrir sjónir, að allir flokkar yfirleitt virðast hafa það á stefnuskrá sinni að gera svo og svo mikið í húsnæðismálum, og á Alþ. eru samþ. l. strax 1946. Hér er vísað í l. frá 1952. Það mun vera breyting á og endurútgáfa laganna frá 1946, sem aldrei hafa verið framkvæmd að neinu leyti. Mér finnst einfaldlega, að það sé ekki stætt á því fyrir Alþ., þó að þetta séu heimildarlög, að láta það ganga svoleiðis ár eftir ár, að það sé ekki hægt að framkvæma lögin. Mér fyndist heiðarlegra að nema þau úr gildi heldur en að gera ekki eitthvað í þessu, og þess vegna leggjum við hér til, að þarna sé hafizt handa um framkvæmd á þessum lögum.

Þá er það 14. liðurinn. Þar gerum við till. um, að tillagið til sementsverksmiðjunnar sé hækkað úr 2 millj. kr. í 5 millj. kr. Það er nú lítið um þetta að segja. Það virðast allir vera á einu máli um, að það beri að flýta eins mikið og hægt er að koma upp þessu fyrirtæki, og yfirleitt er það ákaflega óheppilegt, þegar byrjað er á einhverju verki á annað borð, að það stöðvist alltaf og stanzi og dragist og dragist. Það verður heldur að láta eitthvað annað bíða. Það verður að láta bíða að byrja á einhverju og reyna heldur að flýta þeim verkum, sem eru í fullum gangi, og það ber víst ekkert á milli um það, að hér sé um þjóðþrifafyrirtæki að ræða, svo að það ætti að vera óþarfi að fylgja því nokkuð frekar eftir hér.

Þá kemur 15. liðurinn, þar sem við leggjum til, að tillag til byggingar kennaraskólans sé hækkað úr 750 þús. kr. upp í 1.5 millj. kr. Mér finnst nauðsynlegt að fylgja þessu úr hlaði með nokkrum orðum. Sannleikurinn er sá, að okkur finnst, þjóðvarnarmönnum, að það sé nokkuð losaraleg stefna í ýmsum málum. Við skulum taka skólabyggingar. Það er verið að smápíra úr sér einhverri smáupphæð á ári, sem gerir það að verkum, ef farið er eftir þessu, að byggingin stendur yfir svo og svo langan tíma, kannske 10—20 ár, áður en hún kemst upp, í staðinn fyrir að ganga að því að ljúka því, sem byrjað er á, og bíða með hitt.

Ég ætla að leyfa mér að vísa, þó að það komi málinu ekki beint við, í það, sem frsm. fjvn. sagði í sinni ræðu í sambandi við vegamál. Ef ég man rétt, þá talaði hann um, að það hefði verið mikill vandi á ferðinni, það hefði verið svo mikil togstreita á milli héraða um aukningu á ákveðnum vegarspottum hér og þar og þeir hefðu ekki haft til þess tíma að breyta að verulegu leyti þeim hlutföllum, sem fyrir voru, og hefðu í höfuðatriðum fylgt því hlutfalli, sem þar gilti í fyrra.

Þetta er alveg eðlilegt, og ég ætla ekki að bera fram neinar vítur á fjvn. fyrir þetta, en hitt finnst mér í raun og veru vítavert, að það skuli vera hlutverk fjvn. að ákveða í smáhlutum, hvað eigi að fara í hvern einstakan vegarspotta hér og þar á landinu. Fjvn. á bara að veita eina ákveðna upphæð til þess arna. Svo þurfum við að hafa einhverja menn, — það má vera nefnd, eða ef menn telja óhætt að trúa einum manni fyrir því, þá bara vegamálastjóri sjálfur, — en það eiga að vera menn, sem eru kunnugir þessu, sem hafa það hlutverk með höndum að ákveða, hverju liggi mest á, og beina fjármagninu þangað, því að það er ekkert gagn í því fyrir eitt hérað að fá kannske 200 metra af veginum núna og 200 metra næst. Það er miklu betra að bíða, þangað til að þeim kemur röðin, og fá hann þá allan í einu, enda er það svo, að það er ekki neinn vafi á því, að sú heildarfjárveiting, sem fer til veganna, mundi þá endast ólíkt betur. Vegirnir mundu verða miklu ódýrari, einfaldlega vegna þess, að mikill hluti af þessu fjármagni fer í eilífa flutninga á milli staða. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að taka dæmi um, hvernig veitt er til veganna, mér finnst það ekki heyra til núna. Ég vil bara benda á, að í svona tilfellum á það ekki að vera fjvn., sem er að skipta þessu niður í smátt, heldur á að hafa annan hátt á í því efni.

Við höfum þess vegna tekið kennaraskólann. Þó að við tökum hann þarna einan, þá þýðir það ekki, að við teljum, að aðrir skólar þurfi ekki á sínu að halda líka. En hins vegar veit ég það með kennaraskólann t. d., að þetta er núna í fjórða skipti, sem er veitt til hans fé, en þess er gætt að hafa það svo lítið á hverju ári, að það er ekki hægt að byrja á verkinu. Að vísu kvað standa til núna að fara að byrja að grafa grunninn, það er komið nóg til þess. En ef verkinu á eitthvað að miða áfram, þá þarf að leggja meira í þetta, og sennilega hef ég verið með allt of lága tölu þarna, en ef haldið væri áfram samt á næstu fjárlögum, þá gæti það nú staðið til bóta.

Þá kem ég nú að síðasta liðnum, þar sem stendur hjá okkur: Til uppbyggingar atvinnulífsins samkvæmt löggjöf, er Alþingi setur, 30 milljónir. Um þetta er það að segja, að við teljum, að uppbygging atvinnulífsins eigi ekki heldur að heyra undir fjvn. Frsm. n. sagði, að þörfin væri mikil til alls konar framkvæmda og það væri ekki hægt að sinna þessu öllu, og það er ekki von. Það getur enginn gert ráð fyrir því, að fjvn. geti fundið það út, hvort hún á að láta þetta fyrirtæki hafa þessar krónur og hitt hinar. Til þess að gera slíkt er óhjákvæmilegt, að við höfum einhvern vott af áætlunarbúskap. Við þurfum yfir heildina að gera okkur einhverja grein fyrir því, hvað er okkur heppilegast í atvinnumálum í hverju tilfelli og hvernig við eigum að byggja þetta upp, og það þarf að vera tengt saman. Það er ekki nóg, að einn oti tota fyrir landbúnað og annar fyrir útgerð og

þriðji fyrir iðnað. Við þurfum að fá sérfróða menn á þessum sviðum til þess að vinna að því, að það sé einhver áætlun um einhverja framkvæmd, og þeir segi til um, hvað er það fyrsta, sem þarf að gera, og hvað það næsta. Það er með tilliti til þessa, sem við stingum upp á þessari fjárhæð þarna, sem þyrfti þó óneitanlega að vera hærri. Og væntanlega verður hægt að ganga svo frá, að hún geti orðið það í framtíðinni.

Ég skal sem dæmi taka, að mér þætti mjög eðlilegt, þó að við höfum ekki gert till. um meira framlag til sementsverksmiðjunnar heldur en 5 milljónir, að það þætti sjálfsagt að hraða því verki og taka þá svo og svo mikið af því, sem þarna er gert ráð fyrir, þangað, eins og nú stendur í augnablikinu, og þetta á hvorki að vera okkar sérstaklega að meta, sem erum hér flm. að þessari till., og það á ekki heldur að vera fjvn. að meta það. Það verður sem sagt að fá til þess sérstaka sérfróða menn.

Samanlagt eru þessar hækkunartill., sem hér eru, rétt rúmar 43 millj. Þetta þýðir það, að mismunurinn á okkar hækkunar- og lækkunartill. er 10 millj. Við gerum ráð fyrir 10 millj. kr. meira í hækkun á tekjum heldur en við gerum ráð fyrir í hækkun á útgjöldum. Ég fæ ekki séð, hvernig í ósköpunum er hægt að kalla það ábyrgðarleysi. Við gerum till. um meiri hækkun á tekjum en gjöldum. Ég endurtek það. Ef eitthvert ábyrgðarleysi er hér á ferðinni, þá hlýtur það ábyrgðarleysi að vera í sjálfu frv., sem fyrir liggur. Hafi það ekki verið ábyrgðarlaust eins og það lá fyrir, þá er það ekki ábyrgðarlaust með þessum breytingum.

Enn fremur vil ég bæta einu við þetta. Það verður sjálfsagt sagt, að það sé teflt á tæpasta vaðið, og allt hvað eina, en það er nú 10 millj. betra en frv. hæstv. fjmrh. En það virðist eins og bæði hæstv. fjmrh. og sömuleiðis fjvn., þegar þeir eru að semja sínar áætlanir, geri alltaf ráð fyrir, að það komi fyrir á árinu einhver tákn og stórmerki, sem enginn lifandi maður gat séð fyrir, og valdi því, að allt fari úr skorðum.

Ef það gerðist nú eitthvað svoleiðis og það færi nú að verða hætta á einhverjum verulegum halla á fjárlögunum, þá er svo um þennan síðasta lið, sem hér er borinn fram, 30 millj., að hann á að nota samkvæmt löggjöf, sem Alþ. setur. Við erum ekki hér að segja alveg til um, hvað eigi að gera við það. Alþ. getur gengið frá þeirri löggjöf eins og því þykir réttast. Það gæti t. d. bundið þetta skilyrði um, að fé yrði fyrir hendi, eða eitthvað því um líkt; það væri hægt. En það er engin ástæða fyrir alþm. að vera feimnir við að samþykkja þetta vegna þess arna. Þá yrði munurinn enginn annar en sá, ef það væri samþykkt á þann hátt, að þá væri það spurningin um ráðstöfunarrétt, sem Alþ. hefði, en ekki ríkisstj. Það hefur verið talið sjálfsagt, að ríkisstj. gæti að mestu leyti eftir eigin geðþótta ráðstafað þeim tekjuafgangi, sem sýndi sig að verða á fjárl. Með þessu móti væri hún þó bundin, þannig að hún þyrfti að nota þetta fyrst, en ef á þyrfti að halda, þá væri hægt að grípa til þess.

Ég man nú ekki, hvort það var fleira, sem ég ætlaði að taka fram í þessu. Ég er óvanur þessum störfum hér og hef kannske gleymt einhverju, en það kemur þá fram við síðari umræður.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það hefði nú verið nærri gaman að því að ræða almennt um ýmislegt af því, sem komið hefur fram hér við þessa 2. umr. fjárl. og um frv. sjálft, en ég sit nú ekki í þeirri aðstöðu að þurfa að svara til þess, sem fram kemur hér af hendi minni hl., hvorki í hv. fjvn. né í stjórnarandstöðunni. Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. svari því. En óneitanlega hefði verið gaman að bregða sér á skeiðvöllinn út af sumu af því, sem sagt hefur verið hér í sambandi við þessi mál, þó að ég muni nú stilla mig mjög um það. Til þess eru aðrir hér.

En úr því að ég kom hér upp, þá þykir mér rétt í fyrsta lagi að benda hv. Alþ. á, að hv. fjvn. og alveg sérstaklega hennar ágæti formaður á óvenjulega mikið þakklæti skilið fyrir afgreiðslu þessara mála á þessu þingi. Síðan núverandi stjórn tók við, og raunar einnig hv. fyrrv. stjórnir, sem hafa haft samstarf síðan 1947, hefur verið keppt að því að afgreiða fjárl. fyrir nýár, og það er eitt af höfuðskyldum Alþ. að uppfylla þau ákvæði stjórnarskrárinnar, að það sé gert, og vegur Alþ. vex við það, ef hægt er að gera það á hverju ári. Nú hefur sá tími, sem hv. fjvn. hefur verið skammtaður í sambandi við afgreiðslu fjárl., verið skertur, vegna þess að nú kom Alþ. saman síðar en venjulega, svo að hv. fjvn. hefur haft enn skemmri tíma til þess að gera sitt verk, en hefur samt sem áður haldið uppi heiðri þingsins með því að skila þessu verki, og ég veit af reynslunni, að það hefur ekki verið gert nema vinna að því vel og dyggilega, og það á að viðurkennast og fyrir það á hv. fjvn. skilið þakklæti.

Ég kom hér upp vegna þess, að ég vildi gera hér fyrirvara við þessa umr. um tvö atriði, þó að ég beri ekki fram hér brtt. á þessu stigi málsins.

Ég sé, að í 14. gr. frv., á bls. 31, undir tölul. VI., kirkjumál, er ákveðið til greiðslu álags vegna afhendingar kirkna til safnaða 150 þús. kr.

Hér hefur verið farið inn á nýja braut að taka upp ákveðna upphæð til þess að losa ríkissjóð við þær kirkjur, sem hann er enn eigandi að, og greiða að sjálfsögðu álag, til þess að viðkomandi söfnuðir geti tekið við þessum kirkjum, og tel ég það vera rétta stefnu. Það hefur sýnt sig, að einmitt þær kirkjur í landinu, sem ríkissjóður á að sjá um, hafa verið lélegustu kirkjuhúsin, og ég tel, að það eigi að hverfa frá þeirri stefnu, og ef ekki eru önnur ráð heldur en að söfnuðurnir taki við því, þá sé þetta rétt stefna.

Ég hef spurzt fyrir um það hjá hans herradómi biskupnum yfir Íslandi, hvort það sé búið að ráðstafa þessu fé fyrir fram, og kveður hann það vera. Það kvað vera búið að ráðstafa þessu til ákveðinna kirkna, og hef ég ekkert við það að athuga út af fyrir sig. En í Barðastrandarsýslu eru hvorki meira né minna en 7 kirkjur, sem ríkið á og ber ábyrgð á. Nú hef ég sent til

hv. fjvn. erindi, dags. 25. nóv., um, að hún taki upp 370 þús. kr. hækkun á þessum lið og að af því gangi til Reykhólakirkju 250 þús. kr., en til Breiðuvíkurkirkju 120 þús. Nú er það svo í báðum þessum tilfellum, að hvorugt þetta guðshús er hægt að nota til messuhalda eða prestsverka, og fyrir því liggja gögn bæði hjá hæstv. kirkjumrh., hjá herra biskupnum og hjá fjvn., og ég skal ekki eyða tíma Alþ. til þess að lesa þau upp, þau liggja fyrir, svo að það er þegar komin kvöð á ríkissjóð um að gera hér sína skyldu og endurbyggja kirkjurnar eða semja um þetta við söfnuðina.

Í sambandi við Reykhólakirkju skal það tekið fram, að þegar ríkissjóður eignaðist jörðina, þá tók hann að sér skylduna til þess að byggja kirkjuna upp, og helmingur jarðarinnar stendur að veði fyrir því, að mætt sé þeim kröfum frá söfnuðinum. Þess vegna er um það að velja hjá hæstv. ríkisstj., hjá hæstv. kirkjumrh. og hæstv. fjmrh., hvort hún vill heldur eiga það á hættu, að söfnuðurinn geri gildandi slíka kvöð eða slíkar kröfur og heimti að láta selja þær eignir, sem eru veðsettar fyrir því, að kirkjan verði byggð, því að það ástand, sem hér er, er ekki hægt að una við, eða mæti óskum safnaðarins um framlög.

Í sambandi við þetta vil ég einnig leyfa mér að benda á, að í Reykhólahreppi er önnur kirkja, sem heitir Staðarkirkja, og þegar presturinn er fluttur frá Stað, þá tekur kirkjumálastjórnin jörðina og ráðstafar henni án þess að gera skyldu sína við kirkjuna um að byggja hana upp, en hún er einnig í því ástandi, að það er ekki hægt að framkvæma þar nein prestsverk.

Ef hins vegar mætt er þessari kröfu frá söfnuðinum í Reykhólahreppi um að endurbyggja Reykhólakirkju eða semja við söfnuðinn um endurbyggingu, þá er um leið hægt að fá samkomulag um það, að ríkissjóður byggi ekki nema aðra kirkjuna. Það er hægt þá að leggja niður Staðarkirkju, byggja eina kirkju á Reykhólum fyrir Reykhólasveitina alla og spara þannig allmikið fé fyrir ríkissjóðinn.

Ég vildi því mjög óska eftir því, að hv. fjvn. ræddi þetta mál ýtarlega við hæstv. kirkjumrh. og hæstv. fjmrh. og reyndi að ná samkomulagi um þetta atriði. Og ég geri ráð fyrir því, þó að ég setti fram ósk um 250 þús., að það mætti m. a. leysa málið á þann hátt að taka t. d. helminginn af því sem fyrri greiðslu, því að þá hefði söfnuðurinn einhver ráð með að koma þessu máli áfram, t. d. með lánum, ef ekki öðru, svo að hægt yrði að byrja á verkinu.

Það sama má segja um Breiðuvíkurkirkju. Þegar ríkissjóður á sínum tíma tók jörðina Breiðuvík upp í skuld hjá þáverandi sýslumanni, þá fylgdi sú kvöð jörðinni og jörðin stóð í veði fyrir því, að eigandi jarðarinnar ætti að byggja kirkjuna. Þessi kvöð hefur aldrei verið uppfyllt. Húsið er nú gersamlega óhæft til prestsverka. Þarna er komið hæli fyrir unglinga. Það er ætlazt til þess, að það séu a. m. k. 15 drengir, og það er fullkomin ástæða til þess að fresta ekki þessari byggingu. Það er gerð áætlun um það, að þessi bygging kosti 120 þús., og ég hygg, að það mætti líka leysa þetta mál á þessu þingi, ef það væri hægt að fá samkomulag um, að helmingur þessarar upphæðar yrði lagður fram sem fyrri greiðsla.

Þetta vildi ég segja um þetta atriði, og ég vildi mega vænta þess, að hv. fjvn. athugaði það við viðkomandi hæstv. ráðh. og að þeir tækju sanngjarnlega á því máli.

Um hitt atriðið — í sambandi við reksturinn á unglingaheimilinu í Breiðuvík — vil ég benda á, að það eru teknar upp í 17. gr. í frv. 150 þús. kr. í rekstur fyrir dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn, en hv. fjvn. hefur lagt til, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 250 þús. Ég er að sjálfsögðu þakklátur hv. n. fyrir að hafa tekið þessa till. upp, en vil í sambandi við þetta segja hér nokkur orð.

Þegar undirbúið var fjárlfrv., var send til hæstv. ríkisstj. með bréfi, 28. júlí 1954, áætlun yfir reksturinn á heimilinu. Árið, sem er að líða, er fyrsta árið raunverulega, sem heimilið hefur verið rekið, svo að hægt sé að skilja í sundur rekstrar- og byggingarkostnað, og þessi áætlun byggist þar af leiðandi á reynslunni. Þá var sýnt fram á, svo að ekki hefur verið hrakið, að það þarf 300 þús. kr. til þess að reka heimilið með 15 drengjum, og það byggist á 128800 kr. í laun, þ. e. bústjóri, ein ráðskona, ársmaður, 3 ársstúlkur og sumarkennari í 3 mánuði, og þetta hefur ekki verið hrakið af neinum, ekki heldur af ráðuneytinu. Hér er tekið með lögboðið orlof. Svo er einn póstur hér, 180 þús. kr., sem áætlað er í fæðiskostnað fyrir allt heimilið. Það má deila að sjálfsögðu um þennan póst. Ég vil þó benda á, að þessi póstur er tekinn með tilliti til þess, sem fæði hefur kostað venjulega hjá vegavinnumönnum þar í hreppnum undanfarin ár, og er það lægra en á sumum stofnunum hér í sambandi við sjúkrahúsin, hærra að vísu heldur en við nokkur þeirra, en lægra en þar sem hæst er, t. d. miklu lægra en hjá landsspítalanum. Það má vel vera, að það sé hægt eitthvað að gagnrýna þennan póst, en það er þá eini pósturinn, sem hægt er að gagnrýna, og ég hefði náttúrlega kunnað miklu betur við að fá gagnrýni á þetta áður og hæstv. ráðherra hefði rætt um það við mig, sem falið hefur verið að sjá um þetta verk, heldur en að skera þetta svona niður alveg út í bláinn, því að niðurskurðurinn hér hjá hæstv. ráðh. er alveg út í bláinn. Það er útilokað, að sú áætlun geti staðizt.

Hér koma svo á móti sem tekjur landbúnaðarafurðir fyrir 40 þús. kr. Á meðan ekki er hægt að koma búinu upp þannig, að það sé hægt að fá meiri tekjur, þá er ekki þess að vænta, að annað eða meira geti komið á móti. Tekjurnar á þessu ári, sem er að líða, urðu af landbúnaði ca. 50 þús. kr., og það, að þær urðu ekki meiri, kemur til af því, að búið er enn þá sáralítið á jörðinni. Stofnuninni var afhent þessi jörð í megnustu niðurníðslu. Það var ekkert hús til á jörðinni, hvorki íbúðarhús, peningshús né neinar byggingar. Jörðin hafði legið í eyði í fjöldamörg ár, það hafði ekki verið slegið þar tún, engar girðingar, og það sér hver maður, sem vill líta á þetta, hvort það muni ekki kosta nokkurt fé að koma þessu í lag. Það

fé, sem hefur verið varið til heimilisins, hefur því farið langmest til að byggja upp hælið fyrir drengina, íbúð fyrir bústjóra og þjónustufólk, og vantar enn stórkostlegt fé til þess, að hægt sé að segja, að það sé sæmilegt, hvað þá að það sé fullkomið. Síðan hefur verið komið upp bústofni, þannig að nú eru þar 5 kýr og 70 ær. Það er útilokað að láta reka þetta heimili nema því aðeins að stækka bústofninn stórkostlega, og eina ráðið til þess að minnka rekstrarkostnaðinn hjá ríkinu á þessu hæli er að búa svo að hælinu, að það sé hægt að reka þar alltaf fullt starf fyrir þá drengi, sem fyrir eru.

Þessi áætlun sýnir því, að það þurfti 300 þús. kr. í reksturinn. Eins og ég segi, hefur hv. fjvn. tekið upp 250 þús. kr. Ég mun ekki bera fram brtt. við þá upphæð, ef hv. fjvn. sér sér ekki fært að hækka það, en vildi þó gjarnan fá yfirlýsingu um það, annaðhvort frá hæstv. ráðh. eða frá n., að það sé ekki ámælisvert að taka frá því fé, sem ætlað er hælinu í fjárfestingu, til þess að greiða til rekstrarins, ef þessar 250 þús. kr. duga ekki, því að það er alveg nauðsynlegt. Reksturinn í ár, eftir því sem ég veit bezt nú, mun fara sem næst 300 þús. kr., og ég hef því með bréfi til hæstv. fjmrh. 21. okt. óskað eftir því, að það yrði bætt við rekstrarupphæðina 125 þús. kr. á þessu ári auk þeirra 150 þús. kr., sem eru á fjárl. þessa árs. Þetta bréf, eins og ég segi, var sent 21. okt. Mér er kunnugt um, að hæstv. menntmrn. hefur sjö sinnum spurt um svar frá hæstv. fjmrn. Mér er líka kunnugt um, að ég hef sjálfur hvað eftir annað rætt bæði við ráðh. og við ráðuneytið og ekki getað fengið svar við þessu erindi. Ég hef því tekið þennan drátt hæstv. ráðh. þannig, að hann ætli sér ekki að veita þessar 125 þús. kr. af rekstrarhagnaði þessa árs, en sé það, þá er alveg óhjákvæmilegt að hækka um þá upphæð rekstrarupphæðina fyrir næsta ár, því að það verður að byrja með því að greiða strax, eftir að búið er að samþ. fjárl., áfallna 125 þús. kr. skuld á þessu ári.

Þetta vildi ég bæði biðja hæstv. ráðh. um að athuga og eins hv. fjvn.

Um málið sjálft skal ég svo aðeins segja þetta: Það hafa verið teknir nú, frá því að heimilið byrjaði, rúmlega 20 drengir, sem hafa verið á heimilinu. Í dag eru þar ekki nema 8 drengir. En ekki einn einasti af þeim 12 drengjum, sem hafa verið þar, en eru farnir í burtu, hefur aftur framið neitt afbrot, og það er frá mínu sjónarmiði mjög stórt atriði.

Það er auk þess annað, að þegar heimilið byrjaði, þá voru hér um 40 drengir á lista hjá lögreglustjóra eða sakadómara, sem voru afbrotadrengir. Nú er sem betur fer enginn á lista hér í Reykjavík.

Ég vildi vænta þess, að þessi árangur, sem hefur fengizt á þessu stutta tímabili, sannfæri hæstv. ráðh. um, að eins og málum er nú komið, þá á ekki að skera þetta niður undir neinum kringumstæðum.

Ég vil svo aðeins að síðustu geta þess, að sú framkvæmdastjórn, sem hefur verið á þessu heimili, ég og tveir aðrir menn, við höfum starfað að þessu í þegnskylduvinnu í 3 ár, án þess að okkur hafi verið reiknaður einn einasti eyrir fyrir okkar starf. Ég er ekki að segja það til þess að hrósa mér af því, en aðeins að upplýsa það, að rekstrarhallinn hefur ekki farið til þess að greiða okkur laun, því að það hefur enginn okkar fengið einn einasta eyri fyrir að vinna að þessum störfum. En ég vildi vænta þess, að hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. athugi þetta mál fyrir 3. umr. og lagi það, sem er mest aðkallandi í þessu máli.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Eins og ég sagði í frumræðu minni, þá taldi ég ekki rétt á því stigi að taka til athugunar í einstökum atriðum till. þær, sem fram voru bornar af hv. minni hl. fjvn., heldur bíða þess, að fyrir till. yrði talað og þær útskýrðar, enda sýndust till. vera þannig úr garði gerðar, að það væri ekki vanþörf á að fá á þeim nokkrar skýringar.

Báðir þeir hv. þm., sem eru í minni hl. n., hafa hér talað fyrir þessum till. og mjög í sama dúr báðir, eins og vænta mátti, þar sem rökstuðningur þeirra er sameiginlegur. En mig undrar það nú satt að segja nokkuð, eftir að ég fer að athuga þessar till. nánar, að þessir hv. þm., sem báðir hafa átt sæti í fjvn. um alllangt skeið og eru þar af leiðandi mjög reyndir menn í þeim málum og þekkja gerla, hvaða aðferðir hlýtur að verða að hafa við samningu fjárl., skuli senda frá sér till. eins og þessar. Á ég þar ekki við hverja einstaka till. út af fyrir sig, heldur heildarniðurstöðuna, sem ég mun víkja nokkru nánar að síðar. Sannast sagt held ég, eftir ræðum beggja þessara hv. þm. að dæma, að þeir hafi alls ekki gert sér það ómak að leggja saman till. sínar og íhuga, hvaða útkoma yrði á fjárl., ef þessar till. yrðu samþ. Að minnsta kosti mátti skilja það svo á ræðu hv. frsm. þeirra tvímenninganna, 3. landsk. (HV), að það hlyti að hafa verið einhver samlagningarskekkja hjá honum, þegar hann var að setja þessar till. niður á blað, og furðar mig mjög á því, ef þessir ágætu þm. hafa haft svo mikið flaustur á þessu, að þeir hafi ekki gefið sér tíma til að athuga, hvað þeir væru að gera.

Hæstv. fjmrh. vék hér nokkuð að hinum almenna rökstuðningi minni hl. fjvn. fyrir afstöðu þeirra og ágreiningi í sambandi við fjárlfrv., og ætla ég ekki að fara að endurtaka þau rök hér. Ég minntist á það í minni frumræðu, að þau væru byggð á miklum misskilningi og óskiljanlegum misskilningi hjá þm., sem jafnvel þekktu til allra aðstæðna og þessir hv. þm. gera, og ég vil aðeins bæta því við, að mig undrar það mjög, að hv. 3. landsk. þm. skyldi láta sér sæma að viðhafa þau orð hér við umræður, að hæstv. forsrh. hefði sagt hér á Alþ.: „Skítt með atvinnuvegina, lifi milliliðirnir“ — og að þetta væri sá tónn, sem stefna ríkisstj. markaðist af. Þetta eru allt of ósæmileg ummæli til þess, að nokkur hv. þm. geti tekið sér þau í munn, og fjarstætt að halda því fram, að hæstv. forsrh. hafi nokkurn tíma hér á þingi sagt slíkt eða að stefna ríkisstj. hafi á hinn minnsta máta beinzt í þá átt, að það geti gefið nokkrum þm. ástæðu til að halda því fram, að ríkisstj. sé sérstaklega mynduð til þess að fjandskapast við atvinnuvegi

landsmanna. Þegar þess er gætt, að innan þeirra tveggja flokka, sem eru stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj., mun vera meginþorri allra framleiðenda í landinu til lands og sjávar, þá væri það einkennilegur hugsunarháttur hjá þessum flokkum, ef þeir settu sig sérstaklega út til þess að gera þessum mönnum bölvun. Þannig sæmir röksemdafærsla sem þessi auðvitað alls ekki á Alþingi. Það má halda þessu fram í óábyrgum blöðum, en það er ekki sæmandi, að hv. þm. haldi fram slíkum fullyrðingum.

Það er vitanlega jafnljóst ríkisstj. og stjórnarflokkunum og meiri hl. fjvn. eins og þeim hv. þm. minni hl., sem hér töluðu, að atvinnuvegir þjóðarinnar hafa átt við ýmiss konar örðugleika að stríða og að því miður hafa ekki þær ráðstafanir nægt þeim til hjálpar, sem gerðar voru 1950. En mér er nú spurn: Hvernig mundi hagur atvinnuveganna hafa verið, ef þær ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar og til viðbótar hefði komið sú þróun önnur, sem hefur gert þessa aðstoð til atvinnuveganna óhjákvæmilega? Það gegnir a. m. k. nokkurri furðu, að hv. 11. landsk., sem gerla þekkir erfiðleika sjávarútvegsins og þekkti á þeim tíma og vissi mætavel, hvílík nauðsyn var á þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, skuli taka sér það í munn, að það hafi verið um einhverja glæframennsku atvinnuvegunum til tjóns að ræða í sambandi við þær aðgerðir.

Hæstv. fjmrh. ítrekaði það, sem ég hafði sagt í minni frumræðu, og benti á, hversu óraunhæfar þær fullyrðingar væru, að stefna ríkisstj. miðaði í þá átt að hækka skatta og álögur á landsmönnum, og þarf ég ekki frekari orðum við það að bæta. En mig langaði til að víkja að till. þeirra tvímenninganna og þá skoða þær till. í því ljósi, sem hv. 11. landsk. brá hér upp og virðist vera þeirra leiðarstjarna, að það væri sérstök nauðsyn að skipta um stefnu og taka upp nýja starfshætti í sambandi við fjárlög. Ég skal nú lítillega gera grein fyrir þessari nýju stefnu, hvernig hún birtist í till. þeim, sem lagðar hafa verið fram frá hv. minni hl. n.

Hv. minni hl. leggur til, að tekjuáætlunin verði hækkuð um 70 millj. kr., sem merkir það, að tekjuáætlunin mundi verða samtals 565 millj. kr., eða um 15 millj. kr. hærri en hugsanlegt er að tekjur þessa árs geti orðið, og það án þess að færa nokkrar minnstu líkur fyrir því, sem enginn getur fært, að tekjur ríkissjóðs á næsta ári muni vaxa að svo miklum mun frá því, sem nú er, að það réttlæti slíka tekjuáætlun. En látum nú svo vera, að þeir hefðu hækkað þessa tekjuáætlun sína þannig til þess að mæta þeim útgjaldahækkunum, sem þeir leggja til. En það er nú eitthvað annað en það, að jafnvel þessi mikla hækkun nægi til þess að vega upp á móti útgjaldatill. Þeir leggja til í sínum till. í fyrsta lagi, að 42 millj. af söluskatti séu afhentar sveitar- og bæjarfélögum. Þeir leggja til, að framlög til vega verði hækkuð um 1.9 millj., til lánasjóðs stúdenta um 300 þús., veitt verði til fiskiskipakaupa 10 millj., til raforkumála 12.1 millj., til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði 4 millj. og til atvinnubóta 10 millj., sem væntanlega verður að skiljast sem viðbót við þær 5, sem ætlað er að veita á fjárlfrv. nú. (Gripið fram í.) Ja, það eru 5 núna í frv. Mér skilst, að það sé viðbót, vegna þess að það er borið fram á annarri grein án þess að gera till. um, að hitt falli niður, þannig að ég held, að það verði að líta svo á, að það sé viðbót. Annars hlýtur að vanta inn í till. um það að fella hinar 5 niður. Nú hafa þessir hv. nm. samþykkt þær brtt., sem bornar eru fram af n. allri, eins og þeir einnig staðfestu hér, og í þeim brtt., ef frá er dregin 1 millj., framlag til Íslenzkra aðalverktaka, sem þeir hafa ekki tjáð sig samþykka, er hækkun um 13 millj., rúmar þó. Þetta merkir það, að gjaldahækkun þeirra er samtals 93 millj. Útkoman verður því sú, að tekjur á frv. yrðu 565 millj., 15 millj. hærri en nokkrar líkur eru til að þær geti orðið, miðað við þær aðstæður a. m. k., sem við nú höfum til að dæma eftir, en gjöldin 588 millj., þannig að greiðsluhalli á fjárlögum ársins yrði í lögunum sjálfum 23 millj. kr. Er þá eftir að bæta þar við öllum þeim útgjöldum, sem ríkið hlýtur að hafa og hefur alltaf haft sem umframgreiðslur, og engar líkur er hægt að færa fyrir, að þær muni ekki verða töluverðar einnig á næsta ári, þannig að það sér hver heilvita maður, að hér er stefnt í þá hringavitleysu með afgreiðslu fjárlaga, að ég efast um, að það hafi komið fram, a. m. k. frá nm. í fjvn., áður till., sem hafa verið jafnóraunhæfar og — svo að ég noti orð hv. 8. landsk. — ábyrgðarlausar eins og þessar till. frá þessum hv. þm., sem nú mynda minni hl. fjvn.

Auk þess er svo það lítilræði, sem má kannske segja að ekki leggi á ríkissjóðinn sjálfan miklar byrðar, en það er, að lagt er til, að ríkisstj. verði heimilað að taka samtals 90 millj. kr. lán á árinu. Það má nú kannske segja, að þetta sé lítilræði miðað við annað. En ég hygg nú samt, að það geti orðið nokkuð erfitt, miðað við allar þær lántökur, sem heimilaðar hafa verið og ekki hefur tekizt að fá enn, að búast við, að þessar 90 millj. fengjust til viðbótar. En látum það samt vera, það breytir ekki beinlínis útkomunni á fjárlfrv.

En það, sem mér finnst sérstök ástæða til að leggja áherzlu á og er í rauninni alveg nægilegt til þess að sýna, hversu fjarstæðar þessar till. eru, er að láta sér til hugar koma að afgreiða fjárl. með 23 millj. kr. greiðsluhalla. Það er meira en ég fæ skilið að menn skuli láta sér til hugar koma. Ég hélt að minnsta kosti, að þeir mundu heldur hækka tekjuáætlunina meira, þannig að þetta kæmi þó ekki út svona skelfilega á pappírnum. En eftir því sem hv. 3. landsk. komst hér að orði, þegar hann lagði þessar till. fram, þá hugsa ég helzt, að þeir hafi alls ekki gert sér grein fyrir þessari útkomu, vegna þess að hann talaði hér um það af nokkru stærilæti, að frv. væri með þeirra till. afgreitt fyllilega með jafnmikilli gætni eins og það kæmi frá meiri hl. n. Þannig sýnist mér þá a. m. k. vera orðið nokkuð lítið úr því, sem hv. þm. þá sagði, að auk þess ágóða, sem yrði þarna fyrir fjmrh., þá hefði hann svo bílaskattinn þar að auki úr að spila, því að mér sýnist, að hann mundi nú ekki einu sinni nægja til að fylla þennan mismun, sem þarna er um að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til þess raunar að ræða

meira um þessar till. hv. minni hl. n., því að þetta eitt sýnir, að þarna er um að ræða till., sem eru svo óraunhæfar, að vitanlega kemur ekki til neinna mála, að þær verði samþ. Og mér finnst mjög undarlegt, að það séu hér margir hv. þm., sem séu ginnkeyptir fyrir þessari nýju stefnu í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hitt er svo aftur annað mál, að það eru margar af þessum till. þess eðlis, að þetta er til mikilvægra og þjóðnýtra framkvæmda, enda tók ég það fram í minni frumræðu, að það hefði verið vilji allrar n., meiri hl. engu síður, að geta varið miklu meira fé til þess að framkvæma ýmsar umbætur, sem nauðsynlegar eru í okkar þjóðfélagi, og tók einmitt fram, að þar væru það mörg verkefni alltaf óleyst, að það væri auðvitað hægt að koma fyrir stórkostlega miklu meira fé í því skyni heldur en lagt er til, en hins vegar yrðum við í því efni vitanlega að sníða okkur stakk eftir vexti og binda okkur við það, sem fjárhagsgeta þjóðarinnar á hverjum tíma leyfði. Af þeirri ástæðu getur meiri hl. fjvn. að minnsta kosti ekki mælt með því, að þessar till. séu samþykktar, þar sem þær mundu leiða til þess, sem við viljum forðast, að um greiðsluhallabúskap verði að ræða hjá ríkissjóði, sem hlýtur þá fyrr eða síðar að koma niður á afkomu þjóðarheildarinnar, þannig að ekki sé hægt að halda uppi slíkri fjármálastefnu.

Það er lagt hér til í þeirra till. einnig að verja hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs á þessu ári til eflingar Fiskveiðasjóðs Íslands. Ég geri ráð fyrir, að margir hv. þm. séu því sammála og telji æskilegt að ráðstafa einhverju af tekjuafgangi í því skyni, en þar sem þess má vænta, að það verði til meðferðar hér á hinu háa Alþingi, hvernig ráðstafa eigi þeim tekjuafgangi, þegar endanlega liggur fyrir, hver hann verður, þá verður að teljast óeðlilegt á þessu stigi að vera í sambandi við fjárlög að gera neinar ályktanir um ráðstöfun þess greiðsluafgangs. Og satt að segja sýnist mér nú líka eftir þeim ummælum, sem hér hafa fallið, sérstaklega frá hv. minni hl. n., að menn geri sér nokkuð rangar hugmyndir um það, hversu hár þessi tekjuafgangur verði, því að eftir hugmyndum þeirra að dæma virðast þeir álíta, að þar sé um einhverjar risaupphæðir að ræða. En ég er nú hræddur um, þó að afkoman sé góð, að þá mundi þó tekjuafgangurinn hrökkva skammt til að mæta öllu því, sem talað er um að hann eigi að mæta.

Það er alveg rétt hjá hv. minni hl., að það væri mikil þörf á því að geta hækkað framlög í sambandi við raforkuframkvæmdir, og kann vel að vera, að það reynist óumflýjanlegt. Hitt held ég að sé mjög skakkt með farið hjá hv. 11. landsk., sem hann hér sagði, að loforð ríkisstj. um raforkuframkvæmdir hefðu valdið meiri vonbrigðum en nokkuð annað. Það er að vísu svo, að það hefur seinkað framkvæmdum með hin stærri orkuver vestanlands og austan, en ekki mun það þó hafa stafað sérstaklega af fjárskorti. Hins vegar hefur lagning á háspennulínum og framkvæmdir héraðsrafmagnsveitnanna verið í fullum gangi í sumar og unnið eins mikið og hægt hefur verið að afkasta, þannig að það er ekki hægt að segja, að neitt hafi verið vanrækt í því efni, heldur hefur verið unnið fyrir stærri upphæðir en var gert ráð fyrir samkvæmt þeirri framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. lagði til grundvallar, er hún setti sér það mark að rafvæða landið að verulegu leyti á næstu 10 árum.

Varðandi heimildirnar í sambandi við húsnæðismálin er það að segja, eins og hv. þm. er kunnugt, að það er eitt af aðalstefnumálum ríkisstj. að leysa þau mál til frambúðar. Það hefur verið upplýst, að að því væri unnið nú, og það mun væntanlega mega gera ráð fyrir, að það mál komi til meðferðar hér á yfirstandandi þingi, þannig að á þessu stigi málsins er auðvitað alls ekki tímabært að fara að gera neinar ályktanir um lántökur eða lánveitingar í því sambandi, fyrr en vitað er, hvað verður lagt til með heildarskipan þeirra mála.

Meiri hl. fjvn. mun það alveg eins ljóst og hv. minni hl., að það sé við að etja ýmiss konar atvinnuörðugleika á ýmsum stöðum á landinu. Hins vegar vill þannig til, að hér liggja fyrir Alþ. nú nokkur frv. um það efni, og þykir mér ekki ólíklegt, að eitthvað verði samþykkt endanlega hér á Alþingi í þessu sambandi, því að það er vissulega rétt, að það er brýn nauðsyn að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við þessi atvinnumál á ýmsum stöðum úti um land og nauðsynlegt að koma þeim málum í fastara horf. En ég held, að á þessu stigi málsins, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, sé ekki rétt að fara að gera neinar samþykktir um það, heldur gera það í sambandi við afgreiðslu þeirra frv., sem hér liggja fyrir og beinlínis fjalla um það efni og hvernig þeim málum skuli hagað. Miðað við allar aðstæður hlýtur því meiri hl. n. að mæla gegn því, að till. hv. minni hl. verði samþykktar.

Þá langar mig til að fara nokkrum orðum um till. þm. Þjóðvfl. varðandi fjárlögin. Þeir leggja til, að tekjuáætlunin verði hækkuð um 53 millj. kr. eða upp í 548 millj., allt að þeirri upphæð, sem ætlað er að tekjurnar geti orðið á þessu ári. Og á móti leggja þeir til, að útgjöldin verði hækkuð um 43 millj. kr., þannig, að samkvæmt þessum till., ef allt gengi að óskum, mætti gera ráð fyrir, að tekjuafgangur yrði nokkur, eða um 10 millj. kr. Þessar till. eru vitanlega, þó að þær séu ekki, að því er meiri hl. n. sýnist, á raunsæi byggðar, miklu nær því, að hægt sé að taka þær alvarlega, heldur en till. hv. minni hl. fjvn., því að þar er þó ekki a. m. k. beinlínis gert ráð fyrir því, að fjárlfrv. sé afgr. með greiðsluhalla.

Hv. 8. landsk. lýsti þeirri skoðun sinni, að honum þætti það vera rangt að áætla hugsanlegar tekjur ríkissjóðs lægri en gera mætti ráð fyrir að þær yrðu og væri réttari leið að áætla tekjurnar í hámarki, en hafa þá greiðsluafgang meiri. Vissulega mætti vel hugsa sér þessa stefnu. En sannleikurinn er nú samt sá, að ef ætti að fara að áætla tekjurnar eins og líklegt væri að þær gætu hæstar orðið, þá vill nú reyndin verða sú, að það sé nokkuð erfitt að halda í mismuninn á fjárlfrv., þannig að sú aðferð hefur nú að ég hygg aldrei reynzt fær að taka áætlunina fullkomlega á þann hátt. Og miðað við þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar og ómögulegt er að hnekkja, um þær umframgreiðslur, sem alltaf

hljóta að verða, þá hafa nú hv. þm. Þjóðvfl. ekki heldur fylgt þessari kenningu sinni, vegna þess að vitanlega er fyrirsjáanlegt, að með þeirri fjárlagaáætlun, sem þeir gera ráð fyrir, mundi verða greiðsluafgangur á næsta ári, nema einhver algerlega óvænt óhöpp kæmu fyrir. Hv. þm. sagði að vísu, að þróunin undanfarin ár benti til þess, að þetta væri óhætt. Það var einmitt það, sem ég vakti athygli á í minni framsöguræðu, að menn yrðu að varast að ímynda sér alltaf það, að þróunin hlyti sífellt að ganga í þessa átt, heldur yrði að athuga aðstæðurnar á hverjum tíma og einhvern tíma mætti gera ráð fyrir, að að því kæmi, að hin hlutfallslega hækkun yrði ekki jafnmikil frá ári til árs.

Hv. 8. landsk. kvað sér ekki fyllilega ljóst, hvað þessu máli kæmu við hugleiðingar mínar um hugsanlegar tekjur af útflutningi landsmanna, hugsanlegar gjaldeyristekjur á næsta ári, vegna þess að ef ekki væri um það að ræða hjá ríkisstj. að taka upp nýja stefnu og takmarka innflutninginn og setja á ný höft, þá mætti gera ráð fyrir, að þróunin yrði til aukningar fremur en hitt. Ég vil nú leiðrétta það í fyrsta lagi, að ég hafi sagt, að tekjurnar mundu verða minni á næsta ári. Það voru ekki mín orð. Ég sagði, að það mundi mega teljast gott, ef þær yrðu jafnháar á næsta ári eins og nú, miðað við allar aðstæður. Ég sagði ekki heldur, að framleiðslan mundi verða minni á næsta ári. Það vitum við ekki um. En framleiðslan hefur orðið mjög mikil í ár, sala okkar afurða hefur gengið ágætlega, og það er ekkert, engin sérstök aukning framleiðslutækja eða annað, sem bendir til þess, að það megi, að minnsta kosti til þess að leggja það til grundvallar við samningu fjárlaga, gera ráð fyrir, að framleiðslan aukist mjög verulega á næsta ári, þannig að á því verður ekki heldur byggt. Og þó að ríkisstj. vilji ekki taka upp aðflutningshöft, sem hún alls ekki vill gera, þá verður ekki augum lokað fyrir því, að það verður auðvitað ekki keypt fyrir miklum mun meira en svarar möguleikunum til að greiða á einhvern hátt. Það liggur í augum uppi. Ég benti einnig á það í minni frumræðu, sem er staðreynd og ég hygg að hv. 8. landsk. muni vegna sinnar sérstöku aðstöðu vita, að verzlun hefur nú dregizt saman á ýmsum sviðum og í ýmsum greinum og innflutningur hefur jafnframt núna síðustu mánuði ársins farið minnkandi, miðað við þá hlutfallslegu aukningu, sem varð fyrr á árinu. Og einnig er það, að vörubirgðir í landinu eru vaxandi, og það hlýtur auðvitað að leiða til þess, að ekki verði um eins mikil innkaup að ræða, þótt fullt frelsi verði fyrir fólk til verzlunar.

Allar þessar ástæður hlýtur að verða að taka til athugunar, þegar samin er fjárhagsáætlun ríkisins, því að allt þetta hefur grundvallarþýðingu fyrir afkomu ríkissjóðs. Þess vegna er vitanlega ekki hægt fram hjá þessum atriðum að ganga og afgreiða málið bara með þeirri einföldu röksemd: Ja, af því að tekjurnar hafa hækkað um 70—80 millj. í ár, þá hljóta þær að gera það líka á næsta ári.

Hv. þjóðvarnarmenn hafa hér lagt til eina sparnaðartill., og kvaðst hv. 8. landsk. vona, að henni yrði mætt hér með skilningi. Þessi hugmynd hefur komið áður fram á Alþ., að fækka sendiráðum á Norðurlöndum, en hingað til hefur það ekki verið talið fært. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort þar sé um slíka nauðsyn að ræða, að ekki verði með neinu móti hjá þessum kostnaði komizt, en ég hygg nú samt, að það hafi úrslitum ráðið, að mönnum hafi þótt, miðað við okkar samband við Norðurlöndin og síaukna samvinnu við þau, að það væri nokkuð erfitt að leggja niður sendiráð í tveimur Norðurlandanna. Að minnsta kosti held ég, að það gæti aldrei komið til greina að leggja sendiráðin svo gersamlega niður, að þar væri ekki starfandi einhvers konar sendifulltrúi, heldur þyrfti í öllum tilfellum að hafa samband við Kaupmannahöfn. (**Gripið fram í:** Það væri nú hægt að ræða þetta mál í Norræna félaginu.) Ég veit nú ekki, hvort það hefur verið tekið þar fyrst á dagskrá. Það hefur ekki verið innleitt hér í umræðurnar a. m. k. af mér, svo að ég geti ráðið því. En úr því að þessi hv. þm. skýtur þessu fram í, þá staðfestir það það, sem ég var að segja, að einmitt okkar þátttaka í ýmiss konar norrænni samvinnu hefur verið talin vera því mjög til hindrunar, að það væri gerlegt fyrir okkur að leggja niður þessi sendiráð, þó að ýmsum hafi þótt, að það mætti vera hægt að komast af með eitt sendiráð á Norðurlöndum, eins og sendiráð okkar annars staðar hafa flest fleiri en eitt land á sinni könnu. Ég vil ekki fyrir mitt leyti hafa uppi nein andmæli gegn þessari hugmynd, en aðeins vekja athygli á því, að þetta hefur komið hér áður til tals og ekki verið af Alþingi talið fært að gera þetta, auk þess sem enn eitt kemur nú þarna til, að ég hugsa það gæti orðið nokkur ágreiningur um, hvar þetta blessað sendiráð ætti að vera. Það a. m. k. yrði ekki talið alveg sjálfsagt, að það væri í Kaupmannahöfn.

Ég vil leiðrétta einn misskilning hjá hv. 8. landsk. Það var varðandi íþróttasjóðinn, að það væri hér aðeins um að ræða, að ríkið uppfyllti sína lagalegu skyldu. Á ríkissjóði hvílir engin lagaleg skylda um þetta efni. Það er gert ráð fyrir, að það sé bundið við þær fjárveitingar, sem eru í fjárl. Hitt er alveg rétt, að íþróttasjóðurinn hafði áður hærra framlag á fjárl. heldur en er nú og heldur en þó sérstaklega var fyrir þetta ár, vegna þess að framlagið var hækkað um 250 þús. á síðasta þingi. Það var um skeið milljón, en var síðan lækkað niður í ½ milljón, og þetta hefur leitt til þess, að íþróttasjóður er mjög fjárvana og vissulega mikil þörf á, að hann fái auknar tekjur. Ég lýsti því hins vegar í minni frumræðu hér, að málefni íþróttasjóðs væru ekki enn þá endanlega afgr. frá fjvn., og af þeim sökum vil ég ekkert frekar segja um þessa till., en aðeins vekja athygli á þessu atriði, að það er misskilningur, að hér sé um lagalega skyldu að ræða.

Það væri vitanlega mjög æskilegt, ef hægt væri að koma því við að ljúka við þær opinberar byggingar í sem allra fæstum áföngum, sem nauðsyn er talið að reisa. En því miður hefur reyndin bara verið sú, að það hafa verið jafnan svo miklar þarfir á þessum vettvangi og það margar byggingar í smíðum, að það hefur ekki verið neinn möguleiki á því að einskorða sig við

fáar byggingar og ljúka þeim fyrst, en láta síðan aðrar bíða. Þetta er það stóra vandamál, sem við hefur verið að stríða í sambandi við skólabyggingarnar t. d., að nauðsynin hefur víða knúið svo á, að það hefur ekki verið neinn möguleiki að banna héruðunum að hefja framkvæmdir, heldur hefur þetta orðið að ganga þann gang, sem farið hefur, með þeim afleiðingum því miður, að safnazt hafa fyrir háar upphæðir af ríkissjóðshlutanum, sem hafa ekki verið greiddar. Það væri vitanlega æskilegast, ef þetta væri hægt. En hina leiðina hefur orðið að fara eins og með svo ótalmargar framkvæmdir í okkar landi, að við höfum orðið að taka þetta í mörgum áföngum, þarfirnar hafa verið svo miklar. Í sannleika sagt er ég ósköp hræddur um það, og dettur mér þá í hug það, sem hv. þm. sagði um 2. lið hér í till., að það mundi reynast bæði honum og öðrum erfitt — það hafa víst margir reynt áður — að koma sér niður á það, hvaða verkefni eigi skilyrðislaust að sitja fyrir og hvað eigi að bíða, bæði í sambandi við þessi byggingarmál og vegamálin, sem hann minntist á, og einnig í sambandi við þá „planökonomi“, sem hann var að tala um að þyrfti endilega að taka hér upp, og ætti þá að kveða á um það af einhverri n., hvaða framkvæmdir ættu að sitja fyrir og hverjar ættu að bíða. Ég er anzi hræddur um, að það mundi reynast æði torvelt, og ég hygg, að allir hv. þm., sem hafa kynnzt þessum málum öllum og hafa hver og einn sínar óskir fram að bera og vita um, að mjög víða kreppir skórinn að um framkvæmdir, hafi fengið þá reynslu, að það sé enginn leikur að viðhafa slíka stefnu og slíka niðurröðun framkvæmda, heldur hefur orðið að reyna að gefa sem allra flestum úrlausn með þau mál, sem á hverjum stað hafa mest knúið á með framkvæmdir.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessar till. þeirra hv. þm. Þjóðvfl., en aðeins taka það fram, að í heild getur meiri hl. fjvn. ekki mælt með, að þessar till. verði samþykktar.

Ég vil þá víkja aðeins örfáum orðum að fyrirspurnum frá hv. þm. Barð., sem hann nánast beindi til fjvn. Það var í fyrsta lagi í sambandi við áætlaða fjárveitingu vegna afhendingar kirkna til safnaða. Þessi fjárveiting var tekin inn í frv. nú af fjmrn. eftir beiðni kirkjumrh., þar sem hann taldi mikla nauðsyn að fá fjárveitingu í þessu skyni vegna nokkurra kirkna. Nefndin féllst á að taka þessa fjárveitingu upp og hefur ekki haft fyrir sér aðrar óskir um það efni eða síðari tilmæli frá kirkjumrh. um hækkun á þessum lið. Eins og till. ber með sér, gerir n. sjálf enga till. um, hvernig þessu fé verði varið, þannig að það er á valdi ráðherra að kveða á um, til hvaða kirkna þetta fari. Hv. þm. Barð. upplýsti, að það væri komið viðbótarerindi til fjvn. varðandi þetta mál. Það erindi hefur borizt það seint, að það hefur ekki verið tekið til meðferðar fyrir þessa umr. Það verður vafalaust athugað rækilega fyrir næstu umr., og vil ég því ekki á þessu stigi málsins segja neitt um það og get ekki um það sagt, hvaða afgreiðslu það muni fá í n., en að sjálfsögðu mun verða orðið við óskum hv. þm. um að taka það mál til athugunar og ræða það við viðkomandi ráðherra.

Þá minntist hv. þm. á heimilið að Breiðuvík. Fjvn. féllst á að hækka fjárveitingu á rekstrarlið til þessa hælis um 100 þús. kr., og skildist n., að þetta væri nægileg fjárveiting talin vera til viðbótar þeim 150 þús., sem í frv. voru. Eftir því sem hv. þm. Barð. lýsir aðkomu á þessa jörð, þá virðist hún ekki hafa verið glæsileg og lítið þar til að styðjast við, þegar hafizt var handa þar um framkvæmdir, þannig að allt þurfi að byggja upp á þessum stað og sé langt í land, að það sé orðið þar svo sem nauðsynlegt sé. Allmiklu fé hefur þegar verið varið til fjárfestingar þarna og gert ráð fyrir fjárveitingu nú í sambandi við byggingarframkvæmdir á staðnum. — Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort fjvn. mundi fallast á, að tekið yrði af fjárfestingarfé til rekstrar. Ég tel mig geta svarað því, án þess að það hafi verið rætt í n., að fjvn. telji það í alla staði óeðlilegt að taka af fjárfestingarliðum til rekstrar, heldur eigi, ef það sýnir sig, að ekki sé hægt að reka einhverja stofnun með því fé, sem til hennar sé veitt, það að takast til athugunar í sambandi við rekstrarfjárveitingu, en megi ekki taka upp þann hátt að nota fjárfestingarfé í rekstrarkostnað. Þar gæti verið um mjög óheppilegt og hættulegt fordæmi að ræða, sem ég hygg, án þess að það hafi verið rætt í n., að óhætt sé á þessu stigi að fullyrða að fjvn. teldi mjög óheppilegt.

Ég ætla ekki að ræða hér nánar um einstakar till., sem hér liggja fyrir frá hv. þingmönnum, en mun ef til vill taka þær lítið eitt til athugunar síðar.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Það eru aðeins tvær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja og ég vil leyfa mér að gera grein fyrir í örstuttu máli.

Hin fyrri þeirra er á þskj. 250, við 13. gr. C, að þar komi nýr liður: Til ferjubryggju í Skálavík í Mjóafirði, 20 þús. kr. Svo er mál með vexti, að á undanförnum árum hafa verið byggðar nokkrar smábryggjur á bændabýlum við Ísafjarðardjúp til þess að greiða fyrir afgreiðslu flóabáts þess, sem heldur uppi samgöngum um héraðið. En eins og kunnugt er, eru engir akvegir frá sveitahreppum héraðsins til aðalmarkaðsstaðar þess, Ísafjarðarkaupstaðar. Að þessum smábryggjum, sem nefndar hafa verið ferjubryggjur, hefur orðið stórkostlegt hagræði. Bændur, sem eiga jarðir, er liggja að þeim stöðum, sem bryggjurnar eru á, sækja til þessara staða, og öll afgreiðsla flóabátsins og útskipun bænda á afurðum þeirra verður miklum mun léttari og auðveldari við það, að þessar litlu lendingarbætur hafa verið gerðar á stöðunum.

Skálavík er einn þeirra staða við Ísafjarðardjúp, sem mjög mikið hagræði væri að ferjubryggju á. Unnið er að vegagerð um þessa sveit, og má gera ráð fyrir því, að eftir eitt eða tvö ár verði bændabýlin þar komin í vegasamband. Að því væri þá ákaflega mikið hagræði, að þeir bæir, sem að þessum viðkomustað djúpbátsins eða flóabátsins liggja, gætu flutt afurðir sínar þar um borð í bátinn um smábryggju. Ég geri ráð fyrir, að það muni verða einir þrír eða fjórir bæir, sem gagn geta haft af þessum lend-

ingarbótum. Hv. fjvn. og hv. Alþ. hefur á undanförnum árum haft glöggan skilning á nauðsyn þessara framkvæmda, og veit ég, að svo muni enn vera. Það mun hafa verið fyrir tveim árum, sem veittar voru 20 þús. kr. til ferjubryggju í Skálavík. En við rannsókn, sem fram hefur farið á kostnaði við framkvæmdir, hefur komið í ljós, að ekki muni vera unnt að byggja slíkt mannvirki fyrir nema allmiklu hærri upphæð, enda þótt bóndinn á jörðinni og e. t. v. aðliggjandi jarðir muni taka nokkurn þátt í kostnaðinum. Ég hef því leyft mér að fara fram á, að veittar yrðu 20 þús. kr. til viðbótar til þessa mannvirkis. Ég sé nú, að hv. fjvn. hefur ekki tekið afstöðu í till. sínum til þessarar óskar minnar og fleiri óska, sem fram munu hafa komið um styrk til slíkra mannvirkja, og mun hafa geymt sér það til 3. umr. Er ég þess vegna reiðubúinn til þess að taka þessa brtt. aftur til 3. umr., þannig að hv. n. gefist tækifæri til þess að fjalla um hana og taka afstöðu til hennar, eins og annarra skyldra óska, sem fram kunna að hafa komið til hennar.

Önnur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Dal. og hv. þm. Snæf., mun ekki hafa borizt hv. þm. enn þá. Ég leyfi mér þó, með leyfi hæstv. forseta, að mæla fyrir henni örfáum orðum, en hún er um það, að ríkisstj. verði heimilað að verja fé til þess að tryggja það, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum verði ekki verr settir en það fólk í sveitum landsins, sem hefur afnot af notendasíma.

Ég vil upplýsa það, að hér á landi eru nú samtals 26 talstöðvar á afskekktum stöðum, flestar í eyjum og útnesjum, og fáeinar inn til dala. Það fólk, sem þessi tæki hefur, er verst sett allra manna á landi hér um samgöngur, og það hefur verið látið fá þessi taltæki vegna þess, að það hefur verið talið ódýrara fyrir landssímann heldur en að leggja þangað símalínur á landi eða um sjó. En þetta afskekktasta fólk í landinu verður að greiða allmiklu hærra endurgjald fyrir notkun þessara tækja heldur en aðrir landsmenn. Það borgar að vísu svipað afnotagjald og þeir, sem hafa notendasíma í sveitum landsins, en það verður að greiða sjálft alldýran rekstur á þessum tækjum. Ég hygg, að ég fari með rétt mál, er ég segi, að það muni ekki vera undir 1000—1500 kr. rekstrarkostnaður á hverri talstöð, sem sett hefur verið upp á þessum afskekktu stöðum, a. m. k. er hann sá og stundum meiri á þeim stöðum, þar sem ég þekki bezt til.

Okkur flm. þessarar till. finnst eðlilegt, að ríkissjóður hlaupi hér nokkuð undir bagga. Það er ekki eðlilegt, að það fólk, sem nýtur verstra samgangna og er afskekktast allra manna í landinu, þurfi að greiða mjög miklu hærri rekstrarkostnað taltækja sinna heldur en það fólk, sem býr í þéttbýlinu, oftast við miklu betri samgöngur og alla aðstöðu í lífsbaráttu sinni.

Ég býst við, að hv. þm. muni spyrja, hversu mikilli fjárupphæð þátttaka ríkisins í þessum kostnaði mundi nema, ef ríkissjóður greiddi allan þennan aukakostnað, þannig að talstöðvanotendur yrðu jafnsettir notendasímanotendum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá póst- og símamálastjóra um fjölda stöðvanna, þá geri ég ráð fyrir, að útgjöld ríkissjóðs af þessu mundu ekki verða meiri en í hæsta lagi 25—30 þús. kr. Þess er og að geta, að 6 af þessum 26 stöðvum eru reknar af ríkinu eða stofnunum þess, þ. e. a. s. af vitamálastjórninni á nokkrum vitum á annesjum landsins, vestanlands og norðan.

Ég ætla, að ég þurfi ekki að hafa öllu fleiri orð um þessa brtt. Mér virðist, að hér sé um fullkomið sanngirnismál að ræða, að koma nokkuð til móts við það fólk, sem erfiðasta aðstöðu hefur um afnot talsímatækja í landinu, og ég held, að það væri einnig í samræmi við það, sem mjög er umrætt hér á hv. Alþ. nú og hefur verið undanfarið, að stuðla þurfi að svokölluðu jafnvægi í byggð landsins. Ég held, að það verði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að styðja það fólk, sem við versta aðstöðu býr og byggir enn þá svokallaða útkjálka lands okkar. — Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess, ef hv. fjvn. vildi athuga þessa till. nánar fyrir 3. umr., að taka hana aftur við þessa umr.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fáeinar brtt. við fjárlfrv., sem allar miða að nokkuð auknum stuðningi ríkisvaldsins við ýmis menningarmál. Þeim hefur því miður ekki verið útbýtt enn þá, en ég ætla samt að leyfa mér að lýsa þeim í örfáum orðum, með leyfi hæstv. forseta.

Ein till. er um nokkra fjárveitingu, 100 þús. kr., til þess að koma á fót mannfræðideild við þjóðskjalasafnið, og hafi sú deild m. a. það hlutverk að vinna að því að koma upp spjaldskrá yfir Íslendinga, þar sem getið væri helztu æviatriða þeirra og jafnframt varðveitt mynd af þeim, ef kostur væri á. Ég hygg, að óhætt sé að segja, að engin þjóð hafi önnur eins skilyrði þess og Íslendingar að varðveita persónusögu sína til þess að fá þar með öruggan og vísindalegan grundvöll undir sagnfræðirannsóknir nútíðar og framtíðar og jafnframt undir rannsóknir í ættfræði og mannfræði. Mér skilst, að þeir Íslendingar, sem lifað hafa á Íslandi, séu ekki nema 1—2 millj. að tölu, og þar af munu vera þekkt nöfn á nokkur hundruð þúsundum manna. Það er engan veginn óvinnandi verk að gera skrá yfir alla þessa menn, sem nöfn eru þekkt á og þegar er fyrir hendi nokkur vitneskja um. Um meginhluta þeirra manna, sem lifað hafa í landinu frá landnámstíð og til 1703, er fyrsta manntal var tekið hér á landi, er auðvitað ekki vitað, hvorki um nöfn né æviatriði, en síðan 1703 má fullyrða að vitað sé um nöfn og jafnvel um æviatriði mikils þorra þeirra manna, sem lifað hafa í landinu.

Það væri einstakt í veröldinni, ef þjóð tækist að koma upp æviatriðaskrá yfir þá, sem lifað hafa með þjóðinni um nokkrar aldir, og fjöldi Íslendinga er ekki meiri en svo, að það er vel vinnandi verk í framtíðinni að halda við spjaldskrá um Íslendinga alla og helztu æviatriði þeirra. Yrði slíkt gert, mundi sú heimild áreiðanlega vera einsdæmi og óþrjótandi fróðleiksuppspretta fyrir sagnfræðinga, ættfræðinga og mannfræðinga. Með fáum þjóðum mun vera jafnmikill

áhugi á ættfræði eins og með Íslendingum. Er það eðlilegt, og ber því að fagna. En störf hinna fjölmörgu manna, bæði sérfræðinga og alþýðu manna, sem við ættfræði fást, eru oft og einatt unnin á sama vettvanginum. Margir menn eru hver í sínu horni að vinna að sömu verkefnunum, og fer þannig oft mikil starfsorka til lítils. Ef komið væri upp mannfræðideild í þjóðskjalasafninu, þá gæti hún orðið miðstöð og leiðbeiningastöð fyrir alla þá mjög svo fróðu menn, sem nú fást við þessi störf, og mundi vafalaust verða til þess að auka mjög afköst þeirra og þá um leið gildi athugana þeirra.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. sæi sér fært að taka þessari till. með velvild. Ég hef gert ráð fyrir aðeins 100 þús. kr. fjárveitingu í þessu sambandi. Það mundi koma að mjög verulegu gagni, ef ráðnir yrðu tveir menn til þess að sinna þessu verkefni.

Þá hef ég einnig lagt til, að varið yrði 500 þús. kr. af almannafé til þess að skreyta opinberar byggingar. Íslendingar gera að ýmsu leyti mjög vel við andans menn sína, sérstaklega við listamenn sína, og ber því að fagna, að svo skuli vera. Ein stétt manna virðist þar þó að sumu leyti verða nokkuð útundan, en það eru myndlistarmenn, auk þess sem ekki er eðlilegt, að þeir njóti aðstoðar ríkisvaldsins einvörðungu á þann hátt að hljóta styrki af almannafé. Hitt væri miklu eðlilegra, að ríkisvaldið sæi þeim fyrir verkefnum við þeirra hæfi, þannig að störf þeirra yrðu að nokkru goldin. Með því móti væru ekki aðeins þeir styrktir. Ef starfskraftar þeirra yrðu hagnýttir til þess að skreyta opinberar byggingar, þá fengi almenningur einnig að njóta verka þeirra í ríkari mæli en nú á sér stað, þegar hin opinbera aðstoð við þá er annaðhvort í því formi, að þeir hljóta styrki, eða keypt eru af þeim verk, sem sett eru á söfn einvörðungu. Með því móti verður listin aldrei slík almannaeign sem hún mundi verða, ef opinberar byggingar væru skreyttar í ríkari mæli en hér á sér stað. Annars staðar kveður miklu meira að slíku en hér á landi, og tel ég, að það væri æskilegt og skynsamlegt að taka þá stefnu upp í vaxandi mæli að hagnýta starfskrafta myndlistarmannanna og styrkja þá á þann hátt að ráða þá til þess að skreyta opinberar byggingar.

Ég hef einnig lagt til að hækka listamannalaun svolítið umfram það, sem hv. fjvn. hefur lagt til, en hækkunartillögum hennar ber mjög að fagna. Þær eru þó í raun og veru ekki meiri en svarar til þess, sem dýrtíð hefur aukizt í landinu frá því, að sú upphæð, sem undanfarið hefur staðið í fjárl., var ákveðin, en maklegt væri að hækka listamannalaunin svolítið umfram það til samræmis við mjög batnandi afkomu ríkissjóðs.

En jafnframt hef ég lagt til, að tekinn yrði sumpart upp nýr háttur varðandi listamannalaunin, þ. e. a. s., að 100 þús. kr. af listamannafénu eða af þeirri hækkun, sem ég legg til, yrði varið til þess að verðlauna þrjú rit, sem út koma á árinu. Ég teldi heppilegra, að sá háttur yrði hafður á í framtíðinni, að verðlaunin yrðu ekki einvörðungu bundin við ákveðna rithöfunda og skáld, heldur einnig, að þau yrðu bundin við ákveðin verk, sem út koma á árinu. Það mundi verða rithöfundum og skáldum aukin hvatning og jafnframt réttmæt verðlaun fyrir það, sem vel hefur verið gert á þessu sviði á ári hverju.

Ég hef einnig lagt til svolitla hækkun á fjárveitingunni til vísinda- og fræðimanna? Hún hefur lengi verið of lág, og er ástæða til þess að hækka hana svolítið.

Þá er í till. hv. fjvn. einn nýr liður í dálkinum um háskólann, þar sem er gert ráð fyrir 50 þús. kr. fjárveitingu til vísindastarfa. Mun það vera hugsað þannig, að háskólinn geti gert ungum vísindamönnum kleift að sinna ýmsum fræðistörfum, eftir að þeir hafa lokið embættisprófi, en áður en þeir ráðast til fastra starfa. Hér er um hið merkasta nýmæli að ræða, og vildi ég láta í ljós, að ég fagna því mjög, að þessi fjárveiting skuli hafa verið tekin upp. Ég er þess fullviss, að af henni á eftir að hljótast mikið gott. Það hefur löngum verið vandamál ýmissa ungra manna, sem hafa áhuga á vísindastörfum, að þá hefur einmitt fyrst eftir að þeir hafa komið frá prófborði skort verkefni við sitt hæfi og oft átt við ýmsa erfiðleika að etja, áður en þeir hafa fengið stöður, en með þessu móti ætti að vera möguleiki til þess að ráða hér nokkra bót á. 50 þús. kr. eru þó ekki mikil fjárhæð. Ég hef lagt til að hækka hana upp í 100 þús. Með þessari till. vildi ég þó í raun og veru fyrst og fremst undirstrika, hve hér er um merkilegt og gagnlegt nýmæli að ræða.

Ég hef einnig lagt til nokkra hækkun á fjárveitingunni til hinnar íslenzku orðabókar. Þar er verið að vinna að mjög nauðsynlegu verki, sem gengur því miður allt of seint, sökum þess um hve fáa starfsmenn er þar að ræða og hve fjárveitingar til þessarar starfsemi eru litlar. Sömuleiðis hef ég lagt til nokkra hækkun á styrkjum til stúdenta við erlenda háskóla.

Að síðustu er svo þess að geta, að ég hef lagt til, eins og ég raunar gerði í fyrra, að tekin yrði upp í fjárlfrv. 1 millj. kr. fjárveiting til byggingar heimavistarhúss fyrir menntaskólann hér í Reykjavík, en í fjárlfrv. er till. um 2.6 millj. kr. fjárveitingu til byggingar nýs menntaskóla hér í Rvík. Sannleikurinn er sá, að það, sem menntaskólann hér í Rvík vantar og hefur lengi undanfarið fyrst og fremst vantað, er bygging yfir utanbæjarnemendur, þ. e. heimavistarhús, sem geri utanbæjarnemendum jafnkleift að stunda sitt nám hér og á Akureyri eða á Laugarvatni, þ. e. við hina menntaskólana. Þó að menntaskólahúsið hér við Lækjargötu sé orðið gamalt, þá er þó enn svo, að það rúmar mjög sómasamlega þann nemendafjölda, sem árlega sækir hér um aðstöðu til menntaskólanáms. Ég skal þó að þessu sinni ekki ræða þær deilur, sem verið hafa mjög háværar undanfarið, um það, hvaða stefnu skuli taka í byggingarmálum menntaskólans yfirleitt, heldur aðeins undirstrika, að það, sem í raun og veru væri enn nauðsynlegra en bygging nýs menntaskólahúss, væri að bæta aðstöðu utanbæjarnemenda hér til þess að stunda námið. Það verður bezt gert með því að byggja heimavistarhús. Það háir ýmsum utanbæjarnemendum við skólann, hversu húsnæði og fæði hér í Rvík er dýrt, og það mundi án efa verða þeim, sem hingað vildu sækja til menntaskólanáms, til mjög

mikils léttis, ef hér væri sams konar aðstaða til heimavistar með svipuðum kjörum og er á Akureyri og á Laugarvatni.

Enn fremur hef ég flutt till. um hækkun á fjárveitingu til íþróttasjóðs, að nokkru í samræmi við þær óskir, sem ýmsum alþingismönnum hafa borizt varðandi aukna fjárveitingu til þeirrar starfsemi.

Hef ég þá lýst þeim till., sem ég hef flutt, þótt þær séu ekki enn komnar fyrir augu hv. þm., og vona, að þær mæti skilningi og hljóti góðar undirtektir.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég flyt hér fáeinar brtt. á þskj. 250, en áður en ég kem að þeim sérstaklega, get ég ekki látið hjá líða að víkja aðeins örfáum orðum að þeim umr., sem hér hafa farið fram, um stefnu þá í fjármálum, sem birtist í fjárlfrv. og athugasemdum hv. fjvn. við það.

Þeir fulltúar ríkisstjórnarinnar, sem hér hafa einkum haldið uppi málsvörnum fyrir stefnu ríkisstj., þeir hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjvn., hafa mjög látið í það skína, að þær brtt., sem við stjórnarandstæðingar höfum flutt hér, séu óábyrgar og mundu leiða til hruns í þjóðfélaginu, ef samþykktar yrðu. Þeir hafa farið um þetta mismunandi hörðum orðum, og skal ekki því leynt, að hv. frsm. nefndarinnar, 2. þm. Eyf., hefur þar farið í með meiri kurteisi og reynt að leiða rök að sínu máli, enda þótt ég geti ekki tekið alla þá hluti, sem hann telur rök, alvarlega.

Hæstv. fjmrh. reyndi eins og fyrri daginn að útmála það, hver blessun þjóðinni sé búin með hans fjármálastefnu, og nefndi það til, að undir hans forsjá á fjármálunum hefðu skattar verið lækkaðir. Það skal viðurkennt, að í hans fjármálaráðherratíð hafa verið afnumdir tveir skattar: fasteignaskatturinn, — þ. e. a. s., hann hefur ekki verið afnuminn, en hann hefur verið veittur öðrum aðila en ríkissjóði, — sá skattur nam á síðustu fjárlögum 700 þús. kr.; og á þessu þingi hefur verið afnuminn veitingaskattur, sem nemur 2½ millj. kr. eftir fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Samtals hafa þá verið afnumdir af tekjum ríkissjóðs skattar, sem nema 3.2 millj. kr. Þar á móti hefur með lögum á sama tíma verið hækkaður sá skattur, sem heitir aukatekjur ríkissjóðs, þannig að sá skattur var fyrir hækkunina áætlaður 4½ millj., en nú 8.6 millj. Á þessum eina lið hefur verið hækkuð skattgreiðslan um 4.1 millj., og sannast það á því, að þegar teknir eru þeir tollar eða skattar, sem afnumdir hafa verið, og hitt, sem hækkað hefur verið, þá hefur meira verið hækkað en lækkað, og þó á ég eftir að koma að tekjuskattinum.

Það virðist vera feikilegt stolt ríkisstj. að hafa breytt útreikningsstiga tekjuskatts. Þar fullyrðir fjmrh. að um sé að ræða nálægt 28% skattalækkun. Það er rétt, að það hefur verið gerð nokkur breyting á útreikningi þessa skatts. En það, sem talar skýrustu máli um, hvað skeð hefur, hvers konar skattalækkun það hefur verið, sam þar hefur verið framkvæmd, er það, að í fjárlögum ársins 1954 var tekjuskatturinn áætlaður 56½ millj., en í ár, þ. e. a. s. í fjárlögum fyrir 1955, er hann áætlaður 62.8 millj., — og guð hjálpi svo þeim, sem ríkisstjórnin er að lækka skatta á, því þegar ríkisstj. lækkar skattana, þá sleppa menn undan því að greiða aðeins 56½ millj., en verða þess í stað að greiða 62.8 millj. Svo getur fjmrh. gamnað sér við það að kalla sig ábyrgan stjórnmálamann og kalla þetta lækkun. Ég geri það ekki.

Fjárlögin fyrir s. l. ár gerðu ráð fyrir, að ríkistekjurnar mundu nema rúmlega 443 millj. kr. Nú er talið nokkurn veginn fullvíst, að þær muni í raunveruleikanum nema 550 millj. á þessu ári. Við þurfum þess vegna ekki að muna lengra aftur í tímann heldur en til þess, þegar fjárl. voru afgreidd hér á síðasta þingi. Þá lásu þessir sömu fulltrúar ríkisstj., hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Eyf., feikilega húslestra hér yfir alþm. um það, að yfirleitt allar hækkunartill. væru hreint gáleysi, þær væru óábyrgar, það væri óvarlegt að samþykkja þær, og ég man ekki hvað og hvað fleira þeir töldu þeim til gáleysis, sem fluttu slíkar till. Reynslan sýndi þó, að stjórnarandstaðan flutti alls ekki meiri till. til hækkunar á fjárl. yfirstandandi árs heldur en svo, að þær mundu hafa staðizt með þeim tekjum, sem raunverulega hafa orðið. Og þetta fer nú að verða nokkuð einhliða húslestur þeirra góðu fulltrúa ríkisstj. Nú hefja þeir upp sama sönginn, og alveg sérstaklega var hv. 2. þm. Eyf. hneykslaður á því, að í þeim till., sem minni hl. fjvn., þ. e. a. s. stjórnarandstöðufulltrúarnir, hefur gert hér, telst honum til að muni vera um 23 millj. kr. tekjuhalli. Upp í þetta er að vísu viðurkennt að ríkisstj. mundi hafa ráð á einhverjum hluta af bílaskatti, en hversu miklu hann mundi nema, er ekki vitað, og ég heyrði það a. m. k., að hv. 2. þm. Eyf. taldi ólíklegt, að bílaskatturinn mundi nema allri þeirri upphæð.

En athugum nú aðeins, hverjar eru svo till. þær, sem stjórnarandstaðan í fjvn. hefur gert? Jú, þær eru um það, að atvinnulíf Íslendinga verði byggt upp og þeim Íslendingum, sem nú búa við erfið atvinnuskilyrði, verði gert lífið mögulegra heldur en það nú er. Þær eru um það, að byggð verði mannsæmandi hús yfir það fólk, sem nú býr í heilsuspillandi íbúðum. Þannig væri hægt að telja áfram, enda hafa fulltrúar ríkisstj. ekki mótmælt því, að hér sé um gagnlega hluti og nauðsynlega að ræða. Það er þess vegna um það að ræða að leiðrétta það allra sárasta, sem Íslendingar hafa dregizt aftur úr mannsæmandi lífskjörum undir yfirstjórn þessara virðulegu fjármálaspekinga. Það getur vel rétt verið, að til þess að kippa því í lag, koma því í sæmilega viðhlítandi lag á einu ári, mundi þurfa að afgreiða fjárl., þar sem útgjöldin verði kannske fullt eins mikil og tekjurnar. En þar er því enn til að svara, að frá því ári, sem nú stendur yfir, er verulegum hluta ríkisteknanna óráðstafað, og það væri engan veginn fjarstætt að hugsa sér það, að jafnvel þessi 23 millj. kr. halli, sem gæti komið til mála með að verða á fjárl., yrði réttur af með hluta af þeim tugum millj., sem ríkissjóður á nú óeyddar, vegna þess að hann hefur pínt hærri fjárhæðir út úr þegn-

um sínum heldur en nauðsynlegt var til rekstrar ríkisins á yfirstandandi ári.

Hæstv. fjmrh. var enn þá að segja okkur söguna af því, að þessar tekjur ríkissjóðs umfram það, sem fjárl. gerðu ráð fyrir, stafi af alveg einstöku góðæri. Það er dálítið einkennilegur maður fjmrh. okkar, og hann virðist ekki vita ákaflega mikið um það, hvað gerist hjá þeirri þjóð, sem hann geymir kassann fyrir. Honum til minnisauka vildi ég þá gjarnan rifja það upp, að á þessu alveg einstaka góðæri, sem hann kallar, hefur það skeð, að vetrarvertíð var harðsóttari vegna illviðra á beztu miðum Íslendinga heldur en venja er. Afli sá, sem á land kom, var að vísu allmikill, en alls ekki svipað því eins mikill og maður gæti búizt við að íslenzki fiskiskipaflotinn skilaði í meðalári.

Þá vildi ég minna hæstv. ráðh. á það, að vegna hans eindæma slæmu fjármálastjórnar lá togaraflotí landsmanna bundinn við landfestar í 2—4 mánuði ársins. Þar hefur íslenzka þjóðin misst af verulegum hluta þeirra verðmæta, sem maður gæti reiknað með að í meðalári féllu henni í skaut.

Ég vil enn fremur minna hæstv. ráðh. á það, að síldarafli hefur ákaflega sjaldan verið eins fádæma lélegur og á s. l. ári. Einnig síldveiðimöguleikar íslenzku þjóðarinnar gáfu þjóðinni næstum því eins litlar tekjur og maður getur reiknað með sem lágmarki.

Og þá er ég kominn að því atriðinu, sem hæstv. fjmrh. vill stundum láta skína í að hann sé sérstaklega vel að sér í, en það eru landbúnaðarmál íslenzku þjóðarinnar. En þar vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að stór svæði landsins voru á yfirstandandi ári ákaflega afurðalítil, vegna þess að nýlega hafa farið fram fjárskipti á stórum svæðum og bústofn landsmanna er því með þeim hætti á stórum svæðum, að hann gefur alls ekki nema tiltölulega lítinn afrakstur.

Þegar ég hef nú rifjað upp þessi 4 atriði og svo það til viðbótar, að hæstv. fjmrh. kallar, að einstakt góðæri hafi gengið yfir íslenzku þjóðina á árinu 1954, þá vil ég spyrja: Við hverju býst þessi ráðh. á næsta ári? Býst hann við því, að það muni veiðast minni síld en í sumar? Býst hann við því, að landbúnaðarafurðir verði minni en þær voru í ár? Býst hann við því, að tekjur af þorskfiskveiðunum verði minni en þær voru í fyrravetur? Býst hann við því, að rekstrarstöðvun togara verði lengri í ár en í fyrra?

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri Alþ. grein fyrir þeim veraldarósköpum, sem hann virðist reikna með að muni ske á því herrans ári 1955. Ég er alls ekki að halda því fram, að það sé ekki möguleiki til þess, að illa kunni að takast til hjá íslenzku þjóðinni á n. k. ári. Ég veit það t. d., að hún býr enn við þá sömu fjármálaóstjórn sem kyrrsetti togaraflotann í 2—4 mán. s. l. ár, og það er nú töluvert útlit á því, að hæstv. ríkisstj. takist að hafa stöðvun þeirrar framleiðslu ekki skemmri á árinu 1955 heldur en á yfirstandandi ári.

Er það þá meiningin, að íslenzka þjóðin búi við svo skyni skroppna fjármálastjórn sem ræðuhöld fjármálaráðherrans gefa til kynna? Um það er ég nú ekki fyllilega dómbær. Ég hef hæstv. fjmrh. grunaðan um það að vera ekki eins fávísan um hagi íslenzku þjóðarinnar og hann telur hv. alþm. trú um að hann sé. Ég hef grun um það, að hann geri það af ásettu ráði, fremur en af fávísi, að útbúa fjárl. frá ári til árs vísvitandi röng, þannig að þau geri ráð fyrir minni þjóðartekjum, minni tekjum í ríkiskassann en þær raunverulega koma til með að verða. Og hvers vegna? Jú, það er vegna þess, að sú ríkisstj., sem nú situr að völdum, hefur tekið það upp sem sína stefnu eða sem sín vinnubrögð að leitast við að gera ríkiskerfið að eins konar banka, í aðra röndina að eins konar banka, en í hina röndina að eins konar Marshallstofnun, sem úthlutar til vina sinna og vandamanna ýmist lánum eða styrkjum.

Það er ósköp þægilegt fyrir hæstv. fjmrh. að hafa afgangs kannske fram undir 100 millj. kr. í ríkiskassanum á hverju ári til þess að geta ráðstafað eftir vild sinni, — ja, ég segi eftir vild sinni, — líklega fær hann nú ekki að gera það, nema hv. Sjálfstfl., sem hann á nú líf sitt undir sem fjmrh., leyfi honum. Ég geri ráð fyrir því, að Sjálfstfl. leyfi honum ekki að vera einum um þá úthlutun, því að þær reglur, sem gilda í ríkisstj., eru nú alþjóð kunnar, að þar er um að ræða eina stóra klíku undirferlismanna, sem vilja komast með sem stærstan slurk af tekjum ríkisins burt frá öllum lögum, úthluta þeim krónum sjálfir til vina sinna og vandamanna og stilla svo Alþ. eftir á upp fyrir því sem orðnum hlut, að búið sé að afgreiða þessar tekjur, búið sé að eyða þeim, búið sé að ráðstafa þeim, ekki eftir neinum lögum, heldur einungis eftir geðþótta ríkisstj. og því samkomulagi, sem kann að hafa orðið milli Sjálfstfl. og Framsfl.

Það er þess vegna augljóst mál, að stjórnarandstaðan fer ekki með óábyrgar tölur, þó að hún leggi til, að ríkistekjurnar næsta ár séu áætlaðar 15 millj. kr. hærri en þær þegar hafa reynzt í ár, — hún fer ekki með óábyrgari tölur, þó að hún leggi slíkt til, heldur en hæstv. fjmrh. og heldur en hv. fjvn. gerir með því að áætla tekjurnar þannig, að þær eru ekki einu hundraði milljóna lægri en þær raunverulega reynast, heldur eitthvað töluvert á annað hundrað millj. kr. lægri á fjárlögum en þær reynast. Slíkir menn ættu ekki að brigzla öðrum um að fara með óábyrgum hætti með tölur. Eða vilja þeir hv. málsvarar ríkisstj. halda því fram, að það sé hin ábyrga meðferð gagnvart þjóðinni á því fé, sem af henni er tekið í sköttum og tollum, að falsa fjárl. um meira en 100 millj. vitandi vits, því að ég geri ráð fyrir því, að það komi eitthvað svipað upp á teninginn að ári liðnu eins og nú er komið, að það, sem fjmrh. og fjvn. telja sínar ýtrustu vonir standa til um tekjur þjóðarinnar, sé a. m. k. 100 millj. kr. minna en raunveruleikinn kemur til með að sýna?

Ég læt svo útrætt um þau ræðuhöld, sem fulltrúar ríkisstj. hafa haft hér í frammi í kvöld, og reyndar er þetta ekki í fyrsta sinn, sem þeir kveða þennan söng sinn, en sný mér að þeim till., sem ég hef flutt hér á þskj. 250. Þær till.

eru allar, utan ein, staðbundnar við mitt byggðarlag. En því er svo háttað, að í útdeilingu ríkisstj. á fjármunum ríkisins virðast stjórnarvöldin hafa uppi alveg sérstakan fjandskap í garð þess byggðarlags, þar sem ég á búfestu.

Vestmannaeyjar eru, eins og allir kannast við, eitt af þeim héruðum landsins, sem drýgstar tekjur gefa ríkissjóði. Það er þróttmesti framleiðslubær landsins, eins og nú stendur, miðað við það, hve margir menn búa þar, en þetta byggðarlag býr við algera sérstöðu um ýmsa hluti, og fyrir þeirri sérstöðu virðist ríkisstj. og sá hluti fjvn., sem fylgir ríkisstj. að málum, ekki gera sér neina grein.

Fyrsta till., sem ég flyt til þess að freista þess að fá í einhverju réttan hlut Vestmannaeyja í þeirri útdeilingu fjármuna, sem fer fram með setningu fjárlaga, er merkt á nefndu þskj. með VII, það er um hafnarframkvæmdir í Vestmannaeyjum. Í till. fjvn. er gert ráð fyrir, að til Vestmannaeyjahafnar verði varið 300 þús. kr. Ég hef lagt til, að þessi upphæð verði hækkuð í 840 þús.

Mér er það kunnugt, að fjvn. hefur hliðsjón af reglu við úthlutun fjár til hafnarframkvæmda og lendingarbóta. Ekki fylgir hún þó þeirri reglu, sem hún annars hefur hliðsjón af, fastar en svo, að ég hygg, að í því tilfelli, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. um framlag til Vestmannaeyjahafnar á árinu 1955, fari ég ef til vill ekki meira upp fyrir regluna heldur en hv. fjvn. fer niður fyrir hana. Hitt er svo annað mál, að ég get ekki viðurkennt, að sú regla eigi að hafast í heiðri, sem fjvn. hefur til hliðsjónar við úthlutun á hafnarbótafé. Ég t. d. sé ekki, að það geti verið nokkurt réttlæti í því, að Vestmannaeyjar séu í hafnarframkvæmdum settar neðar en nokkurt annað kjördæmi á landinu. Við Vestmanneyingar höfum þá sérstöðu, að við njótum einskis í af sumum þeim fjárfrekustu útgjöldum, sem ríkissjóður hefur, eins og t. d. brúagerð. Við fáum hins vegar að borga þetta ekki síður en aðrir þjóðfélagsins þegnar. Við njótum ákaflega lítils af því fé, sem fer í vegagerð af ríkisfé. Þetta eru hlutir, sem alls ekki geta talizt óeðlilegir, en þetta fyndist mér að hæstv. ríkisstj. og sú virðulega fjvn. ættu að geta tekið til greina og látið þar á móti Vestmanneyinga sæta beztu kjörum í því, sem þá vanhagar hvað mest um, en það er eins og nú stendur auknar hafnarframkvæmdir.

Ég vil ekki heldur láta hjá líða að minna á það, að af náttúrunnar hendi er raunverulega engin höfn í Vestmannaeyjum, og allt, sem þar hefur þurft að gera til þess að koma þeim málum í það ástand, sem þó er orðið, en Vestmannaeyjahöfn er nú orðin þannig, að þar geta komið inn öll íslenzk skip, — til þess að slíkir hlutir megi ske, þá þarf 'auðvitað eitt lítið byggðarlag að leggja hart að sér. Það hafa Vestmanneyingar líka gert, og ég fullyrði: Ekkert byggðarlag á Íslandi hefur lagt eins þungar byrðar á þegna sína til hafnargerðar eins og Vestmannaeyjar hafa gert, bæði í almennum álögum og sömuleiðis í sérstökum vörugjöldum. Ég vil enn fremur taka fram, að gagnið af þeirri höfn, sem byggð hefur verið í Vestmannaeyjum og enn þá þarfnast mjög fjárfrekra framkvæmda til þess að geta talizt viðhlítandi, hafa ekki einasta Vestmanneyingar. Í fyrsta lagi hefur ríkissjóður ómetanlegt gagn af höfninni, með því að þarna eru framleidd geysilega mikil verðmæti, og í öðru lagi sækja atvinnu sína til Vestmannaeyja árlega um 3—4 mánaða skeið ársins þúsundir manna, sem búsettir eru annars staðar á landinu. Þeir, sem þannig koma í atvinnuleit til Vestmannaeyja, þurfa ekki að standa undir hafnarframkvæmdum. Þau útgjöld eru einungis lögð á heimamenn. Þegar allt þetta er tekið til greina, þá vildi ég leyfa mér að spyrja: Er það sanngjarnt? Ef við berum saman framlagið til Vestmannaeyjahafnar og t. d. til hafna í einu kjördæmi landsins, við skulum taka t. d. Snæfellsnessýsluna, þá búa þar snöggt um færri menn en í Vestmannaeyjum og lifa flestir á landbúnaði, en í þá sýslu var samkvæmt síðustu fjárl. veitt álíka há upphæð og ég nú fer fram á að veitt verði til Vestmannaeyjahafnar.

Ég læt þá útrætt um þá till., sem ég hef hér lagt fram um breytingar á framlagi til Vestmannaeyjahafnar.

Þá sný ég mér að annarri till., sem einnig er á þskj. 250, merkt þar með X. Þar hef ég lagt til, að framlag til bókasafns í Vestmannaeyjum verði hækkað úr 6250 kr. upp í 13 þús. kr. Mér virðist það ekki vera nein goðgá að fara fram á það, að jafnmikið sé lagt til bókasafns í Vestmannaeyjum eins og gert er til bókasafns í Hafnarfirði, til bókasafns á Ísafirði, til bókasafns á Akureyri. Í fyrsta lagi er hér um staði að ræða, sem í ýmsu eru nokkuð sambærilegir. Að vísu eru Vestmannaeyjar ekki fullkomlega sambærilegar við Hafnarfjörð, því að Hafnfirðingar búa nú þeim mun betur, að þeir geta sér að kostnaðarlitlu skotizt á hin stóru bókasöfn, sem fyrir hendi eru hér inni í Reykjavík, ef þá vanhagar um bókakost eða ef þeir þurfa að vinna verk upp úr bókakosti, sem dýrt mundi að hafa heima í héraði. Við Vestmanneyingar búum þarna enn þá verr, því að það er ógerningur fyrir Vestmanneyinga að skjótast í önnur byggðarlög til þess að líta þar stuttlega í bækur, og væri þeim mun meiri nauðsyn að efla bókasafnið í Eyjum. Ég vænti þess því, að hv. alþm. geti fallizt á það, að hér sé einungis farið fram á sanngjarna hækkun.

Þá ber ég einnig fram á sama þskj. till., sem merkt er með XIII. Hún er varðandi flugvallargerð. Till. er um það, að ríkisstj. heimilist að veita 5 millj. kr. til flugvallargerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., enda verði hafin gerð nýrrar flugbrautar í Vestmannaeyjum. Ég skal taka fram, að þetta mun vera hækkun um 1½ millj. frá till. þeirri, sem hv. fjvn. gerir. Í Vestmannaeyjum er ein flugbraut, sem byggð var á árunum 1946 og 1947, og hefur raunar aldrei verið að fullu lokið við hana. Þessi flugbraut hefur að verulegu leyti breytt lífsmöguleikum Vestmanneyinga, þannig að hún er ákaflega mikið notuð og gerir Vestmanneyingum miklu færara en áður var að komast á milli sinnar heimabyggðar og annarra héraða landsins. En því miður skortir mikið á, að flugsamgöngur við Vestmannaeyjar geti talizt í því horfi, sem viðunandi sé, og hefur það raunar frá upphafi verið ljóst öllum, sem

um þetta mál hafa fjallað, að með þessari einu flugbraut væri alls ekki komið í það horf samgöngumálum Vestmanneyinga sem þyrfti og að önnur flugbraut, sem hefði aðrar stefnur, þyrfti að koma til, til þess að hægt væri að fljúga til Vestmannaeyja flesta daga. Sú flugbraut, sem fyrir er í Vestmannaeyjum, er nothæf í austan- og vestanáttum, en ef vindstaða er norðan eða sunnan, þá má vindur ekki fara yfir 3 stig til þess, að ólendandi verði á Vestmannaeyjaflugvelli, og hafa flugsamgöngur af þeim ástæðum raunverulega í bezta veðri teppzt stundum vikum saman. Það er einnig í samræmi við áætlanir flugmálastjórnarinnar, að byggð verði ný flugbraut í Vestmannaeyjum, og er ekki nema sanngjarnt að ætlast til þess af ríkisvaldinu, að það greiði fyrir því, að slík flugvallargerð í Vestmannaeyjum geti komizt til framkvæmda hið allra fyrsta.

Þá flyt ég einnig undir liðnum XIII á sama þskj. aðra till., en hún er almenns eðlis og einskorðast ekki við neitt sérstakt byggðarlag. Þar flyt ég brtt. við það, sem ráðgert er í fjárlfrv. að ríkissjóður taki þátt í upphitunarkostnaði í skólum. Það var sett inn í fjárlög á s. l. ári að heimila ríkisstj. að greiða allt að ¾ hlutum af hitunarkostnaði héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum. Ég gerði tilraun til þess þá að fá þetta ákvæði gert almennt, en það fékk ekki nægilegt þingfylgi þá. En ég hef enn ekki heyrt neina réttlætingu á því, að nauðsynlegt sé, að ríkið taki þátt í hitunarkostnaði þeirra skóla, sem þarna ræðir um, fremur en annarra þeirra skóla, sem búa ekki við jarðhita, og hef ég þess vegna flutt brtt. við þennan lið, sem fer í þá átt að heimila ríkinu að greiða ¾ hluta hitunarkostnaðar allra þeirra skóla, sem búa ekki við jarðhita.

Ég hef að svo komnu máli ekki gert neinar till. um þá liði, sem hv. fjvn. hefur enn ekki afgreitt, og mun ekki gera það fyrr en ef ástæða væri til, þegar þær till. n. koma fram, væntanlega við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 253, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði tilraun til þess hér áðan að gera okkur svartsýna og reyna enn á ný að telja okkur trú um, að verra árferði hlyti að vera fram undan á næsta ári heldur en því, sem nú er að líða. Þetta hefur nú verið hans pólitíska veðurspá allt frá því að ég kom hér á Alþ., en það er nú ekki nema síðan 1946. Mér finnst vera farið að slá í þessa bölsýniskenningu hans, og ég er fyrir löngu hættur að trúa á hana. Ég held líka, að hæstv. ráðh. þurfi að skjóta einhverjum stoðum undir það til þess að sannfæra hv. þm. um, að fram undan sé eitthvert voðaárferði, sem líklegt sé til að kippa stoðum undan tekjumöguleikum ríkissjóðs, svo að það verði að áætla tekjur hans um það bil 100 millj. kr. lægra en tekjurnar hafa reynzt í ár. Hann bendir á, að yfirstandandi ár hafi verið, eins og hér hefur verið tekið upp eftir honum af ýmsum, alveg einstakt góðæri, og segir, að hér hafi verið mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Jú, það hefur verið hér í Reykjavík og í nágrenni Reykjavíkur. En er hæstv. ráðh. hættur að sjá út fyrir Hringbrautina? Sér hann aldrei neitt til Austfjarða? Veit hann ekki, hvernig atvinnuástandið er þar? Er þar samfelld atvinna? Er þar hver hönd notuð árið um kring? Er það þannig á Norðurlandi? Er það þannig á Vesturlandi? Nei, það er bara í þremur landsfjórðungum, sem vinnuafl landsmanna hefur verið illa notað á yfirstandandi ári, þ. e. a. s., það er stórt skarð fyrir skildi um þá tekjuöflun hjá þjóðinni á árinu í ár, sem hefði getað verið, ef öllum atvinnuvegum landsmanna hefði verið stjórnað af eitthvað svipaðri umhyggjusemi og ríkiskassanum sjálfum í þrengstu merkingu hefur verið stjórnað.

Hæstv. ráðh. var minntur á það líka, að þetta ár, sem nú er að líða, hefði nú ekki verið alveg áfallalaust. Það hefði verið síldarleysi, og togaraflotinn hefði verið stöðvaður, ég vil segja með stjórnaraðgerðum, í heilan ársfjórðung. Samt verða tekjur ríkissjóðs eitthvað yfir 550 millj. á þessu ári.

Það hefur verið svo mörg undanfarin ár, að tekjur ríkissjóðs hafa farið hækkandi frá ári til árs. Það eru engar líkur til þess, að það verði minni framleiðsluverðmæti á næsta ári; það eru engar líkur til þess, að það verði minni kaupgeta hjá fólki á næsta ári; það eru engar líkur til þess, að það verði minni innflutningur á næsta ári, og þar af leiðandi eru engar líkur til þess, að það verði minni tolltekjur eða skattatekjur, sem hæstv. fjmrh. fær fyrir ríkissjóðinn sinn á næsta ári, heldur en því, sem nú er að líða.

Ég tel því, að það sé ómögulegt fyrir hæstv. fjmrh. að komast hjá því að viðurkenna, að það er, eins og útlitið er núna, varlegt að áætla tekjur ríkissjóðs eins og þær hafa reynzt þetta ár, sem sé 550—560 millj. kr., og það er það, sem við í minni hl. fjvn. höfum gert. Við höfum áætlað tekjur ríkissjóðs 563 millj. kr.

Hæstv. ráðh. vék svo að því, að það mundu að vísu ekki verða afgreidd launalög á þessu þingi, en það mundu verða gerðar bráðabirgðaráðstafanir til þess, að embættismenn ríkisins fengju einhverja launauppbót, því að þeir væru orðnir mjög aðþrengdir og hjá því yrði ekki komizt, og hæstv. ríkisstj. mundi reyna að hafa till. tilbúnar um þetta fyrir 3. umr. fjárl. Af þessu höfum við í fjvn. fengið nokkurn pata og heyrt, að til stæði að ætla svona 7 millj. kr. upphæð til þess að mæta fyrirhuguðum hækkunum — lagfæringum — vegna fastlaunaðra starfsmanna og embættismanna ríkisins. Með einhverjum hætti á þetta að jafnast ofan á launin, líklega eftir hundraðshlutum, úr því að launalögin eru ekki komin það langt áleiðis hjá hæstv. stjórn, að þau eigi að fá afgreiðslu á þinginu. En svo sagði hæstv. ráðh.: En þetta á bara ekki að gefa neitt tilefni til nýrrar launahækkunaröldu. — Af hverju datt honum það í hug, að ef hækkuð væru embættislaun hjá ríkinu um 7 millj. kr., þeirra manna, sem hafa þó fastar, öruggar tekjur frá ári til árs og eru þannig allt öðruvísi og

betur settir en Austfirðingarnir hans með stopula atvinnu og Norðlendingarnir og Vestfirðingarnir, sem verða að búa við lítið atvinnuöryggi, ósamfelldar atvinnutekjur, þá ætti ekki líka, þegar hæstv. ríkisstj. hefði sagt a, að segja b með því að bæta eitthvað launakjör þess fólks, sem býr við atvinnuleysi? Ég skil ekki þankaganginn hjá hæstv. ráðh. og skil raunar vel, að hann skyldi kippast við, þegar hann hafði talað um hina fyrirhuguðu hækkun vegna embættismannanna, og víkja að því, að það ætti þó ekki að hafa áhrif til hækkunar á almennar launagreiðslur hjá öðrum. En ekkert réttlæti væri í því. Ef það er ástæða til þess að hækka launin hjá nokkrum í þessu landi, þá er það vitanlega fyrst og fremst hjá tekjulægsta fólkinu og því fólki, sem sérstaklega hefur vegna fádæma illrar stjórnar á atvinnuvegum þjóðarinnar orðið að búa við atvinnuleysi og býr við það. Það er því alveg gefinn hlutur, að lagfæring á launakjörum fastlaunaðra starfsmanna og embættismanna ríkisins hlýtur að vera vísbending, fáni dreginn við hún af hendi ríkisstj. um það, að hún viðurkenni, að nú sé tími kominn til að bæta launakjör hinna lægst launuðu í þessu landi, hvort sem þeir eru embættismenn eða ekki.

Hæstv. ráðh. taldi ástæðu til að mótmæla því sem röngu, þegar verið væri af okkur í minni hl. að tala um hækkandi álögur og auknar tekjur ríkissjóðs frá ári til árs. Hann fullyrti bara, að þetta væri rangt, núverandi ríkisstj. hefði eiginlega ekkert annað fremur gert en að lækka tolla og skatta, og svo fór hann að telja upp og sagði, að menn hlytu þó að muna, að hæstv. ríkisstj. hefði fellt niður kaffi- og sykurtollinn, hún hefði fellt niður söluskatt af bifreiðaakstri, hún hefði gert sparifé skattfrjálst og svo hefði veitingaskatturinn verið afnuminn. Hvað ætli þetta hafi verið margar milljónir allt saman? Ég hygg, að þetta allt saman hafi ekki verið yfir tug milljóna. Ég man t. d., að veitingaskatturinn var seinast á fjárl. 2.5 millj. kr. Ég held einnig, að sú upphæð, sem skattfrelsi sparifjárins nemur, sé ekki geysihá. Þetta er meira til þess að nefna heldur en að það hafi nokkurt innihald.

En fram hjá hinu verður ekki komizt, að allir tekjuliðir fjárlaga hafa hækkað — einstakir tekjuliðir jafnvel um tugi milljóna. Hvað segja menn t. d. um verðtollinn? Hefur hann ekki hækkað um tugi milljóna stundum á einu ári? Hann hefur hækkað frá ári til árs og stundum um tugi milljóna á einu ári. Eða söluskatturinn? Hann hefur frá ári til árs hækkað um tugi milljóna og er nú kominn á annað hundrað milljóna króna.

Ég tel það ekki vera neitt lof um hæstv. ríkisstj., þó að henni hafi ekki tekizt að ganga svo langt í skattpíningu að geta miðað skattana við sömu krónutölu og fyrir gengislækkun. Vitanlega hefur viðmiðunin að öllu leyti breytzt síðan og allt verðmætamat raskazt við þá ráðstöfun stjórnarvaldanna, og það væri vitanlega alveg ólíft í landinu, ef gengið væri í skattlagningunni niður í sömu upphæðir og skattar voru teknir af fyrir gengislækkun. En sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. er búin að stórhækka tekjur ríkissjóðs, þ. e. a. s. herða á skattpíningunni á landsmönnum frá ári til árs.

Þá vék hæstv. ráðh. þessu næst að ríkisbáknínu og spurði, hvers vegna við hefðum ekki borið fram frumvörp til laga um það að fækka embættum og gera ríkisbáknið einfaldara og ódýrara, úr því að við værum nú komnir að þeirri niðurstöðu, að til þess að framkvæma það, svo að nokkru næmi, þyrfti lagabreytingar. Ja, ég vil nú segja: Hefur hæstv. ríkisstj. ekki dottið það snjallræði í hug, ef hún er haldin af sparnaðaranda? Það væru nefnilega ólíkt meiri vonir, sem stæðu til þess, að sparnaðarfrumvörp um fækkun embætta næðu fram að ganga hér á hv. Alþ., ef hæstv. fjmrh. léti sér detta slíkt í hug og bæri slík frv. fram, heldur en við í stjórnarandstöðunni, því að það eitt er víst, að það færi í sömu körfu og allar okkar till. Það yrði ekki til þess að draga neitt úr kostnaðinum við ríkisbáknið, þó að við bærum slík frv. fram. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki borið fram slík frv. Hún hefur bætt við embættum frá ári til árs og aukið ríkisbáknið. Endrum og eins hefur hún þó lagt niður eitt og eitt embætti. Ég man, að fyrir nokkrum árum var lagt niður embætti veiðimálastjóra, en eftir tvö ár var það embætti komið inn á fjárl. aftur og hefur aldrei tekið til sín eins margar krónur og nú á fjárlögunum.

Þannig hafa iðrunarköstin staðið stutt, og þau spor, sem stigin hafa verið endrum og eins til sparnaðar, hafa verið stigin til baka aftur. Hvað eru þau mörg námsstjóraembættin, sem búið er að stofna á seinustu árum? Ég held, að námsstjórarnir séu orðnir 10 núna. Hvað eru þeir orðnir margir skattstjórarnir, sem búið er að unga út á seinustu árum? Og hvað ætli það séu margir nýir starfsmenn á jötu ríkisins, sem eru komnir inn á þessi fjárlög? Ég veit, að þeir eru á annan tug a. m. k.

Nei, þeirri ríkisstj., sem færir út embættisbákn ríkisins frá ári til árs, eins og núverandi hæstv. ríkisstj. gerir, er ekki sparnaður í hug, og hún þarf ekki að auglýsa eftir neinum frv. um fækkun embætta, því að þeim mundi ekki ætlað líf, ef þau kæmu frá stjórnarandstöðunni. En það, að þau koma ekki frá hæstv. ríkisstj., sýnir, að hún hefur ekki neina slíka sparnaðarviðleitni í huga.

Það er eitt af nýjustu sparnaðarafrekum hæstv. stjórnar að stofna eitt nýtt rándýrt ráðuneyti í viðbót við öll önnur.

Viljann til sparnaðar vantar hjá hæstv. ríkisstj., og hann hefur vantað lengi. Hann hefur vantað alla þá tíð, sem hún hefur setið við völd.

Þá vék hæstv. ráðh. að till. mínum á undanförnum árum um að áætla tekjur ríkissjóðs réttar en gert hefur verið, og það skal ég játa, að hæstv. ráðh. var hógvær, þegar hann kom að því efni málsins. Hann sagði, að ef farið hefði verið eftir till. Hannibals Valdimarssonar, þá hefði halli orðið sum árin á fjárl., en stundum hefðu þau nú skriðið. Þetta er algert misminni hjá hæstv. ráðh. Á hverju einasta ári hefði orðið tekjuafgangur á fjárl. fyrir það, þó að hver einasta till. mín um rétta tekjuáætlun hefði verið samþ., — á hverju einasta ári, því að

reynslan hefur alltaf komið út með hærri tölur að því er snertir tekjuliði fjárl. heldur en ég hef áætlað undanfarin 7 ár. Og þetta ár, 1954, hefðu orðið 90 millj. kr. umframtekjur á fjárl., þó að allar mínar till. í fyrrahaust hefðu verið samþ. En þær voru ekki samþ. allar, og það urðu 108 millj. kr. umframtekjur á árinu.

Ef hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. vildi viðurkenna staðreyndir og viðurkenna Alþ. þann rétt, sem því ber samkvæmt stjórnarskrá, að hafa fjárveitingavaldið í sínum höndum, þá ætti hæstv. ráðh. að heimila meiri hl. fjvn. að hækka tekjuáætlunina upp í 560 millj. kr., því að það er vitað eftir öllu útliti, að tekjur næsta árs geta ekki orðið undir 560 millj. kr., og þó eru allsterkar líkur fyrir því, að þær verði hærri. En þetta verður ekki gert, sannið þið til, og svo fáum við að haustnóttum að árí liðnu að heyra um mikinn tekjuafgang og jafnframt spádóma um mikið hallæri á árinu 1956. Þessa sögu þekkjum við.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hv. frsm. meiri hl. fjvn. og reyna að útskýra fyrir honum það, sem hann sagði að þyrfti skýringa við í till. okkar hv. 11. landsk. Það má ekki minna vera eftir mikið og náið samstarf í fjvn. heldur en að maður reyni að tala svo skýrt við sína meðbræður í n., að nokkurn veginn skiljist það, sem sagt er og meint.

Hann hafði eftir mér, að ég hefði haft ákveðin ummæli eftir hæstv. forsrh., sem hefðu verið óviðurkvæmileg, því að hæstv. forsrh. hefði aldrei látið sér slíkt um munn fara, og væri ósæmilegt að hafa sjálfan forsrh. fyrir slíkum sökum um svo léttúðugt tal sem ég átti að hafa látið mér um munn fara. Út af þessu vil ég aðeins segja við hv. frsm. meiri hl. fjvn., að það er dálítill vandi að hlusta, og hlusta þannig, að maður skynji rétt það, sem er sagt, en það hafði honum ekki tekizt í þetta sinn, því miður. Þessi ummæli, sem ég lét mér um munn fara í minni framsöguræðu, eru sem betur fer skrifuð eins og ég flutti þau, og ég sagði ekki, að hæstv. forsrh. hefði sagt eitt eða neitt. Þegar ég hafði lýst aumlegu ástandi vélbátaútvegsins, sem yrði nú að fá útlendinga, þegar ég hafði rætt um erfiðleika togaraútgerðarinnar, sem hjarði á bílaskattinum til áramóta og enginn vissi svo, hvað tæki við, þegar ég hafði vitnað til hv. þm. A-Húnv. (JPálm) og hv. 2. þm. Skagf. (JS) um kvenmannsleysið í sveitunum og það, að landbúnaðurinn þyrfti nú líka að fá útlendinga flutta inn, helzt hollenzkar stúlkur, því að hugur þessara tveggja þm. stæði aðallega til þeirra, og að atvinnulífið væri allt á opinberu framfæri hjá hæstv. ríkisstj., þá sagði ég, að ríkisstj. væri hollt að staldra við og athuga sinn gang og spyrja sjálfa sig, hvort hún hefði gengið til góðs, og í framhaldi af þessu sagði ég svo: Ef til vill sýnist stjórninni sem ofurgróði milliliða og braskara sé aðalatriðið, að dýtíðarflóðið sé búhnykkur, en ekki þjóðfélagsböl, og e. t. v. segir forsrh. bara með hressilegu handapati: Skitt með atvinnuvegina, lifi milliliðirnir. Ég sagði, að e. t. v. mundi hæstv. forsrh. taka þessu svona, því að hann hefur það stundum til að taka alvarlegum hlutum með brosi og handapati og með því að taka hressilega upp í sig. Þetta er ekkert ólíkt hæstv. forsrh., og er það víst þannig, að hv. frsm. hefur séð þessa mynd svo skýrt fyrir sér, að hann taldi, að ég hefði sagt, að hæstv. ráðh. hefði sagt þetta. — En það var nú ekki einu sinni svo, að hann væri hafður fyrir þeim sökum. Það var sagt, að e. t. v. gæti hann haft til að taka þessum málum með slíkum tilsvörum.

En mér skildist þó, að það, sem hv. frsm. langaði sérstaklega til þess að fá nánari vitneskju um, væru till. okkar hv. 11. landsk., og verð ég að segja, að sá vefur, sem hv. þm. óf um till. okkar, var melétinn vefur, mjög melétinn og götóttur vefur. (Gripið fram í.) Já, enda fór hv. þm. í gegnum hann, hann fór í gegnum götin, sem hann bjó sjálfur til. Hann sagði í fyrsta lagi um till. okkar, að við legðum til, að tekjuáætlunin væri hækkuð um 70 millj. kr.; þetta er nærri því rétt. Það eru 69 millj. kr., sem við leggjum til að tekjuáætlunin verði hækkuð. Þarna skakkar ekki nema einni milljón. (Gripið fram í.) — Já, það er lítið — það hækkar lítið í kassanum hjá hæstv. ráðh. við eina og eina milljón.

Með þessu, að leiðrétta hina röngu tekjuáætlun um 69 millj., væri sem sé gengið út frá því hjá okkur, að tekjurnar væru 563 millj. kr. Á þessu ári er okkur sagt að þær muni vera um 552—553 millj. kr. Þær eru því aðeins hærra áætlaðar hjá okkur á næsta ári en okkur er tjáð nú að þær séu eða verði á þessu ári. M. ö. o.: Við trúum því ekki, að það verði miklu meira hallæri af völdum guðs eða manna eða ríkisstjórnarinnar á næsta ári heldur en á þessu.

En hvað þá með till. okkar gjaldamegin? Jú, við gerum ráð fyrir því, að rekstrarútgjöld á fjárl. hækki nokkuð, og berum fram ákveðnar till. um það. Nú eru rekstrarútgjöld á fjárlfrv. 432 millj. kr. Það mun vera rétt. Við erum samþykkir 13 millj. kr. hækkun af þeim till., sem hv. meiri hl. n. leggur til. Það mun líka vera rétt. Þá er það með hækkunartill. okkar á gjaldabálkinum að öðru leyti, að þar erum við samtals með hækkanir upp á 28.4 millj. kr., en þar hefur hv. frsm. fjvn., held ég, aðallega flaskað á því, að hann hefur lagt allar okkar hækkunartill. saman og komizt þá vitanlega að þeirri niðurstöðu, að þarna væri um nokkuð marga milljónatugi að ræða. En honum hefur aðeins láðst að draga frá þær upphæðir gjaldamegin, sem eru fyrir á fjárlfrv. Við höfum lagt til, að 2 millj. kr. verði ætlaðar til malbikaðra vega. Fyrir eru á fjárlfrv. 100 þús. kr., og er þá hækkun okkar 1.9 millj. kr. frá frv. Þá höfum við lagt til, að lánasjóður stúdenta fái 800 þús. í stað 500 þús., sem eru á frv., og er hækkunin þar 0.3 millj. kr. Þá höfum við lagt til, að nýr liður verði tekinn upp, sem sé 10 millj. kr. að upphæð, og ætlaður bæjar- og sveitarfélögum til kaupa á fiskiskipum samkvæmt skilyrðum, sem ríkisstj. setji. Það eru 10 millj. kr. í hækkun; það er allur liðurinn. Og þá er það enn fremur, að við leggjum til, að nýjar raforkuframkvæmdir fái 12 millj. kr., en á frv. eru fyrir 5 millj. 860 þús.

Það verða því 6.2 millj. kr., sem koma til hækkunar hjá okkur. Þá höfum við enn fremur lagt til, að raforkusjóður fái 10 millj. kr. framlag, en þar eru 5 millj. kr. fyrir á fjárlfrv. — kemur til hækkunar um 5 millj. kr. Til verðlækkunar á rafmagni ætlum við 1 milljón, sem er nýr liður, og er það 1 millj. kr. í hækkun, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. 3. kafla l. nr. 44 frá 7. maí 1946 3 millj. kr., sem er nýr liður og kemur til hækkunar um 3 millj., og að endingu til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum 1 millj. kr., sem ekki er fyrir á frv., og kemur því til hækkunar 1 millj. Þetta eru — segi ég og skrifa — 28 millj. og 400 þús. kr.

**Gripið fram í:** Gleymir hv. þm. söluskattinum?)

Nei. (Gripið fram í.) Það er nú ekki að marka það; hæstv. fjmrh. er svo rangeygður, og eftir því sem mér er sagt frá orðaskiptum hans og Árna Pálssonar einu sinni, þá sagði Árni Pálsson, sem var nú ekki alveg rétteygur: Ég var ekki nærri því eins rangeygður og þú, Eysteinn, á þínum aldri.

Þessar hækkanir, sem hér er um að ræða, eru þá komnar upp í 41.4 millj., og væru þá gjöldin á fjárlfrv. samkv. okkar till. 473 millj. og 400 þús. kr. Og svo gleymirðu söluskattinum, segir hv. 2. þm. Eyf. (MJ). Það er alveg rétt, að við höfum lagt til, við hv. 11. landsk., að ⅓ af áætluðum söluskatti, 126 millj. kr., skuli renna til bæjar- og sveitarfélaga, það eru 42 millj. kr. Nú bæti ég 42 millj. kr. við gjaldabálkinn, 473 millj., eða dreg þær frá tekjubálkinum, og þá er ég sem sé kominn, ef ég fer að samkv. fyrri aðferðinni, í 515.4 millj. gjaldamegin. 563 millj. var áætlunin hjá okkur teknamegin, og séu 515.4 millj. dregnar þar frá, þá eru eftir 47.6 millj. kr. í rekstrarafgang á fjárl. eftir okkar till., en enginn rekstrarhalli. Hér er 47.6 millj. kr. rekstrarafgangur samkv. okkar niðurstöðum.

Hins vegar er svo eftir ýmislegt af okkar till., en það eru till., sem við leggjum til að komi á heimildagrein, 22. gr. Fyrsta till. okkar þar var sú, að af tekjuafgangi yfirstandandi árs, 1954, verði 20 millj. kr. teknar og lagðar í Fiskveiðasjóð Íslands. Okkur er tjáð, að tekjuafgangur muni vera á þessu ári óráðstafaður um 60 millj. kr., og höfum ekki gert neinar till. um að ráðstafa nema þriðja partinum af því, þessari upphæð í fiskveiðasjóð, sem beinni hjálp við atvinnulífið. 40 millj. kr. ættu þá a. m. k. að vera eftir til ráðstöfunar til næsta árs, þar sem Alþ. hefur ekki enn þá gert neinar ráðstafanir til þess að ráðstafa því. Með þessu, að reikna með 60 millj. kr. rekstrarafgangi á s. l. ári, er sem sé búizt við því, að hæstv. ráðh. hafi farið með í umframeyðslu eitthvað yfir 40 millj. kr., þar sem umframtekjurnar voru alls 108 millj. Síðan gerum við till. um að taka upp heimildir til hæstv. ríkisstj. á 22. gr., 10 millj. kr. í atvinnubætur. Það hafði hv. 2. þm. Eyf. tekið sem 10 millj. kr. hækkun á fjárlfrv., en það er tæpast rétt hjá honum, því að 5 millj. kr. atvinnubótaliður er fyrir á frv. Ef hæstv. forseti ætti að fara að bera upp þessar till., þá tæki hann fyrst þá hærri. Ef hún væri felld, þá kæmi hin til atkvæða, og væri þessi samþ., þá yrði það aðeins 5 millj. kr. hækkun umfram það, sem áður var inni á frv. En hann hafði reiknað þarna með 10 millj. kr. hækkun. Þá höfum við einnig lagt til, af því að við teljum ekki sanngjarnt að taka eingöngu á eins árs tekjur það, sem væri ráðstafað til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum í landinu, að heimilað væri að taka 40 millj. kr. til þeirra mála, 15 millj. í byggingarsjóð kaupstaða og kauptúna, 15 millj. í smáíbúðalánadeildina og 10 millj. til byggingarsamvinnufélaga. Og að síðustu leggjum við til að heimila ríkisstj. að lána sveitarfélögum til að endurlána til eflingar og uppbyggingar atvinnulífs í þremur landsfjórðungum 50 millj. kr. Þetta er allt saman á heimildagrein og ekki ætlað rekstri næsta árs að bera það, heldur er ætlazt til þess, að hæstv. ríkisstj. jafnvel að meira eða minna leyti taki lán til þessara útgjaldaliða og endurlánaði bæjar- og sveitarfélögum aftur til þess að koma fótum undir atvinnufyrirtæki, sem væntanlega gætu fyrr eða síðar endurgreitt eitthvað meira eða minna af því á ný.

Það er þess vegna ekki stefnt í þann voða, sem hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta, þegar hann var að túlka okkar till. áðan. Það er ekki með okkar till. stefnt í neinn ægilegan rekstrareða tekjuhalla við afgreiðslu fjárl., þó að allar okkar till. tekna- og gjaldamegin væru samþ. Og það væri miklu sómasamlegra fyrir hv. Alþ. að samþ. okkar till., því að þá væri tekjuáætlun fjárl. einu sinni eftir margra ára bil orðin eitthvað nær því rétta heldur en verið hefur, og það væri snúizt að einhverju leyti við þeirri höfuðskyldu ríkisstj. á hverjum tíma að sinna atvinnulífinu eitthvað og leggja því lið heldur en að keppa við það eitt að hafa sem flesta milljónatugi sem tekjuafgang að nafninu til á fjárl. frá ári til árs. Það er ekkert takmark til að keppa að út af fyrir sig, ef þessu fé er ekki varið til þess að bæta lífsaðstöðu fólksins í landinu.

Ég vona nú, að ég hafi með því, sem ég nú hef sagt, gert hv. frsm. meiri hl. nokkru skiljanlegra en áður, hvað við meinum með okkar till. og hvernig þær koma út, þegar þær eru rétt færðar til bókar, en það hafði hv. frsm. ekki tekizt, eins og hann lagði það fyrir í ræðu sinni hér áðan. Þar hafði margt skolazt hjá honum og eins og ég sagði mörg göt komið á þann vef, sem hann óf um þessar till. okkar.

Ég skal svo láta lokið máli mínu um fjárlfrv. í heild. Ég vænti þess, að ýmsar lagfæringar fáist á því milli 2. og 3. umr., því að enn á fjvn. eftir að blessa yfir þetta fóstur hæstv. fjmrh.

Að endingu skal ég svo aðeins minnast á tvær till., sem mælt hefur verið fyrir hér af öðrum hv. þm., og vil ég þá taka undir það, að ég tel, að það væri full ástæða til að samþ. till. hv. þm. N-Ísf. (SB) um ferjubryggju í Skálavík við Mjóafjörð. Sú bryggja á þeim stað mundi vera til mikilla samgöngubóta, mikils hagræðis fyrir alla búendur við Mjóafjörð og veita þeim sams konar aðstöðu og fólkið í flestum öðrum byggðum við Ísafjarðardjúp hefur þegar fengið með ferjubryggjunum í Bæjum, Melgraseyri, Arngerðareyri, Reykjanesi, Vatnsfirði og Ögri. Sé ég ekki neitt réttlæti í því að hafa veitt fé til ferju-

bryggnanna á hinum stöðunum, en neita Mjófirðingum um sams konar aðstoð til þess að koma sínum afurðum á markað. Ég mundi því fyrir mitt leyti mæla fastlega með því, að orðið yrði við þessari ósk hv. þm. N-Ísf., og vænti, að sú till. mæti skilningi, ekki aðeins í fjvn., þar sem hún verður tekin til afgreiðslu fyrst, heldur einnig í þinginu.

Af öðrum till., sem ég hef veitt sérstaka athygli og mælt hefur verið fyrir hér í kvöld, þótti mér merkileg till. hv. 1. landsk. (GÞG) um að koma upp mannfræðideild við þjóðskjalasafnið með það fyrir augum, að þar væri samin spjaldskrá yfir alla Íslendinga með upplýsingum um hvern einstakling og jafnvel mynd af hverjum einstaklingi, af því að það væri sennilega einstakt í veröldinni, ef slíkt safn væri til hjá nokkurri þjóð, og njótum við þess í því efni, að þessir möguleikar eru fyrir hendi, að íslenzka þjóðin er svo fámenn sem hún er. Ég tel, að þetta sé merk till., sem ég trúi ekki öðru en að hv. Alþ. hafi skilning á og samþykki.

Auðvitað eru fram komnar margar aðrar merkar till. frá einstökum þm., því að margt þarf að laga, fleira en fjvn. getur lagt liðsyrði innan þess þrönga stakks, sem hún starfar. Er flest af því, sem hv. þm. færa fram till. sínum til stuðnings, á fyllstu rökum reist, og held ég, að eins og stakkurinn er skorinn fjárlfrv., þá verði óhætt fyrir þm. að sýna talsvert mikið frjálslyndi í því að samþ. þær till., sem nauðsynlegastar eru og mest hafa til síns máls, því að það er enginn vafi á því, að ef ekki verða gerðar leiðréttingar á fjárlfrv. í samræmi við till. okkar hv. 11. landsk., þá er rúm fyrir að leiðrétta margt og mikið samkv. till. einstakra þm. Það er staðreynd, að hæstv. fjmrh. lumar á þó nokkuð mörgum milljónatugum, sem ekki er betur til annars varið en að leiðrétta lendingarbætur, leiða rafmagn um landið og annað þess konar, sem bætir aðstöðu fólksins til að lifa úti um byggðir landsins.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það voru nokkur orð, sem ég vildi segja, aðallega í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. Hann hefur nú flutt sitt innlegg í þessar fjármálaumr., af hálfu síns flokks væntanlega og af sinni hálfu sem fjmrh. Ég verð að segja það, að í mínum augum var innlegg hans harla lítils virði.

Hæstv. ráðherra reyndi hér enn á ný að neita þeirri staðreynd, að fjármálastefna núverandi ríkisstjórnar og þeirrar ríkisstjórnar, sem hér fór með völd næst á undan þessari, hefði einkennzt af því að leggja sífellt hærri og hærri skatta á landsmenn og auka eftir ýmsum leiðum þannig tekjur ríkissjóðs. Það er alkunna, að hæstv. ráðherra ætlar sér oft æði mikið í þeim efnum að halda því fram, að rétt sé rangt og rangt sé rétt. Þó að tölur liggi fyrir úr hans eigin bókhaldi, sem sanna það, að tekjur ríkissjóðs hafa farið stórum hækkandi á undanförnum árum, þá neitar hann þeim alveg hiklaust. Hann nefnir að vísu ekki oft þær staðreyndir, að ríkisbókhaldið segir, að tekjur ríkissjóðs hafi verið fyrsta árið eftir gengisbreytinguna, árið 1950, 306 millj. kr. og núna fimmta árið eftir gengisbreytinguna, árið 1954, muni ríkistekjurnar verða 550 millj. kr. Hann nefnir ekki oft þessar tölur. En hann skirrist hins vegar ekki við því að segja, að álögur ríkisins á þegna landsins hafi farið lækkandi. Og svo kemur hann með þennan einkennilega prósentureikning sinn, sem hann viðhefur í þessum efnum æ ofan í æ, og ætlar að reyna að telja mönnum trú um það, að raunverulega séu álögurnar á landsmönnum alltaf að lækka.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þær tölur, sem ég legg hér til grundvallar, eru allt saman tölur, sem fram koma í ríkisreikningi eftir að gengisbreytingin var gerð. Munurinn yrði að sjálfsögðu miklum mun meiri, ef teknar yrðu tölur úr reikningi áður en gengisbreytingin var gerð, enda væru þær þá ekki að öllu sambærilegar.

Ef litið er á nokkrar fleiri tölur úr ríkisreikningi, eins og t. d. viðvíkjandi verðtolli, þá segir ríkisreikningurinn 1950, að verðtollur hafi verið innheimtur 58.8 millj. kr. En hvað verður verðtollurinn mikill á þessu ári? Verður hann 58 millj. eins og árið 1950? Nei, hann verður 155 millj. kr. eða þar um bil. Hæstv. fjmrh. er hvergi hræddur að koma fram og segja á eftir ofan í þessar tölur: Auðvitað höfum við verið að lækka tollana. Höfum við ekki afnumið sykurtollinn? Höfum við ekki lækkað kaffitollinn? Og hefur ekki tollskránni verið breytt í nokkrum efnum? Hvernig sem reynt verður að halda á því með slíkum loddarabrögðum sem hæstv. fjmrh. hefur haft hér í frammi, sanna þessar tölur það alveg ótvírætt, að tollaálögurnar á landsmönnum hafa farið hækkandi. Þær hafa farið hækkandi af ýmsum ástæðum, m. a. af þeirri, að nú í seinni tíð hefur stórum aukizt innflutningur á þeim vörutegundum, sem eru í hærri tollflokki. Áður fyrr var þröngt um innflutning á ýmsum vörum og sérstaklega bitnuðu innflutningshömlur á ýmsum tollháum vöruflokkum. Nú hafa hins vegar þessir vöruflokkar verið fluttir inn í stórum stíl, og hefur það vitanlega þýtt í framkvæmd, að tekjur ríkissjóðs hafa stórum hækkað og þær fjárfúlgur, sem landsmenn hafa greitt í ríkissjóðinn, hafa farið hækkandi. Auðvitað hefði þetta, ef eðlilega hefði verið á haldið, veitt ríkissjóði aðstöðu til þess að lina á skattaálögum sínum á skattþegnunum í ýmsum öðrum efnum, ef ekki hefði verið haldið áfram á þeirri braut að hækka í sífellu tekjurnar og auka útgjöldin að sama hlutfalli.

Árið 1950 var söluskatturinn, sem raunverulega verkar alveg eins og tollur, 54 millj. kr., en nú í ár mun söluskatturinn verða 126 millj. kr. Hann hefur meira en tvöfaldazt.

Tilburðir hæstv. ráðherra í þeim einkennilega leik að reyna að halda því fram, að álögur hafi verið lækkaðar á landsmönnum, eru æði skringilegir. Það hefur nokkuð verið vikið að því hér af öðrum ræðumönnum, að hann er að tilnefna ýmsar eftirgjafir, sem eru vægast sagt ákaflega hlægilegar og vega ekki nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum. Eitt af því, sem hann taldi upp og ekki hefur verið minnzt hér á af öðrum, hygg ég, var það, að ríkissjóður hefði gefið eftir fasteignaskattinn. Þetta lítur sæmilega út, þegar það

er sagt svona eins og hæstv. ráðherra sagði. En ef menn virða fyrir sér þessar tölur, sem hér er um að ræða, hvað segir þetta þá mikið? Ég fletti upp á því í ríkisreikningi, strax eftir að ráðherra hafði nefnt þetta, hvað þessi skattur hefði numið miklu á undanförnum árum, og seinustu ríkisreikningar segja þetta: Árið 1950 nam þessi upphæð hvorki meira né minna yfir allt landið en 767 þús., árið 1951 724 þús., heldur minna, og árið 1952, síðasta reikningsárið, sem liggur fyrir, 755 þús. kr., rétt þrem fjórðu úr einni millj. af 551 millj. eða þar um bil, sem innheimt er af landsmönnum. Það getur litið nógu laglega út að segja: Gaf ég ekki eftir „treikvart" millj., þó að ég hafi hækkað hins vegar innheimtuna af landsmönnum um meira en eitt hundrað millj. á ári? — En sannindin eru ekki mikil, sem á bak við þetta standa.

Þá nefndi hæstv. ráðherra, að hann hefði *einnig gefið meira en þetta; hann hefði líka* gefið eftir núna alveg nýlega veitingaskattinn. Hann nam árið 1952 2.8 millj. Því var lýst yfir hér á Alþingi, og hygg ég, að allir fari nokkuð nærri um, hvað það þýðir í framkvæmd, að þetta væri gert til þess að bæta nokkuð hag þeirra manna, sem reka hér veitingastaði í Reykjavík fyrst og fremst. Auðvitað hefur það verið vel meint af hæstv. ríkisstj. að gefa þeim eftir þennan skatt. Ég hygg, að aðrir hafi ekki heldur grætt á því, að þessi veitingaskattur var gefinn eftir, en þessir tiltölulega fáu aðilar. Almenningur í landinu hefur ekki notið mikils góðs af því. Það er áreiðanlegt.

Í þessu efni vildi hæstv. fjmrh. gera grín að því, að ég hafði minnzt á það, að réttlátara væri að afla ríkissjóði tekna á annan hátt en þann, sem gert hefði verið að undanförnu, aðallega í formi tolla og söluskatts. Og ég minntist þá á, að þeir, sem breiðust hafa bökin, ættu að taka ríkulegri þátt í því að greiða til ríkisins en nú hefur verið.

Það var engu líkara en hæstv. ráðherra teldi það hreina fjarstæðu að láta þá, sem breið hafa bökin, borga nokkuð í ríkissjóð. Það var eins og hann *vildi halda því fram, að þetta væri með* öllu ógerlegt, á engan hátt hægt að koma þessu við. Og svo minntist hann á tekjuskattinn í þessu efni. Hæstv. ráðherra veit það manna bezt, að tekjuskatturinn hefur þannig verið framkvæmdur á undanförnum árum og um alllangan tíma, að hann er fyrst og fremst að verða í framkvæmd skattur á launafólk. Það er að fara svo, að skattaframtölin virðast ekki ná til annarra en þeirra, sem taka launatekjur í einu eða öðru formi. Hinir, sem almenningur í landinu veit að breiðust hafa bökin, þeir, sem raka að sér gróða eftir ýmsum löglegum og ólöglegum leiðum, sleppa jafnan við tekjuskattinn til ríkissjóðs að mestu leyti. Og það er sannarlega ekki okkur, sem erum í stjórnarandstöðu, að kenna, að þannig hefur verið haldið á framkvæmd skattamálanna, að þessu hefur farið svona fram. Auðvitað eru leiðir til þess að handsama gróðamennina og láta þá greiða í ríkissjóð; það eru margar leiðir til þess, og hæstv. ráðherra þekkir þær.

Það eru líka auðveldar leiðir til þess að taka ýmislegt af þeim gróðalindum, sem þessir gróðabrallsmenn hafa, að taka þær af þeim og fá ríkissjóði þær tekjur. Við sósialistar höfum flutt hér á Alþingi till. um það, að ríkið tæki í sínar hendur verzlun með ýmsan glysvarning, sem annars er verzlað með í landinu, verzlun með gosdrykki o. þ. h., og gæti haft af því álitlegan hagnað. Hæstv. fjmrh. hefur ekki komið auga á þennan möguleika eða aldrei viljað hlýða á neinar till. um þetta efni. En hitt er svo aftur vitað, að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa eftir þessum leiðum rakað að sér stórgróða.

Í stíl við þetta var svo sú beina rangfærsla hæstv. ráðherra, þegar hann greip til þess að reyna að halda því hér fram í sinni ræðu, að ég hefði verið að gera hér kröfu um, að áfengi yrði selt á sérstaklega lágu verði og helzt gætu menn fengið það næstum fyrir ekki neitt. Það hæfði öllum hans málflutningi að grípa svo til *þessa í lokin. Ég hafði sem sagt lýst því yfir,* að við sósialistar værum í meginatriðum andvígir þeim tekjuöflunarleiðum, sem ríkissjóður byggir nú tekjur sínar á, sem sagt því að innheimta meginhlutann af sínum tekjum eftir tollaleiðum og eftir söluskattsleið, og svo hafði ég minnzt á það, að þriðja leiðin í tekjuöflun ríkissjóðs væru tekjur af sölu á áfengi og tóbaki.

Ég skal að vísu játa, að ég er einn þeirra, sem eru þeirrar skoðunar, að þó að ríkissjóður græði drjúgt á áfengi á ríkisreikningi, þá sé sá gróði ekki heillavænlegur fyrir þjóðfélagið, þegar til lengdar lætur, og það sé ekki allt talið sem hreinn gróði, sem þannig er bókfært, og sá gróði mætti gjarnan minnka. Og ég vil minna hæstv. ráðh. í þessu efni á það, þegar hann reynir að skjóta sér undan eðlilegum umr. á þennan hátt, að það var ég og það var minn flokkur, Sósfl., sem stóð alveg samstilltur um það, þegar áfengismálin voru hér til afgreiðslu á Alþingi, að vilja loka sem mest fyrir sölu á öllu áfengi, þegar hann og ríkisstj. voru að berjast hér um á hæl og hnakka og reyna að koma fram lagaákvæðum í þá átt að greiða enn meira en áður hefur verið fyrir sölu á áfengi, fyrir því að veita ýmsum *samkomustöðum* aukið svigrúm til þess að selja mönnum áfengi á uppsprengdu verði, til þess að þeir gætu grætt meira en þeir gerðu áður. Það situr því sízt á hæstv. ráðh. að drótta nokkru að mér og mínum flokki í þessu efni, að við séum að gera kröfur um það, að áfengi verði selt á innkaupsverði eða framleiðsluverði, eins og hann sagði hér, og það væri sú stefna, sem við túlkuðum. — Hitt stendur hins vegar eftir, að tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs eru síður en svo giftusamlegar eða réttlátar. Tollaleiðin verður aldrei talin réttlát, söluskattsleiðin ekki heldur, og áfengisgróðinn er ekki giftusamlegur.

Þá vék hæstv. ráðh. að því með allmiklum þjósti, hvers vegna við í stjórnarandstöðunni töluðum um vaxandi ríkisbákn, útþenslu í starfsmannakerfi ríkisins, en flyttum hins vegar ekki frv. um það, að dregið yrði úr þessum kostnaði, og þar þóttist hann hafa komið hnif sínum í feitt, þegar hann gat bent á þetta, og marg*endurtók þetta.* Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, til þess aðeins að gera honum nokkuð til góðs í þessu efni: Minnist hann þess ekki, að við sósíal-

istar höfum flutt hér við afgreiðslu fjárlaga till. um það, bæði í fjvn. og hér á Alþingi, að ríkisstj. yrði gert að skyldu á því fjárlagaári, sem þá hefur verið fram undan, að lækka launin í embættiskerfinu sem næmi um 15%? Og ég minnist þess a. m. k., að hæstv. fjmrh. var ekki að hika við að drepa þessa till. Það er nefnilega hægara sagt en gert og ósköp auðvelt að snúa sér þannig út úr málum og segja við stjórnarandstöðuna: Af hverju flytjið þið ekki till. um það að breyta yfirleitt öllu embættismannakerfinu í landinu? — Til þess þyrftum við að flytja sennilega fjöldamörg frv. til þess að grípa þar inn í hvert fyrir sig og gera þar á nauðsynlegar breytingar. Þetta er yfirleitt starfssvið, sem minni hl., stjórnarandstaðan, hefur ekki tækifæri til á Alþingi. Það eina, sem hún getur gert í þessum efnum, er það, sem við höfum gert og ekki hefur borið árangur, að leggja til, að að vissu marki verði ríkisstjórninni falið að draga úr þeim kostnaði, sem er af embættiskerfinu, og svo verður það vitanlega að vera framkvæmdaratriði ríkisstj. sjálfrar að vinna að því að framkvæma þennan sparnað að þessu marki, sem þingið vill setja. En þingið hefur bara ekki viljað samþ. slíka leið sem þessa. — Það er ekki heldur mikið örvandi fyrir alþm. að flytja frv. í þessa átt, á meðan þau dæmi liggja fyrir til sönnunar, að ríkisstj. er alltaf að bæta við, er alltaf að þenja út embættiskerfið, er alltaf að fjölga starfsmönnum. Þá virðist sú stefna vera ríkjandi, sem fer í aðra átt en þá að draga úr þessu mikla bákni.

Ég vil svo í sambandi við þessar athugasemdir mínar við ræðu hæstv. fjmrh. að lokum benda á það, að þau stóru atriði, sem ég minntist hér á í minni ræðu fyrr í þessum umr. sem afleiðingar af fjármálastefnu ríkisstj., standa hér öll alveg óhögguð. Því hefur ekki verið mótmælt, ekki einu sinni af hæstv. ráðherra, að afleiðingar af fjármálastjórninni hafa m. a. komið fram í því, að aðalatvinnuvegir landsmanna hafa ekki getað starfað á eðlilegum grunni. Strax eftir gengisbreytinguna 1950, sem átti að bjarga vélbátaútveginum, varð að grípa til bátagjaldeyrisálags. Þá varð að grípa til þess að leggja á landsmenn nýjan skatt til þess að halda uppi bátaútveginum, en nú í ár nemur þessi aukaskattur, sem ekki er talinn með í skattlagningu til ríkissjóðs, 100 millj. kr. Það varð að grípa til þessa vegna þess, að fjármálastefna ríkisstj. hafði leitt til þess, að annars lá allur fiskibátafloti landsmanna stöðvaður. Og fjármálastefna ríkisstj. hefur einnig leitt til þess, að togararnir geta ekki heldur gengið án þess að fá einhvern hliðstæðan stuðning. Á síðastliðnu ári lá togaraflotinn óstarfræktur 2—4 mánuði, og það er óhætt að segja, að það skipti orðið tugum millj. kr., sem þjóðarheildin tapaði á því í framleiðsluverðmætum. Þessar staðreyndir liggja allar fyrir, þær hafa allar komið í dagsins ljós, þeim verður ekki í móti mælt. Þetta hefur ekki gerzt vegna þess, að það hafi verið ríkjandi í landinu svo sérstaklega heillavænleg fjármálastefna, heldur einmitt af hinu, að fjármálastefnan hefur verið svona ómild, svona óþæg atvinnuvegum landsmanna.

Ég held því, að það sé full ástæða til þess, að við afgreiðslu fjárlaga sé bent á þau sannindi, að fjármálastefna ríkisstj. er ekki sú, sem við þurfum að hafa. Það þarf að breyta henni í grundvallaratriðum, og væri það miklu líklegra til vænlegs árangurs heldur en þurfa að viðhalda öllu því styrkja- og skattakerfi, sem nú er haldið uppi og bitnar aftur óhjákvæmilega á framleiðsluatvinnuvegunum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 253 nokkrar till., sem ég vildi leyfa mér að reyna að gera grein fyrir. Ég skal taka það strax fram, að það eru ekki sérstaklega háar upphæðir, sem þær hljóða um, miðað við þær stóru tölur, sem þetta frv. sjálft felur í sér, og þær háu upphæðir, sem hér hefur nú sérstaklega verið deilt um í þeim umr., sem þegar hafa farið fram.

Fyrsta till., sem ég flyt þarna ásamt tveim öðrum hv. þm., er till. um að verja á 14. gr. til vísindarannsókna í íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu svo og íslenzkri jarðfræði 200 þús. kr. Ég held, að við verðum að reyna að gera okkur það ljóst, að þegar okkar fjárlög eru komin upp í 500 millj. kr., þá er ekki hægt fyrir okkur að koma með neinar afsakanir um það viðvíkjandi menningarlegu starfi, að við höfum ekki fé til þess að láta vinna það. Ég held, að við verðum að gera okkur það ljóst um allar þær mótbárur, sem verið hafa á undanförnum árum og áratugum hjá okkar þjóð í sambandi við veitingu fjár til alls konar mennta og vísinda, að það er ekki hægt að bera því lengur við, að við séum svo fátækir og við séum svo tekjulitlir. Það, sem þarna er farið fram á, er, að háskólaráð, að nokkru leyti í samráði við rannsóknaráð ríkisins, geti haft til umráða 200 þús. kr. til þess að veita mönnum til rannsókna, hreinvísindalegra rannsókna í sambandi við Ísland og sögu þess og tungumál.

Nú vitum við, hvernig er um þessa hluti. Ekki sízt eftir að menn hafa útskrifazt úr háskólum, eru þeir oft fullir af brennandi áhuga á að rannsaka hin og þessi viðfangsefni, sem augu þeirra hafa opnazt fyrir. Það er nauðsynlegt, að háskólinn hafi möguleika til þess að geta veitt ungum, efnilegum menntamönnum tækifæri til slíkra rannsókna. Oft er það líka svo, að seinna á ævinni, þegar menn eru orðnir þroskaðri og reyndari, opnast augu þeirra fyrir ýmsu slíku, en þá er venjulega komið svo, að þeir hinir sömu eru sokknir á kaf í kennslu og annað slíkt, jafnvel stundum meira eða minna forpokaðir, ef til vill einhvers staðar og einhvers staðar í erfiðum embættum, og fé til vísindastarfsemi vill oft verða lítið. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt, að Háskóli Íslands geti haft til umráða verulega fjárfúlgu, ef okkur á að takast að vinna þau störf, sem við þurfum að vinna og samboðin eru menningarþjóð.

Það er ekki til neins fyrir okkur að halda áfram að tala eins og við gerum, tala um okkur sjálfa sem söguþjóð, tala um okkur sem eina menntuðustu þjóð veraldarinnar og taka ekkert tillit til þess, hvernig aðrar þjóðir haga sér í þessum efnum og hvaða kröfur nútíminn gerir til okkar sem söguþjóðar og sem menningar-

þjóðar. Öll Norðurlandaríkin láta sína háskóla hafa stórfé til þess að rannsaka þeirra eigin sögu og sögu Norðurlanda. Í Svíþjóð einni saman veit ég t. d. af nokkrum styrkjum, sem þar hafa verið veittir, að upphæð 200 þús. sænskar kr. á ári, aðeins til sögurannsókna viðvíkjandi norrænni sögu. Það er raunverulega svo, að ef fram kemur dugandi vísindamaður, sem kemur — við skulum segja t. d. til danska háskólans og segir við hann: Ég vil fá að athuga hér og undirbúa ljósprentun viðvíkjandi útgáfu á þessu og þessu riti, hvort það er nú t. d. viðvíkjandi Heimskringlu eða öðru slíku, — hann setur sinn reikning upp yfir þetta, og hann fær þetta fé. Við verðum að gá að því, að okkar háskóli getur ekki til lengdar staðið jafnfætis öðrum háskólum, svo framarlega sem eins er búið að honum og búið er að honum núna. Og ég vil segja það við hv. þingmenn, að það er búið að venja embættismennina, jafnt við Háskóla Íslands sem allar aðrar menningarstofnanir, við þannig sparsemi, að þeir gera ekki þær kröfur til Alþingis, sem þeim ber að gera. Það er búið að prédika svo mikið yfir þeim, að Alþingi hafi svo lítil peningaráð og þjóðin sé svo fátæk, að þeir gera alls ekki þær kröfur til fjár, sem eru alveg nauðsynlegar, og ég álít, að við þingmenn þurfum að hjálpa í þessum efnum. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að hæstv. menntmrh. hafi sjálfur mikinn áhuga í þessum efnum og að það, sem fyrst og fremst standi á í þessu sambandi, sé, að hæstv. fjmrh. heldur svo aftur af hvað þetta snertir, að það er til vansa fyrir Alþingi. Og ég vil alvarlega biðja hæstv. fjvn. um að athuga það, að svona geta hlutirnir ekki gengið áfram. Svo framarlega sem það sýnir sig, að sá ráðherra, sem hefur t. d. með okkar menningarmál að gera, fer fram á fjárveitingar í þessum efnum og fjmrh. sker þær niður, ekki sízt þegar um smáupphæðir er að ræða, þá verður Alþingi að taka í taumana. Það getur ekki gengið, að hlutirnir gangi þannig fyrir sig. Erlendis er það svo, að við hvern einasta háskóla og yfirleitt allar menningar- og vísindastofnanir eru til milljónasjóðir, sem einstaklingar hafa gefið, einstakir auðmenn, einstakir aðalsmenn, einstakir yfirstéttarmenn, jafnvel fyrir mörgum áratugum eða jafnvel fyrir öldum. Það eru til gömul „legöt" þannig, sem hægt er að treysta á. Hér höfum við svo að segja ekki neitt í þessum efnum. Við höfum ekki annað til þess að spila þarna úr og nota heldur en það, sem þjóðin ákveður að láta sjálf; hún verður sjálf að sjá sóma sinn. Það er ekkert að treysta hér á neina forríka yfirstéttarmenn, hvorki lifandi né dauða til slíks. Og þjóð, sem alltaf er að tala um sjálfa sig sem menningar- og söguþjóð, á að finna til þess og við, sem hennar fulltrúar hér á Alþ., eigum að finna til þeirrar skyldu, sem hvílir á herðum okkar í þessu sambandi.

Ég held þess vegna, að það, sem hér er lagt til, þessar 200 þús. kr. í sambandi við vísindarannsóknir á íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu og íslenzkri jarðfræði, sé það minnsta, sem þarna megi vera. Ég veit, að hv. fjvn. hefur lagt til 50 þús. kr. þarna fyrir utan, og ég álít, að það veiti ekki af að hafa það þá til annarrar þeirrar vísindastarfsemi, sem liggur utan við þetta og undir háskólann mundi heyra.

Þá leggjum við enn fremur til, sömu þm., í þessari III. brtt. á þskj. 253, að styrkurinn til íslenzkra námsmanna erlendis sé hækkaður úr 875 þús. upp í 1 millj. og 200 þús.

Ég býst við, að allir hv. þm. þekki, hvað mikið hefur komið fram af kröfum frá íslenzkum námsmönnum erlendis um, hve erfiðlega væri að þeim búið, og kannist þess vegna a. m. k. flestir við það, hve rík þörf sé á því, að þessi upphæð sé hækkuð, og vildi ég og við þessir þrír freista þess að fá komið henni upp í 1 millj. og 200 þúsund.

Þá flyt ég ásamt tveim öðrum þm. sósíalista á þessu sama þskj. brtt., sem er merkt með V, og enn fremur brtt., sem er merkt með VII. Önnur þeirra er viðvíkjandi landsbókasafninu, að veita til þess að míkrófilma handrit, heima og erlendis, 100 þús. kr., og hin er viðvíkjandi þjóðskjalasafninu, til þess að míkrófilma frumrit í safninu og skjöl erlendis, 100 þús. kr.

Eitt af því, sem við Íslendingar nú gerum alveg sérstakar kröfur til, er að fá handritin heim. Og við tölum ákaflega mikið um rétt okkar í sambandi við þau handrit og stöndum óvenjuvel saman í því máli. En ég veit ekki, hvort allir hv. þm. hafa gert sér það ljóst, að hér heima liggjum við með fjöldann allan af handritum, sumpart sem engir menn rannsaka, vegna þess að það vantar mannkraft og vantar fé handa þeim vísindamönnum og áhugamönnum, sem vildu rannsaka þau, og sumpart handritin, sem við erum sjálfir að eyðileggja með því að nota þau svo mikið, að þau slitna upp, í staðinn fyrir að míkrófilma þau og nota þau þannig. Enn fremur er til mikið af handritum og frumritum erlendis, sem við gerum ekki neinar kröfur og getum ekki gert neinar kröfur til þess að fá hingað heim. Það er óhjákvæmilegt fyrir íslenzka sögu, ef við eigum að rannsaka hana af nokkru viti og rannsaka hana hér heima á Íslandi, ef miðstöð að hálfu leyti fyrir íslenzka rannsókn á ekki að vera áfram í Kaupmannahöfn, að við eignumst filmur af þessum handritum. Ég skal nefna sem dæmi heil bréfasöfn íslenzkra manna, t. d. í Konunglega bókasafninu í Höfn, íslenzkra skálda og annarra slíkra, og meginið af öllum þeim opinberum skjölum, sem liggja í dönskum ráðuneytum frá þeim tímum, þegar Íslandi var stjórnað þaðan, ýmis þýðingarmestu skjöl í sambandi við stærstu atburði Íslandssögunnar. Það er svo að segja ómögulegt að ætla að rannsaka íslenzka sögu, hvorki gamla né nýja, nú sem stendur án þess að fara til Hafnar. En það mundi ekki kosta nema hverfandi lítið að láta míkrófilma þetta og flytja þetta hingað heim. Og sú upphæð, sem við leggjum þarna til, 100 þús. kr. handa hvoru safninu um sig, mundi fara ákaflega langt í að eignast myndir af meginins af þessu.

Nú vil ég vekja athygli hv. fjvn. og ríkisstj., að svo miklu leyti sem nokkur ráðh. heyrir til mín, á því, hvernig ástandið er með þetta núna. Það er þannig, að bláfátækir einstaklingar á Íslandi eru að reyna að komast til Kaupmannahafnar til þess að kosta upp á það sjálfir að

taka míkrófilmur í söfnunum þar, af skjölunum, sem liggja þar. Og það eru í einstakra manna eign núna stórkostlega þýðingarmikil skjöl viðvíkjandi þjóðfundinum, viðvíkjandi stærstu atburðum í Íslandssögunni, sem ekki eru til hérna heima og engir menn hafa hugmynd um að séu til yfirleitt.

Við höfum ekki aðstöðu sem stendur til þess að geta skrifað einu sinni almennilega og haft þau skjöl, sem þarf, sjálfsögðustu skjöl um stærstu atburði Íslandssögunnar, vegna þess að við verðum að fara til Kaupmannahafnar til þess að hafa aðgang að frumritunum í þessu sambandi, og það eru frumrit, sem koma til með að verða áfram í Kaupmannahöfn, þó að öll okkar handrit, sem við gerum kröfur til, verði flutt hingað, — svo að ég tali ekki um það, að það geti komið fyrir, að við séum svo að segja að týna hér heima eða eyðileggja ýmis sögulega dýrmætustu plöggin, eins og hv. þingmenn kannske sumir þekkja dæmi um út af því, hvernig búið er að þessu öllu saman.

Ég vil vekja athygli á því, að áhugasamir fræðimenn okkar hafa sjálfir farið út til borga í Englandi og Þýzkalandi til þess að míkrófilma þar sjálfir eða láta míkrófilma dýrmæt skjöl viðvíkjandi Íslandssögunni, — að útlendir menn eru núna að koma til okkar og eru að gefa okkur míkrófilmur af slíkum skjölum erlendis frá. En við gerum sjálfir ekkert til þess að afla þess. Þetta getur ekki gengið. Og 100 þús. kr. handa landsbókasafninu og 100 þús. kr. handa þjóðskjalasafninu til þess að eignast þessa hluti er smávægileg upphæð á 500 millj. kr. fjárlögum frá Alþ., sem er að heimta handrit, sem segist vilja hafa handritin hér og ekki niðri í Kaupmannahöfn. Við eigum að sýna þann áhuga á þessu máli, að við ekki bara blásum okkur út og blásum sterkt og blásum saman út af málum eins og handritamálinu. Við eigum að sýna það, að við höfum áhuga á rannsóknum í þessu efni, fyrir vísindastarfsemi í þessu efni og fyrir því að beita vísindalegum aðferðum og fyrir að færa alla þessa hluti hingað heim til okkar. Ég vil alvarlega vara menn við. Sinnuleysið í svona málum verður notað á móti okkur, ef við ekki breytum þarna um. Um leið og við tökum með þökkum á móti því, sem okkur er gefið í þessum efnum, þá eigum við sannarlega að hafa manndáð í okkur til þess að útvega okkur eitthvað af þessu sjálfir.

Þá leggjum við tveir þm. sósíalista til í IX. lið á þessu sama þskj., að breytt sé liðnum hvað orðalag snertir viðvíkjandi þjóðminjasafninu. Hann hljóðar núna svo: Til hljómplötusafns, 5 þús. kr. — Þar sé sett: Til hljómplötusafns og upptöku á varanlegt efni á ýmiss konar alþýðlegum fróðleik, frásagnarlist og kveðskap, 100 þús. kr.

Ég skal strax taka það fram, að ég var þarna í vandræðum með orðið, sem ég set þarna fyrir varanlegt efni. Eins og allir hv. þm. vita, höfum við nú bæði stálþráð og alls konar hljómbönd og annað slíkt til þess að tala hluti inn á. Þetta eru svo nýir hlutir — svo að segja frá síðasta áratug — að við vitum ekki, hvað þeir endast. En við vitum hins vegar, að það er hægt að taka upp á þessa stálþræði ýmislegt, sem sagt er, og það er hægt að taka það af stálþræðinum yfir á plötur úr varanlegu efni, sem vissa er fyrir að geymist von úr viti. Og nú vildi ég mega skjóta því til hv. þingmanna, og ekki síst fjvn.-manna, hvað í húfi er í sambandi við þetta. Kynslóð okkar er sjálf búin að gera sér ljóst, að hún sé mesta tímamótakynslóð, sem uppi hefur verið á landinu, — hún sé sú kynslóð, sem lifir mestu tímamót, sem orðið hafa í okkar sögu. Ísland, íslenzkir búskaparhættir og íslenzkar venjur, eins og þær hafa verið upp undir þúsund ár, eru að deyja út allt í kringum okkur. Og spurningin, sem liggur fyrir okkur, er, að hve miklu leyti okkar kynslóð, sem enn þá stendur á þessum tímamótum, tekst að gera afkomendunum ljóst, hvernig okkar forfeður hafa lifað hérna.

Nú skal ég nefna eitt dæmi um það, sem ég á við í sambandi við þetta. Það er deilt um það, hvernig Íslendingasögurnar hafi orðið til, hvort þær séu skáldaðar svo að segja á 13. öldinni eða hvort þær hafi verið sagðar mann fram af manni. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, að Íslendingasögurnar hafi verið sagðar kynslóð fram af kynslóð, en ég veit, að það eru fjölmargir af okkar samtíðarmönnum, sem ekki trúa því, að það sé hugsanlegt, að heilar, langar sögur og heil, löng ljóð séu sögð orðrétt kynslóð fram af kynslóð og öld eftir öld, og ég veit, af hverju menn ekki trúa þessu. Menn trúa því ekki vegna þess, að menn skilja ekki, hvernig minni þeirra kynslóða, sem lifði á undan okkur, var. Við erum að verða minnissljóir. Vegna allra þeirra áhrifa, sem við verðum fyrir af öllu því, sem við sjáum og lesum, getur okkar heili ekki geymt þetta. Minni þeirra manna, sem lifðu á undan okkur, var ótrúlegt í þessum efnum. Þeir menn, sem kunnu sögur og kunnu kvæði, gátu þulið þessi kvæði utan að, — menn, sem aldrei kunnu að lesa eða skrifa. Það t. d. er staðreynd, að árið 1887 var í Serbíu, þáverandi Serbíu, gerð tilraun með slíkt. Einn slíkur — ja, skáld mundum við kannske hafa kallað það — hafði yfir hetjuljóð, sem voru tvöfalt lengri en Ilionskviðan og Ódysseifskviðan saman lagðar, án þess að kunna að lesa eða skrifa eða án þess að hafa staf fyrir sér. Ég veit, að flestallir hv. þm. hafa sjálfir, ef ekki sem fullorðnir menn, þá a. m. k. sem börn, hlustað á rímur, ekki kveðnar með þeim listræna hætti, sem sumir menn kunna enn, heldur máske rímur, sem gamlar konur hafa þulið við rúmstokkinn hjá þeim, þegar þeir voru ungir, rímu eftir rímu, ekki aðeins rímuflokk eftir rímuflokk, heldur heilar rímur hverja á fætur annarri, og hafa þekkt menn, sem hafa kunnað utan að heilar rímur og það margar. Ég býst við, að hv. þm. hafi máske líka lifað það, að gamlar konur, ömmurnar eða aðrar, hafa sagt þeim sögur sem börnum, og barnið heimtar gjarnan, að sagan sé sögð aftur, og það er staðreynd, að barnið ætlast til þess, að sagan sé sögð nákvæmlega eins aftur, og ég veit, að þegar saga hefur verið sögð þannig aftur og hefur skeikað einu orði, þá hefur barnið leiðrétt. Svona gekk þetta til öld fram af öld og kynslóð fram af kynslóð hjá okkur hérna áður. Þetta hefur verið til fram á okkar daga, og það er enn þá til fólk,

sem kann utan að heilar rímur og segir heilar sögur, segir þær hvað eftir annað og segir þær orðrétt. Og ég held, að við þurfum að taka þetta á stálþráð, og flytja það af stálþráð á varanlegar plötur. Við þurfum að eiga þetta með vottorðum góðra manna um, að svona hafi verið lesið upp og svona hafi verið þulið og svona hafi verið sagt, án þess að menn hafi litið í bók, menn hafi kunnað þetta utan að, því að ég skal alveg segja ykkur hreinskilnislega, að eftir eitt, tvö eða þrjú hundruð ár verða menn, sem bera brigður á það, að það hafi nokkurn tíma verið til fólk, sem hafi kunnað svona mikið utan að.

Ég held þess vegna, að það sé nauðsyn fyrir okkar menningu, að þjóðminjasafninu sé gefið tækifæri til þess að taka upp það, sem enn þá kann að lifa af slíkri frásagnarlist, af slíkum kveðskap, ekki endilega með þeim hætti, sem gert er af ýmsum, sem kunna vel og með miklum hrynjanda að kveða rímurnar, eins og hérna er gert, heldur einmitt eins og þetta hefur gerzt hjá alþýðu manna. Ég meina ekki bara eins og menn kunna það kannske enn þá, með öllum tilheyrandi stemmum, heldur eins og það hefur tíðkazt alveg blátt áfram. Enn fremur að taka upp frásagnir, sem gamlir menn segja enn þá um ýmsa staði, frásagnir af ýmsum atburðum og annað slíkt, til þess að eiga það, þann máta, sem sagt hefur verið frá á. Það eru menn, sem nú eru komnir um sjötugt og áttrætt, bændur og sveitamenn hér og hvar á Íslandi, sem eru ekki bara listamenn, heldur líka svo fullir fróðleiks í þessum efnum, að við þurfum að geyma þetta á þennan hátt. Og ég vil segja eitt einmitt vegna þess, hve mikið er að því gert að skrifa núna upp eftir mönnum. Það er ekki svipur hjá sjón hjá því að heyra þá sjálfa segja frá, þegar frásögn eins bónda kemur útfærð, jafnvel þó að það sé af mjög vel pennafærum mönnum, eins og nú tíðkast; þeirra ævisögur koma út, eins og góðir stílistar hér í Reykjavík hafa fært í stílinn. Hins vegar eru þeir sjálfir margir hverjir ónýtir að skrifa þetta, en þeir kunna að tala það; þeir kunna að segja það. Það var nefnilega svo um tíma, þegar verið var að byrja á því að reyna að skrifa upp hjá þeim mönnum, sem sögðu og kváðu hetjuljóðin, að það fipaðist allt, þegar átti að fara að skrifa upp eftir þeim, vegna þess að þeir voru vanir að tala hratt og bera hratt fram og með áherzlum, og þá náðist það ekki til að láta skrifa. Það er ekki fyrr en stálþráðurinn kom til, að menn hafa náð slíku, t. d. hjá hirðingjaþjóðum, sem fyrir 25 árum höfðu hvorki lært að lesa né skrifa, en höfðu öll sín hetjuljóð og kunnu þau. Það er ekki fyrr en stálþráðurinn kemur til, að menn hafa getað náð þessum hetjuljóðum óbrengluðum. Það var ekki hægt að skrifa þau.

Ég held þess vegna, að það væri ákaflega æskilegt, að við gætum komið okkur saman um að verja fé í þessu efni núna, og ég vil vekja athygli á því, að það er hver seinastur með þetta. Það eru með hverju árinu að deyja út þeir menn, sem enn þá kunna þessa hluti, sem við þurfum að ná þarna á stálþráð. Sú bylting, sú gífurlega umbreyting, sem orðið hefur í öllum okkar háttum hér, er svo mikil, að hvert árið er okkur dýrmætt í þessum efnum. Ég veit, að við mundum allir sjá mikið eftir því seinna, ef við áttum okkur ekki á þessu í tíma.

Þá leggjum við tveir þm. Sósfl. enn fremur til með X. brtt. á sama þskj., að varið sé 50 þús. kr. til að taka upp og setja á varanlegt efni, sem sé á varanlegar hljómplötur, nokkur af beztu kvæðum Davíðs Stefánssonar og Jóhannesar úr Kötlum, lesnum upp af skáldunum sjálfum. Ég býst við, að flestir þeir, sem hafa heyrt bæði þessi skáld lesa upp kvæði, með þeim sérkennilega hætti og eftirtektarverða, sem þeir hafa, mundu gjarnan vilja, fyrst við nú höfum ekki lengur möguleika til þess að hafa neitt af okkar eldri skáldum, þeim sem nú eru fallin frá, geta varðveitt til seinni tímans eitthvað af þeirra kvæðum, upplesnum af þeim sjálfum, og ég vil enn fremur benda á menningarsögulegt gildi þess að eiga þetta upplesið af skáldunum, með þeirri tilfinningu, sem þau leggja í þetta, líka hvað snertir rannsókn á þessum kvæðum seinna meir. Við skulum hugsa til þess, að þegar við fáum upp í hendurnar alla þessa tækni, sem við hérna erum með, þá fylgir því ábyrgð. Okkar afkomendur gera þær kröfur til okkar, að við varðveitum allt öðruvísi handa þeim hlutina heldur en hlutirnir voru varðveittir handa okkur. Við erum að álasa þeim, sem fóru á undan okkur, að þeir hafi ekki kunnað að varðveita gömul skinn og notað þau í skinnbætur. En við, sem höfum möguleika til að varðveita raddir manna og láta geymast í þúsund ár, heil kvæði ágætra skálda, eins og þeir lesa þau upp, hirðum ekki um að gera þetta. Við, sem gætum látið þau ágætu skáld, sem nú eru til, lesa upp heilar sögur fyrir okkur og átt það, hirðum ekki um að gera það. Jú, við tökum þetta kannske einu sinni á stálþráð, spilum það í útvarpinu og eyðileggjum stálþráðinn á eftir. Það verður einhvern tíma sagt við okkur, að við séum ekkert betri en þeir, sem notuðu handrit í skóbætur.

Þá leggjum við til með XIII. liðnum, að til samningar íslenzkrar orðabókar sé varið 200 þús. kr. Till. fjvn. er 100 þús. kr. gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Nú er það vissa, að sáttmálasjóðurinn við háskólann getur ekki látið meira en 75 þús. kr. í þetta, og það er ekki hægt að ætlast til meira framlags af honum. Hins vegar leggjum við þarna til, að þær 100 þús., sem ríkið leggur fram, séu hækkaðar upp í 200 þús. — Það gildir alveg sama með þetta spursmál um orðin eins og er um það, sem ég var að minnast á áðan í sambandi við kveðskapinn og frásagnarmátann. Það eru að hverfa orð úr íslenzkunni árlega núna. Ég skal nefna dæmi. Nýlega skrifuðu þeir, sem vinna við orðabókina, út til nokkurra manna á Íslandi til þess að biðja menn um orð viðvíkjandi heyvinnu og heyvinnutækjum og báðu sveitamenn um allt land, sem þeir skrifuðu, að segja sér um ýmis orð. Ýmsir menn svara þessu, svara greiðlega og nefna ýmis orð, og það kom fram, að 30% af orðunum, sem þeim er skrifað um, eru orð, sem ekki eru til í orðabók Sigfúsar Blöndals. Auðvitað er meginið af þessum orðum í sambandi við tæki og búskaparhætti, sem nú eru að hverfa, og við vitum, hvað það gengur hratt með, að þetta hverfi

núna. Það gengur svo hratt, að tæki, sem voru algeng í okkar æsku í sveit, eru jafnvel ekki til til þess að setja á safn núna. Eyðileggingin gengur svo fljótt, að það verður jafnvel eftir fróðra manna fyrirsögn að fara að smíða núna tæki til þess að setja á safn. Við getum ekki sett þangað gamla muni. Og orðin í íslenzkunni eru líka að þjóta burt frá okkur. Það þýðir, að hvert árið, sem núna líður, með þeirri tæknibyltingu, sem fer fram í sveitunum, er okkur dýrmætt hvað þetta snertir. Það er þess vegna nauðsyn fyrir okkur að geta sett meiri kraft í þetta, og við höfum orðið varir við það, einmitt frá hálfu þeirra tveggja síðustu menntmrh., að það hefur verið áhugi á að auka fjárframlögin í þessum efnum. Ég held, að við þurfum að taka undir þetta, þingmenn, við þurfum að taka betur undir það en gert hefur verið, og við þurfum að sýna, að við höfum vilja til þess að leggja þarna fram meira en gert hefur verið hingað til.

Þá leggjum við til með brtt. XV, að styrkurinn til skálda og rithöfunda sé hækkaður úr 630 þús. upp í 1.2 millj. Ég sé, að fjvn. hefur lagt til að hækka það upp í 800 þús., og er það góðra gjalda vert, en með því að vera 1.2 millj. yrði hann rétt helmingi hærri en hann var, þegar fjárlögin voru helmingi lægri en þau eru núna, svo að ég held, að það sé nú rétt að reyna að láta þetta fylgjast með.

Þá leggjum við til með XVII. brtt., að styrkurinn til vísindamanna og fræðimanna sé hækkaður úr 90 þús. upp í 200 þús. Þessi styrkur hefur verið mjög nytsamur, en yfirleitt þannig, að hann hefur verið svo smár, kannske nokkur þús. kr., en aldrei eiginlega svo, að það væri hægt t. d. að láta nokkurn mann vinna heilt ár að einhverju starfi í sambandi við það. Ég held þess vegna, að það væri mjög æskilegt að geta fengið þennan styrk tvöfaldaðan.

Þá gleymdi ég að minnast á áðan, í sambandi við X. lið, till., sem við erum með um að kvikmynda daglegt líf á afskekktum kotbæjum. Ég skal taka fram, af hverju við orðum þetta svona einkennilega. Kotbæirnir á Íslandi eru að hverfa úr sögunni, eins og við vitum allir, og flestir munu vafalaust segja: til allrar hamingju. Það eru gerðar ráðstafanir á Alþingi og af áhugasömum sveitar- og sýslufélögum til þess að varðveita nokkra beztu bæina, nokkur svo að segja næstum höfðingjasetur. Eftir 20—30 ár, ef allt gengur vel, verður máske ekkert kot lengur til á Íslandi, þ. e. a. s. það, sem íslenzk alþýða hefur lifað við um árþúsundir, og okkar afkomendur munu yfirleitt eiga erfitt með að gera sér í hugarlund, hvernig lífið hefur verið í þessum kotum. Við skulum muna eftir, að æskan, sem vex upp, gerir yfirleitt þær kröfur að vilja sjá alla hluti. Það er verið að koma henni upp á það, að hún fær myndir um allt, kvikmyndir eða myndir. Það er næstum því eins og hún venjist af því að lesa; hún vill sjá allt í myndum. Og ég held, að við eigum að sjá til þess, að það sé til mynd af, hvernig íslenzkt kot er og hvernig aðbúnaðurinn og daglega lífið og vinnan í slíku koti er. Ég veit, að mörg áhugasöm byggðafélög eru að láta kvikmynda núna í sínum byggðarlögum, en mér er nú ekki grunlaust um, að það sé meðfram til þess að taka það bezta, sem til er, og það er ekkert undarlegt. En við þurfum að eiga menningarsögulega séð alveg raunhæfa mynd af, hvernig menn klæddust daglega án þess að fara í sparifötin, hvernig kotbændurnir lifðu á Íslandi, hvernig kotbæirnir voru á Íslandi. Meira að segja Salka Valka og Sjálfstætt fólk, það verður litið á það sem skáldsögur, sem ekkert sé satt í, — það er sannasta myndin, sem við eigum samt af þessu, — fyrir utan svo hitt, að fjöldinn allur af fólki, sem kemur til með að lifa eftir okkur, mun ekki fást til þess að lesa sögur, því miður, heldur heimta að sjá þessa hluti fyrir sér. Við munum kannske reyna að fara að leika Sölku Völku og Sjálfstætt fólk einhvern tíma seinna og leika það betur en aðrir mundu gera. En það er ekki það, sem ég á við. Ég á við að taka upp lífið, eins og það er, alveg óbrenglað, án þess að láta leika nokkurn skapaðan hlut, rétt eins og það kemur fyrir. Núna eru aðrar þjóðir að reyna að láta leika þessi tímabil og eiga erfitt með það. Við getum enn þá tekið þau svo að segja eins og þau voru, en það verður dáið út eftir nokkur ár, og flestir munu segja: til allrar hamingju.

Þá erum við með þá till., nr. XXII, 3 þm., að veita til þess að steypa í eir Útilegumanninn, höggmynd Einars Jónssonar, 250 þús. kr. Útilegumaðurinn er, eins og allir hv. þm. vita, rammíslenzkasta listaverk Einars Jónssonar, og ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég sé ákaflega mikið eftir því, að þetta listaverk skuli yfirleitt ekki vera lengur fyrir almenningssjónum. Þegar ég var barn hér í Reykjavík, þá man ég eftir, að þetta listaverk stóð í fordyrinu að gamla Íslandsbanka. Þó að það væri því miður síður en svo heppilegur staður og er nú ekki góður staður til að geyma listaverk á, þá þýddi það samt, að fólkið sá þetta. Fólkið er ekki eins duglegt, því miður, að fara á söfn eins og ætti að vera. Listaverk eins og Útilegumaðurinn er, ég held að öllum öðrum listaverkum ólöstuðum, sem við höfum hér í Reykjavík nú, mundi prýða mest. Og ég held, að við eigum ekki á svo háum fjárlögum sem við nú samþykkjum að sjá eftir þeirri upphæð, sem þyrfti til þess að steypa það listaverk í eir.

XXIV. brtt. á þskj. 253 fjallar hjá okkur um að hækka styrkinn til sumardvalarheimila úr um 100 þús. upp í 300 þús. kr. til þess að gera mögulegt fyrir börn að geta verið í sveit eða svo að segja í sveit að sumrinu.

Þá leggjum við enn fremur til í síðari liðnum þar, að tekinn sé upp nýr liður á 17. gr. Það hefur verið svo undanfarið, að sérstaklega mæðrastyrksnefnd hefur gengizt fyrir því að gera nokkrum húsmæðrum frá barnmörgum heimilum í Reykjavík mögulegt að geta dvalizt hálfsmánaðarskeið eða svo á Laugarvatni. Og það er engum efa bundið, að á þessum tímum, þegar svona mikið er nú um, að starfsmenn og verkamenn fái orlof, og þær kröfur fara sífellt vaxandi, þá þurfum við að gera nokkuð að því að veita þeim þegnum þjóðfélagsins, sem minnst hafa máske réttindin, oft lengstan vinnutímann og oft lélegust launin, þ. e. húsmæðrunum, mögulegt að njóta einhvers af slíkum réttindum. Það

er ekki þægilegt viðureignar að setja löggjöf um þetta efni. En ég held, að það væri hægt að hjálpa þessu nokkuð með því að hafa það svo, að þau samtök, eins og mæðrafélögin, mæðrastyrksnefndirnar eða önnur slík samtök, sem hafa áhuga fyrir því að gera húsmæðrum mögulegt að fá svona sumardvöl, hljóti nokkurn styrk til sinnar starfsemi. Þess vegna leggjum við þarna til, að félmrn. sé heimilað að úthluta til slíkra samtaka 200 þús. kr. Það held ég sé mjög þarft mál.

Þá leggjum við til á sama þskj., brtt. XXVI, að til almennra slysavarna og til umferðarslysavarna sé styrkurinn hækkaður nokkuð, um 100 þús. í fyrra tilfellinu og 50 þús. í því síðara. Það þarf vart að rökstyðja, svo mjög sem þannig er nú komið hjá okkur, að slysin, ekki sízt í sambandi við umferð, eru að verða almennari dauðaorsök en jafnvel sjóslysin í sambandi við vinnuna.

Þá eru svo till. í sambandi við 20. gr., XXX og XXXI. Er lagt til, að byrjað sé að leggja til hliðar fé til að undirbúa byggingu þjóðskjalasafns og enn fremur til byggingar listasafns ríkisins. Fyrir 10 árum, þegar lýðveldið var stofnað, komum við okkur saman um að veita ríflegt fé til að koma upp þjóðminjasafni. Og ég býst við, að allir gleðjist yfir því nú að sjá, hve vel verði þar búið til frambúðar um okkar þjóðminjar, það er að segja þær þeirra, sem ber að varðveita á slíkum stað. En eins og menn taka eftir, er þetta hús svo að segja strax orðið of lítið. Þar sem málverkasafnið er nú, veitir okkur ekki af að fara að hafa fyrir ýmislegt, sem snertir nútímann, og þegar ég tala um nútímann í því efni, þá á ég líka við 19. öldina. Ég er hræddur um, að það séu daglega að glatast hjá okkur minjar og munir eftir þá menn, sem við komum þó til með í okkar meðvitund og jafnvel sögu að setja við hliðina á öllum þeim, sem í fornöldinni settu mestan frægðarljóma á okkar land. Það fer að verða svo, að ýmsu úr heimilum manna eins og Matthíasar Jochumssonar, Stephans G. Stephanssonar og annarra slíkra verður erfitt að ná eða eignast eða varðveita, ef ekki er farið að hugsa um það tiltölulega snemma, og ríkið hefur enn sem komið er ekki litið þetta sömu augum og fornminjarnar. Einstaklingar hafa haft þarna mikinn áhuga og einstök samtök, en ríkið þarf að koma þarna til. Ef við hins vegar ætlum að fara að taka fyrir safn þann hluta af þjóðminjasafninu, þar sem málverkin nú eru geymd, þá fer okkur að vanta stað fyrir málverkin, og þess vegna þurfum við að fara að safna í bygginga fyrir listasafnið nú þegar. Hvað þjóðskjalasafnið snertir, þá þarf landsbókasafnið alveg nauðsynlega á því húsrúmi að halda. Og í þjóðskjalasafninu er allt of þröngt, svo þröngt, að það liggur við, að dýrmæt skjöl tapist bara út af þrengslunum, hvernig öllu er hrúgað saman.

Þetta eru hinir einu stóru liðir, sem við gerum till. um, þm. Sósfl., á þessu þskj., og það má náttúrlega vel vera, að það sé ekki hægt að fá það í gegn í flýti. Allar hinar till., sem ég hef gert grein fyrir og mælt með, eru sjálfar til samans ekki nema rúm millj. kr., eitthvað milli 1 millj. og 1½ millj.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar viðvíkjandi þessum málum og ekki sérstaklega fara inn á þær umr., sem hér hafa verið. Það var aðeins eitt, sem ég hjó eftir hjá hv. frsm. fjvn. Hann talaði um það, að því er mér skildist sem röksemd um, að við mættum ekki búast við of miklum tekjum á næsta ári, að kaupmenn kvörtuðu um, að eftirspurn eftir vörum væri farin að minnka, væri orðin of lítil. Og það er vitanlegt, af hverju hún er orðin of lítil. Það er vegna þess, að kaupgeta almennings er orðin of lítil til þess, að almenningur geti veitt sér það, sem þjóðin hefur efni á að flytja inn.

Ég held, að það sé engin ástæða til þess að kvíða því, að svo verði á komandi ári. Ég held, að við getum verið vissir um, að eftirspurnin muni aukast. Það er svo auðveld lækningin á því. Það er aðeins að hækka kaup verkalýðsins, og það held ég megi fullvissa hv. frsm. fjvn. um að verkalýðurinn sé alveg ráðinn í að gera, þannig að við þurfum ekkert að kvíða því, að það verði ekki aukin eftirspurnin eftir vörunum á næsta ári. Það þýðir, að innflutningurinn getur haldið áfram að vaxa, almenningur að njóta þeirrar velmegunar, sem þjóðin þar með býr við og eins og við vitum byggist á því, að við getum aukið okkar framleiðslu og getum verið öruggir með okkar markaði. Ég held þess vegna, að það sé engin ástæða til þess að óttast, að við getum ekki á næsta ári haldið áfram að tryggja öllum vinnu — og það betur en á því síðasta — og tryggja vaxandi velmegun í landinu. En um leið, þá held ég líka, að við megum vera öruggir um það, að á okkar 500 millj. kr. fjárlögum höfum við áreiðanlega fé afgangs til að veita m. a. þá litlu hluti, en mikilvægu, sem ég hef nú reynt að gera nokkra grein fyrir að rétt væri af okkur að veita nú á þessum fjárlögum.

Ég vil svo vona, að þessar brtt. okkar finni náð fyrir augum hv. þm. og þeir taki vel undir þær, þegar að því kemur, að þeir eiga að greiða um þær atkvæði.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. samþingismanni mínum að flytja hér tvær brtt. við fjárlfrv. — Sú fyrri er I á þskj. 250, að veittar séu 50 þús. til að koma af stað útbúnaði til leirbaða í Hveragerði. Það hefur nokkuð verið gert að þessu síðustu sumur, en aðbúnaður þess fólks, sem leitar sér heilsubótar á þennan stað, er svo lélegur og óþægilegur, að ekki er við unandi. Það var farið fram á 100 þús. kr., og það erindi hefur legið fyrir fjvn. Hv. nefnd hefur ekki séð sér fært að taka upp í sínar till. slíka fjárveitingu. Við höfum átt tal við hæstv. heilbrmrh. um þetta mál, og hefur hann tekið vel undir málið, að eitthvað beri að gera í þessu efni. Ég er þeirrar trúar, að þarna sé um verulega heilsulind að ræða og ef góður útbúnaður verði gerður, svo að fólkið geti notið leirbaðanna, þá geti menn sótt þangað margra meina bót. Og það er vissulega ástæða til þess að hjálpa því fólki, sem verður fyrir því tjóni, að heilsan sviptir það möguleikum til þess að bjarga sér og starfa. Það er mikilsvert með hvern einstakling, sem hægt er að hjálpa til að öðlast heilsuna aftur, og þó að það komi máske

ekki að öllu leyti, þá að lina þjáningar þeirra, sem fyrir heilsubrestinum verða.

Erlendir sem innlendir fræðimenn, sem þekkja orðið til um þetta efni, búast við, að þarna séu einmitt skilyrði til sérstakrar heilsubótar. En til þess að svo megi verða, þarf að hafa miklu meiri og betri útbúnað en enn er til staðar. Fátækt hreppsfélag getur ekki staðið straum af slíkum byggingum eða aðgerðum til viðbótar við allt annað, sem það hefur á sinni könnu.

Við settum nú ekki í þessa brtt. nema helming þeirrar upphæðar, sem farið var fram á. En vitaskuld veitti ekki af, að upphæðin væri öll. Samkvæmt því viðtali, sem við höfum átt við hæstv. heilbrmrh., munum við taka aftur þessa till. til 3. umr., og ég vil vona, að hv. fjvn. taki málið til enn frekari athugunar og þá í samráði við okkur og hæstv. heilbrmrh.

Þá höfum við leyft okkur að flytja aðra brtt., sem er á sama þskj., IV. Það er um, að komi tveir nýir liðir, til brúargerðar á Andalæk 150 þús. og til brúargerðar á Dalsá 100 þús.

Frá vegamálaskrifstofunni var lagt til, að Andalækur yrði brúaður næsta sumar og til þess skyldi varið 200 þús. kr. og 100 þús. kr. til brúar á Litlu-Laxá, sem hv. fjvn. hefur nú tekið upp í sínar till. og lagt til, að til þeirrar brúarsmíði yrðu veittar 200 þús. kr., og kann ég hv. fjvn. þakkir fyrir þá till. Það er nú ekki vonum fyrr, að till. komi um þetta efni hér fram í þingi. Þeir, sem þarna eiga hlut að máli, eru búnir að búa áratugum saman við brúarleysi. Vegurinn er kominn að ánni, en brúin hefur ekki verið gerð. Þeir búendur, sem hinum megin við Litlu-Laxá eru, hafa orðið að flytja þarna mjólk daglega, sem næst málnytu úr 100 kúm, og oft við mikla erfiðleika. Áin er oft, sérstaklega að haustlagi og að vetrarlagi og fram eftir á vorin, nærri ófær. Og þeir hafa orðið að bera brúsana yfir ána, ekki komið neinu tæki við, ekki einu sinni hesti, til þess að komast með þennan flutning yfir ána, og orðið að brjótast og vaða ána og bera hvern brúsa yfir til þess að koma vörunni frá sér.

Ég hygg, að hv. Alþ. hafi ekki gert sér grein fyrir, hve miklir erfiðleikar eru hjá mönnum, sem verða að annast slíka flutninga. Og því trúi ég ekki, að hv. fjvn. eða Alþ. yfirleitt grípi til þess ráðs að segja, að það skipti ekki svo miklu fyrir þjóðarbúið, hvort þessi framleiðsla er þetta mikil eða ekki. Hvað sem líði þörfinni fyrir vöruna til neyzlu á þeim tíma, sem hún er framleidd, þá er það svo mikil skerðing á þjóðartekjum og rýrnun á þjóðarhag við hvað eina, sem minnkar af slíku verðmæti í þjóðarbúinu, að slík svör þykist ég vita að enginn hv. alþm. vildi hafa í frammi. En hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að ganga lengra og taka till. vegamálastjórnarinnar, eða það, sem kom frá skrifstofu vegamálastjóra, að veita til annarrar brúarsmíði, og enn síður, að hv. n. hafi tekið tillit til okkar till., þingmannanna, sem var um að bæta 50 þús. við till. vegamálastjórnarinnar um brú á Litlu-Laxá. Við lögðum til, að það væru 150 þús., vegamálaskrifstofan 100 þús. til þeirrar brúar, og vegamálaskrifstofan, eins og ég sagði áður, 200 þús. til brúar á Andalæk, og við óskuðum svo til viðbótar eftir, að hv. n. tæki upp í till. sínar 100 þús. til þess að brúa Dalsá.

Hvað áhrærir brú á Andalæk, sem hv. n. hefur nú ekki tekið upp, þá er um það að segja, að vegur er kominn báðum megin við lækinn. Þeir bæir, sem eru vestan við lækinn, eru 5. Þeir hafa engin not af veginum, vegna þess að lækurinn er ekki fær, þar sem vegurinn kemur að. Bændurnir fá að horfa á veginn, að hann er kominn, og það er gott og blessað, en hann hefur enga þýðingu, fyrr en þessi brú er komin.

Þetta vissi vegamálaskrifstofan ofur vel og gerði þess vegna tillögu um, að úr þessu yrði bætt. Þó að þeir séu færri en hinir bændurnir og ekki eins miklir flutningar hjá þeim og bændunum við Litlu-Laxá, þá eru þeir búnir að búa við hin sömu ókjör um þessa flutninga. Og þó að þetta vatnsfall beri nú lækjarheiti og hann sé um hásumarið ekki mikill fyrirferðar og ósköp prúður á að líta, þá fara fínheitin af í leysingum bæði haust og vor og oft að vetrinum, eins og þeir menn vita, sem þekkja til, hvernig háttað er um fjallaár og verður á þeim stöðum, þar sem aðrennsli er mikið og vatnið safnast að langar leiðir, eins og þarna hagar til.

Hið sama sem ég hef nú tekið fram um Andalæk á og við Dalsá, nema sú á er miklu stærri. Þar eru nokkrir bæir, sem hlut eiga að máli, og það er nú enn verr ástatt hjá þeim um það efni heldur en flestum, sem búa vestan Andalæksins, að þeir eru langt frá Dalsá og geta ekki séð að heiman, hvað ánni líður, fyrr en þeir koma að henni. En þá kemur þráfaldlega fyrir hjá þeim að vetrarlagi, að þeir verða að fara við svo búið heim aftur. Þeir komast ekki yfir ána á nokkurn veg, — fara með flutninginn að heiman, komast að ánni, reyna vitaskuld, og oft getur slíkt ferðalag eða slík tilraun til þess að komast yfir ána verið hættuleg. Þeir reyna til hins ýtrasta, en verða oft og einatt að gefast upp við það og fara með flutninginn heim. Slíkar ferðir eru hrakningssamar, kosta talsvert mikla fyrirhöfn og talsverða fjármuni, og það sem svo enn lakara er, að úr þeirri vöru, sem mennirnir þurfa að koma frá sér, verður þeim ekki nærri eins mikið með því að sitja með hana heima.

Nú hafa bændur í þessu héraði orðið að búa við mjólkurframleiðslu. Fjárpestirnar voru búnar að leika þessa menn svo grátt, að þeir áttu afar fátt fé, og þó að þeir séu að afla sér kinda aftur nú við fjárskiptin, þá er samt sem áður því svo skammt komið, að þeir hafa ekki nema mjög litla framleiðslu af því enn, eins og við er að búast, því að þegar svona er ástatt eins og er nú í Árnesþingi, þá er sauðfé ekki gripið upp úr steinunum á mjög skömmum tíma, allra síst þegar eins er ástatt um stór nágrannahéruð, að þau hafa orðið að framkvæma fjárskiptin að miklu leyti samtímis og sumt af þeim aðeins ári síðar, og þá gefur að skilja, að á þeim slóðum er ekki hægt að fá fé. Menn hafa orðið að fá það annaðhvort af Vestfjörðum og það mjög takmarkað — það var ekki meira fé þar að fá — eða norðan úr Þingeyjarsýslum, og sá möguleiki var þessi ár, sem féð var flutt á milli, algerlega tæmdur. Menn tóku það, sem fáanlegt var.

Ég hefði haldið, þar sem svona stendur á og

þegar menn eru búnir að bíða — ekki árum saman, heldur áratugum saman — eftir umbótum í þessum efnum, og enn fremur þegar á það er litið, hvað miklum fjármunum er varið til umbóta í hinum ýmsu héruðum, að þá mundi Alþ., eftir því sem það frekast sæi sér fært, vilja greiða fyrir slíkum umbótum. Við höfum stillt þessum till. okkar svo í hóf, að það er ekki farið fram á nærri eins mikið þarna og þessi brúarsmíði kostar. Það mun vanta upp á brúna yfir Andalækinn um 50 þús. Frá vegamálaskrifstofunni er tillaga um að verja 200 þús. til þeirrar brúarsmíði, og til brúar á Dalsá er þessi upphæð, sem við nefnum, hvergi nærri nóg. En þetta er fyrirgreiðsla, sem ég vildi vona að gæti orðið til þess, að mögulegt væri að hefja framkvæmdir og brúarsmíðinni yrði komið á. Héraðsbúar mundu leggja hart að sér við að útvega fé, svo að hægt væri að koma brúarsmíðinni í kring næsta sumar. Og þó að þeir biðu einhver óþægindi og máske kostnað við það, þá mundu þeir leggja það á sig, ef þeir ættu þess kost að fá þessum verkum komið í framkvæmd.

Ég held nú reyndar, að ég geti skírskotað til þingsögu minnar alla tíð, að ég hafi flutt það eitt, sem sýndi hófsemd og fulla aðgæzlu, og lengstum hefur það verið svo, að maður hefur gengið með báðar hendur blóðugar til axla til þess að reyna að passa upp á, að full aðgæzla væri höfð á afgreiðslu fjárlaga. En ég get ekki neitað því og ég tek það fram, að sérstaklega í seinni tíð hefur mér fundizt, að hv. Alþ. kunni lítið að meta aðstöðu okkar þm. Árnesinga í þessu efni. Það er orðtak í okkar máli, sem segir, að svo má brýna deigt járn, að bíti, og ég verð þá að segja, að að lokum getur farið svo, að maður hirði þá minna um, hvernig fer, ef ekki er hin minnsta sanngirni sýnd í því að mæta að einhverju leyti óskum manna um bráðnauðsynlega hluti.

Við höfum séð okkur knúða, þm. Árn., til þess að flytja þessar till. Við lítum þannig á, að það hefði á engan hátt verið forsvaranlegt af okkur — m. a. með tilliti til þess, hvernig að þessu héraði hefur verið búið af hálfu þingsins, — og það er ég tilbúinn til þess að rökstyðja, hvenær sem vera skal — annað en að flytja tillögurnar. Og við tökum það eitt, sem alveg má heita óhjákvæmilegt, nema það eigi að brjóta á þessu fólki öll lög og rétt.

Nú vil ég vona, að hv. fjvn. taki þessar till. okkar til íhugunar og hv. Alþ. ráði þarna bót á þessu máli.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta þá fáu hv. alþm., sem enn þá haldast við hér í d., á því að flytja langt mál, enda er orðið áliðið. Það eru fyrst og fremst fáeinar litlar brtt. á þskj. 253, sem ég flyt og vil fara um fáeinum orðum. Áður ætla ég þó aðeins að víkja að ræðu hv. frsm. fjvn., þeirri sem hann flutti hér í kvöld. Ræður hans gefa raunar ekki tilefni til mikilla deilna; þær einkennast af hógværum málflutningi, svo sem hans var von og vísa, og áreitnislausum. Hins vegar væri full ástæða til þess að rökræða við hann ýmis atriði, sem komu fram í ræðum hans, ýmsar þær bollaleggingar, sem hann var með í sambandi við tekjuáætlanir fjárlaga, og ætla ég þó ekki að fara langt út í þá sálma.

Hv. frsm. taldi óvarlegt að reikna með vaxandi tekjum ríkissjóðs á næsta ári. Hann lét í það skína, að við þjóðvarnarmenn reiknuðum með þessu og byggðum till. okkar á þeim grundvelli, en þessu er ekki þannig varið. Það er að vísu álit mitt, að vel geti svo farið, að tekjur ríkissjóðs á næsta ári geti hæglega orðið nokkru meiri en þær verða á þessu ári. En í áætlun okkar er ekki við það miðað, að þær fari fram úr því, sem allar líkur benda til að þær verði nú í ár, heldur höfum við áætlað þær svipaðar, og þó aðeins lægri. Þetta tel ég fremur varlegt heldur en hitt. Helztu líkurnar til þess, að slík áætlun geti ekki staðizt, virðast mér vera þær, að svo illa verði stjórnað atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar, að atvinnulífið bíði verulegan hnekki af þeim sökum. En að öðrum kosti tel ég hitt eins líklegt, að tekjurnar verði jafnmiklar, ef ekki meiri. Hv. 8. landsk., sem talaði hér af hálfu míns flokks í kvöld, sýndi fram á þetta með ljósum rökum, eftir því sem hægt er að sýna fram á slíka óorðna hluti, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Á þskj. 253, þar sem eru brtt. frá mörgum hv. þm., á ég fáeinar till., sem allar eru að vísu í hækkunarátt, en þó flestar um fremur óverulegar hækkanir. Samtals nema þessar hækkunartill. minar rúmlega hálfri annarri millj. kr.

Fyrst er hér lítil till., merkt VI. Hún er um það, að við landsbókasafn komi nýr liður, til viðhalds og ljósmyndunar illa farinna handrita, 10 þús. kr.

Þessi litla fjárupphæð mundi að mínum dómi koma að verulegu gagni til þess að bjarga ýmsum merkum skjölum og handritum, sem ég veit að liggja nú undir skemmdum. Ég hef á síðustu mánuðum handleikið töluvert af bréfum merkra Íslendinga, frá 19. öld einkum og 18. öld nokkuð, og ég hef komizt að raun um það, að sum þessara bréfa, þ. á m. frá hinum mætustu mönnum eins og Jóni Sigurðssyni forseta, Konráði Gíslasyni, Benedikt Gröndal o. fl., liggja undir skemmdum. Þessi gömlu bréf hafa verið margbrotin á sínum tíma, og þau eru að detta í sundur í brotunum og verða ólæsileg með pörtum. Einnig veit ég, að mörg gömul handrit eru orðin það illa farin, að eigi að halda áfram að nota þau með sama hætti og gert hefur verið, þá verða þau svo að segja uppurin og óhæf til notkunar eftir nokkurn tíma. Það, sem þarf hér að gera, er það, í fyrsta lagi, að reyna að lagfæra þessi bréf og handrit, eftir því sem föng eru á, og yrði það væntanlega gert af vönum bókbandsmanni, en jafnframt þyrfti að taka eftirmyndir af þeim skjölum, sem verst eru farin, og þá sérstaklega þeim, sem mikilvægust eru. Þessi litla upphæð, sem ég legg til að veitt verði í þessu skyni, mundi geta bætt nokkuð úr brýnustu þörfinni, ef hún yrði tekin upp sem fastur liður á fjárlög eða einhver svipuð upphæð, þó ekki minni.

Þá er hér liður XII. Það er til samningar íslenzkrar orðabókar. Eins og fram kemur á þessu þskj., hafa fleiri munað eftir því, að hér er

verið að vinna merkilegt starf, sem mikil þörf er á að hægt sé að hraða, svo að það geti unnizt örar en nú er hægt. Það eru einir 3 aðilar, sem flytja hækkunartill. við þennan lið. Ég legg til, að í stað 75 þús. kr., sem til þessa eru ætlaðar á fjárlfrv., komi 250 þús. kr., en til vara 150 þús. kr. Ég sé, að hv. fjvn. hefur haft skilning á því, að þarna sé verið að vinna merkilegt starf, því að hún hækkar þennan lið örlítið, en mér finnst hún ganga allt of skammt, það kemur því miður ekki að nægilegum notum. Ég vil fullyrða, að það eru fá verk, sem nú er verið að vinna, sem merkilegri mega teljast fyrir íslenzka menningu heldur en samning hinnar miklu vísindalegu orðabókar yfir íslenzka tungu, sem nú er verið að starfa að, en gengur allt of hægt vegna fjárskorts. Ég held, að það væri því mikið nytjaverk að hækka þessa fjárveitingu nokkuð verulega.

Þá hef ég undir liðnum XXIII flutt till. um nýjan lið: Til Félags íslenzkra myndlistarmanna vegna þátttöku í norrænni listsýningu í Róm, 125 þús. kr. Hv. fjvn. hefur tekið upp í sínar till. styrk til þessa, 100 þús. kr., og er það mjög virðingarvert. En samkvæmt þeim heimildum, sem ég hef aflað mér, telja þeir menn, sem hafa af miklum áhuga unnið að undirbúningi þessarar sýningar, að þeir komist ekki af með minna en 125 þús. kr. Ég hygg, að verði hægt að koma þessari sýningu á í Róm, þá sé þar um að ræða mjög merkilegt tækifæri til þess að kynna á alþjóðavettvangi íslenzka myndlist, og legg því til, að nauðsynlegur styrkur verði veittur í þessu skyni.

Þá er undir XXV. lið till. um aukinn styrk til slysavarna: að styrkur til almennra slysavarna hækki úr 150 þús. kr. í 300 þús. kr. og styrkur til umferðarslysavarna hækki úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. Um þessa till. þarf ekki að fara mörgum orðum. Allir skilja nauðsyn slysavarna, bæði á sjó og landi. Slysavarnafélag Íslands hefur unnið í þessum efnum mjög merkilegt starf, að verulegu leyti með fjármagni, sem það hefur aflað meðal áhugamanna um land allt. Ég tel, að ríkisvaldinu beri skylda til að rétta þessum félagsskap nokkru meiri hjálparhönd en það hefur gert til þessa. Um slysavarnir á landi er það að segja, að þar er nauðsynin ekki öllu minni orðin, því að það er alkunna, að slys í sambandi við umferð, sérstaklega í bæjunum, og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík, eru orðin óhugnanlega mikil og tíð, og ber brýna nauðsyn til að gera allt, sem kostur er á, til þess að koma í veg fyrir þau eða draga úr þeim.

Undir XXVIII. lið á þessu þskj. fer ég fram á það, að byggingarstyrkur til dvalarheimilis aldraðra sjómanna verði hækkaður nokkuð. Eins og kunnugt er, þá er verið að reisa hér myndarlegt hús, þar sem til þess er ætlazt að aldraðir sjómenn fái góða vist og aðhlynningu í ellinni. Þessari húsbyggingu hefur þokað nokkuð áfram, en þó skortir enn töluvert fé til þess, að hægt sé að taka í notkun þann hluta þessarar byggingar, sem nú er í smíðum. Það ber að sjálfsögðu að virða, að Alþ. hefur sýnt þessu máli góðan skilning, m. a. með því að leyfa þeirri nefnd, sem stendur fyrir byggingu dvalarheimilisins, að efna til happdrættis, sem gefur nokkurt fé, en þó er það engan veginn nægilegt, kemur ekki nógu fljótt, til þess að hægt sé að taka þessa byggingu í notkun bráðlega, eins og full þörf er á. Það er að sjálfsögðu mikil þjóðhagsleg óhagsýni að hafa þegar fest allmargar milljónir króna í stórri byggingu, sem gæti bætt nokkuð úr þeim mikla húsnæðisskorti, sem ríkir ekki hvað sízt hér í Reykjavík, ef hægt er með nokkru hærra fjárframlagi að flýta verulega fyrir því, að þessi bygging verði tekin í notkun.

Það mun vera ein till. enn, sem ég á á þessu þskj. Hún er einnig undir XXVIII. lið, við 20. gr., hækkun á framlagi til nýrra vita, að fyrir 1 millj. kr. komi 1.5 millj. kr. Um þessa hækkunartill. vil ég aðeins segja það, að ég veit, að hv. alþm. skilja nauðsynina á því, að haldið sé áfram að efla vitakerfi landsmanna. Það hefur að vísu verið gert mikið í því efni á undanförnum árum og áratugum, en í þessu efni verður stöðugt mikil og ör þróun. Þar kemur til greina ný ljósatækni, og því miður eru margir vitarnir okkar orðnir gamlir og úreltir og hafa ekki það ljósmagn, sem nauðsynlegt er. Íslenzk sjómannastétt leggur svo mikið af mörkum í þjóðarbúið, að hún á það vissulega skilið, að reynt sé að búa vel að henni að því er snertir öryggi í siglingum, og vænti ég því, að þessari till. verði tekið af skilningi.

Ég hefði haft tilhneigingu til þess að mæla hér með nokkrum till., sem aðrir hv. þm. flytja, en skal nú ekki fara um þær mörgum orðum.

Fyrst er till. nr. VIII, frá hv. 1. landsk., um það að koma á fót mannfræðideild til að hefja samningu spjaldskrár yfir Íslendinga með æviatriðum þeirra. Þarna er hreyft merku nýmæli, sem ég er viss um að væri ekki aðeins skemmtilegt, ef framkvæmt yrði, heldur yrði það hin gagnlegasta heimild, sem mundi spara mönnum ekki aðeins mikla fyrirhöfn, heldur jafnvel töluverða fjármuni, þegar fram liðu stundir. Ef slíkri spjaldskrá, með glöggum upplýsingum um æviferil manna, væri komið upp og haldið við, þá mundi hún verða til mikils hagræðis fyrir menn á marga lund.

Einnig ætlaði ég aðeins að víkja að tveim till. frá hv. 2. þm. Reykv. o. fl., það er till. nr. V og nr. VII á þskj. 253. Fyrri till. er um að míkrófilma handrit heima og erlendis, en síðari till. um að míkrófilma frumrit í þjóðskjalasafni og skjöl erlendis. Þarna er vissulega hreyft miklu nytjamáli, og ég er í engum efa um það, að þetta verður gert fyrr eða síðar. Og ég tel, að einmitt nú, þegar hagur ríkissjóðs er mjög sæmilegur og hér veltur allt á háum tölum, þá sé tækifæri til þess að gera þetta, sem er til mikilla hagsbóta fyrir íslenzkar sögurannsóknir og mundi verða okkur til sæmdar að framkvæma heldur fyrr en síðar.

Ýmsar fleiri till. eru það hér, sem ég tel mjög nytsamlegar og vildi gjarnan mæla með, en ég ætla ekki að teygja tímann með því að ræða þær, mun láta nægja, að afstaða mín komi fram við atkvgr., þegar þar að kemur.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni, hv. 8. þm.

Reykv. (GilsG), um það, að till. nr. V og VII á þskj. 253 eru mjög athyglisverðar, og að mínum dómi ekki síður till. á sama þskj., sem er tölusett IX og flutt af hv. 2. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. Í raun og veru finnst mér hún einna merkilegust. Og ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir þeim rökstuðningi, sem hv. 2. þm. Reykv. hafði um það, er snertir varðveizlu á þjóðlegum fræðum. Um það skal ég svo ekki hafa hér lengra mál.

Ég stóð aðallega upp til þess að biðja griða þeim till., sem ég stend að fyrir mitt kjördæmi, en skal þó ekki eyða í það löngu máli. Smærri till., eins og t. d. um sjómannalesstofu, leikfélag, lúðrasveit og tónlistarskóla, skal ég ekki ræða hér. Ég hef aðeins sett þetta fram til minnis fyrir hv. fjvn., sem ég veit að muni stuðla að því að fá þetta inn í fjárlögin á sínum tíma, þegar hún kemur að skilgreiningu þeirra framlaga, sem á ári hverju eru látin til hinna ýmsu kjördæma af þessu tilefni eða með þessi menningaráhrif fyrir augum.

Hv. 9. landsk. hefur flutt till. um hækkun á styrkinum til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, og ég hef flutt till., sem að vísu gengur ekki eins langt, um það sama. Mér voru það ákaflega mikil vonbrigði, eftir að ég hafði kynnt mér till. hv. vitamálastjóra til hv. fjvn. um framlög til Vestmannaeyjahafnar og fleiri hafna, að hv. n. skyldi ekki sjá sér fært að leggja þá upphæð til grundvallar, sem þar var, hvað snertir þá höfn, sem ég geri hér að umtalsefni. Þessi upphæð var þó ekki há samanborið við þá þörf, sem fyrir liggur, og samanborið við það, sem Vestmannaeyjakaupstaður eða Vestmannaeyjahöfn má heita að eigi til góða hjá ríkinu vegna hinna stórmiklu framkvæmda, sem nauðsynlegt hefur verið að ráðast í og er undirstaðan undir þeirri framleiðsluaukningu, sem fer fram núna þessi árin í Vestmannaeyjum og öllum landsmönnum er kunnugt um. Ég verð að segja það, að þegar maður aðgætir þessar tölur, sem núna eru lagðar til grundvallar af hv. fjvn., samanborið við þær tölur til hafnarbóta og annarra slíkra mannvirkja á kreppuárunum, sem við höfum allir nokkur kynni af, þá er það undarlegt tímanna tákn með þeim háu tölum, sem fjárl. eru byggð á, að einmitt þessi mannvirki haldast ekki í neinu réttu hlutfalli af hálfu ríkisvaldsins við önnur fjárframlög eftir fjárlögunum að dæma. Ég hef engan veginn tekið djúpt í árinni með mínum brtt. Hv. 9. þm. hefur gengið feti framar. Ég vil þó ekki fullyrða, að hann hafi farið fram á hærri upphæð en sanngjarnt væri. Hitt er það, að ég stillti mínum till. frekar til hófs þess vegna, að ég veit, hversu ákaflega örðugt allar slíkar brtt. eiga hér uppdráttar, þegar hv. n. hefur tekið þessa afstöðu, sem ég harma mjög og vona að verði tekin til endurnýjaðrar athugunar, sem þá sennilega yrði að ná ekki einasta til Vestmannaeyjahafnar, heldur til fleiri hafna.

Ég skal svo láta útrætt um það að sinni.

Þá vil ég að lokum víkja að einu máli, sem í rauninni liggur ekki hér fyrir í till. hv. fjvn. Það er í sambandi við mjólkurþörf Vestmannaeyja og það átak til að koma mjólkursölunni og mjólkurneyzlunni þar í sæmilegt horf, sem fór fram á s. l. ári. Það hefur um langan aldur verið svo, að fólk í Vestmannaeyjum hefur beinlínis liðið af mjólkurskorti, einkum síðan fór að fjölga þar fólki og framleiðslan að færast í aukana og þar af leiðandi um langan tíma ársins, að um 2 þús. aðkomumanna bætast við hóp neytendanna þar í plássinu. Um mörg s. l. ár varð að flytja mjólkina frá Reykjavík með ýmsum skipum, sem ganga þá leið, en þetta gekk skrykkjótt, og það, sem verst var, var það, að mjólkin kom oft sem skemmd vara til Vestmannaeyja. Við áttum margar viðræður við forráðamenn Mjólkursamsölunnar og aðra þá ráðamenn þjóðfélagsins, sem stýra því að koma mjólk og mjólkurafurðum á markað, og niðurstaðan af þessum samtölum varð sú á s. l. ári, að Mjólkursamsalan setti upp sölu á mjólk í Eyjum. Þá vildu Vestmanneyingar leggja sig í framkróka að sjá til þess, að mjólkursalan gæti gengið greiðlega, og voru þá hafnar beinar ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og að því stefnt, að þær gætu verið hvern dag vikunnar. Þessari áætlun var að mestu leyti haldið fram að þeim tíma, sem ég hef skýrslur um, og það er reynt að halda því í horfi, og árangurinn hefur orðið sá, að mjólkursalan hefur margfaldazt í Eyjunum og sala á mjólkurafurðum hefur líka aukizt stórlega. Þetta er til stórmikillar blessunar, bæði fyrir þá, sem fá vöruna og geta fengið þennan holla mat á sín heimili að vild, og það er líka til hagræðis fyrir framleiðendur mjólkurinnar og landbúnaðinn í nærsýslunum í heild. Nú verður þessum ferðum ekki haldið uppi nema með miklum kostnaði. Það er ekki hægt að hafa öðruvísi farkost en reglulega góðan bát, ef honum er ætlað að halda uppi ferðum í öllu færu veðri svo langa sjóleið sem hér er um að ræða, sem eru þó einir 5 tímar, milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Og mér var falið af bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem hefur nú tekið að sér forustu í þessum málum heima í Eyjum, að fara fram á breytta fjárveitingu í sambandi við þessa breyttu tilhögun, svo sem ég gerði í bréfi til samvn. samgm., dags. 10. nóv.

Í mörg ár undanfarin hefur svokallaður Stokkseyrarbátur annazt samgöngurnar við Árnessýslu og Vestmannaeyjar og fengið til þess nokkurn styrk, sem hefur nægt að mestu leyti fyrir þær ferðir. Þeim ferðum hefur verið haldið uppi aðeins 2 daga í viku, en vegna mjólkurinnar og til þess aðallega að fá hana óskemmda á heimilin eða til neytenda, þá hefur verið, eins og ég sagði áðan, að því stefnt að hafa ferðirnar dag hvern, þegar veður leyfir, og veðursældin var á s. l. sumri og fram eftir öllu hausti mjög sæmileg, svo að úrfellisdagar urðu ekki mjög margir. Nú er höfuðnauðsyn fyrir það mikla framleiðslupláss að hafa hollan og góðan mat og gnægð af honum handa því fólki, sem þar vinnur baki brotnu um fimm mánuði ársins við höfuðframleiðsluna, sem er vertíðin, og raunar er unnið svo að segja nú orðið baki brotnu alla daga við að framleiða verðmæti fyrir þjóðina einmitt í Vestmannaeyjum. Fólki líður þar vel, sem betur fer, og fólkið kemst vel af, sem er líka mjög gott, og þá finnst mér, að Alþingi og fjárveitinga-

valdið eigi að stuðla að því eftir megni, að þetta sama fólk fái hollar og góðar fæðutegundir, og hollari eða betri fæðutegundir en mjólk og mjólkurafurðir er ekki hægt að bjóða fram.

Það eru líka fleiri landbúnaðarafurðir, sem bæði Stokkseyrarferðirnar og Þorlákshafnarferðirnar hafa greitt gang til Vestmannaeyja, heldur en mjólk og mjólkurafurðir. Sala á öðrum landbúnaðarafurðum, einmitt í sambandi við þessar ferðir, fer ört vaxandi í Eyjum. Það er þar eins og annars staðar, að samgöngurnar efla alla dáð í þessu efni og auka viðskiptin og örva á allan hátt.

Ég vil nú vona, að þetta verði tekið til nýrrar athugunar. Ég heyri sagt, að hv. samvinnunefnd hafi ekki tekið nema að hálfu leyti til greina þær óskir, sem ég bar fram, en ég fullyrði, að ef ekki fæst styrkur, sem svarar nálægt því, sem ferðirnar kosta, þá er ekki hægt að halda þeim uppi, og að því yrðu mikil vonbrigði, bæði fyrir fólkið í Eyjunum og líka fyrir Mjólkursamsöluna og þá, sem að henni standa. Eins og er borga Vestmanneyingar fyrir mjólkina 15 aurum hærra á lítra en gerist hér í Reykjavík og taka á þann hátt þátt í þessum kostnaði, en eins og allir vita, þá er það og var það, þegar síðast var samið út af verkfalli, mikið átakamál, hvort mjólk í Vestmannaeyjum ætti að vera nokkuð dýrari en annars staðar, og var því þá af sumum heitið, að hún skyldi verða seld við sama verði og hér er í Reykjavík. En hingað til hafa menn unað því að borga hana í Vestmannaeyjum 15 aurum dýrari lítrann heldur en aðrir. Það er ekki komið fram neitt, sem sýnir, að þeir uni því ekki, en það má á engan veg versna úr því. Ég hef þess vegna flutt til vonar og vara brtt., sem er prentuð á þskj. 253, um að heimila ráðh. að greiða rekstrarhalla, er verða kunni af flutningi mjólkur, mjólkurafurða og annarra búsafurða milli hafna í Árnessýslu og Vestmannaeyja, allt að 160 þús. kr., og er með því stefnt að því að bæta eða brúa það bil, sem er á milli minna óska og, eftir því sem ég fregna, þess, sem hv. samvinnunefnd samgöngumála vill leggja fram.

Ég hef ástæðu til að ætla, eftir að hafa talað við hæstv. fjmrh., að hann sé þessu máli hlynntur í eðli sínu, en sætti sig ekki við þá framsetningu, sem ég hef brúkað í greindri brtt., og að vissu leyti í samráði við hann hef ég ákveðið að láta hana því ekki koma hér undir atkv. nú, í þeirri föstu von, að úr þessu máli verði greitt á viðunandi hátt við 3. umr. fjárlaganna.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Hv. þm. Dal. (ÁB) og ég flytjum brtt. á þskj. 250,II um 300 þús. kr. fjárframlag til Heydalsvegar eða Hnappadalsvegar yfir Heydal að Bildhóli, eins og hann er nefndur í vegalögunum. Til vara flytjum við tillögu um 200 þús. kr. framlag í þessu skyni.

Á undanförnum árum hefur mikið verið um það rætt að hraða vegarlagningu yfir Heydal að Bildhóli á Skógarströnd og tryggja þannig öruggan vetrarveg yfir Snæfellsnesfjallgarðinn. Heydalur liggur aðeins rúma 150 m yfir sjávarmál, en Kerlingarskarð og Bröttubrekka yfir 300 m. Það gefur því auga leið, að Heydalsvegurinn mundi haldast fær bifreiðum, þó að vegurinn yfir Kerlingarskarð og vegurinn yfir Bröttubrekku lokuðust vegna fanna. Heydalsvegurinn var tekinn upp í tölu þjóðvega 1943, en því miður hefur lítið verið unnið að þeirri vegargerð, nema lítils háttar í Kolbeinsstaðahreppnum upp í Hnappadalinn.

Það er mikil fjárhæð, sem eytt er árlega af viðhaldsfé þjóðvega til að standast kostnað við snjómokstur á Bröttubrekkuveginum og í Kerlingarskarði til þess að halda þessum leiðum opnum. Ef áherzla yrði lögð á vegargerð yfir Heydal, mundu þær fjárfúlgur, sem eytt er árlega af viðhaldsfé þjóðvega í snjómokstur í Kerlingarskarði og Bröttubrekku, hverfa úr sögunni og yrðu í stað þess nýttar til að bæta vegakerfi Dalasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Það er því áríðandi að flýta þessari vegagerð, og af þeim ástæðum er þessi brtt. fram borin.

Ég vil geta þess, að hér er ekki einvörðungu um samgöngumál að ræða, sem snertir kjördæmi mitt og kjördæmi hv. þm. Dal., því að sú samgöngubót, sem myndast við lagningu þessa vegar, er engu síður mikilsverð fyrir Vestfirði og Norðurland til að tryggja íbúunum þar örugga leið með bifreiðum um vetrarmánuðina. Þetta vil ég biðja hv. alþm. að hafa í huga og þar með ljá brtt. okkar hv. þm. Dal. atkv. sín.

Í raun og veru hef ég ástæðu til að flytja fleiri brtt. og mun gera það við 3. umr. fjárlaganna.

Ég get ekki annað en látið í ljós, að ég er ekki alls kostar ánægður með vinnubrögð hv. fjvn. að þessu sinni hvað kjördæmi mínu viðvíkur, og ég lifi enn þá í þeirri trú, að hv. fjvn. muni gera lagfæringu í þessu efni.

Ég geri ráð fyrir, að við flm. þessarar brtt. tökum hana aftur til 3. umr.

**Ásgeir Bjarnason:** Herra forseti. Það var á sínum tíma, þegar ráða skyldi, hvaða leið ætti að fara í Dali vestur og til Vesturlands, mjög mikið um það deilt innan Dalasýslu, hvort heldur skyldi taka Heydalsleiðina svokölluðu eða Bröttubrekku. Þetta var á árunum fyrir 1930, og á þeim tímum var ekki komin sú bílaöld, sem nú ríkir, og ekki eins mikil ferðalög almennt hjá fólki. En það, sem mun hafa ráðið úrslitum í því máli, að Brattabrekka var sú leiðin, sem var valin, var það, að vegarlengdin var mun minni og því ódýrara að leggja veginn yfir Bröttubrekku. Það mun hafa ráðið aðalúrslitum. En ég hygg, að flestir hafi verið þeirrar skoðunar, að sú leiðin, sem væri betri og snjóléttari og allajafna færari á vetrum, mundi vera Heydalur, enda hefur þetta sýnt sig oft og tíðum síðar. Mér er minnisstætt vorið 1939, að þegar snjórinn í byrjun maí var það mikill í Bröttubrekku skammt frá veginum, að það var hægt að setjast á símastaurana og hvíla sig, en um sama leyti var Heydalur mikið til auður. Og þetta gefur nokkuð auga leið um það, hversu mikill sparnaður það mundi vera fyrir það opinbera að eiga slíka þjóðleið til byggilegra héraða eins og sveitirnar eru á Snæfellsnesi, í Dölum, Vestfjörðum

og jafnvel hægt að nota þessa leið til Norðurlands í staðinn fyrir að standa í snjómokstri langa tíma á hverjum vetri á þrem eða jafnvel fleiri fjallvegum, en það hygg ég að mundi verða a. m. k. miklu minna á Heydal en á nokkurri annarri leið, sem völ er á milli þessara byggða.

Það hefur ekki komið fyrir, sem betur fer, nú síðustu árin, að það hafi lagt mikið firði hér á landi, en þó hefur það komið fyrir og ekki mörg ár síðan lagt hefur bæði Hvammsfjörð og Gilsfjörð, og á sama tíma hefur leiðin yfir Kerlingarskarð og Bröttubrekku verið alófær. Gefur að skilja, að ef slíkir vetur væru, þá gæti fyrir þessi byggðarlög í kringum Breiðafjörð horft til stórvandræða, ef ekki væri hægt að koma björg í bú á neinn annan hátt en eftir þeim leiðum, sem nú þegar eru. En ég hygg, að mikið öryggi fyrir þessar byggðir væri að fá gott vegasamband yfir Heydal.

Það er mjög um það rætt á Alþ., að það skuli spyrnt við því, að sveitir leggist í eyði, sem sagt, að það skuli nokkurn veginn halda jafnvægi í byggð landsins. En það er nú síður en svo, að svo sé eftir þeim hagskýrslum, sem nýjastar eru. Þar hefur það sýnt sig, eins og þróunin hefur verið á síðastliðnum árum, að fólki hefur ætíð fækkað meir og meir í sveitunum, en aftur á móti fjölgað við sjávarsíðuna.

Ef hv. alþm. hafa trú á því, að það skuli halda jafnvægi í byggð landsins og styðja að því, að blómleg héruð geti blómgazt enn þá meira en nú er, þá finnst mér, að þeir ættu að sýna þessari till. okkar hv. þm. Snæf. (SÁ) tillitssemi og samþ. hana hér á hv. Alþ., svo að áður en mörg ár líða verði hægt að benda á, að gert sé það sem hægt er að gera fyrir þessar byggðir.

Það er ekki um ýkjalanga vegalengd að ræða, þar sem Heydalur er, því að sjálfur mun hann nú ekki vera nema um 11 km, en nokkuð af vegi í byggð beggja vegna við er enn þá ólagt. Ég hygg þó, að allur kostnaður við þennan veg muni ekki verða mikið yfir 1.5 millj. kr., því að vegstæði er þarna mjög gott og ekki mikið um brýr, þannig að þetta virðist vera ódýrt, eftir því sem vegir eru almennt hér á landi.

Nú á þessum vetri skrifuðum við hv. þm. Snæf. (SÁ) fjvn. og báðum um nokkra fjárhæð til þess, að hægt yrði að hefjast handa um þennan veg nú á næsta sumri, en fjvn. taldi sig ekki geta sinnt þessu máli í þetta sinn. En þótt n. hafi ekki viljað ljá þessu máli gott lið, þá vænti ég, að hv. alþm. geri það þeim mun betur. Og ég vonast því eftir, að hv. þm. samþykki þessa tillögu.

Þá vil ég að nokkru minnast á tillögu, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. þm. Snæf. (SÁ) ásamt mér flytja á þskj. 253. Það er XXXII. Þar er verið að fara fram á, að þeir menn, sem búa í eyjum og hafa við mikla örðugleika að búa á ýmsum sviðum, njóti að nokkru jafnréttis við aðra, sem betur eru í sveit settir og njóta meiri lífsþæginda á meðal þjóðarinnar, þ. e. a. s., að þeir menn þurfi ekki að gjalda af þeim taltækjum, sem þeir hafa, meira en aðrir, sem hafa venjulega notendasíma. En svo mun vera, að þessir menn þurfa að greiða allmiklu meiri fjárhæð en hinir að öllu jöfnu. Ég vænti þess, að þm. samþ. einnig þessa tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 245,1 felld með 27:12 atkv.
— 252,1—2 felldar með 30:13 atkv.
— 245,2 felld með 30:13 atkv.
— 237,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 245,3 felld með 30:12 atkv.
— 252,3 felld með 30:12 atkv.
— 245,4—7 felldar með 28:11 atkv.
— 237,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 245,8 felld með 30:12 atkv.
— 252,4 felld með 35:13 atkv.
— 237,3 samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 35:4 atkv.
Brtt. 236,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 245,9 felld með 32:11 atkv.
— 252,5 felld með 30:11 atkv.
— 237,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 245,10 felld með 32:11 atkv.
— 252,6 felld með 31:9 atkv.
— 237,5 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 236,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 252,7—9 felldar með 30:11 atkv.
— 236,3 samþ. með 37 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 236,4—13 samþ. með 35 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 236,14—15 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 250,I tekin aftur.
— 236,16 samþ. með 35 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 236,17.1—18 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 250,II tekin aftur.
— 236,17.19—87 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 250,III felld með 31:15 atkv.
— 236,17.88—184 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 236,18 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 236,19.a.1—25 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 250,IV tekin aftur.
— 236,19.a.26—27 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 250,V samþ. án atkvgr.
— 236,19.b, svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
— 236,20—21 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 245,11 felld með 28:11 atkv.
— 236,22.1—41 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 250,VI felld með 32:12 atkv.
— 236,22.42—50 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 250,VII felld með 35:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, JJós.

nei: JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JörB.

SÁ, EmJ, HV greiddu ekki atkv.

1 þm. (HG) fjarstaddur.

Brtt. 253,I tekin aftur.
— 236,22.51—57 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 250,VIII tekin aftur.
13. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 236,23.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 253,II felld með 31:15 atkv.
— 236,23.b samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,III.1 felld með 35:13 atkv.
— 236,24 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 253,III.2 felld með 33:13 atkv.
— 253,IV.1 felld með 32:14 atkv.
— 245,12 felld með 28:14 atkv.
— 236,25—29 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 252,10 tekin aftur.
— 253,IV.2 tekin aftur.
— 236,30—31 samþ. með 36 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 253,V felld með 33:14 atkv.
— 253,V. varatill. felld með 26:15 atkv.
— 253,VI tekin aftur.
— 253,VII felld með 29:15 atkv.
— 253,VIII tekin aftur.
— 236,32.a—b samþ. með 37 shlj. atkv.
— 253,IX felld með 31:13 atkv.
— 253,IX. varatill. felld með 27:12 atkv.
— 253,X.1 felld með 27:11 atkv.
— 236,32.c samþ. með 29 shlj. atkv.
— 253,X.2 felld með 28:11 atkv.
— 236,33 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 250,IX tekin aftur.
— 250,X felld með 32:12 atkv.
— 236,34 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 253,XI tekin aftur.
— 236,35—36 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,XII felld með 30:13 atkv.
— 253,XIV felld með 32:13 atkv.
— 253,XIII felld með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl.
nei: EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, JörB.
2 þm. (HG, StgrSt) fjarstaddir.
Brtt. 253,XII. varatill. felld með 27:14 atkv.
— 236,37—38 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,XV.a felld með 28:12 atkv.
— 253,XV.b felld með 28:8 atkv.
— 253,XVI. felld með 35:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh.
nei: GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EystJ, GíslG, GíslJ, JörB.
3 þm. (HG, StgrSt, EirÞ) fjarstaddir.
Brtt. 236,39—41 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 253,XVIII.1 felld með 30:14 atkv.
— 253,XVII kom ekki til atkv.
— 236,42 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 253,XVIII.2 felld með 28:13 atkv.
— 253,XIX tekin aftur.
— 250,XI.1 tekin aftur.
Brtt. 253,XX felld með 30:11 atkv.
— 250,XI.2 tekin aftur.
— 253,XXI tekin aftur.
— 250,XII tekin aftur.
— 236,43—44 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 253,XXIII.1 tekin aftur.
— 236,45 tekin aftur.
— 253,XXII tekin aftur.
— 236,46—51 samþ. með 32 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 236,52—63 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 253,XXIII.2 felld með 29:14 atkv.
— 236,64 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 245,13 felld með 32:14 atkv.
— 252,11—12 felldar með 31:11 atkv.
— 236,65 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 245,14—15 felldar með 32:12 atkv.
— 236,66 samþ. með 35 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 236,67—68 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 253,XXIV.1—2 felldar með 29:12 atkv.
— 253,XXIV. varatill. felld með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG.
nei: HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, JörB.
2 þm. (HG, IngJ) fjarstaddir.
Brtt. 236,69—72 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,XXV.1 felld með 31:14 atkv.
— 253,XXVI felld með 32:14 atkv.
— 253,XXV.2 kom ekki til atkv.
— 236,73 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,XXVII tekin aftur.
— 253,XXVIII.1 felld með 30:12 atkv.
— 253,XXVIII.1. varatill. felld með 28:9 atkv.
— 252,13 felld með 30:10 atkv.
— 245,16 felld með 37:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ.
nei: EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, JörB.
1 þm. (HG) fjarstaddur.
Brtt. 236,74 samþ. með 34:8 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 252,14 felld með 32:9 atkv.
— 236,75 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 253,XXVIII.2 felld með 26:12 atkv.
— 253,XXIX felld með 30:12 atkv.
— 252,15 felld með 30:13 atkv.
— 253,XXX felld með 30:11 atkv.
— 253,XXXI felld með 31:9 atkv.
— 253,XXXI. varatill. felld með 33:10 atkv.
— 236,76—77 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 237,6 samþ. með 35:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ,

SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, JörB.
**nei:** KGuðj, LJós, SG, BrB, EOl, FRV, GJóh. PZ, HJóns, EggÞ, EmJ, GilsG, GÍG, GÞG, HV greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJós, HG) fjarstaddir.
Brtt. 237,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 252,16 felld með 34:12 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frumvarpsins, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 253,XXXII tekin aftur.
— 236,78 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 253,XXXIII tekin aftur.
— 236,79—80 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 250,XIII.1 felld með 28:9 atkv.
— 236,81 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 245,17.a—b felld með 30:13 atkv.
— 245,17.c felld með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj.
**nei:** KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, JörB.
EI greiddi ekki atkv.
1 þm. (HG) fjarstaddur.
Brtt. 245,17.d felld með 34:12 atkv.
— 250,XIII.2 felld með 32:8 atkv.
— 237,8 samþ. með 32:7 atkv.
— 236,82 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 250,XIV tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Sþ., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 260, n. 270, 269, 271, 281, 284, 297, 303).

Afbrigði um brtt. 297 og 303, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Eins og ég skýrði hér frá við 2. umr. fjárlfrv., þá voru allmörg erindi, sem biðu hjá n. og ætlunin var að taka til meðferðar milli 2. og 3. umr. Var þá frá því skýrt, að þar væri m. a. um að ræða till. um hækkun á framlagi til skólabygginga og sjúkrahúsabygginga, hækkun á framlagi til iðnlánasjóðs og íþróttasjóðs, framlag til ferjuhafna, ýmis erindi varðandi tónlistarstarfsemi og enn fremur allar till. varðandi 18. gr., sem biðu eftir venju til 3. umr. Enn fremur var við 2. umr. ekki fram komið nál. samvinnunefndar samgöngumála um styrki til flóabáta, en það liggur nú fyrir, og mun verða sérstaklega gerð grein fyrir því af frsm. þeirrar nefndar.

Til þess að hafa þetta mál ekki lengra en þörf krefur, vil ég leyfa mér að víkja beint að till. n., sem liggja fyrir á tveimur þskj., 269 og 281. N. stendur öll að sínum till. að öðru leyti en því, að þeir hv. nm., sem mynduðu minni hl. n. við 2. umr., skila nú einnig nokkrum brtt. á sérstöku þskj., og er þar einkum um að ræða liði, sem þeir telja ekki hafa verið nógu háar fjárveitingar samkv. þeim till., sem koma fram í aðalbrtt. n., og ber þetta vott um, að þar hafi verið um ágreining að ræða. En að öðru leyti stendur n. sameiginlega að þessum till.

Ég mun svo, eftir að ég hef með fáum orðum vikið að hinum einstöku liðum, gera lítillega grein fyrir niðurstöðunum eins og þær mundu líta út eftir 3. umr., eftir þeim till., sem liggja fyrir.

Lagt er til, að fjárveiting til viðauka símakerfa hækki um 200 þús. kr. Hér er fyrst og fremst um að ræða framkvæmdir í sambandi við símakerfi í kaupstöðum. Það hefur verið útskýrt rækilega fyrir n., að það væri brýn nauðsyn að hækka þennan lið, þar sem ella væri ekki nokkur möguleiki til að leggja síma og veita þá þjónustu á ýmsum stöðum, og varð því n. við því að taka upp 200 þús. kr., sem að vísu mun nú ekki vera talið fullnægjandi, en ekki talið fært að ganga lengra.

Þá eru næst tveir liðir, sem ég vil taka saman, en það er annars vegar um ríkislögregluna í Reykjavík og hins vegar um tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli. Fyrri liðurinn felur það í sér, að lagt er til, að heimilað verði að ráða 5 nýja lögregluþjóna við ríkislögregluna í Reykjavík. Ástæðan til þess, að n. hefur fallizt á þessa till., er ekki hvað sízt sú, að tekið var fram af lögreglustjóranum í Reykjavík, að sérstök nauðsyn væri til þess að auka eftirlit víðs vegar utanbæjar á vegum og við samkomur. Og þar sem öllum er ljóst, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, þá taldi n. rétt að verða við þeim tilmælum og leggja til, að fjölgað yrði um 5 lögregluþjóna í ríkislögreglunni.

Þá eru laun við tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli hækkuð um 250 þús. kr. Þetta stafar af því, að varnarmáladeildin telur óumflýjanlegt að fjölga um 6 tollverði, sem jafnframt gegni löggæzlustörfum að nokkru leyti, vegna hinna ýmsu varnarstöðva, þar sem nauðsynlegt sé að hafa menn til eftirlits á þessum stöðvum. Hefur varnarmáladeildin eða utanríkisráðuneytið talið, að ekki yrði hjá því komizt að fjölga þarna um 6 menn. Og hefur nefndin því eftir atvikum fallizt á, að hér væri um nauðsyn að ræða, eftir því sem útskýringar hafa legið fyrir n. um það efni, því að ljóst er vitanlega, að það verður að vera auðið að halda uppi nauðsynlegri tollgæzlu í sambandi við þessar stöðvar.

Nefndin leggur til, að fjárveiting til læknabústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa verði hækkuð um 500 þús. kr. Meiri hl. n. hefur ekki talið sér fært að leggja til hærri fjárveitingu til þessara mála. Vitanlega væri það æskilegt, að auðið væri að hafa þessa fjárveitingu stærri, og hv. minni hl. n. leggur til, að þessi upphæð verði allmiklu hærri, eða verði hækkuð um 1½ millj., en vitanlega er það hér sem á öðrum sviðum, að það verður að laga sig eftir því, hvað getan leyfir, og miðað við þær aðrar þarfir, sem nauðsyn var að fullnægja, og þann afgang, sem fjvn. hafði

til þess að ávísa á, var ekki talið auðið að fara hærra í þetta sinn.

Þá er lagt til, að hreppsnefnd Hveragerðishrepps verði veittur styrkur til stofnkostnaðar vegna leirbaða, 50 þús. kr. Hreppsnefndin hafði óskað eftir nokkru hærri styrk í þessu skyni, en n. þótti rétt að ganga til móts við óskir hennar um það að taka upp þessa upphæð. Þarna er fyrst og fremst um að ræða að gera sómasamlegan aðbúnað að því fólki, sem sækir þessi böð. Það mun vera orðin töluverð aðsókn þarna að þessum stað, og telja ýmsir læknar, að það hafi gefið góða raun, en hins vegar er vitanlegt, að þarna er mjög hörmulega að þessu búið og nauðsynlegt að bæta þar mjög úr, ef þessi starfsemi á að geta haldið áfram. Því þykir sanngjarnt að leggja fram þessa upphæð í þessu skyni.

Þá er lagt til, að hækkaður sé styrkur til ýmissa sjúklinga, sem úthlutað er af landlækni, úr 60 þús. í 100 þús. kr., eða um 40 þús. Fyrir n. hafa legið ýmsar óskir um styrk í þessu skyni. Nefndin telur ekki gerlegt að fara sjálf að úthluta fé í sambandi við utanfarir sjúklinga, heldur sé eðlilegast, að þeim óskum sé mætt með því að hækka þennan lið, sem landlæknir hefur haft til ráðstöfunar í þessu skyni, enda mun sannleikurinn sá, að sú fjárhæð sé orðin allt of lág, miðað við þær þarfir, sem þar eru.

Þá munu hv. þm. sjá, að 8. og 9. till. n. eru varðandi vegi og brúargerðir. Ég vil taka það fram, að hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur er aðeins nánari skýring sett, þannig að ekki sé hægt að villast á því, við hvaða brýr eða vegi sé átt.

Við 2. umr. var ekki tekin afstaða til þeirra óska, sem fyrir lágu um svokallaðar ferjuhafnir. Nefndin leggur nú til, að teknir séu upp nokkrir staðir, og hefur haft um það samráð við vitamálastjóra. Nemur sú fjárhæð samtals 95 þús. En af þessu eru 2 staðir, þar sem er aðeins um endurveitingu að ræða, þar sem fjárveitingin var ekki notuð á s. l. ári. — Tel ég ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um það efni.

Í fjárlfrv. nú er tekinn sérstakur liður: álag vegna afhendingar kirkna. Var sá liður 150 þús. kr. Nú er lagt til í samráði við kirkjumálaráðherra, að þessi liður verði hækkaður um 50 þús. kr., þar sem komið hefur í ljós, að þessi fjárhæð muni ekki fullnægja brýnni þörf í þessu efni, og óskir hafa komið fram um það síðan og upplýsingar, að nauðsynlegt sé, að álag verði heimilað vegna afhendingar fleiri kirkna en gert var upphaflega ráð fyrir, og eru meðal þeirra kirkna t. d. Reykhólakirkja á Barðaströnd, en gert mun þá vera ráð fyrir, að önnur kirkja verði samtímis lögð niður. Og fleiri þarfir munu þarna vera fyrir hendi, þannig að n. hefur talið eftir öllum upplýsingum sanngjarnt að leggja til, að þessi liður hækkaði um 50 þús.

Þá kemur að barnaskóla- og skólabyggingunum yfirleitt. N. leggur til, að framlag til bygginga barnaskóla hækki um 950 þús., framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla um 500 þús. og auk þess verði tekinn upp nýr liður, sem er greiðsla upp í vangoldin framlög vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, 1 millj. og 200 þús. kr. Er hér samtals um að ræða hækkun sem nemur 2 millj. 650 þús. Svo sem upplýst var við 2. umr. fjárlfrv., þá vantar mjög mikið á, að auðið hafi verið að greiða þann hluta af byggingarkostnaði skóla, sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði, og munu skuldir til skólabygginga vera samtals komnar yfir 16 millj. kr. Það sýnist því mjög brýn nauðsyn til þess, bæði að koma í veg fyrir, að þessar upphæðir safnist fyrir, og enn fremur að reyna að höggva eitthvað í þær skuldir, sem þegar eru fyrir hendi. Er því lagt til, að þarna verði gert allmyndarlegt átak í þessu skyni, bæði á þann hátt, að reynt verði nú að hafa fjárveitingarnar það rúmar, að það samsvari nokkurn veginn þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á næsta ári, og einnig að tekin verði upp sérstök fjárveiting til greiðslu á þeim kostnaði, sem þegar er á fallinn, og munu vafalaust allir fagna því, ef hægt væri að koma þessu í það horf, að þessi vangoldnu framlög gætu farið lækkandi, því að hér stendur mjög erfiðlega fyrir mörgum sveitarfélögum, sem ráðizt hafa í að koma upp skólum, en eru þess alls ekki umkomin að standa undir öllum kostnaðinum, sem þau hingað til hafa orðið að verulegu leyti að gera um langt bil, þangað til framlög ríkisins hafa komið til.

Við 2. umr. var skýrt frá því, að n. hefði til athugunar tillögur, sem fram hafa komið og lágu fyrir frá stjórn íþróttasjóðs, um hækkun á framlagi til sjóðsins. Óskaði stjórn sjóðsins eftir því, að framlögin yrðu hækkuð í 1 millj. 250 þús., og taldi n. sanngjarnt að koma til móts við þær óskir með hliðsjón af þeim miklu þörfum, sem þarna eru fyrir hendi, og hækka þetta framlag upp í 1 millj., eða um 250 þús. kr.

Þá eru aðeins smáhækkanir á framlögum til málleysingjaskólans, 45 þús. kr. samtals. Þarna er um að ræða mjög mikilvæga kennslu, eins og allir hv. þm. munu viðurkenna, og því nauðsynlegt að búa sem bezt að þessum skóla, og talið var óumflýjanlegt að hækka þessar fjárveitingar til skólans nokkuð.

Enn fremur lágu fyrir fjvn. nú upplýsingar um það frá skólanefnd matsveina- og veitingaþjónaskólans, að ógerlegt yrði að starfrækja þann skóla með þeirri fjárveitingu, sem lagt var til að veita skólanum, þ. e. 100 þús. kr., og yrði skólinn að fá nokkru rýmri fjárráð. Var farið fram á allt að 160 þús. kr. í þessu skyni. Fjvn. leggur til, eftir athugun á þessu máli, að framlag til skólans verði hækkað um 45 þús. kr., eða úr 100 þús. upp í 145 þús.

Þá hefur þjóðminjavörður mjög óskað eftir því að fá nokkra hækkun í sambandi við vörzlu og viðhald gamalla bygginga, þar sem sú fjárveiting, sem lagt væri til að veita í því skyni, mundi naumast nægja, og leggur n. til, að sá liður verði hækkaður smávægilega, eða úr 80 í 85 þús. kr.

Þá hefur verið upplýst fyrir fjvn. af forstöðumanni náttúrugripasafnsins, að þar sem það safn er nú í miklum vexti og verið að koma því fyrir í nýjum húsakynnum, þá sé mjög brýn nauðsyn að fá nokkru rýmri fjárveitingu en ætluð hefur verið til þess að koma upp hirzlum fyrir muni safnsins og sömuleiðis til rannsókna og ferðakostnaðar í þágu safnsins. Hefur n. lagt

til, að þessir liðir hækkuðu samtals um 15 þús. kr.

Þá er lagt til, að framlag til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum hækki um 2000 kr.

Að öðru leyti vil ég geta þess í sambandi við margar tillögur og óskir, sem fram hafa komið um hækkanir á fjárframlögum til bókasafna, að fjvn. hefur á þessu stigi ekki talið rétt að taka upp breytingar á þeim liðum fjárl., heldur leggur til, að þeir standi óbreyttir, og er þessi afstaða n. byggð á því, að hún hefur vitneskju um, að undirbúið muni hafa verið frv. um þessi mál og skipan þeirra, og þykir rétt að gera ekki breytingar á þessum liðum í þetta sinn, heldur sjá, hversu því máli reiðir af og hvort þar verði ekki lagður grundvöllur að heppilegri skipan á þessum styrkjamálum, því að sannleikurinn er sá, að þessir styrkir, sem komnir eru inn í fjárl. til bókasafna, eru, eins og hv. þm. sjá, æði mjög af handahófi og mjög misjafnir og erfitt að mynda sér fastar reglur um það, hvernig ætti þá helzt að breyta þessu, þannig að sanngjarnt yrði talið, miðað við allar aðstæður. Væri því í sannleika sagt mikil þörf á því, að þessu gæti orðið komið í fastara form. Og í trausti þess, að það verði gert, hefur n. ekki að þessu sinni viljað taka upp neinar breytingar á þessum liðum. Hins vegar leggur n. til, að bókasafni Hafnarfjarðar verði veittur nokkur byggingarstyrkur, eða 20 þús. kr. Þar er bókhlaða í byggingu, og það hafa áður verið veittar smáupphæðir í slíku skyni, og þykir sanngjarnt að leggja til, að þessi fjárhæð verði nú veitt til bókasafns Hafnarfjarðar sem byggingarstyrkur.

Þá kemur nýr liður, sem n. leggur til að tekinn verði upp í fjárl., en það er 100 þús. kr. framlag til útgáfunefndar handrita. Það hefur verið unnið töluvert að athugun á því, hvernig bezt yrði unnið að því, að Íslendingar hæfust handa um útgáfu á handritum, bæði þeim handritum, sem hafa ekki áður komið út, og einnig að endurútgáfu eldri handrita. Hafa sérfróðir menn að þessu unnið og gert ráð fyrir, að reynt verði á næsta ári að hefjast handa um þessa starfsemi, og þykir n. mjög sanngjarnt, — og býst ég við, að hv. þm. séu þar allir á sama máli, — að nokkurt fé verði veitt í þessu skyni. Þykir eðlilegt eftir atvikum, að sú fjárveiting verði nú 100 þús. kr.

Þá er 25. till. n., sem einungis er orðalagsbreyting á fjárveitingu til Hins íslenzka fræðafélags. En upplýsingar liggja fyrir um það, að þetta virðulega félag muni ekki hafa haft með höndum neina útgáfustarfsemi um nokkurt skeið, og þess vegna telur n. rétt, að fjárveitingin verði nú bundin því skilyrði, að félagið haldi áfram þeirri útgáfustarfsemi, sem mikilvægust hefur verið í sambandi við þessa útgáfu, en það er útgáfa jarðabókarinnar, og verði því fjárveitingin við það miðuð, að sú útgáfa hefjist á ný eða útgáfa á þeim hluta bókarinnar, sem eftir er.

Þá eru teknir upp styrkir til tveggja manna. Annar er til Björns Th. Björnssonar listfræðings til þess að semja myndlistarsögu Íslands fyrir siðaskipti, en að því hefur hann unnið um nokkurt skeið, og standa yfir samningar um það við bókaútgáfu menningarsjóðs. Hér er um ókannað verkefni að ræða að verulegu leyti og mjög merkilegt viðfangsefni, og þykir sanngjarnt að stuðla að því, að úr þessu geti orðið sem fyrst og hann geti lokið þeim athugunum, sem nauðsynlegar eru, til þess að hægt verði að gefa út þessar niðurstöður. Enn fremur er lagt til að veita Jónasi Þorbergssyni fyrrverandi útvarpsstjóra til ritstarfa 15 þús. kr.

Þá er lagt til að fella niður styrk til Sigurðar Skagfields, sem honum hefur verið veittur til söngkennslu, sem hann mun ekki stunda nú, og enn fremur styrk til Ingibjargar Steinsdóttur til leiðbeiningar í leiklist, sem hún mun ekki heldur stunda nú, og þykir því ekki eðlilegt, að þessir styrkir standi áfram.

Lagt er til að hækka styrk til Leikfélags Akureyrar um 10 þús. kr., og er sú styrkhækkun miðuð við mikla starfsemi, sem félagið nú heldur uppi og er sérstaklega kostnaðarsöm og mikið þrekvirki af leikfélagi úti á landi að ráðast í. Þykir sanngjarnt að veita fyrir það nokkra viðurkenningu og hækka styrkinn í þetta sinn sem þessu nemur.

Þá er enn fremur lagt til að hækka styrk til Leikfélags Vestmannaeyja smávægilega, eða um 1000 kr., og er það gert til samræmingar við önnur leikfélög.

Annars er það svo um þessa leikstarfsemi, að það er einnig nokkuð erfitt að setja fastar og sanngjarnar reglur um það, hvernig þeim styrkjum eigi að haga. Það eru mörg leikfélög, sem hafa styrki, og það hafa einnig komið hér fram tillögur um hækkun á styrkjum til sumra þessara félaga. En nefndin telur illgerlegt að gera þar breytingu á, nema hækka þá miklu fleiri félög til þess að raska ekki því samræmi, sem þó er innbyrðis á milli styrkveitinga til hinna einstöku félaga.

Þá leggur n. til, að tónlistarskólanum í Reykjavík verði veittur sérstakur styrkur. Það skal skýrt tekið fram, að það er ekki um að ræða hækkun á hinum almenna rekstrarstyrk til skólans, sem nú er í fjárlögum, heldur er hér um að ræða sérstakan styrk, vegna þess að skólinn hefur til reynslu fengið hingað erlendan söngkennara til þess að gera tilraun með það, hvort hér sé ekki heima hægt að koma á fullkominni söngkennslu og þar með spara það, að jafnmargir söngvarar þurfi að fara til útlanda til söngnáms og verið hefur. Þessi starfsemi er á byrjunarstigi og ekki ljóst, hvað um framtíð hennar verður. En n. hefur talið sanngjarnt, vegna þess að hér er um mikinn aukakostnað að ræða, að koma nokkuð til móts við óskir félagsins í því efni og leggur til, að í þessu sérstaka skyni fái félagið 40 þús. kr.

Að öðru leyti hefur n. ekki talið sér fært að gera till. um breytingar á þeim styrkjum til tónlistarskóla, sem nú eru í frv., þar eð breyting á einum slíkum lið hlyti óhjákvæmilega að leiða til breytinga á fleiri liðum, hjá aðilum, sem eru jafnsettir.

Á fjárlfrv. hefur staðið að undanförnu framlag til hljómsveitar Reykjavíkur, sem er að vísu mjög smávægileg upphæð, 2000 kr. En hljómsveit þessi mun alls ekki vera starfandi og því ástæðu-

laust að láta þann styrk standa þarna. Leggur því n. til, að hann sé felldur niður.

Það gerist nú æ tíðara, að lúðrasveitir ýmiss konar leiti á náðir fjvn. um fjárstyrki, og er nokkur vandi á höndum um það, hvernig eigi að mæta slíkum óskum. Nú leggur n. til, að 5 lúðrasveitir fái styrki, þar af 3 nýjar, en 2 sem áður hafa fengið styrk, og að þessir styrkir verði hjá hverri um sig 8 þús. kr. Það þýðir 3 þús. kr. hækkun hjá tveimur lúðrasveitunum, en 8 þús. kr. fjárveitingu til hinna 3, sem við bætast.

Þá hefur einnig verið talið sanngjarnt að hækka nokkuð styrk til Landssambands blandaðra kóra, og er lagt til, að sá styrkur verði hækkaður um 6 þús. kr.

Þá kem ég að lið, sem er orðið hálfgert vandræðamál og fjvn. átti mjög erfitt við að fást, en það eru hinar mörgu beiðnir um styrki til söngnáms erlendis, sem nefndinni berast og aldrei hafa borizt fleiri en nú. Enda þótt þessi erlendi söngkennari sé hingað kominn, virðast samt óskirnar um að komast erlendis til náms vera litlu minni, og hafa þar fleiri aðilar raunar bætzt við. Þessi ásókn í þessa styrki er orðin það mikil, að n. telur með engu móti fært fyrir sig að fara að skera úr um það, hverja aðila sé ástæða til þess að styrkja eða ekki, og leggur hún því til að veita eina heildarfjárveitingu í því skyni að styrkja söngvara til náms erlendis, 70 þús. kr., og er sú fjárhæð nokkuð ákveðin með hliðsjón af þeim umsóknum, sem borizt hafa og ætla má að talið verði nauðsynlegt að sinna. En ætlazt er til, að menntamálaráð úthluti þessum styrk eins og öðrum styrkjum. Verður ekki talið óeðlilegt, að sú skipan verði upp tekin, því að það er, eins og ég áðan sagði, ákaflega erfitt fyrir fjvn. sem slíka að fara að meta aðstöðu þessara námsmanna fremur en annarra. Almennt eru aðrir námsmenn ekki teknir upp á fjárl. með einstaka styrki, heldur er þeim úthlutað af menntamálaráði. Með hliðsjón af því, að n. hefur tekið þarna upp eina fjárveitingu, hefur hún talið eðlilegast, að niður féllu þá þeir sérstakir styrkir til þessara námsmanna, sem á fjárlfrv. eru, og er því lagt til, að styrkur Guðmundar Jónssonar verði felldur niður. Hann mundi þá væntanlega eiga rétt á að fá styrk af þessari fjárveitingu, ef til þess kæmi að hann hugsaði til frekara náms. Hins vegar leggur n. ekki til, að niður falli styrkur til Elsu Sigfúss söngkonu, þar sem þar mun ekki vera um námsstyrk að ræða, heldur um sérstaka fjárveitingu til hennar, sem sanngjarnt þykir að halda við.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að vera að rekja þessar einstöku styrkveitingar, sem n. hefur gert að till. sinni, til nokkurra manna, sem ekki geta fallið undir þennan söngnámslið. Flestir þessara manna eru hv. þm. kunnir og hafa áður fengið styrki á fjárl., og geri ég ekki ráð fyrir, að athugasemdir verði við það gerðar, að þeim verði veittir þeir styrkir, sem hér er lagt til.

En þá kem ég að lið, sem fjvn. tók aftur við 2. umr., en það er styrkur vegna þátttöku íslenzkra myndlistarmanna í samnorrænni listsýningu í Rómaborg. Ástæðan til þess, að n. tók þessa till. sína aftur við 2. umr., var sú, að þá var lagt til, að styrkurinn yrði veittur einu ákveðnu félagi, Félagi íslenzkra myndlistarmanna, en mótmæli gegn því höfðu borizt frá ýmsum öðrum myndlistarmönnum, og upplýst er, að 3 félög myndlistarmanna eru til, þannig að það virðast ekki allir vera á eitt sáttir. Þessi tvö félög hin, sem var ekki gert ráð fyrir að fjárveitingin næði til, hafa mjög eindregið mælt gegn þessari tilhögun, og hefur því n. talið eðlilegast að breyta till. á þann hátt, að í stað þess, að fjárveiting verði veitt einu þessara félaga, þá verði féð veitt til þátttöku íslenzkra myndlistarmanna almennt í þessari sýningu, en hins vegar til þess frekar að tryggja það, að samkomulag geti eftir atvikum um þetta orðið, er talið nauðsynlegt, að undirbúningur og tilhögun í sýningunni verði háð samþykki menntamálaráðuneytisins, sem hafi þá eftirlit með því, hvernig þessu verði fyrir komið. Vænti ég, að hv. þm. geti eftir atvikum fallizt á, að þetta sé eðlileg leið út af þeim ágreiningi, sem ég hef frá skýrt að risið hafi milli myndlistarmannanna um þetta efni.

Þá er lagt til, að tveim listamönnum verði veittir byggingarstyrkir, sem er í sambandi við byggingu á málara- og myndhöggvaravinnustofum. Það er í samræmi við það, sem stundum hefur verið áður gert, og tel ég ekki þörf að fara um það fleiri orðum.

Þá er lagt til að heimila iðnaðardeild háskólans nokkra hækkun, en sú hækkun er eingöngu í því fólgin, að það er um að ræða laun starfsstúlku, sem þar hefur verið um langt skeið, en ekki verið tekin í launaáætlun, og er því ekki um neina raunverulega hækkun að ræða.

Við 2. umr. lagði fjvn. til, að framlög til Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands yrðu hækkuð allverulegta með hliðsjón af eindregnum óskum þessara mikilvægu stofnana. Nefndin taldi sig þá hafa gengið svo langt sem hún teldi að hægt væri á því stigi. Hins vegar hafa n. nú borizt óskir um það frá ríkisstj., að nokkur hækkun væri enn gerð á fjárveitingu til þessara stofnana, og hefur n. eftir atvikum ekki séð ástæðu til þess að hafa á móti því að flytja till. um þær hækkanir.

Þá er lagt til að hækka lítið eitt liðinn, sem lagt er til að veita vegna skemmda, sem urðu af skriðuföllum í Skagafirði. Þessari hækkun á liðnum er fyrst og fremst ætlað að renna til bílstjóra, sem varð fyrir því óhappi, að bifreið hans varð undir skriðufallinu og ónýttist. Þykir ekki ósanngjarnt að bæta einnig að nokkru hans tjón.

Þá er nýr liður, töluvert hár, en það er till. um að verja til leitar nýrra fiskimiða 250 þús. kr. Hér er um mjög mikilvæga starfsemi að ræða og starfsemi, sem er á byrjunarstigi. Eins og hv. þm. mun kunnugt af fréttum, þá fann togari, sem var í slíkri miðaleit, mjög auðug fiskimið við Austur-Grænland á s. l. hausti, en það var árangur af upphafi þessara skipulögðu fiskileita, og ætlunin er nú að halda þessari starfsemi áfram og gera tilraunir til þess að finna fleiri fiskimið fyrir togaraflotann. Eru þá fyrst og fremst höfð í huga ný karfamið, en talið er mjög nauðsynlegt, að þau mið geti fundizt á fleiri stöðum, ekki hvað sízt vegna

þess, að það er mjög slæmt, ef togararnir þurfa að sækja allir á sömu miðin. Þyrftu þeir að geta dreift sér, til þess að sem beztur árangur gæti orðið af veiðunum. Þykir því með hliðsjón af fenginni reynslu á þeirri nauðsyn, sem hér er um aukna starfsemi á þessu sviði, nauðsynlegt að veita þessa fjárupphæð til áframhaldandi starfsemi að leit nýrra fiskimiða, sem vitanlega verður þá undir yfirstjórn Fiskifélags Íslands.

Fyrir fjvn. lá beiðni um það frá stjórn iðnlánasjóðs, að fjárveiting til sjóðsins yrði hækkuð úr 300 þús. kr. í 600 þús., og jafnframt hefur um sama efni verið lagt fram frv. hér á hinu háa Alþingi. Fjárveitingin til fiskveiðasjóðs hefur lengi staðið óbreytt, 300 þús. kr., og er bundin í lögum. Hér er vitanlega um mjög mikilvægt verkefni að ræða, því að þessi sjóður er raunverulega eina stofnlánadeild, sem til er fyrir iðnaðinn í landinu, og því augljóst, að hér er um allt of lítið fé að ræða til þessa mikla og vaxandi atvinnuvegar. Þótt Iðnaðarbankinn sé á fót kominn, hefur hann bæði ekki mikil fjárráð og auk þess er hann fyrst og fremst rekstrarlánabanki. N. hefur þó ekki talið sér fært að sinna að öllu þessum óskum, ekki sízt vegna þess, að hér er um fjárveitingu að ræða, sem bundin er í lögum og eðlilegast þá að gera lagabreytingu um, en leggur hins vegar til vegna hinnar miklu nauðsynjar, sem er á auknu fé fyrir sjóðinn, að veittar verði á fjárlögum 150 þús. kr. til viðbótar því framlagi, sem nú er.

Þá er smávægileg fjárveiting til uppfinningamanns nokkurs, sem fundið hefur upp dúnhreinsunarvél, sem reynzt hefur mjög vel. Hér er um efnalítinn mann að ræða, sem hefur í hyggju að reyna að fá einkaleyfi á þessari vél erlendis í von um það, að það geti tryggt þar sölu á vélinni. Þykir sjálfsagt að styðja hann, með hliðsjón af, að reynsla er fengin fyrir því, að hér er um gott tæki að ræða, og að styrkja hann nokkuð til þess að geta fengið þetta einkaleyfi. Er því lagt til að veita honum 10 þús. kr. í því skyni.

Í fjárl. ársins í ár eru flugbjörgunarsveitinni veittar 50 þús. kr. til tækjakaupa. Þessi fjárveiting er ekki tekin upp af eðlilegum ástæðum í fjárlfrv. nú, en sýnt þykir með hliðsjón af mikilli og vaxandi starfsemi þessarar sveitar, sem hefur þegar gert mjög mikið gagn og er til mjög aukins öryggis fyrir slysavarnir, að sveitinni verði að veita áfram sama styrk sem rekstrarstyrk, og er því lagt til, að sveitin fái nú 50 þús. kr. til starfsemi sinnar.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur haldið uppi mikilli starfsemi og hefur m. a. hafið byggingu á heilsuhæli hér austanfjalls. Verður það mjög dýr bygging, og hefur félagið unnið af miklum dugnaði og fórnfýsi að því að koma upp þessari stofnun, sem vitanlega er til bóta fyrir heilsuverndarstarfsemi í landinu. Samkvæmt bréfi, sem fjvn. hefur borizt frá Náttúrulækningafélaginu, er gert ráð fyrir, að sú bygging, sem nú er unnið að, muni kosta um 1.4 millj. kr., og hefur félagið lagt þegar í þetta af eigin fé ½ millj. kr. Félagið fer fram á að fá styrk til þess að koma þessu hæli upp, og hefur fjvn. talið sanngjarnt að mæta að nokkru þessum óskum og leggur til, að félaginu verði veittar til byggingarinnar 100 þús. kr.

Upplýst hefur verið fyrir n. af félmrn. og hæstv. félmrh., að til þess að jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga geti sinnt sínu hlutverki, sé óumflýjanlegt, að hann fái meira fé til umráða, og til þess að hann geti sinnt sínum brýnustu verkefnum, sem honum lögum samkvæmt ber að sinna, sé óumflýjanlegt að hækka fjárveitingu til sjóðsins um 350 þús. kr. Hefur n. fallizt á þessar röksemdir og leggur til, að þessi fjárveiting sé upp tekin.

Þá hefur utanrrn. óskað eftir því, að fjvn. hlutaðist til um að taka upp fjárveitingu til hjálpar flóttafólki í Evrópu. Samvinna er nú um það milli Evrópuþjóða að veita aðstoð þeim aragrúa fólks, sem hrakizt hefur frá heimilum sínum víðs vegar í Evrópu, og þykir eðlilegt, að Ísland verði þar að einhverju smávægilegu leyti þátttakandi, og hefur fjvn. fyrir sitt leyti fallizt á rökstuðning utanrrn. fyrir málinu og leggur til, að 50 þús. kr. séu teknar upp í þessu skyni. En áætlað er samtals, að þátttökuríkin verji um 5 millj. dollara til þessarar aðstoðar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur Ísland varið miklu fé, og það mjög miklu fé hlutfallslega, til barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, og má óhikað fullyrða, að það hafi verið í samræmi við óskir allrar þjóðarinnar, að tekinn yrði sem myndarlegastur þáttur í þeirri merkilegu mannúðarstarfsemi. Hlutur Íslands hefur þó farið þarna hlutfallslega minnkandi með árunum. Framlögin fyrstu árin voru miklum mun meiri, í samskotum og á annan hátt, en á síðustu árum hefur aðeins verið um að ræða hið ákveðna framlag í fjárl. Telur fjvn. rétt að leggja til, að þessi fjárveiting verði nokkuð hækkuð, eða úr 50 þús. og upp í 100 þús. kr.

Varðandi till. fjvn. um eftirlaun á 18. gr. fjárl. tel ég þarflaust að vera að rekja einstaka liði. Þar hafa verið felldir niður þeir aðilar, sem fallið hafa frá á árinu eða af öðrum ástæðum er eðlilegt að niður falli. En eins og hv. þm. sjá, er hér um mikinn og stöðugan vöxt að ræða í þessari styrktarstarfsemi, og er ástæða til að ítreka það enn, sem áður hefur verið gert af hálfu fjvn., að mikil nauðsyn er, að þessum málum verði komið í annað horf og hætt verði að taka upp þessa styrki á 18. gr., því að bæði er þetta af ýmsum ástæðum óeðlilegt, að hafa styrkveitingar í þessu formi, og hinu enn fremur ekki að neita, að allmikils ósamræmis hefur gætt í þessum styrkveitingum, sem vakið hafa leiðindi sem eðlilegt er. En ég vil aðeins til leiðbeiningar fyrir hv. þm. geta þess, þar sem sumum kann að sýnast, að ekki sé mikið samræmi í till. nú heldur, þar sem er um mjög mismunandi upphæðir að ræða, að samræmið er þó miklum mun meira en till. sýna, vegna þess að að sjálfsögðu er höfð hliðsjón af þeim eftirlaunum, sem viðkomandi aðilar fá úr lífeyrissjóðum, þannig að ég hygg, að hér hafi verið svo sem auðið var reynt að þræða þann sanngjarna meðalveg, ef segja má, og að mismuna mönnum ekki, heldur hafa hliðsjón af

öðrum, sem álíka voru settir og áður hafa fengið eftirlaun.

Þá er lagt til að veita 120 þús. kr. til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga. Þar er nauðsynlegt að byggja nýja radiomiðunarstöð, og er vitanlega ekki um annað að ræða en veita fé í því skyni, þar sem vegna öryggis á sjó má þessi stöð ekki niður falla, og er gert ráð fyrir, að fjárveiting skiptist á þrjú ár.

Áður en ég vík að heimildaliðunum, ætla ég rétt aðeins að minnast á till. n. á þskj. 281. Þar er í fyrsta lagi lagt til að veita William Craigie 20 þús. kr. fjárveitingu í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þágu íslenzkra bókmennta. Þessi maður er öllum hv. þm. kunnur fyrir hans mikla starf í þágu íslenzkra bókmennta og vináttu fyrr og síðar í garð Íslendinga. Hann vinnur nú að því sérstaka verkefni að endurskoða orðabók, að vísu ekki fyrir íslenzku stjórnina beint, en hún kemur Íslendingum mjög að gagni, og hefur ekki fyrir það neina þóknun frá sinni ríkisstjórn, og þykir því sanngjarnt eftir atvikum að leggja til, að hann fái 20 þús. kr. í viðurkenningarskyni fyrir sitt starf.

Þá er lagt til að veita Guðrúnu Á. Símonar söngkonu nokkurn styrk vegna söngfarar hennar um Norðurlönd. Það mundi ekki geta fallið undir heildarfjárveitinguna til söngnáms.

Vegna fráfalls Einars Jónssonar myndhöggvara er vitanlega eðlileg sú breyting á þeim lið fjárl., sem hér er lögð til, að launin verði ekki lengur miðuð við hans nafn, heldur verði þetta laun gæzlumanns, en gert er ráð fyrir, að ekkja hans sinni gæzlustörfum við safnið samkvæmt erfðaskrá, sem um það gildir.

Þá er lagt til að veita Sigurþóri Ólafssyni í Kollabæ 10 þús. kr. í eitt skipti til viðurkenningar fyrir mjög ötula forgöngu í félagsmálum bændastéttarinnar þar eystra. Hann er nú 85 ára gamall og mun mikinn hluta ævi sinnar hafa helgað sig sveitarmálum þar og lagt á sig mikið starf í því efni, þannig að sérstakt þykir, og hefur því n. eftir atvikum talið rétt að verða við ósk um það, að hann fengi 10 þús. kr. í viðurkenningarskyni.

Þá er lagt til að veita tveimur aðilum nokkurn styrk til kaupa á sjúkrabifreiðum. Það er á sama hátt og veitt hefur verið undanfarin ár, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það nánar.

Þá ætla ég örlítið að víkja að nokkrum heimildaliðum til nánari skýringar.

Það er í fyrsta lagi um að ræða heimild til að greiða vissar launauppbætur þjóðkunnum mönnum. Hirði ég ekki um að rekja það nánar, það skýrir sig sjálft.

Þá er næsti liður um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán vegna hitaveitu Hveragerðishrepps, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði. Þessi heimild hefur áður verið í fjárl., en ekki notuð að fullu.

Þá er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að kaupa jörðina Gröf í Hrunamannahreppi. Þetta er tekið upp samkvæmt ósk ríkisstj., og mun óskin byggjast á því, að hér er um að ræða jörð, þar sem er mjög mikill jarðhiti, og þykir þess vegna rétt að tryggja ríkinu umráðarétt jarðarinnar.

Þá kemur að því, sem hefur verið nokkuð fastur liður að undanförnu, en það er heimild handa ríkisstj. til að greiða áætlaðan rekstrarhalla Þjóðleikhússins, allt að 250 þús. kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins fyrir árið 1955, sem mun hafa verið endurskoðuð rækilega af menntmrn., virðist augljóst, að halli af rekstri Þjóðleikhússins á árinu verði rúmar 250 þús. kr., og er þess þá getið, að rekstrarhalli hafi orðið árið 1952 590 þús. og 1953 210 þús. Það virðist liggja alveg ljóst fyrir, að ekki séu neinar líkur til, að Þjóðleikhúsið verði á næstunni a. m. k. starfrækt án þess, að um töluverðan rekstrarhalla verði að ræða, og mun það ekki vera neitt einstakt með þjóðleikhús. (Gripið fram í.) Já, hann er að vísu meiri; það mun rétt vera hjá hæstv. ráðh., að hann er í rauninni miklu meiri, vegna þess að þá er búið að taka til greina þá styrki, sem Þjóðleikhúsið fær. Þetta er hallinn auk þeirra styrkja, sem leikhúsið fær, t. d. af skemmtanaskatti, þannig að vitanlega er rétt, að hallinn er miklum mun meiri en þetta, ef það er einnig tekið til greina. Tekjur af skemmtanaskattinum, sem Þjóðleikhúsið fær, munu vera um hálf önnur milljón, þannig að hér er vitanlega um nærfellt 2 millj. kr. halla að ræða. En hvað sem því líður, þá virðast ekki horfur á því, að þetta færist mikið í þá átt, að þessi halli fari minnkandi. Enn liggur ekki fyrir, hver hallinn verður á þessu ári, en gert ráð fyrir, að hann verði um 250 þús. kr. líka. — Svo sem hv. þm. er kunnugt, hefur ríkissjóður tekið að sér að greiða byggingarskuldir Þjóðleikhússins, eftirstöðvar þeirra, og er til greiðslu á þeim skuldum varið 15% af skemmtanaskatti. Þjóðleikhúsið óskar eftir því að fá þennan skatthluta einnig og að ríkið afhendi þessar tekjur. Á þessu stigi málsins telur fjvn. ekki rétt að fara að leggja til, að sú breyting verði á þessu gerð, heldur að fyrirkomulaginu verði þá heldur áfram haldið og heimilað að greiða þennan rekstrarhalla, því að vitanlega yrði þá að greiða stofnskuldirnar á einhvern annan hátt, ef þessi tekjustofn væri ekki látinn standa straum af þeim.

Þá er lagt til að heimila að greiða skaðabætur vegna slyss, sem ungur piltur varð fyrir árið 1946 af völdum sprengingar. Svipaðar bætur munu áður hafa verið greiddar í einu tilfelli a. m. k., og eftir öllum atvikum málsins virðist mjög sanngjarnt, að það verði einnig gert nú. Hér mun vera um upphæð að ræða, sem nemur 70—80 þús. kr. væntanlega.

Þá flytur n. einnig, eftir ósk ríkisstj., till. um að heimila ríkisstj. að gefa kaupanda Súðarinnar eftir helming þeirrar skuldar, sem hann stendur í við ríkið vegna þeirra viðskipta. Skuldin mun vera um 670 þús. kr. rúmar, og mundi þá eftirgjöfin verða svo sem hér segir, 336 þús. kr. Fjvn. hefur ekki kannað þetta mál nánar, en telur víst, að ekki verði hjá þessu komizt, eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur aflað sér um það mál, þó að það sé náttúrlega ekki æskilegt að þurfa að fara þessa braut. En það er þá gert ráð fyrir því jafnframt, að ef af þessari eftirgjöf verði, þá verði tryggilega frá því gengið, að eftirstöðvarnar fáist greiddar.

Þá er loks till. um að heimila ríkisstj. að taka 800 þús. kr. lán til stækkunar sjálfvirku símstöðvarinnar í Reykjavík. Við 2. umr. var hækkun á fjárveitingu til stöðvarinnar samþykkt 1 millj. kr., og með þessari lánsheimild mun vera fengin nægileg fjárupphæð til þess að standa undir þessum byggingarkostnaði. En eins og ég gat um við 2. umr., er hér um að ræða byggingu, sem skilar hagnaði eftir skamman tíma, þannig að hún borgar sig á mjög stuttu árabili.

Þá er lagt til, að smávægileg breyting sé gerð á lið, þar sem ríkisstj. er heimilað að taka lán til að auka húsnæði ríkisspítalanna, og að niður falli, hvar eigi að taka lánið. Þykir það vera eðlilegt, að ekki sé verið að binda það í heimildinni.

Þá er enn fremur till. um að leyfa stjórn landhelgisgæzlunnar að greiða úr landhelgissjóði hluta af byggingarkostnaði björgunar- og varðskips fyrir Norðurlandi. Þetta skip er nú í smíðum og mjög mikil nauðsyn vegna öryggis nyrðra fyrir bátaflota, að smíði skipsins geti orðið lokið sem fyrst, og þykir því sjálfsagt að veita heimild til þess að nota fé landhelgissjóðs til að greiða fyrir framkvæmdum í þessu efni.

Þá er komið að lið, sem er nýr og til kominn af mjög alvarlegu vandamáli, en það er 8. till. n. á þskj. 281 um, að ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán til útvegsmanna, sem hafa átt skip, sem hafa orðið fyrir skemmdum vegna þurrafúa, sem hefur orðið vart nú að undanförnu. Það er enn ekki vitað, hversu mikið tjón þetta er, en þó liggja fyrir upplýsingar um það, að einstakir útvegsmenn hafa orðið fyrir tjóni, sem nemur jafnvel hátt á þriðja hundrað þús. kr. Er augljóst, að ekki er, miðað við afkomu útvegsins, þess að vænta, að menn geti staðið undir slíkum viðbótarútgjöldum án þess að fá einhverja aðstoð. Því er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán, sem þessir útvegsmenn yrðu neyddir til að taka vegna þessara skemmda. Þetta getur vitanlega orðið mjög alvarlegt vandamál, ef þessar skemmdir verða almennar í skipum; það hefur ekki verið athugað nema í tiltölulega litlum hluta bátaflotans, en þegar mun vera vitað um milli 10 og 20 skip, sem eru skemmd og það sum allmikið. Verður væntanlega að gera viðtækari ráðstafanir í þessu sambandi, en ekki tök á eða eðlilegt, að það sé gert við afgreiðslu fjárlaga nema að þessu leyti, sem hér er lagt til.

Þá er smáliður um það að heimila að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem er aðeins vegna þess, að innflutningur er nýlega hafinn á þessu mjöli frá viðskiptalöndum okkar í vöruskiptum, en ekki gert ráð fyrir því í tollskrá. Þess vegna þykir eðlilegt, að það lúti sömu lögmálum og maís. En vitanlega verður eðlilegasta leiðin í þessu, sem væntanlega verður farin, að tollskránni verði breytt í samræmi við þetta, því að vitanlega er ekki hægt að breyta tollskrárlögunum sjálfum með fjárlögum, heldur verður að hafa þetta í því formi, að féð verði endurgreitt.

Þá vil ég geta þess til þess að koma í veg fyrir misskilning, að í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 200 þús. kr. fjárveitingu til byggingar húsmæðrakennaraskóla. Um þetta mál hefur verið mikið rætt hér á þingi nú og raunar fyrr. Það liggur fyrir upplýst, og á því byggist þessi till. um fjárveitingu, að þessi skóli muni þurfa að skipta um verustað. Hins vegar sýnist mönnum sitt hvað um það, hvað við hann eigi að gera. N. gerir því engar till. um breytingu á þessum lið, þar sem hún vill sem slík enga afstöðu taka í þessu máli, en telur hins vegar rétt að taka það fram, að þessi afstaða hennar byggist þó ekki á því eða má ekki skiljast svo, að hún telji eðlilegt, að hafizt sé handa um byggingu þessa skóla eða þessa fjárveitingu eigi nauðsynlega að nota í því skyni, heldur þykist hún vita það, að jafnvel þótt önnur leið sé farin og annað hús notað fyrir skólann, þá muni þurfa eitthvert töluvert fé til breytinga á slíku húsnæði og af þeim sökum sé ástæðulaust, jafnvel þótt sú leið yrði farin, að gera ráð fyrir, að það sé hægt að spara þessa fjárveitingu. En að öðru leyti vill n. ekki sem slík taka neina afstöðu til málsins, hvort nýr skóli verði byggður eða annað hús notað fyrir skólann.

Hér hefur verið lögð fram frá hæstv. ríkisstj. till. um 6 millj. kr. framlag vegna áætlaðra uppbóta á laun opinberra starfsmanna og lífeyri, samtals að fjárhæð 6 millj. kr. Ég mun ekki ræða þá till.; minnist aðeins á þetta hér til þess að gera mönnum lítillega grein fyrir, hvernig viðhorfið er, miðað við þessa till. og þær till., sem nú voru lagðar fram af fjvn., og þá till. frá samvn. samgm. um hækkun á flóabátastyrkjum, sem er að finna á þskj. 271 og nemur samtals 284 þús. kr. Þegar tillit er tekið til till. fjvn. á þskj. 269 og 281, nema þær nettóhækkun að fjárhæð 6 millj. og 760 þús. kr., og hafa þá komið til frádráttar lækkanir á 18. gr., 71 þús. kr. rúmar, og aðrar lækkanir, sem eru smávægilegar, en í allt nema lækkanirnar 96 þús. kr. rúmum. Ef við þetta er bætt fjárhæð þeirri til launauppbóta, sem flutt er af hæstv. ríkisstj., þá verður útgjaldaaukinn samtals um 12 millj. 760 þús. kr.

Ef á að vera hægt að afgreiða fjárl. greiðsluhallalaust, þá er augljóst, með hliðsjón af þessari miklu útgjaldaaukningu, að ekki er önnur leið fyrir hendi en að taka 3 millj. kr., sem fyrirhugað var að eftir stæðu sem framlag til framkvæmdasjóðs ríkisins, og eru þá aðeins eftir 2 millj. kr. á þeim lið, sem lagt er til að verði varið til byggingar nýs stjórnarráðshúss. Eru þá til ráðstöfunar upp í þessi auknu útgjöld 13.9 millj. kr. Niðurstaðan verður því sú, ef allar þessar till. verða samþ., að fjárl. verða með rúmrar 1.1 millj. kr. greiðsluafgangi.

Er augljóst af þessu, eins og ég tók fram við 2. umr. fjárlfrv., að ekki væru tök á því að samþ. miklar aðrar útgjaldatill. en þá voru bornar fram af meiri hl. fjvn., og hefur sú spá mín rætzt, eins og menn sjá, því að ekki er það mikill greiðsluafgangur, þó að gert sé ráð fyrir, að hann verði rúm 1 millj. kr. Virðist naumast mega tæpar með slíka áætlun fara.

Ég mun svo ekki ræða þetta mál nánar að þessu sinni og ekki víkja að till. hv. minni hl. frekar, fyrr en þá fyrir þeim hefur verið

talað, né till. þeim, sem útbýtt hefur verið frá einstökum hv. þm., enda ekki gefizt tími til að athuga þær.

**Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Samgöngumálanefndir þingsins hafa, eins og tíðkazt hefur undanfarin ár, unnið sameiginlega að undirbúningi till. um úthlutun flóabáta- og flutningastyrkja og haft samráð um það starf, öflun gagna, upplýsinga, við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Um rekstrarafkomu flóabátanna á þessu ári er svipað að segja og oft áður, að hún hefur orðið töluvert misjöfn. Hjá einstökum bátum hefur reksturinn gengið sæmilega og þeir styrkir, sem veittir hafa verið, hrokkið til þess að halda rekstrinum í sæmilegu lagi.

Samkvæmt till. samvinnunefndarinnar er gert ráð fyrir því, að rekstrarstyrkur til flestra flóabátanna verði svipaður á næsta ári og hann hefur verið undanfarin ár. Hins vegar hefur ekki orðið komizt hjá því að leggja til nokkra hækkun á framlögum til einstakra báta vegna vélakaupa og viðgerða. Eins og kunnugt er, þá eru fæstir eða svo að segja engir þessara báta, sem annast flóabátaferðirnar, notaðir til fiskveiða. Þeir eiga þess vegna ekki aðgang að lánsstofnunum sjávarútvegsins og því þrönga möguleika til þess að fá lán til endurnýjunar á þeim farkostum, sem notaðir eru til flóabátaferðanna, hvort heldur ræðir um til vélakaupa eða viðgerða á sjálfum skipunum. N. hefur því talið óhjákvæmilegt að hlaupa nokkuð undir bagga með einstökum flóabátum og leggur til, að þeim verði veittir styrkir til vélakaupa og viðgerða eins og einnig hefur tíðkazt undanfarin ár.

Skipulag þessara samgangna mun verða mjög svipað á næsta ári samkv. till. n. og verið hefur undanfarið. Þó má geta þess, að lagt er til, að styrkur til eins smábáts á Austfjörðum, Berufjarðarbáts, falli niður, vegna þess að akvegasamband hefur skapazt milli þeirra byggðarlaga, sem hann hélt uppi þjónustu fyrir.

Þá hefur og sú breyting orðið á samgöngum milli Vestmannaeyja og Árnessýslu, að ferðir eru nú farnar frá Þorlákshöfn í stað Stokkseyrar áður til Vestmannaeyja.

Ég vil þá leyfa mér í örfáum orðum að gera grein fyrir till. n. gagnvart einstökum flóabátum.

Er þá fyrst til að taka um Breiðafjarðarsamgöngur. Þar er lagt til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts hækki lítillega, um 10 þús. kr. Rekstur þessa báts, sem siglir um stórt svæði, mjög strjálbýlt, milli eyja og útnesjabyggða við norðanverðan Breiðafjörð, hefur átt við erfiðleika að etja, og var farið fram á töluverða styrkhækkun vegna ferða hans. Taldi n. rétt eftir atvikum að koma til móts við þær óskir með fyrrgreindri styrkhækkun. Hafa einnig verið uppi till. um það að láta Stykkishólmsbátinn, sem er töluvert stærri og fullkomnari bátur, annast einnig flóabátaferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð. Hins vegar hafa komið fram mjög harðorð mótmæli gegn því frá hreppsnefnd Flateyjarhrepps. Hefur m. a. verið bent á það þar, að bæði læknir og prestur séu búsettir í Flatey, en þessir embættismenn leysi einnig af höndum þjónustu fyrir sveitahreppana við norðanverðan Breiðafjörð. Það væri því mjög óhentugt, ekki aðeins fyrir Flateyinga, heldur einnig fyrir fólkið, sem á að njóta þjónustu þessara embættismanna, ef aðsetursstaður flóabátsins yrði fluttur úr eynni. N. féllst á þessi rök Flateyinga og taldi rétt enn um skeið að minnsta kosti, að sérstakur bátur yrði styrktur til þess að halda uppi flóabátaferðum um norðanverðan Breiðafjörð.

Um Stykkishólmsbát, sem annast samgöngur um sunnanverðan Breiðafjörð, er það að segja, að það fyrirtæki, sem rekur hann, hefur fengið nýjan bát til þeirra ferða og látið stækka hann töluvert og búa hann mjög vel, keypt í hann tvær nýjar vélar, þannig að hann er nú mjög ganggott skip. Þessar endurbætur hafa kostað mikið og var farið fram á hækkaðan rekstrarstyrk til bátsins. En n. taldi ekki rétt að hækka rekstrarstyrkinn, en lagði hins vegar til, að honum yrði veittur 40 þús. kr. styrkur til vélakaupa.

Þegar n. hafði svo lokið sínum störfum, þá barst henni erindi frá samgmrn., þar sem þess var óskað, að n. beitti sér fyrir því, að tekin yrði upp í 22. gr. fjárlaga næsta árs heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir ofangreint hlutafélag, Flóabátinn Baldur h/f, Stykkishólmi, lán að upphæð 250 þús. kr. Nefndin ræddi þetta mál við hæstv. fjmrh. og fékk umsögn hans um það. Varð það að samkomulagi milli hæstv. ráðh. og n., að hún flytti þá heimildartill., sem samgmrn. óskaði eftir, um ábyrgð fyrir lánum, sem umrætt samgöngufyrirtæki tæki, en þó bundið við þó nokkru lægri upphæð. Flytur n. því till. um það, að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem fjmrh. metur gildar, 200 þús. kr. lán, er Flóabáturinn Baldur h/f í Stykkishólmi tekur vegna endurbyggingar bátsins. Í þessu sambandi vil ég upplýsa það, að endurbæturnar á bátnum munu samtals hafa kostað rúmlega 600 þús. kr., og eru skuldir fyrirtækisins nú vegna hans rúmlega 1 millj. kr. N. taldi, eftir að hafa haft samráð við fjmrh. og þar sem fyrir lá ósk frá samgmrn. um þennan stuðning við bátinn, ekki fært annað en að koma til móts við þessar óskir.

Þá er lagt til, að styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts verði óbreyttur.

Um Ísafjarðarsamgöngur er það að segja, að þær eru óbreyttar frá því, sem þær hafa verið undanfarin ár. Þar er lagt til, að rekstrarstyrkur til Djúpbátsins, sem þessar ferðir annast, verði óbreyttur, 350 þús. kr. Hins vegar er talin óumflýjanleg sú endurbót á bátnum, að byggt verði á hann nýtt stýrishús. Til þess að styrkja þá framkvæmd voru á síðasta ári veittar 20 þús. kr. Sú fjárveiting er geymd, þar sem ekki hefur verið unnt að ráðast í viðgerðina fyrir svo lítið fé, og leggur n. nú til, að veittur verði 40 þús. kr. viðbótarstyrkur til að ljúka þessari endurbót.

Norðurlandssamgöngur er það um að segja, að á síðastliðnu ári var veittur svipaður styrkur til Húnaflóa- og Strandabáts og gert hafði verið

undanfarin ár. Báturinn, sem annaðist ferðirnar, hafði þá verið seldur, og í samráði við þm. Str. (HermJ) var gert ráð fyrir því, að flóabátastyrkurinn yrði á þessu ári notaður til vegabóta í héraðinu til að halda áfram Selstrandarvegi, sem koma mun kauptúninu á Drangsnesi í akvegasamband, og enn fremur til vegabóta milli Gjögurs og Ingólfsfjarðar.

Þetta fór nú samt þannig á þessu ári, að fólk norður þar þóttist ekki geta án bátsins verið, og var 60 þús. kr. af þessum 100 þús. kr. varið til þess að styrkja ferðir nýs báts, sem hóf ferðirnar um norðanverða sýsluna. Ég hygg, að það sé skoðun n., að mjög erfitt verði að fella þennan bát niður. Hann rækir þjónustu við hinar strjálu byggðir á Ströndum, sem búa við mjög erfiðar samgöngur. N. leggur því til, að hann fái óbreytta styrkhæð á næsta ári, 100 þús. kr., og verði leitað tillagna sýslunefndar Strandasýslu um það, hvernig því fé skuli varið, þannig að það komi að sem mestum notum fyrir þær byggðir, sem flóabátaferðanna eiga að njóta.

Lagt er til enn fremur, að Norðurlandsbáturinn, sem heldur uppi ferðum um Eyjafjörð og Skagafjörð, fái óbreyttan rekstrarstyrk, en útgerðarmaður þess báts hefur talið gersamlega óhjákvæmilegt að skipta um vél í bát þeim, sem notaður er til ferðanna. Lánsmöguleikar eru hins vegar ekki fyrir hendi frá lánsstofnun sjávarútvegsins af þeim ástæðum, sem ég greindi áðan. N. hefur talið óhjákvæmilegt, að þessi bátur fái nokkurn styrk til vélakaupa, og leggur til, að hann fái á þessu ári 50 þús. kr. vélastyrk og fyrirheit um það, að honum verði á næsta ári veittar aðrar 50 þús. kr., þannig að hann geti aflað sér lánsfjár út á það vilyrði, sem gefið er í álitsgerð nefndarinnar.

Enn fremur er lagt til varðandi Norðurlandssamgöngurnar, að Haganesvíkurbátur og Flateyjarbátur á Skjálfanda fái óbreytta styrki. Hins vegar verði smávægileg styrkhækkun til Hríseyjarbáts, 4 þús. kr.

Á Austfjörðum er lagt til, að styrkir til Loðmundarfjarðar- og Mjóafjarðarbáts verði óbreyttir, en hins vegar verði felldur niður styrkur til Berufjarðarbáts af þeim ástæðum, sem ég minntist á í upphafi. Í fyrra var felldur niður styrkur til Eskifjarðarbátsins af sömu ástæðum. Er af þessu auðsætt, að bættar samgöngur á landi í einstökum landshlutum leiða til þess, að hægt er að draga nokkuð úr styrkjum til flóabátaferða.

Ég er þá kominn að Suðurlandsskipinu, sem siglir hraðbyri um Suðurland, þó að það sigli hvorki fyrir seglum né gufu. En svo er mál með vexti, eins og hv. þm. er kunnugt, að flutningar á hinni löngu leið frá Reykjavík til Vestur-Skaftafellssýslu hafa löngum verið styrktir vegna þess, hversu gífurlegur kostnaður er við þessa flutninga og miklu meiri en flestir aðrir landsmenn eiga við að búa. Þessi héruð hafa enn fremur þá sérstöðu, að þau njóta ekki strandferða og yfirleitt ekki samgangna á sjó, þar sem báðar Skaftafellssýslur mega heita gersamlega hafnlausar að öðru leyti en því, að höfn er í Hornafirði, sem hluti Austur-Skaftafellssýslu hefur not af.

Á s. l. ári voru veittar samtals 170 þús. kr. til þessara mála í þágu Vestur-Skaftfellinga, en af þeirri upphæð voru 25 þús. kr. veittar til kaupa á snjóbíl, sem var óafturkræft framlag í eitt skipti fyrir öll. Nú leggur n. til, að héraðið fái sama heildarstyrk og á s. l. ári, þ. e. a. s. 170 þús. kr. Gengur þá sú upphæð, sem í fyrra gekk til kaupa á snjóbílnum, nú einnig til þess að greiða niður flutningskostnaðinn á fyrrgreindri leið.

Enn fremur leggur n. til, að styrkur til Öræfinga til vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu verði hækkaður um smávægilega upphæð, þ. e. a. s. um 15 þús. kr.

Er ég þá kominn að Stokkseyrar/Vestmannaeyjabátnum eins og hann hefur heitið undanfarin ár. Sú breyting hefur verið gerð á þeim ferðum, að í stað vikulegra ferða frá Stokkseyri til Vestmannaeyja og til baka sömu leið hafa nú verið teknar upp daglegar ferðir frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Er þetta fyrst og fremst gert vegna flutninga á mjólk og mjólkurafurðum, og hefur þetta breytta skipulag ferðanna haft í för með sér stórkostlegar umbætur fyrir Vestmanneyinga, sem fá nú mjólk og mjólkurafurðir nýjar og óskemmdar, en það þótti oft brenna við áður, meðan ferðirnar voru aðeins vikulegar, að mjólkurafurðir væru mjög lélegar orðnar, þegar þær komu á markaðinn í Eyjum. Hafa einnig bændur hér á Suðurlandi og Mjólkursamsalan, mjólkurbúin, mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við þessar ferðir, þar sem neyzla mjólkur og mjólkurafurða hefur stórkostlega aukizt í Eyjum við þessa skipulagsbreytingu. Hins vegar hafði þessi bátur aðeins 80 þús. kr. styrk á s. l. ári, og var nú farið fram á, að honum yrðu veittar samtals 360 þús. kr. í styrk. Upplýsingar lágu fyrir n., þar sem gert var ráð fyrir, að rekstrarhalli af ferðunum yrði 300 þús. kr.

Ég hygg, að öllum nm. hafi verið það ljóst, að hér var um mjög mikið nauðsynjamál að ræða fyrir íbúa Vestmannaeyjakaupstaðar og einnig fyrir framleiðsluhéruðin á Suðurlandi, að þessar samgöngur héldust sem greiðastar og öruggastar. N. taldi því eðlilegt að koma til móts við þær óskir, sem bornar voru fram af þm. Vestm. og þm. hér á Suðurlandsundirlendinu, og lagði til, að rekstrarstyrkurinn yrði hækkaður úr 80 þús. kr. upp í 200 þús. kr. Enn fremur leggur n. til, að ríkissjóði verði heimilað að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.

Um þetta var rætt við þm. Vestm., áður en hann hvarf af landi í nauðsynlegum erindum nú fyrir nokkrum dögum. Hann taldi að vísu brýna nauðsyn bera til þess, að upphæðin yrði veitt, sem farið var fram á. N. skildi fyllilega hans sjónarmið og sjónarmið þeirra héraða, sem hér eiga hlut að máli. En með tilliti til þess, að ekki er fengin full reynsla af því, hvað þessar ferðir með hinu breytta skipulagi muni kosta, taldi n. ekki rétt að fara lengra í styrkhækkun til þessa báts en þessar till. hennar bera með sér. Það hygg ég hins vegar að ég

geti sagt f. h. nefndarinnar allrar, að hún telji sjálfsagt, að þessum ferðum verði haldið uppi, og það komi ekki til mála, að þessir afurðaflutningar verði felldir niður vegna þess, að rekstrarhalli þess báts, sem annast þær, muni reynast meiri en n. hefur gert ráð fyrir í till. sínum um fyrrgreindar styrkveitingar.

Ég vænti því, að allir aðilar geti vel við unað þessa styrkveitingu. Hins vegar kom fram till. í n. um það frá einum hv. þm., hv. 2. landsk. (BrB), að styrkurinn skyldi verða 300 þús. kr., enda yrði þá sama útsöluverð á mjólk í Vestmannaeyjum og annars staðar á landinu. Er þetta tekið fram í álitsgerð n., og fyrirvari hv. þm. á við þessa till. hans.

Að lokum vil ég svo aðeins minnast á Faxaflóasamgöngurnar. Þær hafa verið reknar með leiguskipum af h/f Skallagrími eins og undanfarið, síðan félagið missti sitt góða skip, Laxfoss. Nú er gert ráð fyrir því, að það skip, sem félagið hefur í smíðum, verði tilbúið um mitt næsta ár, og má gera ráð fyrir því, að hægt verði að reka ferðirnar miklu hagkvæmar, eftir að félagið hefur fengið þetta nýja, glæsilega og fullkomna skip. En engu að síður hefur verið talið óhjákvæmilegt að veita því allháan styrk á næsta ári. Þó að ráðgert sé, að þetta nýja skip komi um mitt ár, þá má vel svo fara, að það dragist töluvert, og menn hafa bitra reynslu af því oft og einatt, þegar um nýsmíði skipa er að ræða, að það dregst oft marga mánuði, að þau komi og að hægt sé að hefja rekstur þeirra.

N. hefur þess vegna talið rétt, að styrkveitingar til h/f Skallagríms vegna Faxaflóaferða héldust í svipuðu horfi og á líðandi ári. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem lágu fyrir n., taldi hún þó ekki hjá því komizt að hækka styrkinn lítillega eða um 50 þús. kr., þannig að hinn beini styrkur, sem félagið fái, verði samtals 250 þús. kr. Hins vegar hefur s. l. 2 ár verið heimild fyrir ríkisstj. til að greiða allt að 100 þús. kr. halla, sem kunni að verða á þessum ferðum, og hefur hæstv. fjmrh. tekið það upp í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár, og er n. því að sjálfsögðu samþykk.

Ég hygg þá, að ég hafi drepið á aðalatriðin í till. samvinnunefndarinnar. Samkvæmt þeim er lagt til, að heildarstyrkur til flóabáta og vöruflutninga verði á næsta ári 1891500 kr. Er það 284 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári. Þessi hækkun sprettur, eins og ég sagði í upphafi, fyrst og fremst af því, að ekki hefur verið komizt hjá því að styrkja allmarga bátana til vélakaupa og hjálpa þeim við óumflýjanlegar viðgerðir. Rekstrarstyrkirnir hafa hins vegar yfirleitt ekki hækkað, svo að neinu nemi, nema í einstökum tilfellum, og á ég þá fyrst og fremst við Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátinn.

Ég hygg þá, að ég geti látið máli mínu lokið um till. n. Hún hefur flutt 3 till., á þskj. 271 um heildarupphæðina og í öðru lagi um heimild til þess að greiða rekstrarhalla af mjólkurflutningunum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og í þriðja lagi um heimild fyrir ríkissjóð til þess að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem fjmrh. metur gildar, 200 þús. kr. lán, er flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi tekur vegna endurbyggingar bátsins.

Ég vil svo leyfa mér aðeins að minnast hér örfáum orðum á till., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Dal. (ÁB), hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) og hv. þm. Barð. (GíslJ). Hún er við 22. gr., um að heimila ríkisstj. að verja 25 þús. kr. í samráði við símamálastjóra til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi ekki að greiða hærra afnotagjald en símanotendur í sveitum. Ég gerði grein fyrir svipaðri brtt. við 2. umr. fjárl., en tók hana aftur til 3. umr. Hv. fjvn. athugaði málið, en þar sem hún fékk bréf frá póst- og símamálastjóra, þar sem hann er tortrygginn gagnvart till., þá hefur hv. n. ekki treyst sér til þess að taka hana upp.

Við höfum nú endurflutt brtt. með þeirri breyt., að heimildin er nú bundin við 25 þús. kr. og á að notast í samráði við símamálastjóra. Það er þess vegna engin hætta á því, sem símamálastjóri lætur liggja að í sínu bréfi, að með styrkjum til talstöðvanotenda yrði farið að verðlauna þá, sem verst reka sínar stöðvar. Ég held, að það sé algerlega sett undir þann leka. Ég skal svo ekki fjölyrða um þessa till. Ég vænti, að hv. þm. sjái það, að hér er um sanngirnismál að ræða. Það er engin sanngirni í því, að það fólk, sem afskekktast er í þessu landi, borgi stórum hærri upphæðir fyrir afnot af talsambandi heldur en annað fólk. Það er fjarri því, að hér sé verið að fara fram á eitthvað óeðlilegt. Það er verið að fara fram á það eitt, að það fólk, sem býr við erfiðastar aðstæður, bæði varðandi samgöngur og talsímasamband, verði jafnt sett og aðrir notendur talsíma í landinu.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hér er ein brtt. á þskj. 303 frá ríkisstj. Vil ég gera grein fyrir henni með fáeinum orðum. Hún er um, að greiða skuli uppbætur á þessu ári og næsta ári á grunnlaun og lífeyri frá alþýðutryggingunum og að áætla skuli í þessu skyni 6 millj. kr. útgjaldalið á 19. gr. fjárlaga.

Það hefur verið talsvert mikið rætt undanfarið um launakjör opinberra starfsmanna. Sett hefur verið á laggirnar n. til þess að endurskoða launalögin, en ekki unnizt tóm til þess að leggja nýtt launalagafrv. fyrir þetta þing. Því hefur verið lýst yfir af hendi ríkisstj., sérstaklega við 2. umr. fjárl., að það mundu verða lagðar fram till. um bráðabirgðaúrbætur í launamálum opinberra starfsmanna. Hér er nú sú till. komin, og hún fjallar um að hækka grunnlaunauppbæturnar, sem hafa verið nú um nokkur ár 10—17%, upp í 20% og að hækka bætur á eftirlaun úr 15%, sem þær hafa verið, og í 20%. Eftirlaunauppbæturnar hafa verið greiddar með 15% uppbót, þó ekki á hærri fjárhæð en 14400 kr., en till. er um að borga framvegis 20% uppbót, en þó ekki á hærri fjárhæð en 20 þús. kr. í grunn. Hámarkið er hækkað ásamt uppbótaprósentunni.

Hér er breytt tilhögun grunnlaunauppbótarinnar frá því, sem áður hefur verið, þar sem nú er gert ráð fyrir að greiða jafnháar upp-

bætur tiltölulega á öll laun. Launanefndin, sem nú starfar, ríkisstj. og stjórn Bandalags opinberra starfsmanna eru sammála um, að hyggilegt sé að breyta til í þetta horf.

Ég vil taka fram, að þessar uppbætur munu kosta ríkissjóð 6 millj. kr. á næsta ári. Þá kosta þær einnig 6 millj. kr. í ár, eftir því sem næst verður komizt. Samtals er því um 12 millj. kr. aukin útgjöld að ræða til uppbóta, sem skiptast á 2 ár. Það mun ekki fjarri lagi, að um 1 millj. af þessu hvort árið sé vegna uppbótanna á elli- og örorkulífeyri. Þetta er þó ekki nákvæmt. — Ég vil taka fram, að það verður séð um, að hægt verði að borga launauppbæturnar út í næstu viku, ef fjárl. verða afgr. nú á morgun, svo sem horfur eru á að gert verði.

Þegar fjárlfrv. var lagt fram, var gert ráð fyrir nokkrum greiðsluafgangi, sem að mestu leyti yrði lagður í framkvæmdasjóð. Nú hefur frv. tekið allmiklum stakkaskiptum við 2. umr., og enn liggja fyrir till. frá hv. fjvn., sem yfirleitt eru gerðar í samráði við ríkisstj., um nokkuð verulegar breytingar á frv. Mér telst svo til, að ef þessar brtt. frá fjvn. og ríkisstj. verða samþ. núna við 3. umr., muni frv. hækka um sem næst 27 millj. í meðförum þingsins. Þetta er ekki nákvæm tala, en mun láta nærri. Þessu hefur verið mætt þannig, að tekjuáætlunin hefur verið hækkuð um 19 millj. frá því, sem hún var í frv., og horfið hefur verið frá því að leggja í framkvæmdasjóð. Þannig hafa verið gerðar till. um að jafna í frv. þessa miklu gjaldahækkun, 27 millj. Þetta þýðir, að frv. verður að vísu afgreitt greiðsluhallalaust, en ekki með neinum greiðsluafgangi, sem máli skiptir. Tekjuáætlunin er þannig, að mun nema 514 millj. Horfur eru á, að tekjurnar á þessu ári muni ná 550 millj. Þetta þýðir, að til þess að nokkur von sé um, að ríkisreksturinn verði greiðsluhallalaus á næsta ári, verður að verða eins gott tekjuár 1955 og þetta ár hefur verið. Það er ómögulegt að hugsa sér, að komizt verði af með minna en 30—40 millj. fyrir óvæntum greiðslum. Það sýnir reynslan örugglega nú orðið, og mættu þó engin sérstök atvik koma fyrir, sem kostuðu nokkur veruleg útgjöld utan fjárlaga. Ekkert óvænt má koma fyrir þá stefnu, ef unnt á að vera að skila greiðsluhallalausum búskap, þótt jafngott tekjuár verði næsta ár og í ár. Þetta ár hefur á hinn bóginn verið alveg óvenjulega gott tekjuár fyrir þjóðina í heild og ríkissjóð, eins og allir vita. Ég held því þess vegna hiklaust fram, að hér sé teflt mjög tæpt. Við skulum þó vona, að þetta verði ekki að slysi.

Í raun og veru hefði þurft að afgreiða fjárlög þannig nú í þessu góðæri, að allverulegur greiðsluafgangur væri. Ef ráðgert er að eyða öllum tekjunum í beztu árunum, eru fyrirsjáanleg mikil vandkvæði, ef eitthvað ber út af frá því bezta um tekjur ríkisins. Stórfelldar kröfur hafa á hinn bóginn legið fyrir þessu þingi um fjárveitingar í framkvæmdir og í ýmsu öðru skyni, ef til vill stórfelldari en nokkru sinni fyrr, og það hefur verið lögð svo þung pressa á að fá eitthvað af þessum kröfum tekið til greina, að fjvn. og ríkisstj. hafa ekki treyst sér til þess að fylgja fram þeirri stefnu, sem mörkuð var í frv., — þeirri stefnu að hafa talsverðan greiðsluafgang, sem lagður væri í framkvæmdasjóð. Það hefur verið horfið frá því og hækkuð útgjöldin á frv., eins og ég þegar hef lýst. Þó er það von okkar, að frv. sé afgreitt þannig, að fjárl. verði greiðsluhallalaus í framkvæmd. Við það sjónarmið hefur stjórnin og fjvn. viljað halda fast.

Ég vil svo að lokum segja, að hér á hv. Alþingi hafa komið fram ýmsar fráleitar hugmyndir um afkomu ríkissjóðs í ár, sem ég sé ástæðu til þess að leiðrétta, áður en fjárlagaumr. lýkur. Það hefur verið talað um 60—70 millj. kr. greiðsluafgang. Þetta er fjarri öllum sanni. Ef við lítum á uppgjörið, miðað við 1. des. nú, og berum saman við reikningsskilin, miðað við 1. des. í fyrra, þá kemur í ljós, að mismunurinn á tekjum og gjöldum nú er nákvæmlega jafn og hann var á tekjum og gjöldum í nóvemberlok s. l. ár. Í fyrra varð að vísu þó nokkur greiðsluafgangur, sem þá var varið til þess að borga niður skuldir og í ýmsu öðru skyni, sem hv. Alþingi hafði ákveðið. Þess vegna sýna þessar tölur núna, að það verður einhver greiðsluafgangur á árinu, en hann verður ekkert í áttina við það að vera 60—70 millj., eins og sumir tala um. Hér kemur þá einnig til, að með þeirri till. t. d., sem hér er nú lögð fram af hendi ríkisstj. um launauppbætur og uppbætur á tryggingargreiðslur, ellilaun og örorkubætur, á yfirstandandi ári, verður ráðstafað 6 millj. af ríkistekjunum í ár, sem borgaðar verða út næstu daga, og fleira hefur komið til, sem eykur ríkisútgjöldin mjög verulega frá því, sem fjárl. gerðu ráð fyrir. En þetta allt verður auðvitað miklu gleggra, þegar við komum saman aftur, og verður þá gerð grein fyrir því, hvernig afkoma þessa árs verður í höfuðdráttum. Ég skal því ekki fjölyrða meira um þetta nú, en ég vildi leiðrétta misskilning, sem á hefur bólað, varðandi afkomu yfirstandandi árs.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hef ásamt hæstv. fjmrh. flutt smátill. varðandi hækkun á styrk til útgáfu orðabókar, að sá styrkur hækki um 50 þús. kr. frá því, sem hann var á síðasta ári, án þess að mótframlag gegn hækkuninni komi frá Sáttmálasjóði. Forráðamenn þessarar útgáfu, sem eru oddvitar háskólans, hafa talið þetta eitt mesta vísindaverk, sem hér væri nú verið að vinna, og mjög miklu máli skipta, að því væri haldið áfram með þeim krafti, sem unnt væri, og hafa í því sambandi talið eftir atvikum nægilegt að fá þessar 50 þús. kr. til viðbótar, en tjáð Sáttmálasjóði ógerlegt að leggja mótframlag. Vonast ég til þess, að þessi till. verði samþ.

Þá er smátill., sem enn er ekki búið að útbýta, en verður væntanlega útbýtt hér á eftir og varðar nú fljótt á litið einungis orðalag og er mjög óveruleg. Það er um þann styrk, sem veittur var í fyrra og lagt er til að veittur verði í ár til Hermanns Pálssonar lektors við Edinborgarháskóla. Í fjárlfrv. eins og það er nú stendur, að þessi fjárveiting, sem er aðeins 10 þús. kr., sé síðari greiðsla. Ég legg til, að þessi orð verði

felld niður, af því að á s. l. vori var gerður samningur, sem ég átti nokkurn þátt í, við rektor Edinborgarháskóla um að stofna fast embætti fyrir Hermann Pálsson í íslenzkum fræðum við Edinborgarháskóla. En til þess að það yrði sæmilega launað og lífvænlegt, þó að það sé sízt rausnarlega borgað, taldi bæði Edinborgarháskóli og við, eftir að hafa skoðað málið, að nauðsynlegt væri, að viðbótarfé til frambúðar kæmi þarna til umfram það, sem háskólinn í Edinborg gat sjálfur veitt eða hafði laust til ráðstöfunar, og varð að samkomulagi, að embættið skyldi stofnað, ef við skuldbindum okkur til þess að borga 10 þús. kr. til starfans á ári framvegis, meðan þessi maður gegnir stöðunni. Gerði ég fastan samning um þetta við skólann eða rektorinn, en tjáði honum jafnframt, að ég gæti ekki skuldbundið mig endanlega, fyrr en Alþingi formlega samþ. það á þessu þingi, og ég tel, að sú formlega samþykkt fáist um framhald samningsins, ef menn samþ. nú þessa litlu till. um að fella niður orðin „síðari greiðsla"; þá verði á það litið sem Alþingi sé ásátt um að halda áfram þessum greiðslum, meðan þessi ágæti fræðimaður gegnir þessu starfi. Mér var það til mikillar ánægju, að rektor við þennan erlenda háskóla lauk mjög miklu lofsorði á kennslu Hermanns og taldi hann, miðað við atvik, hafa marga nemendur, þótt þeir í sjálfu sér séu auðvitað ekki margir, — en miðað við öll atvik hefði hann marga nemendur og hefði með fyrirlestrum sínum og störfum áunnið sér mjög gott orð við skólann. Ég tel þess vegna ekki áhorfsmál, að þessa litlu till. beri að samþ. Vonast ég til þess, að hún mæti ekki ágreiningi, enda hafði ég samráð um málið við nokkra þm. óformlega á síðasta þingi, áður en ég samþ. þetta endanlega af minni hálfu.

Hv. fjvn. hefur tekið upp margar af þeim till., sem ég hafði hér fram að færa, og kann ég henni þakkir fyrir og skal ekki rekja frekar eða rökstyðja umfram það, sem fram kom hjá hv. frsm. n. Slíkt væri aðeins til þess að eyða dýrmætum tíma þingsins í óþarfar málalengingar. Eins og gengur hefur n. þó á ýmsum stöðum ekki treyst sér að verða við öllum fjárbænum míns ráðuneytis frekar en ella, og verður auðvitað að sætta sig við það, vegna þess að hún er að jafna á milli og enginn einn getur ætlazt til þess að fá allt eða nærri allt, sem hann fer fram á. Ég vil þó taka fram, að þar sem n. og hæstv. fjmrh. hafa ekki treyst sér til að verða í öllum tilfellum við þeim fjárveitingum, sem ætlaðar eru til nauðsynlegs rekstrar, án þess að nokkrar till. séu gerðar um mannafækkun eða aðra skipan á málum en verið hefur, þá skoða ég þessa íhaldssemi fjmrn. og hv. n. einungis sem aðvörun um það, að varlega beri að fara með fé, en alls ekki nú frekar en áður, að þarna sé verið að stöðva eðlilegan rekstur og starfrækslu. Varðandi t. d. nýja stofnun eins og dvalarheimilið í Breiðuvík, sem enn er á nokkru tilraunastigi, og þar eð hv. n. hefur ekki treyst sér til að taka upp að fullu þá fjárhæð, sem forstöðunefnd hælisins telur nauðsynlega til þess að reka stofnunina, þá vil ég lýsa því hér yfir, að ég tel upphæðina vera áætlunarupphæð, þannig að ef það sannast, að skynsamlegur rekstur fari fram úr þessari fjárhæð, þá mun ég í þessu tilfelli eins og öðrum ætlast til þess, að hallinn sé greiddur úr ríkissjóði. Þetta miðast auðvitað við það, að skynsamlega sé að farið, eins og ég efast ekki um að í þessu tilfelli verði gert. En ég vildi að gefnu tilefni taka þetta fram.

Ég sé, að enn þá er hér heimildagrein í fjárlögunum, 22. gr., þar sem heimilað er í 14. lið að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstj. á skilyrði eigandans um afhendingu safnsins. Ég vil taka það fram, að ég ákvað í sumar að nota þessa heimild, en enn mun ekki vera búið að ganga frá samningum, vegna þess að ég taldi, að nokkur skilyrðanna, sem eigandinn setti, væru nokkuð einstrengingsleg, og mun þess vegna dráttur hafa orðið á afgreiðslu málsins hjá menntmrn. En ákvörðun liggur nú þegar fyrir um að nota heimildina, og veit ég ekki, hvort n. þess vegna telur ástæðu til að veita þessa heimild áfram. En það er auðvitað ekkert athugavert, meðan ekki er lokið samningum. En ég vil taka það fram til þess að firra misskilningi, að um þetta hefur nú þegar verið tekin ákvörðun af minni hálfu. Og ég tel, að þegar einstakir ágætismenn hafa lagt verulegan hlut af sínu lífsstarfi til þess að koma saman ágætum bókasöfnum, þá sé nokkuð á sig leggjandi til þess að hindra, að þau fari út í veður og vind, verði seld hæstbjóðanda í hverja bók eða oft erlendum mönnum — rit, sem þeir hafa lítið við að gera og eru betur komin hjá okkur, þó að á það sé að vísu líka að líta, að það er vinningur fyrir íslenzk fræði, að góð bókasöfn íslenzk séu erlendis, og þess vegna ekki ætíð ástæða til þess að sækjast eftir öllum söfnum hér. — Ég vil taka þetta fram, bæði út af safni Þorsteins M. Jónssonar og eins vegna þeirrar till., sem hv. þm. Barð. (GíslJ) og hv. 4. þm. Reykv. (HG) hafa flutt varðandi kaup á bókasafni Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns, að ég mundi telja mjög illa farið, ef slíku safni yrði ekki haldið heillegu, þar sem jafnmikil alúð og vinna hefur farið til þess að gera það fullkomið, einmitt í einstökum greinum. Nú sé ég það, að þessir tveir hv. þm. leggja til, að safn Þorsteins sýslumanns verði keypt til að gera það að eign þjóðgarðsins á Þingvöllum. Um það er ef til vill ekki nema allt gott að segja. En þar sem vitað er, að þarna er fullkomnasta guðsorðabókasafn, sem til er á Íslandi, þá mundi ég telja betur farið, að það yrði sett í Skálholt, sem menn eru nú að keppa að að endurreisa, og ég lýsi því yfir, að ég mundi vera því eindregið fylgjandi, ef einhver flytti till. um, að ríkið keypti þetta safn með það fyrir augum, að því yrði komið fyrir í væntanlegum nýbyggingum á Skálholti og yrði ein betri prýði þess staðar, ef menn vilja koma þar upp menntasetri í framtíðinni. Ég vildi minnast á það til þess að tefja menn ekki oftar. (Gripið fram í.) Ég veit nú ekki, hvort hv. þm. er vanur slíku oflæti af þeim, sem eiga skipti við ríkið, eða hann mundi verða svo örlátur sjálfur, að hann mundi vilja gefa ríkinu alla þá ræktun, sem hann hefur lagt í á sínu óðali, og legg ég það mjög að jöfnu, hans

lífsstarf og Þorsteins sýslumanns, hvors á sinn veg. (Gripið fram í.) Ég veit, að þeir eru líkir um margt, hv. þm. Borgf. og Þorsteinn sýslumaður, og ég efast ekki um örlæti hvors um sig; hvort það nægir hins vegar til þess, að þeir vilji gefa allt, sem þeir hafa lagt lífsstarf sitt í, veit ég ekki. En það mundi þá á það reyna, þegar samningar væru teknir upp við hann um safnið, hvort og að hve miklu leyti hann mundi vilja gefa safnið. En ég efast ekki um það, að hann mundi vilja láta það með góðum kjörum, og hef raunar um það nokkurt hugboð (Gripið fram í.) — á góðan stað, já.

Þá vil ég geta eins, eiginlega meira til fróðleiks eða leiðréttingar. Það er komin fram till. um að heimila að borga halla Þjóðleikhússins allt að 250 þús. kr., og er sú till. flutt í samráði við mig. Ég tel nauðsynlegt, að þetta verði gert. Jafnframt vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel æði vafasamt það fyrirkomulag, sem nú er á reikningshaldi Þjóðleikhússins, — með því er ég alls ekki að bera fram ásökun gegn þjóðleikhússtjóra, ég vil setja undir þann leka, — að telja til halla einungis það, sem á vantar til þess, að reksturinn standi undir sér, þegar með tekjunum er talinn allur skemmtanaskatturinn, sem Þjóðleikhúsið fær. Vitanlega er hinn raunverulegi halli þessarar stofnunar sá hluti skemmtanaskattsins, sem til stofnunarinnar rennur, að viðbættu því, sem Alþingi hverju sinni þarf að leggja til. Og úr því að það er nú komið á daginn ár eftir ár og öll árin, sem Þjóðleikhúsið hefur verið rekið, að þessi hluti skemmtanaskattsins hrekkur engan veginn til, og hefur hann þó sum árin verið kringum 1600 þús. kr. á einu einasta ári, og til viðbótar hefur þurft að bæta — ja, í þessu tilfelli núna 250 þús., stundum töluvert hærri upphæð, þá kynni að vera eðlilegra, að allir reikningar Þjóðleikhússins væru teknir upp í rekstur ríkisins, skemmtanaskatturinn rynni einfaldlega í ríkissjóð og Alþingi samþ. svo alla fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins. Ég mundi telja þetta miklu yfirlitsbetra og eðlilegra en að vera að fela fyrir sjálfum sér og öðrum, hvað þessi mikla menningarstofnun kostar, og það er engum til góðs, að menn standi í þeirri meiningu, að hallinn af þessari góðu stofnun sé ekki meiri en sú tiltölulega lága upphæð, sem hér er verið að taka upp henni til fyrirgreiðslu.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Eins og ég segi, þá hafa flestar af þeim till., sem ég hafði fram að bera, verið teknar upp af hv. fjvn. eða hún hefur sannfært sig um, að miðað við fjárveitingarnar að öðru leyti er ekki hægt að verða við þeim að þessu sinni, og kann ég henni þess vegna góðar þakkir fyrir þann skilning, sem hún hefur sýnt þeim málefnum, er ég hef haft að flytja.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann með langri ræðu, aðeins segja nokkur orð í sambandi við þær till., sem við í minni hl. hv. fjvn. höfum leyft okkur að flytja.

Eins og hv. þm. hafa nú séð, þá hefur breytingartillagnahalinn við fjárlfrv. enn þá lengst allmikið frá því, að frv. var til 2. umr. Um þessar brtt. er ekki margt að segja. Hv. frsm. n. hefur gert grein fyrir hinum sameiginlegu till. n., og má um þær segja, að sumt er gott og sumt er þarft og um sumt við ekki tölum, þó að það hafi verið látið fljóta með.

Brtt. þær, sem minni hl. hefur leyft sér að flytja á þskj. 237, eru fáar og ekki mjög stórfelldar, svo að um þær er ekki ástæða til að fjölyrða mjög mikið. Hv. frsm. n. gerði grein fyrir því, að samkv. niðurstöðum af brtt., sem u. hefur öll flutt, hefði nú fjárlfrv. að því er gjaldabálkinn snertir hækkað um milli 6 og 7 millj. kr., og get ég þá bætt því við, að samkv. þeim brtt., sem minni hl. flytur, mundi gjaldabálkur frv. í viðbót hækka um 3.3 millj. kr. Þetta byggist á því, að við leggjum til, að liðurinn „læknisbústaðir, sjúkraskýli og sjúkrahús“ fái ekki 2 millj., eins og meiri hl. n. hefur lagt til, heldur 3 millj. kr. Hækkunin er þar um 1 millj. Þá höfum við lagt til, að til byggingar barnaskóla verði ætlaðar 5 millj. kr., og er það 850 þús. kr. hærra en meiri hl. n. hefur viljað fallast á. Í þriðja lagi leggjum við til, að bygging gagnfræða- og héraðsskóla fái 3 millj. kr., í stað þess að hv. meiri hl. n. hefur lagt til, að það yrði 2 millj. kr. Það er 1 millj. kr. hækkun. Og þá leggjum við að síðustu til, að íþróttasjóður fái 1.5 millj. kr., en hv. meiri hl. hefur fallizt á hækkun úr 750 þús. upp í 1 millj., þ. e. 500 þús. kr. hækkun frá því, sem meiri hl. n. leggur til. Þannig nema samtals hækkanir á gjaldabálkinum sjálfum um 3.3 millj. kr.

Við höfum ekki tekið upp neinar af till. þeim, sem við bárum fram við 2. umr. til hækkunar á áætlun teknanna. Teljum við öruggt, að okkar áætlanir um það hafi verið réttar, en sáum þó ekki ástæðu til að fara að flytja þær till. í annað sinn. Hv. meiri hl. Alþingis er búinn að fella þær till., sem við teljum að mundu hafa verið til þess að færa áætlunina til réttara horfs, og við það verður að sitja. En við erum vissir um, að þá smávægilegu hækkun gjalda, sem við leggjum til umfram hv. meiri hl. n., er fyllilega að finna í vanáætluðum tekjum í tekjubálkinum, og teljum því, að við séum ekki að flytja þessar till. út í loftið, þó að við tækjum ekki hinar till. okkar aftur upp til flutnings með einhverjum tölubreytingum til þess að gera þær heimilar til flutnings.

Stærstu till., sem við svo flytjum nú að þessu sinni, eru við heimildagreinina, 22. gr. fjárl. Í fyrsta lagi er það, að ríkisstj. verði heimilað að verja 40 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1954 til eflingar atvinnulífinu á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Í þeirri till., sem við fluttum áður um þetta efni, var í fyrsta lagi lagt til, að upphæðin væri 50 millj. kr., og í öðru lagi, að hæstv. ríkisstj. væri heimilað að útvega þetta fé að láni.

Við 2. umr. lögðum við líka til, að ríkisstj. væri heimilað að verja allt að 43 millj. kr. samtals vegna byggingar íbúðarhúsnæðis, og það átti einnig að vera með lánsútvegun. En nú leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 20 millj. kr. af tekjuafgangi yfirstandandi árs til íbúðarhúsabygginga.

Það hefur áður verið upplýst, að umframtekjurnar á þessu yfirstandandi ári muni vera nálægt 108 millj. kr., og það hefur, eins og hæstv. fjmrh. gat um hér áðan, verið talað um það af ýmsum, að tekjuafgangurinn mundi vera kannske milli 60 og 70 millj. kr. Nú förum við ekki hærra í að áætla þennan tekjuafgang í fórum hæstv. ríkisstj. en 60 millj. kr., og var hæstv. fjmrh. að vísu að segja okkur það rétt áðan, að það væri fjarstæða að áætla hann 60—70 millj. Við erum þá aðeins með till. um, að verja beri til atvinnulífsins og byggingar íbúðarhúsnæðis allt að 60 millj. kr. Mér þykir næsta ólíklegt, að hæstv. rh. hafi eytt meiru en 40—50 millj. kr. af umframtekjum yfirstandandi árs án heimildar Alþingis, og reikna því með, að upp undir 60 millj. kr. hljóti að finnast í fórum hæstv. ríkisstj., og ber auðvitað engum aðila öðrum en Alþingi að ákveða, hvernig þeim tekjuafgangi skuli varið. Og þá er auðvitað ekkert eðlilegra en það sé ákveðið á fjárlögum ársins 1954, hvernig verja skuli og til hvaða brýnna hluta verja skuli raunverulegum tekjuafgangi þess árs, sem nú er að líða. Enn þá hefur engin till. komið um það frá hæstv. ríkisstj., hvernig skuli ráðstafa endanlegum tekjuafgangi ársins 1954.

Við höfum ekki gert fleiri brtt. við frv. að þessu sinni. Við höfum lagt aðaláherzluna á, að hæstv. ríkisstj. sinni þessum tveimur óleystu stærstu vandamálum þjóðfélagsins nú, atvinnumálum og húsnæðismálum, og teljum, að það sé betra að taka í eigin hendi það fé, sem á að vera afgangs frá þessu eindæma góða tekjuári ríkissjóðs, heldur en þurfa að taka það að láni, eins og við þó lögðum til upphaflega. Þegar því hefur verið hafnað, þá teljum við, að það liggi næst að verja öllum afgangi frá árinu 1954 til þessara tveggja stóru, aðkallandi og brýnu verkefna.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um frv. að þessu sinni. Ég vek athygli á því, að sá framkvæmdasjóður, sem ráðgerður var í frv., þegar það var lagt fram, er nú horfinn og uppétinn, án þess að ætlaðar hafi verið neinar stórfelldar fjárveitingar til hinna brýnustu aðkallandi verkefna. Þetta hefur farið í að þægja Pétri og Páli og dreifa þessu í margs konar smástyrki og bitlinga, eins og nú er augljóst, því að þetta frv. til fjárl., með öllum þeim breytingum, sem á því hafa nú orðið í meðferð þingsins, ber víðtækari smástyrkjapólitík vitni heldur en nokkru sinni fyrr í sögu Alþ. En aftur á móti eru stóru viðfangsefnin látin liggja óleyst og illa leyst, eins og líka er nú orðið kunnugt hv. alþm.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú á síðustu stundu borið fram till. til nokkurrar leiðréttingar og lagfæringar á launakjörum opinberra starfsmanna, og skal ég viðurkenna, að það var orðin mikil þörf á því að laga launakjör opinberra starfsmanna og embættismanna, einkanlega þeirra lægst launuðu. En samt er sá háttur hafður á, að það er vikið út frá þeirri reglu, sem upp var tekin í sambandi við gengislækkunina, að hæstar uppbætur skyldu koma á laun þeirra lægst launuðu, en aftur lægri á laun hæstlaunuðu embættismannanna. Í þessari brtt. ríkisstj. er að mér skilst ætlazt til, að sama álag komi á há laun og lág, og finnst mér það nú ekki vera alveg í anda launalaganna, því að það raskar dálítið hlutfalli, sem þar var þó ákveðið með aðallöggjöfinni.

Ég vil svo að síðustu aðeins láta í ljós von um það, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þær hóflegu brtt., sem minni hl. ber fram, því að það er víst, að tekjur á móti þeim útgjöldum, sem af þeim leiðir, eru fyrir hendi í fjárl., og yrði því ekki um tekjahallaafgreiðslu að ræða, þó að þær væru allar samþykktar.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur flutt á þskj. 303 brtt. við fjárlfrv. um uppbót á laun opinberra starfsmanna og lífeyri, og á uppbótin að nema 20% í stað 10—17% uppbótar, sem greidd hefur verið undanfarin ár.

Því ber í sjálfu sér að fagna, að ríkisstj. skuli nú loksins hafa fengizt til þess að bæta að nokkru úr því mikla ranglæti, sem opinberir starfsmenn hafa verið beittir undanfarin ár hvað launagreiðslur snertir. Um það mál hafa undanfarið átt sér stað allmikil átök, og er þessi till. niðurstaða þeirra. Ríkisvaldið hefur verið knúið til þess að fallast á að greiða framvegis 20% grunnlaunauppbót í stað 10—17% áður og jafnframt sömu uppbót eftir á fyrir árið 1954.

Við hv. 4. þm. Reykv. (HG) höfum leyft okkur að flytja brtt. um þetta efni, þannig að uppbótin skuli verða 25%, en ekki 20%, sama uppbót skuli greidd eftir á fyrir árið 1954 og eftirlaunauppbótin verði tilsvarandi.

Fyrir þessari till. okkar viljum við færa eftirfarandi rök:

Farið hefur fram rannsókn á því, hver kauphækkun hefur orðið hjá þeim stéttum, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup og kjör, síðan launalögin voru sett, þ. e. a. s. síðan í apríl 1945, þangað til nú á þessu hausti, eða í október 1954. Það kemur í ljós, að allar stéttir, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup og kjör, hafa fengið meiri hækkun á töxtum sínum heldur en nú er gert ráð fyrir samkv. till. ríkisstj. að opinberir starfsmenn fái.

Ég skal minnast á helztu niðurstöðurnar, sem orðið hafa af þessum athugunum. Vegið meðaltal af kauphækkunum allra faglærðra iðnaðarmanna hefur reynzt á þessu tímabili 23.6%. Mesta hækkunin hefur orðið hjá matreiðslumönnum, 35.1%, en minnst hjá málurum, múrurum og pípulagningarmönnum, 19.4%. Í sambandi við þessa grunnkaupshækkun faglærðra iðnaðarmanna er og þess að geta, að fjölmargir þeirra vinna eftir taxta, vinna eins konar ákvæðisvinnu. Kaup þeirra er miðað við uppmælingu t. d., svo að raunveruleg grunnkaupshækkun þessara stétta hefur áreiðanlega verið talsvert miklu meiri en þau 23.6%, sem vegið meðaltal af sjálfum töxtunum sýnir. Kaup ófaglærðra verkamanna hefur hækkað, þegar einnig er byggt á vegnu meðaltali, á þessu tímabili um 23.7%. Taxti Dagsbrúnarmanna í almennri vinnu hefur þó hækkað nokkru meira, þ. e. a. s. um 25.7%. Taxtar ófaglærðra verkakvenna hafa hækkað á þessu tímabili um 36.8%. Ef þessi vegnu meðaltöl allra þessara flokka eru einnig vegin, þá reynist allsherjarmeðalkauphækkun þessara starfsstétta: faglærðra iðnaðarmanna, ófaglærðra verkamanna og ófaglærðra verkakvenna — 27.2%. Raunveruleg

grunnkaupshækkun þeirra hefur þó áreiðanlega orðið meiri vegna þess, hversu algengt er nú orðið, að um taxtavinnu sé að ræða. Raunveruleg tekjuhækkun hefur þess vegna auðvitað orðið miklu meiri vegna góðrar atvinnu, sem er í sjálfu sér mjög eðlilegt. (**Gripið fram í:** Þar sem hún hefur verið.) Þar sem hún hefur verið; það er rétt. En á það ber að leggja sérstaka áherzlu, að það gildir engan veginn um allt landið, eins og áður hefur verið vikið að í þessum umræðum. Mjög víða úti um land, á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, hefur alls ekki verið um neina tekjuhækkun að ræða vegna góðrar atvinnu, heldur þvert á móti hafa atvinnuskilyrðin þar verið erfið.

Móti því verður með engu móti mælt, fyrir því liggja skjallegar sannanir, að vegin meðaltalshækkun allra þessara starfsstétta, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup og kjör, hefur numið a. m. k. 27.2%. Með tilliti til þess verður það ekki talið nein ofrausn af hæstv. ríkisstj. að ætla opinberum starfsmönnum nú að taka við 20% hækkun. Það verður enn fremur að hafa í huga, að þeir hafa öll undanfarin ár orðið að sætta sig við það kaup, sem greitt hefur verið, þó að hinar stéttirnar séu þegar fyrir mörgum árum búnar að fá þá hækkun, sem þær hafa orðið aðnjótandi. Þó að greidd sé kaupuppbót fyrir eitt ár eftir á, þá er það auðvitað ekki full bót á því, sem af þeim hefur verið haft, miðað við hinar stéttirnar.

Þetta eru rökin — og þau tel ég vera sterk — fyrir því, að Alþ. gangi nú nokkru lengra en ríkisstjórnin hefur lagt til og samþykki 25% grunnlaunauppbót til handa opinberum starfsmönnum.

Við höfum ekki viljað leggja til, að uppbótin yrði nákvæmlega hin sama og hjá hinum stéttunum, vegna þess að segja má með réttu, að opinberir starfsmenn búi við nokkru meira atvinnuöryggi en hinar stéttirnar og þess vegna megi réttlæta það, að kauphækkun þeirra sé ekki alveg eins mikil. En minna en 25% má hún ekki vera, ef viðurkenna á það, að kjör opinberra starfsmanna eigi að vera í einhverju skynsamlegu samræmi við þær breytingar, sem verða á kaupi hinna annarra starfsstétta þjóðfélagsins, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup og kjör. Í raun og veru ætti það að vera svo, eins og við Alþfl.-menn höfum hvað eftir annað bent á í umr. um launamál opinberra starfsmanna, að í gildi ættu að vera lagaákvæði, helzt í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem tryggðu þeim það, að þeir fengju sjálfkrafa þær launabætur, sem öðrum starfsstéttum, sem gera frjálsa samninga við atvinnurekendur, tekst að tryggja sér í samningum sínum. En meðan svo er ekki, þá er það lágmarkskrafa, að Alþ. samþ. alltaf öðru hverju sem hliðstæðastar bætur til handa opinberum starfsmönnum og hinar stéttirnar fá með frjálsu samkomulagi. Þess vegna vildum við flm. leyfa okkur að vænta þess, að hið háa Alþ. taki þessari till. vel og vilji ekki búa verr að starfsmönnum hins opinbera en viðurkennt er að réttmætt sé og nauðsynlegt fyrir aðrar starfsstéttir þjóðfélagsins að búa við í kaupgjaldsmálum.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það hefði verið nægilegt tilefni til þess að ræða hér ýmislegt á á víð og dreif um sumar af þeim till., sem liggja hér fyrir, og ekki hvað sízt fyrir gamlan form. fjvn. En ég mun nú ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingsins til þess að fara mikið út í þau mál, mun þó ekki geta stillt mig um að minnast hér örlítið á einstök atriði, sem koma þó ekki við mínum eigin till.

Ég vil þá fyrst og fremst leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir þær leiðréttingar, sem hún hefur gert hér í sambandi við þær till., sem mér við koma, m. a. í sambandi við Reykhólaveg á þskj. 269. En út af 13. till. n. á sama þskj. þótti mér nú tæplega hv. frsm. meiri hl. gera nægilega grein fyrir þessari hækkun, því að mér skildist svo, að þessi hækkun væri beinlínis bundin við, að hún ætti öll að ganga til Reykhólakirkju. Og ég skal að gefnu tilefni leyfa mér að upplýsa, að ég sendi hv. fjvn. erindi um að taka upp fullt framlag til kirkjunnar, til þess að hægt væri að endurbyggja hana samkvæmt skyldu ríkissjóðs, og vitað er, að á bak við þá skyldu liggur veð í hálfri jörðinni Reykhólum. Fékkst ekki samkomulag um það, en hins vegar var komið samkomulag um það að taka inn á 22. gr. heimild til ríkisstj. til þess að semja um þessi mál við söfnuðinn. Svo var mér tjáð síðar, að hæstv. fjmrh. hefði heldur kosið, að þessi liður yrði hækkaður, og mér skildist þá beinlínis til þess, að ekki kæmi til atkv. sú till. frá mér um heimildina, og þess vegna féllst ég á, að hún yrði ekki borin hér fram. Nú þykir mér ekki þessi yfirlýsing hv. frsm. meiri hl. nægilega ákveðin. Þætti mér því vænt um, ef hæstv. kirkjumrh. vildi segja um þetta einhver orð. Hins vegar treysti ég því fullkomlega, jafnvel þó að það yrði ekki nú gert, — ég þekki hann svo vel, — að hann standi við það, sem hann hefur lofað mér persónulega, að einmitt þessi upphæð yrði notuð til þess að koma á þessu samkomulagi. Skal svo ekki ræða nánar um það atriði.

Ég vil þá leyfa mér að minnast nokkuð á yfirlýsingar hæstv. menntmrh. út af rekstrarfénu fyrir drengjaheimilið í Breiðuvík. Mér nægir að fullu að sjálfsögðu hans yfirlýsing, sem hann gaf hér, og er þakklátur fyrir, að hann hefur gefið þá yfirlýsingu, sem hann lýsti hér í sambandi við reksturinn. Framkvæmdanefndin mun að sjálfsögðu hafa fullt samráð bæði við hann sem menntmrh. og við fjmrh. um að gera allt, sem hægt er, til þess að draga úr þessum rekstrarkostnaði og gera ekki neitt í þeim málum nema með samþykki rn. En ég get ekki annað en minnt á, að allt útlit er fyrir það, að rekstur á líðandi ári fari upp í 300 þús. kr., eins og áætlað var í fyrra, þó að þá hafi ekki fengizt nema 150 þús. kr. til rekstrarins. Og eftir að yfirlýsing frá hv. frsm. meiri hl. kom um það, að ekki mætti flytja til á milli 20. gr. og 17. gr., þá á stofnunin ekki neins annars úrkosta en að sækja á rn. um þennan mismun. Við höfum orðið að taka að láni ákveðna upphæð, 125 þús. kr., til þess að þurfa ekki að standa í vanskilum við fólkið, og við höfum ekki enn getað fengið fullnaðarsvar frá hæstv. ríkisstj. um það, hvort þetta yrði greitt af þessa árs tekjum ríkissjóðs eða ekki,

og liggi það svar ekki fyrir fyrir nýár, þá er ekkert annað en að taka af þessum 250 þús. kr., sem veittar eru á þessu ári, til þess að greiða þann rekstrarhalla, svo framarlega sem ekki er hægt að leysa málið á annan veg, og vænti ég þá, að það verði samþ. af hæstv. ríkisstj. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við þetta mál.

Út af till., sem ég á hér ásamt hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 297, það er XXIII. liður, og út af þeim ummælum, sem hæstv. dómsmrh. hafði um þá till. og málið í heild, vil ég lýsa því hér yfir, að ég mun fullkomlega sætta mig við þá brtt., sem væntanleg er hér í sambandi við þessa till., þ. e. að það sé ekki ákveðið endanlega, að bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar verði eign þjóðgarðsins á Þingvöllum, heldur að það verði látið standa opið, hvað gert verður við safnið, og mun fylgja þeirri till., ef hún kemur fram. Fyrir mér og okkur flm. vakir að sjálfsögðu fyrst og fremst að tryggja þjóðgarðinum þessi menningarverðmæti. Hins vegar ef það er opið, þá er það samkomulag við hæstv. ríkisstj. og við eiganda safnsins, hvað af þessu færi t. d. í Skálholt og hvað á Þingvöll. Það gæti vel verið, að samkomulag yrði um það, að allar guðsorðabækurnar færu í Skálholt, vegna þess að Biskupstungurnar þyrftu nú á því að halda vegna sinnar sérstöku sáluhjálpar að eiga eitthvað af slíkum andlegum verðmætum, og að Þingvöllur eða þjóðgarðurinn léti sér þá nægja hin þjóðlegu verðmæti, sögurit og önnur visindarit, sem til væru í safninu, svo að um þetta gæti orðið fullt samkomulag.

Ég held, að ég hafi leyfi til þess að segja frá því hér, að eigandi safnsins mun vera mjög fús á að láta a. m. k. einhvern hluta safnsins, lítinn eða stóran, ganga til þess að viðhalda safninu árlega, svo að það þyrfti ekki að verða kostnaður af því fyrir ríkissjóðinn, ef samningar næðust á annað borð. Ég treysti nú því, að ef þessi till. verður samþykkt svo breytt sem hæstv. dómsmrh. hefur lýst henni, þá geti allir aðilar orðið ánægðir og eins að þá kosti það ekki ríkissjóðinn allt of mikið fé. Og raunverulega eins og till. er nú, þá á það ekki að þurfa að vera neinn útgjaldaliður fyrir hæstv. ríkisstj., fyrr en vitað er, að hvaða samningum er hægt að komast, og þá getur náttúrlega hæstv. ríkisstj. borið það undir Alþ., hvort hún vill fallast á að samþykkja þá samninga. En ég legg nú mikla áherzlu á það, að reynt verði að tryggja, að þetta safn fari ekki út um hvippinn og hvappinn. Meðan við viljum gera ýmislegt til þess að endurheimta gömul handrit, sem hafa fyrir óforsjálni verið látin út úr landinu, þá ættum við ekki heldur að loka augunum fyrir því að reyna að tryggja okkur þau verðmæti, sem þegar eru í landinu, að þau ekki annaðhvort færu út úr landinu eða til aðila, sem mundu þá ekki gæta þeirra eins vel og ríkissjóður. — Ég skal svo ekki segja meira um það atriði.

Í sambandi við nál. og till. frá samvn. samgm. þykir mér rétt í fyrsta lagi að þakka hv. n. fyrir þær till., sem hún hefur tekið upp í sambandi við Flateyjarbátinn á Breiðafirði, og þann skilning, sem hún hefur haft á þeim málum. Mér er það fullkomlega ljóst, að þetta er að verða að mörgu leyti mjög athyglisvert fyrir okkur, að það skuli hækka jafnan á hverju ári allmikið styrkur til flóabáta og er nú kominn upp í nærri 2 millj. kr. En í því sambandi vil ég benda á, að fyrir ekki alllöngu var skipuð sérstök mþn. til þess að rannsaka þessi mál til hlítar, án þess að nokkuð jákvætt kæmi út af hennar störfum. En ef Alþ. vildi fallast á till. okkar hv. þm. Snæf. á þskj. 186, þá að sjálfsögðu kemur það einnig undir verksvið þeirra manna, sem kjörnir yrðu samkvæmt þeirri till., að athuga þessi mál með flóabátana, og það sýnist sannarlega ekki vanþörf á að gera það. Mér þótti rétt að láta það koma hér fram.

Þá vildi ég einnig leyfa mér að benda á, að í fskj., sem birt er með nál., koma fram ýmsar athyglisverðar athugasemdir frá Skipaútgerð ríkisins. Ég vildi nú gjarnan spyrja um það, hvort meiri hl. n. eða n. öll vill gera þessi ummæli, sem standa hér í fskj., að sínum orðum alveg athugasemdalaust, því að hér er ýmislegt í þessu fskj., sem ég á bágt með að trúa að n. vilji gera að sínum orðum. Og þegar ég ber saman ummæli t. d. framkvæmdastjóra Skipaútgerðarinnar um Flateyjarbátinn á Breiðafirði og afstöðu n. til þess máls, þá sé ég, að það hefur ekki fallið saman, svo að ég vonast til þess, að það sé svo á fleiri sviðum. Hér er lagt til af hans hálfu, að Konráð sé lagður niður raunverulega, og mjög rætt um það að láta Stykkishólmsbátinn taka að sér þessar ferðir, á sama tíma sem það er þó sagt hér alveg ákveðið í umsögninni, að Konráð sé allt of stór bátur til þess að annast ferðirnar og þess vegna verði að ráða sérstakan trillubát til þess að taka hluta af ferðunum. En svo á að sameina þetta hvort tveggja undir bát, sem er tvöfalt stærri en Konráð. Þetta sýnir náttúrlega, að þessi ummæli eru byggð á hreinni vanþekkingu, eins og einnig kemur fram í öllum þeim athugasemdum, sem eru hér á bls. 9 og bls. 10. — Ég vildi aðeins benda á þetta. En alveg sérstaklega vil ég taka fram, að hér á bls. 14 er sagt í þessu fskj., með leyfi hæstv. forseta:

„Vér getum ekki látið hjá líða að benda á, að afgreiðsla Borgarfjarðarskipsins (afgreiðsla Laxfoss) hefur tekið að sér afgreiðslu skipa, sem halda uppi óheilbrigðri samkeppni við Skipaútgerð ríkisins varðandi vöruflutninga til og frá höfnum, þar sem Skipaútgerðin verður að láta skip sín hafa reglubundnar viðkomur hvort sem er, yfirleitt með nægu lausu flutningsrými. Viljum vér í þessu sambandi sérstaklega geta um Vestfjarðabátinn Hugrúnu, sem afgreiðsla Laxfoss afgreiðir hér í Reykjavík, en bátur þessi dregur vafalaust flutningsgjöld frá Skipaútgerð ríkisins á óeðlilegan hátt, svo að nemur mörgum hundruðum þús. kr. á ári. Þyrfti að verða breyting á þessu sem fyrst."

Ég verð nú að segja, að mér þykir ákaflega einkennilegt, að hv. n. skuli hafa látið birta þetta sem fskj. athugasemdalaust. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki fróðlegt? ) Jú, það er ákaflega fróðlegt. Það er því fróðlegra þegar maður veit, að þessi sama stofnun hefur haft afgreiðslu fyrir ákveðinn einstakling í fjöldamörg ár hjá sér til þess að starfrækja flutninga á ströndinni og það á beztu leiðunum, á milli Reykjavíkur og Vest-

mannaeyja, og sjálf verið með að flytja vörur um borð í þetta skip og frá því aftur upp í þau hús, sem Skipaútgerðin hefur ráð yfir. En annað félag má ekki koma nálægt þessari sömu starfsemi. Og hvers vegna er ráðizt hér alveg sérstaklega á Hugrúnu? Af því að hún hefur sýnt bezt allra báta, að hægt er að reka þessar ferðir með hreinum ágóða. Hún er búin að sýna það allt síðan 1940—41. Og hvað er svo óheilbrigð samkeppni? Er það óheilbrigð samkeppni að reka vöruflutninga með Hugrúnu, en er það svo heilbrigð samkeppni að reka þá með skipum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og með skipum Eimskipafélagsins? Eða er öll óheilbrigð samkeppni um vöruflutninga á ströndinni, ef það er ekki gert með Skipaútgerð ríkisins? Ég held, að jafnsnjall maður og forstjóri Skipaútgerðarinnar hefði átt að hugsa sig nokkuð um, áður en hann lét svona lagað koma fram í þskj. — Svo skal ég ekki ræða frekar um það.

Viðvíkjandi till. frá hv. þm. N-Ísf. (SB), sem ég einnig flyt, í sambandi við afnotagjald af talstöðvum, þá þykir mér rétt að upplýsa, að kostnaðurinn við þessar talstöðvar hefur orðið svo mikill, sumpart vegna skipulags, sem hefur verið haft á þeim málum, og sumpart óviðráðanlega, að það er alveg rétt, sem hv. flm. hefur sagt, að þetta hefur numið stundum milli 1 og 2 þús. kr., og það er náttúrlega alveg ógerlegt að láta það vera þannig áfram, enda hefur það verið svo í framkvæmdinni. Ég veit hvað snertir þær stöðvar í Breiðafirði og Barðastrandarsýslu, að landssíminn hefur tekið þátt í þessum kostnaði. Hann hefur m. a. alveg núna nýlega endurgreitt einum notanda upphæð nær 500 kr., sem ég hef tekið á móti, í sambandi við viðhald á þessum stöðvum. Auk þess hef ég kvartað undan því, að það sé óþolandi, að landssíminn sé að vátryggja stöðvarnar fyrir miklu hærra gjald en aðilarnir geta sjálfir vátryggt. Ég veit, að þessir aðilar hafa getað vátryggt stöðvarnar fyrir sama og innbú. Hins vegar hefur landssíminn vátryggt stöðvarnar fyrir það sama og hann hefur orðið að greiða í iðgjöld fyrir að vátryggja þær á sjó, en það er allt annað atriði, og slíkt má ekki ske. Ég vænti af hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, að þetta verði lagað, að þeir verði ekki látnir greiða slík gjöld gersamlega að óþörfu. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram. Það er því full ástæða til þess, að sú till. verði samþ.

Ég vildi svo almennt í sambandi við 18. gr. segja hér nokkur orð. Það hefur undanfarin ár, allan þann tíma, sem ég var í fjvn., staðið allmikill styr um 18. gr., og það hefur hvað eftir annað verið minnzt á það við hæstv. fjmrh., hvort honum þætti ekki ástæða til að láta fara fram sérstaka rannsókn á því, hvort ekki skyldi taka þar upp nýjar aðferðir. Mér sýnist, að það líði svo ár frá ári, að ekki sé einasta ekkert gert í þessu máli, heldur hallist hér allt á ógæfuhliðina, og skal nú koma með nokkur dæmi, sem sýna þetta.

Á síðastliðnu ári voru samin lög um þingfararkaup alþm., og þá var stofnaður lífeyrissjóður sérstaklega fyrir alþm., og úr honum ber að greiða sem eftirlaun til alþm. ákveðna upphæð. Þegar þetta var samþ., þá var gengið út frá því, að hv. fjvn. tæki fullt tillit til þess, hvað þessir viðkomandi embættismenn þjóðarinnar taka í eftirlaun úr þeim lífeyrissjóði, þannig að það sparaði samsvarandi upphæð á 18. gr. Nú skilst mér, að það hafi einmitt ekki verið tekin upp þessi regla, eftir því sem lítur út hér á 18. gr. nú. Ég ætla ekki að fara hér í nein sérstök nöfn. En það leiðir óhjákvæmilega til þess, að það verður þegar á þessu þingi að breyta lögunum um lífeyrissjóð alþm., því að það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að ákveðnir embættismenn, sem hafa verið þm. og hafa setið í starfi hjá ríkinu, fái síðan full laun, borgi ekki í lífeyrissjóð, en taki 12—15 þús. kr. úr lífeyrissjóði ofan á full laun. Menn sjá, að hér er um svo mikla ofrausn að ræða, að það er ekki stætt á þessu. Mér þótti rétt að benda á þetta vegna þessarar stefnu, sem tekin er upp hér í sambandi við 18. gr.

Auk þess vil ég benda á, að það mun nú vera komið svo um þá menn, sem á einhverjum tíma hafa verið teknir upp með heimild til þess að setja á full laun, — og það er ætlazt til þess, að það sé gert nú einnig, undir 51. till., að greiða skuli Ólafi Lárussyni full prófessorslaun, — að þess vegna hafi verið lítið svo á síðar og jafnvel verið þannig framkvæmt, að þessir menn halda fyrst þessum fullu launum og síðan taka þeir ofan á þetta full laun úr lífeyrissjóði, og þá sjáum við það, að þessir menn geta verið komnir upp í 160% af þeim launum, sem þeir höfðu áður. Ef þetta er stefna hæstv. fjmrh. með 18. gr. og með eftirlaunin og hv. fjvn. og þingsins, þá verður að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera miklu sterkari kröfur fyrir vesalingana í þjóðfélaginu, sem sífellt stendur barátta um að sé hægt að fá hækkuð framlög til. Ef það er hið raunverulega, að menn taka full laun og auk þess full framlög úr lífeyrissjóði auk margs konar bitlinga, sem þeir hafa, svo að þeir komast kannske upp í tvöföld eða þreföld laun, þá erum við komnir út á slíka glapstigu, að við náum hvergi fótfestu, að ég nú ekki tali um þá stefnu, sem er verið að taka upp hér, að vera að setja ákveðin verðlaun til ákveðinna manna, þar sem hægt er að finna þúsundir manna í landinu, sem eiga jafnmikla kröfu á að fá slík verðlaun. Ég skal ekki fara hér út í nein nöfn, en þessi stefna er náttúrlega alveg ótæk í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, af því að ég veit um, að þessi dæmi eru svona, ef farið er að athuga þau.

Ég skal svo aðeins að síðustu minnast hér á það, sem hæstv. menntmrh. talaði um í sambandi við Þjóðleikhúsið og þá till., sem liggur hér fyrir um það atriði. Ég minnist þess, að árið 1947 voru samþ. ný lög um þjóðleikhús, og í þessum lögum stendur alveg ótvírætt, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum Þjóðleikhússins og þjóðleikhússbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum þess. Ég verð að segja það, að þær till., sem hafa komið hér fram, og þau ummæli, sem hafa komið hér fram, að nú skuli þetta allt fara á ríkissjóðinn, stríða beint á móti þessu ákvæði 12. gr. laganna. Það var þá mjög rætt um það hér að taka allan rekstur Þjóðleikhússins inn í fjárlögin, og það

var staðið mjög á móti því af hv. fjvn. á þeim tíma, sem eðlilegt var, vegna þess að hún vildi sannarlega ekki fá þá stofnun til þess að bera ábyrgð á þeim kostnaði, sem var í sambandi við Þjóðleikhúsið. Nú skilst mér, að 16 hundruð þús. kr. tekjur frá skemmtanaskattinum séu engan veginn nægilegar. En ef það er meiningin að taka þetta upp hér í framtíðinni, svo að ríkissjóður eigi að bera ábyrgð á þessari stofnun, þá skilst mér, að það sé fyrst og fremst nauðsynlegt að breyta lögunum annars vegar og gera hins vegar miklu sterkari og meiri ráðstafanir til þess, að þessi stofnun þurfi ekki á öllu þessu fé að halda. Við vitum, að samhliða þessari stofnun er rekið hér annað leikhús, og það þykir ákaflega mikil rausn að láta þá stofnun fá 40, 50, 60 þús. kr. á hverju ári, og er það þó ekki nema partur af þeim gjöldum, sem það félag verður að greiða í skemmtanaskatt til Þjóðleikhússins. En hversu ótækt er þá ekki þegjandi og hljóðalaust að taka við rekstrarhalla — ekki upp á 16 hundruð þús. kr., heldur upp á 18 eða 19 hundruð þús. kr. á Þjóðleikhúsinu, og skella því á ríkissjóðinn þvert ofan í skýr lagafyrirmæli? Og ég verð að segja það eftir framkomu hv. þm. V-Sk. (JK) í gær í Ed. í sambandi við annað mál, að þá held ég, að hann hefði átt að líta í þessi plögg til þess að fullvissa sig um, að hann var hér á alveg rangri braut og miklu rangari braut en hann þóttist vera í gær. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér, úr því að ég á annað borð tók hér til máls.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það var aðeins örstutt. — Ég gleymdi áðan að taka það skýrt fram, að þessar grunnlaunauppbætur, sem stjórnin leggur til að samþ. verði, eru til samræmis við þær grunnlaunahækkanir, sem orðið hafa hjá öðrum en opinberum starfsmönnum síðan launalögin voru sett. Og enn fremur, að grunnlaunauppbótin, eins og hún yrði nú eftir þessa hækkun, 20%, mundi ekki nema eins miklu og grunnlaun almennt hafa hækkað síðan launalögin voru lögfest. En í því sambandi er þó sérstök ástæða til þess að benda á, að sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna, síðan launalögin voru lögfest, og að þau lög hafa að geyma réttarbætur nokkrar til handa opinberum starfsmönnum. — Þetta vildi ég taka fram nú, þar sem ég gleymdi að geta þessa mikilvæga atriðis, þegar ég mælti fyrir till. hér áðan.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég flyt litla brtt. á þskj. 297, undir XIX. lið þar. Þessi till. mín er smávægileg að því er fjárgreiðslur úr ríkissjóði snertir og mun engu raska um niðurstöðu fjárlaganna.

Till. fjallar um það að hækka lítillega laun Björgvins Guðmundssonar tónskálds, eða úr 10350 kr., sem nú er ákveðið í frv., í 15 þús. kr.

Þau laun, sem þessi maður hefur haft á fjárlögum undanfarið, eru nú orðið langsamlega mestur hluti af tekjum hans. Munu allir sjá, að rúmlega 10 þús. kr. eru ekki mikið til að lifa af nú á dögum, og enn fremur, að ekki muni veita af þeirri viðbót, sem ég sting upp á. En vitanlega má spyrja, þó að þetta sé játað: Er ástæða til fyrir ríkið að bæta hér úr? Ber ríkissjóði nokkur skylda til þess?

Björgvini Guðmundssyni tónskáldi þarf ekki að lýsa hér eða kynna hann, því að um hann sjálfan og starf hans mun öllum hv. þm. kunnugt. Það munu allir vita, að hann er og hefur verið eitt mikilvirkasta tónskáld landsins, og eftir því sem ég bezt veit, þá munu liggja eftir hann um 500 tónverk, stærri og smærri, en mörg þeirra stórverk. Og að margra dómi er þessi maður einnig eitt hið bezta tónskáld, sem þjóðin á. Ég skal játa, að ég hef litla söngþekkingu og get ekki dæmt um þetta eins og sá, sem vald hefur, en þetta er álit margra. Ég hygg því, að það sé ekki ofmælt, þó að ég segi, að þjóðin standi í þakkarskuld við þennan mann og hann ætti það skilið, ekki síður en ýmsir aðrir, sem allvel er séð fyrir á fjárlögum, að honum væri séð fyrir nægilegu fé til að lifa á á efri árunum, en þau fara nú mjög að nálgast.

Till. mín um, að þessi laun verði hækkuð upp í 15 þús. kr., nægir auðvitað ekki í þessu efni, en hún er þó ofur lítið í áttina og ofur lítil viðurkenning, ef hún yrði samþ., og mundi, þótt um litla upphæð sé að ræða, nokkuð bæta úr þörf þessa manns. Ég vona því fastlega, að þessi litla till. verði samþ. af hv. Alþ., því að eins og ég sagði í upphafi sé ég ekki, að hún mundi nokkuð raska sem teljandi væri um niðurstöðu fjárlfrv.

Fleiri brtt. hef ég ekki flutt við frv. og enga við 2. umr. málsins. Ég skal þó taka það fram, að ég er vitanlega ekki að öllu leyti ánægður með úthlutun fjvn. á því fé, sem veitt er til ýmissa framkvæmda í landinu, þannig að mér finnst, að mitt kjördæmi hafi frekar verið sett hjá nú, eins og reyndar á undanförnum þingum, að því er snertir fé til vega, og það því fremur sem ekkert fé er veitt í það kjördæmi til brúarbygginga, sem mjög mörg kjördæmi önnur fá allálitlegar upphæðir til, og það er ekki sökum þess, að ekki sé enn þörf að byggja brýr í Eyjafirði. En það er þó ekki svo brýn nauðsyn, að við þm. Eyf. bærum fram neinar kröfur um það. En þrátt fyrir þetta, þó að ég líti svona á, þá hef ég fyrir mitt leyti sætt mig við till. fjvn. í þessu efni. Mér er það ákaflega vel ljóst, að hv. fjvn. hefur úr vöndu að ráða að því er úthlutun ríkisfjárins snertir til hinna einstöku staða og hinna einstöku framkvæmda, og það er vitanlega alveg ómögulegt fyrir hana að gera svo að öllum líki. Ég hygg, að segja megi um hv. fjvn., að hún hafi reynt að koma eins langt til móts við óskir og kröfur um fjárframlög til þarflegra framkvæmda og fjárhagur ríkissjóðs frekast leyfði, og mér finnst, að það sé í sjálfu sér stefnt á fremstu nöf og því hreint ábyrgðarleysi að bera fram fjárkröfur, sem skipta verulegu máli, nú eftir að fjvn. hefur gengið frá sínum till.

Um afgreiðslu fjárl. almennt skal ég ekki fjölyrða, þó að slíkt ætti að vera leyfilegt við 3. umr. málsins, en ég verð að segja það, að mér virðist bæði fjárlfrv., eins og það liggur fyrir, og till. hv. fjvn. draga dám af þeirri kröfupólitík, sem nú er yfirleitt rekin í landinu af öllum stéttum,

af öllum héruðum, af öllum stjórnmálaflokkum og yfirleitt öllum. En þó mun svo í hóf stillt, að verði frv. í aðalatriðum afgr. eins og hv. n. leggur til, þá er ekki enn stefnt í beinan voða. En þessi kröfupólitík, sem farið er almennt að reka í landinu, hlýtur fyrr eða síðar að leiða til þess, að allt fer í strand. Það hlýtur að koma að því, að lífið sjálft segi: Hingað og ekki lengra. Hvernig þá verður við snúizt, skal ég ekki um segja. En áreiðanlega verður ekki skemmtilegt, þegar sá tími er kominn, að standa að afgreiðslu fjárlaga eða stýra fjármálum þjóðarinnar, ef ekkert lát verður á þeim kröfum, sem nú eru gerðar, og hugsunarhátturinn getur ekki breytzt neitt; þegar svo er komið, að það má ekkert á bjáta á nokkurn hátt eða neins staðar, þá eru þegar í stað gerðar kröfur til ríkisins um úrbætur. Þegar ég kom fyrst á þing, þá þekktust yfirleitt ekki þær kröfur, sem nú eru gerðar á mörgum sviðum. Menn höfðu þá enn þann hugsunarhátt, að þeir ættu sem mest að bjarga sér sjálfir og t. d. þó að hallaðist fyrir atvinnuvegi, þá væri það þeirra, sem hann stunduðu, að leita úrræða til þess að fá atvinnuveginum komið á réttan kjöl upp aftur. Nú er þetta allt saman gerbreytt. Og það er kannske íhaldssemi, sem leiðir af aldrinum, en ég verð við það að kannast, að mér lízt ekki á blikuna, mér lízt ekki á þá stefnu, sem þjóðin yfirleitt hefur tekið í þessu efni. Þegar svo er komið, að svo til allir atvinnuvegir landsmanna eru reknir með einhvers konar styrkjum, þá er ég nú hættur að skilja, hvaða gagn er af slíkum styrkjum, því að mér skilst, að þegar svo er komið, að allir landsmenn fá styrk með einhverju móti, þá lendir það þar við, að þeir verða að borga þennan styrk sjálfir. Það kann að vera, að það sé hægt að láta ríkissjóð fá allar tekjur landsmanna í sköttum og sjá síðan fyrir öllum landsmönnum; hann fái þjóðartekjurnar og sjái fyrir þegnunum. En ef slíka aðferð ætti að hafa, þá mundi það þó ekki til lengdar geta verið á þann veg, að hver fengi eins og hann óskaði og teldi sig þurfa. Það mundi þá væntanlega verða að miða við þjóðartekjurnar.

Mér er það ákaflega ljóst, að á þessu stigi þessara mála er það mjög þýðingarlítið að láta svona skoðanir í ljós. En úr því að þessi litla brtt., sem ég ber fram, gaf mér sérstakt tilefni til þess að taka hér til máls, þá gat ég þó ekki stillt mig um að láta í ljós þá skoðun, sem ég hef á því, hvert nú stefnir. Þrátt fyrir viðleitni fjármálastjórnarinnar og fjvn. til þess að spyrna við fótum eins og hægt er, þá er straumurinn það sterkur, að hann er auðsjáanlega ofviða þeim aðilum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 305, 309 og 310, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég flyt á þskj. 297 ásamt nokkrum öðrum hv. þm. nokkrar brtt., sem ég skal örstutt gera grein fyrir.

Það er fyrst brtt. II, sem ég flyt ásamt hv. 1. landsk. og hv. 8. þm. Reykv. Það er um, að liðurinn „íslenzkir námsmenn erlendis“ hækki úr 875 þús. upp í 1 millj. kr. Það komu frá okkur allmörgum úr stjórnarandstöðuflokkunum tillögur um nokkru meiri hækkun við 2. umr. málsins, en voru felldar. Við vildum nú freista þess, hvort ekki mundi vera hægt að fá þessa upphæð fram, þó að hærri upphæð hafi ekki fengizt. Hefur áður verið gerð svo rækileg grein fyrir því, að flestum þm. er það vel kunnugt, hver þörf íslenzkum námsmönnum er á að fá þetta fé, og ég vonast til þess, að þeir geti nú orðið við því að samþykkja þessa upphæð. — Sömuleiðis flytjum við till. um að hækka framlagið til námslánanna um 75 þús. kr.

Þá flyt ég enn fremur ásamt sömu hv. þm., 8. þm. Reykv. og 1. landsk., brtt. á sama þskj., VI, viðvíkjandi þjóðminjasafninu, að hækka það, sem fer þar til hljómplötusafns, úr 5 þús. upp í 50 þús. Það var nokkuð rætt um þetta mál við 2. umr., og var þá lögð fram till. um nokkru hærri fjárhæð, en ég vil nú mega vona, að þessi upphæð a. m. k. finni náð fyrir augum hv. þingmanna.

Þá er enn fremur till. á sama þskj., XVII, þar sem ég ásamt hv. þm. Sósfl. flyt brtt. viðvíkjandi liðnum „sumardvalarheimili“. Við fluttum þar saman till. um nokkru hærri upphæð við 2. umr. fjárlaganna, en það var ekki samþ. En ég vil vona, að þessi upphæð, 200 þús. kr., í staðinn fyrir 100 þús., geti hlotið samþykki þm., því að flestum mun vera ljóst, hver þörf er á því að geta gert börnunum mögulegt að dvelja að sumrinu í sveit og þeim þeirra á sumardvalarheimilum, sem geta ekki komið sér öðruvísi fyrir.

Enn fremur endurtökum við till. um sumardvöl fyrir húsmæður, að gera mæðrafélögum, mæðrastyrksnefndum og öðrum slíkum samtökum mögulegt að fá þar nokkra upphæð. Það hefur verið felld líka varatill. um 100 þús. kr. við 2. umr. málsins, og nú leggjum við til, að veittar séu 75 þús. Ég vil vísa til rökstuðningsins, sem ég flutti fyrir því við 2. umr., en vona, að þar sem þessi upphæð er lægri, þá geti hún nú orðið samþykkt.

Svo vildi ég segja nokkur orð viðvíkjandi till. hæstv. ríkisstj. út af launauppbótum til starfsmanna ríkisins og reyna að forma þar nokkrar brtt. Ég verð að segja það, að ég er eins og aðrir þm. sammála um, að það sé nauðsynlegt að hækka þessi laun hjá starfsmönnum ríkisins. Er það í samræmi við þá nauðsyn, sem nú er yfirleitt hjá öllum starfsmönnum og launþegum, ekki sízt þeim lágt launuðu, að fá laun sín hækkuð. Allar þessar till. ríkisstjórnarinnar eru ekkert annað en viðurkenning á því, að launahækkun er óhjákvæmileg. Við höfum hvað eftir annað sagt það hér, og verkamenn og þeirra samtök hafa hvað eftir annað bent á það og búa sig undir launahækkun, og það er engum efa bundið, að það er ekkert afl til í þjóðfélaginu, sem stöðvar þá launahækkun. Það er mjög ánægjulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli sjá, að hjá þessari launahækkun er ekki hægt að koma sér. Vonandi verður hún það viti borin, þegar kemur að einhverju leyti til hennar kasta að segja eitthvert orð um þær launahækkanir, sem verkamenn almennt koma til með að fara fram á, að

hún þvælist þar ekki neitt fyrir. — En það er ekki til neins fyrir hæstv. fjmrh. að vera með neinar afsakanir, eins og hann var hérna áðan, að þetta væri ekki neitt til þess að ýta undir launahækkanir. Auðvitað er það til þess, hvort sem hann vill viðurkenna þann tilgang í því eða ekki. En hitt get ég um leið sagt, að verkalýðurinn mun auðvitað hækka sín laun, hvort sem Alþ. hækkar laun sinna starfsmanna eða ekki. Það er hins vegar alltaf ánægjulegt að sjá, að Alþ. drattast ekki aftur úr öllum öðrum.

En svo er spursmál, hvernig á að framkvæma svona launahækkun, eftir hvaða „prinsipum“ á að fara við þetta. Það er það, sem ég held að við þurfum að rannsaka dálítið nánar. Og ég vil segja það alveg hreinskilnislega, að það er nú það stutt síðan þessar till. komu fram, að ég hef ekki getað formað endanlega till., sem ég væri fyllilega ánægður með í þessum efnum, þó að ég ætli að leggja hana fram hér. Síðast þegar við hækkuðum laun starfsmanna ríkisins, þá ákváðum við á fjárlögunum, eins og menn muna, 23. gr., að laun hæst launuðu mannanna skyldu hækka um 10%, laun lægst launuðu mannanna um 17% og þeirra, sem voru þarna á milli, um 12 og um 15%. Það var ákveðið réttlætissjónarmið í þessari skiptingu. Það var sem sé það sjónarmið, að það væri verið að bæta mönnum á vissan hátt upp dýrtíð. Og eins og gefur að skilja, þá leggst sú dýrtíð þyngst á þá, sem eru lægst launaðir. Alþingi viðurkenndi þetta „prinsip“, að eftir þessum reglum bæri að fara, með því, hvernig ákvæði 23. gr. voru þá. Nú breytir hæstv. ríkisstj. út af þessari reglu. Hæstv. ríkisstj. leggur til, að sú grunnlaunauppbót, sem hún nú vill framkvæma til að byrja með, — ég veit, að náttúrlega kemur meira á eftir, — verði 20% á öll laun í staðinn fyrir t. d. 10% á hæstu launin. Hvað þýðir þetta? Við skulum taka 1. launaflokkinn, með laununum 15 þús. sinnum 3, þ. e. 45 þús., sem áður bættust 10% á, sem þá gilti 4500. Nú bætast þarna 20% á, þ. e. 9 þús., eða 4500 bætast við, og síðan eykst auðvitað dálítið, þegar vísitalan bætist þarna við. Það þýðir með öðrum orðum, að það er eitthvað í kringum 5 þús. kr. launahækkun, sem þeir hæst launuðu fá. Menn, sem eru í tæpum 70 þús. kr., þurfa að fá, skulum við segja, að áliti ríkisstj. a. m. k. sín 5—6 þús. á ári í viðbót, svona upp undir 500 kr. á mánuði. Þetta er máske út af fyrir sig mjög holl og góð vísbending hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er náttúrlega alveg gefið mál, að þegar maður, sem hefur 70 þús. kr. í laun, þarf að fá sínar 500 kr. á mánuði, þá þarf maður, sem hefur 30 þús. kr. í laun, líka að fá sínar 500 kr. á mánuði. Og það mun auðvitað verkalýðurinn muna, þegar hann breytir sínum launum. Það viðurkennir náttúrlega hver einasti maður, að það er ekki orðið lifandi við 30 eða 35 þús. kr. á ári lengur, 3 þús. kr. á mánuði. En ef maðurinn, sem er í 1. launafl., hefur sínar ca. 70 þús. kr. á ári og þarf að fá sínar 5—6 þús. kr. í launauppbót, þá þurfa hinir, sem eru í lægri launaflokkum, áreiðanlega að fá miklu meiri hækkun en ríkisstj. hérna gerir grein fyrir. Ég vil benda á, að barnakennararnir, sem eru t. d. í 6 þús. kr. launum sinnum 3, þ. e. 18 þús. kr. launum, fá á það 17% núna eða 3060 kr., mundu fá eftir till. ríkisstj. 3600 kr., að viðbættu því, sem svo vísitalan eykur þetta, eða m. ö. o.: þeir fá sínar 500—600 kr. á ári til viðbótar. Maðurinn með um 33 þús. kr. árslaun á að fá 500 kr. í uppbætur á ári, þegar maðurinn með 70 þús. kr. laun fær sín 5 þús. á ári. Og ef við tökum 14. launaflokkinn, t. d. símastúlkurnar, sem þar eru í, og fleiri, mundu þær samkv. þessu fá — eftir fljótlegum útreikningi — rúmar 400 kr. á ári eða sínar 35 kr. á mánuði. Þetta er náttúrlega engin hækkun. — Ég skal ekki fullyrða, að þetta sé alveg nákvæmlega reiknað hjá mér, en það skakkar aldrei mjög miklu, og a. m. k. gefur það nokkurn veginn rétta heildarmynd. Ef hæst launuðu mennirnir fá sín 5 þús. á ári, ef t. d. barnakennararnir og slíkir fá sínar 500—600 kr. á ári, ef símastúlkurnar fá 400 kr. á ári, þá sjá allir menn, að þetta er ranglega skipt, og ég álít, að þetta verði að lagfæra. Svona er ekki hægt að fara að.

Þá kemur spurningin: Hvernig eigum við að fara að lagfæra þetta? Nú sýnist mér, að það væri hægt að fara eftir tvenns konar reglum hvað þetta snertir. Ríkisstj. virðist segja við Alþingi: Ja, ég vil leggja til 6 millj. kr. á næsta ári í bráðabirgðauppbætur á starfslaun opinberra starfsmanna, og ég vil enn fremur bæta við af tekjuafganginum í ár 6 millj. til þeirra á launin, sem þeir hafa haft í ár. Ef maður ætlaði að halda sér við þessa upphæð og ríkisstj. færði þau rök, þegar þetta mál væri rætt hér, að hún treysti sér ekki til að hafa upphæðina meiri, þá álít ég, að spurningin, sem fyrir okkur liggi, sé: Hvernig er hægt að skipta þessari upphæð réttlátar? Og þá álít ég, að við eigum að skipta þessari upphæð þannig, þ. e. 6 millj. fyrir árið 1955 og 6 millj. fyrir árið 1954, að við ákvæðum, að 6 millj. kr. væru teknar og þeim væri skipt niður á starfsmenn ríkisins sem sérstakar uppbætur á þeirra laun eftir sömu reglum og 23. gr. mælir fyrir um, það sé haldið sömu hlutföllunum og þar eru, að hlutföllin frá 10% í 1.—3. flokki, sem hækka upp í 17% í 10.—16. flokki, séu látin ráða líka um úthlutun þessara 6 millj.

Nú verð ég að segja, að ég var í dálitlum vandræðum með, hvernig bezt skyldi orða slíka brtt. í þeim anda, sem ég nú hef verið að lýsa, þannig að það væri hægt að koma að báðum þeim „prinsipum“, sem ég get hugsað mér að hér væri farið eftir. Þess vegna datt mér í hug, að það mætti ef til vill orða þetta þannig að gera brtt. við 1. lið brtt. ríkisstj., þ. e. brtt. hennar við 19. gr., þar sem stendur, við skulum segja: Nýr liður: Til uppbóta á grunnlaun og lífeyri, áætlað 6 millj. kr. Þá datt mér í hug að orða þennan lið þannig, með leyfi hæstv. forseta: Við 19. gr. Nýr liður: Til uppbóta á grunnlaun og lífeyri, 6 millj. kr. Ekki áætlað; því er sleppt. Skal þeirri uppbót úthlutað til starfsmanna ríkisins sem uppbót á laun þeirra til viðbótar uppbótum þeim, sem 23. gr. mælir fyrir um, og í sömu hlutföllum. Fyrir árið 1954 skal svo greiða starfsmönnum ríkisins sömu upphæð og eftir sömu reglum, og greiðist hún í einu lagi. M. ö. o.: Með þessari brtt. við 19. gr. á ég við, að sama regla um mismunandi uppbætur eftir launaflokkum og nú

er í 23. gr. skuli gilda um úthlutunina á þessum 6 millj. kr. Og svo framarlega sem þessi brtt. mín væri samþ. við 19. gr., þá mundi ég líta þannig á, að brtt. ríkisstj., a. m. k. a og b við 23. gr., væru fallnar; það er forsendan hjá mér. Þetta væri mín hugmynd, svo framarlega sem við ættum að miða við það, að upphæðin, sem kæmi til greina að úthluta meðal starfsmanna ríkisins sem bráðabirgðauppbót á laun þeirra, *væri 6 millj. kr. fyrir árið 1955 og 6 millj. kr.* fyrir árið 1954.

En nú er annar möguleiki til. Það er sá möguleiki, sem hæstv. ríkisstj. virðist vera að benda okkur á með sínum till., og til þess möguleika vildi ég þá líka taka tillit. Hæstv. ríkisstj. segir sem sé: Maðurinn, sem hefur 70 þús. kr. laun, verður að fá sínar 5 þús. eða 6 þús. eða hvað sem það nú er þar á milli. Þetta getur verið rétt. Þetta þekkir ríkisstj. Og ef við álítum, að það væri rétt og það væri óhjákvæmilegt, að þeir hæst launuðu fengju þetta, þá álít ég, að það væri a. m. k. óhjákvæmilegt að hækka þá nokkru ríflegar við hina en ríkisstj. leggur til. En þá mundi það náttúrlega lenda fram úr þeirri upphæð, sem ríkisstj. áætlar, sem sé 6 millj. kr., og ég hef nú ekki haft tækifæri til þess að reikna það út. Ef við féllumst á það „prinsip“ ríkisstj., að maðurinn, sem hefur nú 70 þús. kr. laun, verði að fá sín 5—6 þús. í viðbót, þá held ég, að það mætti ekki minna vera en ef við segðum, að þeir, sem væru í 1.—3. fl. launalaga, fengju 20%, eins og ríkisstj. álítur óhjákvæmilegt fyrir þá, þá fengju þeir, sem væru í 4.—9. fl. launalaga, 25% og þeir, sem væru í 10.—16. fl. launalaga, 30%. Ég býst við, að það mundi, t. d. á launum í 10. flokknum, raunverulega þýða, að maður með barnakennaragrunnlaununum mundi fá í staðinn fyrir þær svona 500—600 kr., sem ég býst við að hann fengi með till. ríkisstj., 2300 kr. eða eitthvað þar í kring, þ. e. með 30%. M. ö. o.: Meðan maðurinn, sem hefur 70 þús. kr. í laun, fengi 5000—6000 kr. á ári í uppbót, þá fengi maðurinn með 35—36 þús., skulum við segja, 2300 kr. í uppbót. Og ég held nú satt að segja, að það megi varla minna vera, þegar farið er að hreyfa þarna við á annað borð. Ég vil minna á í því sambandi, að hálaunamennirnir hafa fengið sömu fjölskyluuppbætur og verkamenn urðu að standa í 3 vikna verkfalli til að knýja fram handa verkamönnum. Mér finnst þess vegna, að þegar Alþ. fer nú á annað borð að leggja sitt til um launahækkanir almennt í landinu, þá megi það ekki vera með hliðsjón af því að hækka eingöngu hjá þeim, sem mest hafa, en neita svo að segja þeim, sem minnst hafa, um eiginlega nokkurn skapaðan hlut í viðbót. 400 kr. á ári er ekki stórt fyrir þá, sem hafa fyrir ekki nema milli 20 og 30 þús. kr.

Hins vegar er dálítið erfitt að forma brtt. við þessa till. ríkisstj., ef maður um leið vill hafa hliðsjón af hinu, að ríkisstj. í þessum umr. færði kannske fram einhver rök fyrir því, að það væru ekki nema þessar 6 millj., sem raunverulega mætti nú taka þarna. Þess vegna datt mér í raun og veru í hug að hafa þessa till., sem ég hef hér reynt að forma um að breyta nokkuð „skalanum“, sem eins konar varatill., þannig að fyrst væri ríkisstj. gefinn sá möguleiki, ef meiri hl. Alþ. væri sömu skoðunar og ég í þessum efnum, að úthluta þessum 6 millj. kr. hvort árið um sig réttilega. En svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. kynni að orka því, að fellt yrði að breyta 19. gr. eins og ég legg til, þá kæmi eins konar varatill. til greina, sem hins vegar mundi þýða raunverulega meiri útgjöld úr ríkissjóði. Og hún mundi þá, þessi varatill., sem ég hef hugsað sem svo, vera líka við till. *ríkisstjórnarinnar, 2. lið hennar, að a-liðurinn* orðist svo:

Fyrir orðin „Á árinu 1955 .... í flokki launalaga 17%“ í 1. málsgr. kemur: Á árinu 1955 skal greiða á laun starfsmanna ríkisins grunnlaunauppbót sem hér segir:

Á laun samkvæmt I.—III. flokki launalaga 20%.
Á laun samkvæmt IV.—IX. flokki launalaga 25%.
Á laun samkvæmt X.—XVI. flokki launalaga 30%.

Ég vil vekja athygli á því, að það virðist í þessum tillögum alltaf talað um 15 launaflokka hjá ríkisstj., en í gömlu launalögunum a. m. k. voru þeir 16. En það getur nú verið misskilningur hjá mér, en það er þá hægt að leiðrétta það. M. ö. o.: Höfuðatriðið er þarna, hvort við eigum að halda þeirri reglu áfram að veita mönnum nokkuð mismunandi uppbót eftir því, hve mikil og há laun þeir hafa.

Ég verð að segja, að ég álít þá reglu, sem ríkisstj. leggur til að nú sé viðhöfð, vera mjög rangláta og að Alþ. eigi ekki að samþykkja hana. Hitt skal ég gjarnan viðurkenna, að það mætti finna út betri tillögur en þessar, sem ég hef í skyndi sett saman um þetta, og væri ég reiðubúinn til þess að hafa samstarf við aðra þm., sem hefðu áhuga í þessum efnum, um að gera breytingar þarna á. Enn sem komið er, á meðan þessar umræður standa, vildi ég nú leyfa mér að leggja þó þessa till. fram sem skriflega brtt. á þessu stigi. Ég vil eindregið vonast eftir, að eins og það var ákveðið síðast, þegar hreyft var við launal., að sýna réttlæti þeim, sem verst hafa orðið úti og baggar dýrtíðarinnar, sem hæstv. ríkisstj. sjálf hefur að miklu leyti bundið, hvíla þyngst á, þá verði þeim nú einnig sýnt nokkurt réttlæti, en ekki einvörðungu hugsað um að bæta lífskjör þeirra, sem hæst hafa launin.

Svo vil ég undirstrika hitt um leið, að það er viðkunnanlegt af Alþ. að sýna nokkurt réttlæti gagnvart láglaunamönnum ríkisins og ætlast ekki alltaf til þess, að fátækustu mennirnir í þjóðfélaginu, að ófaglærðu verkamennirnir verði að heyja alla þá baráttu, sem þarf til þess að knýja fram hækkuð laun fyrir láglaunamenn ríkisins. Mér þykir það leiðinleg verkaskipting, ef Alþ. ætlar að fara að líta svo á sem það sé eingöngu þess verk að hækka hálaunamennina, en eftir skilið Alþýðusambandinu og verkalýðssamtökunum einum að sjá um alla þá launahækkun, sem þarf að fara fram hjá öllum þeim, sem verst eru launaðir hjá því opinbera, auk þess að berjast fyrir því, eins og verkalýðssamtökin alltaf verða að gera, að hækka laun verkamannanna sjálfra.

Ég vil þess vegna eindregið vonast til þess, að það geti orðið samkomulag um einhverjar þær till. hér, sem sýni meira réttlæti í garð þeirra,

sem eiga um sárast að binda, heldur en hæstv. ríkisstj. hefur sýnt í sínum tillögum.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Ég er hér flm. ásamt öðrum fjórum hv. þm. að brtt. á þskj. 309, og er það brtt. við brtt. hv. fjvn. á þskj. 269, 34. brtt., sem þar er flutt í sambandi við till. um styrkveitingu vegna listsýningar í Róm.

Hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir því, að fjvn. hefur sjálf gert nokkra breytingu á sinni upphaflegu till., sem er þess eðlis, að tillagan um styrk til þessarar sýningar, 100 þús. kr., sé ekki bundin við eitt myndlistarfélag, heldur íslenzka myndlistarmenn í sambandi við þátttöku þeirra í samnorrænni listsýningu í Róm. Þessi brtt. hv. n. fer að sjálfsögðu í rétta átt, því að í þessu sambandi skiptir það ekki máli, þó að myndlistarmenn hafi greinzt í nokkur félög og samkomulag þeirra ekki verið nægjanlega gott til þess að halda þeim öllum innan sömu félagsbanda. Síðan segir í till. hv. fjvn., að undirbúning og tilhögun á þátttökunni skuli ákveða með samþykki menntmrn.

Nú gengur okkar till. út á það, að hér komi nokkur viðbót, þannig að Alþ. ákvarði sjálft, hvernig aðalatriði þessa máls, þ. e. a. s. skipun n. til myndavals, skuli hagað, en um það vill oft standa styr í slíkum samböndum. Er það að mörgu leyti æskilegra, að það liggi fyrir þegar við ákvörðun um styrkveitinguna, hvernig væntanleg nefnd í þessu sambandi skuli skipuð, og er sú till., sem við flytjum um það, flutt með vitund og samþykki hæstv. menntmrh., sem samkvæmt till. fjvn. á að hafa síðasta samþykki í þessum málum. Það vill svo til, að myndlistarfélögin eru 3, sem nú starfa hér, þ. e. Félag íslenzkra myndlistarmanna, Nýja myndlistarfélagið og Félag óháðra listamanna, og leggjum við til, að nefnd til myndavals og til að annast aðrar framkvæmdir sé skipuð tveimur fulltrúum frá fyrrnefndu félögunum og einum fulltrúa frá því síðastnefnda. Hygg ég, að með þessu sé nokkuð sæmilega tekið tillit til mismunandi sjónarmiða hinna einstöku félaga, og ættu þess vegna ekki að þurfa að verða miklar deilur um þessar till. um skipun nefndarinnar. Það er að vísu svo, að félögin eru nokkuð mismunandi að félagatölu, en hún skiptir ekki máli í þessu sambandi. Vil ég alveg sérstaklega vekja athygli á því, að þessari sýningu er ætlað að sýna þróun myndlistar frá aldamótum og í Nýja myndlistarfélaginu eru einmitt tveir af öndvegislistmálurum okkar, þeir Jón Stefánsson og Ásgrímur Jónsson, sem eru svo veigamiklir aðilar í þessu sambandi, að engin sýning mundi sýna þróun íslenzkrar myndlistar frá aldamótum, ef þeir væru ekki þátttakendur í slíkri sýningu.

Ég hygg svo, að um þetta þurfi ekki, a. m. k. ef ekki verður um það neinn frekari ágreiningur, fleiri orð og læt þetta nægja sem grg. fyrir þessari till. okkar.

Í leiðinni vildi ég mega mæla fyrir annarri brtt., á þskj. 310, sem er brtt. við till. XVIII á þskj. 297 í sambandi við bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar. Tveir hv. þm. hafa flutt till. um það, að ríkisstj. sé heimilað að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns verði eign þjóðgarðsins á Þingvöllum, enda fallist ríkisstj. á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins. Ég tel mjög mikilsvert um þetta hið gagnmerka safn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns, að höfð sé forsjálni í því, að það gæti á sínum tíma orðið opinber eign. Hér hafa hins vegar komið fram nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort það ætti að verða eign þjóðgarðsins á Þingvöllum, ef til vill verða geymt í Skálholti eða einhvers staðar annars staðar. Tel ég ekki, að það skipti öllu máli að ákvarða það á þessu stigi málsins, og felst ekki í minni till. nein ákvörðun eða yfirlýsing um það, að ég sé út af fyrir sig mótfallinn því, að það yrði eign þjóðgarðsins á Þingvöllum. En ég tel það ekki tímabært og væri æskilegra að láta ákvörðun um það mál bíða síns tíma og því eðlilegra á þessu stigi málsins að láta nægja að orða till. eins og ég hef gert till. um á þskj. 310, að ríkisstj. sé heimilt að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns verði eign ríkisins. Um það er svo á þessu stigi ekki frekar sagt, hvar því skyldi fyrir komið, og tel ég, að það sé eðlilegt, að það bíði síns tíma og þess tíma, að um þetta bókasafn hefði samizt á milli stjórnarvalda og eiganda þess.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Þegar fjárlfrv. var til 2. umr., hafði ég ekki tækifæri til að ræða um og skýra þær till., sem ég hafði flutt og voru á þskj. 250. Þegar til atkvgr. kom tók ég til baka fjórar af þeim till. til 3. umr. Ég hef nú leyft mér að flytja 3 af þessum till. á ný ásamt varatill. við 1. till., og eru þær á þskj. 297,VI og XII.1—2. Allar eru þessar brtt. miðar við 15. gr. fjárlfrv. Ég mun nú í stuttu máli skýra þessar till. og í hvaða tilgangi þær eru fluttar.

Fyrsta till. er við 15. gr., bókasafn Siglufjarðar. Aðaltill.: Í staðinn fyrir 6250 kr., eins og styrkurinn til bókasafnsins er nú, komi 13 þús. kr. Sem varatill. hef ég flutt 10 þús. kr. Það ætti að vera óþarfi að vera langorður um þetta mál. Bókasafn Siglufjarðar er allmikið að vöxtum, eða yfir 11 þús. bindi. Í því er mikið af góðum og nýtum bókum og sumar þeirra eru allfágætar. Auk þess á safnið mjög merkilegt blaðasafn, sem mun vera eitt af því betra, sem hin smærri söfn hafa.

Siglufjarðarkaupstaður keypti á sínum tíma bókasafn Guðmundar Davíðssonar bónda að Hraunum í Fljótum. Þetta safn var hið merkilegasta, enda Guðmundur viðurkenndur fræðimaður og mikill bókasafnari, eins og hann átti kyn til. Bókasafni Siglufjarðar var það til hins mesta happs að geta eignazt þetta merkilega bókasafn. Má segja, að með því að fá það til Siglufjarðar hafi opnazt miklir möguleikar til fræðiiðkana þar á staðnum fram yfir það, sem áður var. Auk þessa hefur svo bókasafnið keypt ýmis minni söfn, sem áður voru í eigu einstakra manna. Þrátt fyrir mikla og sívaxandi fjárhagsörðugleika Siglufjarðarkaupstaðar hefur verið veitt til bókasafnsins á undanförnum árum um 50 þús. kr. ár hvert, sem varið hefur verið til bókakaupa, bókbands, til greiðslu húsaleigu og

til að launa bókavörð, sem er á hálfum launum. Nú er svo komið fjárhag kaupstaðarins, að litlar líkur eru til þess, að hægt verði að reka safnið áfram á sama grundvelli og að undanförnu, nema til komi frekari aðstoð frá ríkinu eða öðrum aðilum.

Það ætti að vera óþarfi fyrir mig að lýsa því fyrir hv. alþm., hvers virði gott bókasafn er fyrir stað eins og Siglufjörð, sem býr við meiri einangrun stóran hluta árs en flestir aðrir kaupstaðir landsins. Ég veit, að hv. þm. skilja þetta, þó alveg sérstaklega þeir, sem búa við lík skilyrði hvað einangrun snertir og Siglufjörður. Gott bókasafn og lestur góðra bóka er andlegur aflgjafi, sem lyftir bókhneigðu fólki yfir þrautir og þjáningar hins daglega lífs, eykur traust þess og kjark til að mæta nýjum örðugleikum. Saga okkar sýnir, að eitt af mörgu, sem bjargaði máli okkar frá tortímingu á erfiðasta tímabili þjóðar vorrar, var lestur bóka, sögusagnir, rímnakveðskapur o. fl. þess háttar. Á dimmum vetrarkvöldum var þjóðinni það ómetanlegur aflgjafi, sem seint mun verða metinn að verðleikum.

Styrkur sá, sem hér er farið fram á, er sá sami sem veittur hefur verið til bókasafns Akureyrar, Ísafjarðar og Hafnarfjarðar mörg undanfarin ár. Okkur Siglfirðingum finnst, að við ættum að hafa sama rétt og sambærilegir staðir hvað þetta snertir. Sjálfsagt líta einhverjir hv. alþm. öðrum augum á þetta mál en við Siglfirðingar. Því miður hefur meiri hl. hv. fjvn. ekki séð sér fært að taka þessa till. til greina. Ég harma slíkan smásálarhátt og tel slíkt ekki vera meiri hl. n. til neins sóma.

Það, sem ég hef hér sagt um aukinn styrk til bókasafns Siglufjarðar, má líta á sem skoðun mína um önnur þau bókasöfn víðs vegar um land, sem ekki hafa orðið þeirrar hylli aðnjótandi að njóta viðunandi aðstoðar af hendi Alþingis þrátt fyrir ítrekaðar óskir og kröfur viðkomandi staða. Það hlýtur að verða krafa hinna mörgu bæja og sveitarfélaga, sem ekki hafa fundið náð fyrir augum Alþingis í þessum málum, að breytt verði um stefnu og að aukin verði stórlega frá því, sem nú er, aðstoð hins opinbera til menningarmála þeirra kaupstaða og héraða, sem verst eru á vegi stödd í þessum málum.

Læt ég svo útrætt um þennan lið.

Þá hef ég enn fremur leyft mér að flytja hér við sömu grein, XXVI. tölul., leikstarfsemi á Siglufirði, að í staðinn fyrir 4 þús. kr. komi 6 þús. kr. — Enn fremur við sömu gr., 15 gr. A, XXVIII, tónlistarstarfsemi Siglufjarðar, að í staðinn fyrir 10 þús. kr. komi 20 þús. kr. Við þennan síðasta lið hefur hv. þm. Siglf. flutt brtt., að í staðinn fyrir 10 þús. kr. komi 15 þús. kr. Ég mun að sjálfsögðu greiða þeirri till. atkv., verði mín till. felld, sem ég vona að verði ekki.

Ég vil svo lítils háttar ræða um fyrri liðinn, þ. e. a. s. um leikstarfsemina á Siglufirði.

Á Siglufirði eru starfandi tvö leikfélög. Annað rekur stúkan Framsókn og hefur gert um mörg ár, öllum bæjarbúum til hinnar mestu ánægju og uppbyggingar. Stúkan Framsókn hefur innan sinna vébanda marga ágæta leikkrafta, sem unnið hafa öll slík störf án nokkurs endurgjalds. Hafi einhver ágóði orðið, hefur hann runnið til sjómannastofu, sem stúkan hefur rekið með styrk frá ríki og bæ. Hefur sú stofnun notið almennrar vinsældar hjá öllum þeim mörgu sjómönnum svo og öðrum þeim, sem til þekkja, enda valinkunnir sæmdarmenn, sem því fyrirtæki hafa stjórnað. Þá er og starfandi Leikfélag Siglufjarðar, sem þrátt fyrir margvíslega örðugleika, aðallega fjárhagslega, hefur getið sér ágætan orðstír. Mér hefur verið tjáð af fróðum mönnum á þessu sviði, sem hafa kynnt sér leikstarfsemi í Siglufirði, að fáir staðir á landinu muni hafa meira úrval af fólki til slíkrar starfsemi en Siglfirðingar, miðað við mannfjölda. Ég skal taka það fram, að sjálfur er ég ekki dómbær á slíka hluti. Hitt veit ég, að það fólk, sem leggur á sig að æfa þrjá eða fleiri stærri eða smærri sjónleiki um veturinn án nokkurs endurgjalds, vinnur þarft verk og stuðlar að heilbrigðu skemmtanalífi, sem sízt er vanþörf á.

Styrkur sá, sem Alþingi veitti til leikstarfsemi í Siglufirði s. l. ár, var 4 þús. kr. Bæjarstjórn var falið að skipta styrknum á milli þessara tveggja aðila, svo sem bæjarstjórnin gerði. Á núverandi fjárlögum er lagt til, að veitt verði sama upphæð. Till. mín fer fram á, að þessi styrkur verði hækkaður upp í 6 þús. kr. gegn sömu skilyrðum og áður voru sett.

Ég get svo látið útrætt um þennan lið, en vænti þess, að hv. alþm. samþykki þessa till. þrátt fyrir andstöðu meiri hl. fjvn., sem hefur ekki séð sér fært að mæla með þessari lítilfjörlegu hækkun, þrátt fyrir það að n. hefur samþ. að hækka styrkinn til Leikfélags Akureyrar um 10 þús. kr., eða upp í 25 þús. kr., sem ég út af fyrir sig get vel samþykkt og tel að Leikfélag Akureyrar sé vel að komið.

Þá vil ég að nokkru koma inn á liðinn um hækkun styrks til tónlistarskóla Siglufjarðar.

Um nokkur undanfarin ár hefur karlakórinn Vísir, sem er allþekktur kór og hefur sungið víðs vegar um land við ágætis orðstír, rekið tónlistarskóla með styrk frá ríki og bæ. Þessi skóli hefur átt því láni að fagna að hafa hina ágætustu kennara. Núverandi skólastjóri tónlistarskólans er ungur maður, Haukur Guðlaugsson, sem að allra dómi, sem til þekkja og eru þar um dómbærir, er talinn mjög efnilegur tónlistarmaður. Í skólanum í vetur eru um 35 nemendur. Í skólanum eru kennd tónlistarfræði, pianóleikur, organleikur o. fl. Jafnhliða því sem hann er skólastjóri tónlistarskólans er hann stjórnandi karlakórsins Vísis. Nú liggur í hlutarins eðli, að það mun vera allmiklum örðugleikum bundið að reka slíkan skóla vegna fjárhagsörðugleika í bæ eins og Siglufirði, þar sem allt er á niðurleið, enda hefur skólastjórinn orðið að vinna vor, sumar og haust hvaða vinnu sem til hefur fallið. Þetta er aðeins eitt dæmi þess, hvernig við Íslendingar búum að okkar ágætu listamönnum. Ég vil meina, að því fé sé vel varið, sem fer til þess að auka söng- og músíkmennt þjóðarinnar.

Það hefur verið og er enn stolt okkar Siglfirðinga að hafa átt og eiga menn á sviði tónlistar og söngs, sem staðið hafa framarlega á því sviði. Ég leyfi mér að benda aðeins á nöfn tveggja manna. Annar þessara manna var séra

Bjarni Þorsteinsson, sem vann slíkt starf á sviði tónlistar og við söfnun íslenzkra þjóðlaga, að nafn hans mun verða uppi meðan íslenzk tunga er töluð og raulað verður íslenzkt lag. Það er hollt fyrir okkur Íslendinga að minnast slíkra manna nú á tímum, þegar margt af því, sem við teljum okkar helgustu og dýrmætustu þjóðlegu verðmæti, er að víkja fyrir óskiljanlegri skrallmúsik, ef svo mætti að orði komast, sem eitrar okkar þjóðlíf meira en margan grunar. Það er nauðsynlegt að safna veraldlegum auðæfum, en við skulum minnast þess, að auðæfi án þjóðlegra verðmæta á sem flestum sviðum eru hættuleg og stefna beint að skrílmenningu.

Hinn maðurinn, sem ég vil aðeins nefna, er söngvarinn Þorsteinn Hannesson. Hann er fæddur Siglfirðingur. Þrátt fyrir hans mikla frama erlendis á sviði söngs er hann og verður Siglfirðingur. Þessi maður hefur aukið á frægð lands okkar víðs vegar um Evrópu og öllum Íslendingum til hinnar mestu ánægju.

Ég hef leyft mér að benda hv. alþm. á þessa tvo ágætu menn sem dæmi þess, að Siglfirðingar hafa lagt þjóðinni til hina ágætustu menn á sviði söngs og laga, ef það mætti verða til þess að auka skilning þeirra á því, sem hefur gerzt og er að gerast meðal þess hluta þjóðarinnar, sem býr einangraður og á margan hátt við erfiðar aðstæður til náms. Vænti ég þess, að hvað sem hv. alþm. kunna að gera við þessar till. mínar nú, verði þessi orð mín til þess, að þeir síðar meir muni frekar eftir því fólki, kröfum þess og óskum, sem byggir útskaga þessa lands.

Þessar þrjár aðalhækkunartillögur mínar nema um 20 þús. kr., og verður þar að teljast hóflega í farið og mundi ekki raska að neinu ráði fjárl., þó að þær yrðu samþykktar. Það hlýtur eitthvað annað að búa á bak við, ef hv. alþm. sjá sér ekki fært að verða við ósk minni og ég held allra Siglfirðinga um að fá þessar till. samþykktar.

Ég vil svo ræða hér um tillögu þá, sem ég flyt ásamt hv. 3. landsk. á þskj. 305, XXIV við 22. gr. um heimild fyrir ríkisstj. að veita Siglufjarðarkaupstað 4 millj. kr. framlag til uppbyggingar atvinnulífsins í kaupstaðnum, enda hafi bæjarstjórn samráð við ríkisstj. um, hvernig og til hvers fénu skuli varið. Ég sé mig alveg sérstaklega knúinn til að fara örlítið aftur í tímann, og þó að tími þm. sé dýrmætur, verð ég að eyða dálitlum tíma í að skýra þetta mál.

Þegar kom fram í ágúst í sumar, þótti það sýnt, að síldveiðarnar mundu enn einu sinni ætla að bregðast. Í byrjun veiðitímans voru sumir menn allbjartsýnir á það, að nú mundi breytt um til batnaðar, nú yrði mikil síldveiði og hagur þess fólks, sem allt átti undir síld og síldveiði, mundi stórbatna frá því, sem áður hafði verið undanfarin 9 ár. Það stóð ekki á útgerðarmönnum og síldarsaltendum að undirbúa allt sem bezt undir komandi síldarvertíð. Síldarverksmiðjurnar voru standsettar, eftir því sem með þurfti. Atvinnurekendur réðu til sín fjölda af verkafólki, bæði á síldarstöðvarnar og í verksmiðjurnar. Verð á síldarafurðum var talið ágætt, miklir fyrirframsamningar voru gerðir um sölu saltsíldar við ýmsar gamlar og nýjar viðskiptaþjóðir. Sama gilti um söluverð og sölusamninga á afurðum síldarverksmiðjanna. Strax og skipin fóru á veiðar, en það mun hafa verið snemma í júlí, varð vart við allmikla síld, og fengu sum skipin þá strax allgóða veiði. Margir síldarsaltendur fóru þá fram á við síldarútvegsnefnd, að hún leyfði þeim að salta þessa síld, þó að fitumagn hennar væri ekki það, sem tiltekið hafði verið samkvæmt gerðum sölusamningum. Fjölmargir síldarsaltendur óttuðust það, sem síðar kom á daginn, að hér væri aðeins um óverulegt síldarmagn að ræða, og byggðu þessa skoðun sína á margra ára reynslu og upplýsingum, sem þeim höfðu borizt frá reyndum og kunnum sjómönnum, sem stundað höfðu þorskveiðar um vorið fyrir Norður- og Vesturlandi. Síldarútvegsnefnd taldi sig ekki geta orðið við þessari ósk síldarsaltenda og neitaði þeim um leyfi til að salta síldina svo og um alla fyrirgreiðslu, svo sem um tunnur og salt, þar til síldin hefði náð tilskildu fitumagni. Bankarnir studdu sjónarmið síldarútvegsnefndar í málinu mjög ákveðið og munu, eftir því sem ég veit bezt, hafa neitað síldarsaltendum um nauðsynleg lán út á þá síld, sem söltuð yrði án leyfis síldarútvegsnefndar. Ég mun ekki gera mig að neinum dómara í þessari ákvörðun og deilu síldarútvegsnefndar annars vegar og síldarsaltendanna hins vegar eða framkomu bankanna í þessu máli. Að sjálfsögðu er hægt að koma með rök bæði með og móti. Hitt er staðreynd, að síldarsaltendur urðu fyrir óbætanlegu tjóni vegna neitunar síldarútvegsnefndar um að leyfa söltun strax og síldin fór að veiðast. Verkafólkið í landi, Siglufjarðarkaupstaður og aðrir þeir staðir á Norðurlandi, sem voru undir það búnir að taka á móti síldinni til söltunar, svo og sjómenn á veiðiflotanum, sem nú urðu að leggja síldina upp til bræðslu í verksmiðjunum fyrir miklu lægra verð, biðu stórkostlegt tjón vegna aðgerða nefndarinnar í þessu máli. Ég vil alveg sérstaklega að gefnu tilefni láta þetta koma hér fram. Tveir eða þrír síldarsaltendur á Siglufirði söltuðu nokkur hundruð tunnur þrátt fyrir mótmæli og hótanir síldarútvegsnefndar. Munu þeir hafa farið fram á að fá að selja þessa síld sjálfir utanlands án íhlutunar síldarútvegsnefndar, en þessu neitaði nefndin mjög eindregið. Síðar, þegar séð var, að síldarútvegsnefnd gat ekki nema að litlu leyti staðið við gerða sölusamninga vegna veiðileysis, óskaði nefndin eftir því að fá keypta síldina, sem söltuð hafði verið án leyfis hennar. Hún mun hafa fengið meiri partinn af síldinni, enda reyndist síldin ágæt vara, eftir því sem mér hefur verið tjáð.

Þegar komið var fram í ágúst, var flestum ljóst, sem kunnugir voru þessum málum, að síldveiðarnar mundu enn á ný ætla gersamlega að bregðast. Voru þá uppi háværar raddir meðal sjómanna á veiðiflotanum, að tilgangslítið mundi vera að halda síldveiðunum áfram. Útgerðarmenn, síldarsaltendur og verksmiðjueigendur töldu rétt að halda áfram þann mánuð út eða þar til útséð yrði um það, hvort síldin

fiskaðist eða ekki. Útkoman á þessari vertíð varð, eins og öllum er kunnugt, ein hin versta, sem orðið hefur í áratugi. Seint í ágúst og byrjun september var raunverulega öll vinna búin á Siglufirði. Líka sögu var að segja frá flestum síldarplássunum á Norðurlandi.

Síldarsaltendur í Siglufirði höfðu tryggt hverri fastráðinni stúlku 1900 kr. yfir veiðitímabilið; höfðu reyndar gert það um mörg undanfarin ár. Enn fremur höfðu atvinnurekendur tryggt fastráðnum verkamönnum sínum tveggja mánaða vinnu eða sem svarar 6 þús. kr. yfir tvo mánuði. Þessa tryggingu munu síldarsaltendur og verksmiðjurnar hafa greitt þrátt fyrir mjög erfiðan fjárhag hjá mörgum saltanda.

Verkafólkið í Siglufirði sá í hendi sér, að öll von um bærilega fjárhagslega afkomu var runnin út í sandinn.

Siglufjarðarkaupstaður var á barmi gjaldþrots og gat án aðstoðar annars staðar frá litla sem enga atvinnu skaffað fyrir allan hinn stóra hóp, sem nú stóð uppi atvinnulaus og allslaus undan sumrinu. Að undanskildum togurunum voru ekki til í bænum nein fiskiskip, sem hægt væri að gera út á þorskveiðar, að undanskildum nokkrum opnum vélbátum og þrem dekkbátum frá 10—35 tonn, enda var fiskitregða þá hjá þeim, sem stunduðu þorskveiðarnar. Fyrir mikinn hluta verkafólksins í Siglufirði var því ekki um annað að gera en leita hingað suður í von um einhverja atvinnu. Tugir og jafnvel hundruð af verkafólki fóru því hingað suður í atvinnuleit. Flest af þessu fólki mun hafa komizt í sæmilega atvinnu, en að þurfa að sækja atvinnu sína til fjarlægra staða yfir mikinn hluta árs er hreint neyðarbrauð, sérstaklega fyrir fjölskyldufeður, enda er það staðreynd, að það fólk, sem býr við slíkt atvinnuástand til lengdar, getur ekki við það unað. Útkoman verður því sú, að mikill meiri hluti af því fólki, sem þannig er búið að, flytur sig búferlum, enda hafa fólksflutningar frá Siglufirði vaxið hröðum skrefum undanfarin ár.

Ekki vil ég draga í efa, að meiri hluti sá, sem nú stjórnar málefnum Siglufjarðarkaupstaðar, en það eru Sjálfstfl.-menn og framsóknarmenn, hafi haft vilja til þess að reyna að bæta úr því neyðarástandi, sem nú hafði skapazt vegna algers veiðibrests. Hins vegar fannst mörgum atvinnuleysingjanum í Siglufirði, að meiri hlutinn væri helzt til svifaseinn í málinu. Má vera, að til þess hafi legið orsakir, sem hér verða ekki raktar.

30. sept. s. l. var haldinn fundur í bæjarstjórn Siglufjarðar. Á þeim fundi var samþ. eftirfarandi till., sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa hér upp:

„Með tilvísun til fyrri samþykktar bæjarstjórnar Siglufjarðar og bréfs bæjarstjórnarinnar til ríkisstjórnarinnar 17. des. s. l. og loks þeirrar bitru staðreyndar, að síldveiðin fyrir Norðurlandi brást tiunda sumarið í röð, samþykkir bæjarstjórn Siglufjarðar að óska eftir því við alþm. Einar Ingimundarson og Gunnar Jóhannsson að fá samþykki Alþ. fyrir 4 millj. kr. fjárframlagi af atvinnubótafé ríkisins á næsta ári til áframhaldandi uppbyggingar atvinnulífsins í Siglufirði.

Till. var samþ. með 9 atkv., atkvæðum allra bæjarfulltrúa.

Jón Kjartansson, bæjarstjóri.“

Bréf þetta barst hv. þm. Siglf. (EI) og mér nokkru síðar. Af ýmsum ástæðum töldum við ekki rétt að bera fram á Alþ. sérstakt frv. um þetta mál, en töldum hins vegar rétt að bera fram við afgreiðslu fjárl. tillögu um umbeðna aðstoð til Siglufjarðarkaupstaðar.

Nokkru síðar var Jóni Kjartanssyni bæjarstjóra ásamt fulltrúa frá Sjálfstfl. falið að ræða við hæstv. ríkisstj. um aðkallandi vandræði Siglufjarðarkaupstaðar. Þessir fulltrúar meiri hl. bæjarstjórnarinnar áttu nokkur viðtöl við ýmsa hæstv. ráðh. og þá að sjálfsögðu um þá till., sem ég las hér upp áðan. Ég vil ekkert fullyrða um árangur af þessum viðræðum. Það má vel vera, að árangurinn eigi eftir að koma í ljós, en enn þá er hann ekki sýnilegur. A. m. k. hefur atvinnuleysið meðal siglfirzkrar alþýðu aldrei verið með slíkum hörmungum sem nú, og hefur þó oft verið þar slæmt áður á því sviði.

Þessi till. um 4 millj. kr. aðstoð til uppbyggingar atvinnulífsins í Siglufirði hefur nú, eftir því sem mér er tjáð, verið afgr. í hv. fjvn. Meiri hl. n., þ. e. fulltrúar Sjálfsfl. og Framsfl., hefur ekki séð sér fært að mæla með samþykkt hennar.

Um afstöðu meiri hl. fjvn. er bezt að vera sem fáorðastur. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa yfir fyllstu undrun og óánægju yfir afgreiðslu þessa máls hjá meiri hl. fjvn. Ég get ekki skilið, hvað vakir fyrir þessum hv. alþm. Ekki getur verið borið við ókunnugleika, ekki heldur, eftir því sem manni skilst, fjárhagsörðugleikum hjá ríkissjóði og ekki heldur, að ekki sé þörf fyrir fé til Siglufjarðar.

Í meiri hl. fjvn. eru m. a. hv. þm. Ak. (JR) og hv. 2. þm. Eyf. (MJ). Þessum alþm. ætti þó að vera kunnugt um, hvernig ástandið er nú á Siglufirði og hvernig það hefur verið að undanförnu, en það getur vel verið, að í meiri hl. fjvn. séu menn, sem haldnir séu einhverjum fordómum gagnvart Siglufirði og Siglfirðingum, og að þessir ágætu þm. séu á þeirri skoðun, að bezt væri, að þessi bær legðist algerlega í rúst, enda bendir margt til þess, að slíkt verði. Ef einhverjir hv. alþm. hafa slíkar skoðanir, væri það mikill greiði fyrir okkur Siglfirðinga, að þær kæmu opinberlega fram. Hitt veit ég, að hér á hv. Alþ. á Siglufjörður marga ágæta stuðningsmenn í öllum flokkum, sem í fjölmörgum málum viðvíkjandi Siglufjarðarkaupstað hafa unnið að framgangi þeirra og hafa veitt Siglufjarðarbæ hinn bezta stuðning utan þings sem á þingi.

Ég get nú látið máli mínu að mestu lokið. Ég vil þó benda enn á, að verði Siglufjarðarbæ ekki veitt stórkostleg fjárhagsleg aðstoð nú þegar, er ekkert fram undan annað en óstöðvandi flótti fólks úr bænum, og yfir bæjarfélaginu vofir fjárhagslegt hrun.

Bæjarstjóri Siglufjarðar sagði við mig og fleiri Siglfirðinga í vetur, að ef ekki fengist skjót fjárhagsleg aðstoð, sæi hann ekki, að hægt yrði að leggja á útsvör næsta ár. Svo alvarlegum augum leit bæjarstjóri þá á ástandið, og ekki hefur það batnað síðan. Þá voru þó tveir togarar í gangi frá Siglufirði, mannaðir siglfirzkum sjómönnum. Síðan þetta samtal átti sér stað, hefur það gerzt, að annar togari Siglfirðinga, togarinn Hafliði, hefur strandað. Við það misstu um 20—30 siglfirzkir sjómenn atvinnu sína í bili, auk þess allt það verkafólk, sem í landi vann að nýtingu aflans. Það vitanlega tapaði sinni atvinnu. Vonandi kemst þessi togari aftur í gang í vetur.

Þá vil ég enn fremur benda á, að undanfarna vetur hafa 50—60 manns haft atvinnu við smíði á síldartunnum frá því í janúar og fram á vor í tunnuverksmiðju ríkisins. Eftir því sem ég veit bezt, verða nú ekki í vetur smíðaðar nema í allra hæsta lagi 30 þús. tunnur í tunnuverksmiðju ríkisins, en það er meira en helmingi minni smíði en undanfarin ár. Ekki bætir það úr ástandinu.

Ég bendi hér á þessi dæmi sem enn einn rökstuðning fyrir nauðsyn þess, að hv. Alþ. samþ. till. þá, sem fyrir liggur og ég hef hér rætt um, eða þá geri aðrar þær ráðstafanir, sem að gagni mega koma. Sjálft á ríkið stórkostlegra hagsmuna að gæta á Siglufirði, m. a. vegna hinna miklu mannvirkja, sem það á þar á staðnum og munu skipta tugum, ef ekki hundruðum milljóna króna að verðmæti, miðað við núverandi verðlag.

Í þessu sambandi vil ég enn fremur benda á, að vegna beinna aðgerða ríkisvaldsins varð Siglufjarðarkaupstaður að allstórum bæ á skömmum tíma, miðað við aðra íslenzka bæi. Vegna byggingar hinna stóru síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði fjölgaði íbúum bæjarins örar en í flestum öðrum bæjum landsins, að Reykjavík einni undanskilinni. Alþ. og hæstv. ríkisstj. geta þess vegna á engan hátt skotið sér undan þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir í sambandi við málefni Siglufjarðarkaupstaðar.

Till. mín og hv. 3. landsk. (HV), sem borin er hér fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar, á fyllsta rétt á sér, og vilji hv. Alþ. líta á málið hlutlaust, kynna sér allar aðstæður og það án allra fordóma, ber því að samþykkja umrædda tillögu.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Ég flyt á þskj. 297 brtt. við fjárlagafrv., tölulið XIII, sem hljóðar um, að fjárveitingin á 15. gr. frv. til tónlistarskólans á Siglufirði verði hækkuð úr 10 þús. kr., eins og hún hefur verið að undanförnu, í 15 þús. kr. Út af þessari till. vil ég taka fram, að ég skrifaði hv. fjvn. bréf á sínum tíma, þar sem ég þóttist leiða rök að því, að tónlistarskólinn á Siglufirði væri þess fyllilega maklegur, að fjárveiting til hans yrði hækkuð úr 10 þús. kr., eins og hún hefur verið að undanförnu, í 15 þús. kr., en það lítur út fyrir, að hv. n. hafi ekki tekið rök mín gild að þessu leyti, því að hún hefur ekki breytt till. sínum til samræmis við það, sem ég óskaði eftir.

Um tónlistarskólann á Siglufirði er það annars að segja, að hann er starfræktur af karlakórnum Vísi, sem um langt skeið hefur lagt drjúgan skerf til söng- og tónlistarmenningar í landinu, enda fyrir löngu orðinn þjóðkunnur fyrir ágæta frammistöðu utan lands og innan. Hefur kórinn ráðið ágætan ungan tónlistarfræðing, vel menntaðan og í alla staði hæfan, til þess að kenna í skólanum og veita honum forstöðu. Eru laun þessa kennara nú 35 þús. kr. á ári, og að sjálfsögðu er margvíslegur annar kostnaður af skólahaldinu. Sýnir rekstrarreikningur um skólahaldið, að á skólaárinu 1953—54 hefur orðið 10 þús. kr. halli á rekstrinum. Er það vitanlega kórnum gersamlega um megn að halda áfram starfsemi sinni, ef slíkur hallarekstur yrði áfram, og væri mjög illa farið, ef reksturinn legðist niður af þessum sökum, aðeins vegna þess, að Alþ. fengist ekki til að leggja fram til hans nokkur þúsund króna hærra framlag en verið hefur. Ég vil geta þess, að bæjarsjóður Siglufjarðar hefur af vanefnum sínum lofað að hækka sitt framlag til skólans um jafnháa upphæð og væntanlegt ríkisframlag yrði hækkað um, ef til kæmi.

Aðeins til að sýna fram á, að það er engin málamyndastarfsemi, sem tónlistarskólinn á Siglufirði heldur uppi, vil ég geta þess, að í ár stunda 36 nemendur nám í skólanum, og er það allt ungt fólk, sem á þess engan kost að afla sér slíkrar menntunar utan kaupstaðarins.

Þá vil ég loks geta þess, að á þessu ári keypti karlakórinn vandað hljóðfæri, sem kostaði 30 þús. kr., og er það til afnota fyrir nemendur skólans og karlakórinn Vísi.

Að öllu athuguðu trúi ég því ekki að óreyndu, að hv. alþm. finnist það nein ofrausn, þótt Alþ. hækkaði styrk sinn til þeirrar menningarstarfsemi, sem þessi skóli heldur uppi, um 5 þús. kr., þegar sýnt er, að skólinn getur ekki haldið áfram þessari starfsemi sinni nema með hækkuðum styrk ríkis og bæjar.

Viðkomandi brtt. hv. 4. landsk. (GJóh) á þskj. 305 við 22. gr. fjárlfrv., þar sem farið er fram á, að ríkisstj. heimilist að leggja fram allt að 4 millj. kr. til uppbyggingar atvinnulífsins í kaupstaðnum, vil ég taka fram, að það er rétt hermt, sem hv. 4. landsk. þm. tók fram í ræðu sinni áðan, að bæjarstjórn Siglufjarðar gerði á sínum tíma samþykkt lútandi að því, að ég og hv. 4. landsk. flyttum till. þessa efnis, sem till. hv. 4. landsk. hljóðar um. Út af þessu erindi bæjarstjórnarinnar skrifaði ég bæjarstjórninni og leiddi rök að því, sem ég taldi frá mínu sjónarmiði vera fullgild, að ég teldi ekki eðlilegt fyrir mitt leyti, að sú till. yrði borin fram, meðan til athugunar væru hjá ríkisstj. till. um að veita Siglufjarðarkaupstað mikla og margvíslega hjálp í hinum miklu vandræðum, sem nú steðja að þeim kaupstað. Hefur bæjarstjórn Siglufjarðar eða a. m. k. meiri hluti hennar fallizt á rök mín hvað þetta snertir og breytt fyrri samþykkt sinni til samræmis við það, sem ég gat um í bréfi mínu.

Hv. 4. landsk. vék aðeins að stjórn núverandi meiri hl. bæjarstjórnar Siglufjarðar á málum kaupstaðarins. Ég tel ekki ástæðu til að hefja

á þessum vettvangi deilur við hann um stjórn núverandi meiri hl. á bænum, en get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að fyrir forgöngu þess meiri hluta er hafinn undirbúningur að alhliða viðreisn atvinnulífsins á staðnum.

Þrátt fyrir það að flutningur till. hv. 4. landsk. er eftir breytingu á fyrri samþykkt bæjarstjórnar óþarfur að mínum dómi, þar sem hún tekur fram, að hún óski ekki endilega eftir, að þessi till. verði flutt, þá þarf ég naumast að geta þess, að ég mun greiða atkv. með þeirri till. svo og öðrum till., sem hv. 4. landsk. hefur borið fram við fjárlfrv. varðandi málefni Siglufjarðar.

**Hermann Jónsson:** Herra forseti. Mér þykir rétt, að ég geri nokkra grein fyrir þeirri brtt., sem við þjóðvarnarmenn gerum nú við 3. umr. fjárl. Hún er á þskj. 297, í XXVI. lið, þ. e. síðasti liðurinn á því skjali, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 23. gr. Á eftir gr. komi ný gr., svo hljóðandi: Fari ríkistekjurnar 1955 fram úr 560 millj. kr., skal ¾ hlutum þeirrar upphæðar, sem umfram er, varið til byggingar sementsverksmiðjunnar, nema Alþ. ráðstafi fé þessu á annan hátt til uppbyggingar atvinnulífsins með sérstökum lögum.“

Í sambandi við þessa till. okkar núna tel ég rétt að minna á það, að við 2. umr. fjárl. fluttum við allmargar brtt., og var aðaltillagan þá um það, að veittar væru 30 millj. kr. til uppbyggingar atvinnulífsins í samræmi við löggjöf, sem Alþ. setti þar um.

Það var ekkert rætt um þessar till. okkar hér af öðrum aðilum en okkur sjálfum að neinu öðru leyti en því, að hv. frsm. fjvn. minntist á þær sem heild, tók þeim vinsamlega og taldi þær ekki óraunhæfar, og kann ég honum þakkir fyrir þær móttökur. En hvorki hann né heldur hæstv. fjmrh., hvað þá heldur aðrir hv. alþm., sem styðja núverandi ríkisstj., minntust á þessa till. okkar, sem er þó veruleg nýjung, og gerði ég nokkra grein fyrir því við framsögu þá. Enginn minntist á hana einu einasta orði. Það hefði verið hægt að ályktа, að hún ætti lítillar andstöðu að vænta meðal hv. alþm. En það sýndi sig, að hér gilti ekki gamla reglan, að þögn sé sama og samþykki, því að þegar til atkvgr. kom var till. felld, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að enginn hv. alþm. úr stjórnarflokkunum hafi greitt atkvæði öðruvísi en gegn henni. Ef það er rangt hjá mér, þá vona ég, að það verði leiðrétt á eftir.

Hvers vegna hv. þm. greiddu atkv. gegn þessari till., kom þess vegna alls ekki fram í þeim umr. Ég hef hins vegar verið að reyna að geta hér í eyðurnar og reyna að gera mér grein fyrir, hverjar ástæðurnar fyrir andstöðunni við till. muni hafa verið í raun og veru.

Í fyrsta lagi geri ég ráð fyrir því, að margir hafi greitt atkv. gegn henni af þeim ástæðum, að þeir hafi talið, að ekki væri nægjanlegt fé fyrir hendi til þess að leggja fram í þessu skyni.

Í öðru lagi hefur mér dottið í hug, að einhverjir kynnu kannske að hafa greitt atkv. gegn henni af því, að þeim hafi ekki fundizt nógu ákveðið í till., til hverra hluta þetta fé ætti í raun og veru að ganga.

Í þriðja lagi hefur mér dottið í hug, að e. t. v. hefðu einhverjir greitt atkv. gegn henni vegna þess, að þeir hefðu talið hana óþarfa eða að fénu væri betur varið til einhverra annarra hluta.

Í fjórða lagi — afsakið, það er í rauninni ekkert hér í fjórða lagi, því að ég vil ekki gera ráð fyrir því, að nokkur hv. þm. hafi greitt atkv. gegn till. vegna þess, að hún var borin fram af Þjóðvfl. eða þingmönnum hans.

Þessi till., sem við flytjum nú við 3. umr., fer mjög í sömu átt, þó að hún sé ólík að formi til, eins og till. okkar, sem við vorum með við 2. umr. Ef ríkistekjurnar fara upp í 600 millj. á næsta ári, sem ég tel ekki með neinum verulegum ólíkindum, — það væri vel hugsanlegt, að þær gerðu það, — þá mundu ¾ hlutar af 40 millj., eða 30 millj. kr., vera til ráðstöfunar í þessu skyni. Ef svo Alþ. setti löggjöf um ráðstöfun fjárins, þá mundi niðurstaðan af samþykkt þessarar till. verða sú sama og ef hún hefði verið samþ.

Munurinn á till. er engu að síður verulega mikill. T. d. ef menn hafa greitt atkv. gegn till. af fyrstu ástæðunni, sem ég gat um áðan, ef þeir hafa talið, að ekki mundi vera fé fyrir hendi, þá hafa þeir menn ekki ástæðu til þess að greiða atkvæði gegn till. nú. Hér er ekki um að ræða nein útgjöld fyrir ríkissjóð, nema tekjur ríkisins verði yfir 560 millj., nema þær fari m. ö. o. 65 millj. fram úr þeirri áætlun, sem hæstv. fjmrh. lagði hér fyrir þingið fyrst, og 46 millj. fram úr áætluninni eins og hún liggur fyrir við þessa umr. Það ætti því að vera nokkuð mikið fé, sem væri til ráðstöfunar, áður en til þess kæmi, að nokkuð væri veitt í þessu skyni. Meira að segja gerum við ekki ráð fyrir, þó að tekjurnar fari nú fram úr þessu, að það séu þó nema ¾ af afganginum, sem til þessa ganga.

Þeir, sem trúa í raun og veru á réttmæti þeirra áætlana, sem hæstv. fjmrh. og fjvn. hafa gert um tekjur ríkissjóðs á næsta ári, hafa því enga ástæðu til þess að greiða atkvæði gegn þessari till., því að frá þeirra sjónarmiði kemur ekki til neinna útgjalda fyrir ríkissjóð, a. m. k. ekki nema um einstakt góðæri verði að ræða, eins og hæstv. fjmrh. mundi vafalaust orða það eftir á. Og er þá ekki full ástæða til þess að nota þetta einstaka góðæri til uppbyggingar atvinnulífsins?

Annað atriðið, sem ég gerði ráð fyrir að hefði valdið því, að menn greiddu atkvæði gegn þessari till., var það, að það væri of óákveðið, til hvers fé skyldi ganga. Þeir, sem hafa greitt atkvæði gegn henni af þessum ástæðum, hafa ekki ástæðu til þess að greiða atkvæði gegn till. okkar nú. Hér er ákveðið, að þetta skuli renna til sementsverksmiðjunnar, og munu flestir sammála um, að það liggi á að koma því þjóðþrifafyrirtæki betur áleiðis en orðið er. Þó er þetta ekki bundið svo miklum fastmælum, að Alþ. geti ekki hvenær sem er á næsta ári, ef það óskar, sett löggjöf um uppbyggingu atvinnulífsins á þann hátt, að þetta fé renni til ann-

arra hluta í því skyni, sem hv. Alþ. teldi þá að væri nauðsynlegt.

Þriðja ástæðan, sem ég taldi hér áðan að kæmi til greina fyrir andstöðu við till., var sú, að menn teldu málið óþarft eða fénu betur varið til annarra hluta. Ég geri nú sannast að segja ekki ráð fyrir því, að það hafi verið margir, sem hafi haft það sjónarmið á málinu. Það hefur verið mikið rætt hér um slæmt atvinnuástand í þremur landsfjórðungum, þó að það sé talið nokkuð gott í þeim fjórða, og ætti það eitt að vera nóg til þess, að menn teldu fulla þörf á því að verja fé í því skyni að byggja atvinnulífið upp. — Ég skal skjóta því inn í, ef það gæti komið til greina, að það væri nokkur misskilningur í því efni, að við erum ekki hér að tala um atvinnubótafé; það er ekki eyðslueyrir, sem við erum að tala um, heldur til uppbyggingar.

Ég býst við líka, þrátt fyrir miklar deilur í sambandi við herlið á Íslandi, að allir hv. alþm. muni telja sig sammála um, að það væri æskilegt, að herinn færi burt af landinu eins fljótt og auðið væri. Menn miða það kannske við friðarhorfur í heiminum eða því um líkt, en það er ekki útilokað, að þær yrðu svo góðar, að við losnuðum við herinn af þeim ástæðum, en ekki ætla ég að fara að ræða um það deilumál núna. En við þurfum að gera okkur ljóst, að á vegum þessa setuliðs, sem hér er í landinu, vinna — ég veit ekki nákvæmlega hve margir menn; það getur kannske einhver upplýst það nánar. Eru það ekki 2 þús. menn eða þar um bil, eða fleiri? En ef herinn fer, þá þarf þó ástandið í atvinnumálum okkar að vera þannig, að við getum tekið við þessum mönnum og veitt þeim eitthvert lífvænlegt viðfangsefni við að fást. Þó að þetta sé kannske dálítið fram í framtíðina frá sjónarmiði fylgismanna ríkisstj., þá er það alls ekki út í hött að byrja nú þegar á einhverjum raunhæfum ráðstöfunum í þessu og gera um það einhverja áætlun, hvernig því skuli háttað.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, en vil að lokum aðeins segja, að ef svo á að fara um þessa till. okkar núna, sem er sú eina, sem við gerum sameiginlega um breytingu á fjárl. við 3. umr., að hún verði felld á sama hátt og hefur yfirleitt verið um allar till. frá andstæðingum ríkisstj. hér á Alþ., þá vil ég óska þess, að einhver, — ég fer ekki fram á það við hæstv. fjmrh., — en að einhver af stuðningsmönnum ríkisstj. sýni okkur þá kurteisi að skýra okkur frá því hér við umr., á hverju andstaðan við þessa till. byggist, svo að við þurfum ekki eins og áður að spreyta okkur á því að geta okkur til um ástæður fyrir andstöðunni, á svipaðan hátt og við værum að glíma við krossgátu.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Ég þakka fyrir gott boð og ætla að nota það og segja hér nokkur orð um þá till., sem ég ásamt hv. 4. landsk. (GJóh) hef leyft mér að flytja hér á þskj. 305.

Till. er um það að veita Siglufjarðarkaupstað allt að 4 millj. kr. framlag til að byggja upp atvinnulífið í kaupstaðnum, enda hafi bæjarstjórnin samráð við ríkisstj. um það, á hvern hátt þessu fé verði varið.

Hv. aðalflm. till. gerði rækilega grein fyrir henni hér í kvöld, og skal ég því vera stuttorður um hana. Ég hef ásamt hv. 11. landsk. (LJós) áður flutt heildartill. um fjárframlög af hendi ríkissjóðs til eflingar atvinnulífsins í 3 kaupstöðum landsins, sem nú búa við atvinnuleysi. Þessi till. hefur verið drepin. Þá taldi ég ekki úr vegi, að það væri prófað, prófað til þrautar, hvort hæstv. ríkisstj. og hennar fylgislið hér á Alþ. væri jafnskilningslaust á að taka fyrir smærri áfanga og sinna atvinnulífi þess staðar, sem tvímælalaust er nú verst haldinn sökum atvinnuleysis, af ástæðum, sem öllum eru ljósar, sem sé þeim, að síldveiðar hafa brugðizt um 10 ára skeið, en þessi kaupstaður hins vegar byggður svo að segja upp að öllu leyti á síldveiðum og síldariðnaði. Það er ríkið sjálft, sem hefur, eins og hv. 4. landsk. benti á, átt mestan þátt í því að byggja þar þau atvinnutæki, sem eru þess valdandi, að atvinnulíf bæjarins varð mjög einhæft og byggðist að öllu leyti á síld og síldariðnaði. Þegar síldin svo ekki veiðist, þá er fátt um önnur atvinnutæki í bænum, atvinnuleysi gín þar fyrir hvers manns dyrum, og fólkið verður að flýja bæinn. Það er svo komið, að útlit er fyrir, að Siglufjarðarkaupstaður sé á líkri leið og Sléttuhreppur fyrir svona 10 árum. Þegar hætt var að reka síldarverksmiðjuna á Hesteyri og íbúar hreppsins voru atvinnutækjalausir í einu vetfangi og voru búnir að mæta þannig þessum straumhvörfum í atvinnulífi þeirra, þá tóku ungu mennirnir sig upp og leituðu atvinnu suður á landi og þar sem atvinnu var að fá og komu fáir heim aftur. Og eldra fólkið, sem eftir sat, flutti sig svo að síðustu burt og hreppurinn lagðist gersamlega í eyði. Hér er að vísu um allstóran kaupstað að ræða, en það er ekki hægt að sjá annað en að þarna sé bróunin á sömu leið, vegna þess að undirstaða atvinnulífsins hefur brostið, a. m. k. í bili. Þegar eitt og tvö hundruð manns flytja burt úr bænum á ári hverju, þá eru það engar ýkjur, þó að sagt sé, að þarna blasi það við, að bæjarfélagið sé jafnvel að tærast upp og leggjast í eyði.

Það er farið fram á það, að varið sé 4 millj. kr. til þess að bæta þarna atvinnuástandið. Það er þörf á að útvega marga fiskibáta í bæinn, sökum þess að þar er ákaflega lítill vélbátafloti fyrir hendi, og nú hefur verið byggt þarna upp hraðfrystihús, sem þarf aukið hráefni, og verður ekki bætt úr því á annan hátt fremur en með því að byggja upp vélbátaflota í Siglufjarðarkaupstað. Efnahagur fólks er það þröngur, að þetta gerist ekki, nema því aðeins að ríkið rétti þarna hjálpandi hönd.

Nú, 4 millj. kr. í eitt bæjarfélag, það segja menn auðvitað að sé há upphæð, og það er það kannske. En ég tel það nú ekki háa upphæð, þegar fjárhagur ríkisins leyfir að dreifa út á 7. millj. kr. bara samkv. viðbótartill. fjvn. núna, sem liggja hérna fyrir, í smáupphæðir til Péturs og Páls, sem hefðu áreiðanlega getað lifað án þess að fá þær upphæðir, sem þar er um að

ræða. Og þjóðfélagið hefði áreiðanlega hjarað af, þó að ekki hefði verið lagt neitt til neinna þeirra útgjaldaliða, sem eru hluti af þeim 6—7 millj. kr., sem þar er um að ræða. Með þessu móti væri hægt að gera þær ráðstafanir í atvinnulífi Siglufjarðar, sem gerðu fólkinu þar mögulegt að lifa, þó að síldveiðin kunni að bregðast enn um nokkur ár, og vel getur farið svo.

Mér heyrðist, að hv. þm. Siglf. (EI) væri raunar að mæla á móti þessari till., þegar ég kom hér inn í þingsalinn áðan, en þó gladdi það mig að heyra, að hann endaði ræðu sína á því að segja, að hann mundi að sjálfsögðu greiða atkv. með henni og öðrum þeim till., sem fluttar hefðu verið til þess að bæta úr ýmsum þörfum Siglfirðinga.

Ég bendi á það, að sums staðar hefur verið lagt fram fé til styrktar atvinnulífinu, en það hefur verið gert á þann hátt, að það hefur hvorki verið heilt né hálft. Ég minnist t. d. þess, að Seyðisfjarðarkaupstaður fékk á sínum tíma aðstoð til þess að eignast togara, og togari er mjög þýðingarmikið atvinnutæki í eins litlum kaupstað og Seyðisfjarðarkaupstaður er, en svo var látið þar við sitja. Í kaupstaðnum var ekkert hraðfrystihús, engin aðstaða til þess, að togarinn gæti komið að landi með afla og skapað fólkinu í Seyðisfjarðarkaupstað atvinnu. Þar var ekki ísframleiðsla, þar voru ekki olíutankar, til þess að togarinn gæti birgt sig upp með olíu, þegar hann kæmi úr veiðiför og legði aflann þarna á land. Það var engin aðstaða til þess, að togarinn gæti að jafnaði komið þarna með afla að landi til þess að skapa atvinnu í bænum. Úr því að Seyðfirðingar áttu að fá sína aðalatvinnuhjálp með togara, þá þurfti að leggja fram fé til þess, að togarinn gæti haft þar aðalbækistöð sína og lagt þar hráefni á land, svo að fólkið fengi af því vinnu. En togari, sem þarf svo, þegar hann hefur lagt afla sinn á land á Seyðisfirði, að fara til Reykjavíkur til að fá ís, olíu og aðrar þarfir sínar, fer auðvitað ekki til Seyðisfjarðar til þess að leggja þar afla á land.

Svona nokkuð er hálfverk, og það er ekkert eins vitlaust frá sjónarmiði ríkisins, ef það ætlar að verja fé sínu vel, og að leggja fram stórar upphæðir til hjálpar við atvinnulífið á ýmsum stöðum, en gera það á þann hátt, að það komi ekki að gagni. Það er vitlausasta leiðin, eins og alltaf þegar um hálfverk er að ræða. Það er þá betra að gera hlutina myndarlega og vera viss um það, að aðstoðin komi að gagni. Ég er t. d. mjög hræddur um það, að sú aðstoð, sem samþ. var á Alþ. í gærkvöld að veita togaraútgerðinni, sé einmitt eftir þessu fyrrnefnda miður skynsamlega sjónarmiði og það eigi kannske eftir að sýna sig, að það fé, sem þar var lagt fram, sé lagt fram án þess að bera þann árangur, sem til var ætlazt, að hægt sé að halda togaraútgerðinni gangandi. Skynsamlegra hefði verið að gera nokkru róttækari aðgerðir, veita nokkru meiri hjálp, eins og lagt var til, þannig að nokkurn veginn væri víst, að togaraútgerðin stöðvaðist ekki upp úr áramótum og atvinnulífið fengi af því þann styrk, sem til var ætlazt.

Ég hef farið þessum orðum um þessa till., af því að ég vil brýna það fyrir mönnum, að sá staður hér á landi er nú allra verst farinn sökum atvinnuleysis af ástæðum, sem fólkið á staðnum á engan þátt í og getur ekkert við ráðið, og ástandið orðið það slæmt, að stórfellt átak þarf til. Taldi ég því rétt að stuðla að því, að slík till. sem hér er um að ræða væri borin fram að því er snertir atvinnulífið á Siglufirði, sem sé 4 millj. kr. aðstoð af hendi ríkisins til þess að bæta þar aðstöðuna fyrir fólkið, sem eftir er í kaupstaðnum. Tel ég það vera skynsamlega aðferð til þess, að þarna þyrftu ekki að hljótast stórkostleg vandræði af.

Ég tel, að ef þetta væri gert, þá væri farið inn á þá braut, að tekið væri fyrir og rannsakað atvinnulíf annarra staða, sem þá væru taldir verst settir, eftir að þarna hefði verið bætt úr. Og úr því að Alþ. telur sig ekki fært um að verja stórri heildarupphæð í mikið átak fyrir þá þrjá landsfjórðunga, sem nú búa við tilfinnanlegt atvinnuleysi, þá tel ég hina leiðina vera skynsamlega, að taka myndarlega á að því er snertir staði, sem verst eru farnir og verst eru settir um atvinnu fyrir sína íbúa.

Það er annað höfuðvandamál í þessu landi, sem er torleyst og kannske óleysanlegt; það er húsnæðisvandamálið. Meðan ekki er tekið stórfé til þess að reisa við atvinnulífið á Norðurlandi og Austurlandi og Vesturlandi, streymir fólkið þaðan og hingað til Reykjavíkur og nágrennis hennar, en meðan er húsnæðisvandamálið á Suðvesturlandi algerlega óleysanlegt og það ástand skapast, að hér skortir sífellt húsnæði, en illa notað og ónotað húsnæði býður svo í þrem landsfjórðungum. Með því að leggja stórar fjárupphæðir til eflingar atvinnulífinu úti á landi er skapaður möguleiki til þess að leysa húsnæðisástandið í landinu. Þá er það minna átak; þá nýtist það húsnæði, sem nú stendur illa notað og ónotað úti um land, og átakið, sem þyrfti að gera í húsnæðismálunum hér, eftir að búið væri að snúa straumnum við, stöðva hann og snúa honum við, væri miklu minna. Húsnæðisástandið á Suðvesturlandi verður ekki leyst, fyrr en búið er að gera stórátak í atvinnumálum landsmanna úti um land, þar sem atvinnuleysið nú herjar.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. 2. þm. Skagf. (JS) að flytja hér brtt., sem er að finna á þskj. 309, nr. IV.

Þessi till. er um það að heimila ríkisstj. að leggja fram allt að 1 millj. kr. til þess að kosta þær ráðstafanir, sem gera verður til bjargar sveitunum vegna verkafólkseklunnar.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá flutti ég ásamt 2. þm. Skagf. till. hér snemma á þingi um að gera ráðstafanir í þessu efni, og liggur sú till. óafgreidd hjá hv. fjvn. Skal ég taka það fram, að ég tel það mikla vorkunn, þó að hv. n. sé ekki búin að afgreiða þessa till., því að hún hefur haft miklu að sinna að undanförnu, en ég vænti þess, að hún fái þá afgreiðslu, að að gagni megi koma.

Nú er það vitaður hlutur, að eins og stefnan

hefur verið og eins og hún er á undanförnum þingum og á þessu þingi og yfirleitt í landinu, þá er unnið að því óbeinlínis á margvíslegan hátt að laða fólkið burt úr sveitunum, vegna þess að það er boðið í það hærra en sveitamennirnir hafa ráð á með því afurðaverði, sem nú er greitt, og það er þess vegna engin tilviljun, að verkafólksskortur í vissum landshlutum fer alltaf sívaxandi. Nú má segja, að þetta sé örðugt að laga og það sé örðugt að nota ríkisvaldið á nokkurn hátt til að laga þennan straum, en ef það væri hægt, þá er ekki miklu til kostað, þó að farið sé fram á að heimila ríkisstj. að láta 1 millj. kr. til hjálpar í þessu efni.

Mönnum hefur fram til þessa þótt það að vísu stór upphæð, 1 millj. kr., en það er nú af sá tími, því að þarna er ekki eftir núgildandi verðlagi í kostnaði og kaupgjaldi og öðru um stóra upphæð að ræða.

Við skulum segja, að það væri farið að reyna þá leið, sem vel getur komið til mála, að flytja inn fólk handa landbúnaðinum, eins og nú er verið að gera handa sjávarútveginum, og það væri flutt inn svona 1000 manns á næsta ári, konur og karlar. Það svarar til þess, að 15% af sveitaheimilum í landinu gætu fengið eina manneskju. Þá mundi milljónin hrökkva til þess að greiða 1000 kr. á hvern þennan einstakling, sem inn væri fluttur, og það væri ekki einu sinni fyrir fullu fargjaldi hingað heim.

Nú geri ég ráð fyrir því, að það séu margir þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið eigi ekkert að skipta sér af þessum hlutum og engu til þessa kosta. En þegar verið er að vinna að því beint og óbeint að auka það vandræðaástand með opinberum ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, þá er það ekki undarlegt, þó að mönnum detti í hug að gera einhverjar ráðstafanir til varnar, vegna þess að ef þessi aðstaða heldur áfram, þá stefnir til auðnar í sumum sveitum þessa lands, áður en langir tímar líða.

Varðandi þessa till. er það að segja að lokum, — ég skal ekki hafa um hana miklu fleiri orð, — að það er aðeins farið fram á að heimila ríkisstj. þetta, og þá hefur hún það að sjálfsögðu í hendi sinni, hvernig með málið væri farið. Við vitum það allir, að innan tveggja mánaða kemur saman búnaðarþing, og það má ætla, að það taki þetta mál að einhverju leyti til athugunar og afgreiðslu, því að það er eins og sakir standa örðugasta vandamálið, sem nú liggur fyrir í sveitahéruðum okkar lands.

Ég vænti þess vegna, að þessari till. verði vel tekið hér á hv. Alþ., því að það er ekki mikið í hættu lagt, þó að ríkisstj. fái þessa heimild.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hafði ásamt hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) hugsað mér að flytja brtt. við fjárlfrv., og er sú till. í prentun. En þar sem henni hefur ekki verið útbýtt enn þá og ég hafði beðið um orðið, þá vil ég leyfa mér að bera hana fram skriflega fyrir okkar hönd og lýsa henni hér með.

Þessi brtt. er við 22. gr. frv. og er á þá leið, að heimilt sé að verja allt að 2 millj. kr. til að stuðla að aukningu útgerðar, þar sem afla skortir til vinnslu í fiskiðjuverum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í þorpunum við sjávarsíðuna byggist afkoma almennings yfirleitt á útgerðinni svo og á hagnýtingu aflans til sölu. Á mörgum stöðum hefur á undanförnum árum verið komið upp mannvirkjum til þess að annast hagnýtingu aflans, fiskiðjuverum, og þá fyrst og fremst hraðfrystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum. Skýrsla sú, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur látið frá sér fara, ber það m. a. með sér, að á mörgum stöðum hefur slíkum fiskiðjuverum verið komið upp víðs vegar um landið. Hins vegar er það svo, að allvíða er nú þannig ástatt með útgerðina á þessum stöðum, að skipakostur sá, sem fyrir hendi er, er ekki fullnægjandi til þess að sjá fyrir því hráefni, sem þessi fiskiðjuver geta unnið úr, og hefur það þá það hvort tveggja í för með sér, að fyrirtækin skortir verkefni og að rekstur þeirra verður þar af leiðandi erfiður, svo og það, að atvinnu skortir á staðnum.

Sums staðar hefur þessum mannvirkjum verið komið upp ýmist í því trausti, að hægt yrði að auka útgerðina heima fyrir, eða þá, að skip frá öðrum stöðum mundu koma til með að leggja þar upp afla sinn. En það hefur nú farið á ýmsa vegu. Og eins og ég sagði, þá er það nú víða svo, að verkefnin skortir vegna þess, að skipastól skortir til fiskveiðanna.

Við flm. þessarar till. teljum nauðsyn bera til þess, að ríkið rétti hönd fram til aðstoðar, þar sem þess er brýnust þörfin, og verji nokkru fé til þess, ef fjárhagur leyfir, og höfum við gert það að till. okkar, að heimilt verði að verja í þessu skyni allt að 2 millj. kr. á næsta ári.

Það er af mörgum ástæðum mjög mikilsvert, að atvinnulífinu í sjávarbyggðunum víðs vegar um land sé haldið í horfi, og þá m. a. vegna þess, að ef þröngt er um atvinnuna og illa gengur að halda uppi rekstri fyrirtækja, þá er hætt við því, að fólk leiti til annarra staða, þar sem það sér meiri möguleika, eins og reynslan hefur sýnt, en sú þróun er nú almennt ekki talin æskileg.

Ég tel ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu um þetta mál, en vil vænta þess, að till. okkar mæti skilningi hér á hv. Alþ. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hana skriflega hæstv. forseta með tilmælum um, að hann leiti um hana afbrigða.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. N-Þ. (GíslG) hefur lagt hér fram skriflega brtt., sem hann hefur gert grein fyrir. Það mun vera von á brtt. enn, og vil ég láta bíða að leita afbrigða fyrir þessari, unz þskj. er komið, sem er í prentun og von mun vera fljótlega á.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við frv. til fjárlaga fyrir næsta ár.

1. brtt. mín er á þskj. 297,XVI, við 16. gr., til sjóvarnargarðs í Ólafsvík, 200 þús. kr.; til vara 100 þús. kr.

Á síðastliðnu þingi skrifaði ég hv. fjvn. bréf fyrir hönd hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps og mæltist eindregið til þess að fá nokkurt framlag til byggingar sjóvarnargarðs í Ólafsvík. Hv. fjvn.

taldi sig ekki þá geta sinnt þessu máli, sökum þess að það lægi ekki áætlun fyrir frá vitamálaskrifstofunni, sem gert var ráð fyrir að mundi annast undirbúning, áður en framkvæmdir yrðu hafnar.

Nú í sumar skrifaði hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps til vitamálaskrifstofunnar og óskaði eftir, að þessi áætlun yrði gerð, og lagði mjög fast að skrifstofunni, að þetta yrði gert, áður en þing kæmi saman. Því miður fékk hreppsnefndin það svar frá skrifstofunni, að hún sæi sér ekki fært að verða við þeirri ósk, sökum þess að allir eða flestir verkfræðingar hennar væru komnir úr þjónustu skrifstofunnar og hún hefði þess vegna ekki mann til þess að senda vestur til að annast þetta undirbúningsstarf.

Það verður tæplega hægt að slá þessu verki lengur á frest, og þó að hv. fjvn. hafi ekki getað orðið við ósk minni, þá trúi ég því ekki, fyrr en á reynir, að hv. alþm. muni ekki vilja ljá liðsinni sitt til þess, að hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps verði veitt fjárhæð nú á fjárlögum til að geta hafið starfið á næsta ári. Þetta mikilvæga starf verður að sjálfsögðu ekki unnið, nema áður komi til áætlun frá vitamálaskrifstofunni um það, hvernig verkið skuli unnið, en það er mjög aðkallandi vegna þeirra stóru skemmda, sem eru þegar orðnar á landi Ólafsvíkurhrepps og aukast með hverju ári. Verður það þeim mun tilfinnanlegra fyrir þetta bæjarfélag, þar sem það er mjög landlítið, eins og allir vita, sem eitthvað þekkja til legu þorpsins.

Ég treysti því þess vegna, að hv. alþm. ljái lið sitt til þess, að þessi till. verði samþ.

Í öðru lagi hef ég flutt brtt. á þskj. 305 við 13. gr. Það er nýr liður, brúargerð á Mjósund í Helgafellssveit, 300 þús. kr.

Ég skrifaði hv. fjvn. með ósk um það, að þessi fjárveiting yrði tekin upp í fjárl. og það sérstaklega sökum þess, að ekkert brúarfé er veitt í mitt kjördæmi að þessu sinni. En fjvn. tjáði sig ekki geta orðið við þessari ósk.

Í sambandi við væntanlega brú á Mjósund er um að ræða töluvert kostnaðarsamt verk. Það má gera ráð fyrir, að þessi brú komi til að kosta 6—8 hundruð þús. kr., og þar sem gert er ráð fyrir, að vegurinn að Mjósundum verði fullagður eftir tvö ár, er mjög nauðsynlegt, að nú þegar verði byrjað að leggja fé til brúarinnar, þannig að hægt sé að hefja brúarsmíðina um líkt leyti sem vegurinn verður kominn að Mjósundum.

Ég vænti góðra undirtekta hv. alþm. um að ljá þessari till. minni jáyrði sitt.

Í þriðja lagi er ég með till. við 15. gr., lið XXX,12. Það er til lúðrasveitar Stykkishólms til kaupa á hljóðfærum, að fyrir 5 þús. kr. komi 8 þús. kr.

Hv. fjvn. hefur verið óvenjulega rífleg í sambandi við fjárframlög til lúðrasveita. Hún gerir tillögur um að bæta þremur lúðrasveitum inn á fjárlfrv. og að framlag til þeirra verði ákveðið 8 þús. kr. Sama gildi einnig um tvær lúðrasveitir, sem framlag fengu á fjárlögum yfirstandandi árs, 5 þús. kr. hvor, að þeim verði einnig veittar 8 þús. kr. á fjárl. næsta árs. Hv. fjvn. lætur því lúðrasveit Stykkishólms eina sitja eftir með 5 þús. kr. Mér finnst ekki hægt að una þessu, sérstaklega þegar fullyrða má, að lúðrasveit Stykkishólms er talin ein með betri lúðrasveitum hérlendis, og vil því eindregið mælast til þess, að hún fái sama framlag og hinar fimm lúðrasveitirnar, eða fjárveitingunni breytt úr 5 þús. kr. í 8 þús. kr.

Þá höfum við hv. þm. Dal. (ÁB) og ég endurtekið brtt. okkar, sem við fluttum við 2. umr. fjárl., um breytingu við 13. gr., að veittar verði til Heydalsvegar 300 þús. kr., eða til vara 200 þús. kr. Ég held, að öllum hv. þm. sé kunn nauðsyn þess, að þessi vegur verði lagður hið fyrsta, og þarf ég litlu að bæta við það, sem ég sagði hér í framsögu við 2. umr. fjárlaganna.

Ég treysti því að minnsta kosti, að minni upphæðin, sem ég nefndi, til vara, 200 þús. kr., fái samþykki hv. Alþingis.

**Ásgeir Bjarnason:** Herra forseti. Ég vil mjög taka undir ummæli hv. þm. Snæf. (SÁ), sem áðan var að minna þingheim á þá litlu upphæð, sem við förum fram á til Heydalsvegar.

Ég hef orðið var við það, frá því að 2. umr. fór fram um fjárl., að hv. þm. hafa skoðað þetta mál þannig, að okkur væri kannske ekki beinlínis alvara um, að það kæmist fram á þessu þingi, en það er síður en svo. Ástæðan fyrir því, að það hefur ekki verið eins mikil þörf á að taka þetta upp á fjárl. undanfarið, er sú í fyrsta lagi, að vegirnir á Skógarströnd og út Hörðudal í Dalasýslu að vestanverðu og sunnanverðu fram Hnappadalinn hafa ekki verið það góðir, að það hafi haft nokkra þýðingu að leggja í veg yfir fjallgarðinn milli þessara byggðarlaga. En á undanförnum árum hefur þetta horft mjög til bóta, og náist góður áfangi á þessum leiðum að ári, þá fer að verða mikil þörf á að fá veg þarna yfir fjallið. Það er margsannað mál, að þessi leið er snjóléttasta leiðin, sem er yfir þennan fjallgarð, sem skilur Dali og vestanvert Snæfellsnes frá Mýrum og Borgarfirði. Auk þess er enginn vafi, að ef framleiðslugeta getur farið vaxandi í héruðunum að vestanverðu við fjallið, þá hefur þetta stórþýðingu, einkum varðandi mjólkurframleiðslu.

Þessi leið er ekki löng. Það er ekki nema um 11 km leið að ræða. Nú fyrir nokkrum dögum fóru bílar þarna yfir fjallið og voru ekki nema fjóra tíma milli bæja yfir algera vegleysu, þannig að þetta er ekki yfir nein stórklungur að fara, eins og sums staðar er verið að leggja vegi yfir nú í landi voru.

Þá vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir till., sem ég flyt hér ásamt hv. þm. A-Sk. (PÞ). Þessi till. er á þskj. 317, III. liður. Það er breyting við 22. gr. fjárlaga, að verja 2 millj. kr. til stuðnings frumbýlingum eftir reglum, er ríkisstj. setur, að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Ég hygg, að það muni vera flestum þm. kunnugt, hversu mikið vandamál það er nú, sem steðjar að sveitum landsins almennt, að fá fólk til þess að hefja þar búskap. Það hefur sýnt sig á s. l. árum, að fólki hefur ætíð farið fækkandi í sveitum landsins, og það jafnframt sýnt sig, að þm. vilja mjög mikið gera til þess að

halda jafnvægi í byggð landsins. En eigi að síður hefur minna verið gert til þess að halda jafnvægi í byggð landsins. Eitt af höfuðskilyrðum þess, að jafnvægi haldist í byggð landsins, er það, að fleiri og færri býli fari ekki í auðn árlega. En eitt af því, sem gerir það að verkum, að svo erfitt er að halda við byggðinni, er það, hversu dýrt er orðið nú fyrir bændaefni að komast yfir jarðir sakir þess, hvað þær kosta mikið, ásamt því, hvað bústofninn kostar orðið mikið með öllu tilheyrandi. Það þýðir lítið nú orðið fyrir menn að fara með tvær hendur tómar og nokkrar ær og eina kú til þess að hefja búskap, eins og þeir gerðu fyrir hálfri öld og hafa síðan orðið mjög miklir mektarbændur í þessu þjóðfélagi. Slíkt þýðir ekki að segja við einn einasta ungan mann nú á tímum, og jafnvel ekki, þó að menn væru farnir að reskjast, því að tímarnir eru orðnir það breyttir, að það er allt annað sjónarmið og allt annað viðhorf, sem ræður í þessum efnum nú, heldur en réð fyrir nokkrum áratugum. Og þurfum við þó kannske ekki að fara nema einn áratug aftur í tímann til þess að finna mjög vel þessi breyttu viðhorf. Það má með sanni segja, að það er ekki byrjaður búskapur nú með neinum smáupphæðum, nokkrum þúsundum, heldur mun sannast að segja þurfa nokkur hundruð þús. til þess, að bændur geti komizt á það góðan fjárhagslegan grundvöll, að þeir þurfi ekki eftir nokkur ár að hrökklast frá búskapnum. En það hlýtur að vera höfuðskilyrði hvers þjóðfélags að búa þannig að frumbýlingunum og þeim, sem eru að hefja atvinnu, að þeir geti stundað hana af það miklu afli, að þeir geti orðið nytjamenn í þjóðfélaginu. Og það tel ég nauðsynlegt, ef hægt er fyrir þjóðfélagið á nokkurn hátt að veita meira fjármagn til þeirra, sem vilja gerast bændur, því að nú fara ekki aðrir út í búskap en þeir, sem hafa mikinn áhuga á því og geta þar af leiðandi orðið dugandi bændur, að sýna þeim þann sóma að létta lítils háttar undir með þeim í upphafi, enda mun það vera miklu ódýrara, líka fyrir þjóðfélagið, að hjálpa bændum í fyrstu til að gerast öflugir heldur en að vera með smáhjálp síðar, sem e. t. v. hefur miklu minna gildi, ef þeir komast aldrei á þann rétta fjárhagslega grundvöll, sem þeir þurfa upphaflega að komast.

Við hv. þm. A-Sk. og ég höfum lagt til, að þessu fé, sem við teljum vonir um að fáist á þennan hátt, verði úthlutað eftir reglum, sem ríkisstj. setur að fengnum till. frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Það þarf ekki sérstaklega að kynna þessar stofnanir hérna innan hv. Alþ., því að Búnaðarfélag Íslands er meira en aldargömul stofnun, sem myndaðist á þeim tíma, er bændur landsins voru í harðri baráttu við bæði erlend og innlend öfl, sem gerðu það að verkum, að þeir áttu mjög örðugt uppdráttar í landinu, enda munu margir bændur þá hafa farið frá búum sínum og til annarra landa og fjölmargir til Vesturheims á þeim árum, í kringum 1880. Með stofnun Búnaðarfélags Íslands má segja að rísi á vissan hátt ný alda meðal bændanna í landinu, því að þá myndast fyrstu félagssamtök bændanna, sem hafa jafnan haldið þannig á málum þeirra, að síðan hefur verið mikil og ör framþróun í búskapnum alla tíð, þótt hún hafi verið langörust nú síðustu árin. Og ég geri mér vonir um, að hún eigi eftir að verða enn þá örari á næstu árum. En Búnaðarfélag Íslands hefur jafnan staðið vel á verðinum í þessum efnum. Stéttarsamband bænda er aftur á móti ungt að árum, og þótt því væri ekki af öllum vel tekið í fyrstu, þá hefur það sýnt sig, að það er ómetanlegur stuðningur fyrir bændastéttina í landinu. Þess vegna treystum við þessum stofnunum til þess að koma með till. í þessum efnum, sem allir muni vel við una og hæstv. ríkisstj. geti látið sér lynda að skapa reglur eftir. — Ég vænti svo þess, að hv. alþm. taki vel þessari till. og sýni þeim mönnum, sem hafa áhuga á því að stuðla að gróðri landsins og giftu þess í hvívetna, að þeir rétti þessari till. hjálparhönd.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. samþingismanni mínum að flytja hér till. við fjárlfrv., við 13. gr. Það er um brúarsmíð. Fjárframlag til brúar á Andalæk, 150 þús. kr., aðaltill., og til vara 100 þús. Og í öðru lagi til brúarsmíðar á Dalsá, 100 þús. kr.

Fyrir þessu máli var gerð grein við 2. umr. málsins, og við höfðum gert okkur vonir um, að hv. fjvn. sæi sér fært að taka þetta upp í sínar till. Það hefur ekki orðið. Ég vil ekki gera sérstaklega mikið í þetta sinn að umtalsefni þær ástæður, sem hv. n. hefur haft til þess að taka þetta ekkert til greina. En aðrar hljóta þær að hafa verið heldur en það, að ekki væri þörf á brúarsmíði á þessum stað. Þeir, sem búa vestan Andalækjar, hafa engan almennilegan veg haft og auðvitað alls ekki brú á þessum læk, sem verður stórt vatnsfall í vatnavöxtum og leysingum, ófært stundum. Við 2. umr. var gerð grein fyrir því, á hverju þessir menn byggja sína afkomu. Og þeir, sem nokkuð þekkja til slíkra starfa, geta þá gert sér grein fyrir því vafalaust, hvernig það kemur við þeirra hag að koma ekki vöru sinni daglega á markað, eins og háttað er nú um mjólkurframleiðsluna. Á henni hafa þeir orðið að byggja afkomu sína um margra ára skeið, síðan fjárpestirnar herjuðu bústofninn. Nú nýlega hafa farið fram fjárskipti, og auðvitað er það, að sauðfjártala hjá þessum búendum eins og annars staðar hér á Suðurlandi er mjög lág, svo að afkoman um skeið verður að byggjast fyrst og fremst á mjólkurframleiðslunni. Það er nógu tilfinnanlegt hjá þessum mönnum, sem eiga við slíka erfiðleika að etja á meðan engin umbótin er komin. En ég ætla, að það margfaldi sárindi þeirra, þegar loks vegur er kominn, en þeir fá í engu tilliti nótið hans, sakir þess að það vantar brú á vatnsfallið, en þannig er ástatt um búendurna í Biskupstungum, fyrir vestan Andalæk. Þeir hafa ekki not af þessum vegi, sem nú er fullgerður þarna út með hlíðum, sem kallað er í Biskupstungum, fyrr en brúin kemur.

Það er skemmra á veg komið með veginn að norðanverðu við Dalsá í Hrunamannahreppi. Hann er ekki fullgerður, en þó þannig, að þeir komast með hvers konar ökutæki eftir honum.

En þá er það, eins og gerð var grein fyrir áður og ég ætla ekki mikið að fara að endurtaka, að áin er hér sá þröskuldur, sem oft og einatt verður ekki komizt yfir, og reyndar enn oftar en þó Andalækur, þó að það sé nógu illt.

Frekari rökstuðnings fyrir þessu, til viðbótar við það, sem tekið var hér fram við 2. umr. málsins, tel ég ekki þörf. Í þetta sinn get ég ekki farið í að telja fram frekari réttmæti slíkra umbóta. Ef ekkert rætist úr, gefst vonandi tækifæri til þess síðar, og gæti þá komið fleira til greina, ef viðhorfið hér í Alþ. ætlar að reynast hið sama.

Þá hef ég einnig leyft mér ásamt hv. samþingismanni mínum og hv. 2. þm. Rang. að flytja smábrtt. við 22. gr. frv., þ. e. heimildagreinina, XVII; orðin „landssambandi hestamannafélaga“ falli burt. Eins og hv. alþm. muna vafalaust, var á síðasta þingi samþ. heimild til handa ríkisstj. í 22. gr. fjárlaga, að henni heimilaðist að kaupa Eystri- og Vestri-Kirkjubæ á Rangárvöllum og leigja jarðirnar landssambandi hestamanna. Menn gerðu sér vonir um, að það keypti kynbótabú Eggerts heitins Jónssonar, sem hann hafði rekið þar um nokkurra ára skeið. Er talið, að þetta sé mjög valið kyn og mikla alúð hafi hann lagt við ræktun þessara hesta og aflað sér góðra hesta til kynbóta, svo að það voru talsverðar vonir bundnar við þetta bú.

Við, sem að flutningi málsins stóðum, og vafalaust þeir, sem samþykktu það með okkur, gerðu það í góðri trú, að hestamannafélagsskapurinn í landinu væri þess umkominn að kaupa búið og stunda búskap þar með þessar kynbótaskepnur. En reyndin hefur orðið sú, að af hálfu hestamannafélaganna hefur ekkert verið gert. Hæstv. ríkisstj. hafði þess vegna litla hvöt til þess að fara að kaupa jarðirnar, á meðan svona stóð. Nú vitum við af einum manni sérstaklega, sem er mikill hestamaður, er vel menntaður, hefur góð skilyrði til þess að láta þetta fara vel úr hendi, ef hann byrjar þetta starf á þessum stað, og hann mun ætla sér, ef hann getur fengið aðstöðu til þess, að hafa bú þarna áfram. Okkur sýnist því, að það sé rétt, að hæstv. ríkisstj. hafi heimildina áfram.

Þetta stendur nú á fjárlfrv. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið það upp í frv. sitt upphaflega, og kann ég henni þakkir fyrir að hafa gert það. En till., eins og hún er, á ekki lengur við, því að ég veit ekki betur en það sé engin von til þess, að þessi hestamannafélagsskapur í landinu láti nokkuð að sér kveða með þetta mál. Það eina, sem ég um það veit, er, að hugur þessa manns, sem er — ég held það sé ekkert launungarmál — Stefán Jónsson búfræðikennari á Hvanneyri, stendur til þess að fá búið og stunda búskap með þetta kynbótabú þarna, og þá teldi ég vel til fallið, að hæstv. ríkisstj. hefði heimildina til þess að greiða fyrir honum með að koma þessu á stofn. Hún mundi þá leigja honum jarðirnar, eins og hugsað var til að gera, þegar gert var ráð fyrir, að hestamannafélagsskapurinn keypti það, og eru miklar líkur til, að það verði jafnvel enn meiri trygging fyrir starfsemi búsins og það nái jafnvel enn betur tilgangi sínum með því, að þessi maður fái aðstöðu til þess að reka búið þarna, heldur en félagsskapur, sem yrði þá að sjá með annarra augum svo og svo mikið af starfseminni. Sagt er, að sjálfs sé höndin hollust, og mun það ekki síður eiga við um þetta starf en annað. Ég vil því mega vænta þess, að hv. alþm. ljái atkv. sitt til þess að gera þessa breytingu, svo að hægt sé að greiða fyrir þessum manni, ef hann nær samningum um að setja á stofn bú í þessu skyni, eins og hann hefur hugsað sér. Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar.

Þá hef ég ásamt hv. samþingismanni mínum flutt brtt. við 22. gr. Það er, að á eftir XVII komi nýr liður: Að kaupa af Einari Pálssyni bankaútibússtjóra á Selfossi land það, er hann á í Sölvholtstorfunni. — Á Flóaáveitusvæðinu hefur frá fyrstu tíð engin tilraun farið fram með áveituna. Var þó í upphafi vega gert ráð fyrir, að það skyldi gert. Milliþn., sem kjörin var fyrir 2 árum til þess að athuga ásigkomulag og ástand Flóaáveitunnar, víkur að því í till. sínum, að þörf væri á að koma þessu í kring. Tilraunaráð landbúnaðarins mundi hafa umsjón með slíku verki. Erindi mun nú hafa borizt frá stjórn Flóaáveitunnar um þetta efni til ríkisstj., að hún keypti þetta land og þessar áveitutilraunir færu fram á því. Þetta land er mjög vel fallið til áveitu og áveitutilrauna og liggur miðsvæðis að heita má á áveitusvæðinu. Þetta eru rúmir 100 ha og er hæfilega stórt til þessara hluta. Það er mjög svo óheppilegt, að þessi tilraunastarfsemi skuli ekki hafa farið fram. Þegar slík umbót er gerð eins og þessi, hvar sem er, þá er það mjög óviðeigandi, svo að ekki sé sterkara að orði komizt, að ekki skuli fara fram rannsókn á gæðum heysins, miðað við það, sem áður var, og hvað heyfengur kann að aukast. Þetta er eitt af þeim höfuðskilyrðum auðvitað, sem að ber að vinna við slíka umbót eins og þessa. Stjórn Flóaáveitunnar hefur ekki gert þetta, og stafar það fyrst og fremst kannske af því, að hana hefur skort fjármuni til þess að annast starfsemina, ekki fyrst og fremst til þess að kaupa blett eða fá hann, heldur til þess að annast starfsemina. Það er ekki á færi annarra manna heldur en þeirra, sem hafa sérstaka þekkingu á því viðfangsefni. Þess vegna á það bezt við, að það geri tilraunaráð landbúnaðarins; það einmitt á að vera eitt af viðfangsefnum þess og er ekki á annarra manna færi, a. m. k. ekki þeirra manna, sem eru á lausum kjala og gætu sinnt því. En þar sem slík starfsemi verður að vera af opinberri hálfu, eins og sjálfsagt er og er í öllum siðmenningarlöndum slík starfsemi sem þessi, þá fer einnig bezt á því, að ríkið eigi það land, sem starfsemin fer fram á.

Hæstv. ríkisstj. trúi ég mjög vel til þess að gera kaup á þessu landi, og það verði við því verði og með þeim skilmálum, sem sanngjarnir eru. Ég vil því vona, að hv. Alþ. sjái þörfina á þessu máli og fallist á þessa till. Sá, er á landið nú, hefur verið beðinn um að farga því ekki, svo að hægt væri að fá það í þessu skyni. Hann hefur átt þess kost að vera búinn að farga því, en hefur geymt það fyrir óskir manna þarna eystra að gefa þeim kost á því, að þessi not

yrðu af landinu. Á engan hátt annan mundu þau verða eins þýðingarmikil og einmitt í þessu skyni og enn síður meiri en til þessara hluta.

Ég hef gerzt hér meðflutningsmaður að einni brtt. Hún er á þskj. 105,III. Ég veit ekki, hvort hv. 1. flm. þessarar till. á þess kost að koma hér og mæla fyrir henni. Hann er bundinn nú við skyldustörf og sagðist ekki búast við því, að hann gæti verið hér í kvöld neina stund. Bæjarstjórn Reykjavíkur mun nú, einmitt á þessari stundu, vera að ræða fjárhagsáætlun fyrir bæinn, og er á allan hátt eðlilegt, að borgarstjórinn geti þá ekki vikið sér frá. Ég vil nú vona, að hv. alþm. láti ekki þessa till. gjalda þess, þó að hv. 1. flm. gefist enginn kostur á að mæla með henni. Þetta mál er mjög þýðingarmikið. (Gripið fram í.) Ja, því miður heyrði ég ekki fyrstu orðin hjá hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Það er langt síðan ég vissi það, að hæstv. dómsmrh. var gamansamur, en alveg í sama hlutfalli stendur hans góðvild til góðra umbótamála, og þar tel ég mér og hv. 7. þm. Reykv. einna beztan og sterkastan stuðningsmann, og er það vel farið, að hann minnir á sína afstöðu til þessa máls.

Erlendis annast bæjarfélög eða borgir þetta starf, án þess að sá félagsskapur þurfi nokkuð verulega af mörkum að leggja til þess að halda því uppi. Hér er því þannig farið, að þessi félagsskapur hefur alveg á eigin kostnað orðið að halda starfinu uppi. Á síðasta þingi, við setningu fjárlaga fyrir árið 1954, bárum við nokkrir fram brtt. um þetta efni, og svo slysalega tókst til, að einn af stuðningsmönnum málsins var í síma, — ég held, að ég muni alveg niðurstöðuna rétt, — og þess vegna náði brtt., sem við vorum þá með, ekki fram að ganga. (**Gripið fram í:** Var það 1. flm.?) Nei, það er ekki hægt að koma á hendur honum sekt á því hvert sinn, sem málinu er hreyft. En það var stuðningsmaður málsins eigi að síður, og var það illa farið. Það er ekkert vafamál, að þó að þessi samtök séu ung og ekki búin að starfa lengi, þá hafa neytendur notið mjög góðs af því, og eftir því sem starfið getur orðið fullkomnara og betra, ef meira er í það lagt, þá má vænta enn meiri árangurs. Og þetta er það þýðingarmikið, fyrst og fremst vitaskuld fyrir bæjarbúa hér, en einnig gætu aðrir líka haft gagn af þessu starfi, að mér finnst alveg sjálfsagt af hálfu þess opinbera að styrkja það. Þessi till. okkar er mjög hófleg og þótt að vísu sé í mörg horn að líta, þá ber þó ekki að setja það ofar öllu öðru. Þar verður að meta gagnið og nauðsyn þess, sem greiða skal fyrir, og þá er þetta eitt af þeim málum, sem taka það mikið til almennings, en ekki gert ráð fyrir svo miklum fjármunum, að sjálfsagt er að greiða fyrir því.

Nú hef ég ekki þessi orð fleiri, en mér hefur fallið mjög vel og það hefur létt á huga mínum mikið, að ég verð þess var, að hv. alþm. hafa mjög mikinn áhuga á þessu máli. Er ég þeim þakklátur fyrir það, og ég kvíði ekki, þegar til atlögu verður lagt um atkvgr., að þessi till. verði ekki samþ., og er það vel farið.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég á hér á þskj. 297 fáeinar brtt., sem ég mun fara um örfáum orðum. Þessar till. flyt ég ýmist einn eða með öðrum hv. þm.

Fyrst er lítil till. undir IV. lið á þskj., sem tekin var aftur við 2. umr. til 3. Sú till. er um lítils háttar fjárveitingu til landsbókasafns; það er nýr liður: til viðhalds og ljósmyndunar illa farinna handrita. Ég gerði mér nokkrar vonir um það, að hv. fjvn. mundi líta með velvilja á þessa till. Þar var mjög hóflega í sakirnar farið um fjárútlát, aðeins lagt til, að 10 þús. kr. yrði á næsta ári varið í þessu skyni. Því miður hefur hv. fjvn. ekki séð ástæðu til að sinna þessu. Sé því þannig varið, að n. hafi aflað sér upplýsinga um það, að hægt sé að koma fram þeim hlutum, sem þarna er lagt til, án þess að sérstök ný fjárveiting sé til þess veitt, þá er það að sjálfsögðu gott og þarf ekki frekar um þetta að ræða. En standi hv. fjvn. hins vegar í þeirri meiningu, að hér sé um þarflausan hlut að ræða, þá er það misskilningur. Ég gat þess við 2. umr., að ég væri þessu nokkuð kunnugur og í landsbókasafni væru því miður mörg handrit, sem þannig væri ástatt um, að ef þau væru ekki sérstaklega tekin til bæna, ef svo mætti segja, og reynt að bjarga því, sem bjargað yrði, þá mundu þau grotna niður á tiltölulega skömmum tíma og verða jafnvel ónothæf. Ég vil því mjög vænta þess, að svo framarlega sem ekki koma fram sérstakar upplýsingar um það, að hægt verði að vinna þetta verk, án þess að um sérstaka fjárveitingu sé að ræða, þá líti hv. alþm. með skilningi á þetta mál og samþykki þessa mjög svo hóflegu till.

Undir IX. lið á sama þskj. flyt ég ásamt tveim þm. öðrum, hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv., till. um lítils háttar hækkaða fjárveitingu til samningar hinnar miklu vísindalegu íslenzku orðabókar, sem nú er unnið að. Ég flutti við 2. umr. till. um allmiklu hærri fjárveitingu til þessa nytjastarfs, en sú fjárveiting var felld. Nú höfum við lækkað upphæðina nokkuð, og ég sé mér til ánægju, að tveir hæstv. ráðh. flytja till. um samhljóða hækkun, og er þess þá að vænta, að þær till. nái fram að ganga. Er það vel, þó að þess sé hins vegar ekki að dyljast, að þetta er allt of lítil hækkun. Ef þessar till. verða samþykktar, svo sem ég tel mjög líklegt að verði, þá er það þó undirstrikun og viðurkenning á því, að þarna sé verið að vinna hið merkasta nytjastarf, sem þurfi að geta gengið greiðlegar en það hefur getað gengið fram að þessu vegna fjárskorts.

Á sama þskj., undir XVIII. lið, flyt ég ásamt sömu hv. þm. og ég nefndi nú síðast, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., till. um lítils háttar hækkun á framlagi til slysavarna, bæði til almennra slysavarna og til umferðarslysavarna. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þá till. mörgum orðum. Ég veit, að allir hv. alþm. hafa fullan skilning á því, að þarna er um mikið nauðsynjamál að ræða og þó að mjög verulegt sé gert nú þegar af hálfu Slysavarnafélags Íslands til þess að stemma stigu við slysum bæði á sjó og landi, þá er full þörf á að auka það starf enn að miklum mun.

Nokkrar aðrar till., einar þrjár, flyt ég með öðrum hv. alþm., en þar sem þeir hafa, að ég

hygg, þegar mælt með þeim till., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða þar um.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Ég var ekki viðlátinn, þegar hv. þm. Siglf. talaði hér á fundinum í kvöld. Hann mun hafa flutt rök sín fyrir því, þessi hv. þm., að hann taldi sér ekki fært að flytja till. þá, sem ég ásamt 3. landsk. þm. hef nú flutt á þskj. 305,VII, við 22. gr. fjárl., og okkur hafði verið falið af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar að flytja hér á Alþingi.

Hv. 3. landsk. þm., sem er meðflm. minn að þessari till., talaði hér áðan og tók á mjög rösklegan hátt svari Siglfirðinga, og færi ég honum mínar þakkir þar fyrir.

Ég mun ekki fara í neinar deilur við hv. þm. Siglf. um þetta mál, enda mun ræða hans ekki hafa gefið sérstakt tilefni til þess. Ég vil þó að gefnu tilefni upplýsa eitt eða tvö atriði nánar í sambandi við málið.

Hv. þm. Siglf. lét þess getið, að bæjarstjórn Siglufjarðar hafi skipt um skoðun í málinu. Hafi eitthvað gerzt í þá átt innan bæjarstjórnar Siglufjarðar, þá fullyrði ég, að það hafi ekki verið í þá átt að breyta um skoðun í málinu, heldur hitt, að bæjarstjórnin eða meiri hluti bæjarstjórnarinnar hafi breytt um orðalag þeirrar till., sem áður var búið að samþykkja í málinu, enda hefur ekkert það gerzt á Siglufirði, sem gæti forsvarað slíkan hringlandahátt hjá meiri hluta bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Í ræðu minni hér áðan las ég upp samþykktir bæjarstjórnarinnar frá 30. sept. s. l. Hinn 7. des. s. l. barst hv. þm. Siglf. og mér svo hljóðandi símskeyti, sem ég mun nú lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur í gær samþykkt öllum atkvæðum eftirfarandi: Í framhaldi af fyrri samþykkt bæjarstjórnar varðandi 4 millj. kr. framlag til atvinnuaukningar frá ríkissjóði samþykkir bæjarstjórn að óska eftir við þingmennina Einar Ingimundarson og Gunnar Jóhannsson, að þeir flytji hið fyrsta viðaukatill. við fjárlögin um 4 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til uppbyggingar atvinnulífsins í Siglufirði."

Ég veit, að hv. þm. Siglf. hefur aðra skoðun á þessu máli en ég. Hann telur, að önnur leið heppilegri sé til, sem tryggi framgang málsins, og hún sé sú að ræða við hæstv. ríkisstj. um málið og fá það þannig í gegn án stuðnings frá Alþingi. Það má vel vera, að hv. þm. Siglf. takist þessi leið. En þegar þannig stendur á eins og á þessum stað, sem er Siglufjarðarkaupstaður, þar sem ekkert er fram undan annað en algert hrun og stórkostlegur flótti úr bænum hingað suður á aðra byggilegri staði nú í bili, þá vil ég og tel rétt, að slíkt mál sé rætt fyrir opnum tjöldum, þannig að hv. Alþ. fái að vita, hvernig ástandið er. Það er ekkert bundið við Siglufjarðarkaupstað frekar en aðra staði, ef á öðrum stöðum væri líkt ástand eins og þarna er. Þetta er mín skoðun á málinu. Ég get svo gjarnan látið útrætt um þetta mál, nema sérstakt tækifæri gefist til frekari umræðna síðar meir.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Það gæti nú verið ástæða til að ræða nokkuð ýmsar þær till., sem fram hafa verið lagðar af einstökum hv. þm. í sambandi við fjárlfrv. nú við 3. umr., en ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, þótt ég hins vegar komist ekki hjá því að minnast á nokkur einstök atriði, sem hér hafa komið fram.

Það hafa ekki komið fram neinar aðfinnslur eða gagnrýni á till. fjvn. sjálfrar, eins og þær liggja hér fyrir, og þarf ég því ekki að svara neinu slíku. Hins vegar hefur af sumum hv. þm. verið að því vikið, að það hafi ekki verið gengið nógu langt um fjárveitingar til ýmissa þarfa, og eru, eins og gefur að skilja og verður auðvitað alltaf, skiptar skoðanir um það efni eftir því, hvað hver og einn telur vera mikilvægast. Hins vegar hlýtur það að vera verkefni fjvn. að reyna að jafna metin, eftir því sem unnt er, og fara þar milliveg og taka sem mest tillit til allra sjónarmiða og hagsmuna. Og vitanlega, þar sem um er að ræða fjárframlög til margvíslegra þjóðnytjamála, sem hér hefur verið drepið á af ýmsum hv. þm., þá er það ekkert sérstakt ánægjuefni fyrir fjvn. að þurfa að mæla gegn samþykkt slíkra till. Hins vegar hlýtur hún út frá sinni skyldu sem ábyrgur aðili að afgreiðslu fjárlaga að neyðast til þess að leggja gegn því, að samþykktar séu stórfelldar útgjaldatill. umfram það, sem hún hefur talið mögulegt að taka inn í fjárlfrv.

Ég mun svo ekki ræða þetta mál almennt, en víkja aðeins að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið hér.

Hæstv. menntmrh. tók það fram í ræðu sinni hér áðan, að hann liti svo á varðandi fjárveitingu til dvalarheimilis í Breiðuvík, að þar væri um áætlunarupphæð að ræða, og gerði því ráð fyrir, að það mætti búast við, að ef ekki reyndist auðið að reka heimilið fyrir þessa fjárveitingu, þá yrði að grípa til umframgreiðslu. Vitanlega getur það alltaf komið fyrir, að fjárveitingar til einstakra stofnana séu ekki nægilega rúmar og þær hafi verið skornar um of við nögl. Og ef það er ákveðið af ríkisvaldinu að halda slíkum stofnunum uppi, er auðvitað ekki um annað að ræða en greiða þá að einhverju leyti umfram til þeirra stofnana, eftir því sem viðkomandi ráðuneyti með samþykki fjmrn. telur óumflýjanlegt. Fjvn. hafði eftir athugun málsins talið, að þetta mundi væntanlega geta nægt. Ef hins vegar svo reyndist ekki, þá verður auðvitað hæstv. ríkisstj. að meta þær aðstæður, og meðan ákveðið er af ríkisstj. og Alþingi, að stofnunin skuli starfa, þá verður náttúrlega að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að svo geti orðið.

Þá vék hæstv. ráðh. einnig að því og beindi því til fjvn., hvort hún teldi eðlilegt að hafa áfram heimild í fjárlögunum varðandi kaup á bókasafni Þorsteins M. Jónssonar, þar sem þegar hefur verið ákveðið að kaupa safnið. Þetta var upplýsing, sem ekki hafði legið fyrir fjvn. Hins vegar sé ég ekki, að það skipti neinu meginmáli, þó að þessi heimild standi þarna áfram. Efnislega hefur hún enga þýðingu til frekari skuldbindinga í þessa átt.

Í till. frá hv. minni hl. fjvn. er lagt til að ráðstafa tekjuafgangi ríkissjóðs eða greiðsluafgangi, — það er nú orðað þar „tekjuafgangi", en væntanlega mun vera átt við greiðsluafgang, — á tiltekinn hátt. Hvort tveggja er þetta vitanlega góðra gjalda vert. En það var minnzt á það við 2. umr. málsins, að það mundi koma til kasta Alþ. að ráðstafa þeim greiðsluafgangi, þegar sýnt yrði, hver hann væri, og á þessu stigi, eftir upplýsingar þær, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið um það, að ekki sé þegar hægt að sjá það fyrir, þá verður að teljast mjög óeðlilegt að ráðstafa greiðsluafganginum á þennan hátt, og því ætti að geyma þá ráðstöfun, þangað til málið verður lagt hér fyrir Alþ., eins og lofað hefur verið að gera. Af þeirri ástæðu verður að telja óeðlilegt að samþykkja þessa tillögu.

Hv. þm. Barð. gagnrýndi meðferð fjvn. á 18. gr. Ég gat um það í minni ræðu hér áðan, og það var vikið að því af fjvn. hálfu á síðasta þingi einnig, að það væri vandræðafyrirkomulag á þessum málum. Hins vegar er mjög erfitt fyrir fjvn. sem slíka að gera grundvallarbreytingu á þessu. Til þess þarf miklu víðtækari athugun en henni er mögulegt að láta framkvæma, og verður vitanlega að gera ráð fyrir, að þetta verði að einhverju leyti tekið upp í sambandi við endurskoðun tryggingalöggjafarinnar. Hins vegar vil ég taka það fram, að varðandi útreikning launa hjá þeim mönnum, sem ákveðið er að skuli halda fullum launum, þá hefur ekki orðið nein ný skipan á þeim málum hjá fjvn. nú. Það hefur verið fylgt um það sömu reglum og áður hafa gilt og einnig á þeim tíma, þegar hv. þm. Barð. var formaður n. Ég vil einnig upplýsa, að það mun ekki vera alls kostar rétt, að þar sem talað er um, að menn skuli halda fullum launum, þá fái þeir að auki greiðslu úr lífeyrissjóði embættismanna, heldur er það dregið frá, þannig að samtals verði launin ekki hærri en þeir hefðu hlotið sem full embættislaun, þó að tekið sé tillit til lífeyrissjóðsgreiðslunnar.

Hv. 1. þm. Eyf. ræddi nokkuð almennt um afgreiðslu fjárlaga og gat þess m. a., að hann væri ekki alls kostar ánægður með fjárveitingar til ýmissa framkvæmda í sínu kjördæmi. Ég geri ráð fyrir, að það muni nú hjá flestum hv. þm. vera eitthvað svipað, að þeir hefðu gjarnan þegið að fá meira fé, bæði ég og aðrir. En það er nú eins og gengur, að það er mjög erfitt, þegar þarfirnar eru jafnmargar, að uppfylla óskirnar, og hefur því orðið að fara þá leiðina að skerða hjá öllum, og má enda segja, að það væri mesta réttlætið, ef allir væru annaðhvort mátulega óánægðir eða þá allir ánægðir. Verra væri, ef einhver væri sérstaklega ánægður. Mætti gera ráð fyrir, að þá hefði hallazt á í réttlætinu.

Fjvn. hefur ekkert við að athuga þá brtt., sem fram var lögð af hv. 5. þm. Reykv. og nokkrum öðrum hv. þm. varðandi fyrirkomulagsatriði á vali mynda á fyrirhugaða listsýningu í Róm. Það er engin efnisbreyting á liðnum, heldur aðeins í samráði við hæstv. menntmrh. lagt til, að Alþ. sjálft ákveði nánari skipan þessara mála.

Hv. 4. landsk. þm. vék nokkuð að fjvn. og vildi jafnvel gefa í skyn, að hún hefði takmarkaðan menningaráhuga vegna afstöðu hennar til brtt. hans um aukna styrki til ýmiss konar menningarstarfsemi á Siglufirði. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni hér áðan, að það hefði verið miklum vanda bundið að gera á þessu breytingar, nema þá að breyta mörgum liðum. Ég skal t. d. geta þess varðandi bókasöfnin, að það er 41 bókasafn, sem nýtur styrks, og ef það ætti að fara að raska því mjög og hækka einhvern aðila, þá væri erfitt að gera það án þess að hækka marga aðra. Þetta er vandræðafyrirkomulag, eins og ég einnig gat um áðan, og ástæðan til þess, að við ekki höggum við þessum fjárveitingum, er sú, að við höfum upplýsingar um það, að von sé á frv. um skipan þessara mála, bókasöfn og lestrarfélög, og er þess þá að vænta, að þessum fjármálum í sambandi við styrki til bókasafna og lestrarfélaga verði komið í fastara form, því að það er vitanlega töluvert mikið út í bláinn, hvernig þessum styrkjum er hagað nú. En það er síður en svo, að það hafi verið af andstöðu við bókasafn Siglfirðinga eða aðra aðila, að það var ekki talið fært að breyta þessu nú, heldur aðeins með hliðsjón af því, að við væntum þess, að betri skipan yrði fengin með sérstakri löggjöf, og töldum mjög erfitt, þar sem um svo marga aðila er að ræða, að fara að raska þessu varðandi örfáa af þessum aðilum.

Það er auðvitað einnig alltaf matsatriði, hvort það á að hækka styrki til einstakra leikfélaga og tónlistarskóla. Það eru þrír tónlistarskólar, sem hafa nú í frv. 10 þús. kr., og það var nokkuð erfitt um vik að fara að hækka einn þessara skóla án þess að hækka þá hina, og það eru 14 leikfélög, sem er veitt fé til, og þar af eru 10 þeirra með 3 þús. kr. Leikstarfsemi á Siglufirði hefur 4 þús. kr., og það þótti erfitt að fara að hækka þennan lið til eins kaupstaðar, meðan ekki var breyting á þessu varðandi aðra kaupstaði. Það er að vísu rétt, að það var hækkað til Leikfélags Akureyrar, og það byggðist, eins og ég áðan sagði, á sérstaklega mikilli starfsemi, sem það félag heldur nú uppi og hefur ráðizt í mjög dýra leiksýningu. En auðvitað er það alltaf álitamál, hvort á að gera slíkt eða ekki, að hækka styrki þannig hjá einstökum aðilum.

Hv. 8. landsk. þm. flutti hér áðan mjög hófsamlega ræðu fyrir till. þeirra þjóðvarnarmanna. Það er ein till. aðeins, sem þeir hafa nú lagt fram, þ. e. a. s. um fjárframlag til sementsverksmiðju, ef tekjur ríkissjóðs fara fram úr vissu marki á næsta ári, og jafnframt spurðist hann fyrir um það, af hverju andstaða hefði verið gegn till. þeim varðandi uppbyggingu atvinnulífsins, sem þeir þjóðvarnarmenn fluttu við 2. umr., og einnig óskaði hann upplýsinga um það, á hverju gæti byggzt andstaða gegn þessari till. nú. Ég gat þess við 2. umr., að það væri óeðlilegt við fjárlfrv. að fara að samþykkja sérstakar fjárveitingar til eflingar atvinnulífinu, þar sem hér lægju fyrir Alþingi nú mörg frv. um þetta efni og það mætti gera ráð fyrir því, að eitthvað af þessum frv. næði fram að ganga í einhverju formi. Og þar sem enn fremur sú till., sem þeir

fluttu þá, var bundin við það, að löggjöf yrði sett á þinginu einmitt um þetta efni, þá sýnist mér það liggja nokkuð ljóst fyrir, að eðlilegast sé þá einnig, að fjárveitingin sjálf sé ákveðin í þeirri löggjöf, en ekki alveg út í bláinn í því trausti, að síðar verði sett lög til þess að ákveða um þetta efni.

Ég verð einnig að segja það varðandi till. þjóðvarnarmanna nú, að vitanlega er það allra góðra gjalda vert og nauðsynlegt að koma upp sementsverksmiðjunni og það sem skjótast, enda er það eitt af stefnumálum stjórnarinnar að afla fjár til þess að koma verksmiðjunni upp og að því hefur verið unnið. Er óeðlilegt að fara að gera sérstakar ráðstafanir til fjárveitinga í því skyni umfram það, sem sá aðili, sem er að vinna að málinu, telur nauðsynlegt að gera, og því verð ég að álíta, að af þessum sökum sé óeðlilegt að fara að gera þessa ráðstöfun nú, þar sem hæstv. ríkisstj. er að vinna að málinu, framkvæmdir eru þegar hafnar og gera má ráð fyrir, að það verði reynt að hraða þeim svo sem frekast er kostur á. Enn fremur er það að athuga við þessa till., að þar er talað um það, að ef tekjur ríkissjóðs fari fram úr vissu marki, þá skuli viss hluti af tekjuafgangi eða greiðsluafgangi ganga til þessara þarfa. Í fyrsta lagi er nú nokkuð óeðlilegt að ráðstafa fyrir fram væntanlegum greiðsluafgangi ríkissjóðs svo langt fram í tímann, eða ári fyrir fram, því að ekki sést það fyrr en í árslok á næsta ári, hver greiðsluafgangurinn verður, þannig að það mundi aldrei koma til, að það væri hægt að nota þetta fé á næsta ári. Ekki er heldur sett undir það, ef svo kynni að fara, að útgjöld ríkissjóðs færu sem þessu næmi einnig fram úr áætlun. Nú má kannske segja, að það sé ekki hætt við, að svo verði, en það er nú erfitt að spá um það löngu fyrir fram. Ég held því eftir öllum atvikum málsins, að það sýni engan sérstakan illvilja til þessara mála, þó að þingið treysti sér ekki til þess að samþykkja þessar till. eins og þær liggja fyrir.

Hv. 1. þm. Árn. (JörB) talaði hér áðan fyrir till., sem hann ásamt samþingismanni sínum flytur. Ég vil aðeins minnast á eina þessa till., það er varðandi brúargerð á Andalæk svokallaðan. Hann lét þau orð falla, að það hlytu að vera aðrar ástæður, sem fjvn. hefði fyrir því að taka ekki upp þessa brú, en þær, að ekki væri brúar þörf á þessum stað, og það er vitanlega alveg rétt. Hinu er ekki að leyna, og það veit ég að hv. 1. þm. Árn. veit eins vel og ég og miklu betur af langri þingreynslu, að það er vitanlega á sviði brúargerða eins og ýmissa annarra samgöngumála í okkar landi, að það er ekki hægt að verða við nándar nærri öllum óskum um nauðsynlegar framkvæmdir og það mjög brýnar, eins og hann lýsti, á þessu sviði, og vitanlega hefði fjvn. mjög óskað eftir að geta tekið margar fleiri brýr upp á sínar till. en hún hefur gert. En það er eins í þessu efni og öðru, að það varð að binda sig við ákveðna fjárhæð. Hins vegar má auðvitað alltaf við því búast, að einstakir hv. þm. úr hinum ýmsu kjördæmum telji, að það hefði frekar átt að gera brú hjá sér heldur en annars staðar, og það er auðvitað erfitt að finna nokkurt það lögmál, sem komi í veg fyrir, að slíkar aðfinnslur verði fram bornar. Þetta veldur nú því, að fjvn. sá ekki möguleika til þess að taka þessa brú upp, en það stafar alls ekki af því, að n. væri ekki fullkomlega ljóst, að það væri mikil nauðsyn, að þarna kæmi brú.

Hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) skaut því sérstaklega fram varðandi till. sína um 10 þús. kr. fjárveitingu til viðhalds og ljósmyndunar illa farinna handrita, hvort fjvn. hefði kynnt sér það, að ekki væri þörf þessarar fjárveitingar. Það skal játað, að fjvn. hefur ekki sérstaklega kynnt sér það á milli umræðna. Hins vegar hefur ekki legið fyrir n. nein ósk frá landsbókasafninu um fjárveitingu í þessu skyni, en það verður að ætla, að þeir menn, sem þar eru, og þar eru margir starfsmenn, hljóti að fylgjast með þessum málum. Það hefur nú raunar aldrei á því staðið frá einstökum stofnunum, að það væri farið fram á það í nokkurn veginn tæka tíð, ef talin hefur verið þörf á fjárveitingum til einhverra þarfa, og ég vil ekki heldur ætla, að það muni hafa verið af landsbókasafninu talin sérstaklega brýn nauðsyn þessarar aukafjárveitingar, úr því að ekki var fram á hana farið. Hitt er alveg rétt hjá hv. flm., að það er auðvitað mikil nauðsyn að koma í veg fyrir, að handrit eða skjöl misfarist eða slitni upp og trosni, eins og hann lýsti hér, og ber brýna nauðsyn til þess að gera ráðstafanir í því efni. En þar sem hér er ekki um stærri fjárveitingu að ræða en þetta, þá vil ég aðeins á það benda, að landsbókasafnið hefur allháa fjárveitingu til bókbands og annarra þarfa sinna, þannig að ég geri ekki ráð fyrir, að það út af fyrir sig ráði úrslitum í málinu, hvort það fær þessar 10 þús. kr. eða ekki. En hitt vill fjvn. gjarnan gera, að vekja athygli menntmrn. á þessu máli og óska eftir því, að það verði athugað, hvort þarna sé á ferðinni einhver hætta á, að dýrmæt handrit fari forgörðum, því að að sjálfsögðu verður að koma í veg fyrir það.

Hv. þm. Snæf. minntist hér á, að fjvn. hefði ekki séð sér fært að taka upp fjárveitingu til sjóvarnargarðs í Ólafsvík. Hann upplýsti raunar sjálfur, hvaða ástæður lægju þessu til grundvallar. Það er, eins og hv. þm. skilja, ákaflega erfitt fyrir fjvn. að taka upp till. um fjárveitingar til framkvæmda, þar sem ekki eru fyrir hendi fullkomnar áætlanir sérfróðra manna um það, hvaða nauðsyn þarna er umbóta eða hvað þær muni kosta. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að mér skilst, að það geti komið til mála að sé vafaatriði a. m. k., hvort þetta tilheyri ekki að einhverju leyti hafnargerðinni. Allt þetta verður að sjálfsögðu að athuga. Hins vegar er það ljóst, og ég tek undir það með hv. þm. Snæf., að vitanlega ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir, að þarna verði landbrot til tjóns. Auðvitað ber ríkissjóði að styrkja framkvæmdir í því efni, eins og gert er annars staðar. En þetta er sem sagt ástæðan fyrir því, að fjvn. hefur ekki til þessa treyst sér til að leggja til ákveðin fjárframlög í þessu skyni, en ekki af því, að hún sé andvíg því, að þetta verk sé unnið.

Hv. þm. Snæf. hefur einnig lagt hér fram smávægilega brtt. um hækkun á styrk til lúðrasveitar Stykkishólms. Það er nú eina lúðrasveitin, eins

og hann gat um, sem ekki fékk hækkaða fjárveitingu, og án þess að ég geti þar um talað í umboði n., þykir mér ekki ósennilegt, að slík ósk hefði mætt þar fullkomnum skilningi og samþykki, ef hún hefði legið fyrir, en það lá ekki fyrir n. ósk um að hækka þetta framlag.

Þá hefur einnig af hv. þm. Snæf. verið lögð hér fram till. um fjárveitingu til brúar á Mjósund í Helgafellssveit. Beiðni um þetta lá fyrir fjvn. En það var samkv. upplýsingum frá vegamálaskrifstofunni talið, að það ætti að greiða kostnað við hana úr brúasjóði, og af þeim ástæðum var hún ekki tekin upp í frv. frekar en aðrar brýr, sem þannig er ástatt með.

Þá er einnig lagt til af þeim hv. þm. Snæf. og hv. þm. Dal., að 300 þús. kr. fjárveiting verði tekin upp til Heydalsvegar. Þetta mál lá einnig fyrir fjvn., og taldi n. sér ekki fært að verða við ósk um að leggja fram fé í þetta sinn til þeirra framkvæmda.

Það hafa hér orðið nokkrar umr. um till., sem flutt er af hv. 4. landsk. þm. um að veita Siglufjarðarkaupstað allt að 4 millj. kr. framlag til þess að byggja upp atvinnulíf í kaupstaðnum. Það er engum efa bundið, að þarna er við mjög mikla erfiðleika að stríða, svo sem öllum er kunnugt. Hins vegar held ég eftir atvikum málsins, að það muni reynast erfitt að fá um það samkomulag að afgreiða út af fyrir sig fjárveitingu til þessa kaupstaðar, þar sem upplýst er og hv. þm. hafa á það hlýtt úr mörgum áttum, að það væru mikil vandræði í ýmsum kaupstöðum úti á landi. Og það er vitanlega alltaf dálítið erfitt um það að segja, hvar ástandið er erfiðast, jafnvel erfitt að fullyrða um það, að það sé verra á Siglufirði en alls staðar annars staðar, þó að það vitanlega sé þar mjög slæmt af eðlilegum ástæðum. En ég hygg nú samt, að það muni reynast vænlegra til framdráttar málinu, eins og hv. þm. Siglf. vék að, að reyna að vinna að því eftir öðrum leiðum en þeim að hugsa sér, að samkomulag geti náðst um að einangra hátt fjárframlag til þessa kaupstaðar, án þess að það verði þá ákveðið um leið framlag til ýmissa annarra kaupstaða á landinu, sem við hliðstæða örðugleika eiga að stríða. Af þeim sökum hygg ég að verði erfitt að ná samkomulagi um samþykkt þessarar till., enda þótt ég sé ekki með því á minnsta hátt að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem Siglfirðingar eiga við að stríða.

Þá vil ég aðeins benda á till., sem borin er fram af hv. 10. landsk. þm., að heimila ríkisstj. að verja til hafnarbóta í Sandgerði 2 millj. kr. án mótframlags úr hafnarsjóði. Það er alveg rétt, að þarna er mjög mikil þörf á miklum og skjótum hafnarframkvæmdum, ekki sízt vegna útgerðar aðkomubáta þar. En það verður nú samt að teljast mjög hæpið og raunar ógerlegt að ákveða í heimildagrein fjárlaga fjárveitingu sem þá, sem þarna er gert ráð fyrir. Það mál verður að íhugast miklum mun betur og líklegt, að erfitt verði að fá samkomulag um að afgreiða þetta mál algerlega út af fyrir sig á þennan hátt, þótt þarna sé, eins og ég sagði, tvímælalaust um mjög mikla nauðsyn að ræða.

Hér á síðustu klukkustundum hafa birzt till. frá nokkrum hv. þm., þar sem um er að ræða allmyndarleg fjárframlög til ýmissa framkvæmda, allra án efa mjög nauðsynlegra, og hv. flm. hafa hér talað rækilega fyrir þessum till. og útskýrt, hvílík nauðsyn væri á því að fá þessar fjárveitingar, sem þar um ræðir. Ég vil nú samt láta í ljós nokkra undrun yfir því, að þessum till. skuli vera varpað hér inn á síðasta stigi málsins, þær nema samtals 5 millj. kr. Þetta eru að vísu allt heimildarliðir, en það hefur skýrt verið tekið fram af hæstv. fjmrh., að hann telji ekki mögulega á því að leggja á ríkissjóð hærri útgjöld á næsta ári en gert er ráð fyrir í frv. sjálfu og þeim till., sem meiri hl. fjvn. eða fjvn. í heild hafa flutt. Því hygg ég, að það sé nokkuð langt gengið að hugsa sér að samþ. nú, án þess að hafi gefizt kostur á að athuga það mál í fjvn. á hinn minnsta hátt, framlög, sem nema samtals 5 millj. kr. Skal ég ekki gagnrýna neitt þær röksemdir, sem fram hafa verið fluttar fyrir nauðsyn allra þessara framlaga, en ég hygg, án þess, eins og ég segi, að fjvn. hafi gefizt kostur á að rannsaka málið, að mér sé óhætt að taka fram, að n. mundi ekki telja sér fært að mæla með samþykkt þessara till. eins og öll atvik málsins eru. Það eru auðvitað ótalmargar óskir, sem bæði fjvn. og margir hv. þm. munu hafa um ýmiss konar framlög, einnig í þessu skyni, sem hér hefur verið lagt til, en ekki talið mögulegt með hliðsjón af afkomuhorfum ríkissjóðs að taka upp, enda virðist nú sem svo, að sumar af þessum till. ættu frekar heima í sérstökum lögum og nauðsyn muni vera að setja um það skýrari ákvæði, hvaða hugmyndir og hugsun menn hafi um það, hvernig eigi að verja þessu fé. Af þeim sökum tel ég á þessu stigi málsins að ekki sé möguleiki til að mæla með, að þessar till. verði samþ.

Ég endurtek það, sem ég sagði í ræðu minni áðan, að fjárlfrv. er nú þannig úr garði gert, ef gert er ráð fyrir, að brtt. fjvn., sem n. öll stendur að, verði samþ., að þá er aðeins um að ræða greiðsluafgang á sjóðsyfirliti frv., sem nemur 1 millj. kr. Hygg ég, að allir hv. þm. muni vera mér sammála um, að það sé naumast möguleiki til að afgreiða fjárlög, ef þau eiga að teljast greiðsluhallalaus, með öllu minni greiðsluafgangi en hér er gert ráð fyrir.

**Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Það voru fyrst og fremst örfá orð vegna fyrirspurna frá hv. þm. Barð. (GíslJ) til samvn. samgm., sem ég vildi segja. Hv. þm. spurði um það, hver afstaða n. væri til tveggja atriða, er fram komu í álitsgerð forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem fylgir áliti n. sem fylgiskjal.

Var fyrra atriðið varðandi till. forstjórans um skipulag flóabátaferða um norðanverðan Breiðafjörð, en hið síðara í sambandi við rekstur Faxaflóasamgangna.

Ég vil fyrst segja það, að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins er n. fyrst og fremst til aðstoðar við öflun upplýsinga um rekstur og hag flóabátanna. Hann getur að sjálfsögðu haft sínar persónulegu skoðanir á ýmsum atriðum í sambandi við rekstur þeirra samgöngutækja, sem hér um ræðir, og samvn. þarf engan veginn að

vera sammála öllu því, sem fram kemur í hans álitsgerð. Hins vegar vil ég segja það, að milli n. og forstjórans hefur, svo lengi sem ég man til, yfirleitt verið ágæt samvinna. En varðandi þessi tvö atriði, sem hv. þm. Barð. minntist á, vil ég segja þetta:

Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur í sínu áliti rætt um nýjar leiðir til að haga eftir ferðum um norðanverðan Breiðafjörð. Álit n. ber það með sér, að hún hefur ekki fallizt á þær till. Hún hefur tekið til greina mótmæli Flateyinga gegn því, að Stykkishólmsbátnum yrðu faldar ferðir um norðanverðan Breiðafjörð, og tekið þar með til greina þau rök, sem Flateyingar hafa flutt fyrir þessu. Á þessu stigi málsins hefur n. gert þetta. Ég skal ekkert segja um það, hvað verða kann í framtíðinni. Það má vel vera, að ástæður breytist þannig, að skynsamlegt þyki og rétt að láta eitt skip annast flóabátaferðir um allan Breiðafjörð.

Um síðara atriðið, hvernig hagað hafi verið afgreiðslu skipa hér, m. a. af hálfu h/f Skallagríms, þá hefur n. ekki tekið neina afstöðu til þess, enda snertir það nánast ekki hennar verkahring.

Ég held svo, að með þessu sé svarað fsp. hv. þm. Barð. En ég vildi aðeins leyfa mér, þegar ég hef sagt þetta fyrir hönd n., að minnast lítillega hér á eina nýframkomna brtt. Það er brtt. sú, sem hv. þm. N-Þ. og hv. þm. V-Ísf. hafa flutt á þskj. 317 um að heimila ríkisstj. að verja allt að 2 millj. kr. til að stuðla að aukningu útgerðar, þar sem afla skortir til vinnslu í fiskiðjuverum. Um þessa till. hef ég að sjálfsögðu ekkert að segja nema gott eitt. Það er alveg rétt, að það er mikil nauðsyn á því að auka útgerð víða og það skortir víða afla til vinnslu í þeim fiskiðjuverum, sem fyrir eru. En ég vil benda á í þessu sambandi, að það skortir ekki einungis skip til þess að afla aukins hráefnis víða í sjávarþorpum, heldur ekki síður fiskiðjuver til þess að vinna úr afla þeirra skipa og báta, sem þegar eru fyrir hendi á einstökum stöðum. Ég held þess vegna, að þótt þessi till. sé góðra gjalda verð, þá nái hún helzt til skammt, þar sem víða mun ekki minni nauðsyn á því að leggja rækt við þessa grein atvinnubóta, er ég nú nefndi.

En annars vildi ég segja það, að ég hefði gert ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. flytti heildartill. um það, hvernig snúizt yrði við atvinnuvandamálum og erfiðleikum einstakra byggðarlaga víðs vegar um land. Fyrir hv. Alþingi liggja nú frv. og till. um þessi efni, þar sem gert er ráð fyrir róttækum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir stórkostlega áframhaldandi jafnvægisröskun í landinu. Ég verð að segja það, að þótt þessi till. sé góðra gjalda verð, þá nær hún þó örskammt í þá átt, sem nauðsyn er að farið verði á þessu þingi, að veita mikið fjármagn til varanlegra atvinnubóta í sjávarþorpum og kaupstöðum landsins, kaupa á togurum og fiskibátum og byggingar fiskiðjuvera. Þetta er svo stórbrotið verkefni og svo nauðsynlegt, að það verði leyst, að ég held, að við, sem styðjum núverandi hæstv. ríkisstj., verðum að treysta því, að þessu þingi ljúki ekki svo, að ekki verði stigin stór spor í þessum málum. Ég held, að ég geti sagt það, að í minum flokki höfum við almennt gert ráð fyrir því, að þessi mál mundu verða tekin til ýtarlegrar yfirvegunar af ríkisstj., áður en þingi lýkur, og bornar fram raunhæfar till. um aðgerðir til úrbóta. Enda þótt ég taki vel öllum till., sem ganga í þá átt að snúast við þeim vanda, sem mörg byggðarlög nú eiga við að stríða, þá yrðu mér það mjög mikil vonbrigði, ef þetta yrði ef til vill það eina, sem ætti að gera til þess að snúast við þeim mikla vanda, sem heilir landshlutar standa gagnvart og varðar vissulega þjóðina í heild.

Þetta vildi ég láta fram koma nú við síðustu umr. fjárlaga; og það, að ég og ýmsir fleiri höfum ekki hafizt handa um flutning till. um þessi mál, sprettur eingöngu af því, að við höfum treyst því og treystum því enn, að hæstv. ríkisstj. hafi þessi mál öll í deiglunni og muni leggja fram um þau sínar sjálfstæðu till., áður en þingi lýkur.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Það var hér í kvöld rætt um till., sem borin er fram af nokkrum hv. þm. um styrk til neytendasamtakanna. Ég held, að ég segi ekki frá neinu leyndarmáli, þó að ég skýri frá því, að ég stend í þeirri meiningu, að fjvn. hafi ætlað að afgreiða þá till. jákvætt, en hún hafi verið lögð til hliðar í bili og síðan hafi n. aldrei tekið þessa till. fyrir aftur. Ég hygg því, að það sé rétt, sem ég nú segi, að hv. fjvn. hugðist afgreiða þetta mál jákvætt.

En ég kvaddi mér þó hljóðs aðallega til þess að ræða um annað mál, í sambandi við 18. gr., sem hér bar mjög á góma rétt áðan í umr. Og það, sem ég vildi í sambandi við 18. gr. segja, var ekki um að bera fram till. um neina fjárveitingu til neins einstaklings í viðbót við það, sem þegar er gert, heldur vildi ég freista þess að tryggja, að þær upphæðir, sem mönnum hafa verið veittar á 18. gr., yrðu ekki skertar, heldur staðið við þau verk, sem fjvn. hefur látið frá sér fara um fjárveitingar til manna samkv. þessari gr. En nú mun það vera þannig um þá, sem fá ýmsar smáupphæðir samkv. 18. gr. og eiga jafnframt að fá einhverjar greiðslur samkv. lögum um almannatryggingar, t. d. ellilífeyri eða örorkulífeyri, að smáupphæðin, sem viðkomandi á að fá á 18. gr., er dregin frá þeim greiðslum, sem hann á að fá samkv. tryggingalöggjöfinni, og hann fær þannig í raun og veru ekkert út úr smáupphæðinni, sem hann hefur fengið á 18. gr. Þetta finnst mér vera alveg óviðunandi ranglæti og ástand, sem verði að leiðrétta, og hugðist gera það með svo hljóðandi tillögu:

Við greinina komi svo hljóðandi athugasemd:

Nú á einhver aðili, sem styrks nýtur samkv. 18. gr., að fá bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, og má þá ekki skerða þær greiðslur, ef styrkupphæðin á 18. gr. er ekki hærri en 8 þús. kr.

Mér finnst alveg óviðunandi, að niður falli lögmæt greiðsla úr tryggingunum við það, að ætlunin sé hjá Alþingi að heiðra einhvern mann fyrir langa þjónustu með einhverri smáupphæð á 18. gr. fjárlaga, og sé ekki neina skynsemd í því. Ætlaði ég þess vegna að fyrirbyggja

þetta með þeirri till., sem ég nú las, en nú hefur mér verið bent á, að þetta misrétti byggist á atriði í tryggingalöggjöfinni sjálfri, í 13. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem við gildistöku laga þessara njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé a. m. k. jafnmikill og lífeyrir samkv. 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef ellilífeyrir eða eftirlaun ná ekki þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, enda hafi hann náð tilskildum aldri."

Eftir að mér hefur verið bent á þetta, þá er mér ljóst, að það fæst ekki leiðrétting á þessu misrétti nema með því að bera fram till. í sambandi við tryggingalöggjöfina, — en hún mun væntanlega koma hér til umr. á morgun í hv. Nd., — og þá á þann veg, að niður falli þetta ákvæði. Að vísu segir þarna, að aðeins þeir, sem við gildistöku tryggingalaganna njóti lífeyris eða eftirlauna, skuli missa réttar, ef þeir fá greiðslur úr öðrum opinberum sjóðum, en þetta mun hafa verið túlkað þannig af stjórnarráðinu, að það ætti að ná til allra.

Ég hverf því frá að bera fram þessa brtt., sem ég hafði ætlað mér að leita hér afbrigða fyrir og freista að fá samþykkta til þess að fyrirbyggja þetta misrétti á framkvæmd 18. gr., og læt þar með lokið máli mínu, en mun hins vegar reyna að bera fram brtt. við tryggingalöggjöfina, þegar hún kemur hér á dagskrá á morgun. Ég held, að þó að ákvæði séu sett til þess að vernda þessar smáupphæðir á 18. gr., þá geti það ekki skakkað stórri upphæð hjá Tryggingastofnuninni, enda má hún ekki spara sér fé á hlutum eins og þessum, þó að hún auðvitað verði að gera það meðan ákvæði eru um það í lögum.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég sé mig knúinn til að segja hér út af því, sem hv. 3. landsk. og hv. 4. landsk. hafa sagt viðkomandi því, sem ég sagði áðan í máli mínu í sambandi við brtt., sem þeir hafa flutt á þskj. 305.

Hv. 3. landsk. sagðist ekki hafa getað skilið orð mín öðruvísi áðan, þegar ég talaði hér, heldur en ég hafi talað á móti þessari till. Þetta er reginmisskilningur hjá hv. þm., og annaðhvort hlýtur hann að hafa tekið rangt eftir þessu eða um rangtúlkun er að ræða hjá honum í þessu tilfelli. Í máli mínu hér í kvöld gerði ég aðeins grein fyrir því, hvers vegna ég hefði ekki flutt till. þá, sem hv. 4. landsk. og hv. 3. landsk. flytja á þskj. 305 um stórfellda og þarfa aðstoð við uppbyggingu atvinnulífsins á Siglufirði.

Hv. 4. landsk. gat þess í framsögu sinni hér fyrir þessari till., að bæjarstjórn Siglufjarðar hefði á sínum tíma gert samþykkt um að fela okkur að flytja till. þess efnis, sem hv. 4. landsk. nú hefur gert. En hv. þm. gat þess ekki í sinni ræðu, að bæjarstjórn Siglufjarðar hefur síðan breytt þessari samþykkt sinni, þannig að hún leggur það algerlega á okkar vald, hvernig við vinnum að framgangi þessa máls. Ég taldi alveg nauðsynlegt að geta um það í máli mínu hér í kvöld, hvers vegna það væri, að ég flytti ekki einnig þessa till., þar sem annars hefði litið þannig út, að ég hefði skorazt undan að flytja þessa till., sem bæjarstjórnin hafði falið okkur að gera. En eins og hv. 4. landsk. mun vera kunnugt um, — það er slæmt, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur, — er fjarri því, að ég hafi nokkru sinni skorazt undan að flytja þessa till., þó að ég teldi aðra leið vænlegri til árangurs en að koma með slíka till. inn í þingið. Það, sem skilur því á milli hjá okkur hv. 4. landsk., er aðeins það, að ég tel heppilegra og vænlegra til árangurs, að að þessu máli verði unnið beint við ríkisstjórnina, en hann telur vænlegra að flytja till. um þetta nú við afgreiðslu fjárlaganna. Og ég vil alveg sérstaklega geta þess, að ég undirstrika allt, sem hv. 4. landsk. tók fram í sinni framsögu fyrir till., og eins og ég gat um í máli mínu áðan, þá mun ég greiða þessari till. hans og hv. 3. landsk. atkvæði og öllum öðrum till. hv. 4. landsk., sem varða Siglufjörð.

**Forseti (JörB):** Þá hefur enginn kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. — Í sambandi við lok umræðunnar vil ég geta þess, að samkomulag hefur orðið milli stjórnarinnar og hennar flokka og andstöðuflokka stjórnarinnar um, að svokallaðar eldhúsumræður falli niður við meðferð fjárlaga, en fyrirhugað er, og um það mun einnig samkomulag, að almennar stjórnmálaumræður fari fram, þegar þingið kemur saman eftir áramótin, einhvern tíma þegar hentugt þykir, að slíkar umræður fari fram, og verður vitaskuld samkomulag um það atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 17. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 269,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 269,2 samþ. með 31:8 atkv.
— 269,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 269,4 samþ. með 33:6 atkv.
— 284,1 felld með 30:13 atkv.
— 269,5—7 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 305,I felld með 28:17 atkv.
— 305,I. varatill. felld með 25:18 atkv.
— 269,8 samþ. án atkvgr.
— 305,II felld með 27:11 atkv.
— 269,9 samþ. án atkvgr.
— 297,I tekin aftur.
— 271,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 269,10 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 269,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 297,II felld með 27:13 atkv.
— 297,III felld með 28:13 atkv.
— 284,2 felld með 28:13 atkv.
— 269,12—13 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 284,3 felld með 29:13 atkv.
— 269,14—16 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 284,4 felld með 30:13 atkv.
— 269,17—19 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 309,I samþ. með 28 shlj. atkv.
— 297,IV felld með 25:13 atkv.
— 297,V felld með 28:12 atkv.
— 269,20 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 297,VI felld með 28:14 atkv.

Brtt. 269,21 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 297,VII felld með 28:15 atkv.
— 297,VII. varatill. felld með 25:14 atkv.
— 269,22—26 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 297,VIII samþ. með 39 shlj. atkv.
— 297,IX kom ekki til atkv.
— 281,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 297,X felld með 28:13 atkv.
— 269,27 samþ. með 33:1 atkv.
— 269,28 samþ. með 26:12 atkv.
— 297,XI felld með 29:12 atkv.
— 269,29 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 297,XII.1 felld með 27:12 atkv.
— 269,30.a samþ. með 34 shlj. atkv.
— 297,XII.2 felld með 29:15 atkv.
— 297,XIII samþ. með 28:8 atkv.
— 269,30.b—d samþ. með 39 shlj. atkv.
— 317,I samþ. með 28:6 atkv.
— 269,30.e—f samþ. með 36 shlj. atkv.
— 269,31—32 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 269,33.a felld með 25:23 atkv.
— 269,33.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 281,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 297,XIV felld með 26:14 atkv.
— 281,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 309,II samþ. með 30:2 atkv.
— 269,34.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 297,XV felld með 26:15 atkv.
— 269,34.b—c samþ. með 33:1 atkv.
— 269,35—37 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 297,XVI felld með 31:12 atkv.
— 297,XVI. varatill. felld með 32:12 atkv.
— 281,4 samþ. með 26:2 atkv.
— 269,38—42 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 297,XVII felld með 30:13 atkv.
— 281,5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 297,XVIII felld með 27:14 atkv.
— 269,43 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 305,III samþ. með 25:17 atkv.
— 269,44—47 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 269,48 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 281,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 297,XIX samþ. með 29:4 atkv.
— 269,49 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 309,III felld með 28:13 atkv.
— 317,II felld með 32:10 atkv.
— 303,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 269,50 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 297,XX.1 felld með 27:12 atkv.
— 297,XX,2 felld með 29:13 atkv.
— 297,XXI samþ. án atkvgr.
— 281,7 samþ. með 29:6 atkv.
— 269,51 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 305,IV samþ. með 26:10 atkv.
— 269,52 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 281,8—9 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 297,XXII felld með 32:10 atkv.
— 310 tekin aftur.

Áður en brtt. 297,XXIII kæmi til atkv., mælti

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Með því að ekki þykir nægilega upplýst, með hvaða verði og með hvaða kjörum hægt sé að semja um það bókasafn, sem hér um ræðir, og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. afli sér þeirra upplýsinga, svo að það liggi nánar fyrir, þá leyfi ég mér að taka þessa till. aftur.

Brtt. 297,XXIII tekin aftur.
— 269,53 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 297,XXIV samþ. með 31 shlj. atkv.
— 297,XXV tekin aftur.
— 317,III felld með 28:14 atkv.
— 269,54 samþ. með 36:2 atkv.
— 284,5 felld með 35:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GÍG, GJóh.

**nei:** GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, JörB.

EI greiddi ekki atkv.
2 þm. (JJós, FRV) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Hermann Jónsson:** Herra forseti. Í trausti þess, að ríkisstj. ráðstafi ekki fé þessu án þess, að Alþingi taki nánari ákvarðanir um málið, segi ég já. (Gripið fram í.) Ég er með henni í trausti þess, að ríkisstj. ráðstafi því ekki nema leggja nánar fyrir Alþ., hvernig ráðstafa skuli fénu.

**Bernharð Stefánsson:** Þar sem ég sé ekki, hvar á að taka þessar 60 millj. kr., sem hér er um að ræða, virðist mér þessi till. borin fram í fullkomnu ábyrgðarleysi og segi nei.

Brtt. 317,IV felld með 29:14 atkv.
— 271,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 305,V samþ. með 30 shlj. atkv.
— 309,IV felld með 28:3 atkv.
— 269,55 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 305,VI felld með 29:14 atkv.
— 269,56 samþ. með 27:5 atkv.
— 305,VII felld með 35:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EI, EOl, EmJ, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG.

**nei:** JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JörB.

2 þm. (FRV, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 269,57—58 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 317,II. varatill. felld með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KGuðj, LJós, SG, HJóns, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG.

**nei:** JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JörB.

2 þm. (FRV, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 309,V felld með 28:14 atkv.
— 303,2 samþ. með 31:1 atkv.
— 297,XXVI felld með 35:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, LJós, SG, HJóns, EggÞ, GilsG.

nei: GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EystJ, GíslG, GíslJ, JörB.

KGuðj, BrB, EOl, EirÞ, EmJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, FRV) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 323).

## 16. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau** [95. mál] (stjfrv., A. 157).

Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég tel rétt að segja aðeins örfá orð hér við 1. umr. þessa frv. á þskj. 157, en það er, eins og hæstv. forseti lýsti, frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Forsaga þessa máls er sú, að ég mun hafa lýst því yfir um þetta leyti í fyrra eða einhvern tíma fyrir áramótin hér á Alþ., að á þessu ári mundi verða skipuð n. til að endurskoða lögin um almannatryggingar í heild. Þessi ráðstöfun var sjálfsögð af ýmsum ástæðum og þó ekki sízt vegna þess, að í lögunum sjálfum er í raun og veru reiknað með, að ýmis ákvæði falli niður við lok ársins 1954, og lögin virtust vera þannig gerð í upphafi, að þá væri gert ráð fyrir nokkurs konar allsherjarendurskoðun á þeim, þó að það væri ekki tekið skýrt fram. Ríkisstj. varð svo ásátt um að skipa slíka n., og var það gert í maí í vor. Í þeirri n. eiga sæti Hjálmar Vilhjálmsson skrifstofustjóri í félmrn., og er hann form. nefndarinnar, og með honum eru þeir Gísli Guðmundsson alþm., Gunnar Möller form. Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Kjartan J. Jóhannsson alþm. og Haraldur Guðmundsson alþm. og forstjóri almannatrygginganna.

Þessi n. hefur nú starfað í sumar og hefur m. a. samið það frv., sem hér liggur fyrir, og hefur orðið ásátt um frv. í þeirri mynd, sem það er nú. Hins vegar á mjög langt í land, eftir því sem nm. hafa tjáð mér, að störfum n. sé lokið um allsherjarendurskoðun á allri almannatryggingalöggjöfinni. Þess vegna var að sjálfsögðu nauðsynlegt að framlengja þau ákvæði laganna, sem niður mundu annars falla nú um þessi næstu áramót, og auk þess að gera vissar aðrar bráðabirgðabreytingar. Þetta frv. er því fram borið af þeim ástæðum.

Ég vænti þess, að fyrir næsta Alþ., aðalþingi 1955, geti legið frv. frá þessari n. um allsherjarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni. En fyrr getur það alls ekki orðið en næsta haust. Það er alveg auðséð.

Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til þess að fara að rekja hér þær framlengingar og breytingar, sem felast í þessu frv. Það eru glöggar athugasemdir, sem fylgja því, og geta hv. alþm. að sjálfsögðu þess vegna kynnt sér það og hafa sennilega þegar gert það. Hins skal ég aðeins geta í þessu sambandi, að það hefur sýnt sig árlega að undanförnu, að almannatryggingarnar berjast í bökkum hvað fjárráð snertir, með þeim tekjum, sem þeim hafa verið markaðar í löggjöfinni, og svo með þeirri framvindu málanna að öðru leyti, sem orðið hefur hér.

Nú bendir n. á það hér í athugasemdum sínum við frv., að eftirstöðvar tryggingasjóðs hafi í árslok 1952 að vísu numið í kringum 12 millj. kr., en á árinu 1953 hafi hallinn orðið nálægt 2 milljónum, og á yfirstandandi ári telur n. að samkv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins megi gera ráð fyrir nálægt því 5 millj. kr. halla, og gæti þá svo farið, að samkv. þessu yrðu eftirstöðvar tryggingasjóðs nú um næstu áramót aðeins í kringum 5 millj. kr. Nú hefur að vísu verið tekin inn í fjárlfrv. 5 millj. kr. aukagreiðsla til trygginganna. N. leggur hins vegar til, að auk þessara fimm milljóna verði framlag á fjárlögum hækkað um 1½ millj., og eru þær till. n. hér í grg. frv. Í sjálfu frv. er ekkert komið inn á þetta atriði.

Ég taldi rétt að minna á þetta nú um leið og frv. er lagt fram, að þetta verður að sjálfsögðu að gerast upp hér á Alþingi eins og annað, er snertir fjárlög, hvort það verða látnar nægja þær 5 millj., sem nú eru komnar inn á fjárlagafrv., eða framlag ríkissjóðs verður aukið. Það hefur verið talið við endurskoðun á greiðslum þeirra aðila, sem bera uppi gjöldin til almannatrygginganna, að ríkissjóður hafi raunverulega ekki greitt fyllilega það, sem honum bar samkv. því, sem í upphafi var ákveðið í þessum efnum, og væri því hér raunverulega um nokkurs konar endurgreiðslu að ræða af hálfu ríkissjóðs, a. m. k. að einhverju leyti, hvað þessa upphæð snertir, fyrir það, sem vangreitt hefði verið. Ég skal ekki að þessu sinni fara inn á það atriði, en taka aðeins fram frá mínu sjónarmiði, að það, sem gert verður til þess að tryggja rekstur almannatrygginganna fjárhagslega næsta ár, meðan endurskoðunin stendur yfir, skapar ekki neinn nýjan grundvöll um greiðslu þeirra aðila, sem greiða gjöld til almannatrygginganna. Þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, gerð nú meðan á endurskoðun almannatryggingalaganna stendur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að öðru leyti inn á þær breytingar og framlengingar, sem frv. ber með sér. Ég vænti þess, að hið háa Alþingi geti í meginatriðum orðið sammála um þetta frv., sem er aðeins bráðabirgðaráðstafanir, meðan hin mikla endurskoðun stendur yfir.

Ég sé ástæðu til þess að geta þess að lokum, að eftir að n. var skipuð í maí í vor, komu á fund minn konur frá félögum kvenna og voru óánægðar með það, að ekki hefðu konur verið skipaðar í þessa nefnd, sem þær færðu mörg rök fyrir að eðlilegt væri að fjölluðu einmitt um endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar. Ríkisstj. hefur nú fjallað um þetta atriði og orðið ásátt um að bæta 2 konum í þá nefnd, sem

skipuð var í vor. Þetta hefur ekki verið gert enn, m. a. af því að starf n. liggur að nokkru leyti niðri nú. Það hefur verið unnið að því að safna upplýsingum, og þetta frv. liggur hér fyrir Alþingi. En ríkisstj. mun skipa tvær konur í þessa n. einhvern tíma fyrir næstu áramót, og mun n. þá, eins og hún þá verður orðin, 7 manna nefnd, starfa að endurskoðuninni áfram.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari 1. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Það voru aðeins tvö atriði, sem ég vildi minnast á, áður en málið fer til n., og biðja n. að athuga þau. Annað atriðið er það, að ég vildi gjarnan athuga, hvort mætti ekki breyta þessu um trygginganefndirnar, sem um getur í 4. gr. þessa frv. og 11. gr. laganna. Þessi trygginganefnd er þung í vöfum, og ég tel ekki, að hún geri mikið gagn, og vil jafnvel segja, að hún geri ekkert gagn. Ég veit ekki, hvaða fyrirkomulag væri bezt að hafa á þessu, en mér hefur nú dottið í hug, hvort það væri ekki rétt að láta prestana athuga þetta, koma í stað nefndanna að einhverju leyti. Ég segi það vegna þess, að ég hef dálitla reynslu fyrir því úr Austur-Skaftafellssýslu, að hinn látni prófastur gegndi þessu starfi fyrir trygginganefnd þar allan tímann, sem hann lifði, og af hinni mestu prýði. Ég hygg þess vegna, að það gæti verið athugandi, hvort ætti ekki einhvern veginn að koma sömu skipan á annars staðar.

Hitt atriðið var í sambandi við þýzkar konur, sem eru giftar íslenzkum ríkisborgurum. Alþingi sýndi nú það frjálslyndi síðast að synja þessum konum um íslenzkan ríkisborgararétt. Ég hygg, að þessar konur séu nú alveg réttlausar gagnvart tryggingunum, fái engar bætur þaðan, ekki fæðingarstyrk eða neinar aðrar bætur, og ef Alþingi ætlar að halda áfram að synja þessum konum um ríkisborgararétt þangað til einhvern tíma eftir svo og svo mörg ár, þá hygg ég, að það væri rétt að veita þeim þó einhver réttindi í þessum lögum.

Þetta vildi ég að n., sem um þetta fjallar, vildi einnig athuga.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. tók fram, þá er í raun og veru hér ekki að ræða um neinar verulegar breytingar á lögunum, heldur yfirleitt framlengingu á gildandi ákvæðum, vegna þess að ýmis þýðingarmikil atriði laganna eiga að óbreyttu að falla úr gildi við lok þessa árs og nauðsyn bar til að framlengja þau, meðan endurskoðuninni ekki væri lokið.

Að því er fjárhag trygginganna snertir, þá vil ég bæta því við það, sem hæstv. ráðherra sagði, að það er útlit fyrir, að tekjuhalli trygginganna á næsta ári verði í kringum 8 millj. kr., sem stafar að mestu af því, hversu gífurleg fjölgun er á elztu og yngstu árgöngunum, ef svo mætti segja. Barnsfæðingum hefur fjölgað úr 2400—2500 á ári, sem var 1930—1940, upp í það núna síðast að vera 4350 á ári, og fjölgun gamalmennanna er einnig stórmikil.

Nefndin hafði talað um þá leið til að jafna tekjuhallann 1955 að gera ríkissjóði að greiða aukaframlag, 6.5 millj. kr., og taldi eftir þeim útreikningum, sem fyrir lágu, að þá mundi framlag ríkissjóðs til trygginganna frá 1946—53 nema réttum þriðjungi af heildarkostnaðinum, eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Enn fremur hafði n. um það rætt nokkuð að hækka framlag atvinnurekenda um 15%. Það, sem þeir hafa lagt til trygginganna, er talsvert mikið undir þeim fjórða hluta, sem upphaflega hefur verið gert ráð fyrir. Frá því var þó horfið í n. að hreyfa nokkuð við iðgjaldagreiðslum að þessu sinni í trausti þess, að endurskoðuninni yrði lokið og nýr grundvöllur undir þessu lagður ekki síðar en á þingi 1955, og tek ég í þessu sambandi undir ummæli hæstv. ráðh. um nauðsynina á að hækka þá aukafjárveitingu, sem lagt er til nú í fjárlögum að verði veitt til trygginganna.

Viðvíkjandi þeim atriðum, sem hv. þm. V-Sk. benti á, vildi ég segja þetta: Skipun trygginganefnda var einmitt eitt af þeim atriðum, sem sérstaklega hefur verið leitað álits sveitarstjórna, héraðsstjórna og ég ætla sýslunefnda líka um, og það hafa ýmsar till. komið um breytingar á þessu atriði, sem að sjálfsögðu voru athugaðar hjá mþn. Ég get ekki fallizt á, að eins og skipunin á þeim málum er nú, þá sé það svo sérstaklega þungt í vöfum, því að sýslunefndir geta skipað trygginganefndir innan síns hóps og þurfa ekki að hafa nema þrjá menn, ef þeim sýnist svo, í n., þannig að það er út af fyrir sig ekki svo fjarskalega þungt í vöfum. En hitt er rétt, að sums staðar hafa trygginganefndir aðeins verið nafnið tómt og ekki haft nein veruleg afskipti af þessum málum. Á öðrum stöðum hafa þær unnið mikil og gagnleg verk.

Að því er snertir réttindi þýzkra kvenna, sem gifzt hafa íslenzkum mönnum, þá er það rétt, að þær hafa ekki réttindi til lífeyrisgreiðslu og annars slíks eftir almannatryggingalögunum. Aftur á móti hafa þær rétt til sjúkratrygginga og njóta þeirra þann landsdvalartíma, sem þær eru. Eins og hv. dm. er kunnugt, hefur verið undirritaður samningur um gagnkvæmar tryggingar ríkjanna, sem þátt taka í Evrópuráðinu, og ef sá samningur verður fullgiltur, þá mundi koma sem bein afleiðing af því, að þessar konur fengju tryggingarréttindi hér eins og annars staðar. Verði það aftur á móti ekki gert um það bil, sem endurskoðun laganna er lokið, þá er sjálfsagt að taka til athugunar þann lið, sem hv. þm. hefur bent á, því að það er um fleiri konur þarna að ræða en þýzkar einar.

Ég skal ekki að þessu sinni fjölyrða um frv. Það er í raun og veru að aðalefni til eingöngu framlenging á gildandi ákvæðum, en ekki um neinar stórvægilegar breytingar að ræða á lögunum frá því, sem verið hefur til þessa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 282, 283).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til meðferðar nú um sinn og rætt það ýtarlega á mörgum fundum.

Við umræður í n. hefur það komið í ljós, að einstakir nm. og raunar n. öll telur brýna nauðsyn að gera ýmsar breytingar á almannatryggingalögunum í heild. Það er nú vitað, að þessi löggjöf er til athugunar í mþn., sem skila mun áliti áður en næsta reglulegt þing kemur saman. Þess vegna varð það niðurstaða n. að fallast á að taka ekki upp till. um efnisbreytingar að þessu sinni.

Í samræmi við þá höfuðniðurstöðu n. leggur hún til, að 9. gr. frv. falli niður, en í henni er veruleg efnisbreyting frá núgildandi ákvæðum, eins og skýrt er í grg.

Nú er það kunnugt, að fram fara viðræður um einhverjar lagfæringar á launakjörum opinberra starfsmanna, og mun almennt gert ráð fyrir, að þeir fái einhverja leiðréttingu sinna launamála. N. taldi því óhjákvæmilegt að taka inn í þetta frv. ákvæði, sem tryggði elli- og örorkulífeyrisþegum hækkun lífeyris til samræmis við þær lagfæringar, sem opinberir starfsmenn kunna að fá. Þess vegna leggur n. til, að við frv. bætist bráðabirgðaákvæði það, sem prentað er á þskj. 282.

Þar sem málið er þannig fram lagt af hálfu n., að ekki er um neina teljandi efnisbreytingu að ræða, aðra en þá, sem ég hef nú minnzt á, þá sé ég ekki ástæðu til að hafa langa framsögu í málinu. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim tveim breytingum, er ég hef greint.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Það kom mér á óvart, að þetta mál yrði tekið fyrir nú svona snögglega. Ég hafði hugsað mér að leggja fram nokkrar brtt. við frv. og var að bíða með að leggja þær fram, þangað til nál. lægi fyrir. Það hefur nú ekki legið fyrir fyrr en nú, og gerði ég ráð fyrir, að málið yrði ekki tekið fyrir fyrr en í fyrsta lagi á morgun.

Fyrir alllöngu flutti ég hér í d. frv. um breyt. á l. um almannatryggingar og óskaði þá eftir, að hv. heilbr.- og félmn. tæki þær breytingar til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Nú hefur hv. n. tekið þá stefnu að gera engar breytingar á núgildandi lögum að sinni og láta allar breytingar bíða, þar til álit mþn., sem er að endurskoða lögin, er fyrir hendi. Þetta frv. er hins vegar næstum eingöngu framlenging á þeim ákvæðum gildandi laga, sem falla úr gildi um áramót.

Mér þykir miður, að n. skuli hafa tekið þessa stefnu. Það eru nokkur atriði almannatryggingganna, sem að mínum dómi þola enga bið að gerðar verði breytingar á. Ég ber því fram nokkrar brtt. við frv. og ætla að leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þær skriflega, úr því að ekki vannst tími til þess að prenta þær, en þessar breytingar fela aðeins í sér nokkur meginatriði þess frv., sem ég flutti hér í d.

Fyrsta breytingin er við 5. gr., að 1. töluliður gr. orðist svo:

„Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 15. og 18. gr. laganna:

a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 8160.00
   Á 2. verðlagssvæði ..... — 6120.00
b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 5100.00
   Á 2. verðlagssvæði ..... — 3825.00“

Þetta mun vera sem næst 25% hækkun á elli- og örorkulífeyrinum. Ég gerði nú, þegar frv. mitt var til 1. umr., grein fyrir nauðsyn þessarar breytingar, að elli- og örorkulífeyririnn yrði hækkaður vegna þeirrar breytingar, sem orðið hefur á verðlagi í landinu síðan þessi ákvæði voru sett, og ég þarf ekki að endurtaka það hér. En hins vegar er því ekki að neita, að þetta sjónarmið hefur að nokkru verið viðurkennt af hv. n. með því bráðabirgðaákvæði, sem hún leggur til að bætt verði við frv., á þá leið, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða að greiða uppbætur á elli- og örorkulífeyri, ef Alþ. ákveður að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð, og að þá verði þessi hækkun, sem ríkisstj. er heimilt að ákveða, í samræmi við þær launahækkanir, sem opinberir starfsmenn kunna að fá.

Nú er það algerlega í óvissu, og enginn veit um það, hvort opinberir starfsmenn fá nokkra launahækkun og þá hver hún verður, en a. m. k. held ég að sé alveg óhætt að fullyrða, eftir því sem maður hefur hlerað, að þær hækkanir verða ekki miklar og áreiðanlega mjög mikið innan við 10%. Ég tel þetta þess vegna engan veginn fullnægjandi og að það sé alveg nauðsynlegt að hækka grunnupphæðir elli- og örorkulífeyrisins, eins og hér er lagt til, þrátt fyrir það þó að þessi heimild væri veitt til hækkunar í samræmi við hækkun á launum opinberra starfsmanna. Um þetta tel ég ekki nauðsynlegt að fara fleiri orðum.

Þá er önnur brtt., sem ég flyt. Hún er við 12. gr. og bætist aftan við 2. málsgr. 12. gr., sem fjallar um fjölskyldubætur, þar sem ákveðin er upphæð fjölskyldubóta og þar sem svo er kveðið á, að bætur þessar greiðist með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur, og fer um greiðsluna að öðru leyti eftir ákvæðum 30. og 33. gr. laganna, en samkvæmt því ber ekki að greiða fjölskyldubætur vegna þeirra barna, sem barnalífeyrir er greiddur með. Mín tillaga er því á þá leið, að aftan við málsgr. bætist eftirfarandi:

„Þó skulu bætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna greiddar án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða eigi.“

Ég rökstuddi allrækilega í framsöguræðu minni fyrir frv. minu, hversu fráleitt það væri, að t. d. öryrkjar skuli ekki fá fjölskyldubætur með sínum börnum, þar sem fjölskyldubætur eru þó greiddar algerlega án tillits til efnahags. Ég tel þess vegna þetta vera breytingu, sem þoli ekki neina bið; þetta sé réttlætismál, sem þoli ekki neina bið.

Og svo er loks þriðja till. Hún er við 14. gr. og

fjallar um sjúkrabætur til giftra kvenna, en hún er á þá leið, að niðurlagsorð 1. málsgr. falli niður. Þau eru þess efnis, að sjúkrabætur til þeirra, þ. e. a. s. til giftra kvenna, svo sem ákveðið er í þessari grein, skuli eigi nema hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna sé fyrir hendi, en þetta skilyrði er á þá leið, að giftar konur fá ekki greiddar sjúkrabætur, nema því aðeins að eiginmaður þeirra geti ekki séð þeim farborða. Ég legg til, að þetta skilyrði verði niður fellt og í stað þessara niðurlagsorða komi nýr málsl., svo hljóðandi: „Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 2. málsgr. 40. gr. laganna“ — sem sé þetta ákvæði, sem ég var hér að lýsa. Hér er giftum konum skammtaður annar réttur en öðrum þjóðfélagsþegnum, og ég álít, að það þoli enga bið, að það óréttlæti sé leiðrétt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 287) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Eins og hv. frsm. tók fram, þá er tilætlunin með bráðabirgðaákvæði því, sem n. leggur til að verði skeytt aftan við lögin, sú að halda óbreyttu, eftir því sem við verður komið, hlutfallinu á milli launa opinberra starfsmanna og lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunarinnar. Það er regla, sem fylgt hefur verið frá upphafi og að minni hyggju er sjálfsagt að halda, a. m. k. þangað til þeirri endurskoðun, sem nú stendur yfir, er lokið og aðrar grundvallarreglur verða þá lagðar um nánari upphæð lífeyrisgreiðslnanna.

Ég vil vekja athygli á því, að þessi till. um uppbætur eða hækkun á elli- og örorkulífeyri tekur aðeins til þeirra bótategunda, sem þar falla undir, en ekki annarra bótategunda, eins og sjúkradagpeninga og slíkra greiðslna.

Ég er þakklátur n. fyrir það, að hún viðurkennir þessa meginreglu, sem ber að fylgja í þessu, en þykir rétt að taka fram í sambandi við till. um bráðabirgðaákvæðið, að verði sá háttur hafður á, að uppbót sú, sem opinberir starfsmenn fá, verði látin í té í því formi, að greidd verði bæði nokkur uppbót á launin 1955 og einnig eftir á uppbót fyrir launin 1954, þá vænti ég, að hæstv. ríkisstj. sjái um, að hið sama verði einnig látið gilda að því er varðar ellilífeyri og örorkulífeyri, þannig að þá verði heimilað að greiða tilsvarandi uppbætur á þann lífeyri, sem greiddur hefur verið fyrir árið 1954, í byrjun næsta árs. Og af þeim viðræðum, sem ég hef átt við hæstv. ráðh. um þetta, tel ég mig mega vænta þess, að svo verði gert, ef sá háttur verður hafður á um launauppbætur til opinberra starfsmanna.

Um till. n. og nál. hef ég ekki annað að segja á þessu stigi málsins, en vildi víkja nokkuð að brtt., sem ég flyt á þskj. 283.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er meginreglan sú í lögunum, að ríkissjóður og sveitarsjóður greiða hvor um sig framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur ⅓ af því iðgjaldi, sem sjúkratryggðir menn sjálfir greiða. Þó er það hámark í gildi nú í lögunum, að þessi hluti ríkissjóðs má ekki fara fram úr 72 kr. í grunn á ári, og sama gildir um framlag sveitarsjóðs. 72 krónurnar, sem nú eru hámark samkvæmt lögunum, svara til þess, að þriðjungsframlag komi á móti iðgjaldi, sem er í kringum 28 kr. á mánuði. Verði iðgjaldið hins vegar hærra, kemur ekkert framlag á móti. Nú er þegar svo komið, að eitt sjúkrasamlag, sjúkrasamlag Akureyrar, hefur orðið að hækka sitt iðgjald talsvert fram úr þessu; ég ætla, að það sé um 30. Orsökin til þeirrar hækkunar er augljós. Hún er sú, að þar tók nýlega til starfa nýtt og stórt sjúkrahús, þannig að mikið fjölgaði því fólki, sem í sjúkrarúm lagðist, og kostnaður samlagsins við sjúkrahúsvist jókst að sama skapi.

Nú stendur svo á hér í Reykjavík, að gert er ráð fyrir, að á næsta ári verði opnuð sjúkradeild í heilsuverndarstöðinni nýju með um 60 sjúkrarúmum. Það má telja víst, að ekki minna en 40 eða ⅔ af þessum rúmum verði notuð til þess að leggja í sjúkrasamlagssjúklinga, og þó að gert sé ráð fyrir, að daggjöldin verði þar ekki nema 60 kr., sem er miklum mun lægra en annars staðar er greitt, þá mundi kostnaðarauki samlagsins af þessu nema a. m. k. 900 þús. til 1 millj. kr. á ári.

Auk þess er þess að gæta, að samkvæmt frv. til fjárl., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að daggjöldin á landsspítalanum og á sjúkrahúsum ríkisins yfirleitt hækki um 5 krónur á dag. Sú hækkun ein nemur milli 400 og 500 þús. kr. fyrir sjúkrasamlag Reykjavíkur. Þessar tvær hækkanir nema því milli 1400 og 1500 þús. kr. á einu ári fyrir sjúkrasamlag Reykjavíkur, sem ómögulegt er að komast fram hjá. Auk þess er nú átt í samningum við læknana um nokkrar breytingar á þeirra launakjörum, og þykir mér líklegt, að ekki verði hægt að ljúka þeim samningum án þess, að einhver hækkun verði gerð á launum til þeirra.

Það er því alveg fullvíst, að það þarf að hækka mjög verulega iðgjöld sjúkrasamlags Reykjavíkur og því meira, ef ríkissjóðsframlag kemur ekki á móti. Verði t. d. hér í Reykjavík útgjaldaaukningin alls nálægt 3 millj. kr., sem er ekki ósennilegt, þá nægir ekki minni hækkun en 8—9 kr. á mánuði á iðgjaldi, ef ekkert framlag kemur á móti. Sjúkrasamlagsiðgjaldið hér í Reykjavík er um 27 kr., og ef það hækkar upp í 28 kr., þá kemur ekki neitt framlag á móti, og lendir þá sá kostnaður, sem umfram það er, eingöngu á þeim tryggðu og kemur fram beint í hækkuðum iðgjöldum.

Hér er því lagt til, að hámarksframlag ríkissjóðs og sveitarfélaga verði hækkað úr 72 kr. í grunn upp í 80 kr. Með því móti ætti að mega tryggja það, að þó að sjúkrasamlagsiðgjaldið færi upp í nálægt 31—32 kr., þá kæmi fullt framlag á móti, og þyrftu þá ekki hinir tryggðu að taka með hækkuðum iðgjöldum nema þá ⅛, sem þeir hingað til hafa borið af þessum kostnaði.

Eins og ljóst verður af því, sem hér hefur verið sagt, þá eru þessar hækkanir, sem mest vega í þessu, þ. e. a. s. aukning sjúkrarúmskostnaðar, hlutir, sem eru gersamlega óviðráðanlegir af sjúkrasamlaginu og ekki hægt neinu um að

breyta. Að því er læknana snertir, þá hygg ég, að líkur séu til, að samningar náist um hækkun, sem nemur ekki meiru en í mesta lagi fjórða partinum af heildarútgjaldaaukningu sjúkrasamlagsins, og er það mjög mikil lækkun frá því, sem fyrst var gert ráð fyrir, þegar þessar viðræður hófust.

Ég tel ákaflega þýðingarmikið, að þessi till. nái fram að ganga, vegna þess að að öðrum kosti verður nauðsynlegt að hækka stórkostlega núna strax um áramótin iðgjöldin til sjúkrasamlagsins hér, og þau hafa að sjálfsögðu, eins og öllum er kunnugt, nokkur áhrif á vísitöluna og því meiri sem hækkunin á iðgjöldum einstaklinganna verður meiri.

Ég veit, að hæstv. heilbrmrh. hefur kynnt sér þetta nokkuð og gert sér grein fyrir, hve mikil hækkun á vísitölunni stafaði af t. d. 5 kr. eða 8 kr. hækkun á iðgjöldum. Ég hef rætt við form. félmn., frsm., um till. þessa, og nm. hafa ekki tekið afstöðu til hennar enn, svo að ég vildi taka þessa till. aftur til 3. umr. í von um það, að n. gæfist þá tóm til að athuga hana betur, áður en málið fer hér út úr deildinni.

**Forseti (GíslJ):** Út af ummælum hv. 2. landsk. (BrB) um, að hann hafi ekki búizt við, að málið yrði tekið svo snemma fyrir, þá vil ég geta þess, að þetta mál þarf að ná fram að ganga, áður en þingi er frestað, og það á eftir að fara í gegnum Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 287 tekin aftur til 3. umr.
5.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 282,1 (9. gr. falli niður) samþ. með 10:1 atkv.
10.—23. gr. (verða 9.—22. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 283 tekin aftur til 3. umr.
24.—27. gr. (verða 23.—26. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
28.—43. gr. (verða 27.—42. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 282,2 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 288, 283, 287).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur nokkuð rætt einstök atriði í sambandi við þetta frv. nú á milli 2. og 3. umr., þ. á m. brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem prentuð er á þskj. 283.

N. hefur orðið ásátt um að leggja til, að viðkomandi liður verði hækkaður úr 72 krónum í 78 krónur, og mun ég f. h. nefndarinnar leggja hér fram skriflega brtt. þar að lútandi.

Þá telur n. einnig rétt að fengnum nýjum upplýsingum að bæta við bráðabirgðaákvæði það, sem samþykkt var inn í frv. við 2. umr., nýrri málsgr., svo hljóðandi:

„Enn fremur er ríkisstj. heimilt að ákveða, að hliðstæðar uppbætur verði greiddar á elli- og örorkulífeyri fyrir árið 1954, og greiði þá ríkissjóður ⅓ hluta þeirrar útgjaldaaukningar, en ⅔ hluta greiði Tryggingastofnunin."

Ég hygg, að þetta þurfi ekki langra skýringa. Eins og ég gat um við 2. umr., fara nú fram viðtöl milli ríkisstj. og fulltrúa opinberra starfsmanna um nokkrar launabætur þeim til handa til samræmingar við almennar launabreytingar í landinu síðan laun þeirra voru síðast ákveðin. N. taldi eðlilegt, að þá breyttist einnig elli- og örorkulífeyrir. Nú mun gert ráð fyrir því, að opinberir starfsmenn fái einnig nokkrar úrbætur fyrir það ár, sem er að líða, og telur n. þá rétt, að sama gildi einnig um elli- og örorkulífeyri fyrir það ár.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. n. og biðja hann að leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 291) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 283 tekin aftur.
— 287,1 felld með 10:1 atkv.
— 287,2 felld með 10:1 atkv.
— 287,3 felld með 10:1 atkv.
— 291,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 291,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 292).

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég mun hafa hér mjög stutta framsögu. Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed., tekið nokkrum breytingum þar og er nú til 1. umr. hér. Forsaga þessa frv. er sú, að það var boðað hér á síðasta Alþ., að það mundi verða skipuð mþn. til þess að taka til endurskoðunar almannatryggingalöggjöfina að öllu leyti. Þessi n. tók til starfa s. l. vor og hefur öðru hverju starfað síðan.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið að meginstofni af þeirri n. og er í raun og veru í fyrsta lagi þær framlengingar, sem árlega hefur orðið að gera á almannatryggingalöggjöfinni, til þess að hún gæti starfað áfram, en endurskoðun laganna er ekki nær lokið enn þá, eins og ekki var við að búast, því að fyrir mþn. var einmitt lagt af félmrn. og í samræmi við skoðun ríkisstj. almennt að taka lögin til mjög ýtarlegrar endurskoðunar, kynna sér sem bezt skoðanir almennings úti um land um það, hvort menn væru ánægðir með löggjöfina eins og hún væri og hverra breytinga væri óskað, og var þá að sjálfsögðu alveg óhugsandi, að þessu yrði lokið á einu sumri.

Mþn. tók því þá afstöðu og algerlega í sam-

ráði við mig sem félmrh. að gera frv. um þær nauðsynlegu breyt. eða framlengingar, sem nú yrði að gera á löggjöfinni, þannig að almannatryggingarnar gætu starfað áfram á sama hátt og áður, og þetta frv. er því að meginstofni þannig til komið.

Ég vona fastlega, að fyrir næsta Alþ., sem að venju verður sennilega háð haustið 1955, geti legið fyrir sú endurskoðun, sem hér hefur verið starfað að.

Þetta frv. hefur tekið nokkrum breyt. í hv. Ed., og er það í raun og veru aðallega vegna þess, að það er gert ráð fyrir, áður en þessum hluta Alþ. lýkur nú, að í sambandi við afgreiðslu fjárl. verði gerð nokkur breyt. á launakjörum starfsmanna ríkisins, þannig að þeir fái einhverja uppbót frá því, sem nú er. Hefur það verið mjög fast sótt og í raun og veru stutt þeim rökum, sem ríkisstj. hefur viðurkennt, að þeir hafi orðið á eftir hvað snertir launakröfur, og hefur þá þótt eðlilegt og rétt, að ellilaun og öryrkjabætur fylgdu þeirri hækkun, sem sennilega verður á launum starfsmanna ríkisins áður en fjárl. verða afgreidd. Og breyting um þetta hefur verið sett inn í frv. í hv. Ed. Það verður náttúrlega hlutverk þessarar d. og þeirrar n., sem fer með þetta mál hér, að fylgjast með því, hvað gerist að lokum í þessu máli við afgreiðslu fjárl., og þá e. t. v. gæti komið til athugunar, að þyrfti að gera einhverjar breytingar, ef þau mál verða ekki afgreidd eins og ríkisstj. nú gerir ráð fyrir. En ég hef lagt áherzlu á, að þetta frv. kæmist nú strax til n. hér í þessari hv. d., því að vitanlega verður að afgreiða þetta frv. áður en þinghlé verður, þar sem úr gildi falla mörg veigamikil ákvæði almannatryggingalaganna um næstu áramót, ef þetta frv. verður ekki samþ. áður.

Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri hér nú, en leyfi mér að leggja til, að þessu frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 292, n. 308, 299, 307).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta frv. til athugunar og borið það saman við gildandi lög um þetta efni.

N. hefur komizt að raun um það, að í þessu frv. felast mjög litlar breytingar frá þeim lagaákvæðum, sem nú gilda, en á hinn bóginn er því svo farið, að mörg ákvæði tryggingalaganna falla úr gildi um n. k. áramót, og ber því nauðsyn til að lögfesta þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, áður en þingi verður frestað.

Heilbr.- og félmn. mælir með því, að frv. verði samþ. Einn nm. áskildi sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv., og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir þeirri breytingu hér á eftir.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Þær eru nú reyndar ekki nema tvær talsins, till. mínar, enda þótt ég telji, að ástæða hefði verið til að leggja til fleiri breytingar á frv.

Ég hef ekki gert neinar brtt. við upphæðir ellieða örorkulífeyris að þessu sinni, og kemur það til af því, að þegar ég lagði hér fram mínar brtt., þá hafði ég fyrir mér plögg um afgreiðslu málsins í Ed., þar sem gert var ráð fyrir, að öryrkjar og ellilífeyrisþegar kæmu til með að njóta uppbótar á lífeyri sinn í samræmi við það, sem loforð hafði verið gefið af hálfu ríkisstj. um að hækkað skyldi kaup til opinberra starfsmanna. Það hefur reyndar komið í ljós, að sú hækkun, sem verður hjá öryrkjum og gamalmennum, er ákaflega lítil og alls ekki fullnægjandi, en ég hef ekki gert brtt. við þær upphæðir að þessu sinni.

Þær till., sem ég hef gert, eru í fyrsta lagi um það, að þær konur, sem njóta lífeyris með börnum sínum samkvæmt lögum um almannatryggingar, skuli halda barnalífeyrinum án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Nú er það svo, að ekkjur, sem eiga börn innan 16 ára aldurs, njóta barnalífeyris með börnunum, en þessi lífeyrir fellur niður, eftir að konan hefur gifzt aftur og verið gift í þrjú ár. Ég sé ekki, að nein sanngirni sé í þessu, enda sætir þetta mikilli gagnrýni meðal kvenþjóðarinnar yfirleitt og það að vonum. Það, að ríkinu beri skylda til þess að borga lífeyri með börnum í því tilfelli, þegar faðirinn er látinn, er ábyrgð, sem fallið hefur á ríkið, og sé ég ekki, að nein ástæða sé til þess, að ríkið skjóti þeirri ábyrgð fram af sér, enda þótt svo fari, að viðkomandi barnsmóðir giftist öðru sinni og öðlist ef til vill möguleika á þann hátt til þess að láta sinn nýja mann framfæra þau börn, sem hún hefur átt í fyrra hjónabandi.

Ég legg sem sagt til, að þessi ábyrgð, sem fallið hefur á ríkið við fráfall barnsföðurins, verði látin haldast, þar til viðkomandi barn hefur náð 16 ára aldri.

Í hinu tilfellinu er um að ræða fráskildar konur eða ógiftar mæður, sem taka barnalífeyri samkv. úrskurði yfirvalds. Um þær gilda nú sömu reglur, þannig að ef þær ganga í hjónaband, þá fellur skylda Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu á þessum barnalífeyri niður eftir þrjú ár frá giftingu. Ég sé ekki heldur, að það sé nein ástæða til þess, að Tryggingastofnun ríkisins felli niður fyrirgreiðslu fyrir þessar mæður, enda á Tryggingastofnunin endurkröfurétt á barnsföður eða framfærslusveit barnsföður og ætti því í flestum tilfellum eða jafnvel öllum að geta endurkrafið þann barnalífeyri, sem þannig er greiddur. Það er alveg óeðlilegt, að þegar ríkisstofnun er búin að koma á fót innheimtukerfi einmitt til þessara hluta, þá sé því innheimtukerfi gefið frí, um leið og þrjú ár eru liðin frá giftingu viðkomandi barnsmóður, og henni sjálfri gerður kostur á að innheimta þetta. Sjá allir menn mismuninn á aðstöðu móður, sem ef til vill á ekki kost á því að njóta lögfræðilegrar aðstoðar nema í takmörkuðum mæli, hve hún er miklum mun lakari til þess að ná fram rétti sínum heldur en aðstaða Tryggingastofnunar ríkis-

ins, sem hvort eð er hefur sams konar innheimtu með höndum.

Hin brtt., sem ég flyt hér á þskj. 307, gengur í þá átt, að fjölskyldubætur skuli greiðast án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða ekki.

Ég lít svo á, að það ákvæði, sem nú gildir um börn öryrkja og ellilífeyrisþega, að þau skuli ekki njóta fjölskyldubóta, sé langsvartasti blettur inn á framkvæmd okkar tryggingalöggjafar eins og er. Það fá allar fjölskyldur í landinu, sem fleiri börn hafa á framfæri sínu en eitt, fjölskyldubætur með þeim börnum, sem umfram eru eitt, alveg án tillits til efnahags. Þar er enginn undan skilinn, — ekki nema þeir einir, sem taka barnalífeyri með börnum sínum, vegna þess að þeir eru tekjulausir. Þar er oftast nær um það að ræða, að framfærendur barnanna eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar, og það þjóðfélag, sem hefur efni á því að greiða fjölskyldubætur með börnum án tillits til tekna foreldra, getur ekki sýnt neitt réttlæti fyrir því að undanþiggja einungis fjölskyldubótunum börn á framfæri þeirra manna, sem hafa ekki aðrar tekjur að neinu ráði en örorku- eða ellilífeyrisframfærslu.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég tók þátt í því í n. að mæla með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og gerði grein fyrir því, að ég mundi flytja brtt. við umr.

Brtt. mín er út af því, að í frv. er enn þá framlengdur í 40. gr. 1. töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, sem fjallar um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, og er sagt, að þetta bráðabirgðaákvæði skuli vera í gildi til ársloka 1955. En í bráðabirgðaákvæðinu segir, að fullur ellilífeyrir og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. laganna skuli því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri, en ef tekjurnar verði hærri en fullur lífeyrir, þá byrjar skerðing á ellilífeyri og hann fellur að fullu niður, ef tekjur viðkomanda hafa orðið tvöfaldur lífeyrir.

Nú er fullur lífeyrir á 1. verðlagssvæði 6500 kr., og byrjar þá skerðingin á ellilífeyrinum fyrir þá ellilífeyrisþega, sem á því verðlagssvæði eru, en fullur ellilífeyrir er 4896 kr. á 2. verðlagssvæði, og ef gamalmenni, sem ellistyrks á að njóta, hefur meiri tekjur en 4896 kr., þá byrjar skerðing á ellilífeyri hans, og ellilífeyrir hans fellur niður, þegar hann hefur fengið tekjur, sem nema tvöföldum ellilífeyri, eða 9792 kr., sem eru náttúrlega engar tekjur.

Nú er brtt. mín um það í fyrsta lagi, að þetta bráðabirgðaákvæði falli niður, og byggi ég það á þeirri sanngirnisástæðu, að það var búið að binda það fastmælum, að þetta bráðabirgðaákvæði skyldi aðeins gilda fyrstu árin eftir gildistöku laganna, meðan fólk hafði ekki tekið neinn þátt í að borga í lífeyrissjóðina. Nú hefur fólk gert það, og þá er eðlilegt, að bráðabirgðaákvæðið falli niður. — Ef mönnum sýndist nú ekki að gera þá breytingu, sem má segja að sé allveruleg breyting og kosti tryggingarnar nokkurt fé, þá má stiga skrefið smærra og ákveða að byrja ekki að skerða ellilaunin fyrr en tekjurnar hefðu farið fram úr tvöföldum lífeyri, og varatill. mín er um það. Það kostar tryggingarnar ekkert stórfé, en mundi leiðrétta tilfinnanlegt misrétti og ranglæti, sem gamla fólkið á mjög erfitt með að sætta sig við. Gamalmenni, sem er búið að fá ellilífeyri í tvö, þrjú eða fjögur ár, fær svo einhverja smáaukaþóknun fyrir eitthvert starf, sem starfskraftar þess hafa leyft að það innti af hendi, og þá falla allt í einu ellilaun þess niður. Þetta á gamla fólkið erfitt með að þola, og þetta er svo átakanlegt ranglæti, að ég held, að þó að endurskoðun laganna standi nú yfir, þá eigum við ekki að huga þessu ranglæti líf eitt ár til, heldur gera þessa breytingu núna fyrir jólin.

Önnur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja, er nokkuð annars eðlis, en hún er sprottin af því ástandi, að nú hefur gamalmenni ellistyrk eða öryrki hefur örorkulífeyri og verður svo fyrir þeirri sæmd á Alþ., að honum eru ætlaðar tvö, þrjú eða fjögur þúsund krónur sem heiðursviðurkenning á 18. gr. fjárlaganna. Hvað gerist þá? Fær hann þá ekki 2 þús. eða 3 eða 4 þús. kr. meiri greiðslu vegna þessarar heiðursviðurkenningar? Nei, þá gerist það, að þessi upphæð dregst frá örorkustyrk hans eða ellistyrk hans hjá tryggingunum og er þannig ekki að einum eyri viðbótargreiðsla til viðkomandi manns, heldur léttir aðeins á tryggingunum um sömu upphæð. Nú er það þannig, að mjög margar upphæðir á 18. gr. fjárlaga eru heiðursviðurkenning miklu fremur en lífeyrir. Ég grip hér niður á fyrstu bls. í 18. gr. Þar er póstur með 1121.50 kr. Þessi upphæð dregst frá upphæð hans hjá tryggingunum. Hann fær ekki 1121 kr. meira. Annar póstur er hér rétt hjá með 1725 kr. Hann fær það dregið frá þeirri greiðslu, sem hann á að fá hjá tryggingunum. Ljósmóðir er hér nokkrum línum ofar. Hún á að fá 1690.50 kr. Hún fær þær ekki greiddar. Þær verða dregnar af upphæðinni, sem hún á að fá frá tryggingunum, og hún fær ekki einum eyri meira. Ég hef núna flutt till. og fengið samþ. inn á 18. gr. 4 þús. kr. upphæð til gamallar kennslukonu, sem varð að hætta sökum heyrnardepru, áður en hún varð sjötug. Ég hélt, að hún mundi nú fá þessar 4 þús. kr. í viðbót við sinn ellistyrk; hún er orðin 67 ára. Nei, þær verða dregnar frá upphæð hennar þar. Hún fær engan eyri í viðbót.

Þess vegna hef ég leyft mér að flytja þessa till. Ég hafði hugsað mér að setja þetta sem skilyrði við 18. gr., að ekki mætti skerða greiðslur frá almannatryggingunum til slíks fólks, meðan upphæðin á fjárlögum næmi ekki meiru en 8 þús. kr., en þá er bent á það, að í tryggingalögunum sé ákvæði, sem valdi því, að þetta fyrirkomulag sé framkvæmt, og þetta ákvæði er í 13. gr. tryggingalaganna og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem við gildistöku laga þessara njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé að minnsta kosti jafnmikill og lífeyrir samkv. 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef ellilífeyrir eða eftirlaun ná eigi þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, enda hafi hann náð tilskildum aldri.“

Nú er að vísu þetta ákvæði mjög vafasamt. Í fyrsta lagi vegna þess, að það á að ná til þeirra,

sem njóta lífeyris eða ellilauna af opinberu fé við gildistöku laganna, og því vafasamt, að það eigi að ná til þeirra, sem síðar koma til. Í annan stað er varla hægt að kalla það lífeyri, þó að einhver hafi fengið 2—4—5 þús. kr. viðurkenningu á fjárlögum fyrir langa þjónustu hjá ríkinu. Það er ekki lífeyrir. Það er viðurkenning. Það er svona svipuð viðurkenning og að fá fálkakross, og er þó ekki hægt að koma því við að draga frá tryggingunum, þó að einhver hafi fengið slíka viðurkenningu í því formi.

Ég legg nú til, að þessi síðari málsgr., sem ég nú las, síðari hluti 13. gr. laganna, verði felldur niður, og þar með væri sett undir þann leka, að smáupphæðirnar til fjölda margra manna og kvenna á 18. gr. séu skertar með því að draga viðkomandi upphæð frá, þegar kemur til greiðslu á ellilífeyri eða örorkubótum hjá tryggingunum. Þetta getur ekki skakkað tryggingarnar mjög miklu, því að eftir standa allar háu upphæðirnar á 18. gr. óskertar, en fólkið, sem hefur smáupphæðir á 18. gr., fengi að halda þeim, án þess að þær væru dregnar frá ellilífeyri eða örorkubótum hjá Tryggingastofnununni, en Tryggingastofnunin telur sig verða að framkvæma þetta, þó að hún viðurkenni, að þetta sé ranglæti, meðan síðari hluti 13. gr. stendur í lögunum, og því er lagt til, að sá hluti gr. verði felldur niður.

Ég fjölyrði ekki meira um þetta. Þetta er hvort tveggja svo augljóst réttlætismál, að það er heiður Alþ. að leiðrétta þetta hvort tveggja núna fyrir jólin, en hvorugt er stórt fjármálalegt atriði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 318, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Frá því hefur verið skýrt hér á hv. Alþingi, að heildarendurskoðun standi nú yfir á almannatryggingalögunum, og hefur hæstv. ríkisstj. skipað sérstaka nefnd, sem hefur þetta mál nú til athugunar. — Þau atriði, sem brtt. þær fjalla um, sem hér liggja fyrir á þskj. 299, 307 og 318, eru vissulega þess eðlis, að þau eiga að koma til athugunar í sambandi við heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni, sem nú fer fram. Hins vegar er þessum atriðum svo farið, að af þeim hlýtur að leiða nokkurn útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnun ríkisins, og heilbr.- og félmn. hefur ekki fengið yfirlit yfir það, hve miklu sá útgjaldaauki muni nema. Það þarf líka að taka til athugunar, um leið og á að ákveða nýja útgjaldaauka á Tryggingastofnun ríkisins, hvort ekki sé hægt að spara á öðrum sviðum, þannig að heildarútgjöld stofnunarinnar vaxi ekki frá því, sem er og lagt er til í þessu frv. Af þessu leiðir það, að eðlilegast er, að um þetta sé fjallað af nefndinni, sem hefur málið til athugunar, og heilbr.- og félmn. virðist því rétt, að frv. sé samþ. nú eins og það liggur fyrir frá hv. Ed., en brtt. þær, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, séu ekki samþ. að þessu sinni, heldur athugaðar nánar, þangað til heildarendurskoðunin hefur farið fram.

Hv. 3. landsk. (HV) gat um það, að þær fjárhæðir, sem veittar eru á 18. gr. fjárlaga, séu yfirleitt dregnar frá þeim greiðslum, sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi. Þetta er rétt að vissu leyti, en þó munu nú þær greiðslur, sem færðar eru á 18. gr. fjárlaga, stundum vera viðbót við lífeyri úr sérstökum lífeyrissjóðum, og er ég ekki viss um, að í þeim tilfellum gildi sömu reglur.

Um brtt. á þskj. 307, sem hv. 9. landsk. (KGuðj) hefur flutt, er raunar sama að segja og brtt. frá hv. 3. landsk., að af þeim hlýtur að leiða nokkurn útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnunina, og er heilbr.- og félmn. ekki kunnugt um, hve miklu það muni nema.

Hv. 9. landsk. lét þau orð falla, að um leið og Tryggingastofnunin hefði tekið að sér að greiða barnalífeyri, þá hefði stofnunin tekizt á hendur ábyrgð, sem hún ætti að standa við, jafnvel þótt ástæður aðila breyttust. Ég hygg, að þessi skoðun orki mjög tvímælis, svo að ekki sé meira sagt. Ég hygg þvert á móti, að það sé regla hjá Tryggingastofnuninni að láta endurskoða örorkumat og taka til nýrrar athugunar þær greiðslur, sem hún innir af hendi, ef ástæður aðila breytast. Og því er ekki að neita, að ástæður heimilis hafa breytzt, ef ekkja hefur gift aftur og fengið á þann hátt fyrirvinnu að nýju fyrir sitt heimili og þá fjölskyldu, sem hún hefur fram að færa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 318 felld með 15:11 atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 307,1 felld með 17:12 atkv.
6.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 307,2 felld með 16:11 atkv.
11.—22. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
23.—26. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
27.—39. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 299 felld með 15:11 atkv.
— 299, varatill. felld með 15:10 atkv.
40.—42. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Karl Guðjónsson:** Á síðasta Alþ. fluttu nokkrir hv. alþm. eitt lítið frv. til laga um breytingar á almannatryggingalögunum. Þetta frv. fékk ekki afgreiðslu þá, en það gengur í þá átt að gera því fólki, sem liggur á sjúkrahúsum, nokkra úrlausn um það, að ekki fari allt það fé, sem almannatryggingarnar greiða með þessu fólki, upp í dvalarkostnað þess á sjúkrahúsunum, verði greitt viðkomandi sjúkrahúsum, heldur skuli viðkomandi sjúklingar eða viðkomandi vistmenn á elliheimilum fá í eigin hendur 10% af því, sem ellilífeyrir þeirra eða örorkulífeyrir nemur. Þeir hv. alþm., sem þetta fluttu í fyrra, voru Kristín Sigurðardóttir, Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson og Kjartan J. Jóhannsson.

Ég átti nú sannast að segja von á því, að þegar þetta mál, þ. e. a. s. breytingar á lögum um almannatryggingar, kæmi hér fyrir í deildinni, þá mundu a. m. k. einhverjir af þessum hv. flm. þessa frv. frá í fyrra freista þess að koma þessu litla, en mjög svo nauðsynlega ákvæði inn í lögin.

Frsm. þeirrar hv. n., sem fjallað hefur um þetta frv., hv. þm. A-Sk., hefur hér gert grein fyrir því, að heilbr.- og félmn. geri ekki ráð fyrir breytingum á þessu frv., vegna þess að lögin um almannatryggingar séu í endurskoðun og einnig sökum þess, að ekki sé reiknað með því að svo stöddu, að hækka megi útgjöld tryggginganna. Þetta eru að vísu rök, sem mega sín nokkurs innan sinna takmarka. Hér er hins vegar um að ræða breytingu, sem er þess eðlis, að hún ætti ekki að þurfa að trufla í einu eða neinu störf þeirrar n., sem vinnur að endurskoðun laganna um almannatryggingar. Ekki heldur leggur þessi litla till., þótt samþ. yrði, nokkrar byrðar á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Hennar útgjöld mundu ekki raskast um einn eyri til eða frá, þótt till. yrði samþ.

En fyrst enginn af hv. flm. þessa frv. frá í fyrra hefur séð ástæðu til þess að freista þess að koma þessari breytingu nú inn í lögin, þá leyfi ég mér að taka þeirra tillögugrein upp sem mína skrifl. brtt. við frv. hér við 3. umr. þess. Brtt. sú, sem ég legg þá hér fram, er á þessa leið:

„Inn í frv. komi ný grein, er verði 22. gr., svo hljóðandi:

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi, elliheimili eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiðir fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, skal bótaþegi njóta hið minnsta 10% af bótum, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Heimilt er að hækka þennan bótahluta, ef sérstaklega stendur á.“

Ég vil einnig, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér yfir greinargerð þá, sem þeir flm., er ég hef til nefnt að frv. frá í fyrra, hafa gert fyrir þessari tillgr. sinni, en greinargerðin er á þessa leið:

„Þegar svo stendur á, að bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða elliheimili, þar sem Tryggingastofnunin eða aðrir opinberir aðilar greiða fyrir hann, hafa bætur til hans sjálfs verið með öllu felldar niður samkvæmt heimild í 63. gr. laga um almannatryggingar. Þessir bótaþegar hafa því ekki haft neitt af bótafénu til eigin umráða, og hefur það valdið þeim miklum örðugleikum. Erfitt er að vera algerlega peningalaus, jafnvel þótt um rúmfasta sjúklinga sé að ræða. Margt af þessu fólki er líka rólfært, en hefur ekki einu sinni möguleika til að eignast nauðsynlegustu flík eða skó á fót. — Til þess að ráða einhverja bót á þessu, er frv. þetta flutt, en með því er lagt til, að aldrei megi taka meira en 90% af bótunum upp í sjúkrakostnaðinn, en bótaþegar hafi sjálfir 10% til eigin umráða.“

Þetta var greinargerð þeirra hv. alþm., sem þetta fluttu á s. l. ári, og vil ég í einu og öllu taka undir það, sem þar er sagt, og vænti þess, að hv. alþm. sjái fullkomna ástæðu til þess að láta ekki lengur dragast að tryggja rúmliggjandi gamalmennum og öðrum öryrkjum það, að þeir fái í sínar hendur til umráða 10% af því gjaldi, sem almannatryggingarnar annars greiða út þeirra vegna. Þetta mun í flestum tilfellum nema eitthvað milli 50 og 60 kr. á mánuði, og má þá segja, að þeir gætu e. t. v. sent kunningjum sínum jólakort og keypt á það frímerki eða eitthvað því um líkt. Hér er ekki um að ræða neinar verulegar fjárhæðir, en hins vegar er hér um að ræða réttindamál, sem ég vil ekki ætla að hv. alþm. vilji láta hjá líða að samþykkja á högum þeirra, sem svo illa eru settir í lífinu sem þeir menn, er um ræðir í þessari till.

Ég vil svo biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir þessari till. minni, sem er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 324) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég flutti hér í dag 2 litlar brtt., og var önnur þeirra þess efnis, að framan við 5. gr. frv. komi ný grein, þess efnis, að síðari málsgr. 13. gr. laganna um almannatryggingar skyldi falla niður. En í þessari síðari málsgr. 13. gr. er svo ákveðið, að vísu með nokkuð óljósu orðalagi, að þeir skuli ekki njóta lífeyris, ellilífeyris eða örorkubóta, sem njóti lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé, úr opinberum sjóðum, og hefur þetta verið túlkað þannig, að þeir, sem fá viðurkenningu, hversu lág sem hún er, á 18. gr. fjárlaga, skuli ekki fá þá upphæð öðruvísi en með því móti, að hún dragist frá þeim bótagreiðslum, sem viðkomendur eigi að fá hjá Tryggingastofnun ríkisins, m. ö. o., að karl eða kona, sem á 18. gr. hefur fengið 4 þús. kr. viðurkenningu fyrir langa þjónustu, á samkvæmt þessu ákvæði tryggingalaganna að fá þessa upphæð greidda að vísu, en í stað þess að fá 4896 kr. hjá Tryggingastofnuninni að auki, á Tryggingastofnunin að borga 896 kr., en sleppa við að borga 4 þús. kr., af því að viðkomandi hafi fengið 4 þús. kr. viðurkenningu á 18. gr.

Nú er þessi gr. almenns efnis, þannig að sérhver sá, sem fær slíka viðurkenningu úr einhverjum sjóði, í fjárlögum eða annars staðar, verður fyrir skerðingu á sínum réttindum hjá Tryggingastofnuninni. En nú vil ég flytja þessa brtt. frá í dag í því takmarkaða formi, að skerðingin nái ekki til bótagreiðslna á 18. gr. fjárlaga, ef sú viðurkenningarupphæð er lægri en 8 þús. kr. Þannig er áreiðanlegt, að hún er takmarkaðri en till. eins og hún var borin fram í dag.

Með leyfi hæstv. forseta, yrði þá till. mín nú í heild á þann veg, að við 13. gr. laganna bætist:

Ákvæði 2. málsgr. þessarar gr. taka þó ekki til viðurkenningar, sem veitt er á 18. gr. fjárlaga, ef hún er lægri en 8 þús. kr.

Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till., því að hún er skrifleg og þannig of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 325) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen:** Hv. þm. A-Sk. (PÞ), frsm. þessa máls, gat þess, þegar hann reifaði þetta mál hér í dag af hálfu heilbr.- og félmn., sem hafði haft málið til meðferðar, að þetta frv., sem hér liggur fyrir til breytinga á lögunum, innihéldi í aðalatriðum það eitt að framlengja tímabundin ákvæði í lögunum enn um skeið, því að svo hagar til, að nú mun vera nefnd starfandi, sem að því vinnur að endurskoða lögin í heild, og ef til vill verður þess ekki mjög langt að bíða, að þessi nefnd ljúki störfum. Ekki veit ég þó, hvenær vænta má, að álit liggi fyrir frá þessari nefnd, en þetta mál er mjög umfangsmikið og þarf vitanlega vel að huga að um gerð þess í sambandi við margbrotna framkvæmd, sem er á þessari löggjöf. Þess vegna er engan veginn æskilegt, að nefndin skili áliti um málið fyrr en hún hefur lesið það vel og rækilega niður í kjölinn. Það getur þess vegna orðið enn nokkur dráttur á því, að þetta álit komi, og þess vegna er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að framlengja bráðabirgðaákvæði ýmis í frv. og auk þess fullkomlega athyglisvert, að ef þar væri um einhver ákvæði að ræða, sem reynslan hefur sýnt að eru mjög erfið í framkvæmd, þá væri líka sett undir þann leka einmitt nú í sambandi við meðferð þessa frv.

Sú brtt., sem ég ætla að hreyfa hér, er einmitt þess eðlis, að það hefur komið í ljós í framkvæmdinni, að þar eru mjög miklir erfiðleikar á og í sumum tilfellum svo miklir erfiðleikar, að mikilsverð ákvæði laganna geta algerlega misst marks að því er snertir þá, sem eiga að njóta góðs af þessari löggjöf.

En áður en ég vík að þessari brtt. minni, sem ég verð hér vegna naumleika tímans að bera fram skriflega og biðja hæstv. forseta að koma á framfæri við d. á þann hátt, ætla ég aðeins að drepa á tvö atriði, sem ég vildi mjög óska að sú nefnd, sem hefur málið til meðferðar, tæki til rækilegrar íhugunar.

Eins og kunnugt er, þá var fyrir nokkru gerð sú breyting á l. um almannatryggingar, að nú eiga menn að fá greitt framlag úr tryggingunum með öðru barni. Þessar greiðslur eru ekkert háðar tekjum eða efnahag þess manns, sem bæturnar á að fá. Þær ganga jafnt til ríkra og fátækra, jafnt til þeirra, sem geta séð sér og sínum vel farborða, án þess að nokkur opinber stuðningur komi til, og hinna, sem berjast í bökkum með það t. d. að fleyta fram þungri fjölskyldu og kraftar þeirra hrökkva máske ekki til til þess að gera það eins og þörfin krefur og þjóðfélagshættir okkar nú gera kröfu til að uppfyllt sé. Ég er ekki að gagnrýna þetta út af fyrir sig, þó að ég vilji segja það sem mína skoðun, að hér sé í ákaflega mörgum tilfellum um fullkomna ofrausn að ræða af hálfu þess opinbera. En þegar maður svo ber þetta saman við önnur ákvæði laganna, eins og t. d. um gamalmenni, sem komið er yfir 67 ára aldur, er það þannig, að ef menn hafa tekjur með einhverjum hætti, sem nema 3—4 þús., ef miðað er við annað verðlagssvæði og eitthvað meira á fyrsta verðlagssvæði, þá eru þeir gersamlega sviptir stuðningi í þessu efni frá tryggingunum, þó að þeir hafi um langa ævi lagt fram þann skerf til tryggingganna, sem þeir hafa átt að gera samkv. tilgangi löggjafarinnar, til þess að tryggja sér lífeyri eins og hann er nú ákveðinn, eftir að þeir hafa náð 67 ára aldri. (**Gripið fram í:** Og fái þeir opinbera viðurkenningu, þá er hún tekin.) Já, og svo bætist það við. Og þegar maður svo ber þetta saman, að menn alveg án tillits til tekna og efnahags fá fullar bætur með öðru barninu, sem þeir eignast, og hins vegar, að gamalmenni eru svipt öllum stuðningi löggjafarinnar, ef þeim með einhverjum hætti falla til slíkar tekjur sem ég nú hef nefnt, þá eru þeir dæmdir úr leik um að njóta nokkurs, meðan þannig stendur, af því framlagi, sem þeir hafa á langri ævi lagt af mörkum til þess að byggja upp tryggingarnar til öryggis eigin hag. — Þetta vildi ég benda á, og ég þykist vita, að þetta verði rannsóknarefni n. og eitt af hennar starfi, að nema burt úr lögunum þetta geysilega ósamræmi, því að í raun og sannleika stenzt það engan veginn að halda slíkum ákvæðum sem þessum innan einnar og sömu löggjafar.

Þá er sú brtt., sem ég vildi flytja hér. Hún er við 6. gr. þessa frv. Hv. 9. landsk. flutti brtt. hér fyrr í dag við 6. gr., sem m. a. greip inn á það atriði, sem ég nú ætla að hreyfa hér, en þessi brtt. var felld. Ég tek þess vegna aðeins upp hluta af þessari brtt., og ætla ég, að það samrýmist fullkomlega þingsköpum, að það sé gert, því að sú afstaða, sem var til till. í heild, segir vitanlega ekkert um það, hver afstaða deildarinnar yrði til þessa hluta till., sem ég nú vil hér flytja brtt. um, af því að það er alveg sjálfstætt atriði.

Eins og menn muna, þá var nú fyrir skömmu takmarkaður sá réttur, sem fráskildar konur eða konur, sem áttu óskilgetin börn, höfðu til stuðnings við innheimtu meðlaga. Tryggingarnar önnuðust um innheimtu þessara meðlaga. Þessu var breytt þannig, að því er snertir þær konur, sem fyrr getur, að ef þær svo giftust aftur, þá misstu þær réttinn til innheimtu hjá tryggingunum. Nú þekki ég dæmi til þess, þar sem svona stendur á um slíkar mæður, sem átt hafa óskilgetin börn, en hafa gifzt síðar, að eftir að þær áttu svo sjálfar að fara að innheimta meðlagið, hefur það gengið ákaflega illa. Og ég þekki dæmi þess, að þær hafa algerlega misst af meðlaginu af þessum sökum, af því að altítt er, að slíkir feður berast víða um og hafa ekki alltaf „blivanlegan“ samastað, ef maður mætti nota það orð, og ákaflega erfitt að rekja feril þeirra. Og fyrir slíkar mæður eða þá menn þeirra er þetta í ýmsum tilfellum næstum ógerningur. Aðstaða tryggingganna í þessu efni er alveg gerólík. Þær hafa sambönd um allar jarðir og aðstöðu til þess yfirleitt að beita fyrir sig þeim valdsmönnum og eftirgrennslunarmönnum um þessa hluti, sem frekast eru tök á. Þess vegna getur verið mjög léttur leikur fyrir tryggingarnar að hafa upp á þessum mönnum og láta ganga í að innheimta hjá þeim meðlögin, þó að það sé gersamlega útilokað, að mæður eða þá menn þeirra, eftir að þær hafa gengið í hjónaband að nýju, hafi tök á því.

Greinin mundi, ef brtt. mín yrði samþ., hljóða svo:

„Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og

3. málsgr. 23. gr. laganna, á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til fráskilinna kvenna samkvæmt 28. gr.“ — Þetta er þá eins og það er nú, en svo kemur breytingin: „Mæður óskilgetinna barna, er taka lífeyri með börnum sínum samkvæmt úrskurði yfirvalds, eiga rétt á að fá lífeyrinn greiddan hjá Tryggingastofnuninni til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.“

Þá er búið, að því er þessar mæður snertir, að færa þetta inn á sama grundvöll og áður var í löggjöfinni, því að þá voru ekki settar takmarkanir í sambandi við það, ef þær gengju í hjónaband að nýju. Og það er einmitt með tilliti til þess, hve reynslan hefur sýnt það berlega, að þetta verður til þess, að löggjöfin í sumum tilfellum missir marks, að ég vil nú fara fram á það við hv. d., að hún, þrátt fyrir það að ekki sé tekið inn í þetta frv. í aðalatriðum nema þær breytingar, sem þarf til að framlengja ýmis ákvæði frv., vildi með tilliti til þeirra aðstæðna, sem ég hef hér lýst, og að fenginni reynslu á það fallast, að slík breyting yrði látin fljóta með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 326) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði hér við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. deild, að þetta frv. er samkomulag, sem gert var í mþn. þeirri, sem ríkisstj. skipaði s. l. vor, og er að meginstofni framlengingarákvæði tryggingalaganna, þannig að þau falli ekki úr gildi eða verði alger vanskapnaður nú um þessi áramót. Ég ætla ekki að öðru leyti að fara að endurtaka það, sem ég þar sagði.

Við 2. umr. fyrr í dag komu að vísu fram brtt., en ekki voru þær stórvægilegar eða röskuðu í neinu meginatriðum frv., og ekki var þeim heldur fylgt eftir með neinu málþófi eða slíku, og reiknaði ég þá með, að það væri nokkurs konar samkomulag um það í þinginu að láta frv. ganga fram í því formi, sem það hefur nú, eftir þær breytingar, sem gerðar voru á því í hv. Ed. og eru, eins og ég hef áður tekið fram, í fullu samræmi við þær breytingar, sem nú hafa þegar verið gerðar á l. um laun embættismanna með þeim ákvæðum, sem sett voru inn í fjárl., og þá m. a. með vilja og vitund formanns fjvn., sem hér talaði síðast.

En nú hefur það komið fram, að hv. þm. Borgf. (PO), formaður fjvn., hefur borið hér fram allmikilvæga brtt. við frv., og þegar svo er komið, þá leyfi ég mér að lýsa því yfir, án þess að fara að ræða það nokkuð frekar, að ég óska eftir því við hæstv. forseta, að þessu máli ljúki ekki í kvöld, og ég óska eftir, að ríkisstj. fái að fjalla um þetta mál. Ég er félmrh. og hef alltaf haldið þessu máli þannig, að það væri samkomulag innan ríkisstj. um meðferð málsins.

Nú hefur jafnmikill maður og hv. þm. Borgf., formaður fjvn., borið fram brtt., og ég sé mér alls ekki fært að taka afstöðu til hennar öðruvísi en að það verði ríkisstjórnarfundur um það. Mér þykir sennilegt, að þetta hafi það í för með sér, að þingi verði ekki slitið fyrr en eftir helgina.

Ég ætla ekki að fara að ræða málið að öðru leyti nú, en vildi aðeins lýsa þessu yfir.

**Pétur Ottesen:** Ég get ekki séð annað en að þessi brtt. mín, þó að samþ. yrði, geti mjög vel fallið saman við þær breytingar, sem í frv. þessu felast. Ég held þess vegna, að hæstv. félmrh. hafi lagt allt of mikið upp úr efni hennar. Þessi till. hefur ekki í sér fólgin nein útgjöld fyrir tryggingarnar, fjarri fer því, því að meðan tryggingarnar höfðu þessa innheimtu, þá innheimtist þetta fé. Og það er líka tilgangur l., að þau eiga að tryggja þeim mæðrum, sem eiga að njóta þessara bóta, að þær fái þetta fé. Þess vegna get ég ekki séð, að það þurfi að valda neinum straumhvörfum í þessu máli, þó að þessi lagfæring yrði sett í þær bráðabirgðasamþykktir, sem hér liggja nú fyrir. Hins vegar mundi þessi brtt. mín, ef samþ. væri, koma í veg fyrir, að einstöku mæður óskilgetinna barna misstu algerlega af þeim fríðindum, sem löggjöfin á að tryggja þeim.

Það er síður en svo, að ég vilji leggja neinn stein í götu fyrir eðlilegan framgang þessa máls nú og skjóta afgreiðslu þess á þingi, og ég held við gaumgæfilega athugun á þessari till. minni, að þá verði alls ekki sú raunin á. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki greiða atkvæði með neinni till., sem fæli í sér aukin útgjöld hjá tryggingunum fram yfir það, sem gert var við afgreiðslu fjárl. hér í dag, því að þeim uppbótum, sem þar var um að ræða, fylgja að sjálfsögðu allveruleg útgjöld fyrir þá aðila, sem standa undir tryggingunum, en það eru ríkissjóður, sveitarfélögin, einstaklingarnir og svo atvinnurekendur í landinu.

Ég held þess vegna, að þessi tillaga mín sé algerlega meinlaus að því er þetta snertir og falli mjög vel saman við það bráðabirgðafyrirkomulag, sem verið er að framlengja með því frv., sem hér liggur fyrir. En hins vegar er mikil nauðsyn á þessari bragarbót; það sýnir fengin reynsla.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég hef í raun og veru engu að bæta við það, sem ég sagði hér fyrr, öðru en því, að þessi síðari ræða hv. þm. Borgf. hefur ekki skýrt málið að neinu leyti. Hv. þm. hefur hér komið fram með till., en grg. hans er svo flókin og óviss, að það er ómögulegt að átta sig á því, hvað er meint í raun og veru. Ja, hv. þm. hristir hausinn, en þetta er nú sannleikurinn. Og ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég mun ekki taka afstöðu til þessa máls, fyrr en það hefur verið rætt á ríkisstjórnarfundi. Ég hef reynt að halda þessu máli þannig, að mþn. hefði til meðferðar allar þær breyt., sem fram hafa komið í þessu máli, og þannig hefur það verið til þessa. Ég endurtek það því enn, sem ég sagði áðan við hæstv. forseta, að ég óska eftir, að þessu máli verði frestað og það verði hægt að taka ákvörðun um, hvað ríkisstj. telji rétt að gera í þessu máli.

**Pétur Ottesen:** Af því að hæstv. ráðh. leggur svo mikla áherzlu á, að þessi að mínum dómi mjög svo skýra brtt. muni valda einhverjum straumhvörfum í gangi málsins, þá get ég lýst því hér yfir, að ég mun að þessu sinni taka till. aftur, svo að afgreiðsla málsins þurfi ekki að stranda á því.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Málið hefur nú breytzt nokkuð, síðan ég kvaddi mér hljóðs, því að það gerði ég áður en hv. þm. Borgf. bað um orðið nú í síðara skiptið, en þrátt fyrir það vil ég nú segja nokkur orð.

Það er rétt, sem hæstv. félmrh. tók fram, að hér komu engar þær till. fram í dag í sambandi við frv., sem röskuðu grundvelli þess á nokkurn hátt. Þetta voru hóflegar till., sem fóru fram á sjálfsagðar smábreytingar í réttlætisátt, sem í raun og veru er vansi fyrir Alþingi að verða ekki við, þegar þær eru bornar fram. Og það er líka rétt, sem hann sagði, að það var ekki leitazt við að beita málþófi í sambandi við þessar till., heldur að ósk hæstv. forseta deildarinnar haldnar örstuttar ræður til þess að skýra aðeins efni þeirra með örfáum orðum. Þetta hélt ég að hefði frekar átt að verða til þess, að þingheimur vildi á síðustu stundum þingsins verða við sanngjörnum till., bornum fram af stillingu og hógværð og aðeins gerð grein fyrir efni þeirra, og ætti því síður en svo að verða til þess að verða þessum till. að falli núna á fundinum í kvöld.

Þessar till., sem hér liggja fyrir, voru þrjár, — ein þeirra er nú tekin til baka. Sú till., sem hv. þm. Borgf. bar fram, virtist mér auðsæilega eiga að rétta hlut fólks, nokkurra einstaklinga í landinu, sem ættu erfitt með að ná rétti sínum, en hins vegar væri betra að fela Tryggingastofnun ríkisins að gæta réttar þeirra, af því að hún hefði sterkari aðstöðu til þess, án þess að það kostaði tryggingarnar útgjöld. En þetta virtist hæstv. félmrh. taka þannig, að það gæti raskað þeim samkomulagsgrundvelli, sem fengizt hefði um málið, og yrði því að fara varlega um afgreiðslu og fresta fundi og fresta þingi fram yfir helgi. Ég fæ ekki skilið, að gild rök hafi verið til þessa, og ég held, að hæstv. ríkisstj., svo sterk sem hún er, mætti vera svolitið sveigjanlegri um afgreiðslu mála, þegar þm. fara eins hóflega í sakirnar og þeir hafa gert í þessu máli.

Önnur till. var um það, að bætur, sem tryggingunum ber að greiða, skuli ekki 100% fara til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana í landinu, heldur skyldu 10% af þessum sjálfsögðu greiðslum renna til sjúklinganna sjálfra, til þess að þeir hefðu einhvern eyri milli handa. Þetta taldi ég líka að væri sjálfsagt að samþ. og að tryggingarnar þyrftu ekki að fara neitt flatt á samþykkt slíkrar tillögu.

Og 3. till., sem hér liggur fyrir, er um það að reyna að koma til leiðar, að smáupphæðir, sem veittar eru einstaklingum til viðurkenningar á 18. gr. fjárl., fari í hendur viðkomandi einstaklinga, en ekki til stofnunar, sem er enginn fátæklingur, þar sem er Tryggingastofnun ríkisins. Uppgjafakennari vestur á Ísafirði, sem átti að fá 4000 kr., fær ekki þessar 4000 kr., bara léttir því af Tryggingastofnun ríkisins að borga sama einstaklingi 4000 kr. Slíkt er ekkert annað en hringavitleysa, um leið og framið er hróplegt ranglæti á því fólki, sem búið er að þjóna þjóðfélaginu áratugum saman. Svo á að heita, að það fái viðurkenningu, en um leið og þessi viðurkenning er veitt, er hún tekin og sett í vasa sterkríkrar stofnunar í þjóðfélaginu.

Ég held, að ekkert af þessum till. sé þess eðlis, að það sé ástæða fyrir einn einasta þm. að kippast við, vegna þess að hann beri hagsmuni Tryggingastofnunar ríkisins svo fyrir brjósti, að það megi ekki ganga á hennar rétt.

Þessi seinasta till. var hér nokkuð rædd utan fundar í gærkvöld að viðstöddum hæstv. fjmrh., viðstöddum hæstv. forseta Ed. og fjölda þm. hér í þessari deild, og virtust allir vera á einu máli um, að það bæri að koma því til vegar, að heiðursviðurkenningarupphæðir á 18. gr. kæmust í hendur þess fólks, sem þær væru ákveðnar til. En þegar till. er borin fram um það hér í dag að breyta l. svo, að þetta náist, þá láta þm. sér sæma að rétta upp putana á móti því, þrátt fyrir það að það sé engum frjálsbornum manni sæmandi.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Það er nokkur lífsreynsla fyrir mig og væntanlega aðra þá, sem ekki eiga langa sögu hér í þinginu að baki, að heyra þær umr., sem fram hafa farið hér á fundinum í kvöld.

Það, sem skeð hefur, er það, að hér hafa verið bornar fram till. um það, að gamalmenni á sjúkrahúsum skuli fá 10% af þeim lífeyri, sem með þeim er greiddur, í eigin hendur. Það er upphæð, sem nemur 50—60 kr. á mánuði. Og það hefur verið borin fram till. um það að fela einni stofnun ríkisins að innheimta lífeyri þeirra barna, þar sem úrskurður yfirvalds liggur fyrir um meðlagsskyldu. Þessar till. og raunar þær aðrar, sem fram hafa komið hér í kvöld, hafa verið bornar fram af mikilli hógværð og kurteisi og rökstuddar. En hæstv. ríkisstj. Íslands virðist ekki hafa til að bera þann þegnskap, hvorki gagnvart hlutaðeigandi gamalmennum né mæðrum óskilgetinna barna, sem um ræðir í till., hvað þá gagnvart Alþ., að hún vilji sætta sig við það, að Alþ. fái að ráða þessum hlut.

Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Til hvers heldur ríkisstj., að Alþ. sé, ef Alþ. á ekki að hafa rétt til þessa, ef Alþ. á ekki að fá óhindrað að hafa úrslitavald um jafnsmávægileg atriði og hér eru á döfinni?

Mér þætti fróðlegt, að hæstv. félmrh. vildi útskýra það hér fyrir okkur alþm., til hvers hann yfirleitt álítur að þessi stofnun, sem við nú erum staddir í, sé, ef hún má ekki hafa úrslitavald um þetta. Ef ákvarðanir í jafnlitlum málum, en um leið jafnsjálfsögðum réttindamálum fyrir þá, sem illa eru settir í lífsbaráttunni, eiga endilega að vera teknar einhvers staðar fyrir utan þessa samkomu, þá verð ég að segja það, að það væri ákaflega fróðlegt fyrir mig að fá að vita það, til hvers ríkisstj. hugsar sér, að Alþ. eigi að vera.

Ég leyfi mér að svo mæltu að taka upp aftur

till. þá, sem hæstv. félmrh. neyddi hv. þm. Borgf. til þess að taka hér aftur, enda er þessi till. öðrum þræði endurflutningur á till., sem ég flutti hér við 2. umr. málsins í dag. Lýsi ég fylgi mínu við till. og leyfi mér að taka hana upp sem mína till. og ætla að biðja forseta um, að hún geti fengið meðferð sem skrifleg till.

ATKVGR.
Brtt. 326 felld með 16:10 atkv.
— 325 felld með 15:10 atkv.
— 324 felld með 16:10 atkv.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

## 17. Krabbameinsfélag Íslands.

Á 21. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um, að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar** [106. mál] (stjfrv., A. 182).

Á 22. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 215).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Karl Guðjónsson):** Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, en efni þess er það, að við skattreikning til ríkisins og til bæjar- eða sveitarfélaga fái gefendur þeir, sem leggja af mörkum gjafir til Krabbameinsfélags Íslands eða sambandsfélaga þess, rétt til þess að draga gjafir allt að 15 þús. kr. frá skattskyldum tekjum sínum það árið, sem gjöfin fer fram.

N. hefur kynnt sér, að Krabbameinsfélag Íslands er landssamband allra þeirra félaga hér á landi, sem hafa það að aðalmarkmiði að berjast gegn þeim válega sjúkdómi, krabbameininu, og með því að þessi lagasetning á sér hliðstæðu að því er snertir gjafir til þess félags, sem einkum hefur beitt sér gegn berklaveikinni, og sömuleiðis er sams konar hliðstæða fyrir hendi um gjafir til barnaspítalasjóðs, þá leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 341).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þessu frv. var vísað til fjhn. þessarar deildar 3. des. s. l., eða um það bil hálfum mánuði fyrir þingfrestunina. Eins og hv. þm. muna, þá voru miklar annir þessar tvær síðustu vikur fyrir þingfrestunina, og fórst því fyrir, að n. afgreiddi málið á þeim tíma. Er það í raun og veru illa farið, þar sem frv. fjallar um framtöl manna til skatts á yfirstandandi ári, en þau eru víða búin, a. m. k. í kaupstöðum munu mjög margir þegar hafa talið fram til skatts. Ég hygg þó, eins og ég mun koma síðar að, að hægt sé að bæta úr þessu.

Það var ekki fyrr en í gær, fyrsta daginn sem hæstv. forseti þessarar deildar, sem á sæti í fjhn., var hér staddur, sem n. afgreiddi málið. Var þá einn nm. fjarstaddur sökum veikinda, hv. 4. þm. Reykv., en eins og sjá má á nál. á þskj. 341, leggja hinir fjórir nm. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Efni frv. er það, eins og menn sjá, að ákveða, að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands, sem nema allt að 15 þús. kr., skuli gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknist gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar. En eins og ég gat um áðan, þá er nú svo ástatt, að ýmsir, einkum í bæjum, hafa þegar talið fram og vitanlega ekki talið þetta til frádráttar tekjum sínum, þó að þeir kunni að hafa gefið Krabbameinsfélagi Íslands einhverjar gjafir. En þess ber þó að gæta, að skatturinn er ekki á lagður enn, þó að framtalið sé gert, og tel ég alveg sjálfsagt, að skattanefndir taki þessar gjafir til greina, ef einhverjar eru og ef þeim er um þær kunnugt, og dragi þær frá skattskyldum tekjum, þegar skatturinn er á lagður. Og þá ætti að vera úr því bætt, þó að lög um þetta efni séu sett síðar en þurft hefði að vera.

Það er ekki nýmæli, að gjafir til líknarstofnana séu skattfrjálsar samkv. lögum. Það hefur áður verið samþykkt svipað ákvæði að því er snertir vinnuhæli berklasjúklinga og gjafir til

barnaspítala, svo að að því leyti er það ekkert nýmæli, sem í þessu frv. felst, annað en það, að það er nýr aðili, sem hér kemur til greina. Ég verð að segja það hvað mig snertir persónulega, þó að ég mæli með þessu frv. eins og aðrir nm., að ég tel þetta dálítið hæpna leið, sem verið er inn á með því móti að ákveða með sérstökum lögum, að gjafir til eins eða annars fyrirtækis skuli vera skattfrjálsar, og ég held það væri réttari leið að setja beinlínis í skattalögin einhver ákvæði um það, að gjafir til líknarstofnana, sem hlíttu ákveðnum reglum og fyrirmælum, skyldu vera skattfrjálsar. Með því að hafa þennan hátt á að setja sérstök lög um hvert einstakt atriði í þessu efni, þá er vitanlega alltaf hætta á, að misréttis gæti, og það geti farið svo, að líknarfélag eða líknarstofnun, sem á alveg eins mikinn rétt á þessu og þær, sem þessara friðinda njóta, verði útundan. Yfirleitt er það, sem ég segi um þetta, í samræmi við það, sem ég hef oft látið í ljós hér í Alþingi, að ég er heldur mótfallinn því, þegar hægt er að komast hjá því, að setja lagaákvæði til eins árs, sem svo eru framlengd ár frá ári kannske, — og um einstök atriði, sem hægt væri að hafa í heildarlöggjöf og setja til nokkurrar frambúðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 344).

---

## 18. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1955.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1955** [145. mál] (stjfrv., A. 340).

Á 44. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Um það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég aðeins segja það, þar sem hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, að það er í stíl við það, sem flutt hefur verið undanfarin þing. Það er öllum ljóst, að því þingi, sem nú situr, verður ekki lokið á þeim tíma, sem Alþ. skyldi að lögum koma saman, og er því nauðsynlegt að setja aðra reglu um það þegar af þeirri ástæðu. Er frv. nú sniðið eftir því, sem var á síðasta ári, og geri ég ráð fyrir, að ekki verði um það ágreiningur. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til að vísa því til nefndar frekar en verkast vill. Málið liggur alveg ljóst fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þó að ég ætli ekki mikið að segja, þá hefði ég helzt kosið, að hæstv. forsrh. eða a. m. k. einhver af hæstv. ráðh. væri hér viðstaddur. (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir því, að umr. sé frestað og vitað, hvort þeir geti verið við?). Ef hæstv. forseti vill taka að sér að beina því, sem ég ætla að segja hér, sem er ekki mikið, til hæstv. forsrh., þá er mér það nægjanlegt. (**Forseti:** Það er verið að gá að, hvort hæstv. forsrh. sé við, og er bezt, að hann verði við sjálfur, ef það er hægt.) — — — Jæja, ég ætla nú samt að segja það, sem ég hef að segja um þetta. Það eru ekki mörg orð.

Mér er það ljóst, að það verður að fresta Alþingi 1955 til haustsins, hvort sem dagurinn 8. okt. er nú nákvæmlega sá rétti eða ekki, en ég verð að segja það sama um þetta mál og ég sagði í sambandi við síðasta mál, sem hér var á dagskrá, að ég kann illa við þessa aðferð að fresta Alþingi ár eftir ár með sérstökum lögum, og þar sem er komin svo löng reynsla á það nú, að þing er yfirleitt ekki haldið fyrr en á haustin, þá sé ég enga ástæðu til að hafa þessa aðferð lengur. Ég held, að bezti tíminn fyrir Alþingi til að starfa væri síðari hluta vetrar eins og áður var, en ég býst við, að þá þyrfti að breyta fjárhagsárinu, sem mér finnst ekki nein vandkvæði vera á. Ég sé ekki, hvers vegna það þarf endilega að vera almanaksár. En ef það þykir ekki fært að breyta fjárhagsárinu og fara svo eftir stjórnarskránni um það, að Alþingi komi saman 15. febr., þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að samþykkja þetta á hverju ári. Stjórnarskráin heimilar að breyta með einföldum lögum ákvæðinu um þingsetningardaginn, og hví þá ekki að breyta því með lögum, sem gilda, og vera ekki að þessu á hverju einasta þingi? Annars finnst mér, að þessi dagur, 8. okt., sé settur of seint á árinu. Það tókst að vísu að afgreiða fjárlög á s. l. ári, þó að þing kæmi ekki saman fyrr en 9. okt., en það er þó auðvitað mjög hæpið, að slíkt takist. Og í annan stað tókst ekki að ljúka þingstörfum, þó að það tækist að ljúka fjárlögum, en bezt færi auðvitað á því, að þinginu mætti verða lokið á því ári, sem það er haldið fyrir, en reynslan sýnir, að með því að byrja ekki þing fyrr en komið er fram í október, þá verður þinginu ekki lokið fyrir áramót. Ég ætla nú samt ekki í þetta sinn að gera neina brtt. um þetta, en ég vildi mælast til þess, að t. d. hæstv. forseti léti ríkisstj. vita um það, að þessi rödd hefði hér komið fram. Þetta er ekki nýtt. Þessi rödd hefur heyrzt hér ár eftir ár, en alltaf verið borið fram sams konar frv. um þetta efni.

**Forseti (GíslJ):** Að gefnu tilefni skal ég að sjálfsögðu vekja athygli hæstv. forsrh. á því, sem hefur verið sagt hér. Ég hafði nú hugsað mér að láta ljúka þessu máli hér í dag og halda annan fund að þessum fundi loknum, vænti, að hv. þm. hafi ekkert við það að athuga, en ummæli hv. 1. þm. Eyf. skulu flutt hæstv. forsrh. við allra fyrsta tækifæri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 44. fundi í Nd., 11. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 345).

---

## 19. Skógrækt.

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um skógrækt** [90. mál] (stjfrv., A. 147).

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég þarf ekki að mæla nema örfá orð fyrir þessu frv., vegna þess að grg. þess er svo skýr, að hún segir í raun og veru allt, sem ástæða er til að segja hér við 1. umr. málsins.

Ég vil þó geta þess, þó að það í raun og veru sé fram tekið hér í grg. frv., að þetta frv. hefur verið 2—3 ár til meðferðar, að nokkru leyti fyrir Alþingi og að nokkru leyti til endurskoðunar í nefndum. Skógræktarlögin eru að stofni til frá 1940, en á þeim hafa svo verið gerðar nokkrar breytingar, þó ekki verulegar, tvisvar síðan. En frv. það að nýjum skógræktarlögum, sem lá fyrir Alþingi 1952, varð ekki útrætt þá, en því var vísað til næsta búnaðarþings, sem þá var starfandi, og niðurstaðan varð sú, að það varð samkomulag um það milli búnaðarþings annars vegar og hins vegar milli skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, að það yrði skipuð nefnd sameiginlega frá þessum aðilum til þess að athuga það frv., sem þá lá fyrir. Það hafði verið dálítill ágreiningur um nokkur atriði á milli þeirra, sem einkum starfa að búskap og sérstaklega sauðfjárbúskap, annars vegar og hinna, sem höfðu sérstakan áhuga fyrir skógrækt og skóggræðslu. Þessi nefnd var síðan skipuð, og eins og hér er frá skýrt, þá voru af hálfu Búnaðarfélagsins eða búnaðarþingsins þeir Guðmundur Jónsson bóndi á Hvítárbakka og Sigurður Snorrason bóndi á Gilsbakka, en hinum megin frá voru það þeir Sveinbjörn Jónsson hrl. og Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari, frá Skógræktarfélagi Íslands og Skógrækt ríkisins. Það hefur náðst samkomulag í þessari n. um öll meginatriði frv. Það lá svo að lokum fyrir síðasta búnaðarþingi, sem gerði nokkrar breytingar á því, þó ekki veigamiklar, og áreiðanlega breytingar, sem samkomulag hefur náðst um, að væru til bóta, milli þessara aðila. Liggur því frv. nú fyrir hinu háa Alþingi eftir þessa margföldu endurskoðun, sem á því hefur farið fram.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að rekja þær breytingar, sem þessi endurskoðun gerir á l. frá 1940, vegna þess að nákvæmlega er það skýrt hér í grg., sem er þó ekki löng. En eins og hún ber með sér, þá er ekki um neinar stórfelldar breytingar hér að ræða á skógræktarlöggjöfinni, en mörgu hefur verið breytt með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur. Ekki er um nein stórfelld fjárútlát úr ríkissjóði að ræða vegna þessara breytinga. Að vísu má geta þess, að það er ætlazt til, að þeir, sem taki til skóggræðslu reiti við bæi sína, fái styrk til girðinga um þá á svipaðan hátt og menn fá styrk til girðingar um ræktað land samkv. jarðræktarlögunum. En ég hygg, að allir aðilar séu sammála um það, að þessar breytingar, sem hér er farið fram á, séu til bóta, sumar þeirra til mikilla bóta frá því, sem verið hefur. Og ég hef mikla von um, að þessi endurskoðun hafi það í för með sér, sem er mikils virði, að nú hverfi sá ágreiningur, sem verið hefur um framkvæmd vissra atriða í skógræktarlöggjöfinni milli þeirra, er aðallega lifa á búfjárrækt og þó einkum sauðfjárrækt, og skógræktarmannanna og þeirra, sem sérstaklega hafa áhuga fyrir henni. Að því hefur verið stefnt með þessari endurskoðun skógræktarlaganna, og þess

vegna er það mjög ánægjulegt, að það skyldi nást samkomulag innan þeirrar nefndar, sem sérstaklega hefur um þetta mál fjallað, og það eru einmitt sömu aðilar, sem að þessu eiga að standa á eftir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 254).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið athugað af landbn. Nefndin kynnti sér það eftir föngum og átti sömuleiðis viðræður við skógræktarstjóra um málið, og að því búnu féllst n. á að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Málið hefur verið talsvert undirbúið. Frv. um þetta efni lá fyrir Alþ. 1952. Það varð þá ekki útrætt, en því var vísað til búnaðarþings til athugunar, og þá kom í ljós, að það var talsverður ágreiningur um viss atriði. Þetta varð til þess, að búnaðarþing og Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands komu sér saman um að tilnefna menn til þess að athuga þetta og þá ná samkomulagi um ágreiningsatriðin. Þetta tókst. Málið fór svo aftur fyrir búnaðarþing og aftur til nefndarinnar, og frv., eins og það liggur nú fyrir, er byggt á þessu samkomulagi. Það er þess vegna búið að ganga í gegnum þá hreinsunarelda, sem landbn. taldi að hlytu að duga, og þess vegna leggur n. til, eins og ég sagði áðan, að frv. verði samþ. og málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 364).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Með þessu frv. er slegið saman þeim frv., sem áður giltu hér viðvíkjandi skógrækt, og einstaka nýjum ákvæðum bætt við og öðrum breytt. Ég skal fyrst benda á helztu breytingarnar, sem eru í þessu frv. frá núgildandi lögum.

Það er þá fyrst og fremst í 6. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að það sé leyfilegt að rjóðurhöggva skóg, ef bletturinn, sem rjóðurhöggvinn er, er gerður að túni. Það er á einstaka stað á landinu, sem ekki er til land til ræktunar nema vaxið kjarri. Og það er til að gera þeim mönnum mögulegt að stækka tún sitt, að þessi breyting er tekin upp í lögin.

Þá er í 20. gr. gert ráð fyrir, að hægt sé að styrkja dálítið frekar en áður var þá menn eða félög, sem ætla sér að koma upp barrskógi. Mikið er þar ekki um að ræða, og má vera, eins og ég skal koma að síðar, að það sé ekki tímabært enn að ganga þar frekar að en þarna er gert.

Þá er gert ráð fyrir því í 22. gr., að hægt sé að leigja einstaka mönnum sumarbústaði eða lönd í sambandi við þá gegn því skilyrði, að þeir gróðursetji þar tré. Það er einhver eftirspurn eftir slíkri leigu og búizt við því, að með þessari gr., sem mér skildist á skógræktarstjóra að hann kallaði aðkallandi að kæmist nú fram, mundi koma einhver nýplöntun út frá mönnum, sem slík leyfi fengju, í kringum þeirra sumarbústaði, sem stæðu á landi þess opinbera.

Þá er í 23. gr. gert ráð fyrir því, að hægt sé að styrkja menn til að girða utan um land, sem tekið er til skógræktar, enda sé landið minnst hektari á bæ.

Enn er fellt niður ákvæði, sem áður var um það, að skógræktin hefði skyldu til þess að gefa sóknarnefndum plöntur til að gróðursetja í kirkjugarða. Það hefur verið heldur slæm reynsla af þessu. Sóknarnefndirnar hafa verið tregar til að taka á sig þá kvöð, sem þær hafa vitanlega þurft að gera, að halda girðingunum við í kringum kirkjugarðana. Það stendur í sambandi við þá ómenningu, sem kirkjugarðsmál okkar yfirleitt eru í, því að það er engu líkt. Það er verið að tala um kirkjur og presta og að þeir eigi alls staðar að vera, helzt á hverjum bæ, en kirkjugarðarnir eru vanræktir eins og mest má vera um landið þvert og endilangt, og er það til skammar öllum, sem þar eiga hlut að máli. Væri miklu nær að taka upp áróður fyrir því heldur en að vera að kasta heilagri vígslu á alls konar menn og hluti, eins og nú er farið að viðgangast. Þetta er fellt niður, en hins vegar mun ekki standa á því frá skógræktarinnar hálfu að láta þær sóknarnefndir, sem virkilega hafa áhuga á að prýða sína kirkjugarða, fá plöntur, enda þótt kvöðin sé tekin af skógræktinni, sem áður var.

Með þessu held ég að ég hafi nefnt aðalbreytingarnar, sem í frv. felast. Sjálfur lít ég þannig á, að þetta frv., eins og reyndar öll okkar löggjöf, sé gert til bráðabirgða. Hún ber merki þess, þessi löggjöf, sem hér er steypt saman í eitt, að enn erum við að tala um skóg og skógrækt, mið-

að við birkikjarr, sem ekkert vit er í. Björkin er ekki skógur. Hún verður aldrei nytjaskógur og aldrei til neins gagns annars en að prýða og kannske á einstaka stað hefta uppblástur. Ég álít, að það eigi tiltölulega stutt í land, að við vöxum upp úr því að vera að friða slíkt kjarr, slíka smárunna, eins og nú er gert. En hins vegar er reynslan orðin sú, að það er orðið sýnilegt, að hér er hægt að rækta barrskóg, og á það að friða hann og koma honum upp þarf að leggja miklu meiri áherzlu en gert hefur verið. Og sérstaklega þarf þá að breyta um frá því, sem hefur verið gert, á þann hátt, að það þarf að hugsa langt fram í framtíðina. Barrskógur, sem við viljum helzt reyna að koma á hvert heimili, þarf að vera byggður þannig upp, að hann skapi á heimilinu nokkurn veginn jafna vinnu ár hvert, ekki bara næstu árin, heldur næstu 50—100 árin. Og til þess að hann geti það, þá þarf að vera að smáplanta honum á löngum tíma, þannig að þegar það, sem fyrst er plantað, er orðið fullvaxið eftir ca. 50—60 ár og gefur nytjaskóg, þá þarf að vera til mannskapur á heimilinu til að rjóðurhöggva þann part og planta í hann aftur. Það er þess vegna ekki hugsað um framtíðarstefnu í skógræktinni, að mínum dómi, að hlaupa til og gróðursetja heilan ha. eða 2 ha. í einu á einhverri jörð. Við það ræður maðurinn ekki. Hann ræður ekki einu sinni við að grisja hann, nema hann fái sér aðkeypta vinnu. Og eins og vinnuaflið er núna, þá er orðið fátt fast fólk á heimilunum. Það á að miða skógræktina við það, að það fólk komist yfir það að grisja hann, ekki bara að planta hann fyrst smám saman, lítinn blett á hverju ári, heldur líka seinna að grisja þá bletti og enn þá seinna að hirða timbrið úr þeim bletti og þá að planta í hann nýjum skógi. Þess vegna þarf allt frv. innan margra ára að sníðast um, annars vegar að taka úr því þá friðun, sem nú er á skógi, sem enginn skógur er og aldrei verður til neins gagns nema til augnayndis, en hins vegar skapa möguleika fyrir því, að upp geti vaxið á sem flestum heimilum nytjaskógar, sem bundnir séu við heimilisstörfin, þannig að það sé ekki meira, sem gera þarf árlega, en það, að heimilisfólkið ráði við það á hverjum tíma. Það er trúlegt, að það mundi þurfa að vera svona einn tíundi til einn tuttugasti af hektara, sem væri tekið á hverju ári. Þá væri eftir 50 ár mismunandi nytjaskógur til með mismunandi aldri, sá elzti, sem ætti að höggvast í ár og vera gagnskógur, væri 50 ára, og þarf þá að planta í staðinn í rjóðrið og svo alltaf áfram á hverju ári. Þannig þarf það að byggjast upp, og þegar frv. verður endurskoðað, eftir nokkur ár, þá þurfa þingmenn þeir, er þá sitja hér, að muna eftir þessu tvennu: hætta að friða smákjarrið, sem enginn hefur gagn af, en stefna að því að friða og koma inn því, sem allir hafa gagn af, og því, sem allir vilja stefna að, að koma upp nytjaskógi á hverri jörð. — En ég er með frumvarpinu núna óbreyttu og n. öll, því að það er ekki enn þá tímabært að gera annað. Menn eru ekki búnir að melta framtíðarhugsjónina, sem skógræktin á að komast inn í hér á landi, og vilja halda í runnana til prýði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
28.—31. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 393).

## 20. Bifreiðalög.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með á orðnum breytingum** [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það frv., sem hér er borið fram um breyting á bifreiðalögunum, er sjálfsagt ekki borið fram að ófyrirsynju að skoðun manna, því að hvað eftir annað á síðustu mánuðum hefur því verið hreyft í blöðum, að stöðva yrði þá notkun unglinga á reiðhjólum með hjálparvél, sem mjög hefur farið í vöxt að undanförnu. En samkv. þeim reglum, sem um þetta giltu, þá hafði áður verið úrskurðað, að slík farartæki skyldu ekki teljast til bifreiða, og því hafði hvorki ráðuneytið né lögreglan heimild til þess að skerast í þetta mál. Að vísu hefði verið hugsanlegt að breyta fyrirmælunum um það, hvað til bifreiða skyldi teljast, með einföldum úrskurði, en þá var hins vegar orðið greinilegt, að í óefni var stefnt, því að hin almennu ákvæði laganna um bifreiðar eiga ekki nema að litlu leyti við um þessi farartæki. Það varð því að ráði að láta afgreiðslu málsins bíða og bera fram um þetta sérstakt frv., sem fer í þá átt að setja aldurstakmark, 15 ár, um það, hvenær menn megi aka á þessum farartækjum, og að þeir þurfi að hafa til þess samþykki lögreglustjóra. Er þá gert ráð fyrir því, að það samþykki verði ekki veitt fyrr en hann hefur kynnt sér eða látið kynna sér, að þeir, sem um leyfið sækja, hafi hæfilega þekkingu. Það er hins vegar ekki ráðgert, að kennslu verði komið upp um notkun farartækjanna, — það er talið, að það sé svo einfalt, að ef menn eru komnir til nokkurs aldurs og þroska á annað borð, þá geti þeir lært þetta af sjálfum sér, — en ráðgert er, að hægt sé að vísa mönnum á sérstakar stöðvar, sem þeir geti æft sig á, meðan

þeir eru að ná nauðsynlegri æfingu, áður en þeir ganga undir þessa skoðun hjá lögreglustjóranum, sem ráðgert er að eigi sér stað.

Það er enginn vafi á því, að þessi farartæki eru mörgum til hags, og ef þau eru notuð af mönnum, sem hafa til þess þroska og kunna með þau að fara, þá eru þau hættulítil. Hins vegar vitum við það allir, að það hefur farið í vöxt hér eins og raunar víðar, að börn og unglingar, sem ekki hafa næga varúð, eru mjög farin að nota þessi tæki, og verður að gjalda varhuga við því. Það hefur nokkuð verið stuðzt við reglur annars staðar, þegar þetta frv. var samið, en að öðru leyti reynt að fara eftir þeim staðháttum, sem hér eiga við.

Ég vil vekja athygli á því, að ráðgert er, að það þurfi að tryggja þessi farartæki gegn tjóni, er þau valdi öðrum, svipað og á sér stað um bifreiðar, en mér er tjáð, að tryggingargjaldið verði svo lítil upphæð á hverju ári, að það muni ekki verka til neinnar hindrunar út af fyrir sig. En um það atriði og önnur er ætlazt til að sett verði fyrirmæli í reglugerð, þegar þar að kemur.

Ég legg til, að frv. fari til 2. umr. og þeirrar n., sem við á. Ég hef ekki athugað, hvort það er heldur samgmn. eða allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 397).

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og mælir hún með því, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem á þskj. 397 greinir.

Frv., sem er stjórnarfrv., setur ákvæði um meðferð vélknúinna reiðhjóla, svo framarlega sem hestaflatala þeirra fer ekki fram úr einu hestafli, strokkrúmmál þeirra er ekki yfir 50 cm³ og þau eru ekki yfir 50 kg að þyngd. Hjól, sem hafa stærri aflvél en þau, sem þannig eru útbúin, eru nefnd bifhjól og falla undir eldri ákvæði bifreiðalaganna.

Eins og í aths. við lagafrv. segir, hefur notkun þessara reiðhjóla færzt mjög í vöxt upp á síðkastið og mikill fjöldi þeirra verið fluttur inn, en eins og í grg. segir, þá hefur reyndin orðið sú, að þau hafa að miklum hluta lent í höndum barna og unglinga, sem yngri eru en svo, að forsvaranlegt sé, að þau fari með vélknúin farartæki í nokkurri mynd.

Allshn. hafa borizt umsagnir lögreglustjórans í Reykjavík og bæjarfógetans á Akureyri um frv þetta, og leggja þeir báðir til, að það verði samþykkt.

Brtt. þær, sem n. hefur gert við frv., eru ekki stórvægilegar. Lagt er til í brtt. n., að sá, sem snýr sér til lögreglustjóra í þeim tilgangi að afla sér heimildar til að aka reiðhjóli með hjálparvél, leggi fram vottorð bifreiðaeftirlitsmanns um, að hann hafi næga aksturskunnáttu og þekki umferðarreglurnar, en þar sem slíks vottorðs verður ekki aflað vegna fjarlægðar eða annarra tálmana, þá leggur n. til, að lögreglustjórar, hver á sínum stað, útnefni menn til þess að prófa eða kanna aksturskunnáttu umsækjenda og hæfni þeirra til að aka slíkum reiðhjólum.

Þetta er eina brtt., sem n. flytur við frv., en hún er, eins og ég sagði áður, sammála um að mæla með því, að það verði samþ. Einn nm., hv. 4. landsk. þm. (GJóh), var að vísu fjarverandi, þegar frv. var endanlega afgr. í n., en hann hafði áður lýst sig fylgjandi frv. og þeim breytingum, sem allshn. hugðist gera á því.

ATKVGR.

Brtt. 397,a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 397,b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 397,c samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 431).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 431, n. 466).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um viðbót við bifreiðalögin, er stjfrv. og er borið fram í hv. Nd. á þessu þingi öndverðu sem 5. mál, þskj. 5. Það var samþ. í d. með nokkrum breytingum, sem ekki eru þó neitt verulegar, og afgr. til þessarar hv. d. 10. þ. m. eins og það er prentað á þskj. 431.

Frv. er um það að bæta nýjum kafla við bifreiðalögin, og fjallar hann eingöngu um reiðhjól með hjálparvél, en svo nefnast í lögum þessum reiðhjól, sem hafa aflvél, sem er minni en 1 hestafl og þó ekki yfir 50 cm³ strokkmál og ekki yfir 50 kg að þyngd, eins og segir í 1. gr. frv.

Þessi farartæki hafa ekki fallið undir ákvæði bifreiðalaganna, en það þykir ekki rétt að hafa það svo lengur, einkum vegna þess, að farartækjum þessum hefur mjög fjölgað undanfarin ár og eru mjög notuð af unglingum, svo að ekki sé sagt börnum, sem vitanlega má telja vafasamt að hafi þá æfingu í akstri eða meðferð hjólanna eða vitneskju um einföldustu

umferðarreglur, sem nauðsynlegar eru til öryggis, bæði þeim, sem aka, og annarri umferð. Hefur því talizt nauðsynlegt að setja reglur um lágmarksaldur og að lögregluyfirvöld rannsaki, að þeir, sem óska eftir að aka farartækjum þessum, hafi ákveðna kunnáttu og þekkingu. Þá hefur og talizt nauðsynlegt vegna hagsmuna almennings, að farartækin séu tryggð fyrir tjóni, sem þau valda öðrum.

Það er vafalaust, að reiðhjól þau, sem frv. fjallar um, eru þægileg og hentug farartæki að ýmsu leyti, enda töluvert mikið notuð af vinnandi fólki, t. d. að og frá vinnu og í ýmsar smærri ferðir. Það væri því ekki rétt að setja nein þau ákvæði í lög þessi, sem drægju úr eðlilegri og heilbrigðri notkun farartækjanna, enda virðist það ekki gert með þessari lagasetningu, sem hér er um að ræða, heldur stefnt að því að koma í veg fyrir misnotkun þeirra og auka umferðaröryggi.

Ég vil þá leyfa mér að víkja örlítið með nokkrum orðum að frumvarpsgreinunum sjálfum. Eins og ég sagði áðan, þá er gert ráð fyrir, að þetta sé einn kafli, sem bætist við bifreiðalögin og verður VIII. kafli þeirra laga. Í b-lið 1. gr. frv., sem verður 42. gr. bifreiðalaganna, segir:

„Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél nema hann sé orðinn 15 ára að aldri og hafi næga kunnáttu í akstri og umferðarreglum að dómi lögreglustjóra, svo og næga andlega og líkamlega hreysti. Lögreglustjórar veita mönnum heimild til að stýra reiðhjólum með hjálparvél, og skal heimildin rituð í innlend vegabréf heimildarhafa gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. — Umsókn um leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél skal fylgja vottorð bifreiðaeftirlitsmanns um, að umsækjandi hafi næga hæfni til að stjórna slíku reiðhjóli og þekki umferðarreglur.“

Þá segir enn fremur, að sé erfitt að ná til bifreiðaeftirlitsmanns til þessara hluta, þá megi lögreglustjóri hverju sinni skipa hæfan mann til þess að prófa aksturskunnáttu umsækjanda, og kemur þá vottorð þess manns í stað vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns.

Enn fremur segir í c-lið, sem verður 43. gr., að fyrir skrásetningu og skoðun reiðhjóla með hjálparvél skuli greiða gjald í ríkissjóð, en upphæð þess ákveður dómsmrh. með reglugerð. — Þá segir, að reiðhjól með hjálparvél skuli undanþegin bifreiðaskatti og ökumannstryggingu, en að öðru leyti gilda um þau, ökumenn þeirra, eigendur, tryggingar og akstur ákvæði laga þessara, þ. e. bifreiðalaganna, eftir því sem við á, svo og ákvæði laganna um refsingu og sviptingu réttinda.

Þá segir í d-lið gr., sem verður 44. gr., að dómsmrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um gerð reiðhjólanna o. s. frv. í sambandi við það, sem þeim við kemur.

Allshn. hefur fjallað um þetta mál og leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir. Einn nm., hv. 10. landsk. þm., var ekki á fundi, þegar málið var tekið fyrir, og er hann því vitanlega óbundinn af áliti nefndarinnar.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég er nú með frv. og skrifa fyrirvaralaust undir nál., og þess vegna er kannske ekki þörf á að kveðja sér hljóðs, en orsökin til þess, að ég geri það, er sú, að eins og nú er komið hér á landi, þá tel ég, að það líði óðum að því, að nauðsynlegt sé að taka dráttarvélar undir bifreiðalögin með sérákvæðum ýmsum. Við töluðum dálítið um þetta í n., og í Nd. hafði komið fram ákveðin till. um þetta. Nefndin féll frá því að gera þetta núna. Og það, sem ég stend upp til að kveðja mér hljóðs um, er það að biðja hæstv. ráðherra að hlutast til um að afla vitneskju um, hvernig þessu sé háttað annars staðar, svo að það liggi fyrir næsta þingi. Það er í Norðurlandablöðunum, búnaðarblöðunum öllum, búið að deila um, hvernig þetta eigi að vera, núna 3—4 ár. Danmörk er komin lengst og komin með frv., sem núna liggur fyrir danska þinginu og ég veit ekki hvort hefur verið samþykkt enn eða ekki eða hvort það verður samþykkt. En þessar upplýsingar um, hvernig þetta er í nágrannalöndunum, þar sem margt er svipað og hjá okkur, vil ég fá, áður en settur er kafli inn í bifreiðalögin um dráttarvélarnar, sem er að verða alveg nauðsynlegt.

Ég vænti þess, að ráðherra verði við þessari beiðni minni og hlutist til um, að það liggi fyrir næsta Alþingi, svo að maður viti, hvernig þetta er annars staðar, þegar að því kemur, að við þurfum að fara að setja um þetta ákvæði hér, sem ég hygg að verði mjög bráðlega.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vil einungis skýra hér frá því, sem fram hefur komið, að ráðuneytið hefur fyrir skömmu skipað nokkra menn til þess að endurskoða bifreiðalögin og umferðarlögin í heild. Og ég tel sjálfsagt, að þetta atriði varðandi dráttarvélar komi inn í þá endurskoðun og að sú n. muni afla sér gagna þeirra, sem hún telur sig þurfa, um löggjöf annars staðar. Af þeim sökum hygg ég, að óþarfi sé fyrir mig að hafa af þessu frekari afskipti á þessu stigi málsins, en ég hef lagt á það áherzlu, að þetta frv. yrði svo snemma til, að hægt væri að leggja það fyrir næsta reglulegt Alþingi.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Mér þykir gott að heyra, að hæstv. dómsmrh. upplýsir hér, að n. muni verða falið að endurskoða bifreiðalögin í heild. Ég álít, að þess sé fyllsta þörf.

Í sambandi við þetta frv. vildi ég mega benda á, að samkv. 43. gr., eins og fram er tekið, eru reiðhjól með hjálparvél undanþegin ökumannstryggingu, þ. e. a. s. bæði skyldutryggingu gagnvart þriðja manni og persónutryggingu þess, sem stýrir hjólinu. (Gripið fram í.) Er það ekki gagnvart þriðja manni? Er það aðeins persónutrygging ökumannsins sjálfs tvímælalaust? Er þá skyldutrygging gagnvart tjóni á þriðja manni? (**LJóh:** Ég hef rannsakað það sérstaklega.) — Þingmaðurinn segist hafa rannsakað það sérstaklega, að ökumannstryggingin, hans sjálfs persónulega, er ekki þarna með. Ég álít, að það sé fyllsta ástæða til þess við endur-

skoðun bifreiðalaganna að athuga, hvort ekki sé sjálfsagt, að ökumannstrygging sé skyldutrygging einnig á þessum farartækjum, reiðhjólum með hjálparvél. Eins álít ég í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði hér áðan, að fyllsta ástæða sé til að fella sérstök ákvæði um traktora og aðrar slíkar aflvélar, sem eru á hreyfingu við vinnu, undir bifreiðalögin og setja sérstök ákvæði bæði um tryggingar þeirra og tryggingar ökumanna á þeim. Því þykir mér vænt um, að hæstv. dómsmrh. veitti þær upplýsingar, sem hann gerði hérna um endurskoðun bifreiðalaganna, og geri ráð fyrir, að þetta hvort tveggja verði þá tekið til athugunar í sambandi við það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 483).

---

## 21. Happdrætti háskólans.

Á 48. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 19. nóv. 1953, um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland** [152. mál] (stjfrv., A. 368).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefur komið í ljós, að *númerin í happdrætti Háskóla* Íslands eru of fá til þess að mæta eftirspurninni. Hefur stjórn happdrættisins farið fram á að fá að fjölga númerunum, í 40 þúsund úr 35 þúsundum. Þótti ráðuneytinu rétt að verða fyrir sitt leyti við þessari beiðni og taka málið til flutnings á hv. Alþingi. Er því í þessu frv. farið fram á þessa breytingu eina á happdrættislögunum, sem ég nú hef frá greint. — Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 368, n. 376, 377).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 376 ber með sér, leggur fjhn. einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt að efni til eins og það var lagt fyrir þessa hv. d. Hins vegar hefur n. leyft sér að leggja fram brtt., sem aðeins á við formshlið málsins. Þar er lagt til, að gengið sé hreint til verks og breytt 1. gr. hinna upprunalegu laga og þá um leið felld niður þau l. önnur, sem ekki hafa haft inni að halda annað en breytingar á þeirri grein, sem sé að auka tölu þeirra hlutamiða, sem gefa má út samkvæmt lögunum, og að fjölga dráttum úr 10 og upp í 12 árlega. Með þessu verður komið í veg fyrir, þegar væntanlega þarf að fjölga miðunum einhvern tíma seinna, sem má búast við, eftir því sem á undan hefur gengið í þessu máli, að enn þá þurfi að bæta einum l. um breytingu við, og í stað þess hægt að ganga beint að aðallögunum og fella hinar breytingarnar niður.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta, sem er mjög einfalt, og leyfi mér að endurtaka till. n. um, að það verði samþ. með þessum formsbreytingum.

ATKVGR.
Brtt. 377,I (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 377,II samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 377,III (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.**

---

Á 50. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 386, n. 462).

**Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að Háskóli Íslands, sem hefur einkaleyfi til rekstrar happdrættis á Íslandi, fái leyfi til þess að fjölga miðum í happdrætti sínu úr 35 þús. í 40 þús. hluti.

Fyrir tveim árum, eða með lögum nr. 68 1953, var hlutum í happdrættinu fjölgað úr 30 þús. í 35 þús., en þegar á fyrsta starfsárinu eftir þá lagabreytingu seldust hin nýju númer nálega alveg upp, og salan jókst enn í byrjun s. l. árs. Til dæmis má geta þess, að í 1. flokki seldust rúml. 96% af öllum hlutum, og hefur salan aldrei frá byrjun starfsemi happdrættisins orðið jafnmikil og nú. Heilir og hálfir hlutir eru nú nær ófáanlegir. Þess vegna hefur stjórn happdrættisins talið nauðsynlegt að fara fram á heimild Alþ. til þess að mega fjölga miðunum enn úr 35 þús. upp í 40 þús., og um það fjallar þetta frv.

Í hv. Ed. var gerð formsbreyting á frv., þannig að þrjár síðustu lagabreytingar hafa verið felldar inn í lögin sjálf, en efnisbreyting er þar engin á ferðinni.

Hv. Ed. varð sammála um afgreiðslu málsins. Þannig fór einnig í hv. fjhn. þessarar d., n. var öll sammála um að mæla með samþykkt þess. Vænti ég því, að málið fái greiðan gang gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

---

## 22. Prófessorsembætti í læknadeild háskólans.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði** [28. mál] (stjfrv., A. 28).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi þingmanna, hefur verið fyrir, ja, það stendur hér í grg.: tveim undanförnum þingum, en mér er nær að halda, að það hafi legið fyrir oftar, en ekki náð fram að ganga.

Það hefur svo aukizt starf þess prófessors, sem nú kennir þessi fræði, að bæði hann og aðrir þeir, sem til þekkja, telja, að ekki nái neinni átt, að hann geti framvegis annazt þá kennslu. Er því lögð mjög rík áherzla á af honum og forráðamönnum háskólans, að þetta frv. nái fram að ganga. Að vísu var um tíma nokkurt ósamkomulag varðandi starfrækslu þeirrar rannsóknarstofu, sem hér er getið um í frv. Nú er komið fullt samkomulag innan háskólans um, hvernig þeirri starfrækslu skuli fyrir komið, og stendur það því ekki lengur í vegi fyrir samþykkt frv.

Það er svipað með þetta frv. og stýrimannaskólafrumvarpið, er ég lagði fram hér áðan, að það er nauðsynlegt að afgreiða málið sem fyrst, til þess að hægt sé að útvega hæfan mann til að undirbúa sig undir starfið. Eins og sakir standa er talið, að enginn fróður maður sé fyrir hendi til þess að taka þetta að sér og að enginn muni fást til að leggja sérstaka stund á þetta, nema hann eigi nokkuð víst að fá starf að því sérfræðinámi loknu, og talið er, að það nám muni standa árum saman. Það er því heppilegt, að málið fái afgreiðslu sem fyrst, til þess að hægt sé að snúa sér að því að útvega einhvern hæfan mann til að taka að sér það langvinna nám til viðbótar læknisfræðinni, sem hér er um að ræða.

Ég legg til, að málið gangi til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 465).

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum, og það hefur verið rætt við hæstv. menntmrh. og við prófessorinn í líffæra- og lífeðlisfræði við háskólann, og að því loknu hefur n. samþ. að mæla með frv. með þeim breytingum, sem taldar eru á þskj. 465. Skal ég nú gera nokkru nánari grein fyrir ástæðum til þess, að þessar breytingar eru ráðgerðar og lagt til, að þær verði gerðar á frv.

Eins og getið er um í athugasemdum með þessu frv., hefur áður að tilhlutan þáverandi hæstv. menntmrh. verið flutt frv. um stofnun prófessorsembættis í lífeðlis- og lífefnafræði, en eigi náð fram að ganga. Var það frv. nú enn flutt að tilhlutan hæstv. menntmrh. í nokkuð öðru formi. Við nánari athugun hefur orðið samkomulag um að breyta frv. og fella niður þá viðauka, sem ætlað var að láta fylgja því nú, og enn fremur ákvæðið um frestun á veitingu embættisins frá 15. sept. 1956. Skal ég gera nokkru nánari grein fyrir ástæðum, sem til þessa liggja.

Þessi sérgrein, lífeðlis- og lífefnafræði, er ein þeirra námsgreina, sem kenndar eru í undirbúnings- eða forskóla hins eiginlega læknanáms. Auk þess vinnur prófessor í þessari fræðigrein rannsóknar- og vísindastörf, eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta nám hentar ekki læknum, er stunda almennar lækningar eða hafa sérmenntun á öðrum sviðum læknisfræðinnar, og þess er því ekki að vænta, að læknar leggi stund á þessi vísindi, nema þeir eigi víst starf

að námi loknu í þessari sérgrein. Mér er sagt, að einn íslenzkur læknir hafi stundað þessar greinar og kennt þær við erlendan háskóla, en það er þó alveg óvíst, að hann fáist til að koma hingað. Fæst ekki úr því skorið nema með því, að embættið sé auglýst, og kemur þá í ljós, hvort þessi eða aðrir, sem til þess eru færir, sækja um það. Fáist enginn, sem lokið hefur nauðsynlegu undirbúningsnámi, verður að teljast eðlilegt að skipa í embættið þann mann, er efnilegastur telst af umsækjendum, en veita honum ársleyfi í byrjun til þess að undirbúa sig undir kennsluna og koma fótum undir þá vísindastarfsemi, sem hann væntanlega vinnur ásamt kennslunni. Óeðlilegt er því á þessu stigi málsins að setja lög eða reglur um þá starfsemi, sem hann væntanlega kemur til með að vinna, þegar hann tekur við starfinu. Það verður að teljast sjálfsagt, að hinn nýi prófessor geri sjálfur tillögur um alla tilhögun þeirrar rannsóknar- og vísindastarfsemi.

Ég er alveg sammála því atriði athugasemda prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði, að óeðlilegt sé, að verkleg kennsla og tækifæri kennarans til sjálfstæðra vísindalegra rannsókna þurfi að vera algerlega háð því, að hann geti unnið og látið vinna í rannsóknarstofu fyrir aðra aðila, en á eigin ábyrgð eins og nú er, fyrir allt það fé, sem nauðsynlegt er til starfseminnar. Það mál er þó ekki rétt að taka upp í sambandi við afgreiðslu þessa nauðsynjamáls, heldur á að taka það upp við afgreiðslu næstu fjárl.

Um frv. í þeirri mynd, sem n. leggur til að það verði samþ., eru rektor háskólans og prófessorinn í líffæra- og lífeðlisfræði sammála nefndinni. Ég leyfi mér því að mæla með því við hv. d., að frv. verði samþ. eins og n. leggur til.

ATKVGR.
Brtt. 465,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 465,2—4 (2.—4. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 465,5 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.**

---

Á 62. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 479).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta frv. hefur að efni til verið allloft áður fyrir hv. Alþ., m. a. þessari hv. deild, og frv. hefur nú legið langan tíma á þessu þingi í Nd. Frv. var í nokkuð öðru formi, þegar það var borið fram í fyrstu, bæði einkennileg ákvæði um gildistöku þess og eins um, að þessi nýi kennari átti um leið að vera forstöðumaður sérstakrar rannsóknarstofu, sem við háskólann starfar, eða stofnunar, en þessu hefur nú verið kippt burt og það eitt eftir að stofna það kennaraembætti, sem greinir í frv. Og að því er mér er tjáð, þá er fullt samkomulag um þetta við menn háskólans. Eins er það örugg till. þeirra, að af öllum störfum við háskólann sé nú nauðsynlegast að koma þessu í viðunandi horf, vegna þess að sá kennari, sem nú gegnir þessari kennslu, hefur svo mikið að gera, að honum er það til frambúðar ómögulegt. Af þessum sökum vonast ég til, að hv. deild afgreiði nú þetta mál, sem samkomulag var orðið um í Nd., og blandi ekki öðrum óskyldum eða skyldum atriðum inn í það, svo sem öðrum kennarastörfum við læknadeild háskólans, eins og stundum áður hefur komið fyrir í deildinni. Slíkt mundi verða til þess að fella málið eða torvelda framgang þess. Ef menn hafa áhuga á því að stofna fleiri embætti, þá er nauðsynlegt, að það sé gert með sérstökum frv., en því sé ekki blandað í þetta mál, sem ég þori að fullyrða, að er brýn nauðsyn að nái nú fram að ganga. — Ég vonast til, að málið gangi til 2. umr., og legg til, að því verði vísað til hv. menntmn. deildarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 479, n. 499).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og hefur sannfærzt um það, að þörf sé á að stofna það prófessorsembætti í læknadeild háskólans, sem frv. fjallar um. Enn fremur er n. sammála því, sem hæstv. menntmrh. sagði við 1. umr. þessa máls hér í d., að réttara væri að afgreiða þetta mál sérstaklega og blanda þar ekki öðru inn í. Af þessum ástæðum er það, að n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Einn af nm., hv. 4. þm. Reykv., var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

Það kann að vísu að vera ástæða til þess frá vissu sjónarmiði að bæta fleiri kennurum við læknadeild háskólans og jafnvel aðrar háskóladeildir, einkum ef Íslendingar vildu halda til jafns við aðrar þjóðir um kennslu í háskólanum. En að sjálfsögðu verður jafnfámenn þjóð og Íslendingar eru að sníða sér nokkuð stakk eftir vexti í þessu sem öðru. Og hvað sem þeim málum að öðru leyti líður, þá telur n. rétt að halda þessu atriði aðgreindu, eins og ég sagði áðan, og samþykkja frumvarpið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

---

## 23. Læknaskipunarlög.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til læknaskipunarlaga** [25. mál] (stjfrv., A. 25).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt hér sem stjfrv., en felur ekki í sér veigamiklar breytingar frá því frv., sem lá fyrir hv. Alþingi síðast og ekki varð þá útrætt.

Sú breyting er í þessu frv. frá frv., sem ég áður nefndi, að nú er gert ráð fyrir að gera sérstakt læknishérað í Kópavogi, að Álafosshérað haldist óbreytt, en í Kópavogi verði stofnað nýtt læknishérað. Það sýnist vera sanngjarnt að verða við þeirri ósk, sem kom fram á síðasta Alþingi um þetta, ef litið er til þess, hversu íbúar Kópavogshrepps eru nú orðnir margir og að þeim fer stöðugt fjölgandi.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að skipta Rangárhéraði í tvö læknishéruð, en það er, eins og kunnugt er, nú eitt stærsta — og það langstærsta — læknishérað á landinu, miðað við sveitahéruð. Þar eru nú rúmlega þrjú þúsund íbúar, og þótt læknishéraðinu sé skipt í tvö héruð, þá verða þarna eigi að síður 15—16 hundruð íbúar í hvoru héraði, og verða því þessi tvö héruð þrátt fyrir þetta með stærstu læknishéruðum landsins. Núverandi héraðslæknir, hv. 2. þm. Rang., Helgi Jónasson, hefur gegnt læknisþjónustu í þessu stóra héraði nú um mörg ár af dugnaði. Nú er hann farinn að eldast og þreytast, og yngri læknar, sem hann hefur haft sér til aðstoðar, hafa látið í ljós, að þeir væru ekki menn til þess að gegna héraðinu eins og gert hefur verið undanfarið, og mér er kunnugt um, að sá aðstoðarlæknir, sem nú situr á Stórólfshvoli og er vel kynntur og góður læknir, telur það algerlega útilokað og ofætlun fyrir einn mann að gegna héraðinu.

Rangæingar hafa veitt því athygli, að læknishéruðum hefur verið skipt undanfarið, og þeir telja, að það sé sanngjarnt, að þeir fái ekki lakari læknisþjónustu en önnur héruð eða aðrar sveitir, og þess vegna eru þeir því fylgjandi, að héraðinu verði skipt. Er þá gert ráð fyrir, að Hvolshérað verði áfram með læknissetri að Stórólfshvoli, að undir Hvolshérað verði lagður Austur-Eyjafjallahreppur, sem hefur legið undir Víkurhérað, en Austur-Eyjafjallahreppur hafi eigi að síður rétt til læknisþjónustu í Vík, en hitt héraðið verði nefnt Helluhérað og læknirinn hafi búsetu á Hellu. Ég hef átt tal við marga Rangæinga um þetta, og eru þeir á einu máli um þessa skipan, sem hér er ætlazt til að komist í framkvæmd.

Þá er tekin inn í þetta frv. hin nýja skipan, sem gerð var á Egilsstaðahéraði í fyrra, og komið inn í þessi lög, en vegna hins nýstofnaða Höfðahéraðs þurfti engrar breytingar við, þar sem það var upphaflega í frv.

Aðrar breytingar á þessu frv. frá því frv., sem lagt var fram í fyrra, er ekki um að ræða. Ég geri ráð fyrir því, að það verði fullkomið samkomulag um afgreiðslu málsins, því að hér er ekki um annað að ræða en sanngirnismál eða nánast sagt leiðréttingu til samræmis við það, sem áður er búið að gera alls staðar annars staðar á landinu. Ég leyfi mér þess vegna að mælast til, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða við 1. umr. þessa máls að þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir það, að í þetta frv. hefur nú verið tekin till. um að gera Kópavogshrepp að sérstöku læknishéraði, en ég hef ásamt hv. 10. landsk. á undanförnum þingum flutt till. um þetta hér í hv. deild. Sú till. hefur hlotið verulegt fylgi hér í hv. d., þó að hún hafi ekki náð samþykki.

Ég hef bent á það í umræðunum um þetta mál, að þeir tveir embættismenn, sem bezt þekkja til þessara mála, landlæknir og borgarlæknirinn í Rvík, sem jafnframt er héraðslæknir í Kópavogshreppi eins og nú er, hafa báðir verið mjög meðmæltir þeirri till., að Kópavogshreppur yrði fyrr en síðar gerður að sérstöku læknishéraði. Rökin fyrir þessu, sem fram hafa verið færð og fram má færa, eru fyrst og fremst þau, að íbúafjöldi í Kópavogshreppi hefur vaxið hröðum skrefum, eins og kunnugt er, á undanförnum árum, og eru nú um þrjú þúsund manns búandi þar, en um 300 hús í byggingu, og því alveg víst, að á allra næstu árum fjölgar íbúum enn um eitt til tvö þúsund. Auk þess er hreppurinn mjög víðlendur, nær allt til endimarka Árnessýslu, honum fylgja sveitabæir og með þeim nokkur byggðahverfi, sem eru nokkuð afskekkt, og bæði þar og í námunda við Reykjavík er oft ótrúlega erfitt að ná til læknis þrátt fyrir þann mikla fjölda lækna, sem er í Rvík og benda má á, að ætti að vera auðvelt að ná til.

En ég hef auk þessa bent á það, að í eins ört vaxandi þéttbýli og Kópavogshreppi er mikil nauðsyn á því, að af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar sé frá upphafi vakað yfir því, að það séu gerðar nauðsynlegar heilbrigðisráðstafanir, um leið og byggðin vex upp. Ég veit, að borgarlæknirinn í Reykjavík, sem hefur verið okkar embættismaður í þessu efni, hefur haft fullan hug og vilja á því, svo samvizkusamur embættismaður sem hann er, að slíkar ráðstafanir væru gerðar, og honum hefur þótt það miður,

að hann hefur vegna sins umfangsmikla embættis ekki getað komið því við að sinna þessum málum sem skyldi.

Í frv., sem kom hér fram á síðasta þingi um læknaskipun í heild sinni og var frá landlækni, var sú tillaga, að stofnað yrði nýtt læknishérað, Kópavogslæknishérað, með læknissetri í Kópavogi, en landlæknir lagði til, að það hérað næði einnig yfir núverandi Álafosshérað. Við hv. 10. landsk., sem erum þessum héruðum nokkuð kunnugir, litum svo á, að þetta gæti ekki orðið nema bráðabirgðalausn á þessu máli. Slíkt læknishérað, sem næði alla leið upp í Hvalfjörð og til Þingvalla, væri allt of stórt og umfangsmikið með því þéttbýli, sem þegar er í Kópavogi. Ég er því sannfærður um, að allir, sem kynna sér málið, hljóti að sjá, að sú lausn, sem hér er lögð til, að Kópavogshreppur verði sérstakt læknishérað með læknissetri í Kópavogi, er hin eina rétta, hún er eina viðunandi lausnin, eins og nú er komið, og hin eina viturlega.

Ég vil því, eins og ég áður sagði, þakka heilbrigðismálastjórninni fyrir það, að hún hefur fallizt á þessa tillögu, og treysti því, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, fallist fullkomlega á hana.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Eins og menn vita af undanförnum þingum, þá hef ég haft ákaflega sterka tilhneigingu til þess að fækka heldur læknishéruðunum en fjölga þeim, en hafa aftur tvo lækna þar, sem sjúkrahús var.

Alþingi hefur haltrað á milli þessarar stefnu og hinnar að fjölga læknunum, potað fram einum og einum lækni hér og þar, en aldrei tekið hreina afstöðu til málsins. Á Alþingi í fyrra kom svo fram þáltill., sem samþykkt var og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna mþn. í heilbrigðismálum. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Verkefni n. eru:

1) Að gera tillögur um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu. 2) Að gera tillögur um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni.

N. skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1954.

Læknum, hjúkrunarkonum, kennurum og öðrum, er að heilbrigðismálum vinna í þjónustu ríkisins, er skylt að veita n. upplýsingar, er henni mega að gagni koma í starfi hennar.“

Alþingi kaus síðan í þessa n. þá Kjartan J. Jóhannsson lækni og þm. Ísaf., Esra Pétursson lækni hér í Rvík og Alfreð Gíslason, líka lækni hér í Reykjavík. Nú á þessi n. að vera búin að starfa. Hún átti að skila áliti fyrir 1. okt. 1954. Ráðherrann á því að hafa þetta álit í höndunum og vita, hverjar till. hennar eru. Og mér finnst alveg sjálfsagt, þegar nú er lagt fyrir frv. að dálitið breyttri skipun á læknishéruðum landsins, að taka um leið til athugunar álit þessarar nefndar. Hvar vill hún hafa sjúkrahúsin, hvar þurfum við þess vegna að hafa tvo lækna í sambandi við sjúkrahúsin, hvar vill hún hafa það, sem kallað er hjúkrunarheimili, og hvernig eiga þau að tengjast við læknana, og annað þar að lútandi? Þetta allt saman verður að mynda eina samanhangandi keðju. Að fara núna að samþykkja lög um skipun læknishéraða út af fyrir sig og svo kannske seinna á þessu sama þingi, ef nál. og nýtt frv. kemur, að ákveða, hvar séu sjúkrahús, og svo þegar það er búið, þá að fara að ákveða, að þar séu tveir læknar, o. s. frv., það ætti að vera tóm óþarfaeyðsla á vinnu og kröftum. Þetta á að sameina allt saman í eitt. Það á að ákveða, um leið og læknaskipunin er ákveðin, hvar sjúkrahúsin komi og hvar við þurfum tvo lækna. Það er enginn vafi á því, að þegar komið er sjúkrahúsið á Blönduósi, sem verið er að reisa þar, þá þurfum við þar tvo lækna. Það er eins víst og tveir og tveir eru fjórir, að við þurfum þess. Og þannig er víðar. Þess vegna á þetta allt að takast í einni heild. Og ég vil vænta þess, að ráðherrann geti gefið þeirri nefnd, heilbr.- og félmn., sem fær þetta til meðferðar, tillögur þessarar nefndar, sem hún á að vera búin að skila núna fyrir nokkrum dögum, og ef hún er ekki búin að skila þeim, þá sé gengið eftir þeim, þær heimtaðar, svo að það sé hægt að sjá, hvað þeir leggja til og hvernig málið allt á að takast föstum tökum og læknaskipunin að verða afgreidd í sambandi við það í framtíðinni.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég get vel skilið þessa athugasemd hjá hv. 1. þm. N-M. í sambandi við mþn. í heilbrigðismálum, sem skipuð var á s. l. vori. Páll Kolka héraðslæknir var form. þessarar n. Hann kom í n. í stað Kjartans J. Jóhannssonar, og það vill nú svo til, að Páll Kolka kom með nál. mþn. til mín upp á skrifstofu í morgun. Nefndin hélt sinn síðasta fund í gærkvöld, og hann var að skila nál. af sér. Ég hafði nú lítinn tíma í morgun til þess að lesa það yfir, þar sem viðtalstími var, en ræddi dálítið við Kolka um þetta. Hann sagði, að n. hefði lítið farið inn á læknaskipunarmálin, en benti mér á eina grein í álitinu, þar sem hann taldi að væri rökstuðningur fyrir því, að það ætti að skipta Rangárhéraði, vegna þess að það væri of stórt, og það væri heppilegra, að læknarnir byggju ekki saman, heldur sitt í hvoru lagi. Ég get lofað hv. 1. þm. N-M. og hv. heilbr.- og félmn. og reyndar þingdeildinni allri, að þessu nál. verður útbýtt hér í d., og ef talið er heppilegt að hafa það til hliðsjónar við afgreiðslu þessa frv., þá er ekkert því til fyrirstöðu. En það er alveg rétt, sem hv. þm. tók fram: Það er eðlilegt, að álitið sé haft í huga, um leið og samþykkt er breyting á læknaskipunarlögunum.

Það eru til lög um fjórðungssjúkrahús á Suðurlandi. Það hefur verið rætt um að setja fjórðungssjúkrahúsið niður á Selfossi, og reyndar núna síðustu mánuðina helzt í Hveragerði með tilliti til hverahitans. Þar af leiðir, að það verður tæplega byggt sjúkrahús austur í Rangárhéraði, ef þetta á að heita fjórðungssjúkrahús fyrir Suðurland. Þess vegna yrði sízt ástæða til þess að ætla, að það væri heppilegra fyrirkomulag, að læknarnir væru t. d. tveir á

sama stað, enda segja reyndir læknar, t. d. landlæknir, að sú skipan hafi og muni gefast illa, að tveir jafnréttháir læknar búi á sama stað. Það sé hætt við átökum og afbrýðisemi og keppni milli þessara lækna, sem sé ekki æskilegt til þess að skapa góða sambúð þeirra í milli.

Hv. 1. þm. N-M. sagði hér áðan, að hans stefna væri og hefði verið sú að fækka læknishéruðunum. En það hlýtur að vera raunalegt fyrir hann að játa þá staðreynd, að sú skoðun hefur ekki verið ráðandi í landinu. Sú skoðun hefur verið ráðandi undanfarið að fjölga læknishéruðunum til þess að létta undir með fólkinu og gera því ódýrara að ná í lækni, með því að þeir séu dreifðari. Og þar sem ekki eru sjúkrahús, fer vitanlega bezt á því, að læknunum sé dreift niður, til þess að ódýrara sé að ná til þeirra heldur en ef læknishéruðin væru stór og tveir eða fleiri læknar saman. En það er eðlilegt með þetta mál eins og önnur, þegar bornar eru fram breytingar, að menn vilji hugleiða málin frá ýmsum hliðum, og það gaf vitanlega sérstakt tilefni hv. 1. þm. N-M. að tala í þessu máli vegna mþn. í heilbrigðismálum, sem nú hefur starfað og skilað af sér, svo að hv. þingmönnum gefst tækifæri til þess að sjá það álit og kynnast því, um leið og afgreiðsla á þessu frv. fer fram.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umræðurnar á þessu stigi, enda er þess nú ekki beint þörf. En það, hvort Rangæingahéraði er skipt eða ekki og hvort það er sett nýtt hérað í Kópavogi, það var ég ekkert að tala um. Ég var bara að tala um málið almennt, enda mun ætlazt til þess í þingsköpum, að það sé talað um málið almennt við 1. umr., en ekki um einstakar brtt. Það er þess vegna allt annað mál.

Ég vil benda á, að það er fjarri því, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. heldur fram, að þingið hafi alltaf verið með því að fjölga læknum. Þegar málið er rætt seinast almennt hér og þau læknalög samþykkt, sem nú eru í gildi í aðalatriðunum, þá voru ákaflega skiptar skoðanir um þetta, og endaði með því, ef ég man rétt, eftir till. frá 4. þm. Reykv. (HG), að það var skipuð n. í málinu. Sú n. hefur aldrei skilað áliti. Og allar ríkisstjórnir og allir heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar, sem síðan hafa starfað, hafa ekki verið menn til að fá álit frá mönnunum, sem í henni sátu, en það voru Vilmundur Jónsson, Gunnar Thoroddsen og Magnús Pétursson, — og þeim var ætlað að gera till. um það, hvernig læknaskipunin yrði í framtíðinni og hvernig sjúkrahús í framtíðinni yrðu tengd við læknana. Þeir hafa alltaf setið síðan í nefndinni, en aldrei hefur fengizt hjá þeim álit. Og á síðasta þingi er skipuð ný nefnd í part af því, sem þeir áttu að vinna. Á þessu sama þingi sem Gunnars Thoroddsensnefndin var skipuð voru búin til tvö ný læknishéruð. Annað var kallað Borðeyrarlæknishérað og hitt var kallað Suður-Snæfellsnesslæknishérað. Eftir tvö ár voru þau bæði lögð niður aftur, og hvorugt þeirra hefur komið fram síðan, svo að Alþ. hefur svo sem huklað sitt á hvað í málunum. Það hefur aldrei komið fram neinn ákveðinn, einlægur vilji hjá Alþ. í málinu sem heild. Það er öðru nær en að það hafi gert það.

Ég er ákaflega ánægður yfir því, að ráðh. núna, þegar ég minnist á þetta, hafi opin augu fyrir því, að það á að tengja þetta tvennt saman. Það hefur hann vitanlega ekki haft, því að ef hann hefði haft það, þá hefði hann ekki komið með þetta frv. núna. Þá hefði hann beðið eftir að fá nál. og reynt að tengja það saman við álit nefndarinnar. En það gleður mig, að nú sér hann, að það þarf að tengja það saman, og ætlar að láta okkur fá nál. og lofa n. að athuga það. Og ég treysti því, að n. athugi þetta saman, því að það er óforsvaranlegt að setja upp sjúkrahús, t. d. á Blönduósi, fyrir 30—40 sjúklinga og ætla einum manni að vera við það og jafnframt héraðslæknir. Það er líka óforsvaranlegt að ætlast til þess, að það sé til sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu, hvar sem það er, og ætla einum lækni að vera við það jafnframt héraðslæknisstarfi. Í blöðunum í dag er sagt frá slysi, sem varð í fyrradag uppi í Biskupstungum. Þá var þannig ástatt, að það náðist ekki í neinn lækni, hvorki á Selfossi né í Laugarási, — þeir komu ekki fyrr en eftir dúk og disk. Það var enginn við. Þetta getur iðulega komið fyrir. Og í sjúkrahúsi er ekki hægt að láta bara einn lækni starfa. Þess vegna verður að taka slíkt saman, hvar við viljum hafa stór sjúkrahús og hvar við viljum láta ríkið styrkja þau og hvernig, og þar eiga að vera tveir læknar. Hitt er svo aftur annað mál og kemur til álita þar á eftir, hvað við þurfum þá að hafa lækna nálægt þessum sjúkrahúsum, hvort við þurfum að hafa eitt stórt sjúkrahús með tveim læknum uppi á Selfossi og samt sem áður lækni á Eyrarbakka o. s. frv. Það er annað mál. Það kemur aftur í aðra línu. Fyrst er að gera hreint um það, hvort þingið vill fara inn á þá stefnu að hafa sjúkrahús hér og þar styrkt af ríkinu, — og það hefur það nú viljað, þó að það hafi verið dálítið óljóst, hvar þau ættu að vera, — og tvo lækna þar. Og þegar búið er að ákveða það, þá kemur, hvað við þurfum að hafa læknana í kringum þau þétta. Þess vegna þarf allt málið að leysa saman í einni heild, og ég er ánægður yfir því að fá að sjá nál. og vona, að n. athugi það gaumgæfilega, áður en hún tekur heildarafstöðu til læknaskipunarinnar.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Mér finnst hv. 1. þm. N-M. blanda hérna málum saman og taka þetta ekki alveg raunhæft að öllu leyti, þegar hann er að tala um það, að ef ég hefði ætlað að leggja nál. mþn. fram og ætlazt til þess, að það væri haft til hliðsjónar við þetta frv., þá hefði ég ekki flutt þetta frv., heldur beðið eftir nál. Eins og ég sagði áðan, þá fékk ég nál. í morgun. Við erum að ræða hér í dag frv. til nýrra læknaskipunarlaga, sem verður afgreitt hér á þinginu, eftir að hv. þingmenn hafa séð nál. Og ég sagði þessum hv. þm. hér áðan ásamt öðrum hv. þingmönnum, að álit mþn., þótt við það verði stuðzt,

komi ekkert í bága við þetta frv., vegna þess að n. hefur farið ákaflega lítið inn á læknaskipunina. Hins vegar mun álitið styðja þær brtt., sem farið er fram á með þessu frv. Og það mun hv. 1. þm. N-M. sjá og nota sér, þegar að því kemur. Þetta frv. brýtur ekkert í bága um það, hvort það skuli verða einn eða tveir læknar við sjúkrahús. Það þýðir ekkert að blanda sjúkrahúsi Blönduóss saman við þetta frv., því að sjúkrahús Blönduóss er að verða að fullu byggt, og þótt mþn. hefði ekki talið heppilegt að byggja sjúkrahús á Blönduósi, þá verður því ekki breytt, úr því sem komið er. Og ég er vitanlega sammála hv. 1. þm. N-M. um það, að það verður ekki unnt að reka sjúkrahúsið á Blönduósi ásamt Blönduóshéraði með einum lækni. Þeir verða vitanlega að verða tveir.

Hér er rætt um tvær breytingar. Önnur er að gera Kópavog að sérstöku læknishéraði. Ég býst alveg við, að það komi að því, að það verði byggt sjúkrahús í Kópavogi. En enda þótt það verði gert, þá getur það ekki staðið í vegi fyrir því, að Kópavogur fái sinn héraðslækni.

Við höfum, eins og ég sagði áðan, lög um fjórðungssjúkrahús á Suðurlandi, og ef þetta á að vera fjórðungssjúkrahús fyrir Suðurlandsundirlendið, þá geri ég ráð fyrir því, að það verði byggt frekar nær Reykjavík en fjær Reykjavík. Og það hefur núna síðustu mánuðina helzt verið rætt um að styðjast við hverahitann, sem hefur sýnt það nú upp á síðkastið, að auk þess að vera hitagjafi, þá geta jafnvel gufurnar og leirinn í Hveragerði einnig verið nokkurs konar læknislyf. Og þá hafa sumir látið sér detta í hug, að það væri heppilegt að byggja fjórðungssjúkrahús fyrir Suðurland þar, — eða þá á Selfossi. Það skal ég ekki segja um. En við höfum ekki, Rangæingar, reiknað með, að fjórðungssjúkrahús fyrir Suðurland yrði fyrir austan Þjórsá. Þess vegna geta ekki sjúkrahúsmál fyrir Suðurlandsundirlendið komið í bága við þetta frv., sem felur í sér breytingu á læknaskipun austan Þjórsár.

Ég gleðst yfir því, að hv. 1. þm. N-M. er nú jafnvel orðinn ánægður með mig fyrir það, að nú skuli vera komið í mínar hendur nál. mþn. í heilbrigðismálum, sem hér verður lagt fram, og það er þá stór framför frá því, sem verið hefur og hann var að lýsa hér áðan, að áður hefði verið skipuð hér mþn. í heilbrigðismálum, sem hefur ekki skilað áliti. Ég heyrði nú ekki, hvaða ár það var, eða man ekki, en mér skilst, að það sé fyrir mörgum árum. Nýja nefndin hefur skilað áliti, og það liggur fyrir. Veit ég, að við hv. 1. þm. N-M. erum báðir ánægðir með þá framför, sem orðið hefur, enda þótt læknaskipunin í landinu í heild hljóti að vera 1. þm. N-M. til mikillar raunar, því að þróunin hefur gengið alveg í öfuga átt við það, sem hann hefur stefnt að, eftir því sem hann lýsti hér áðan. Hans stefna hefur verið, að hann sagði, að fækka læknum og að stækka læknishéruðin, en þróunin hefur verið sú að fjölga læknum og að fjölga læknishéruðunum, sbr. afgreiðslu síðasta Alþ. í sambandi við skipun læknishéraða, með því að gera Skagaströnd að sérstöku læknishéraði og Egilsstaðahérað að tveim læknishéruðum. Og það eru ekki mörg ár síðan það voru tveir héraðslæknar í Árnessýslu. Nú eru þeir fjórir. Og ekki hefði verið hægara að ná í lækni, þegar þetta raunalega slys vildi til nú fyrir stuttu við Tungufljót, ef héraðslæknar í Árnessýslu hefðu aðeins verið tveir.

Þannig er nú ástæðulaust að þessu sinni að ræða þetta meira, en þegar nál. frá mþn. verður hér til athugunar og þetta frv. kemur til 2. umr., þá gefst frekara tækifæri til umræðu um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 178, 40, 56, 179, 187).

Afbrigði um brtt. 187, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Þetta frv. hefur, að því er ætla má, hlotið mikinn undirbúning og góðan. Það var flutt á þingi í fyrra af heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar, þá eftir ósk landlæknis, en hann hafði undirbúið frv. Málið fékk ekki afgreiðslu í fyrra, enda seint fram komið. Síðan mun ríkisstj. hafa fjallað um frv., og að tilhlutun hennar eru gerðar á því tvær breytingar, þ. e. um ný læknishéruð í Kópavogi og á Rangárvöllum.

Mér þykir rétt að geta þess, að heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar álit mþn. í heilbrigðismálum, þ. e. þeirrar n., er skipuð var samkvæmt þál. frá síðasta þingi. En álit hennar snertir atriði þessa máls næsta lítið, og kemur það ekki frekar við sögu hér.

Aðalmarkmið þessa frv. má segja að sé það að færa saman og samræma þau lög, sem nú hafa gilt um læknaskipun í landinu. Síðustu heildarlög um læknaskipun eru frá 1932. Síðan hafa verið gerðar á þeim margar breytingar, sem er að finna hér og hvar í stjórnartíðindum, og var orðin brýn nauðsyn að færa þetta saman. Frv. hreyfir ekki við læknaskipuninni í stórum atriðum. Henni er haldið óbreyttri að mestu eins og hún hefur verið. Það má sjálfsagt finna marga kosti og marga galla á þeirri skipan, en hún er yfirleitt miðuð við það að gera sem flestum landsmönnum kleift að ná til læknis á sem skemmstum tíma. Hitt sjónarmiðið hefur einnig oft komið fram í umr. um þessi mál, að æskilegra væri að hafa læknissetrin færri, hafa þá betur útbúnar heilsugæzlustöðvar með fleiri læknum og fyrir stærri svæði. Þetta hefur yfirleitt ekki þótt tiltækilegt til þessa. Þó má segja, að það hafi aðeins verið borið við á einstökum stöðum, sbr. þegar tvö læknishéruð á Fljótsdalshéraði voru sameinuð, en með tveim læknum þó, fyrst lækni og aðstoðarlækni og nú síðast tveimur föstum læknum. En í heild hefur þetta sjónarmið ekki ráðið um læknaskipunina.

Mér þykir rétt að drepa aðeins á helztu atriði frumvarpsins, áður en ég kem að brtt. þeim, sem n. hefur gert.

Eins og ég gat um áðan, var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar sett inn í frv. ákvæði um tvö ný

læknishéruð, nýtt hérað á Rangárvöllum og svo um Kópavogshérað. Í því frv., sem landlæknir fékk flutt hér á þingi í fyrra, var að vísu ákvæði um Kópavogshérað, en það var í öðru formi en nú. Þá var til þess ætlazt, að sami héraðslæknir yrði fyrir núverandi Álafosshérað og Kópavogshrepp; þetta yrði eitt hérað. En nú er tekið upp alveg sérstakt læknishérað í Kópavogi og Álafosshérað látið haldast.

Þá er í frv. á nokkrum stöðum gert ráð fyrir, að heilir hreppar færist á milli læknishéraða. Þetta mun gert að undirlagi landlæknis, og tilgangurinn er að stækka minnstu læknishéruðin. Eins og nú hagar til, eru nokkur héruð á landinu svo lítil, að verksvið læknisins er mjög takmarkað og oft nokkrir erfiðleikar að fá til þeirra lækna. Þetta atriði hefur verið nokkuð rætt í n., og það hafa komið fram ákveðnar óskir, a. m. k. frá tveimur stöðum, um að færa héraðamörkin aftur til hins fyrra horfs. Hefur n. fallizt á það, og kem ég að því síðar.

Þá er það eitt atriði frv. að miða læknishéraðatakmörk ævinlega við heila hreppa. Þetta er gert vegna hagstofunnar og þeirrar nýju vélaspjaldskrár, sem nú hefur verið tekin í notkun. Það þykir mjög óheppilegt, að læknishéruðin fylgi ekki sömu takmörkum og hreppar. Það var nokkuð rætt um þetta í n., og eins og tekið er fram í nál. á þskj. 178, sem hv. dm. hafa væntanlega fyrir framan sig, þá hefur n. talið rétt að fallast á þetta, þar sem hún telur, að fulltryggður sé með ákvæðum 2. gr. réttur þeirra, sem þannig flytjast milli læknishéraða, til sömu læknisþjónustu og þeir hafa nú. Má þó í rauninni segja, að þeir hafi tvöfaldan rétt eftir frv., því að þeir eiga þá einnig fyllsta rétt til læknisþjónustu í því héraði, sem þeir eru færðir til.

Í frv. eru ákvæði um að heimila ríkisstj. að launa að tveimur þriðju hjúkrunarkonur í nokkrum afskekktustu sveitum landsins, þar sem nokkurt fjölmenni er saman komið, en læknislaust. Þetta hefur áður verið gert á stöku stað með heimild í fjárlögum, a. m. k. á Suðureyri í Súgandafirði og ef til vill víðar, en þetta er nú tekið inn í frv. sem almenn heimildarákvæði.

Mér þykir rétt að fara aðeins yfir þær brtt., sem n. hefur flutt. Þar er fyrst og fremst um breytingar á 1. gr. að ræða. Um stafliði a og b er það að segja, að þeir eru leiðrétting eingöngu. Um c-lið er það að segja, að íbúar Barðastrandarhrepps hafa ekki viljað sætta sig við, að sá hreppur færðist til Flateyjarhéraðs, en vilja halda áfram að tilheyra Patreksfjarðarhéraði. Var á það fallizt. D-liður fjallar um sama efni. E- og f-liðir eru alveg sama eðlis; Svalbarðsstrandarhreppur austan Eyjafjarðar hafði í frv. verið fluttur til Grenivíkurlæknishéraðs frá Akureyrarlæknishéraði, en því var mjög mótmælt að heiman, og n. féllst á að taka það einnig til greina. Fyrir nokkru hafa komið fram brtt. frá hv. þm. V-Sk. N. hefur tekið þær upp til glöggvunar og væntir þess, að hv. þm. taki þá sínar till. aftur. Hér ræðir um Austur-Eyjafjallahrepp, sem samkv. frv. var fluttur til Hvolshéraðs, en er nú gert ráð fyrir að haldist áfram í Víkurhéraði, sbr. g- og h-liði. I-liður brtt. er þess efnis, að aftan við 1. gr. bætist tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

„Við bætast eftirtalin læknishéruð, þegar þau verða skipuð:

a) Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. — Læknissetur á Staðarstað.

b) Raufarhafnarhérað: Raufarhafnarhreppur. — Læknissetur á Raufarhöfn.

Ólafsvíkurhérað, Stykkishólmshérað og Kópaskershérað skerðast samsvarandi.“

Menn mættu ætla fljótt á litið, að hér væri um að ræða að taka upp tvö ný læknishéruð, en svo er þó í rauninni ekki. Staðarhérað hefur áður verið í lögum sem sérstakt læknishérað, en ekki verið skipað. Frv. gerði ráð fyrir að fella það niður, en mjög eindregin mótmæli bárust heiman úr héraði, og í samráði við þm. Snæf. féllst n. á að leggja til, að þetta hérað fengi að haldast í lögum og yrði tekið upp í frv., þó á þennan hátt, sem segir: „Við bætast eftirtalin læknishéruð, þegar þau verða skipuð.“ Um b-liðinn í þessum staflið brtt., Raufarhafnarhérað, er hins vegar það að segja, að þar er í rauninni um nýtt læknishérað að ræða. Raufarhöfn er mikill síldarvinnslubær, og koma þangað mörg skip á sumrum og er þá sérstök þörf fyrir læknisþjónustu. Sú þörf hefur þegar fengizt viðurkennd á þann hátt, að þar hefur verið starfandi læknir síðustu sumur. Nú er því einnig haldið fram af staðkunnugum mönnum, að það sé mjög erfitt fyrir Raufarhafnarbúa á vetrum, í misjöfnum veðrum og færð, að ná lækni frá Kópaskeri. Þetta var mikið rætt í n., og niðurstaðan varð sú, eins og sjá má af þskj., að leggja til, að stofnað verði nýtt læknishérað á Raufarhöfn.

Þá eru taldar þær breytingar, sem n. leggur til að gerðar verði við 1. gr., en af þeim leiðir hins vegar, að gera þarf smábreytingar á 2. gr., sem fjallar um rétt manna á tilteknum svæðum til læknisvitjana í önnur héruð, sbr. tölul. 2 á þskj. Er ástæðulaust að skýra þær sérstaklega. Þær eru nálega allar afleiðing af breytingum á 1. gr. Þó má geta þess um d-liðinn: „Á eftir 13. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi: Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs“ — að hann er í rauninni till. hv. þm. V-Sk.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo stöddu. Ég vænti, að ég hafi hér gert grein fyrir helztu breytingunum, sem n. leggur til að gerðar séu á frv., en eins og nál. ber með sér, þá mælir hún með því, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 178 ber með sér, þá hef ég tekið þar fram mitt sérálit um borgarlæknisembættið í Reykjavík. Ég hafði nú búizt við, að hv. frsm. mundi minnast á það og hefði þá getað sparað mér að taka hér til máls, en með því að hann gerði það ekki, þykir mér rétt að skýra frá því, af hvaða ástæðu ég hef sérstöðu í þessu máli.

Eins og kunnugt er, hefur læknisþjónusta í Reykjavík verið greidd af ríkissjóði eða landssjóði allan þann tíma, sem læknir hefur setið í Reykjavík, þar til bæjarlæknirinn, sá síðasti, sem hér var, Magnús Pétursson, lét af störfum.

En þá mun hafa verið málum skipað þannig, að ríkissjóður hafi kostað hálft annað læknisembætti eða greitt laun hálfs annars læknis hér í Reykjavík. Síðan hann lét af störfum, hefur málunum hins vegar verið skipað þannig, að Reykjavíkurbær kostar eingöngu heilbrigðisstarfið hér, án þess að ríkissjóður taki nokkurn þátt í því. Ég tel þetta mjög ósanngjarnt og tel, að Reykjavík eigi engu síður en aðrir landshlutar kröfu á því, að héraðslæknir í Reykjavík eða borgarlæknir í Reykjavík verði kostaður af ríkissjóði. Ég skil ekki, hvernig unnt er að halda því fram, að 60 þús. manns í landinu skuli vera sviptir að öllu læknisþjónustu, sem kostuð er af ríkissjóði, og einkum og sér í lagi þegar um það er að ræða, að þessum ákveðna lækni, sem kostaður er algerlega nú af Reykjavík, er gert að skyldu að inna af hendi ákveðin verk fyrir ríkið, m. a. að hafa skýrslugerðir, ekki einasta í Reykjavík, heldur og í öðrum héruðum, sem liggja ekki undir umdæmi Reykjavíkur. Hins vegar þykir mér eðlilegt, að ef ríkissjóður greiðir laun borgarlæknis, þá hafi heilbrigðisstjórnin ein íhlutunarrétt um skipun læknisins og þar komi enginn íhlutunarréttur af hálfu bæjarins frekar en á öðrum stöðum.

Ég hef hins vegar ekki borið fram brtt. á þessu stigi málsins, vegna þess alveg sérstaklega, að ég tel, að þessi till. eigi að koma frá hæstv. ráðh. Ég tel, að hann eigi að óska þess, að n. beri fram brtt. hér að lútandi, en hún eigi hvorki að koma frá mér sérstaklega né öðrum aðilum, og þá mun n. sjálfsagt taka það til athugunar, ef slík ósk kemur frá hæstv. ríkisstj. Ég hef því geymt mér rétt til þess að mega fylgja slíkri brtt. og til þess að bera hana sjálfur fram, ef útséð er um það, að hún komi frá réttum aðila.

Ég sé ekki, hvernig hægt er að beita stærsta héraði landsins því ranglæti að neita því um þátttöku í heilbrigðismálum sem öðrum héruðum. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram þegar við þessa umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðsluna á máli því, sem hér er verið að ræða um, og get sparað mér að hafa mörg orð um frv. eða þær brtt., sem fyrir liggja.

Þetta mál hefur verið rætt við landlækni og mig, áður en nál. var gefið út, og ég get lýst því yfir, að ég get fallizt á þær brtt., sem n. flytur, svo og aðrar brtt., sem tveir hv. þm. hafa flutt og geta ekki talizt veigamiklar.

Það á að stofna nýtt læknishérað á Raufarhöfn. Mönnum sýnist það vera nokkuð mikið fámenni þar til þess að fá sérstakan lækni, en það hafa nú verið dregin fram eigi að síður mörg rök til stuðnings því máli, og ég tel, að mig bresti kunnugleika til þess, að ég geti lagzt algerlega á móti málinu, því að það eru óneitanlega ýmis rök, sem mæla með. Og þannig hefur það verið undanfarin sumur, að sérstakur læknir hefur verið á Raufarhöfn.

Það, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan í sambandi við borgarlækninn í Reykjavík, þar sem hann minntist á, að það væri eðlilegt, að ósk kæmi frá heilbrmrh. um, að borgarlæknirinn í Reykjavík væri launaður af ríkissjóði, þá er það út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. sagði, að það er vitanlega engin sanngirni í því, að Reykjavík hafi ekki a. m. k. einn héraðslækni launaðan af ríkinu. En þegar borgarlæknisembættið var stofnað, þá mun bæjarstjórn Reykjavíkur hafa boðizt til þess að greiða laun hans, og borgarlæknirinn er ráðinn af bæjarstjórninni, en hann er ekki skipaður af ráðherra svo sem aðrir héraðslæknar. Og ég býst við, að hv. þm. Barð. sé mér sammála um það, að um leið og borgarlæknir tæki laun hjá ríkinu, þá væri eðlilegt, að hann væri skipaður af heilbrmrh. eins og aðrir héraðslæknar.

Ég tel, að þetta geti ekki verið neitt stórmál fyrir Reykjavíkurbæ út af fyrir sig, og hér í þinginu var líka á s. l. ári til umr. frv. til læknaskipunarlaga. Á þetta mál var eitthvað minnzt þá, en lítillega, og alls ekki það ákveðið, að það kæmi fram brtt. um það að breyta þessu ákvæði í lögunum. Og úr því að ekki þótti alveg nauðsynlegt á árinu 1953 að breyta ákvæði laganna, þá getur það tæplega verið alveg bráðnauðsynlegt núna. Þetta atriði má vitanlega alltaf taka til athugunar og umr., án þess að læknaskipunarlögin í heild séu til afgreiðslu, eins og nú er. Það getur engin deila staðið um það, hvort það er sanngjarnt, að þessi læknir taki laun hjá ríkinu eða ekki, en það verður að breyta því þá um leið, að ráðh. skipi manninn og velji manninn í stöðuna, en að hann sé ekki ráðinn af bæjarstjórn Reykjavíkur. Og þar sem við getum verið sammála um, að þetta sé lítið fjárhagslegt atriði, bæði fyrir Reykjavíkurbæ og eins fyrir ríkið, þótt þessu væri breytt, þá getum við einnig verið sammála um að vera ekki að gera það að neinu stórmáli nú í sambandi við afgreiðslu þessa máls og láta hjá líða að flytja brtt. um það.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Í nál. hv. heilbr.- og félmn. á þskj. 178 er þess getið, að Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., hafi sent n. ósk um stofnun læknishéraðs á Raufarhöfn, og enn fremur, að það hafi borizt tilmæli frá Sigurði Ágústssyni, þm. Snæf., um að endurreisa læknishérað í hans kjördæmi. Báðar þessar óskir hefur hv. n. tekið til greina og ber fram brtt. í samræmi við það.

Ég geri ráð fyrir, að ég hefði haft eins mikla ástæðu til þess að bera fram ósk um nýtt læknishérað og þessir tveir hv. alþm. Og ef ég hefði nú gert það, þá efa ég ekki, að hv. n. hefði tekið þá ósk til greina.

Eins og hv. dm. mun vera kunnugt, þá er Akureyrarhérað áreiðanlega fjölmennasta og erfiðasta læknishérað landsins utan Reykjavíkur. En um læknishéraðsstörf í Reykjavík er ekki hægt að gera samanburð, því að þar hagar sérstaklega til. Þar er sá fjöldi lækna, sem starfa á eigin spýtur, og alls konar heilbrigðisstofnanir, að þar er ekki hægt að gera neinn samanburð. Héraðslæknirinn á Akureyri verður að hafa almennt heilbrigðiseftirlit í næststærsta bæ landsins, Akureyri, og gegna þar læknisstörfum, þó að þar séu líka til praktiserandi læknar, og auk þess verður hann að gegna sem héraðs-

læknir stóru héraði og erfiðu, bæði sakir fjölmennis og einnig sakir þess, að eins og læknishéraðið hefur verið til þessa, er yfir fjallveg að fara, sem stundum er erfiður. Ég skil því ekki, að það hefði þótt ósanngjarnt, þó að ég hefði borið fram ósk um það, að þessu læknishéraði væri skipt í tvö héruð, þannig að það yrði sérstakur héraðslæknir fyrir Akureyri og annar fyrir sveitirnar, sem þessu læknishéraði tilheyra. Og ég tók mjög til athugunar að bera fram slíka ósk um þessi skipti. En ég gerði það þó ekki og hef ekki borið fram neina brtt. um það, og til þess lágu tvær ástæður. Fyrri ástæðan er sú, að eins og nú standa sakir, skipar þetta embætti óvenjulega duglegur maður, sem er trúandi til þess allra manna bezt, sem ég þekki, að leysa þetta mikla starf af hendi, ef það er nokkrum manni fært. Hin ástæðan er sú, að í frv. var lagt til að létta nokkuð á þessum lækni, m. ö. o. að leggja þá tvo hreppa í Þingeyjarsýslu, sem hafa tilheyrt Akureyrarhéraði að mestu leyti, undir nágrannalæknishérað, sem er mjög fámennt. Sá böggull fylgdi þó því skammrifi í frv., að gefa átti íbúum þessara hreppa, sem losnuðu úr Akureyrarlæknishéraði, rétt til þess að leita til héraðslæknisins á Akureyri og þar með skylda hann til að gegna læknisstörfum þar. Er það að vísu í samræmi við það, sem annars staðar er í þessu frv., að þar sem breytt er til um læknishéruð, þá er íbúum veittur réttur til þess að leita til síns fyrri læknis. Efast ég mjög um, að þetta ákvæði eigi fyllilega rétt á sér, og virðist mér einkennilegt, að breytingin skuli, úr því að breyting er gerð, ekki vera gerð nema e. t. v. að nafninu.

Ég hugsaði mér því frá upphafi að bera fram brtt. við frv. um að fella úr því ákvæði um það, að héraðslæknirinn á Akureyri væri skyldur til þess að gegna læknisstörfum austan Vaðlaheiðar, eða í Fnjóskadal, sem átti samkv. frv. að sníða af hans læknishéraði. Og brtt. um það hef ég nú borið fram á þskj. 187, að 10. töluliður 2. gr. frv., sem um þetta fjallar, falli burt.

En nú hefur hv. n. borið fram brtt. um það, að Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu skuli tilheyra áfram Akureyrarlæknishéraði. Þó að héraðslæknirinn á Akureyri hafi meira en nóg að gera og verkefni hans hefði verið meira en nægilegt, þó að frv. hefði verið samþ. óbreytt að þessu leyti ásamt minni brtt., þá verð ég þó að segja það, að mér finnst þessi brtt. n. eðlileg. Það er vitanlega langhægast fyrir íbúa Svalbarðsstrandarhrepps í Þingeyjarsýslu að sækja lækni á Akureyri. Það er miklu hægara fyrir þá að sækja lækni til Akureyrar heldur en út á Grenivík. Og jafnvel þó að læknissetrið yrði fært, Grenivík yrði ekki lengur læknissetur, sem sjálfsagt er nú að breyta, þá mundi verða það sama upp á teningnum, að það yrði erfiðara fyrir íbúa Svalbarðsstrandar að sækja lækni annað en til Akureyrar. Ég fyrir mitt leyti mun því greiða atkv. með þessari brtt. hv. n. En þá vil ég, að það fylgi að leysa héraðslækninn á Akureyri undan skyldu til þess að gegna læknisstörfum austur í Fnjóskadal. Og það mundi mest létta á honum störfum, ef sú till. yrði samþ.

Mér sýnist það líka mjög óvarlegt að hafa héraðslækninn í þessu fjölmenna héraði, Akureyrarhéraði, oft og tíðum tepptan af ófærð eða illviðrum austur í Fnjóskadal, þannig að ómögulegt er að ná til hans fyrir meginhluta íbúanna í læknishéraðinu. Það gat verið eðlilegt, að Akureyrarlæknishérað væri látið ná austur í Fnjóskadal, eins og gert hefur verið, en ástæður eru breyttar. Það var ekkert vegasamband þangað til fyrir fáum árum við Höfðahverfi og Grenivík, og þá var það eðlilegt, að héraðslæknirinn á Grenivík hefði ekki öðru að þjóna en Grýtubakkahreppi og neðsta hluta Hálshrepps. En nú er þetta breytt. Nú er kominn akvegur alla leið til Grenivíkur og akvegur alveg inn í Fnjóskadalinn frá Höfðahverfinu, og þar af leiðandi mundi vera sízt erfiðara fyrir Fnjóskdæli að fá lækni frá Grenivík heldur en frá Akureyri. Og oft og tíðum gæti fallið svo, að það sé vel fært á milli Fnjóskadals og Grenivíkur, þó að það sé með öllu ófært yfir Vaðlaheiði. Hitt er svo annað mál, að þegar farið er að breyta Grenivíkurlæknishéraði á annað borð, þá ætti læknissetrið, að því er mér virðist, hreint ekki að vera á Grenivík, heldur ætti það að vera annaðhvort uppi í Dalsmynninu eða inni í Fnjóskadal, og þá mætti auðveldlega taka hluta af Breiðumýrarlæknishéraði og bæta við þetta læknishérað og yrði sennilega hagkvæmara.

Mér er ómögulegt að sjá, að þessi regla, sem upp er tekin í frv. og hv. n. hefur bundið sig við, að þegar læknishéruðum er breytt, þá eigi íbúarnir að sjálfsögðu rétt til að leita síns gamla læknis eða fyrri læknis, þrátt fyrir það að þeir séu komnir úr hans læknishéraði, — mér finnst þessi regla ekki vera nein stjórnarskrá, sem alls ekki megi víkja frá. Og þær breytingar, sem á læknishéruðunum eru gerðar í frv. og yfirleitt munu vera skynsamlegar, eru gerðar hálfþýðingarlausar með þessu. Ég vona því fastlega, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja mína brtt. Verði það ekki gert, þá mun ég taka til athugunar að bera fram við 3. umr. till. um að skipta Akureyrarlæknishéraði í tvö læknishéruð. Og jafnvel þó að ég falli frá því á þessu þingi, þá getur ekki hjá því farið, að ef læknirinn á að gegna störfum fyrir austan Vaðlaheiði jafnframt sínum miklu störfum fyrir vestan heiðina, þá er það ekki nema lítið tímaspursmál, þar til verður að skipta þessu læknishéraði, því að eins og ég mun hafa vikið að í upphafi, þá er það ekki öðrum fært en alveg sérstökum dugnaðar- og þrekmönnum að gegna slíku starfi. Mér er t. d. vel kunnugt um það, að héraðslæknirinn á Akureyri hefur oft orðið að vaka nótt eftir nótt og vinna auk þess á daginn. Hann er enn á sæmilega góðum aldri, en þó er það oft þannig, að hann er ákaflega þreyttur og verður að leggja ákaflega mikið að sér, og það ekki hvað sízt vegna þess, að hann verður oft að brjótast austur yfir Vaðlaheiði í ófærð og vondum veðrum. Að hinu leytinu er Grenivíkurlæknishérað fámennt, og það mundu ekki verða mikil störf fyrir lækninn í því héraði, þó að **Fnjóskadalurinn allur** bættist við hann raunverulega.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir um læknaskipun, átti

sú breyting að verða á læknishéruðum við Eyjafjörð, að Svalbarðsstrandarhreppur, sem tilheyrt hefur að undanförnu Akureyrarlæknishéraði, skyldi ganga undir Grenivíkurlæknishérað, og sömuleiðis skyldu sóknirnar í Fram-Fnjóskadal, Illugastaðasókn og Hálssókn, sem hafa mátt vitja læknis til Akureyrar og verið í Akureyrarlæknishéraði, ganga til Grenivíkurhéraðs. Hv. heilbr.- og félmn. leit með sanngirni á aðstæðurnar þarna og leggur til, að Svalbarðsstrandarhreppur haldi áfram að vera í Akureyrarlæknishéraði, enda virðist annað ekki koma til mála eftir aðstöðu hreppsins, sem er rétt á móti Akureyri, handan við Akureyrarpollinn. Fólk þar á daglegar ferðir til Akureyrar, hefur stöðugt opna mjólkurflutningaleið að vetrinum þangað, en aftur á móti lokaða leið norður í Grenivík, þegar verst viðrar, og sjaldan ferðir þangað. Nú hefur hv. 1. þm. Eyf. lagt hér fram till., sem kom fram eftir að fundur hófst og felur í sér, að réttur sá, sem frv. áskildi þessum tveimur byggðarlögum, Svalbarðsstrandarhreppi og sóknunum í Hálshreppi, til að sækja til Akureyrar, þótt þau teldust til annars læknishéraðs, verði af þeim tekinn og þessar byggðir hafi eingöngu rétt til að vitja læknis til Grenivíkur. En við nánari athugun hefur þó tillögumaðurinn fallizt á það, sem heilbr.- og félmn. leggur til, að Svalbarðsstrandarhreppur haldi áfram að vera í Akureyrarlæknishéraði, og með því viðurkennt staðreyndir, þó að till. upphaflega virðist vera miðuð við hitt. En þá er eftir í efni till. það, að Illugastaðasókn og Hálssókn fái ekki að hafa rétt til að sækja til læknisins á Akureyri.

Ósjálfrátt rifjast upp fyrir mér mál, sem var hér til meðferðar í hv. Ed. í fyrra, afréttarmál, sem hv. 1. þm. Eyf. flutti þá. Hann krafðist þess, taldi eðlilegt og sanngjarnt og hægt um vik fyrir Eyfirðinga hönd, að þeir fengju að nota Bleiksmýrardal, sem er afréttur, sem tilheyrir einmitt sömu mönnum sem eiga hlut að þessu læknaskipunarmáli, og má því segja, að ágengni Eyfirðinganna sé söm við sig í ár eins og hún var í fyrra.

Þannig háttar til í Illugastaða- og Hálssóknum, að aðstaðan til að vitja læknis til Akureyrar er miklu betri en til Grenivíkur, þó að hún sé ekki góð, þar sem Vaðlaheiði er yfir að fara. Þessar sóknir eru, eins og ég sagði áðan, í Fram-Fnjóskadal og liggja því framan við höfuðleiðina úr Þingeyjarsýslu yfir Vaðlaheiði til Akureyrar. Það er sú leið, sem oftast er farin og lengst er haldið opinni, en hins vegar er leið sú, sem þessir menn ættu að fara yfir þvera höfuðleiðina norður til Grenivíkur, ekki fullbyggður vegur, og henni er ekki haldið opinni á vetrum.

Hv. flm. till. sagði, að það fyrirkomulag, að Suður-Fnjóskdælir vitjuðu læknis til Akureyrar, en ekki Grenivíkur, hefði verið eðlilegt, þegar Grenivíkurhérað var stofnað og sú læknaskipun höfð, sem nú hefur gilt æði lengi, vegna þess að þá hefði ekki verið vegasamband fyrir Fnjóskdæli til Grenivíkur, eins og það er nú. En sannleikurinn er sá, að það hefur enn ekki verið byggður upp vegur á þessari leið um Dalsmynni og þess vegna er þarna um torvelda leið að fara, þó að fyrir komi á vorin, þegar Vaðlaheiði er að leysa, að sá, sem ræður yfir umferð f. h. vegamálastjóra, fyrirskipi, að Vaðlaheiði sé hvíld og þá sé farið um Dalsmynni, sem liggur lægra og hefur ekki eins dýran veg, og því minni eftirsjá, þó að hann skerist í vorleysingum, heldur en hinn dýri vegur yfir Vaðlaheiði. Allar höfuðferðir Suður-Fnjóskdælinga liggja til Akureyrar, en það er fágætt, að leið þeirra liggi til Grenivíkur. Akureyri er þeirra aðalviðskiptastaður og Svalbarðseyri. Enn fremur kemur það til greina, að símasambandið við Grenivík er miklu torveldara en við Akureyri, því að í Grenivík er mikinn hluta ársins aðeins 3. flokks stöð.

Hv. flm. till. sagði það, eins og rétt er, að Akureyrarhérað er erfitt fyrir héraðslækni, og það nýtur þess nú, að þar er afburða duglegur læknir. En úr því að vitnað er til læknis, sem gegnir embætti, og frá því sagt, að hann orki sínu starfi, af því að hann er duglegur, þá má líka geta þess, að sá læknir, sem gegnir nú embætti í Grenivíkurlæknishéraði, er heilsulítill maður, og það eitt út af fyrir sig mundi gera það mjög ófýsilegt í augum Fnjóskdælinga, ef þeir ættu að breyta til og vitja þess læknis, þótt torleiðið sé auðvitað aðalatriði.

Þess má geta, og á það mætti flm. till. líta, að gert er ráð fyrir því, að Illugastaðasókn og Hálssókn heyri til Grenivíkurlæknishéraði, en með fullum rétti til læknisvitjunar á Akureyri. Mér skilst, að þá verði þjónusta af hendi Akureyrarlæknis að einhverju leyti léttari en áður, t. d. muni eftirlit með barnaskóla ekki hvíla á honum áfram. Það mælir fyllsta sanngirni með því, að sú skipun haldist áfram, að Fram-Fnjóskdælir megi sækja lækni til Akureyrar, og ég er viss um það, að ef till. hv. 1. þm. Eyf. yrði samþ., þá mundu íbúar í sóknunum í Fnjóskadal telja það tilræði við sig.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. hefur að mestu tekið af mér ómak og skýrt þetta einstaka atriði. Mér þykir þó rétt að benda á það, að læknaskipun landsins er yfirleitt byggð upp með það fyrir augum að verða við óskum manna í hinum einstöku byggðarlögum um rétt til skjótrar læknisþjónustu, að svo miklu leyti sem þess er framast kostur. Læknaskipunin er þannig uppbyggð nú, og frv. gerir ekki ráð fyrir breytingu á því. Það er enginn vafi, að óskir manna í þeim hluta Hálshrepps, sem hér um ræðir, hniga að þessu, að halda áfram sínum rétti til læknisvitjunar á Akureyri. Ég hef rætt þetta mál við oddvita Hálshrepps, sem hefur verið staddur hér syðra undanfarið, og fullvissað mig um, að svo er. Ég get því ekki mælt með því, að brtt. hv. 1. þm. Eyf. verði samþ. Þetta mál var rætt í n. Ég skal ekki fullyrða, að þetta einstaka atriði hafi verið rætt þar alveg til hlítar, og þori þess vegna ekki að staðhæfa neitt um afstöðu einstakra nm. í þessu sambandi. En persónulega vil ég taka það alveg skýrt fram, að ég get ekki fallizt á samþykkt þessarar tillögu.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Ég þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir góðar undirtektir við till. mínar á þskj. 40 og 56. N. hefur tekið þessar

till. upp í brtt. sínar á þskj. 179, og tek ég því mínar till. báðar aftur.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Það kom nú hljóð úr horni frá hv. þm. S-Þ. út af brtt. minni. Skal ég ekki fara langt út í að svara hans ræðu. Hann sagði, að till. mín væri um að taka þennan rétt til læknissóknar á Akureyri af Svalbarðsstrandarhreppi og þeim hluta Hálshrepps, sem hefur haft þennan rétt.

Ég tók það fram í minni fyrri ræðu — (Gripið fram í.) Ekki upphaflega. Ég flutti ekki till., fyrr en ég var búinn að sjá till. n. Það var aldrei meining mín, — ég get tekið það fram nú, — að rétturinn félli niður að því er Svalbarðsstrandarhrepp snertir, jafnvel þó að frv. að því er héraðsskiptinguna sjálfa snertir hefði verið óbreytt, því að ég verð að játa það, að mér finnst það eðlilegt, að Svalbarðsstrandarhreppur geti sótt lækni til Akureyrar, þar sem hann er, eins og hv. þm. S-Þ. tók fram, svo nærri Akureyri.

Næst líkti hv. þm. þessari till. minni við annað mál, sem hér var á döfinni í fyrra viðvíkjandi Bleiksmýrardal. Ég sé ekki beinlínis líkinguna, en hann sagði eitthvað á þá leið, að Eyfirðingar vildu ekki gera það endasleppt að beita Þingeyinga eða Fnjóskdæli, nánar tiltekið, yfirgangi. Yfirgangurinn var nú sá í fyrra að því er Bleiksmýrardalsmálið snerti, að Eyfirðingar vildu fá að nota eign sína og vildu fá að nota rétt, sem þeir að lögum og rétti höfðu haft um aldaraðir, en Þingeyingar vildu taka af þeim. Ég sé ekki, að það sé mikill yfirgangur að vilja halda á sínum rétti. Og ég sé ekki heldur, að það sé mikill yfirgangur, þó að Eyfirðingar geri kröfu til þess, að þeim sé séð fyrir læknisþjónustu eins og öðrum mönnum, þannig að það sé mögulegt fyrir mann að komast yfir þau störf. Það getur staðið svo á, bæði á Akureyri og þá sérstaklega í sveitum Eyjafjarðar, að þó að það sé lífsnauðsyn að ná í lækni, þá sitji hann veðurtepptur austur í Fnjóskadal. Þetta hefur komið fyrir oft og mörgum sinnum, og það mun koma fyrir áfram, ef það helzt, að hann eigi að gegna þar læknisstörfum.

Ég vék að því, að það væri breytt viðhorf vegna vegasambands, sem komið er á til Höfðahverfis og Grenivíkur. Hv. þm. S-Þ. vildi ekki gera mikið úr því, að ástandið væri breytt að þessu leyti. Ég verð þó að halda því fram, að það sé gerbreytt, og það svo, eins og hann reyndar varð að viðurkenna að ætti sér stað stundum á vorin, að það kemur endalaust fyrir, að Vaðlaheiði er ófær, og þá er farið út með Eyjafirði og í gegnum Dalsmynni á bílum, sem sé þá leið, sem héraðslæknirinn á Grenivík þyrfti að fara inn í Fnjóskadalinn.

Hann minntist á, að — (**Dómsmrh.:** Hvort er lengra að fara, úr Grenivík eða Akureyri?) Ef sú leið er farin, þá er auðvitað miklu lengra að fara til Akureyrar. (Gripið fram í.) Yfir Vaðlaheiði? (**Gripið fram í:** Já.) Þá er styttra til Akureyrar. Og á sumrin mundi þetta ekki koma að mikilli sök, sjaldnast. Það er á veturna, þegar Vaðlaheiði er illfær, en læknirinn brýzt þó austur í Fnjóskadal, sem þetta getur komið að mjög mikilli sök.

Hv. þm. minntist á það, að læknirinn í Grenivík, sem nú er, væri heilsulítill. Það er nú ekki gott að setja lög, sem miðuð eru við heilsu einstakra manna, sem nú gegna embættum. En hitt sjá allir, sem nokkuð vita um íbúafjölda á þessum svæðum, að þó að Fnjóskadalur bætist við lækninn á Grenivík, þá hefur hann miklu léttara starf en héraðslæknirinn á Akureyri. Ég gæti haldið, að hann hefði svona tíunda partinn af því starfi, sem héraðslæknirinn á Akureyri verður á sig að leggja, og þá ætti að sjást, hvar sanngirnin er í þessu máli.

Hv. þm. sagði, að þó að þessi réttur manna til að sækja lækni til Akureyrar héldist, þá mundi nokkru samt sem áður vera létt af héraðslækninum á Akureyri í störfum við það, að þetta svæði sameinaðist Grenivíkurhéraði, og hann nefndi þar sérstaklega eftirlit með skólum. Ég býst við því, að þetta sé rétt. En ég hugsa líka, að þetta yrði það eina, sem á honum létti, þ. e. að skoða skólabörnin á haustin. Hitt er svo aftur rétt, eins og ég aðeins vék að, að þegar Grenivíkurlæknishérað breytist, og hv. þm. hefur ekkert á móti því að breyta því, þó að það eigi að hans áliti að vera meira að nafni, meira í orði heldur en á borði, þá er í sjálfu sér ekkert vit í læknissetrinu, að það sé á Grenivík, og ég held, að það hefði verið réttara af honum sem þm. Þingeyinga að flytja till. um að flytja læknissetrið þarna til heldur en að leggjast á móti minni brtt.

Hv. þm. sagði, að íbúar Illugastaða- og Hálssókna í Hálshreppi mundu skoða þessa till. mína tilræði við sig. Ég veit nú ekki beint, hvað hann meinar með tilræði, sennilega það að setja menn þar í lífshættu, vegna þess að þeir geti ekki fengið læknisþjónustu, — en að halda því fyrirkomulagi, sem verið hefur, að hafa héraðslækninn á Akureyri sí og æ austur í Fnjóskadal, hríðtepptan stundum og tepptan af ófærð, held ég, að sé þá tilræði við æði marga Eyfirðinga.

Hv. frsm. n. minntist á till. mína og hafði það eitt að segja, að læknaskipunin væri byggð upp að mestu eftir óskum manna og það mundu vera óskir manna í fremri hluta Hálshrepps, að þeir hefðu rétt til læknissóknar á Akureyri. En ég get fullyrt, að það eru almennt óskir Eyfirðinga að fá að hafa sinn lækni í friði og hann þurfi ekki að vera tepptur í öðrum héruðum, þegar þeir eru veikir. Og hverjir skyldu vera fleiri, Eyfirðingar í þessu læknishéraði eða íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi?

Ég er ekki alveg viss um það, að stefna n. í þessu atriði sé nokkuð lýðræðislegri en mín till. Það verð ég mjög að draga í efa. Það gengur oft svo, að álit nefnda er samþykkt, og þannig var það í fyrra um Bleiksmýrardal, að hv. þm. S-Þ. varð að sætta sig við það, að þar var álit n. samþykkt. Ég býst við, að fari eins fyrir mér, en eins og ég aðeins vék að í minni fyrri ræðu, þá hlýtur að leiða þar af krafa um skiptingu Akureyrarlæknishéraðs. Það er ómögulegt fyrir venjulegan mann að gegna þessu læknishéraði eins og það hefur verið, ef Fnjóskadalur á að fylgja með. Ég get alveg fullyrt það og hef nægan kunnugleika til þess að fullyrða það. Ég fullyrði ekki um, hvort sú krafa kemur endilega fram á þessu

þingi, í sambandi við afgreiðslu þessa frv., en þetta er óhjákvæmilegt innan mjög skamms tíma.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf., flm. brtt. á þskj. 187, er augsýnilega ekki vel ánægður með þá till. og greip til nokkurra undanbragða, sem honum eru nú annars ekki sérstaklega töm, því að venjulega er hann mjög hreinskilinn. Hann taldi, að í till. sinni fælist ekki það, að hann hefði ætlazt til, að með henni væri tekinn réttur af Svalbarðsstrendingum til þess að sækja lækni til Akureyrar. Ég sagði, að þetta fælist í till., en hann hefði séð sig um hönd, og ég þykist geta staðið við það. Hann hlýtur að viðurkenna það sem þaulæfður forseti og úrskurðarmaður um þingsköp, að till. hans mun koma til atkvæða á undan till. heilbr.- og félmn. og þar af leiðandi ná bæði til Svalbarðsstrandarhrepps og Illugastaðahrepps, ef hún verður samþykkt. Þess vegna er ekki til neins að ætla sér að gefa henni annað innihald eftir á en henni er hleypt af stokkunum með.

Það er ekki rétt sem hv. þm. hefur verið að halda fram, að auðveldari leið sé, nema með undantekningum, til Grenivíkur í lækniserindum heldur en til Akureyrar. Það er sem sé styttri leið til Akureyrar fyrir Illugastaðasóknarmenn og Hálssóknarmenn, bæði sumar og vetur. Það er aðeins sú undantekning, sem ég gat um í fyrri ræðu minni, stundum á vorin, þegar verið er að hlífa Vaðlaheiðarveginum. (**BSt:** Stundum á haustin og stundum á veturna.)

Hv. þm., tillöguflytjandi, talaði um, að það hefði átt að flytja læknissetrið úr Grenivík upp í Fnjóskadal eða eitthvað annað, til þess að hægt væri að taka inn í læknisumdæmið þessar sóknir og máske eitthvað af Reykdælahéraðinu. Nú er það svo, sem hann veit vel, en kannske ekki allir hv. þm. í þessari d., að fjölmennasta sveitin er Grýtubakkahreppur, og þar er talsvert stórt þorp, sem heitir Grenivík, og þar situr læknirinn. Nú er enginn vafi á því, að þessi fjölmennasti hreppur og þorpsbúarnir þar mundu verða mjög óánægðir með það, að læknissetrið yrði flutt frá þeim, og þeir hafa veruleg rök að mæla. A. m. k. þyrfti til þess miklu meiri undirbúning að sætta menn við slíka hluti og gera ráðstafanir um læknissetur heldur en hægt er að gera við afgreiðslu málsins nú.

Þá minntist hv. 1. þm. Eyf. á, að það væri ekki tilræði við Fnjóskdæli, þó að af þeim yrði tekinn rétturinn til að leita læknis til Akureyrar, heldur mætti segja, að það væri tilræði við Akureyringa eða þá, sem eru í því læknishéraði, þegar læknirinn þaðan færi austur í Fnjóskadal og veðurtepptist þar, sem gæti komið fyrir. En á það vil ég benda, að ekki er það sambærilegt, vegna þess að á Akureyri eru margir læknar. Þar eru spítalalæknar, og þar eru sérlæknar, sem vitanlega hlaupa í skarðið, þegar lífsnauðsyn er, ef héraðslæknirinn er fjarverandi. En í Fnjóskadal er ekkert að leita, nema þá leitað væri ofan í Grenivík, sem venjulega er torveldara að komast heldur en til Akureyrar. Ég sendi því gjöfina aftur.

Ég verð að segja það, að mér finnst þessi till. hv. 1. þm. Eyf. í alla staði óviðeigandi. Það hefði verið miklu mannborlegra af honum að flytja till. um það, að læknishéraði Akureyrar væri skipt, ef hann telur, sem líklega er rétt, mjög erfitt fyrir einn lækni að þjóna því héraði. En þar er þó bót í máli þetta, að á Akureyri eru fleiri læknar, sem hjálpa jafnan til, þegar mikið liggur við.

Ég vænti þess, að hv. þdm. felli brtt. 1. þm. Eyf., enda mun hann nú gera ráð fyrir því. Það réð ég af orðum hans, þeim sem hann sagði áðan og boðaði undanhald með.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég hef aðeins rétt til að gera stutta athugasemd. Þar af leiðandi get ég ekki svarað síðustu ræðu lið fyrir lið. Ég ætla þó að láta hv. þm. S-Þ. vita það, að ég sem gamall forseti, eins og hann orðaði, var vanur því, og ég býst við, að flestir forsetar geri það, að bera fyrst upp brtt. við 1. gr. og þar á eftir brtt. við 2. gr. Brtt. n. um það að flytja Svalbarðsstrandarhrepp í Akureyrarhérað er við 1. gr. Mín brtt. er við 2. gr. og hlaut því að berast upp á eftir till. n. (**Gripið fram í:** En yrði hún felld, till. nefndarinnar?) Yrði till. n. felld, þá fyrst ætti hún við allt þetta svæði. En ég lýsti því yfir, að ég væri þeirri till. fylgjandi, þannig að ég hefði þá sennilega tekið þessa till. aftur við þessa umr. og borið hana fram í breyttri mynd við 3. umr., ef svo hefði farið.

Út af því, að ég taldi, að það væri í raun og veru gengið á Eyfirðinga með því, að læknir þeirra þyrfti oft að sitja tepptur austur í Fnjóskadal, hafði hv. þm. það að segja, að það væru nógir læknar til á Akureyri að hlaupa í skarðið. Þetta er rétt að því er Akureyrarbúa snertir, en það er ekki rétt að því er snertir íbúa sveitanna í kringum Akureyri. Læknar á Akureyri, aðrir en héraðslæknirinn, telja sér yfirleitt ekki skylt að fara út í sveitir og gera það ekki, nema alveg sérstaklega standi á. Það er mér kunnugt um.

Ég get ekki kannazt við, að ég sé á neinu undanhaldi í þessu máli. Menn verða oft að lúta ofureflinu. Ég býst við, að nú í þetta sinn sé nefndin í málinu mér ofurefli. En það verður hafin sókn á nýjum vígstöðvum, ef þessi till. mín fellur, eins og ég hef þegar getið um. Með því móti að hafa Akureyrarlæknishérað eins stórt og það hefur verið, — og ég tel, að það verði það að mestu leyti, ef mín till. verður felld, þá verði lítil raunveruleg breyting á því héraði, — þá er það óhjákvæmilegt, að innan mjög skamms tíma verður að skipta læknishéraðinu í tvennt.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég var nú því miður ekki kominn í deildina, þegar framsaga var höfð í þessu máli, og veit þess vegna ekki gerla, hvað n. hefur athugað af því, sem ég bað hana að gera við 1. umr. þessa máls. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. látið útbýta þeirri skýrslu, sem mþn., sem skipuð var til að athuga heilbrigðismál og spítalamál landsins, hefur samið og ég taldi að læknaskipunin væri svo nátengd, að varla væri hægt að gera það án þess að athuga læknaskipunina líka.

Ég bað hv. n. að athuga það vel, að þegar

læknalögin voru samþykkt, eins og nú kemur líka ákaflega greinilega fram í nál., þá var miðað við það, að læknar væru það þétt, að þeir gætu veitt læknisþjónustu sóttir ríðandi eftir þeim vegum, sem þá voru, út um byggðirnar. Þá var og það, að ég taldi, að þar sem væru spítalar og kæmu spítalar, þar væri óumflýjanlega nauðsyn á að hafa tvo lækna, þetta bæri henni að athuga. Hafi hún gert þetta, þá hefur hún a. m. k. ekki komizt að þeirri niðurstöðu, sem ég vildi, — og hvort hún hefur gert það eða ekki, veit ég ekki, af því að ég var ekki hér staddur við framsöguræðuna.

Nú liggur fyrir þetta nál. frá milliþn., og ég skal nú ekki fara langt út í það, en það upplýsir, að læknarnir hér og þar um landið séu á ómagaframfæri hjá ríkinu. Það er hvorki meira né minna. Þeir eru á ómagaframfæri. Þeir hafa ekkert að gera. Og fleira segja þeir í því sambandi og virðast vera á því, að læknarnir í heild séu óþarflega margir, — svo óþarflega margir, að þeir leyfa sér að segja, að þeir séu á ómagaframfæri hjá ríkinu, hafi ekkert að gera. Það er sagt á 2. bls. í nál.

Nú vil ég enn á ný biðja n. að athuga gaumgæfilega þetta mitt sjónarmið, — það sjónarmið, að þar sem sé spítali, þar sé nauðsynlegt að hafa tvo lækna, og það sé óforsvaranlegt að láta liggja á spítala kannske 20, 30, 40 manns, hafa einn lækni til að stunda sjúklingana, og svo á hann líka að hafa hérað til að þjóna. Það geti oft kostað mannslíf á spítölunum sjálfum, ef hann fer frá, — eða úti í byggðinni, geti hann undir þeim kringumstæðum ekki farið, þó að hann sé sóttur, jafnvel hvað sem liggur við, af því að hann sé kannske nýbúinn að skera upp sjúkling, sem hann getur ekki farið frá.

Þetta sjónarmið vil ég að komi skýrt fram, og þess vegna vil ég líka, að Alþ. taki ákvörðun um það, hvar eigi að vera spítalar, og setji þar tvo lækna, og þá ekki lækni alveg þar ofan í. Og ég skal þá taka sem dæmi, að hérna í nál. á bls. 12 telja þeir, að það eigi að vera spítali á Blönduósi, það er að verða búið að byggja hann. Þeir segja, að sjúkrahús séu í smíðum á Blönduósi, Keflavík og Neskaupstað. 20 km frá Blönduósi er kominn annar læknir, sem hefur ósköp lítið læknishérað. Hvaða vit er í því að hafa annan lækni á Skagaströnd og einn lækni á Blönduósi og setja svo á Blönduósi spítala, sem á að rúma marga tugi manna, sem geta ekki án læknis verið og læknir getur ekki frá farið nærri því alltaf og yrði þess vegna að neita um að fara, þegar hann væri sóttur út úr kaupstaðnum? Í því er ekkert vit. Það á enginn læknir að vera á Skagaströnd, en það eiga tveir læknar að vera á Blönduósi.

Það er talað hér um, að það komi spítali á Suðurlandi, og gert ráð fyrir því, að hann komi á Selfossi. Hæstv. ráðh. hélt, að hann mundi koma í Hveragerði. Mér er sama, á hvorum staðnum hann kemur. Hvar sem hann kemur, þá þurfa þar að vera tveir læknar. Og þá höfum við ekkert að gera við lækni 10, 20 km frá honum, eins og núna er. Ef hann kemur á Selfossi, þá er læknir á Eyrarbakka og læknir í Hveragerði. Þeir hafa ekkert að gera. Við þurfum að hafa tvo lækna og spítala á einum staðnum. Og það er allt annað mál, hvort læknirinn núna þurfi að hreyfa sig á bíl 10 km, 20 km eða 30 km eða hann þurfti að gera það, á meðan engir vegir voru og engar brýr. Það er ekki saman berandi.

Alveg gegnir sama um Sauðárkrók. Þarna er þó engan lækni hægt að spara, en við þurfum að fá þar spítala og tvo lækna. N. segir, að það eigi að koma þar spítali.

Sama máli gegnir á Ísafirði. Við þurfum að fá þar tvo lækna við spítalann, en engan á Súðavík. Það er um hálftíma keyrsla, eitthvað svoleiðis. Við höfum ekkert að gera með lækni þar. Við þurfum tvo lækna á Ísafirði við spítalann, og þeir eiga að hafa læknishéraðið, sem Súðavíkurlæknirinn hefur núna. — Alveg sama máli gegnir um Húsavík. Við þurfum að fá tvo lækna og spítala á Húsavík, og þá er vafamál, hvort lækni þarf á Breiðumýri.

Þetta vil ég láta n. rannsaka. Ég mun ekki koma með neina brtt. núna. En þetta er sú stefna, sem við eigum að taka upp í læknamálunum. Það er að setja læknana það þétt, að menn undir þeim skilyrðum, sem núna eru í landinu, en ekki eins og var fyrir 50 árum, geti sótt til þeirra og haft þeirra not, og séu þar spítalar, svo að þeir geti gert að því, sem þarf hjá mönnum, þurfi ekki að senda menn með kýli suður í Reykjavík, og annað þess háttar, heldur þurfum við að hafa spítala, svo að þeir geti lagt menn þar inn, gert á þeim meiri og minni skurði, eftir því sem læknarnir eru menn til. Og það þurfa að vera tveir um hvern spítala. En svo þarf ekki að vera læknir á næstu þúfu við spítalann, eins og litur út fyrir að verði núna.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að blanda mér í mál þeirra 1. þm. Eyf. og þm. S-Þ. Ég vildi aðeins láta það koma fram, sem rætt var um aðeins á fundum heilbr.- og félmn., þegar frv. til læknaskipunarlaga lá fyrir. Það var einmitt í sambandi við þetta; það var talað um það þó nokkuð fram og aftur.

Það vita þeir, sem kunnugir eru, að þetta hérað er frekar lítið og með þeim minni. En það, sem er mestur baginn, er, að læknissetrið er á öfugum enda í sveitinni. En það er ekkert undarlegt, þó að svo sé, því að víða hér á landi hefur það verið þannig, að byggðin hefur færzt til, það hefur fjölgað á einum stað, það hefur jafnvel lagzt niður byggð, — menn hafa algerlega flutt í burtu úr héruðum, og það hefur fjölgað mjög í öðrum. En það er ómögulegt að fylgja svo fljótt eftir, að það sé hægt að flytja lækninn, setja upp ný læknissetur á nokkurra ára fresti; það er fjarri því. En annars kom það til mála, að eðlilegasta læknissetur í þessu héraði, sem um er að ræða, væri á Svalbarðsströnd, á Svalbarðseyri, því að það væri miðsvæðis, og væri heppilegast fyrir þá, sem læknis þyrftu að vitja, að fara þangað og þá þyrfti ekkert um Akureyri að ræða.

En eins og ég sagði, það er ekki svo auðgert allt í einu að fleygja einum læknisbústað

og kaupa annan. En þetta er atriði, sem liggur fyrir að rannsaka, því að það virðist svo, að byggðin færist meira inn en út, og það eru því meiri líkur til þess, að nauðsyn verði fyrr en seinna að breyta þessu svo; ef hægt væri á hentugan hátt að fá máske læknisbústað á Svalbarðseyri, þá væri það því fyrr því betra. En ég skil ósköp vel það, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að þeim þætti illt, íbúum í Grenivík, að missa sinn lækni, sem þeir hafa haft um alllangt skeið. Það má nú ekki líta of fast á það, en um leið þarf að undirbúa og athuga þetta mál. En það var ekki þess virði, að vert væri að stöðva framgang laga um læknaskipun út af þessu eina, því að það er víðar, sem þarf að stinga við fæti og athuga, en það tekur allt sinn tíma. Það, sem vakti fyrir n., var að koma þessum læknaskipunarlögum frá í sem mestri heild, þó að menn væru ekki að öllu sammála um ýmis atriði. En í þessu atriði virtist ekki vera hægt að ljúka þessu núna, svo að vel væri. En það er sannarlega þess virði, að það væri athugað, helzt fyrir næsta þing, hvort þetta væri gerlegt á ekki allt of dýran hátt, því að það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. tók fram, að héraðslæknir þeirra Eyfirðinga hefur sannarlega nóg á sinni könnu, enda liggur miklu verr við að fara inn fyrir fjörðinn og út með honum eða þá þvert yfir hann heldur en ef hann hefði byggðina alla hinum megin, sem hann á að stunda að mestu leyti. En bæði þetta og önnur héruð, sem heilbrmrh. er kunnugt um, þurfa athugunar við, hvort þarf að flytja læknisbústaðinn á hentugri stað en áður var.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við þessar umr., en þykir þó rétt að taka fram fáein atriði.

Hv. 1. þm. Eyf. vildi gera lítið úr óskum hlutaðeigenda austan Vaðlaheiðar í læknamálunum og benti á það, að þeir væru fleiri vestan heiðar, sem óskuðu annarrar skipunar. Ef þetta væri rétt, þ. e. a. s. að hægt væri að líta á málið á þennan hátt, þá er það alveg gefið, að öll 2. gr. frv. er út í hött, því að hún er yfirleitt um þetta, að tryggja tilteknum lítlum svæðum rétt til læknisþjónustu, þar sem þeim er það hentugra að dómi íbúanna sjálfra, og vitanlega gerist það á kostnað þess hverfis, sem næst liggur lækninum, því að alltaf getur það komið til, að hann teppist. En sennilega kæmi það miklu meira að sök í flestum öðrum tilfellum en þarna, vegna þess að á þeim fjölmenna stað, Akureyri, er þó hægt til annarra að leita í neyðartilfellum.

Ég legg ekki trúnað á það, að læknar á Akureyri hagi sínum störfum þannig, að þeir í neyðartilfellum neiti aðstoð út um sveitir Eyjafjarðar. Því trúi ég ekki.

Nei, hér stendur það eftir, að læknaskipunarlöggjöfin reynir til hins ýtrasta að haga læknisþjónustu og læknaskipun þannig, að menn eigi sem greiðastan aðgang að læknishjálp í nauðsyn.

En hver er tilgangurinn með till. hv. 1. þm. Eyf.? Hvað vakir fyrir hv. flm.? Mér skilst, að hann sé fyrst og fremst sá að bæta læknisþjónustuna í Akureyrarlæknishéraði, sem nær yfir Akureyrarkaupstað, mikinn hluta Eyjafjarðarsýslu og einn hrepp í Þingeyjarsýslu. Með því að losa héraðslækninn undan þeirri kvöð að gegna læknisþjónustu í Háls- og Illugastaðasóknum með sárafáu fólki, við skulum segja um 200 manns, á að bæta verulega ástandið í Akureyrarhéraði. Mér finnst hér vera lotið að litlu. Ég er ekki að vefengja það, að hér sé um stórmikið vandamál að ræða, læknisþjónustu í þessu héraði, en ég held það sé óhugsandi að bæta hana, svo að nokkru nemi, með því að svipta þá fáu menn, sem þarna eiga hlut að máli, þeim rétti, sem þeir hafa haft og lagt er til í frv. að þeir haldi áfram.

Vandamálið er miklu stærra en svo, að það verði leyst á þennan hátt. Ég legg til enn sem fyrr, að þessi till. verði felld.

Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. vil ég segja örfá orð. Eins og ég gat um í framsögu, hafði heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. aðgang að áliti mþn. um heilbrigðismál og kynnti sér það að sjálfsögðu. En það álit fjallaði ekki nema að litlu leyti um læknaskipan í landinu, og n. taldi ekki mikið á því að græða í því sambandi. Það er satt, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinni gerbyltingu á læknaskipunarkerfinu, þvert á móti. Eins og ég gat um í framsögu, þá eru skiptar skoðanir um þetta mál í heild. Margir álíta, að nú sé tímabært í mjög stórum stíl að stækka læknishéruðin, koma upp heilsugæzlu- eða læknastöðvum með góðum aðbúnaði og fleiri en einum lækni staðsettum. Það má vel vera, að þetta sé rétt í sjálfu sér. En ég er alls ekki viss um það. Það er ósköp auðvelt að segja það hér í þingsölum, að nú séu allar samgöngur breyttar, menn geti farið á bíl á svona og svona stuttum tíma, svona og svona marga tugi og hundruð km. En þetta verður bara allt annað, þegar út í reyndina kemur, um vetrardag í íslenzkri veðráttu og færð. Hún er enn þá söm við sig þrátt fyrir okkar að mörgu leyti ágætu samgöngur. Ég er þess vegna alls ekki viss um, að það sé tímabært nú að gerbreyta læknishéraðaskipuninni í þessa átt, þó að sjálfsagt sé að taka þetta mál allt til gaumgæfilegrar athugunar áfram. Heilbr.- og félmn. hefur ekki gert tillögur í þessa átt, og ég held þess sé tæpast að vænta, að hún geri till. um gerbyltingu á læknaskipun landsins nú á milli 2. og 3. umr.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég ætla ekki að koma með brtt. í samræmi við það, sem ég sagði að ég teldi að þyrfti að gera, fyrr en ég sé, hvort n. athugar málið eða ekki, en ég mun þá koma með þær við 3. umr., svo að það liggi fyrir, hvað ég vil.

En ég vil bara benda síðasta hv. ræðumanni á það, að geti hann sannfært mig um það, að það komi svo mikill snjór, meiri snjór núna á veturna heldur en hafi verið áður, að það sé þess vegna þörf á fleiri læknum, — læknum, sem fari meira en hlutfallslega fjölgandi með bættum vegasamgöngum, — þá skal ég beygja mig. En ég held, að tíðarfarið sé ósköp líkt og

það hefur verið, og hafi Skagstrendingar getað sótt lækni á Blönduós á hestum, frá því að landið byggðist, og utan af Skagatá, og til þessa dags, þá er þó ólíkt hægara núna að gera það heldur en var, eins og þeir hafa þurft að gera um langan tíma.

En það, sem ég stóð upp til núna, var að leggja hérna fram tvær brtt., sem eru báðar skriflegar, og þær eru fluttar eftir ósk íbúanna í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir hafa alla tíð heyrt til Seyðisfirði og óska eftir að fá að heyra til Seyðisfjarðarlæknisumdæmi áfram. Þangað er yfir einn, að vísu brattan, en stuttan fjallgarð að fara. En oftast er farið á sjó, og er stutt á sjó og að sumrinu til fastar áætlunarferðir þangað. Þar reka þeir alla sína verzlun, öll sín viðskipti, og þangað liggja allar þeirra leiðir, meðan þær liggja ekki til Borgarfjarðar, enda bæði lengra og verri fjallgarð yfir að fara og aldrei yfirleitt farið á sjó nema þá um hásumarið, því að það er miklu lengri leið og þar fyrir utan út á opið haf.

Ég legg þess vegna til, að á eftir orðinu „Seyðisfjarðarhérað" í upphafi 38. töluliðar í 1. gr. komi: Loðmundarfjarðarhreppur, — og úr 2. gr., tölulið 12, falli burt orðin „og íbúar Loðmundarfjarðarhrepps til Seyðisfjarðar".

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 193) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 56 tekin aftur.

— 193 tekin aftur til 3. umr.

— 179,1.a—d samþ. með 14 shlj. atkv.

— 179,1.e—f samþ. með 13 shlj. atkv.

— 179,1.g—h samþ. með 13 shlj. atkv.

— 179,1.i samþ. með 13:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv.

Brtt. 40 tekin aftur.

— 179,2.a samþ. með 13 shlj. atkv.

— 187 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, BSt, FRV.

nei: IngF, JK, KK, LJóh, SÓÓ, VH, BBen, HG, GíslJ.

AE, BrB greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJós, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 179,2.b—e samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

3.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 196, 193, 203).

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram rökstudda dagskrá um þetta mál og vildi leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum, enda þótt mönnum sé skoðun mín kunn og gangur málsins líka.

Ég skal þá fyrst minna á það, að á Alþingi 1944 var rætt mikið um læknaskipun. Landlæknir átti þar frumkvæðið og vildi sameina í eitt frumvarp eldri ákvæði um læknaskipun og breyta henni að nokkru, og urðu um það harðar deilur, — „prinsip-deilur" meðal þm. um málið. Annars vegar var landlæknir, sem stóð fyrir þeirri skoðun, að það ættu að koma föst, ákveðin sjúkrahús hér og þar um landið, það ætti að ákveða þeim stað og setja tvo lækna við þau. Í samræmi við það var frá hans rótum runnin till. um það að leggja niður Brekkuhérað í Norður-Múlasýslu og flytja lækninn þaðan að Egilsstöðum. Móti þessu voru ýmsir aðrir, þ. á m. þm. Str., sem lagði til, að tekið væri upp nýtt hérað, sem héti Borðeyrarhérað og átti að ná yfir Bæjarhrepp í Strandasýslu og hluta af Staðarhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þm. Snæf., nú orðinn borgarstjóri í Rvík, lagði til, að það væri búið til nýtt hérað, sem héti Suður-Snæfellsneshérað og næði yfir þrjá hreppa í Snæfellsnessýslu fyrir sunnan Kerlingarskarð. Þetta var gróflega harðsótt af hendi þeirra manna, sem vildu halda uppi þessum tveimur stefnum, og endaði með því, að bæði þessi héruð, sem þm. Str. vildi fá inn, læknishérað Borðeyrar, og þm. Snæf. vildi fá inn, læknishérað Suður-Snæfellsnessýslu, voru samþykkt, en líka hitt, sem landlæknir vildi, að flytja lækninn frá Brekku og setja tvo lækna á Egilsstöðum, því að þar væri spítali. Ýmsir þm. höltruðu á milli þessara tveggja stefna og voru með hvoru tveggja.

Afleiðingin af þessu varð sú, að Haraldur Guðmundsson, núverandi 4. þm. Reykv., kom með þáltill., sem var samþ. á Alþingi 11. marz 1944 og hljóðaði svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga, hverjar breytingar kunna að vera nauðsynlegar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla svo og hverjar aðrar ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera til þess að tryggja sveitahéruðunum sem bezta læknisþjónustu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis, annar samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Heilbrigðisnefndirnar kusu núverandi borgarstjóra í Rvík, Læknafélagið kaus Magnús Pétursson, þáverandi héraðslækni í Reykjavík, og ríkisstj. skipaði Vilmund Jónsson landlækni.

Seint á sama árinu var svo lagt fram frv. um breytingu á þessum nýju lögum frá Alþingi. Það fór fram á það, að Álafosshérað yrði stækkað og látið ná yfir þann hluta af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sem lægi innan við Elliðaárnar. Það fór fram á það, að Borðeyrarhérað hið nýja, sem var sett inn í lögin sama árið, væri fellt út, og það fór fram á það, að ekki skyldi verða skipaður maður í Suður-Snæfellsneshéraðið, sem var skírt upp og kallað Staðarhérað, fyrr en ríkisstjórnin veitti embættið. Það skyldi bíða óveitt þangað til. Það hefur beðið síðan.

Um þetta leyti, seint á þessu ári, var borin fram fsp. frá mér, sem, með leyfi forseta, hljóðaði þannig:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til að tryggja það, að læknar fáist í óveitt læknishéruð, og hvað líður starfi n. þeirrar, er skipuð var eftir þáltill.

Alþingis á þskj. 244 1944 um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum?"

Ráðherrann svaraði aldrei.

Árið eftir er aftur borin fram fsp., þá af þm. Str. og mér, en ráðh. svaraði henni ekki að heldur.

Enn er hún borin fram, þá af mér. Ráðherrann svaraði henni ekki að heldur.

1949 er hún síðast borin fram af Gísla Jónssyni, og þá svarar þm. Vestm., sem þá var í ráðherrasæti, og sagðist ekki vita, hvenær nál. kæmi, hafði spurt n. og ekki fengið neitt svar. Hann gaf upplýsingar um, hvað n. kostaði, en vonaðist eftir, að það færi nú bráðum að koma svar frá hv. n. Síðan hefur ekki um það frétzt eða af því nál. spurzt.

Síðan hafa komið fram nokkrum sinnum brtt. við læknalögin, sem ég skal ekki rekja, en bara minna á það, að þegar þær hafa komið fram, þá hefur ævinlega, ýmist af mér eða stundum bæði af mér og þm. Barð., forseta þessarar deildar, verið óskað eftir að vita nánar um þessa n. og hvert álit þessarar n. væri. Það hefur aldrei fengizt. Svo skeður það í fyrra, að það er skipuð ný nefnd. Hún er ekki beint skipuð í læknamálið, en hún er skipuð samkv. till. frá hv. þm. Str., er hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna mþn. í heilbrigðismálum. Ráðherra skipar formann n. Verkefni nefndarinnar eru:

1) Að gera till. um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu.

2) Að gera till. um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. október."

Þetta nál. hefur svo komið á þessu þingi, þó ekki fyrr en búið var að undirbúa og leggja fram þetta nýja læknafrv. í Ed., og hafði þess vegna við samningu þess ekkert tillit verið tekið til þess, sem þessi n. segir. En það, sem þessi n. segir, er nú ýmislegt og margt af því nokkuð skrýtið. Hún tekur það fram, að læknaskipunin hér á landi sé frá árinu 1899 í öllum aðalatriðum og læknishéruðin séu miðuð við það, að hægt sé að ná tiltölulega fljótt í lækninn af ríðandi manni. Hún heldur því fram, að læknarnir í sveitahéruðunum hafi svo lítið að gera, að þeir forpokist og verði ófærir í starfi sínu á fáum árum. Hún heldur því fram, að tillit til bættra samgangna hafi ekkert verið tekið, og hún bætir því svo við, að meiri hlutinn af læknunum í sveitum landsins sé landsómagar, sem sé fjarlægt að vinni fyrir sér. Þetta er hennar álit um ástandið eða skipulagið á læknamálunum í landinu. Og hún náttúrlega ræðir þarna heilbrigðismálin og hefur nú fundizt starf læknanna svo litilmótlegt þar, að hún hefur ekki tekið það neitt verulega til greina og mælir ekkert um það, hvað þeir eigi að gera í sambandi við heilbrigðismálin, ekki neitt. En hún slær því föstu, að læknaskipunin í landinu sé gersamlega óviðunandi, læknarnir séu svo margir, hafi svo lítið að gera, að þeir verði fljótt ómögulegir í sínu starfi, „doðni upp", eins og nefndin orðar það, og þeir vinni ekki fyrir sér, þeir séu landsómagar. En til úrbóta gerir hún engar tillögur. Hún hefur kannske búizt við, að það mundu koma till. frá hinni nefndinni, sem alltaf hafi setið og ekki er tilkynnt um enn þá að sé búin að ljúka störfum.

Þegar svo þetta frv. kemur, þá lýsir frsm. n. því yfir hér í d., að það sé enginn tími til þess að athuga það sjónarmið, sem ég hef haldið fram, að það þyrfti að gera sér grein fyrir, hvar við vildum hafa sjúkrahúsin, og þar yrðu að vera tveir læknar, og þegar við værum búnir að athuga það, þá gætum við aftur gert okkur grein fyrir, hvort við þyrftum að hafa lækni alveg ofan í sjúkrahúsunum, í 10—20 km fjarlægð frá sjúkrahúsunum, eftir vegum, sem daglega er haldið opnum fyrir mjólkurflutninga, eins og nú er. Hann gat ekki gert okkur grein fyrir því. Og hann lýsir yfir, að n. hafi ekki haft neinn tíma til þess að athuga þetta, þess vegna hafi hún ekki neitt viljað taka tillit til þessara sjónarmiða, sem ég taldi að þyrftu að koma hér fram.

Ég spurði svo forsetann við síðustu umræðu, hvenær þetta mál mundi koma fyrir aftur, og hann sagði, að það yrði í dag. Ég var svo byrjaður á að gera brtt. við þetta, hugsa mér, hvar sjúkrahúsin mundu koma, bæði þar sem þau væru núna og eins þar sem þau mundu koma í framtíðinni alveg ný, en ég sá, að það var eiginlega unnið fyrir gýg og a. m. k. ekki ástæða til þess, að ég einn væri að leggja vinnu í það, sem n. alls ekki treysti sér til að eiga við og hafði verið hummað fram af sér, bæði af n. frá 1944 og eins af nefndinni frá í ár, því að ég verð að telja það, að læknaskipunin og störf læknanna í landinu heyri alveg ákveðið undir heilbrigðismál og það hafi þess vegna verið að ganga fram hjá kannske aðalatriðinu í heilbrigðismálum landsins, hvernig læknaskipunin ætti að vera og hvernig menn ættu að geta átt aðgang að læknum. Að vísu segja þeir það, að landlæknir haldi lyfjum í landinu svo ódýrum með verðskránni, sem hann gefur út, að það sé ómögulegt fyrir lækni að standa við að selja þau fyrir það verð, tekjur lækna verði því of litlar. En hitt segja þeir ekki, hve miklar tekjur læknarnir telja fram, og eru þeir þó með tekjuhæstu mönnum víða í landinu og sumir með töluvert á þriðja hundrað þúsund. Það minnast þeir ekki á. En að lyfjaskráin sé of lág, læknarnir fái of lágt verð fyrir þau lyf, sem þeir selja, það nefna þeir í álitinu, án þess þó að taka fram, að þeir krefjist nú breytinga á því. Það gera þeir ekki.

Þegar ég sá mér ekki fært að koma með þær breytingar, sem mér þótti eðlilegar, a. m. k. ekki þannig upp byggðar, að ég vildi láta þær koma fram núna, þá tók ég það ráð að koma með þessa dagskrártill. Hún skýrir sig sjálf. Hún fer fram á það, að ríkisstj. sé falið að láta fyrir næsta reglulegt Alþingi rannsaka, hvar sé eðlilegt, að spítalar verði byggðir í landinu. Það á að liggja fyrir að nokkru leyti í þessu nál. frá í sumar, og að öðru leyti geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. láti rannsaka það, ef þessi till. verður samþykkt. Í öðru lagi, hvernig rekstri sjúkrahúsanna verði komið fyrir og samrýmdur læknisþjónustu í nágrannahéruðunum í kringum sjúkrahúsin. Þetta er ákaflega mikilsvert atriði, því að það má öllum vera ljóst, og ég held, að það beri

nú enginn á móti því, að það sé útilokað að hafa sjúkrahús með nokkru verulegu sjúkraplássi og nokkrum verulegum sjúkrarúmum, nema það séu tveir læknar við það. Og ef það eru tveir læknar við sjúkrahús svo og læknir, eins og ég sagði áðan, eins og sums staðar er núna, í svona 10—30 km fjarlægð frá sjúkrahúsinu og á milli upphlaðin braut, sem haldið er daglega opinni vegna mjólkurflutninga, þá gefur það auga leið, að ekki er þörf á þeim lækni. Sömuleiðis vil ég upplýsa það eða bæta því við, sem ég hef áður sagt, að ég tel, að t. d. eitt af þeim héruðum, sem nú eru tekin upp, Staðarhérað á Suður-Snæfellsnesi, sé algerlega óþarft. Það er daglega flutt þaðan mjólk til Borgarness, þar sem læknir býr, á hverjum einasta degi allt árið, nema það komi stórhríð, svo að það sé ómögulegt. (**Dómsmrh.**: Hvað er langt á milli?) Það er nokkuð langt á milli, en það eru daglegar ferðir og lítið svæði og fámennt, svo að það er alveg víst, að sá læknir, sem þar settist að, heyrði undir þá góðu lækna, sem n. segir að doðni niður í starfi sínu og verði óhæfir til að lækna, af því að það er ekki nóg að gera. Þá geri ég enn fremur ráð fyrir því, að samhliða því, sem þetta verði athugað, þá verði athugað, á hvern hátt eigi að skipta landinu í læknishéruð, og þá tekið fullt tillit til þeirra breyttu samgangna, sem orðið hafa í landinu, og í sambandi við það, hvernig fólkið hefur flutt sig til. Það var haldið í Hesteyrarlæknishérað, þangað til þar voru orðnir einir 78 menn. Það er víst enginn læknir þar nú að vísu, en það var látið vera áfram í lögum, þangað til mennirnir, sem hann átti að lækna, voru orðnir þetta margir. Og eftir að búið er að athuga þetta þrennt, þá komi málið aftur fyrir Alþingi á komandi hausti.

Þetta er það, sem felst í minni rökstuddu dagskrá, og ég sé ekki, að það yrði komið skynsemi í þetta á annan hátt. Það er auðsýnilegt, að verði frv. samþykkt, þá verður leiðin þessi: Það koma læknar í þessi héruð. Svo eftir eitt ár eða svo er kominn spítali. Þá kemur aukalæknir á Blönduós, af því að þar er kominn spítali. Eftir tvö, þrjú, fjögur ár er kominn spítali á Selfossi. Þá kemur læknir þar við hann, nýr læknir. Samtíða sitja hinir við hliðina á honum, kyrrir í sínum embættum. Og eina leiðin þess vegna til þess að geta komið í þetta skynsamlegu viti frá þeirra sjónarmiði, sem vilja hugsa eitthvað um heildina og sjá fram á það, að með þessu, sem nú er stefnt út í, verður bara áframhaldandi fjölgun á embættismönnum og útgjöldum, án þess að nokkur þörf sé á því, er að samþykkja mína rökstuddu dagskrá og athuga, hvort ríkisstj. getur ekki reynt að koma einhverju viti í það fyrir næsta þing.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson)**: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft málið til athugunar á milli umræðna. Það vaktist upp í n., að niður hefur fallið lítið atriði úr 2. gr., og vil ég fyrir hönd n. leggja fram skriflega brtt. til þess að kippa því í lag. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. Á eftir 2. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi: Patreksfjarðarhérað: íbúar á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi til Flateyjar."

Þetta er ekki veruleg efnisbreyting. Þetta skýrir sig sjálft, og fjölyrði ég ekki um það frekar, en mun biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir tillögunni.

Út af brtt. frá hv. 1. þm. N-M. um, að Loðmundarfjarðarhreppur færist milli héraða og tilheyri Seyðisfjarðarhéraði, skal ég taka það fram, að heilbr.- og félmn. mælir með þessari brtt. Hér er um alveg hliðstætt atriði að ræða og færslu Barðastrandarhrepps og Svalbarðsstrandarhrepps.

Út af dagskrártill. frá sama hv. þm. vil ég segja þetta: Í framsögu gerði ég grein fyrir áliti n. og afstöðu hennar til frv. í heild. Ég vil fyrst og fremst vísa til þess, en þó árétta þetta: Frv. er ekki gerbreyting á læknaskipuninni. Það inniheldur kannske fyrst og fremst nauðsynlegar leiðréttingar, m. a. þá, er hagstofan fór fram á að gerð væri. Einnig felst í frv. að færa saman í ein lög þau ákvæði, er áður voru dreifð í mörgum stöðum. Það má segja, að þetta sé fyrst og fremst tilgangur frv., en auk þess felast svo í því ákvæði um myndun nýrra læknishéraða, eins og dm. hafa sjálfsagt gert sér ljóst. Heilbr.- og félmn. hefur litið svo á, að full þörf væri á þeim breyt., og hefur mælt með þeim.

Það má vel vera, — ég skal ekki bera á móti því, — að þörf sé ýtarlegrar endurskoðunar á læknaskipuninni í heild, og hef ég áður tekið það fram. En það er bara önnur saga. Og heilbr.- og félmn. telur ekki ástæðu til að láta þær lagfæringar, er í frv. felast, bíða eftir þeirri endurskoðun.

Ég segi þetta ekki síst með hliðsjón af afköstum þeirra n., er skipaðar hafa verið til að vinna að þessum málum undanfarið. Þau hafa ekki verið slík, sýnist mér, að rétt sé að láta þær lagfæringar, sem um ræðir í þessu frv., bíða eftir ýtarlegri endurskoðun læknaskipunarlaganna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að sinni. Heilbr.- og félmn. mælir sem sagt gegn því, að dagskráin verði samþ., en leggur til, að frv. nái fram að ganga með þessum tveimur breytingum, er ég nú hef vikið að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 206) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Lárus Jóhannesson**: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. talaði um það í ræðu sinni, að hann teldi, að þar sem sjúkrahús væru, ættu að vera tveir læknar a. m. k., og get ég fallizt á, að það sé nauðsynlegt af öryggisástæðum. Þess vegna kom það mér dálítið á óvart, þegar sá sami hv. þm. ber fram brtt. á þskj. 193 þess efnis, að Loðmundarfjarðarhreppur verði lagður undir Seyðisfjarðarlæknishérað eða látinn haldast þar.

Á Seyðisfirði er eitt stærsta sjúkrahús á Austurlandi, þar sem fara fram m. a. miklar skurðaðgerðir, og er sótt ekki einungis af Austfirðingum, heldur er þar oft fjölmenni erlendra sjómanna, sem skip koma með veika þangað. Þar er aðeins einn læknir, og ég tel það alveg óforsvaranlegt, eftir að læknir er kominn í Bakka-

gerðishérað, að Seyðisfjarðarlækninum beri skylda til að fara frá sjúkrahúsinu, kannske að vetrarlagi, til Loðmundarfjarðar, þegar það munar íbúana þar mjög litlu, hvort þeir sækja lækni til Seyðisfjarðar eða í Bakkagerðishérað. Og það kom mér enn þá meira á óvart, að n. skyldi mæla með þessari till., sem ég hlýt að álíta að sé ekki að fullkomlega hugsuðu máli.

Aftur á móti get ég vel fallizt á og tel rétt, að 2. liður brtt. hv. 1. þm. N-M. verði samþykktur, sem tekur alveg skylduna af Seyðisfjarðarlækni til þess að fara til Loðmundarfjarðar í lækniserindum.

Loðmundarfjörður hefur áður legið undir Seyðisfjarðarlæknishéraði, en þá er þess að gæta, að þá var læknaskipun allt öðruvísi hagað fyrir austan, a. m. k. í framkvæmd. Þá var ekki læknir í Bakkagerðishéraði og stundum ekki í Úthéraði, en eftir að læknir er kominn í Bakkagerðishérað, finnst mér alveg sjálfsagt, eins og gert er í frv., að létta þessari skyldu af Seyðisfjarðarlækni. Ég leyfi mér því að skora á hv. dm. að fella fyrri lið brtt. hv. 1. þm. N-M., en samþ. seinni liðinn.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég ljósa grein fyrir því, að það væri ofvaxið einum manni að gegna héraðslæknisembættinu á Akureyri, eins fjölmennt og erfitt og læknishéraðið er, og bar fram till. um að létta að nokkru störfum af honum. En ég mun hafa talað fyrir daufum eyrum, því að þessi till. var felld. Ég gat þess þá, að yrði þessi till. mín felld, þá mundi ég mjög taka það til athugunar að bera fram till. við 3. umr. um það að skipta þessu erfiðasta og fjölmennasta læknishéraði landsins í tvö læknishéruð. Ég hef ekki gert þetta og ætla ekki að gera það að þessu sinni. Og það er í trausti þess, að heilbrigðisstjórnin muni sjá svo um samkv. 5. gr. frv., að séð verði fyrir aðstoðarmanni héraðslæknisins á Akureyri. Það er í trausti þess, að ég ber ekki fram brtt. nú. En vitanlega, verði misbrestur á því, að þar verði séð fyrir aðstoðarlækni, a. m. k. tíma úr árinu, er það auðvitað mál, að krafa kemur fram um að skipta héraðinu og hafa þar tvo lækna.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 203 felld með 10:1 atkv.

Brtt. 193,1 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IngF, KK, PZ, VH, BSt, BrB, HermJ, GíslJ.

**nei:** JK, LJóh, SÓÓ, AE, BBen, FRV.

3 þm. (JJós, GÍG, HG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Páll Zóphóníasson:** Ég vil bara leiðrétta það hjá hv. þm. Seyðf., að Loðmundarfjarðarhreppur hefur alltaf heyrt undir læknisumdæmi Seyðisfjarðar, eins eftir að læknir kom í Borgarfjörð. Ég segi já.

**Vilhjálmur Hjálmarsson:** Loðmundarfjörður hefur alltaf fylgt Seyðisfjarðarhéraði. Allar leiðir Loðmfirðinga liggja til Seyðisfjarðar. Þar er aðeins um þrjá bæi að ræða, og mundi þjónustan því ekki íþyngja lækninum verulega. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 206 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 193,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 207).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 52. og 54. fundi í Nd., 24. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 207, n. 391, 239, 409, 414, 426).

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Eins og nál. frá heilbr.- og félmn. sýnir, þá hafði n. kosið sér frsm. í þessu máli, hv. 2. þm. Rang. (HelgJ), en hann hefur verið fjarverandi nokkra daga sökum lasleika og getur af þeim ástæðum ekki komið á þennan fund, svo að ég vil leyfa mér í forföllum hans að gera með örfáum orðum grein fyrir afstöðu n. til málsins.

Með frv. þessu, sem er flutt af hæstv. ríkisstj. og undirbúið af landlækni, er stefnt að því að færa í eina heild ákvæði læknaskipunarlaganna, en á þeirri löggjöf hafa verið gerðar nokkrar breytingar á undanförnum árum.

Segja má, að í þessu efni hafi komið fram aðallega tvær stefnur: önnur sú, að læknishéruðin ættu að vera stór og að tveir eða jafnvel fleiri læknar störfuðu saman, þar sem greiðar eru samgöngur og í stórum héruðum; hin stefnan hefur verið sú að skipta læknishéruðum, eftir því sem kaupstaðir hafa stækkað og fjölmenni aukizt, og miðað við það, að einn læknir væri starfandi í hverju héraði.

Í þessu frv. er engin stórvægileg breyting gerð á þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu í þessum efnum. Eins og ég tók fram, þá er það megintilgangur frv. að fella í eina heild þau ákvæði, sem samþ. hafa verið að undanförnu um skipun læknishéraða. Áður hafa t. d. verið sett sérstök lög um Höfðahérað í Húnavatnssýslu, og á þingi í fyrra var enn fremur ákveðið að skipta Egilsstaðahéraði, svo að þar sætu tveir læknar á sama stað. Þessar breytingar eru felldar inn í frv., sem hér liggur fyrir.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að fella niður tvö héruð, sem áður hafa staðið í lögum, þ. e. Hesteyrarhérað, sem hefur ekki verið skipað nú um sinn vegna fámennis þar í byggðarlaginu, og Borðeyrarhérað, sem lögfest var fyrir nokkrum árum, en hefur aldrei verið skipað.

Það lagaákvæði hefur aldrei verið framkvæmt, og nú er gert ráð fyrir að fella það niður.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því, að Hvolshéraði, þ. e. a. s. Rangárvallasýslu, verði eftirleiðis skipt í tvö héruð. Eins og frv. er, þá á það að vera Hvolshérað og Helluhérað. Og enn fremur er gert ráð fyrir því, að Kópavogshreppur, sem er orðinn fjölmenn byggð, eins og kunnugt er, verði sérstakt læknishérað með læknissetri í Kópavogi.

Á nokkrum stöðum á landinu hefur hagað svo til, að hreppar hafa skipzt á milli læknishéraða, en í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sú breyting verði gerð, að hreppar í heild fylgi einu og sama læknishéraði, en það geti ekki átt sér stað, að hreppshluti teljist til annars læknishéraðs en meginhluti hreppsins. Þessi breyting er gerð ekki sízt vegna eindreginna óska frá hagstofunni, og stendur það í sambandi við skýrslugerðir og þá spjaldskrá, sem hagstofan vinnur að og á að veita stuðning um skýrslugerðir á ýmsum sviðum, bæði gagnvart læknisþjónustunni og í fleiri greinum. En til þess að íbúar þeirra hreppshluta, sem hér eru aðilar að, njóti ekki óhagræðis af þessari breytingu, þá fjallar 2. gr. frv. um það, að þeir hreppshlutar, sem þannig er ástatt um, eigi jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu úr nágrannalæknishéraði.

N. hefur fallizt á að mæla með frv., en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða greiða atkvæði með brtt., sem fram kæmu. En n. ber fram á þskj. 391 tvær brtt., sem ekki raska efni frv. á neinn hátt. Önnur er sú að bæta ákvæði við 2. gr., þar sem miðað er að því að gera það ótvírætt, að þeir íbúar, sem þurfa að sækja læknisþjónustu til annars læknishéraðs en þess, sem þeir eru taldir til, eigi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til hverju sinni. Hin brtt., sem n. flytur, er við 12. gr. og fjallar um gildistöku frv., þannig að lögin öðlist gildi 1. janúar 1956, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að gildistakan hefði orðið 1. janúar 1955, en að dómi þeirra manna, sem framkvæmd hafa á hendi í þessu efni, er það að miklum mun eðlilegra og auðveldara í framkvæmd, að lögin taki gildi um áramót.

Ég sé, að fram eru komnar nokkrar brtt. við frv. frá einstökum þm. Það er brtt. á þskj. 239 frá hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) og brtt. á þskj. 409 frá hv. 1. þm. S-M. (EystJ), enn fremur brtt. á þskj. 414 frá hv. 7. þm. Reykv. (GTh), og loks hefur verið útbýtt nú í dag, rétt áður en þessi fundur hófst, brtt. á þskj. 426 frá hv. 2. þm. Rang. (HelgJ).

Ég vildi nú mælast til þess og beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta, að hann vildi fresta þessari umr., þ. e. a. s. ljúka henni ekki, heldur gefa heilbr.- og félmn. tækifæri til þess að athuga þessar till., sem fram eru komnar, á fundi, áður en þær koma undir atkvæði eftir þessa umr., og enn fremur vil ég geta þess, að ein af þessum brtt. er flutt af hv. 2. þm. Rang. (HelgJ), sem er forfallaður nú sökum lasleika, en óskar þess mjög að geta mælt fyrir þessari brtt., áður en 2. umr. lýkur.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til leiðbeininga fyrir hv. heilbr.- og félmn., þegar hún tekur málið að nýju til athugunar, og um þær brtt., sem þegar eru komnar fram.

Ég er samþykkur hv. frsm. (PÞ), að ég tel eðlilegt, að n. taki þetta mál til athugunar á ný vegna þeirra nýju brtt., sem fram eru komnar, en ég vil nú bera þá ósk fram til form. n., að það dragist ekki í marga daga eða vikur, að málið komi aftur til umræðu.

Hér hefur n. skilað áliti um frv. sameiginlega, og er ég ánægður með það. Þær litlu breyt., sem hér eru, eru ekki til þess að ræða um, og ég tel eðlilegt, að gildistaka þessara laga sé miðuð við áramót, þar sem ráðgert er að stofna tvö læknishéruð og ekki er á fjárl. í þetta sinn neitt til þess að standa undir þeim kostnaði. Ég er því efnislega samþykkur þessum tveimur till., sem koma fram hjá heilbr.- og félmn. á þskj. 391.

Hitt er kannske aukaatriði, það sem segir hér í nál., þótt það sé ekki alls kostar rétt, að sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafi verið á einu máli um það, að læknarnir búi báðir á Stórólfshvoli, enda þótt annað héraðið sé vestan Eystri-Rangár. Þetta er náttúrlega ekki rétt, og ef hv. 2. þm. Rang. (HelgJ) væri hér í d., þá mundi ég segja fleira um það, en vonandi verður hann nú það friskur, að hann geti verið við umræðuna, þegar málið kemur aftur til umr. Sýslunefnd Rangárvallasýslu var klofin í þessu máli, — það er bezt að segja það alveg eins og það er, — og fólkið í hinu nýja héraði, væntanlegu Helluhéraði, vill hafa læknirinn í héraðinu. Það vill ekki þurfa að sækja lækni áfram austur að Stórólfshvoli, eftir að búið er að stofna nýtt læknishérað, og það vill spara sér þann kostnað, sem því fylgir að fara 20 km lengri leið en þörf er á.

Hér í nál. er minnzt á Egilsstaðahérað, að fólkið þar hafi óskað eftir að hafa læknana saman. Það er dálitið öðru máli að gegna þar. Þetta er austur á landi. Þaðan er langt til Reykjavíkur, og þar er sameiginlegt sjúkrahús fyrir bæði héruðin á Egilsstöðum. Á Suðurlandi er gert ráð fyrir að byggja sjúkrahús á Selfossi, og ég hef engan heyrt minnast á það, að það yrðu væntanlega byggð tvö sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu nú á næstunni. Sú forsenda og þau rök, sem færð eru fyrir því, að læknarnir séu saman á Egilsstöðum, er ekki fyrir hendi hér. Og ég vil upplýsa það, að ef hv. Alþ. vill verða við vilja fólksins í Rangárvallasýslu, þá er hann sá, að læknarnir séu hvor í sínu héraði.

Ég hef nú dregið það lengi að ræða um þessi læknaskipunarmál í Rangárvallasýslu, og ég ætla ekkert að geta um orsakirnar að því hér, en á s. l. vori kom almenn áskorun til okkar þm. Rang. um það að sjá um, að á yfirstandandi þingi yrði héraðinu skipt og að læknirinn væri búsettur á svæðinu milli Eystri-Rangár og Þjórsár, eða í hinu nýja héraði, og hann getur þá hvergi verið betur settur en á Hellu. Það fóru fram undirskriftir á s. l. vori í sambandi við hreppsnefndarkosningarnar, og þessi

blöð eru, held ég, í töskunni minni, og hv. n. getur fengið að sjá þau, ef hún vill. Þetta er aðeins til þess að undirstrika það, að það er vilji fólksins að hafa lækninn sem næst sér, og ætla ég ekki að eyða fleiri orðum að því í bili.

Hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) hefur sett fram tillögu á þskj. 239. Ég sé ekkert athugavert við, þótt hún sé samþykkt, frekar en t. d. tillagan um Raufarhöfn og frekar en Staðarhérað á Snæfellsnesi. Þetta er að vísu í heimildarformi, og það verða ekki skipaðir læknar í þessi héruð, nema því aðeins að þeir lýsi því yfir, að þeir vilji vera þar, og sennilega sækja læknar ekki um það, nema því aðeins að þeir af einhverjum ástæðum vilji vera þar. Staðarhérað á Snæfellsnesi hefur verið í lögum s. l. 10 ár, en það hefur aldrei verið skipaður læknir í það, vegna þess að íbúarnir þar hafa ekki talið sig hafa ástæðu til þess, hvorki að byggja læknisbústað né eiga þátt í því að fá lækni þangað. Og þar sem hér er aðeins um heimild að ræða í sambandi við till. hv. þm. V-Ísf., þá sé ég ekki neina ástæðu til þess að snúast gegn henni.

Till. á þskj. 409 frá hæstv. fjmrh. er ekkert í þá átt að stofna nýtt hérað, heldur til samræmis, sem hæstv. ráðh. mun gefa nánari skýringu á.

Um till. á þskj. 426 ætla ég ekki að ræða frekar að þessu sinni, en vænti þess, að n. hafi fengið nokkrar skýringar í sambandi við hana.

Hér er till. á þskj. 414 frá hv. borgarstjóra, 7. þm. Reykv. (GTh), um það, að borgarlæknirinn í Reykjavík fái laun úr bæjarsjóði, en ríkissjóður endurgreiði helming launanna og annist kostnað við embættið eftir úrskurði rn. Það er sjálfsagt, að n. taki þessa till. einnig til athugunar, hvort samkomulag geti orðið um, að þetta sé tekið inn, og ætla ég þá ekki að segja meira um það að þessu sinni. En ég endurtek ósk mína til hv. form., að hann reyni að láta frv. koma áður en langur tími líður.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég á brtt. á þskj. 409, sem ég mun skýra með fáeinum orðum.

Búðahérað er núna Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur, og læknissetrið er að Búðum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að breyta þannig til, að Búðahérað verði Fáskrúðsfjarðarhreppur allur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Þetta er ekki hentugt; þvert á móti afar óhentugt, vegna þess að hluti af Fáskrúðsfjarðarhreppi, sem liggur sunnan Reyðarfjarðar, er gersamlega slitinn frá öðrum byggðum Fáskrúðsfjarðarhrepps, og er þar örðugur fjallgarður á milli. Það mundi því ekki geta komið til mála að ætla læknisþjónustu í þann hluta hreppsins frá Búðum, heldur verður sú læknisþjónusta að koma frá Eskifirði, enda er þessi hluti hreppsins nú hluti af Eskifjarðarhéraði.

Það er aðeins ein ástæða færð fyrir því að breyta þessu, og hún er sú, að það sé hentugra vegna heilbrigðisskýrslna að hafa ævinlega hreppana óklofna í sama læknishéraði. Mér finnst, að það hljóti jafnan að ráða læknaskipuninni, hvað hentugast er fyrir fólkið og eðlilegast vegna læknisþjónustunnar, en svo megi haga skýrslugerðinni samt sem áður þannig, að heilbrigðisskýrslur fyrir þennan hluta Fáskrúðsfjarðarhrepps, sem yrði þá áfram í Eskifjarðarlæknishéraði, yrðu sameinaðar heilbrigðisskýrslum úr Búðalæknishéraði, og þetta hlýtur að vera afar auðvelt. Að vísu er þannig til orða tekið í frv., að þar sem svona stendur á, eigi íbúarnir í þeim hluta Fáskrúðsfjarðarhrepps, sem á nú að færa inn í Búðalæknishérað, að hafa að jöfnu tilkall til læknisþjónustu úr báðum læknishéruðunum. Það er ákvæði um þetta í frv. En samt sem áður óttast ég, að þetta valdi ruglingi, og íbúarnir eru ekki alveg geiglausir um það á þessu svæði, að ef þeir eru komnir yfir í Búðalæknishérað og búið að flytja þá úr Eskifjarðarlæknishéraði, þá verði það ekki talið jafneðlilegt og sjálfsagt fyrir Eskifjarðarlækni að sinna öllum þeirra læknisstörfum eins og verið hefur.

Mér finnst þess vegna, að það sé hægt að fara þessa millileið, sem hér er stungið upp á, að lofa þessu læknishéraði að haldast eins og það hefur verið, en ákveða, að skýrslurnar, sem snerta læknisþjónustuna í suðurhluta Reyðarfjarðar, skuli sendar héraðslækninum í Búðahéraði og sameinaðar skýrslum úr þeim hreppi.

Ég vildi því vonast til þess, að hv. þingdeild og hv. n. gætu fallizt á að samþykkja þessa breytingu.

**Eiríkur Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 239 við frv. til læknaskipunarlaga, sem fyrir liggur til umræðu. Hún er í því fólgin, að Súgandafjörður verði sjálfstætt læknishérað. Áður hefur hann heyrt undir Flateyrarhérað. Er þetta svipuð breyting, að því er mér virðist, og margar þær breytingar, sem þegar hafa átt sér stað, og svipuð réttindi, sem þarf að gera þar, eins og á allmörgum héruðum víðs vegar um landið. Ég var ekki viðstaddur, þegar þetta frv. fór í gegnum 1. umr., og gat þess vegna ekki talað fyrir till. Ég bjóst þó við, að till. mundi mæta skilningi n., þegar hún fjallaði um málið, en mér virðist nú, að einhvern veginn hafi verið gengið fram hjá henni. En ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir það, að hann mælir með till., og jafnhliða skilst mér á frsm. n., að hann telji, að n. muni sjá ástæðu til að taka hana til athugunar, þegar n. íhugar betur frv. í heild og till., sem fyrir liggja.

Eins og hv. dm. vita sjálfsagt, þá er Suðureyri afskekkt hérað, fjöllum lukt á þrjá vegu og útsæ á fjórða veg. Það er því oft og einatt á vetrum, þegar vont er veður, algerlega ómögulegt fyrir þessa menn að nálgast lækni. Á Suðureyri er bátaútvegur í einna bezta ástandi, sem er á Vestfjörðum. Þar er duglegt, þróttmikið fólk, sem hyggst lifa þarna á sinni framleiðslu, á sjávarútvegi, og einmitt það gefur ástæðu til að vinna að málinu á þennan hátt, því að oft er óþægilegt, þegar menn koma t. d. slasaðir að landi af sjó, ef ekki er hægt að ná undireins til læknis. Þetta veit ég að hv. dm. og hv. n. hlýtur að vera og verða ljóst, þegar málavextir eru athugaðir.

Ég vil ekki vera að telja upp hér einstök héruð, sem líkt stendur á um og eru búin að fá réttindi til læknissetra. En þess má geta, að það eru t. d. þrjú læknishéruð við Ísafjarðardjúp og það eru læknishéruð víðs vegar með Breiðafirði, sunnan, austan og norðan. Í Suðureyrarhéraði yrðu um 350 búsettir menn, og á vetrum hefur safnazt nokkurt fólk að bátaútveginum, og þá hygg ég, að það komist á fimmta hundrað manns. Ég tel, að vel megi stofna læknishérað um þennan fjölda manna, þar sem launakjör og aðstæður lækna eru orðin mjög breytt frá því, sem áður var, og þeir ættu að geta haft sæmilega lífsafkomu af því að vera þar. Og ekki sízt er ástæða til, finnst manni, að nýútskrifaðir læknar gefi kost á sér til að vinna skylduverk í þessu héraði, eins og l. um læknaskipan gera ráð fyrir að þeir geri.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Helgi Jónasson):** Herra forseti. Ég var ekki við hér, þegar umr. hófst hér fyrir nokkrum dögum, og veit ekki, hvað það hefur verið rætt þá hér, en ég býst við því, að hv. formaður n. hafi lýst frv., sem hér liggur fyrir, ýtarlega, svo að ég þurfi ekki neitt að fara út í það, a. m. k. ekki nákvæmlega.

Í þessu frv. til læknaskipunarlaga, sem hér er til umr., eru ekki margar nýjungar. Það er aðallega til þess að samræma lög eða breytingar, sem gerðar hafa verið á læknaskipun s. l. 8 eða 10 ár, að þeim er steypt í eina heildarlöggjöf í þessu frv.

Ýmsir hefðu búizt við því, eins og nú standa sakir, að komið hefði fram frv. um þetta efni dálítið öðruvísi en þetta frv. er, því að það er vitað mál, að á undanförnum árum hefur raunverulega verið unnið að því að breyta læknaskipuninni þannig að gera héruðin fleiri, fjölga þeim, og þannig fækka þeim íbúum, sem í þeim eru. Alþ. virðist hafa haft þá skoðun, að aðalráðið til þess að bæta læknisþjónustuna væri að hafa héruðin mörg og fámenn. Um þetta er mikið deilt, og ég held, að það megi fullyrða það, að allir þeir, sem um þessi mál hugsa og hafa þekkingu á þeim, telja, að það sé ekki allt fengið með því að hafa héruðin fá og smá. Reynslan hefur orðið sú víða, að það hefur ekki gefizt vel, og því lengi verið erfitt að fá lækna í þessi fámennu og litlu héruð. Þau hafa staðið auð, óskipuð, svo að segja alltaf, nema þegar læknar hafa fengizt þangað á hlaupum öðru hverju, sérstaklega að sumarlagi, enda er það eðlilegt, því að það er vitað mál, að menn eins og læknar, sem eru búnir að eyða 10—12 árum í sérmenntun, geta ekki unað við það að vera settir niður í héruð, þar sem eru kannske 200—300 manns eða svo í hverju héraði.

En vitanlega er það svo hjá okkur hér, að landfræðilega séð er sums staðar svo háttað, að héruðin verða að vera smá og fámenn, eins og t. d. í Flatey á Breiðafirði og í Borgarfirði eystra og e. t. v. víðar. En þar sem þess er ekki þörf, af því að nú er mikið bætt um samgöngur og annað, þá held ég, að það sé mikil fásinna að vera að skipta héruðunum niður í fleiri og fleiri héruð og fámennari. Landlæknir, sem leggur þetta frv. fram eða hefur undirbúið það, minnist líka á það í sinni grg. fyrir frv., að hann telur það ekki heppilegt, að héruðin séu svona fámenn, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp kafla úr hans grg. fyrir frv., sem lá hér fyrir Alþ. á s. l. þingi. Hann segir svo:

„Að vísu má deila um grundvöll íslenzkrar læknishéraðaskipunar, sem mjög einhliða er miðuð við það, að landsmenn eigi sem jafngreiðast til læknis að sækja, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir, en það hefur aftur leitt til þess, að hér er ætlazt til, að læknar séu unnvörpum kúldaðir í svo fámennum læknishéruðum og við svo takmarkað verksvið, að þess eru engin dæmi í nálægum löndum og víst ekki annars staðar í veröldinni. Út af fyrir sig er slíkur jöfnuður góðra gjalda verður og sízt ástæða til þess að telja hann eftir, úr því að þjóðin telur sig hafa ráð á að standa undir kostnaði af honum. En honum fylgja óneitanlega annmarkar, svo að hætt er við, að í reynd verði hann öllu meiri í orði en á borði. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hverjum erfiðleikum er bundið að skipa hin fámennustu læknishéruð, og því kann svo að fara, þegar læknishéraði, sem þykir fullvíðáttumikið, er í þessum lofsverða tilgangi skipt í tvö héruð eða fleiri, að það eitt vinnst, að misst sé af einum dugandi lækni, sem annars mætti hemja í þeim byggðum til nokkurrar frambúðar, og í staðinn komi tvö eða fleiri læknislaus héruð eða í bezta lagi skrykkjótt og ófullkomin hlaupaþjónusta þeirra, sem þá er vísust til að bregðast, er sízt skyldi. Í þessu sambandi er og aðgætandi, að þó að læknir staðfestist í afskekktri byggð, gegnir allt öðru máli um hann en rammbyggða brú yfir vatnsfall í þeirri sömu byggð. Brúin heldur fullu gildi og svarar tilgangi sínum, á meðan hún hangir ein uppi og einn maður er eftir til að staulast eftir henni. Lækninum er miklu fremur hægt að líkja við viðkvæma vél, sem hætt er við að ryðgi sundur og grotni niður, ef hún er löngum og löngum ekki hreyfð, unz undir hælinn er lagt, að hún fáist í gang, þegar endrum og eins, en þá e. t. v. í miklum vanda, þarf til hennar að taka."

Þetta er hans álit á þessum fámennu héruðum. Þó leggur hann ekki til hér í þessu frv., að þessu verði breytt. Hann ber það fyrir sig, að vilji Alþ. í þessu máli og vilji fólksins sé slíkur, að það sé ekki fært að fara fram á slíkt að svo komnu máli. Þetta held ég að sé nú ekki rétt. Ég býst við því, að flestir, sem um þessi mál hugsa, telji það alveg höfuðnauðsyn, að hér verði að farið eins og annars staðar í öðrum menningarlöndum, að það verði komið á stórum og nokkuð fjölmennum héruðum, það ætti að koma upp svokölluðum læknismiðstöðvum í hverju héraði og það verði byggð þjónustan á því frekar en eins og nú er orðið

hér hjá okkur, enda er nú svo fyrir að þakka, — við vitum það, — að hér eru komnar svo góðar samgöngur á víðast hvar á landinu, að þessu mætti mikið breyta í þetta horf, ef það yrði undirbúið vel og gaumgæfilega. Með því mundi fást miklu betri læknisþjónusta en hún er nú hjá læknunum, enda segir landlæknir það líka í sinni grg., að hann sé á þeirri skoðun, að það muni vera heppilegra að hafa héruðin stór og nokkuð fjölmenn, og telur, að með því mundi fást betri læknisþjónusta.

Alþ. hefur á undanförnum árum nær eingöngu unnið að því að kljúfa niður héruðin, hafa þau mörg og smá, og þannig er það nú komið t. d., að hér hafa verið í lögum læknishéruð núna s. l. 12 ár eða a. m. k. 10 ár, sem aldrei hefur verið skipaður læknir í, og á ég þar við Staðarhérað á Snæfellsnesi og Borðeyrarhérað í Hrútafirði. Það voru sett l. um það 1945, að þau skyldu gerð að sérstökum læknishéruðum. Í þau hefur aldrei verið skipaður læknir, og annað er ekki nefnt hér meira, en Staðarhérað er komið á eins konar biðlista, sem á að veita, ef svo sýnist og fólkið óskar eftir því. Og þetta er alveg að vonum, því að það er sú reynsla hér hjá okkur, að í þessum fámennu læknishéruðum er þjónustan léleg og fæst ekki nema með höppum og glöppum.

Ég get sagt hér sögu, sem gengur hér um bæinn meðal lækna og læknanema, að nú fyrir skömmu var skipaður t. d. læknir í Flatey á Breiðafirði. Hann dvaldist þar í 6 vikur, og hann var í próflestri, svo að það kom sér vel, að það var ekki leitað til hans nema í tvö skipti. Það komu tveir menn að leita til hans á 6 vikum. Og hvernig haldið þið nú, góðir alþm., að unnt sé að kviksetja unga lækna í svona héruðum? Það er ekki hægt. Þeir missa alveg allan áhuga fyrir sínu starfi og lenda oft og einatt sjálfir í að verða sjúkir fyrir aldur fram, það er sú sorglega reynsla, því að þeir menn, sem lesa læknisfræðina núna á þessum tímum, verða að leggja á sig mikla vinnu og mikið erfiði og þeir verða að halda því áfram, ef þeir eiga ekki að ryðga og grotna niður.

Alls staðar hjá okkar nágrannalöndum hefur verið komið á fót stórum læknismiðstöðvum í hverju héraði, fjölmennum og stórum, og ég held líka, að hér hjá okkur sé það vilji hjá almenningi, þar sem hann skilji þetta. Fólkið vill hafa nokkuð stór svæði og eina læknismiðstöð í hverju héraði, þar sem eru samtímis eða á sama stað tveir eða fleiri læknar. Það telur, að með því hafi það betri aðstöðu til að ná til læknisins, þar sem tveir eða fleiri eru á sama stað, og annað líka: Almenningur heldur því fram, að betur sjái augu en auga og það sé meiri trygging fyrir því, að þjónustan verði betri og eins að hægt sé að gera fleiri aðgerðir, ef læknarnir eru tveir, sem vinna saman á sama stað, heldur en ef um einn mann er að ræða. Þetta er alveg eðlilegt og skiljanlegur hlutur, og ég veit það, að þess verður ekki langt að bíða, að hér verði gerð heilbrigðari skipun á læknaskipuninni og hún færð í þetta horf, þar sem það er hægt. Það mun að vísu alltaf verða eitt og eitt lítið hérað, sem er afskekkt og landfræðilega séð ekki hægt að miða samgöngur við. En núna, eins og komið er víðast á landinu, er enginn vafi á því, að á næstu árum verður unnið að því að koma læknaskipuninni í þetta horf, sem hún á að vera í. Og m. a. er núna, eins og við vitum, mikið talað hér um heilsuverndarstöðvar. Þær eru komnar á í mörgum kaupstöðum landsins, og væntanlega koma þær bráðlega einnig í sveitahéruðin. Og þá skilja allir menn, að ekki er hægt að reka slíkar stöðvar í mjög miklu fámenni; það er ekki unnt að standa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir, það verður að vera nokkuð margt fólk, sem stendur um hverja heilsuverndarstöð, og það verður vitanlega að vera læknir, sem getur alltaf verið til staðar við hverja stöð, a. m. k. vissan tíma á dag, og það sjá allir, hvað það er erfitt, ef um einn lækni er að ræða í einu héraði; hann getur aldrei verið viss um að geta mætt á vissum tíma, þó að hann hafi ásett sér eða vilji gera það. Það er miklu frekar, ef þeir eru tveir eða fleiri. Þá geta þeir alltaf haft vissa tíma á hverjum degi, sem þeir geta helgað sig þessum störfum, sem á að vinna á heilsuverndarstöðvunum, og er þetta miklu auðveldara í framkvæmd en ella yrði, ef einn lækni væri um að ræða.

Það hafa því orðið vonbrigði fyrir mig, að landlæknir skyldi ekki undirbúa frv. á þann veg, sem hlýtur að leiða að núna á næstu árum. N. sá sér ekki fært að gera slíkt, því að það þarf langan og nákvæman undirbúning að slíku frv. Ef á að gerbreyta læknaskipun landsins, þá tekur það náttúrlega langan tíma að undirbúa það, og það þarf að gera með mikilli nákvæmni og miklum undirbúningi.

Enn þá virðist Alþ. vera á sömu skoðun og áður að fjölga héruðunum, því að nú á þessu þingi hefur verið fjölgað hér í þessu frv., frá því að það var lagt fyrir þingið, um a. m. k. eitt hérað eða jafnvel tvö fram yfir það, sem gert var ráð fyrir í frv. Og hér er brtt. um fleiri slík héruð, og verður það náttúrlega svo að vera, meðan ekki er gerð gagngerð breyting á þessum málum, sem ég hygg að hljóti að koma nú alveg á næstu árum, því að annað er ekki fært, ef við eigum að halda uppi þeirri þjónustu, sem nútíminn krefur og fólkið krefst að fá.

Ég skal svo ekki hafa orð mín fleiri um frv. almennt, en snúa mér að þeim brtt., sem liggja hér fyrir við frv. við 2. umr. og n. tók til athugunar á fundi, sem hún hélt núna á þriðjudaginn var, og segja álit n. á þessum brtt.

Þá er fyrst brtt. á þskj. 239 frá hv. þm. V-Ísf. (EirÞ), þar sem hann leggur til, að það verði stofnað nýtt hérað, Suðureyrarhérað, — Suðureyri er þorp með ekki meira en eitthvað rúmlega 300 manns, að mér skilst, — og taka það úr Flateyrarhéraði, sem er nú ekki með nema eitthvað um þúsund manns í héraðinu öllu, svo að þarna koma tvö héruð með 600 og 300 manns, eða rúmlega það. En það á að fara á þennan biðlista, svo að það er ekki víst, að það verði skipað í það strax. Ég býst við, að

það sé tilgangurinn með því. N. eða meiri hl. hennar féllst á það eða var ekki á móti því, að þetta yrði tekið inn og sett á eins konar biðlista eins og Staðarhérað og Raufarhafnarhérað.

Þá er hér líka brtt. á þskj. 409 frá hv. 1. þm. S-M. (EystJ), sem er um það að hafa óbreytt eins og það var áður með Eskifjarðarhérað og Búðahérað. En í frv. er gert ráð fyrir því, að einn hreppur, suðurbyggð Reyðarfjarðar, fari yfir í Eskifjarðarhérað, sem er hluti úr Fáskrúðsfjarðarhreppi. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið unnið að því að samræma það þannig, að hrepparnir yrðu ekki klofnir, að það yrði enginn einn hreppur í tveimur héruðum, að það yrði alltaf heill hreppur, sem fylgdi héruðunum, en ekki hálfur, eins og áður tíðkaðist, og er það gert vegna hagstofunnar, hún telur það mikil þægindi fyrir sig að geta fengið hreppana í heilu lagi, en ekki klofna, eins og áður var, út af spjaldskrá og manntali og öðru slíku.

Hv. flm. ætlar nú að athuga þessa till. sína nánar. Ég veit ekki, hvað líður þeirri athugun hjá honum, en n. var heldur á móti því, að hún yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, og er það vegna tilmæla hagstofunnar.

Þá er hér till. á þskj. 414 frá hv. 7. þm. Reykv. (GTh), — ég veit að vísu ekki, hvort það er búið að tala fyrir henni enn þá, mér er það ekki ljóst, — þar sem hann fer fram á það, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við borgarlæknisembættið í Reykjavík. Það er nú ekki langt síðan þessar breytingar voru gerðar með þetta embætti. Áður var hér héraðslæknir Reykjavíkur, skipaður á sama hátt og aðrir héraðslæknar landsins, en ég held, að það hafi verið árið 1949, að þessu var breytt. Þá fór bæjarstjórn Reykjavíkur fram á það, að hún fengi sérstakan borgarlækni, sem bæjarstjórnin réði sjálf og kostaði að öllu leyti. En nú er farið fram á það, að ríkissjóður greiði helming af kostnaðinum við alla þá starfsemi, sem undir borgarlækni heyrir og er náttúrlega margþætt. Nefndin sá sér ekki fært að mæla með því, að slíkt yrði nema þá a. m. k. að einhverju litlu leyti. Ég hefði talið ekki ósanngjarnt, að ríkið borgaði a. m. k. eins og ein héraðslæknislaun til Reykjavíkur — það er ekki nema alveg sjálfsögð skylda — og kannske eitthvað meira, en að það borgi hálfan kostnað af öllu því starfi, sem þar er unnið, það held ég að sé ekki rétt fyrir ríkið að gangast undir að gera. N. var mótfallin því, að þessi till. yrði samþ.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 426, sem ég leyfi mér að flytja hér. Það er um skiptingu Stórólfshvolshéraðs í Rangárvallasýslu í tvö héruð. Það hefur verið rætt um það nokkrum sinnum áður að skipta þessu héraði, þó að aldrei hafi orðið úr því. Hins vegar mun vera almennur áhugi fyrir því að hafa þar a. m. k. tvo lækna; það er það vissa. Og ég held, að það sé ekki nema sanngjörn krafa, að þeir verði tveir, því að þótt héraðsbúum hafi fækkað frá því, sem áður var, og samgöngur hafi líka batnað mjög frá því, sem áður var, þá er það nú svo, að læknisþjónustan er orðin svo miklu meiri en hún áður var og störfin orðin svo margvísleg, að það er full ástæða til þess að hafa þarna tvo lækna. Það skal ég fúslega gangast undir, þó að það hafi nú flotazt af með einum lækni fram til þessa. En það er dálítill ágreiningur um það, hvernig þetta fyrirkomulag á að vera. Ég skal taka það fram alveg hreinskilnislega, að fyrir mig persónulega skiptir það engu máli. Ég er að fara úr héraðinu á þessu ári eða næsta ári, annaðhvort, — það er samið um það milli mín og landlæknis, — svo að persónulega fyrir mig skiptir það engu máli. Það snertir mig ekkert þannig. En ég vildi bara óska eftir því, að héraðið fengi þá, þegar núna á að fara að breyta þessu, þá þjónustu, sem bezt mundi henta því.

Um þetta virðist vera einhver svolítill ágreiningur, og ég hef frétt um það, að hæstv. heilbrmrh. hafi safnað undirskriftum eitthvað í fyrrasumar um stofnun nýs héraðs á Hellu. Ég hef ekki séð þær undirskriftir og veit ekki, hvað þær eru margar eða hvernig þeim er háttað. Sumir segja mér, að þar hafi ekkert verið ákveðið annað en það að hafa tvo lækna í héraðinu. Svo kemur að því, að sýslunefndin hélt fund um þetta í vetur, 8. des., og samþykkti þá einróma, að héruðin yrðu tvö og skyldu heita Austur-Hvolshérað og Vestur-Hvolshérað. Þessu leyfði ég mér að breyta hérna í till. samkvæmt rangæskri málvenju, og kalla það heldur Út-Hvolshérað í staðinn fyrir Vestur-Hvolshérað. Við Rangæingar segjum út, þegar við meinum vestur. Við segjum út í Holt, út í Ásahrepp, út á Rangárvelli. Þess vegna leyfi ég mér að breyta því og kalla það Út-Hvolshérað í staðinn fyrir Vestur-Hvolshérað. Sýslunefndarmennirnir voru allir sammála um það, að héruðin skyldu heita þetta, og með því í raun og veru, samkvæmt þeirri venju, sem nú tíðkast, eru þeir búnir að lýsa því yfir, að þeir vilja hafa báða á sama stað. En svo kom að vísu ágreiningur um það, hver staðurinn ætti að vera. Níu af tólf vildu hafa það á Stórólfshvoli, einn vildi hafa það á Hellu og tveir á Vegamótum, sem eru í miðjum Holtunum. Ég fyrir mitt leyti er ekki beint hrifinn af því að hafa tvo jafnréttháa lækna á sama stað, — ég vildi heldur hafa annað form á því, — en sýslunefndin vildi hafa læknana báða á sama stað. Hún taldi, eins og vænta mátti, að það yrði betri þjónusta með því, að tveir læknar ynnu margs konar heilsuverndarstörf gegn margs konar smitsömum sjúkdómum, sem alltaf eru að færast í vöxt, og það er í þessu tilfelli mikið starf og verður auðvitað að gerast á ákveðnum tímum og ákveðnum stöðum. Ég fyrir mitt leyti hefði heldur kosið, að héraðið hefði verið bara eitt og óklofið, eins og verið hefur, enda er það lafhægt, því að svo eru orðnar samgöngurnar, að það má komast á bíl heim á hvern einasta bæ, svo að segja allt árið, og fjarlægðirnar ekki mjög miklar. Ég vildi því hafa héraðið eitt með einum héraðslækni og föstum aðstoðarlækni.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri. Ég bara vænti þess og vona, að sýslunefnd

Rangárvallasýslu verði virt svo mikils hér, að hún fái þá að minnsta kosti stuðning við þá till., sem hún hér leggur fyrir.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég sé nú ekki eftir því, þótt frestur hafi verið gefinn ríflegur til þess, að hv. 2. þm. Rang., héraðslæknir okkar Rangæinga, fengi tækifæri til þess að flytja þessa ræðu, sem hann var nú að ljúka við, og koma þannig fram sínum skoðunum. Hitt þykir mér öllu leiðara, að hann fór ekki alls kostar með rétt mál. Það hef ég nú fyrirgefið honum stundum á þingmálafundum, en við þetta tækifæri fannst mér óþarfi að vera að halla réttu máli. En í sambandi við sýslunefnd Rangárvallasýslu vil ég taka það fram, að hún var alls ekki á einu máli. Ég skal viðurkenna það, að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu sýndi virðingarverðan dugnað, áður en hann var beðinn um að halda aukasýslufund, heimsótti sýslunefndarmennina og varaði þá við þeirri fjarstæðu að fara að staðsetja lækni á Hellu. — Þegar ég frétti þetta, þá minntist ég sögu frá 1947. Þá var einn áberandi framsóknarmaður í Rangárvallasýslu, sem ætlaði að koma í veg fyrir, að það væri byggt frystihús á Hellu. Sláturfélag Suðurlands hafði ákveðið þátttöku í frystihúsbyggingu með kaupfélaginu, en einn áberandi framsóknarmaður taldi það fjarstæðu að vera að byggja frystihús á Hellu og Sláturfélagið skyldi alls ekki vera þátttakandi í frystihúsinu, ef það væri byggt þar. En væri það byggt 5 km austar, austur við Varmadal, þar sem er bara einn bær, eða vestar, þá mátti Sláturfélagið vera með. Oft hef ég í huga mér verið þakklátur þessum framsóknarmanni, vegna þess að það varð til þess, að kaupfélagið byggði frystihúsið af eigin rammleik og á það nú eitt, og það er vitanlega góð eign, af því að það var byggt fyrir gengisfellinguna. Ég hélt, að þessi hugsunarháttur væri algerlega horfinn frá framsóknarmönnum í Rangárvallasýslu. En það var ekki, þegar sýslumaðurinn gerði yfirreiðina í vetur. Það virðist ekki heldur vera — mér til mikillar raunar — hjá okkar ágæta héraðslækni, sem ég met mikils að mörgu.

Hv. ræðumaður talaði nú mest um læknaskipunarlögin eins og þau eru, en minna um frv. sjálft, því að hann var að vara við litlu læknishéruðunum, sem væri verið að stofna. Frv., eins og það kom frá landlækni, gerði ekki ráð fyrir að stofna smá læknishéruð. Það gerði ráð fyrir að stofna tvö ný læknishéruð, sem skyldu vera með þeim stærstu í landinu. Það var að stofna nýtt læknishérað í Kópavogi. Það var að skipta Rangárhéraði, og eftir skiptinguna skyldi hvort hérað hafa um 1400 manns, m. ö. o.: það skyldi vera stórt læknishérað hvort um sig. Og ástæðan til þess, að ég hef ekki áður flutt frv. um skiptingu Rangárhéraðs, þótt fólkið þar eystra hafi viljað það miklu fyrr, er það tillit, sem ég hef tekið til núverandi héraðslæknis, því þótt við höfum verið andstæðingar og deilt um pólitíkina, þá hefur það verið innan vissra takmarka. Ég hef alltaf viðurkennt Helga Jónasson sem lækni, og hann hefur slitið kröftum sínum þarna eystra með því að gegna læknisþjónustu í stóru héraði og erfiðu héraði, áður en samgöngurnar voru eins góðar og nú. Ég taldi þess vegna sjálfsagt, að hann hefði forustuna um þetta, og ég vildi láta hans skoðun ráða nokkru í þessu. Meðan hann treysti sér til að gegna læknisþjónustunni fyrir austan og hann bar ábyrgð á því, þá taldi ég ekki ástæðu til þess að vera að sletta mér fram í það. Hitt er svo rétt, sem hann sagði núna, að hann mun fara að láta af störfum, og þá kemur nýr maður og nýir menn, og það er engin ástæða til þess, að í Rangárvallasýslu, þar sem búa 3 þús. manns, sé aðeins einn héraðslæknir, þegar kröfurnar eru á allt annan veg.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að það séu 5 hreppar í hvoru héraði. Í öðru héraðinu, Hellu-héraði verður útsýslan; í hinu héraðinu, Hvolshéraði, verður austursýslan. Á s. l. vori fékk ég skriflega áskorun frá útsýslubúum, sem verða í hinu nýja héraði, um það, að héraðinu yrði skipt og að læknirinn yrði búsettur í hinu nýja héraði á svæðinu milli Eystri-Rangár og Þjórsár. Ég skal viðurkenna það, að það er gleymska af mér að hafa ekki sýnt hv. þm. þessar undirskriftir, þær eru í töskunni minni, en hann veit nú af þeim samt. Hann veit af því, að það eru víst um 400 manns, sem skrifuðu undir. Það var ekki ég, sem stofnaði til undirskriftanna. Það voru áhugamenn um skiptingu héraðsins, sem gerðu það, og það var gert á einum degi, þegar hreppsnefndarkosningar fóru fram á s. l. vori. Það er þess vegna vilji fólksins í sýslunni, að héraðinu sé skipt og læknirinn sé búsettur á svæðinu milli Eystri-Rangár og Þjórsár. Og þá er hann bezt settur á Hellu, þar sem eru núna búsettir um 200 manns.

Mér þótti vænt um það, hversu héraðslæknirinn okkar, hv. 2. þm. Rang., tekur mikið tillit til landlæknis. Landlæknir leggur ekki til, að læknarnir verði búsettir á sama stað í sýslunni. Þvert á móti hefur hann sagt við mig, að hann mundi leggja til, að læknir yrði búsettur á Hellu, og spurði meira að segja í gríni og hló, hvort það væri eitthvað öðruvísi fólk á Hellu en annars staðar. Það væri venjan, að þar sem þorp væru að myndast, kæmi krafa um það, að læknir kæmi þar, og það er vitanlega hægast fyrir lækninn að búa þar, sem flest fólk er í kringum hann.

Ég ætla nú ekki að deila mikið við hv. þm. um þessa till. hans. Mér finnst hún alveg fráleit, till. á þskj. 426, þar sem talað er um Austur-Hvolshérað og Út-Hvolshérað, sem byggist á því, að læknarnir skuli báðir vera á Stórólfshvoli, af því að það má ekki koma læknir á Hellu frekar en t. d. frystihús. Það er alveg fráleitt, og það tek ég ekki til greina.

Hitt er svo annað mál, að þegar talað er um, að það skuli vera heilsuverndarstöð eða sjúkrahús, þá er það atriði, sem alltaf er hægt að ræða um. Það hefur nú verið rætt um að byggja fjórðungssjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu, og hv. 2. þm. Rang. hefur lýst fylgi sínu við það hér á Alþ., eins og menn muna. Því miður er nú ekki þannig hjá okkur Rangæingum, að við getum búizt við, að þetta fjórðungssjúkrahús verði byggt í Rangárvallasýslu, vegna þess að það er meira fjölbýli í Árnessýslunni, og ég geri ráð fyrir því, að ef það á að vera staðsett með til-

liti til þess, hvar það er bezt sett, þá verði þetta fjórðungssjúkrahús byggt í Árnessýslu. Þar af leiðir, að það verður a. m. k. ekki byggt stórt sjúkrahús í Rangárvallasýslu, og það hefur verið sjúkrahúslaust þar núna undanfarin nær 20 ár, að ég ætla. Það var sjúkrahús þar áður, en þegar það var orðið gamalt og fúið og lítt nothæft, þá var það rifið, en ekki annað byggt í staðinn, sem var vitanlega bæði vegna þess, að það var dýrt að endurbyggja það og dýrt að reka það, og þá einnig vegna þess, sem hlýtur að vera aðalástæðan, að það hafi ekki verið talin höfuðnauðsyn að endurbyggja það eða halda því við. Vitanlega þarf í hverjum læknisbústað að vera ein eða tvær stofur, sem hægt er að taka fólk inn í, ef mikið liggur við, en með þeim samgöngum, sem við nú höfum, mun fólk, ef það er alvarlega veikt, í flestum tilfellum leita þangað, sem hin fullkomnustu tæki eru fyrir hendi, og þangað, sem sérfræðingarnir eru, og þá er það landsspítalinn í Reykjavík.

Læknisbústað verður að byggja, hvort sem læknarnir eru á sama stað eða ekki, því að læknisbústaðurinn á Stórólfshvoli er ekki nema fyrir einn lækni. Þótt húsið sé allstórt, þá er það ekki nema fyrir einn lækni, og verður þess vegna að byggja læknisbústað, hvort sem læknarnir verða saman eða ekki.

Það, sem skiptir máli, er þá þetta, að það verða aukin þægindi og veldur minni kostnaði hjá fólki í Rangárvallasýslu, sem býr vestur undir Þjórsá, að þurfa ekki að fara austur að Stórólfshvoli, heldur aðeins austur að Rangá. Það getur sparað kannske um 100 krónur eða á annað hundrað krónur í hverja læknisferð, og það er nokkuð, sem fólk lætur sig muna um. Og hv. 2. þm. Rang. getur leyft sér að tala í umboði meiri hluta sýslunefndar Rangárvallasýslu, en hann talar ekki í umboði fólksins í Rangárvallasýslu, þess fólks, sem hefur kosið hann á þing. Þótt ég beri virðingu fyrir sýslunefndinni að vissu marki, þá verð ég að segja það, að ég tek meira tillit til alls fjöldans í þessu efni og öðrum en til sýslunefndarinnar.

Hv. þm. var að tala hér um litlu héruðin. Brtt. t. d. frá hv. þm. V-Ísf. um Suðureyrarhérað er aðeins í heimildarformi, og þess vegna hef ég mælt með henni. Það eru hér tvö héruð einnig í frv. í heimildarformi, það er Raufarhafnarhérað og það er Staðarhérað á Snæfellsnesi, og við höfum rætt um þetta, landlæknir og ég, þessi heimildarhéruð, að stofna ekki læknishéruð eða embætti þarna, nema umsækjandi fáist, sem lýsi því yfir, að hann vilji vera þar einhvern ákveðinn, tiltekinn tíma. Og í Staðarhérað á Snæfellsnesi, sem hefur verið til síðustu 10 árin, hefur aldrei verið skipaður héraðslæknir, vegna þess að aðstæður hafa ekki verið til þess. En það er nú þannig með okkar læknishéruð, að þau eru út af fyrir sig ekki lítil, en þau eru fámenn. Það er strjálbýlið, og það eru samgönguerfiðleikarnir, sem hafa gert það nauðsynlegt að hafa héruðin mörg, til þess að fólk gæti náð til læknis í lífsnauðsyn, og það er þess vegna réttara að segja: Héruðin eru fámenn, enda þótt þau séu stór. Og sem betur fer hefur þjóðin getað veitt sér það að hafa marga héraðslækna og skapað meira öryggi hjá landsfólkinu, jafnvel í strjálbýlinu, heldur en áður var. Ég veit ekki, hvort það væri heppileg þróun að fara að draga úr því öryggi með því að færa læknana saman og gera héruðin enn þá stærri. Slíkt hlyti að leiða til aukins kostnaðar hjá fólkinu, þegar það þarf að vitja læknis, og slíkt hlyti að draga úr örygginu, þegar þarf að ná í lækni í ófærð, hríðarveðrum og öðru slíku um hávetur. Þá munu flestir óska eftir því, að leiðin sé sem stytzt til læknisins. Og það er þessi skilningur, sem Alþ. hefur haft á læknaskipuninni hér á landi, það er þessi nauðsyn, sem hefur ráðið því, að læknaskipunin hér er svona, og það er þessi skilningur landlæknis á málunum, sem veldur því, að hann hefur ekki treyst sér til þess að breyta þessum málum.

Till. hæstv. fjmrh. er til athugunar hjá hagstofustjóra, og hann sagði mér hér áðan, að hann vildi taka hana aftur til 3. umr., þangað til hann hefur gert sér grein fyrir því, hvort hann á að halda þeirri till. til streitu.

Hv. 7. þm. Reykv. hefur hér flutt till. á þskj. 414, sem hann er nú held ég ekki farinn að mæla fyrir, og ég teldi þá eðlilegt, að hún væri tekin aftur til 3. umr. til nánari athugunar. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Og ég get sagt það, það má hver leggja það út eins og honum sýnist, að mér leiðist að vera í orðaskaki út af þessu máli við okkar ágæta héraðslækni, Helga Jónasson.

**Gunnar M. Magnúss:** Herra forseti. Það hefur verið rætt hér í sambandi við þetta læknaskipunarfrv. um það, að ekki sé heppilegt að auka við smálæknishéruðin, og hafa verið færð fyrir því nokkur rök. Ég vil nú samt leyfa mér að leggja til, að stofnað verði læknishérað, og fylgja þar með brtt. frá hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) um stofnun læknishéraðs í Súgandafirði. Þessi till. hefur að vísu fengið góðar undirtektir, að segja má. Þó heyrist í umræðunum, að héraðið skuli vera á biðlista. Það er nú gott að vera á biðlista, en það er þó betra að vera öruggur og vera samþykktur að fullu. Og þrátt fyrir það, að ýmis rök hafi verið færð hér fram fyrir stofnun þessa héraðs og hv. flm. brtt. hafi borið þau rök fram, þá vil ég leyfa mér vegna kunnugleika míns á þessu héraði, sem um er að ræða, að láta hv. þdm. fá ýmsar upplýsingar, sem ég get gefið persónulega.

Ég er að mestu alinn upp í þessu byggðarlagi og þekki af eigin raun, hvernig það er, bæði að nálgast lækni og bíða eftir lækni. Þetta hérað er þannig sett, að segja má, að þó að samgöngur batni yfirleitt, þá geta ekki batnað samgöngur til þess að vetrarlagi. Þetta hljómar undarlega, en það er veðráttan, sem ræður. Þar þarf að sækja lækni nú á vélbáti út fyrir annes ellegar þá yfir heiðar, sem oft eru ófærar. Ég hef verið með í að sækja lækni frá Súgandafirði til Flateyrar í lífsnauðsyn í slíku veðri, að engir bátar fóru á sjó. Við fórum til Flateyrar, og læknirinn kom um borð til okkar, en þegar við vorum komnir út á fjörðinn, þá segir læknirinn við okkur: Er nokkurt vit í því að halda áfram, er þetta ekki lífshættulegt veður? Nei, sögðum við, það er

ekki lífshættulegt fjarða á milli. — Hann vildi snúa til baka þarna, vegna þess að honum stóð ógn af þessu ferðalagi. Það er því stundum ekki einungis það, að sjúklingurinn og aðstandendur hans bíða í ógn og ofvæni, heldur er það einnig læknirinn sjálfur, sem er settur í lífshættu. Og annað dæmi skal ég nefna, að í læknisferð frá Súgandafirði til Flateyrar fórst bátur á mínum uppvaxtarárum. Hann var að fara til Flateyrar. Læknirinn var sem sagt ekki kominn um borð, en þar fórust tveir skipsmenn og farþegi. Þetta sýnir, hvernig ferðirnar á sjó eru til þess að sækja þarna lækni. Þá er að geta þess, hvernig ferðirnar eru á landi til þess að ná í lækni að vetrartíma. Þær eru útilokaðar. Það er yfir illa fjallvegi að fara, sem fönn sezt snemma á og læknir fer yfirleitt ekki orðið nú á dögum, þó að komið hafi fyrir, að þeir hafi brotizt yfir einstöku sinnum áður. Ég held, að það gerist síður nú.

Þá er ekki um annað að ræða, þegar ekki er hægt að ná í lækninn, en að fá ráðleggingar símleiðis ellegar að bíða og sjá hvað setur. Það er þess vegna oft dregið í lengstu lög að ná í lækni á þessum stöðum. Það hefur að vísu verið hjúkrunarkona þarna í héraðinu, en það er alls ekki fullnægjandi.

Og þá vil ég geta þess, að það var prestslaust í þessu héraði nokkra áratugi á nítjándu öldinni og fram undir 1900. Þá þurfti prestur að koma til sinna prestsverka öðru hverju eða þá að fólk fór til hans í vissum erindum. En af því að héraðið var fámennt þá, sennilega ekki meira en 150—200 manns um aldamótin, þá var talið ólíklegt, að prestur yndi þar eða fengist þangað. Samt varð það að ráði, að prestur kom þangað um aldamótin 1900. Upp úr aldamótunum fjölgaði mjög fólki þarna. Það varð ein af beztu og fengsælustu verstöðvum, og fólkið þyrptist til Suðureyrar á áratugunum frá 1900 til 1920, svo að þar myndaðist um 350 manna þorp og hefur haldizt síðan og stundum þar yfir. Þar er ein öruggasta fiskveiðistöð á Vestfjörðum, yfirleitt með smábátum, en ekki á stærri bátum.

Nú hefur verið sagt hér, að það sé vafasamt, að læknir fáist í þetta hérað. Um það er ekki hægt að segja neitt, en svo fór, að presturinn undi þarna, og hafa verið þarna tveir eða þrír prestar, svo sem mönnum er kunnugt um. Og það hefur orðið til mikilla þæginda að hafa prestinn í héraðinu og menningarauki. Að hafa *lækninn í héraðinu væri hvort tveggja í senn*, það væri bæði menningarauki og öryggi. Enn mætti benda á, að allur sá kostnaður, sem fer til þess að sækja lækni, sækja meðul, í símkostnað o. fl., o. fl., gæti miðlazt og lagzt yfir á kostnaðinn við það að hafa lækni í héraðinu. Læknirinn gæti ef til vill haft einhver hlunnindi *frá héraðsbúum fyrir að sitja þarna, þó að hann* þyrfti e. t. v. ekki að sinna eins mikið læknisverkum og ýmsir í öðrum stærri héruðum.

Það eru nú þarna í Súgandafirði sennilega um 400 manns. Og segjum, að það yrði nú læknir þarna á 400 íbúa. Ég leit að gamni mínu yfir símaskrána hérna í Reykjavík, þar sem læknarnir eru taldir upp. Það eru um 90 læknar skráðir hérna. Það fara að vísu ekki allir í læknisvitjanir, en töluvert mikill hluti af þeim. Það lætur þess vegna nærri, að hér sé auglýstur læknir á hverja 750 íbúa í höfuðborginni; eitthvað nálægt því. Það virðist nú ekki vera mjög erfitt að ná í lækni hér í Reykjavík og allvel um það búið, þar sem er læknir á 750 íbúa. En krafan um það eða óskin um það, að læknir verði settur í afskekktu héraði, þar sem stórhættulegt er oft að ná til læknis og líf manna liggur við, auk þess í mikilli verstöð, þar sem sérstaklega á vertíðinni koma upp ýmsir sjúkdómar, sem nauðsynlegt er að geta veitt hjálp við mjög skjótlega, virðist vera töluvert í samræmi við þá stefnu, að öryggi landsmanna á sem flestum sviðum sé svipað, hvar sem þeir eiga heima á landinu.

Ég ætla ekki að segja hér um fleiri orð, en treysti því, að hv. þm. taki til greina þau rök, sem hér hafa verið fram borin, og héraðið verði ekki eingöngu á biðlista, heldur verði það samþykkt sem læknishérað.

**Frsm. (Helgi Jónasson):** Ég ætla að byrja á því að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 6. þm. Reykv. (GMM). Það er *ekki nóg* að fá læknishérað sett í lög og að það sé svona tilbúið, þegar enginn fæst til þess að starfa í því. Og reynslan er sú nú úti um land, að fámennu héruðin standa auð, óskipuð. Héraðsbúum er enginn hagur að því, þó að þar sé lögskipað hérað, þegar enginn fæst til þess að starfa í því. Þannig er reynslan, sem eðlilegt er í þessum fámennu héruðum, að þangað fást ekki læknar.

Hann sagði náttúrlega skemmtilega sögu um *það byggðarlag. En ef það þarf ekki annað en* fjölga prestum til að fjölga mönnum í héraðinu, þá styð ég þá till., að prestum verði fjölgað miklu meira eða um helming og ráðnir þangað tveir prestar, þangað til þar er komið upp í 700 manns. Þá getur komið þangað læknir kannske með tímanum. Og ef það er eina ráðið og það dugir úti á landsbyggðinni að fjölga prestum, og þá fjölgar fólkinu með, þá sýnir það, hvað þeir eru miklu duglegri að fjölga fólkinu en læknarnir eru. Það er það vissa. Læknarnir fást ekki til að fara út í þau fámennu héruð, af því að þeir grotna þar niður og verða að engu. — Reynslan er sú, því miður. Og það var núna ekki fyrir löngu, að héraðslæknirinn á Ísafirði, — ég held hann hafi verið héraðslæknir í einum þremur eða fjórum héruðum, — ég man ekki, hvað þau voru mörg, að minnsta kosti þrjú, — sem honum var skipað að gegna. Það hefur verið gott fyrir hann. Hann fékk hálf laun úr 2—3 héruðum auk fullra launa fyrir eitt hérað. En fyrir fólkið var það engin bót, þó að það væri lögskipað hérað, þegar enginn læknir var í því.

Nú er svo komið, sem betur fer, að nú er þó hægt með hjálp flugvéla oft og einatt að komast á þá staði, sem ókleift var að komast á áður á sjó og landi, og nú er svo komið, að það er hægt að ná til þessara staða flestra eða allra með hentugum og góðum flugvélum, sjúkraflugvélum. Og er það mikil bót. Á svona stöðum með svona fátt fólk á að vera, eins og hefur verið á Suðureyri, hjúkrunarkona, sem getur haft það hvort heldur sem aðal- eða aukastarf til þess að vera

til aðstoðar næsta héraðslækni til daglegrar umönnunar. Og svo vitanlega, þegar á þarf að halda, þá má komast þangað oft með flugvélum, sem nú eru orðnar fyrir hendi hér á landi, sem betur fer. Það er bara ekki nóg, að héruðin séu til í lögum, eins og búið er að vera með sum héruð í 10 ár, en aldrei hefur fengizt þangað skipaður læknir; það dugir ekki. Það er engin hjálp í því fyrir héraðsbúa, þó að það séu lög fyrir, að það sé læknishérað, þegar enginn læknir fæst til þess að starfa í því.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að hæstv. heilbrmrh. Hann byrjaði á því að tala um sláturhús og frystihús. Ég sé nú ekki, að það eigi neitt skylt við skipun læknishéraða. Ætla ég að vona, að ekki verði slátrað í þessu nýja læknishéraði að Hellu, að það sé ekki meiningin að slátra ibúunum þar, það sé ekki gert ráð fyrir því, heldur væri það svona til gamans hjá honum að koma því að. Og ég átti engan þátt í því og stóð alveg nákvæmlega á sama um það, hvort byggt var sláturhús á Hellu eða ekki; það kemur ekki þessu máli við, ekki skapaðan hlut. Hann sagðist nú heldur vilja hafa fólkið með sér en sýslunefndina. En ég held, að það sé nokkuð sama, af því að sýslunefndin er líka fólkið. Og ég hef talað við fjölda Rangæinga núna síðan þetta frv. kom fram, og ég held, að það séu hér um bil allir á einu máli um það, að þeir vilja hafa læknana á sama stað. Og sýslunefndin öll, tólf menn, var einnig sammála um það, að læknarnir dveldust báðir á sama stað.

Ég tók það fram áðan, að það hefðu verið þrír af tólf, sem gerðu ágreining um staðinn. Einn þeirra — það var sýslunefndarmaður Vestur-Landeyjahrepps — óskaði eftir, að hann sæti á Hellu. Tveir sýslunefndarmenn, Landhrepps og Holtahrepps, óskuðu þess, að læknirinn sæti á Vegamótum í miðjum Holtahreppi. Níu og þar á meðal þrír sýslunefndarmenn, sem eru í hinu nýja héraði, sem á að vera Helluhérað eftir frv., voru með því, að læknir sæti á Stórólfshvoli. Og ég er alveg sannfærður um það, að sýslunefndarmennirnir hafa vitað vel um vilja fólksins. Þeir hefðu ekki gert þessa samþykkt á móti vilja sinna hreppsbúa.

Ég man það líka, að 1938 komu fram hér Alþingi undirskriftir um skiptingu Rangárhéraðs í tvö héruð. Ég flutti till. á Alþingi um það á því ári, að þetta yrði gert, og fyrir því fékkst heimild. Þá átti að skipta því um Ytri-Rangá. Þar voru þá 3 hreppar í Rangárhéraði og svo átti auk þess að taka tvo eða 3 hreppa úr Árnessýslu í nýtt hérað og læknirinn sæti í Þjórsártúni. Þessi heimild var samþ. hér á Alþingi 1938. Ég flutti þá till. samkv. ósk hreppsnefnda og fólksins í þessum hreppum, sem allir mæltu með því, nema einn hreppur, Landmannahreppur, hann var á móti því. Landlæknir fór austur til þess að athuga þessi mál, og þegar á átti að herða, þá var bara áhuginn enginn. Hann var ekki til staðar fyrir því, að héraðinu yrði skipt, og ekkert varð úr því. Þegar hann fór að kynna sér málið, þá var enginn maður á því, að honum fannst, og ekkert varð úr þessari skiptingu þá.

Eins og ég tók fram áðan, þá er það rétt, að nú vilja menn fá 2 lækna. Það er rétt. Þeir vilja fá þá og telja sig með því fá betri læknisþjónustu. En ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að mikill meiri hluti þeirra vill hafa læknana á sama stað, eins og ég gat um áðan, og skal ég ekki endurtaka það. Þeir mundu með því fá betri læknisþjónustu og á allan hátt heppilegri fyrir héraðið í framtíðinni.

Þá minntist ráðherrann hér á sjúkrahúsmálin. Ég skal játa það, að ég flutti hér á Alþ. fyrir nokkrum árum frv. til l. um fjórðungssjúkrahús, sem varð að lögum, og ég taldi þá réttast, að það yrði rekið eitt sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu og þá á Selfossi. Síðan hefur nú margt breytzt í þessum sjúkrahúsmálum. Þegar ég flutti frv., þá voru fjórðungssjúkrahúsin þau einu, sem áttu lögum samkvæmt von á rekstrarstyrk frá Alþ. Nú er þessu breytt. Nú er farið að veita svo að segja öllum sjúkrahúsum einhvern styrk til rekstrar, sem var ekki þá, svo að náttúrlega hefur að því leyti aðstaðan breytzt frá því, sem áður var, þegar ég flutti mitt frv. Og ég fyrir mitt leyti held það enn þá, þó að þetta sé nú breytt, að þessar sýslur þyrftu að vera saman um sjúkrahús. En það er fleira en sjúkrahús, sem þarf að reisa. Eins og ég gat um áðan, þá er það heilsuverndarstarfsemi alls konar, sem þarfnast að fá húsnæði yfir sig, gamalmennahæli, kannske fyrir sængurkonur líka, hæli o. s. frv., og þá er það heppilegra, — og það sá sýslunefnd Rangvellinga, — að héraðið hafi á sama stað eina miðstöð, heldur en dreifa því í tvo eða fleiri staði.

Við vitum það, sem kunnugir erum í sveitunum, að það er nú komið svo, að hver lítill hreppur verður að hafa sína kirkju, sinn barnaskóla og sitt félagsheimili. Þetta er til svo að segja í hverjum hreppi á landinu nú orðið. Og við vitum það vel, að það er hægt að koma þessu upp með aðstoð ríkisins og með fórnfúsu framlagi þeirra manna. En það gengur ákaflega erfiðlega fyrir þetta fólk að halda þessum húsum við og halda í horfinu; það er svo dýrt. Og með allri viðleitni, sem miðar að því að gera þetta smærra og fólkið þannig færra, sem að því stendur, þá sjáum við allir, að það stefnir að því, að þeir komist í þrot með að geta rekið svona stofnanir. Við sjáum skjöldóttar kirkjur, gluggalaus félagsheimili úti um land, þeir sem um landið fara, og þó eru þau ekki gömul, því miður. Fólkið er búið að taka það nærri sér að koma þessu upp. Það hefur komið þessu fram fyrir mikið átak. En svo þegar fram í sækir, þá er erfiðara um vik að geta haldið þessu í horfinu eins og þyrfti vegna fjárskorts, sem meðal annars stafar af því, hvað fólkið er fátt, sem að þessu stendur.

Alveg sama máli gegnir með það, ef eitthvað verður gert í þessum málum með heilsuverndarstöðvar. Það verður vitanlega heppilegra, að það sé ein miðstöð í sama héraði, a. m. k. þar sem hægt er að koma því við með góðu móti, heldur en að þær séu tvær eða fleiri, því að það verður aldrei nema svipur hjá sjón um það að geta rekið þær á sæmilegan hátt.

Eins og ég tók fram áðan, þá er ég að fara úr Rangárhéraði, svo að mér kemur þetta ekkert við í sjálfu sér frá mínu hagsmunasjónarmiði séð. En ég vildi bara, að fólkið fengi með þeirri

breytingu, sem nú verður gerð á héraðinu, hver sem hún verður, þá þjónustu, sem því hentaði bezt og vildi helzt fá. Og ég fullyrði það, að það vill fá tvo lækna og helzt hafa báða á sama staðnum.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég þarf nú ekki að tala langt mál. Hv. 2. þm. Rang. minntist hér á skiptingu Rangárhéraðs 1938, sem hefði komið til mála. En þá voru bara þrír hreppar í vestanverðri sýslunni, sem áttu að vera með, og þegar hann fer að tala um þetta, þá minnir mig, að það hafi átt að vera einhverjir hreppar í Árnessýslu líka, — er það ekki rétt? En þetta þótti nú víst að athuguðu máli ekki heppileg skipting. Og það hefur legið í landi núna lengi umtal um að skipta Rangárhéraði, vegna þess að þetta var orðið langstærsta sveitahéraðið, en var látið kyrrt liggja vegna þess, að héraðslæknirinn beitti sér ekki fyrir því, og þetta hefur nú sem betur fer ekki orðið til neinnar slysni. Hins vegar veit ég, að bæði hann og hans staðgenglar, sérstaklega staðgenglar hans, hafa kvartað mikið undan því, hvað það væri allt of mikið að gera. Sérstaklega þessi síðasti, Valtýr Bjarnason, sem er nú orðinn alþekktur fyrir dugnað, hefur látið það í ljós við mig og marga, að það væri allt of mikið að gera. Og þegar læknirinn fær ekki að sofa kannske nótt eftir nótt nema örfáa tíma, þá er of mikið að gera fyrir einn mann. Það er nú ekkert um það að ræða, enda erum við ekki að deila um það núna.

Við erum sammála um það, að þarna eigi að vera tveir læknar. Við erum að deila um annað, og það er það, hvort þeir eiga að vera á sama stað eða hvort hvor læknir á að vera búsettur í sínu héraði. Og af því að hv. 2. þm. Rang. endurtók aftur þá staðhæfingu, að sýslunefndin hefði verið á einu máli um það að hafa læknana á sama stað, og síðan, að aðeins einn hefði viljað hafa hann á Hellu og tveir hefðu viljað hafa hann á Vegamótum, þá get ég upplýst, að sýslunefndarmaður Holtahrepps vildi hafa hann á Hellu, sýslunefndarmaður Landhrepps vildi hafa hann á Hellu, sýslunefndarmaður Vestur-Landeyjahrepps vildi hafa hann á Hellu. Sýslunefndarmaður Ásahrepps var einn af þeim, sem skrifuðu undir í vor, en fyrir áróður sýslumanns Rangæinga og hv. 2. þm. Rang., af því að þetta er nú ágætur flokksbróðir þeirra, gerði hann það fyrir þá að snúast í þessu máli. Sýslunefndarmaður Rangárvallahrepps, Oddur Oddsson á Heiði, skrifaði einnig undir í vor, og hann sagði við mig í vetur eftir þennan aukasýslufund, að hann hefði komið seint á fundinn og ekki verið búinn að átta sig á þessu, en að sjálfsögðu hlyti hann að vilja hafa lækninn á Hellu, eins og augljóst hlýtur að vera, því að þetta er í hans hreppi. (Gripið fram í.) Það er náttúrlega ágætt að lesa upp bréfið, en svona er nú þetta, að bæði sýslunefndarmaður Rangárvallahrepps og Ásahrepps voru í fararbroddi í vor með áskorun um það, að læknirinn yrði búsettur í hinu nýja héraði.

Þá er, held ég, ekki ástæða að vera að ræða um þetta meira, annað en það, að það er vilji fólksins, að læknarnir séu tveir, að þeir séu hvor í sínu lagi, búsettir í sínu héraði.

Hv. 2. þm. Rang. taldi það furðulegt, að það væri verið að minnast hér á frystihús í sambandi við þetta, en hann verður að fyrirgefa mér, að það vaknaði í huga mínum, vegna þess að mér fannst, að á bak við þetta hvort tveggja væri sami hugsunarhátturinn og var, þegar verið var að ræða um stofnun og staðsetningu þessa nefnda frystihúss. — Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta við þessa umr. málsins.

**Frsm. (Helgi Jónasson):** Hæstv. ráðh. hefur viljað vefengja þetta bréf, það sé ekki í alla staði sem heiðarlegast, að mér skilst. Svo kom hann með það líka, að nefndarmennirnir hefðu komið seint á fundinn og hafi verið eitthvað hlunnfærðir, a. m. k. hans menn, en mínir menn áttu að hafa gert það fyrir áróður frá hinum, sem hann kallaði svo mína menn. Ég kalla alla Rangæinga mína menn, úr því að ég er hér á Alþingi, hvað sem er nú heima fyrir. Mér er hálfilla við þessa fullyrðingu hjá hæstv. ráðherra. — Ég ætla að leyfa mér að lesa upp bréfið:

„Árið 1954, miðvikudaginn 8. des., kl. 11.45, var aukasýslufundur í Rangárvallasýslu haldinn á sýsluskrifstofunni á Hvolsvelli. Fundinum stýrði oddviti sýslunefndar, Björn Fr. Björnsson sýslumaður. Á fundinum voru mættir í byrjun fundar, sem boðaður var kl. 11, allir sýslunefndarmennirnir nema sýslunefndarmaður Rangárvallahrepps. Hann mætti kl. 12 á hádegi. Þá lagði oddviti fram bréf, dags. 2. des. 1954, undirritað af Páli Þorsteinssyni og Kjartani J. Jóhannssyni f/h heilbr.- og félmn. neðri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar sýslunefndarinnar um frv. til læknaskipunarlaga, sem bréfinu fylgdi, og þá sérstaklega um liðinn 47 og 48, Hvolshérað og Helluhérað. Hófust þegar umræður um erindið, og lýstu nú sýslunefndarmenn áliti sínu frá ýmsum hliðum. Að þeim loknum var málinu vísað til undirnefndar, en í þá nefnd voru kjörnir Sigurjón Sigurðsson sýslunefndarmaður Holtahrepps, Sigurður Tómasson sýslunefndarmaður Fljótshlíðarhrepps og Gissur Gissurarson sýslunefndarmaður Austur-Eyjafjallahrepps. Var fundi síðan frestað um stund og beðið álits undirnefndarinnar. Eftir nær þriggja klukkustunda hlé skilaði undirnefndin svo hljóðandi ályktun:

47. gr. frv. orðist svo: Austur-Hvolshérað: Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli.

48. gr. frv. orðist svo: Vestur-Hvolshérað:“ (Ég tók það áðan fram, að ég breytti því í „Út“, af því að ég taldi það vera eftir málvenju austur frá.) „Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli.“

Ályktunin var samþykkt með 12 atkv., öllum atkv. sýslunefndarmannanna, Austur-Eyjafjalla, Vestur-Eyjafjalla, Austur-Landeyja, Vestur-Landeyja, Fljótshlíðar, Hvol, Rangárvalla, Landmanna, Holta og Ása. Sýslunefndarmenn Vestur-Land-

eyja, Landmanna og Holta gerðu fyrirvara með búsetu í héraðinu. Og fyrirvarinn var sá, að því er mér hefur verið sagt, að sýslunefndarmaður Vestur-Landeyja vildi hafa læknissetrið á Hellu, sýslunefndarmenn Landmannahrepps og Holtahrepps á Vegamótum, sem skiljanlegt er, því að það er miklu betri aðstaða fyrir þá að hafa lækni þar heldur en á Hellu.

Þarna hafið þið bréfið, og ég held, að ég hafi ekkert falsað í því, sem ég hef sagt því viðvíkjandi.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Bréfið staðfestir það, sem ég sagði. Það staðfestir algerlega það, sem ég sagði, að sýslunefndin var ekki á einu máli um það, að læknarnir væru báðir á sama stað, að þrír sýslunefndarmenn gerðu ágreining og vildu hafa læknissetrið annars staðar og sýslunefndarmenn Landhrepps, Holtahrepps og Vestur-Landeyjahrepps hafa sagt mér, að þeir teldu lækninn bezt settan á Hellu, vegna þess að þar væri flest fólkið. **(HelgJ:** Þeir sögðu annað á fundinum.) Þeir sögðu ekki annað á fundinum. — Og svo vil ég enn endurtaka það, að sýslunefndarmenn Ásahrepps og Rangárvallahrepps skrifuðu báðir undir og þeir voru í fararbroddi á s. l. vori um það, að læknirinn væri búsettur í hinu nýja héraði. Og bréfið, sem hv. þm. las upp, staðfestir aðeins það, að sýslunefndin var ekki á einu máli þrátt fyrir mikinn áróður sýslumanns og kannske þingmannsins, sem mér er nú ekki eins kunnugt um. En mér er kunnugt um, að sýslumaðurinn hafði mikinn áróður í frammi í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 409 tekin aftur til 3. umr.
— 426,I felld með 18:9 atkv.
— 239,a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 239,b samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 426,II felld með 15:6 atkv.
— 391,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 414 tekin aftur til 3. umr.
4.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 391,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 458).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég flutti hér við 2. umr. brtt., sem er á þskj. 409, en tók hana aftur þá til 3. umr. Nú ætla ég að leyfa mér að flytja þessa brtt., en þó dálítið breytta, og flytja hana þá sem skriflega brtt.

Efni till. er það, að Eskifjarðarlæknishérað fái að halda sér áfram eins og það hefur verið; því verði ekki breytt. En svo stendur á, að nokkur hluti Fáskrúðsfjarðarhrepps heyrir nú til Eskifjarðarlæknishéraði. Það er tvímælalaust eðlilegt, að þessi hluti Fáskrúðsfjarðarhrepps heyri til Eskifjarðarlæknishéraði, og ber í raun og veru enginn á móti því. Á hinn bóginn er sagt, að það sé þægilegra til skýrslugerða, að læknishéruð skiptist hreinlega eftir hreppum. Og í frv. er svo sett ákvæði um það, að íbúar vissra byggðarlaga, sem nú eru færð til eingöngu af þessum svokölluðu skýrsluástæðum, hafi rétt til þess að leita til héraðslækna beggja héraðanna, bæði þess héraðs, sem þeir áður hafa verið í, og eins þess héraðs, sem þeir nú eiga að heyra til framvegis eftir frumvarpinu.

Segja má, að þetta sé mjög mikil bót. En þó er það nú þannig, að hér kemur fleira til. Ég veit það, að íbúar í þessum hreppshluta, sem hér á hlut að máli, óttast nokkuð, að þeim verði smám saman ýtt yfir í það að fá sína læknisþjónustu frá Fáskrúðsfjarðarhéraði, þó að það sé þeim óhentugra. T. d. þegar til kæmi að byggja sjúkraskýli, þá mundu þeir endilega vilja vera með Eskifjarðarhéraði um sjúkraskýli, en ekki Fáskrúðsfjarðarhéraði, en það mundi verða nokkuð óþægilegt að koma því við, ef þessari skipan yrði breytt og þeir færðir yfir í Fáskrúðsfjarðarhérað.

Ég býst við því, að það standi ekki víða á eins og stendur á þarna í þessu tilliti, og það mundi náttúrlega alls ekki raska skýrslugerð að neinu ráði, þó að þessi undantekning væri höfð á læknaskipuninni, sem hér er farið fram á, en á hinn bóginn mundi það verða á allan hátt eðlilegra, að þetta gæti staðið eins og það hefur verið.

Þegar ég flutti till. við 2. umr., var hún í tveimur töluliðum, og annar töluliðurinn hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Skýrslur, er snerta læknisþjónustu í suðurbyggð Reyðarfjarðar, skulu sendar héraðslækninum í Búðahéraði og sameinaðar skýrslum úr hlutaðeigandi hreppi."

Nú hef ég komizt að raun um við athugun á málinu, að þessi till. hefur ekki þýðingu. Það eru ekki þessar skýrslur, skýrslur um læknisþjónustuna, sem teknar eru úr þeim vélum, sem hagstofan starfar með, heldur eru það aðrar skýrslur varðandi læknishéruðin, sem koma úr þeim vélum. Þess vegna felli ég þetta úr brtt. eins og ég leyfi mér að flytja hana nú skriflega. Þær skýrslur, sem teknar eru af hagstofunni úr vélum hennar, eru skýrslur um mannfjölda í læknishéruðunum, skýrslur um dána og fædda og önnur þess konar atriði, en ekki þessar skýrslur, sem ég minntist á í 2. lið brtt. eins og hún var við 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 477) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að bera fram eina örstutta fsp. til hæstv. fjmrh., flm. brtt. Mér hefur skilizt,

að sú skipulagsbreyting, sem gerð var á skipun læknishéraðanna að þessu leyti, sem hér er um að ræða, hafi verið gerð fyrst og fremst samkv. ósk hagstofustjóra, sem hafi talið sér og sinni stofnun mikil þægindi að því, að læknishéraðaskipunin væri í fullu samræmi við hreppaskiptinguna, vegna skýrslugerðar allrar í því sambandi. Mér var kunnugt um það, að hagstofustjóri var mjög óánægður með brtt. hæstv. fjmrh. eins og hún var og taldi hana sér til óþæginda og sérstaklega, að hún gæti verið hættulegt fordæmi fyrir aðra síðar, sem kynnu þá að óska einhvers svipaðs, þannig að það kerfi, sem hagstofan með mikilli vinnu og mikilli fyrirhöfn er að byggja upp, kynni að einhverju leyti að bíða tjón af.

Nú vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það, því að það kom ekki fram í ræðu hæstv. fjmrh., hvort hagstofustjóri telur þessa breytingu, sem hann hefur gert á till., viðunandi eða ekki, en það kom ekki fram í ræðu hans. Það mun fyrir mitt leyti hafa áhrif á afstöðu mína til málsins. Ég hef tilhneigingu til þess að taka fyllsta tillit til þess, sem embættismaður eins og hagstofustjóri segir um atriði eins og þetta, sem hér er um að ræða.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er rétt hjá 1. landsk. þm., að hagstofan mun hafa haft samvinnu við landlæknisembættið og heilbrmrn. um það að breyta læknaskipuninni þannig, að alls staðar færi eftir hreppaskiptum, til þess að það væri þægilegra fyrir hagstofuna að vinna úr stóru vélinni, sem stundum hefur borizt í tal á hv. Alþingi, skýrslur fyrir læknishéruðin. Og eftir því sem ég hef getað skilið málið, eru þær skýrslur, sem unnar eru úr þessari vél fyrir læknishéruðin, skýrslur t. d. um það, hvað margir menn eru í hverju læknishéraði, hvað margir menn fæðast í hverju læknishéraði og hvað margir menn falla frá í hverju læknishéraði; fyrst og fremst þetta. Hvort það er svo hægt að ganga lengra og fá út úr vélinni einhverjar frekari skýrslur, er mér ekki fullljóst. Af þessum ástæðum hefur hagstofustjóri viljað reyna að fá læknishéruðunum breytt þannig, að þau færu alveg eftir hreppum.

Ég hef hina mestu samúð með þessu sjónarmiði hagstofustjóra og vil gjarnan, að skýrslugerð sé einföld. En samt sem áður finnst mér, að þá sé það svo lítið atriði, þó að þurfi að gá sérstaklega að hreyfingum á mannfjölda á tíu eða tólf heimilum, að mér finnst ekki hægt út af því að valda mönnum óþægindum um skipun læknishéraðs. Og það er frá þessu sjónarmiði, sem ég hef flutt þessa till. Ég skal taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þessi breyting, sem ég gerði á till., gerir till. vafalaust ekkert aðgengilegri í augum hagstofustjóra heldur en áður. Hans afstaða er vafalaust alveg óbreytt.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það kom greinilega fram í svari hæstv. fjmrh., að hagstofustjórinn telur þessa breytingu, sem hann leggur til að gerð verði á læknaskipunarlögunum, sér og sinni stofnun til óþurftar, þ. e. a. s., að það mundi torvelda honum og hans stofnun það verk, sem hún er að vinna að, sem sagt að hagnýta stóru vélina, sem fjmrh. nefndi svo, á sem hagkvæmastan hátt í þágu bæði mannfjöldaskýrslugerðarinnar allrar saman og svo e. t. v. í framtíðinni einnig í þágu heilbrigðisskýrslugerðarinnar. Með tilliti til þessa mun ég greiða atkv. gegn þessari brtt., vegna þess að ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel eðlilegt, að í framkvæmdaratriðum eins og þessum sé sjónarmið hagstofustjórans fyrst og fremst látið ráða og það, hvað sé hentugast í skýrslugerðinni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins taka það fram, án þess að fara að kappræða þetta neitt, að ég hef hina allra mestu samúð, eins og ég sagði áðan, með einfaldri skýrslugerð. En frv. um læknaskipun er náttúrlega ekki fyrst og fremst frv. um skýrslugerð, heldur um það, hvernig haga skuli læknisþjónustunni, og það finnst mér vera höfuðsjónarmiðið. Og ég get ómögulega séð, að það mundi raska nokkru, þó að það þyrfti að gá að því sérstaklega, hvernig ástatt væri á tólf bæjum á landinu, þegar gengið er frá heildaryfirlitinu.

ATKVGR.

Brtt. 477 samþ. með 15:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 478).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að ég tók málið út af dagskrá í gær vegna þeirra breytinga, sem orðið höfðu í Nd., svo að hv. þm. gætu athugað þær breytingar. Nú sé ég, að undir tölulið 40 og 41 eru komnar inn breytingar, sem raska þeirri stefnu, sem mörkuð var í frv. hér í þessari hv. deild áður, þ. e. að skipta læknishéruðum eftir heilum hreppum. Ég tel því rétt að fresta þessari umr. og óska mjög eftir því, að hv. formaður n. taki málið til athugunar til þess að sjá, hvort annaðhvort sé hægt að fá samkomulag við viðkomandi hv. þm. Nd., sem hefur fengið brtt. inn þannig samþ., eða þá að athugað verði um brtt. hér í þessari hv. deild, sem beinlínis voru gerðar á frv. í upphafi vegna þessarar stefnu, sem talið var að væri nauðsynlegt að halda til verkhagnaðar fyrir hagstofuna. — Umræðum er frestað og málið tekið út af dagskrá. Ég vil biðja hv. formann um að athuga þetta svo fljótt sem hægt er.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 478, 506).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sé það, að hér eru brtt. við þetta frv. á þskj. 506. Sú fyrri, aðaltill., er um að breyta því ákvæði frv., að suðurbyggð Reyðarfjarðar skuli tilheyra Eskifjarðarlæknishéraði, m. ö. o. að breyta frv. að þessu leyti í sama horf og það var, þegar það fór hér frá hv. Ed. og þegar það kom fram. En í hv. Nd. var samþ. brtt. frá mér um það, að Eskifjarðarhérað skyldi haldast óbreytt eins og það hefur verið og er í dag, sem sé þannig, að suðurbyggð Reyðarfjarðar, þó að hún sé í Fáskrúðsfjarðarhreppi, skuli vera í Eskifjarðarlæknishéraði.

Ég held því fram, að það sé að öllu leyti miklu eðlilegri skipan að hafa þetta eins og það er og hefur verið. Það leikur ekki á tveim tungum, að það fólk, sem hér á hlut að máli og er eitthvað 8 eða 10 fjölskyldur, er miklu betur sett að eiga læknissókn á Eskifjörð heldur en á Fáskrúðsfjörð og það á að öllu leyti heima í læknishéraði með Eskfirðingum og öðrum, sem tilheyra Eskifjarðarhéraði. Það væri hægt að færa fyrir þessu margvísleg rök, og kunnugir menn þekkja þetta gerla. Þessi byggð er við Reyðarfjörð, en ekki Fáskrúðsfjörð, þó að hún heyri til Fáskrúðsfjarðarhreppi. Það er yfir vondan fjallveg að fara til Fáskrúðsfjarðar á vetrum eða þá með sjó nær algerlega ófæra leið, svokallaðar Vattarnesskriður. Það dettur engum manni í hug að sækja lækni til Fáskrúðsfjarðar að vetrarlagi úr suðurbyggð Reyðarfjarðar. Það eru margar fleiri ástæður, sem hér koma til greina, t. d. eins og það, að það er hægt að hafa símasamband 22 tíma á sólarhring til Eskifjarðar, en 9 klst. á sólarhring til Fáskrúðsfjarðar.

Það er ekki borið á móti þessu. Eina ástæðan, sem færð er fyrir því að breyta nú til og færa þennan hreppshluta yfir í Búðahérað, er sú, að það sé auðveldara að gera skýrslur á hagstofunni með því móti að haga þessu þannig, að hver hreppur um sig heyri í heilu lagi til sama læknishéraði; það sé auðveldari skýrslugerð. Ég hef nú kynnt mér það, hvaða skýrslugerð hér er um að ræða, og það er aðallega skýrslugerð um mannfjölda í hverju læknishéraði um sig. Það eru skýrslur um dána og fædda. Á hinn bóginn verða sjálfar heilbrigðisskýrslurnar auðvitað að gerast með allt öðru móti og á vegum landlæknis, og þær koma þessu máli ekkert við.

Nú ber ég ekki á móti því, að það muni vera dálítið þægilegra og spara örlítið verk, — ég skal ekki gizka á, hvað það er, það getur verið tveggja tíma verk fyrir einn mann, sem hægt væri að spara með því að hafa þetta þannig, að þessi hreppshluti tilheyrði Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði í staðinn fyrir Eskifjarðarlæknishéraði. En við því segi ég það, að við erum að setja lög um læknaskipun, en ekki lög um skýrslugerð, og það sýnist mér vera höfuðatriðið í þessu. Þess vegna get ég ómögulega skilið það, að það þurfi að vera að gera það að nokkrum ágreiningi eða vekja nokkra óánægju um þetta. Það fólk, sem hér á hlut að máli, vill endilega fá að vera áfram í Eskifjarðarlæknishéraði, og ég get ekki séð, að hér sé um slíkan verksparnað að ræða eða slíka verkatöf að ræða við skýrslugerð, að það þurfi þess vegna að ganga á móti vilja þess og lögleiða, að byggðahlutinn skuli tilheyra Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði.

Nú er því haldið fram, að það sé gert ófyrirsynju að vera að finna að þessu og þetta sé gert vegna þess, að í lögunum standi, að þessir íbúar eigi rétt til þess að sækja lækni á Eskifjörð áfram, ef þeim svo sýnist, lagabreytingin sé í raun og veru form eitt og þess vegna taki því ekki að vera að gera veður út af þessu. En frá mínu sjónarmiði er þetta nú ekki alveg svona einfalt, vegna þess að læknishérað er ekki bara samfélag um lækni. Læknishérað er líka eins konar eining í heilbrigðismálum. T. d. á læknishérað að standa saman um læknisbústað og sjúkraskýli, ef það kemur til. Og þessu fólki finnst, að ef þessu sé breytt þannig, að það tilheyri orðið Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði, þá sé það orðið hálfgert utanveltu í Eskifjarðarlæknishéraði. Ef t. d. kemur til með læknisbústað eða sjúkraskýli í Eskifjarðarlæknishéraði, þá sé ekki ætlazt til þess, að þetta fólk eigi þar hlut að. Þó er það einmitt vilji þess að vera þar með. Mér finnst þetta rök, sem eigi að taka til greina í þessu máli, og mér finnst það langt frá því nokkur knýjandi nauðsyn að vera að lögbjóða þessa breyt., þar sem íbúarnir í þessu byggðarlagi mjög gjarnan vilja fá að vera áfram í héraðinu eins og verið hefur.

Ég vildi þess vegna fara fram á það við hv. deild, að hún gæti fallizt á að samþykkja ekki þessa brtt., sem hér liggur fyrir, og samþ. þá aðeins varatill., en hún er eins konar leiðrétting á frv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það er að vísu óþarfi fyrir mig að skýra brtt. þá, sem komin er fram frá n. og hér er til umræðu, enda hefur hv. frsm., 2. þm. S-M., ekki séð ástæðu til þess að gera sérstaka grein fyrir henni við þessa umr., því að brtt. er svo auðsæ. En ég vil hins vegar út af ræðu hæstv. ráðh. segja hér nokkur orð.

Ef þau rök, sem hæstv. ráðh. ber fram til stuðnings sínu máli, eiga að gilda fyrir það fólk, sem býr á því svæði, sem hér um ræðir, þá eiga þau einnig að gilda um alla þá íbúa, sem búa á þeim 18 stöðum, sem um ræðir í 2. gr. Það er ekki hægt að gera hér neitt upp á milli. Þessi sömu rök eiga við hvert eitt einasta af þeim læknishéruðum, sem tekin eru upp í 18 liðum í 2. gr. frv. Þessi atriði öll voru gaumgæfilega athuguð og rædd í upphafi, þegar málið lá fyrir þessari hv. d. Þessi ákvæði, sem voru í frv. frá upphafi, voru einmitt sett inn vegna ákveðinnar óskar frá hagstofustjóra, sem lagði megináherzlu á, að hvergi væri hreppi skipt, þegar takmarkað væri læknishérað, heldur yrðu hrepparnir látnir halda sér óskiptir í hinu ákveðna héraði, vegna þess að þá væri miklu hægara og kostnaðarminna fyrir hagstofuna að gera skýrslur þær, sem henni væri falið að annast í sambandi við heilbrigðismálin, og það væri stórkostleg fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð og fyrir hagstofuna, að þessu yrði þannig komið fyrir. Þess vegna finnst mér sitja illa á sjálfum hæstv. fjmrh., sem er yfirmaður þessarar stofnunar, að hann einn af öllum hv. þm. skuli nú rísa upp og krefjast þess

að hafa einhver sérréttindi í þessu máli fyrir sig og sitt kjördæmi. (Fjmrh.: Það getur kostað 30 kr. á ári.) Vill ekki hæstv. ráðh. bíða, þar til hann talar hér, og ekki vera að grípa fram í? — Ég skil satt að segja ekki afstöðu hæstv. ráðh. í þessu máli. Hann, sem er yfirmaður þessarar stofnunar, hefur gert kröfu um það til annarra hv. þm., að þeir fallist á, að þessu skuli þannig komið fyrir, svo að hann sem fjmrh. geti komizt af með að greiða minna fé úr ríkissjóði, eins og honum ber skylda til. En þegar hann svo er búinn að fá aðra hv. þm. til þess að fallast á þetta, þá rís hann sjálfur upp og krefst þess, að hann fái annan og miklu meiri rétt fyrir sig og sitt umdæmi. Ef það væru nokkur heilbrigð rök fyrir þessum málflutningi hjá hæstv. ráðh., þá ætti hann að krefjast þess, að þessi tilhögun, sem gilda skal um þetta eina hérað, gilti einnig um öll þau 18 héruð, sem um er rætt í 2. gr. frv. Þá væri a. m. k. samræmi í afgreiðslu málsins.

Hér er ekki um annað að ræða en að láta sömu lög og sama rétt ganga yfir íbúa allra héraða, hvar sem þau eru á landinu og hver sem er fulltrúi þeirra, hvort sem fulltrúi þeirra er framsóknarmaður eða af einhverjum öðrum flokki, hvort sem hann er ráðherra eða aðeins þm. án ráðherratignar. Og samþingismaður hæstv. fjmrh., 2. þm. S-M., hefur haft á þessu fullan skilning. Hann hefði sannarlega óskað eftir því, að umbjóðendur hans fengju að hafa þann rétt, sem þeir höfðu áður, og hann sótti það mjög fast í n. En hann beygði sig fyrir þeim rökum, sem fram komu, þeim sömu rökum sem hæstv. ráðh. vill ekki beygja sig fyrir. Þess vegna legg ég til, að aðaltill., eins og hún er í þskj., verði samþykkt til þess m. a. að rjúfa ekki það samkomulag, sem gert var meðal allra þm., að undanskildum hæstv. fjmrh., um að koma á því kerfi, sem hagstofan óskaði eftir, og spara ríkissjóði allmikla upphæð án þess að skerða læknaþjónustuna í héruðunum og leyfa þar engan útúrborungsháttt á einn eða annan hátt.

Þegar við svo komum að hinu, að það sé verið að veikja öryggi þessara manna, sem í héraðinu búa, þá er það byggt á hreinum misskilningi. Ef nokkuð mætti segja um það, þá er verið að tryggja öryggi þeirra, en ekki veikja það. Og það var þess vegna, að við, sem áttum að gæta hagsmuna ýmissa manna úti á landsbyggðinni, féllumst á þessa breytingu, að þessir menn eiga fullkominn rétt á að sækja lækni: í fyrsta lagi í það hérað, sem þeim er skipað í, og auk þess í annað hérað, og fá þeir þar með tvöfaldan rétt til læknisþjónustu. En það er þessi tvöfaldi réttur, sem hæstv. ráðh. vill taka af sínum umbjóðendum, líklega af því, að hann hefur ekki skilið kjarna málsins eða einhverjir ágætir fylgismenn hans þar eystra hafa óskað mjög eftir því, að hann berðist fyrir þessu máli.

Í Barðastrandarsýslu er m. a. með þessu ákvæði tekinn hluti af Barðastrandarhreppi undan Flateyjarhéraði, sem er langsamlega minnsta héraðið í landinu og mátti sannarlega ekkert við því, að það væri skert á nokkurn hátt. Það hefur verið nægilega erfitt að fá lækni í þetta hérað, þó að það væri ekki verið að skerða það. En það var gert að sameiginlegu ráði landlæknis og hagstofunnar. Þessi hluti hreppsins, þ. e. Hjarðarnesið, með þeim íbúum, sem þar búa, er færður frá Flateyjarhéraði og settur undir Patreksfjörð. Um leið er íbúunum gefinn réttur til þess að sækja lækni áfram til Flateyjar, eins og þeir höfðu áður gert, auk þess að eiga rétt til að mega sækja lækni til Patreksfjarðar.

Ég hef hér sýnt fram á, að það er ástæðulaust að ætla sér að fara að breyta þessu ákvæði nú og taka upp aðra reglu fyrir eitt ákveðið hérað, og vænti, að hv. deild fallist á þá skoðun. (Gripið fram í.) Það er ekki blekking, að það sé kallað læknishérað, það er síður en svo. Læknishéruðin halda sér eins og ákveðið er í lögunum, og íbúarnir hafa sömu skyldur í sambandi við byggingu sjúkraskýla og sjúkrahúsa og íbúar þeirra héraða, sem samkvæmt þessum lögum hafa aðeins rétt til þjónustu frá einum héraðslækni, þótt þeir hafi hins vegar rétt til þess að mega sækja lækni einnig til annarra héraða. Það er hér ekki um neina blekkingu að ræða. Það er síður en svo. Það er fyrst blekking, ef það á að fara að gera þessa undanþágu fyrir eitthvert ákveðið hérað, en halda hinni stefnunni fyrir þau 17 héruð önnur, þar sem þessi regla á að gilda samkv. 2. gr. frv.

Ef hins vegar felld er aðaltillaga n., er samt sem áður nauðsynlegt að samþykkja varatill., vegna þess að þá er ekki hægt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Það væri svo mikil fjarstæða að láta þá 14. töluliðinn standa í 2. gr. frv., ef ekki er breytt orðalagi 40. og 41. töluliðar, og það var m. a. þess vegna, sem þessum umræðum var frestað hér í þessari hv. deild, að það var engan veginn hægt að láta frv. verða að lögum með því orðalagi, sem er í 2. gr. Þess vegna er nauðsynlegt að samþ. varatill., ef aðaltill. verður felld.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, en það er sýnilegt, að með ósk hæstv. ráðh. eiga hér að gilda einhver önnur lög fyrir hans kjósendur en fyrir kjósendur almennt í landinu.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins fáein orð. — Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði krafizt þess af öðrum, að þeir féllust á, að læknishéruðum yrði skipað niður eftir hreppaskipaninni. Þetta er alveg úr lausu lofti gripið. Ég hef ekkert komið nærri undirbúningi þessa máls og á engan mann skorað að fallast á slíkt. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm.

Hv. þm. segir, að ef það væri fallizt á þá skipan, sem nú er í frv. um þetta læknishérað, Eskifjarðarlæknishérað, þá mundi það kosta stórfé. Ég get ekki gert áætlun um það. Ég get nú ekki hugsað mér, að það kosti meira en 20—30 kr. á ári eða um það bil að gá að því, hvaða breytingar hafi orðið á mannfjölda á þessum heimilum, sem hér eiga hlut að máli.

Hv. þm. segir, að það gildi nákvæmlega sama um 18 læknishéruð. Um það get ég ekki dæmt, og um það getur hann áreiðanlega ekki heldur dæmt. Hann er ekki svo kunnugur staðháttum, að hann geti fullyrt um það, að það sé nákvæmlega eins ástatt um þetta hérað, sem ég var að lýsa áðan, og um ýmsar aðrar sveitir eða hreppshluta, sem þetta frv. snertir. Ég held þess

vegna, að það sé ekki hægt að fullyrða neitt um þetta. Hitt veit ég, að það er eðlilegra, að þessi hreppshluti tilheyri áfram sama læknishéraði og verið hefur, og þess vegna hef ég leyft mér að leggja það til og fengið það samþ. í Nd. og vonast eftir, að hv. d. fallist á að láta það standa.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. ráðh. hefur upplýst hér, að það hafi ekki verið eftir hans ósk, að væri verið að spara ríkissjóði þau útgjöld, sem eru samfara þeim breytingum, sem hér er verið að ræða um. Mér þykir mjög leitt, að hæstv. ráðh. skuli hafa gefið slíka yfirlýsingu. Hún sannar, að hann fylgist ekki sérlega mikið með þeim stofnunum, sem heyra undir hans ráðuneyti. Þó er vitað, að ráðh. gerir árlega kröfur til hv. fjvn. og stofnananna um að gera allt til þess að draga úr kostnaði við reksturinn. En nú er hér upplýst, að sjálfur hæstv. fjmrh. veit ekkert um, hvernig þessum málum er stjórnað, og honum er það alveg óþekkt fyrirbrigði, að stofnun, sem heyrir undir hans ráðuneyti, gerir tillögur um stórkostlegan sparnað í rekstri, sem betur má fara. — Ég held nú, að hann sé að segja ósatt hér um sitt ágæta starf. Ég held, að hann hljóti að hafa vitað um þetta og hann hafi einmitt staðið, sem eðlilegt er, á bak við slíka sparnaðarráðstöfun; það sé bara eitthvað, sem hann hefur gleymt að skýra frá hér í dag.

Það er þó ekki það, sem er afgerandi í þessu máli, sem hér er til umræðu, hvort það kostar nokkrum krónum meira eða minna fyrir ríkissjóðinn að samþykkja, að eitt hérað skuli hafa hér sérstöðu, heldur hitt, sem er kjarni þessa máls, að ef á að taka þessa stefnu upp í einu læknishéraði, þá á að taka hana um allt land. (**Dómsmrh.:** Ég er sammála því.) Já, þá á að taka hana um allt land, og hvað kostar það þá ríkissjóðinn? (**Dómsmrh.:** Eigum við ekki að vísa þessu til stjórnarinnar? — **Fjmrh.:** Kannske 300 kr. eða eitthvað svoleiðis.) Hér er um stjórnarfrv. að ræða, og það hefur verið lögð á það mjög mikil áherzla af hagstofunni og landlækni, að málið næði fram að ganga, m. a. til þess að spara ríkissjóði ákveðin óþarfaútgjöld, eins og ég gat um áðan.

Ég skal svo ekki að öðru leyti ræða frekar um málið. Málið liggur alveg ljóst fyrir, og ég vona, að þessi hv. d. haldi sér að því að skapa hér hinum ýmsu mönnum í landinu sömu lög, en gefa ekki einum meiri rétt en öðrum, eins og hér er hugsað að gera samkv. kröfu hæstv. ráðherra.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hef fylgzt með þessum umræðum af athygli, og ég hef sannfærzt um það, að það frv., sem hér liggur fyrir, er byggt á algerlega röngum meginskoðunum. Mig grunaði það raunar frá fyrstu, en hef fengið alveg skýrar sannanir fyrir því nú, að það er verið að skipta landinu eftir því, sem hagkvæmast er að telja saman á einhverjum „stórum vélum", sem talað hefur verið um, niðri á hagstofu, en ekki eftir því, sem hagkvæmast er fyrir fólkið að sækja lækna. Ég álít, að það síðara sé það eina sjónarmið, sem hér komi til greina, og að hitt sé hrein fásinna.

Það er að vísu sagt, að menn eigi rétt til þess að sækja lækni í fleirum en einu læknishéraði og þetta komi þá einungis til greina varðandi læknisbústaði, sjúkraskýli og annað slíkt. En ef þessar hagfræðiskýrslur eiga að hafa þýðingu, þá hlýtur það fyrst og fremst að vera sem undirstaða undir ákvörðun um það, hvort eigi að byggja læknisbústaði, sjúkraskýli og gera aðrar slíkar ráðstafanir, og ég get ekki séð annað en að það hljóti að verða alveg vitlausar niðurstöður, sem út úr þessum útreikningum komi, þar sem forsendurnar eru svo gersamlega brjálaðar sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég held, að það þurfi að endurskoða þetta mál allt frá upphafi og eigi alls ekki að koma til greina að samþykkja að skipta landinu upp í læknishéruð einungis eftir því, sem bezt kemur sér að telja menn saman á reikningsvélum, heldur sé farið eftir því eingöngu, hvernig fólkið geti bezt náð sér í lækni og á sem hagkvæmastan hátt.

Ég vildi því leggja til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Því miður var ég á fundi á öðrum stað hér í húsinu og hef ekki getað fylgzt með þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. En eftir ræðu hæstv. dómsmrh. virðast umræðurnar hafa farið inn á alleinkennilega braut og eitthvað einkennilegar skoðanir, sem hafa verið túlkaðar hér í sambandi við frv. um læknaskipunarlög, sem er búið að ganga í gegnum sex umræður í þinginu.

Það er dálítið einkennileg málsmeðferð, sem þetta frv. ætlar að fá, ef nú, eftir að búið er að samþ. frv. við sex umræður í báðum deildum, er komin ástæða til þess að vísa málinu til ríkisstj., vegna þess að málið sé flutt á skökkum forsendum og í slíku formi, sem ekki samrýmist almenningsheill. Það verður að upplýsast, og það er revndar öllum hv. þm. ljóst, að þetta frv. hefur verið til athugunar í hv. heilbr.- og félmn. beggja deilda, og ég held, að þeir, sem hafa athugað frv., hafi gert sér það fyllilega ljóst, að frv. er sniðið fyrst og fremst með það fyrir augum að gera fólkinu í landinu, hvar sem það býr, sem auðveldast að ná til læknis. Hitt er svo ágætt, ef það getur farið saman að auðvelda fólkinu að ná til læknis og að auðvelda bókhaldið hjá hagstofunni. Og þar sem það getur farið saman, er að því stuðlað. En af því að það tókst nú ekki að láta það fara alls staðar saman, þá eru nokkrir hreppar þannig, að þeir eiga jafnan rétt til tveggja lækna.

Sú till., sem hefur valdið þessum umræðum, var samþ. í Nd. og flutt af hæstv. fjmrh. í sambandi við Eskifjarðarlæknishérað, og það eru 8 bæir, sem þar er um að ræða. Hæstv. fjmrh. segir, að það sé eðlilegra, að þessir 8 bæir vitji læknis í Eskifjarðarhéraði. Hagstofustjóri heldur því hins vegar fram, að það hæfi betur fyrir hans bókhaldsvélar, að þessir 8 bæir séu í Reyðarfjarðarhéraði. Þegar þessi till. var til umræðu í Nd., þá blandaði ég mér ekkert í málið, vegna þess að mér fannst þetta ekki vera stórmál út af fyrir sig, og lét það kyrrt liggja. Og ég býst við, að þessi hv. d. hefði ekki séð ástæðu til að flytja

till. til breyt. á frv., ef frv. hefði ekki eigi að síður orðið að fara aftur til Nd. vegna smávegis prentvillu, sem í frv. er. Og það er vegna þess, að það verður að fara til Nd. aftur, að hv. félmn. í þessari d. hefur flutt þessa brtt., en ekki af því, að n. eða d., að ég hygg, áliti þetta það stórmál, að það væri þess vegna tilvinnandi að fara að hrekja málið á milli deilda.

Ég mótmæli því alveg, að frv. verði vísað til ríkisstj. Ég tel eðlilegt, að frv. verði gert að lögum, og ég tel allt annað til vansæmdar hv. Alþingi. Það er búið að samþ. kjarna frv. við sex umræður, og nú við þessa umr. er verið að deila um hreint aukaatriði. Ég ætla ekkert við þessa umr. að leggja til um það, hvort brtt. verður samþ. eða ekki. Það er smámál frá mínu sjónarmiði séð í hv. Ed., eins og það var í Nd.

Ég veit, að þessi hv. d. hefur ekki skipt um skoðun, frá því að frv. var hér áður til umr., og að hún mun samþ. frv., annaðhvort óbreytt eða með því að samþ. brtt., sem flutt hefur verið.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BBen, AE.

**nei:** FRV, KGunn, HG, IngF, JK, LJóh, SÓÓ, VH, BSt, GíslJ.

5 þm. (BrB, HermJ, JJós, KK, PZ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gísli Jónsson:** Ég tel sjálfsagt, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, og álít, að það sé ekki ástæða til þess að vísa málinu til ríkisstj. fyrir þann ágreining, sem kemur fram á þskj. 506. Ég segi því nei.

Brtt. 506 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KGunn, HG, IngF, GíslJ.

**nei:** JK, LJóh, SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, FRV.

5 þm. (KK, PZ, BrB, HermJ, JJós) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til meðferðar fyrr í hv. d., þá hafði ég það helzt við frv. að athuga, að sú skipting í læknishéruð, sem frv. gerir ráð fyrir, er ekki að öllu leyti raunveruleg. Ég gerði tilraun til þess að laga þetta nokkuð að því er skipti milli tveggja læknishéraða snerti, og náði það ekki fram að ganga. Nú virðist mér þessi brtt. hér ganga í sömu átt, að hafa skiptinguna á milli tveggja læknishéraða á Austurlandi aðeins á pappírnum. Ég álít, að það sé miklu réttara, úr því að viðurkennt er, að þessir menn, sem hér um ræðir, eiga hægra með að sækja lækni í sitt gamla hérað, að þeir tilheyri þá því héraði, og segi nei.

Brtt. 506, varatill. samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 66. fundi í Nd., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 513).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

---

## 24. Fjáraukalög 1952.

Á 22. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt:

**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1952** [119. mál] (stjfrv., A. 247).

Á 24. fundi í Sþ., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 469).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Fjvn. fól mér að hafa framsögu í sambandi við nál. hennar á þskj. 469, sem er um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1952.

Ég tel óþarft að hafa þessa framsögu langa. Samkvæmt 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar eru fjáraukalög samin og lögð fyrir Sþ. Hins vegar eru ríkisreikningarnir lagðir fyrir deildir Alþ. til samþykktar. Augljóst er, að þegar ákvæðin um fjáraukalög urðu til, hefur verið gengið út frá því, að hægt væri að afgreiða þau með þeim hætti, að fjárveitingar yrðu að mestu samhliða eða áður en l. væru afgreidd. Nú er hraði framkvæmda orðinn svo mikill, að þetta er ekki hægt og fjáraukalög eru ekki til umr. á Alþ. fyrr en árum eftir að greiðslur fjáraukalaganna eru um garð gengnar og fár minnist þeirra lengur frekar en étins matar eða slitinna klæða. Hins vegar liggur þá ríkisreikningurinn fyrir deildum Alþ., sundurliðaður og þannig upp settur, að skýrt kemur þar fram við hvern lið, hvað hann hefur átt að vera hár samkvæmt fjárlögum. Með athugun reikningsins fæst bæði greinilegt yfirlit um umframeyðslu og einnig sést þar, ef sparnaður hefur orðið á einhverjum lið. Aukafjárlaga virðist því í raun og veru ekki þörf eins og nú er komið nema til þess að fullnægja gömlu formi, sem stjórnarskráin fyrirskipar. Komast mætti af með afgreiðslu ríkisreikningsins, eins og hann er upp settur og út gefinn. Kemur það til athugunar, ef stjórnarskráin verður einhvern tíma endurskoðuð og henni breytt, að athuga ákvæði hennar um fjáraukalögin, en meðan ákvæðin standa, ber auðvitað að fylgja þeim. Aftur á móti verður af framangreindum ástæðum spursmál, hve fjáraukalögin eiga að vera ýtarlega sundurliðuð, hve mikið verk á að leggja í að taka upp í þau smærri atriði til skilgreiningar.

Um það frv. til fjáraukalaga, sem hér er til umræðu, er það að segja, að eins og oftast mun hafa verið í seinni tíð, þá er útgjaldahækkunin, sem orðið hefur frá fjárlögunum á hverri aðalgrein fjárlaganna, færð inn á fjáraukalögin samkvæmt frv. í heildarniðurstöðum hverrar greinar. Og því er með fjáraukalögunum leitað útgjaldaheimildar fyrir heildarhækkun greinanna í einni tölu, en ekki sundurliðað fyrir hvern lið innan greinar, eða sýnt, á hverjum kann að hafa orðið lækkun frá fjárlögum og sú lækkun þá dregin frá heildarhækkun greinarinnar. Ríkisreikningurinn 1952 sýnir þetta hins vegar, og þar geta hv. þm. og aðrir athugað það, ef þeir vilja. Hann er nú staddur hjá fjárhagsnefnd Ed. Fjvn. flytur enga brtt. við frv. út af þessu, en ég nefni það af því, að frv. hefði getað verið nákvæmara að þessu leyti, en með því móti hefði það orðið meira fyrirferðar og kostað meiri vinnu af hendi þeirra, er sömdu það. Má líka líta svo á, að það sé nógu nákvæmt eins og nú er komið, sbr. það, sem ég hef áður sagt um þýðingu þess.

Brtt. frá fjvn. við frv. eru á þskj. 469. Um þær hef ég þetta helzt að segja:

1. brtt. er afleiðing síðustu brtt. Þar kemur fram samtala viðbótargjalda fjáraukalagafrv., eftir að fjvn. hefur leiðrétt það með tillögum sínum.

2. brtt., a-liður, stafar af því, að samkvæmt ríkisreikningi 1952 voru brúttótekjur skólabúsins á Hólum kr. 10872.87 minni en tekið er upp í frv. — Brtt. b og c eru í sambandi við 20. gr. fjárlaganna, bæði út og inn. Þegar meta skal, hvað koma skuli á fjáraukalög af því, sem fært er á 20. gr., þá er það umdeilanlegt nokkuð, því að þessari grein tilheyra upphæðir, svo sem lán, sem tekin eru til þess að endurlána, geymslufé milli ára og því um líkt.

Brtt. n. eru fram komnar eftir nákvæma athugun, sem n. gerði og fjmrn. féllst á að gerðar yrðu. Verði þær samþykktar, er 20. gr. gerð upp í sambandi við þetta frv. eftir sömu reglum og lagðar voru til grundvallar í fyrra á Alþingi eftir till. fjvn. við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir 1951.

Síðasta brtt., 2.d, er afleiðing hinna, það er breytt samtala vegna breyttra upphæða innan samlagningarinnar.

Um hækkun þá, sem orðið hefur á einstökum greinum frá fjárlögum, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða, enda of langt um liðið til þess, að áhugaefni sé, borið saman við það, sem líðandi stund leggur til af umræðuefni.

Samgöngumál á sjó og vegamál og kennslumál, stjórn ríkisins og dýrtíðarráðstafanir eru með hæsta umframtölu á frv. Simann tel ég ekki með, af því að hann meira en bar sig vegna umframtekna.

Af því að útgjöld samkv. 22., 23. og 24. gr. fjárlaganna eru færð inn á hinar ýmsu greinar og hækka þær á frv., þá má síður en svo líta þannig á, að greitt hafi verið í heimildarleysi frá Alþingi allt, sem fjáraukalagafrv. hljóðar um. Sjálfsagt má deila um einhverjar umframgreiðslur og réttmæti þeirra, en það er komið sem komið er, og við að rýna í ríkisreikninginn 1952 hefur mér fundizt, að eftir atvikum væri ekki um að fást það, sem setja hefur þurft á frv. þetta til fjáraukalaga. Og eins og hið prentaða álit fjvn. á þskj. 469 ber með sér, leggur n. ágreiningslaust til, að frv. verði samþ. með þeim leiðréttingum, sem þar eru skráðar og ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 469,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 469,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 502).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

## 25. Lækningaferðir.

Á 44. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um lækningaferðir** [70. mál] (stjfrv., A. 441).

Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um lækningaferðir.

Eins og kunnugt er, þá hefur að undanförnu tíðkazt, að augnlæknar færu út um land á sumrin til þess að auðvelda fólki úti um byggðina að ná til þeirra. Sérfræðingar eru yfirleitt ekki búsettir úti á landsbyggðinni. Þeir eru sem sagt eingöngu hér í Reykjavík og aðeins örfáir á Akureyri. Því var það fyrir nokkrum árum tekið upp, að augnlæknar ferðuðust umhverfis landið einu sinni á ári og gæfu fólki kost á því að ná til þeirra þar.

Þetta frv. ætlast til þess, að fleiri sérfræðingar taki upp þann hátt, sem augnlæknar hafa áður gert, þ. e. háls-, nef- og eyrnalæknar og tannlæknar, en slíkir sérfræðingar eru ekki búsettir úti á landi, eins og áður er sagt. Með þessu frv. er ætlazt til, að það sé tekin upp fjárveiting á fjárlögum árlega í þessu skyni, til þess að mæta að nokkru leyti þeim kostnaði, sem þessar ferðir hafa í för með sér. Á núgildandi fjárlögum eru 7200 kr. í því skyni að auðvelda augnlæknunum að komast út á land og hafa samband við fólkið, og ef háls-, nef- og eyrnalæknum og tannlæknum væri bætt þarna við, þá mætti gizka á, að það þyrfti að þrefalda þessa upphæð, til þess að lögin næðu tilgangi sínum. Og það er náttúrlega ekki nein stór upphæð, en gæti haft hins vegar ákaflega mikla þýðingu fyrir fólkið úti í

hinum dreifðu byggðum að eiga þess kost að fá þessa sérfræðinga til sín.

Það er nú orðið áliðið þingsins, og má segja, að frv. komi nokkuð seint fram. En vegna þess, hvað þetta er lítið frv. í sjálfu sér og einfalt og ber lítinn kostnaðarauka í för með sér, en er þó þýðingarmikið, þá vil ég samt gera mér vonir um, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þótt það sé seint fram komið. Ég leyfi mér að fela hv. d. frv. til afgreiðslu og leyfi mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 441, 463).

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Þetta frv. um lækningaferðir er stjfrv. og var lagt hér fram í deildinni fyrir skömmu.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og leitað umsagnar landlæknis. Hann mælir eindregið með samþykkt þess, enda mun hann sjálfur hafa samið frv. og hlutazt til um flutning þess. Nefndin leggur þá einnig til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eins og kunnugt er, hefur á vegum heilbrigðismálastjórnarinnar verið haldið uppi skipulögðum ferðum augnlækna um landið um árabil. Þetta fyrirkomulag hefur mælzt vel fyrir og þótt skapa bæði þægindi og aukið öryggi fyrir fólkið úti á landi. Með þessu frv., ef að lögum verður, er tveimur þáttum bætt við. Það yrðu þá teknar upp skipulagðar ferðir sérfræðinga í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum og einnig tannlækna.

Á fjárlögum yfirstandandi árs munu veittar rúmar 7000 kr. til ferða augnlæknanna, og það bendir til þess, að ekki ætti að verða af þessu stór kostnaðarauki.

Ég hygg, að þetta sé svo einfalt mál og augljóst, að ástæðulaust sé að fjölyrða um það. Eins og ég tók fram áðan, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og fékk skjóta afgreiðslu þar. Það má segja, að þetta sé ekki stórt frv., en ég hygg þó, að það geti verið allþýðingarmikið og komið að góðum notum fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

Eins og kunnugt er, þá hafa átt sér stað augnlækningaferðir út um land undanfarin ár. Sérfræðingar í augnlækningum hafa farið frá Reykjavík á ýmsa staði á landinu, auglýst þær vel, áður en ferðirnar eru farnar, og fólk úr fjarlægum byggðum hefur svo komið og notið lækn isaðgerða. Þetta hefur sparað mikinn kostnað, miðað við það, að allir hefðu þurft að fara til Reykjavíkur eða Akureyrar, þangað sem augnlæknarnir eru búsettir.

Þetta frv. gerir ráð fyrir, að háls-, nef- og eyrnalæknar og tannlæknar taki einnig upp slíkar ferðir, eins og augnlæknarnir hafa gert, í því skyni að auðvelda fólki að ná til þessara sérfræðinga, sem eru aðeins búsettir í Reykjavík og örfáir á Akureyri.

Það er nú svo, að á yfirstandandi fjárl. eru 7200 kr. ætlaðar sem styrkur vegna augnlækningaferða. Ef gert væri ráð fyrir að þrefalda þessa upphæð vegna þess, að nú koma einnig tannlæknar og háls-, nef- og eyrnalæknar, þá yrðu þetta rúmar 20 þús. kr., sem þyrfti á fjárl. í þessu skyni til þess að fullnægja því á sama hátt og áður hefur verið gert. Nú vil ég ekkert fullyrða um það, hvort þetta er nóg, hvort ekki þyrfti að ætla eitthvað hærri upphæð en verið hefur, en ég hygg þó, að þetta geti verið nokkur mælikvarði og vísir til þess, að ekki verði hér um stórkostleg útgjöld að ræða. Hitt er svo vitað mál, að þetta er nauðsynlegt. Það sparar ákaflega mikla fyrirhöfn og ærinn kostnað fólki úti á landi, sem annars þyrfti að leita til sérfræðinganna hér í Rvík. Það hefur verið talað við sérfræðingana um þessi mál, og þeir eru fúsir til þess að leggja sig fram í þessu skyni, og er það vel.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að svo stöddu. Vænti ég þess, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja frv., svo að það megi verða að l. nú, og ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 441, n. 554).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

## 26. Hegningarlög.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940** [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Um hin almennu hegningarlög gildir það framar flestum öðrum lögum, að hin mesta nauðsyn er á, að vel sé til þeirra vandað og þau séu í sem beztu samræmi við þjóðfélagshætti og réttarmeðvitund almennings á hverjum tíma. Hegningarlög þau, sem við eigum nú við að búa, eru frá 1940 og því tiltölulega ung, enda verður ekki talið, að þau séu enn orðin úrelt í neinum höfuðatriðum eða samsvari ekki í öllu verulegu kröfum tímans. Með núgildandi hegningarlögum voru gerðar margar og mikilvægar breytingar frá því, sem áður gilti, enda leystu þau af hólmi hegningarlög frá 1869, sem voru, eins og við var að búast, orðin úrelt í mörgum greinum og voru miðuð við aðrar stefnur og sjónarmið í refsimálum en síðar hafa rutt sér til rúms.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan hegningarlögin frá 1940 komu í gildi, hefur fengizt allmikil reynsla, sérstaklega í dómframkvæmd, um einstök atriði laganna, m. a. um nýmæli þau, er í þeim fólust. Á þessum tíma hefur einnig farið fram endurskoðun hegningarlaga í ýmsum löndum, þar á meðal á Norðurlöndunum þremur, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þar sem fastar nefndir refsilagafræðinga hafa á undanförnum árum unnið að endurskoðun hegningarlaga. Hefur það leitt til þess, að ýmsir kaflar hegningarlaga þeirra landa hafa nú verið færðir í nýtt horf.

Ég hef talið, að tímabært væri einnig hér á landi að taka hegningarlögin til endurskoðunar og gera á þeim þær endurbætur, sem teljast mega nauðsynlegar eða heppilegar, miðað við þá reynslu, sem þegar er fengin af þeim, og með hliðsjón af þeim nýjungum í refsimálefnum, sem á síðustu tímum hafa rutt sér til rúms erlendis og til bóta þykja horfa. Af þessum sökum skipaði ég árið 1952 n. þriggja manna til að vinna að þessum málum, þá hæstaréttardómarana Jónatan Hallvarðsson og Þórð Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor í refsirétti við háskólann. Hafa þeir síðan jafnframt öðrum störfum sínum unnið að endurskoðuninni og samið frv. það, sem hér liggur fyrir. Kemur það í stað VI. kafla hegningarlaganna, um skilorðsbundna refsidóma, og 30. gr. laganna, um heimild dómsmrh. til að fresta ákæru eða láta saksókn niður falla með tilteknum skilyrðum. Raska þessi ákvæði frv. ekki að neinu leyti öðrum fyrirmælum hegningarlaganna, og eru þau svo sjálfstæð, að leiða má þau í lög, þó að endurskoðun laganna að öðru leyti sé ekki lokið.

Það kom til álita, hvort bíða ætti með þetta frv., þangað til allri endurskoðun laganna væri lokið, en bæði mér og nefndarmönnum sýndist það einsætt, að með því væri skapaður alveg óþarfur dráttur. Þetta frv. er alveg sjálfstæð heild, þó að það fjalli um sérstakan kafla hegningarlaganna, og ef menn á annað borð telja, að í því felist réttarbætur frá því, sem nú er, þá er vinningur við að fá þær sem fyrst. En greinilegt er, að endurskoðun hegningarlaga er svo vandasamt verk, að það hlýtur að taka alllangan tíma, jafnvel mörg ár. Ég ætla því, að það sé fyrir allar sakir heppilegra að leggja jafnóðum fram þá einstöku kafla, sem lokið er við endurskoðun á, heldur en að geyma allt til einnar meðferðar, enda eru meiri líkur til þess, ef þetta er tekið í slíkum hlutum, að þá átti almenningur sig betur á málinu, geri sér frekar grein fyrir, í hverju breytingarnar eru fólgnar, og eins fari hér á Alþingi, að menn fái frekar yfirlit um það, hvað er að gerast, hverjar brtt. eru. En vitað er, að ef lagður er fram svo stór lagabálkur og torlesinn sem hegningarlög í heild, þá er öllum almenningi og raunar þingmönnum ofætlun að setja sig inn í það, svo að nokkru nemi. Ég efast því ekki um, að það er til bóta að hafa þennan hátt á, að n. komi frá sér jafnóðum þeim hlutum verksins, sem hún lýkur, og síðan séu þeir lagðir fyrir Alþ. eftir þá athugun, sem dómsmrn. hverju sinni telur heppilegt að fram fari, og þá breytingar gerðar á af því og síðan Alþ., eftir því sem samkomulag verður um.

Í athugasemdum við þetta frv. er gerð ýtarleg grein fyrir efni þess. Ég mun því láta mér nægja að skýra í stuttu máli frá höfuðstefnu þess og hinum helztu breytingum, sem það hefði í för með sér.

Skilorðsbundnir refsidómar og heimild til að fella saksókn niður með skilyrðum fór ekki að ryðja sér til rúms í Norðurálfunni fyrr en síðast á 19. öld og þó aðallega á þessari öld. Alls staðar, þar sem slík ákvæði hafa verið leidd í lög, mun það vera einróma álit manna, að hér sé um að ræða heppilega aðferð til að draga úr afbrotum, sérstaklega unglinga, en einnig eldri manna, sem leiðzt hafa til að fremja afbrot fremur af tilviljun en af því, að þeir séu afbrotamenn í eðli sínu. Skilorðsbundinn dómur veitir þeim tækifæri til að samlaga sig á ný þjóðfélaginu og getur bjargað þeim frá þeirri vanvirðu, sem því fylgir í augum þeirra sjálfra og annarra manna að sæta refsivist í varðhaldi eða fangelsi. Það er vitað, að hér á landi eins og annars staðar sleppur mikill hluti þeirra manna, sem skilorðsdóm hljóta, við refsingu, með því að þeir halda skilorðið og hverfa út af afbrotabrautinni, og er það mikill hagur, bæði fyrir þá og þjóðfélagið í heild. Mikið er og undir því komið, að eftirlitsmenn eða umsjónarmenn þeir, sem skilorðsdæmdum mönnum eru settir, styðji þá, hvetji og aðstoði á skilorðstímanum til að snúa aftur inn á réttar brautir.

Ákvæðin í 3. gr. frv., sem verður 56. gr. laganna, koma í stað 30. gr. núgildandi hegningar-

laga. Ræðir þar um heimild dómsmrh. til að fresta ákæru skilorðsbundið. Helztu breytingar hér eru þær, að heimildin til að láta ákæru eða saksókn falla niður með skilyrðum er talsvert rýmkuð frá því, sem nú gildir. Samkv. 30. gr. er nú aðeins heimilt að láta saksókn falla niður skilorðsbundið, þegar í hlut eiga unglingar á aldrinum 15—18 ára, en samkv. frv. tekur þetta til unglinga 15—21 árs. Einnig er heimilað í frv. að viðhafa þessa aðferð um eldri menn, þegar ekki er um stórfelld brot að ræða og ætla má, að aðrar ráðstafanir en refsing séu vænlegri til að koma viðkomandi sakborningi á réttan kjöl aftur og gera hann löghlýðinn þjóðfélagsþegn.

Að því er tekur til skilorðsbundinna dóma, þá eru aðalbreytingarnar frá núgildandi rétti í 4. gr. frv., sem verður 57. gr. laganna. Samkv. núgildandi hegningarlögum er skilorðsdómur í því fólginn, eins og kunnugt er, að dómari kveður upp refsidóm með tiltekinni refsingu, en ákveður jafnframt, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað um tiltekinn tíma og að refsingin skuli niður falla, ef skilorð er haldið. Þessi heimild er látin haldast í frv., en jafnframt er dómara veitt heimild til að kveða upp skilorðsdóm með öðrum hætti, þ. e. að frestað er að tiltaka nokkra refsingu í dómi. Verður aðila þá engin refsing dæmd, ef hann heldur skilorðið út skilorðstímann. Ef hann hins vegar rýfur skilorðið, er heimilt að taka málið upp að nýju og dæma þá refsingu. Þessi aðferð hefur verið mjög tíðkuð í Englandi, og hefur hún í ýmsum tilfellum þótt gefast betur en sá háttur, sem nú er í okkar lögum, að dæma refsingu, en fresta fullnustu hennar.

Þá eru og í 4. gr. frv. talin tæmandi upp þau skilyrði, sem setja má aðila í skilorðsdómi, en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að aðila séu sett tiltekin skilyrði, án þess að þau séu sérstaklega greind í lögunum. Það fer vitanlega eftir aðstæðum sakbornings og öðrum atvikum, hvaða skilyrði sett eru hverju sinni, og er gert ráð fyrir í frv., að breyta megi um skilyrði á skilorðstímanum, eftir því sem við þykir eiga og hegðun sakbornings gefur tilefni til.

Það nýmæli er í 8. gr. frv., að maður, sem dæmdur er skilorðsbundnum dómi, verður ekki sviptur réttindum samkv. 3. málsgr. 68. gr. hegningarlaganna, þ. e. kosningarrétti og kjörgengi. Markmiðið með skilorðsbundnum dómum er fyrst og fremst að veita sakborningi tækifæri til að gerast hæfur þjóðfélagsborgari að nýju, og er þá ekki rétt, að þjóðfélagið geri honum erfiðara fyrir um það með því að svipta hann réttindum.

Ég hef þá drepið á, í hverju aðalefni frv. er fólgið. En aðrar breytingar, sem það hefur í för með sér, miða flestar að því, að sakborningur sæti viðeigandi umsjón á skilorðstímanum og honum verði sett þau skilyrði ein, sem á hverjum tíma má ætla að helzt komi að notum. Læt ég að öðru leyti nægja að vísa til hinnar rækilegu grg., sem frv. fylgir. En ég tel, að hinir ágætu menn, sem frv. sömdu, hafi unnið þar mjög gott verk, þó að auðvitað geti sitt sýnzt hverjum um einstakar breytingar og tillögur í þessu máli eins og öðrum.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. allshn.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég veit ekki, hversu margir hv. þm. hafa lagt í það tíma að kynna sér það frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. dómsmrh. hefur nú mælt fyrir hér við 1. umr. Þetta er að sjálfsögðu mál sérfræðinga, sem að mörgu leyti er torskilið fyrir almenna leikmenn að skilja að fullu og öllu. En þó er það svo, að þetta mál greip mig svo, að ég hef marglesið þetta frv., sem hér var útbýtt, ekki einungis frv. sjálft, heldur og þá miklu og merkilegu grg., sem því fylgir. Mér fannst rétt strax við þessa umr. að láta í ljós skoðun mína á þessu máli, þakklæti til hæstv. dómsmrh. fyrir þá vinnu, sem hann hefur lagt í þetta merka mál, og til þeirra manna, sem hafa unnið að því.

Ég tel engum vafa bundið, að þetta sé eitt af þeim merkustu málum, sem Alþ. fjallar um fyrr og síðar. Það, sem er einna merkast, að mér finnst í þessu frv., er heimildin samkv. 3. gr. til þess að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar út af því, sem þar er fram tekið, enn fremur heimild til þess að fresta ákvörðun um refsingu samkv. 4. gr., sem er ákaflega merkilegt atriði og nýmæli í okkar refsilöggjöf, að mér skilst, í þriðja lagi ákvæðið í 4. gr. um að fresta fullnustu refsingar og svo enn ákvæði í 4. gr. um eftirlit og umsjá með afbrotamönnum, sem getur haft alveg stórkostlega þýðingu fyrir þjóðfélagið. Öll þessi ákvæði þessa frv., sem þó er ekki nema í 9 greinum, eru svo merkileg, að ég tel, að þeir menn, sem þar hafa unnið að, eigi mjög miklar þakkir skilið fyrir þeirra verk.

Það verk, sem hér hefur verið unnið, ásamt þeim fjöldamörgu náðunum, sem hafa verið framkvæmdar á undanförnum árum, er bein viðurkenning á því frá mínu sjónarmiði, að rétt sé að milda viðurlög frá því, sem nú er í hegningarlöggjöfinni. Og það er einmitt þess vegna, auk þess sem ég vildi skýra afstöðu mína til málsins, að ég tók hér til máls við þessa 1. umr.

Samkv. athugasemdunum og því, sem hæstv. dómsmrh. lýsti hér, hafa verið skipaðir þrír ágætir menn til þess að endurskoða öll hegningarlögin. Ég er hæstv. ráðherra alveg sammála um, að rétt sé sú aðferð, sem hér er beitt, að láta fara frá sér hvern kafla, jafnóðum og endurskoðun hans var lokið. Og ég sé ekki annað en að það sé gengið þannig frá þessum kafla, að það sé engin ástæða til þess að fresta framkvæmd hans og að þjóðfélagið megi þegar njóta þeirra umbóta, sem þar koma fram. En með því að hvorki í ræðu hæstv. ráðh. né í athugasemdum um frv. hefur komið fram, á hvaða braut eða eftir hvaða reglum endurskoðunin skuli fara fram eða hvaða stefna skuli þar vera mörkuð, önnur en það, sem hæstv. ráðh. þó minntist á, að samrýma þetta við umbætur annarra landa, þá vildi ég beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki sé rétt og eðlilegt að láta það koma fram í nál., hvaða stefnu Alþ. vill marka í þessum málum í þeim köflum, sem eru enn óendurskoðaðir. Það gæti m. a. hjálpað bæði hæstv. ráðh. og þeim ágætu mönnum, sem fara með þetta mál, til að kom-

ast að þeirri niðurstöðu, sem Alþ. síðar gæti fallizt á óbreytta. Ég tel, að í höfuðatriðum ætti að fara inn á þær brautir að forðast sem mest fangelsisdómana, en dæma heldur til varðhalds, sem eru miklu mildari dómar, þegar um er að ræða aðila, sem þjóðinni eru hættulegir, en annars til vistar á vinnuheimilum, sem þannig væri fyrir komið, að þau eyðilegðu ekki viðkomandi aðila, gerðu þá ekki að lakari mönnum, eins og vitanlegt er að fangelsin hafa raunverulega gert, og helzt að dómunum yrði hagað þannig, að aðili finni, að hann sé að bæta fyrir brot sitt og að hann sé ekki gerður að lakari þegni en hann var, áður en hann tók dóminn út.

Ég vildi hafa látið þetta koma fram á fyrsta stigi málsins og heyra, hvort það þætti ekki æskilegt, að einmitt kæmi fram í nál. einhver slík stefnuyfirlýsing hjá Alþ. í sambandi við þetta merkilega mál.

Ég vil svo að endingu endurtaka þakklæti mitt til hæstv. ráðh. og þeirra manna, sem hafa unnið að þessu máli, fyrir það merkilega frv., sem hér hefur verið lagt fram, og vænta þess, að það nái samþykki Alþingis.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Barð. fyrir þær mjög vinsamlegu undirtektir, sem hann veitti þessu frv., því fremur, sem ég veit, að hann hefur einmitt mikið hugsað um þessi mál og kynnt sér þau öðrum þingmönnum fremur, m. a. lagt mikla vinnu í að skoða heimili fyrir ýmiss konar vandræðafólk erlendis. Það ætti að vera óþarfi, en ég vil þó taka það fram aftur, að þakklæti fyrir frv. á fyrst og fremst að beina til þeirra þriggja ágætu manna, sem það hafa samið, en að vísu hafa haft samráð við mig um nokkur atriði. Verkið er fyrst og fremst þeirra. Ég hafði fengið þá til þess að vinna það.

Ég vil taka það fram, að það er auðvitað mjög æskilegt, ef hv. n. telur sér fært að setja sig inn í endurskoðun hegningarlaganna í heild og gefa um það leiðbeiningar. Slíkt kann þó að vera erfitt fyrir fram. Og sem betur fer, þá hygg ég, að við séum allir nokkuð sammála því, að í þessum málum eigi að hafa eins mikla linkind og hægt er, og teljum, að harðar refsingar stoði tiltölulega lítið.

Þau ár, sem ég hef verið dómsmrh., hef ég kynnzt mörgum af þeim ógæfusömu mönnum, sem lent hafa í afbrotum. Sannleikurinn er sá um yfirgnæfandi meiri hluta þeirra, að það er, eins og sagt hefur verið, meira af tilviljun en illsku hugarfarsins, að þeir hafa lent í afbrotum. Það verður að segja það eins og er, að langoftast er orsök afbrotanna vinneyzla. Það er undantekning hér á landi að minni reynslu, ef ofnotkun áfengis á ekki verulegan þátt í afbrotum, og jafnvel þeir, sem hvað eftir annað lenda í afbrotum og eru því auðsjáanlega veikari fyrir en aðrir, halda sér oftast nær utan afbrota, meðan þeir geta haldið sér frá neyzlu áfengis, en þegar þeir taka til hennar, þá er oftast nær skammt til afbrotanna. Þetta eru sannindi, sem ekki verða umflúin, og kemur því ekkert við, hvaða reglur menn vilja hafa um veitingar áfengis í landinu. Staðreynd er það, að ákaflega mikið samband er hér á milli neyzlu áfengis og afbrota, vegna þess að eiginlegt afbrotaeðli virðist vera í svo ákaflega fáum mönnum hér, sem betur fer. Þess er líka að geta, að mörg af þeim afbrotum, sem hafa með réttu vakið einna mestan óhug manna hér, ofbeldisárásir og annað slíkt, eru framin af mönnum, sem sýnast vera mestu hæglætis- og heiðursmenn í daglegu lífi, en gera þetta í ölæði, og það hefur algerlega nægt til að koma þeim á rétta braut að halda þeim frá drykkjuskap. Það má deila um, hvaða gagn refsingar hafi á slíka menn. Oft er það þannig, að þegar þeir eru með sjálfum sér og eru komnir til sjálfs sín, þá er meðvitundin um það óhapp, sem þeir hafa gert, bezta áminningin um það, að þeir forðist að gera það aftur. Vegna hinnar almennu réttarvörzlu er auðvitað ekki hægt að sleppa slíkum mönnum nema að mjög vel athuguðu máli frá refsingum. Víða annars staðar mundu slíkir menn verða settir á sérstakt vinnuhæli og annað slíkt, eins og hv. þm. Barð. gat um. Hér á landi er þetta nokkuð öðruvísi. Við höfum ekki slík margs konar hæli og getum illa komið þeim upp sökum okkar fæðar, en það er enginn vafi á því, að það starf, sem fangahjálpin hefur unnið undir forustu Oscars Clausens um að koma slíkum mönnum fyrir á góðum heimilum úti um land og fylgjast þar náið með þeim, er í mörgum tilfellum betra en að setja þá í hegningarhús eða refsivist. Hitt er svo annað mál, að okkar refsivist er ákaflega mild, fangelsið á Litla-Hrauni er ákaflega mildilega rekin stofnun. En þó er það svo, að það er sannfæring mín, að það á að reyna í raun og veru öll úrræði við menn, áður en þeir eru settir á slíka stofnun, vegna þess að í sárafáum tilfellum verður hún til mikillar betrunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 234).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er til afgreiðslu, er samið af tveimur dómurum hæstaréttar og prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands. Kvaddi hæstv. dómsmrh. menn þessa í júlímánuði 1952 til að endurskoða hin almennu hegningarlög. Hafa þeir síðan unnið að þessu verki, en ekki lokið því. Við slíku er ekki heldur að búast, þar sem hér er um mikið og vandasamt verk að ræða, sem án efa tekur langan tíma. Sjötta kafla hegningarlaganna hafa þeir hins vegar lokið við að endurskoða og sent dómsmrn. brtt. sínar við hann. Eru þessar brtt. frv. það, sem hér liggur fyrir til umr.

Við samanburð á frv. og þeim kafla hegningarlaganna, sem það fjallar um, kemur í ljós, að þessi kafli laganna er saminn algerlega um. Frv. sjálft og grg., sem því fylgir, ber og með sér, að höfundarnir hafa ekki kastað höndunum til

verksins. Grg. er ýtarleg, gerir glögga og skilmerkilega grein fyrir málinu, og sjálft virðist frv. ná yfir þau atvik öll, sem nauðsynlegt er að fram komi, til þess að marki því verði náð, sem að er stefnt, án þess að eiga það á hættu, að upp kunni síðar að koma tilvik, sem ákvæði vantar um og fylla þurfi því upp með réttarvenjum.

Megintilgangur frv. er sá að stíga nýtt og myndarlegt spor í þá átt, að ríkisvaldið geri meiri gangskör að því en raun hefur orðið á hingað til að bjarga mönnum, sem afbrot hafa framið, út af afbrotabrautinni og gera þá að hæfum samfélagsþegnum. Þessi viðleitni er að sjálfsögðu ekki einskorðuð við ungt fólk, þó að hún beinist einkum að unglingum.

Hugmyndir manna um refsingar fyrir unnin afbrot hafa jafnan verið mjög breytilegar. Sú var tíðin, að megináherzla var lögð á, að refsingin ætti að vera ekki hvað sízt öðrum til viðvörunar og hinum brotlega réttmætt endurgjald. Síðar ruddi sú skoðun sér braut í vaxandi mæli, að það væri ekki síður veigamikið atriði að beina afbrotamanninum sjálfum inn á réttar brautir, samhæfa hann sjálfan þjóðfélaginu og reyna að bjarga honum.

Refsivistin og refsidómurinn voru hér erfiður Þrándur í Götu. Refsivist og refsidómur er slíkt áfall að öllum jafnaði, að tilhneiging hjá þeim, er fyrir slíku verður, er nokkuð rík til að kasta voninni fyrir borð og telja sig kominn í þá aðstöðu, að *lítil von sé til afturhvarfs. Þess vegna* er langt síðan farið var að þreifa fyrir sér um að komast fram hjá þessu tvennu án þess þó að stofna öryggi samfélagsborgaranna í hættu.

Tvær leiðir hafa verið farnar í þessum efnum. Önnur er sú að fresta refsivist, en hin að fresta málshöfðun fyrir unnið afbrot. Hvort tveggja er að fullnægðum vissum skilyrðum, *bæði* að því er varðar hegðun sakbornings, eftir að brot var sannað, og eins áður en það var framið.

Íslenzk refsilöggjöf hefur til þessa farið þá leið að heimila að fresta fullnustu refsingar með dómsorði. Hefur refsingin þá ekki komið til framkvæmda, ef dómfelldur hefur ekki gerzt sekur um brot í tiltekinn tíma, og að þeim tíma liðnum fallið alveg niður. Frv. því, er hér liggur fyrir, er ætlað að gera breytingu á þessu. Það heimilar dómsmrh. að fresta ákæru til refsingar um tiltekinn tíma og þegar sérstaklega stendur á. Það heimilar einnig að fresta ákvörðun um refsingu, þótt dómur gangi um sakarefni að öðru leyti. Og loks heimilar það að fresta fullnustu refsingar. Er því hér horfið inn á þá braut að opna leið til skilorðsbundinnar frestunar á málshöfðun, ákvörðun um refsingu og fullnustu refsingar, eftir því sem líklegast þykir til góðs árangurs fyrir sökunaut hverju sinni.

Þessar till. virðast orð í tíma töluð. Sá tími er löngu liðinn, er refsivistin var fyrst og fremst réttmætt endurgjald til hins seka eða viðvörun til þeirra, sem enn höfðu ekki brotið. Hugmyndir manna um siðgæði og þýðingu einstaklingsins fyrir samfélagið eru nú á því stigi, að athyglin beinist nú meira að því að bjarga einstaklingnum vegna hans sjálfs og vegna samborgara hans, þó að ekki megi gleyma því, að stundum er slíkt óvinnandi verk og þá ekki um annað að ræða en fjarlægja slíka menn.

Allshn., sem hefur haft frv. til athugunar, hefur fallizt á þessi sjónarmið og mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Aðalákvæði frv. eru í 3. og 4. gr. þess. Hinar greinar þess eru nánari ákvæði um útfærslu á þeim tveim höfuðreglum, sem fram koma í þessum tveim nefndu greinum.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um, hvenær fresta megi um tiltekinn tíma að höfða refsimál. Er það ófrávíkjanleg regla, að ákvæði þessarar greinar koma því aðeins til framkvæmda, að rannsókn máls sé ekki aðeins lokið, heldur einnig, að fyrir liggi játning sakbornings um, að hann hafi framið refsiverðan verknað. Þegar svo er ástatt, getur dómsmrh. frestað ákæru um tiltekinn tíma, er sé ekki skemmri en eitt ár og ekki lengri en fimm ár. Fyrir þessum fresti setur ráðh. skilyrði um hegðun sakbornings, á meðan fresturinn er í gildi. Séu skilyrðin haldin, fellur málshöfðun niður að fresti liðnum. Séu þau ekki haldin, ber að rannsaka ástæður þess, og fer eftir niðurstöðum þessarar rannsóknar, hvort mál verður höfðað eða ekki. Skilyrðin miða öll að því að gefa sakborningi færi á að bæta ráð sitt og sýna vilja sinn til slíks, án þess að refsidómur hindri hann í slíkri viðleitni. Ákvæðum þessarar gr. verður því aðeins beitt, að í hlut eigi unglingur á aldrinum 15—21 árs, eða þegar högum sakbornings er þannig háttað, að umsjón með honum teljist vænlegri til árangurs en refsing, enda sé brotið ekki svo vaxið, að almannahagsmunir krefjist rannsóknar.

Í 4. gr. frv. er svo ákvæði um frestun ákvörðunar um refsingu og frestun fullnustu refsingar. Hvort tveggja er heimilað. Fresturinn skal ákveðinn í dómsorði og vera 1—5 ár og bundinn skilyrðum, sem í lögunum greinir. Ákvæðið um frestun ákvörðunar refsingar er, eins og ég gat um áður, nýmæli, en frestun fullnustu refsingar hefur verið í lögum á Íslandi nú um langt skeið.

Í 5., 6., 7., 8., og 9. gr. frv. eru síðan ákvæði, er kveða nánar á um ýmis atvik í sambandi við skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þessi atriði, enda virðist frv. mjög vel samið, eins og við er að búast af þeim ágætu sérfræðingum, sem hér hafa verið að verki. Þó þykir mér rétt að benda á, eins og fram kemur á fleiri en einum stað í grg. frv. sjálfs, að það eitt út af fyrir sig að fresta málshöfðun, ákvörðun refsingar eða fullnustu dóms er ekki fullnægjandi til þess að hjálpa afbrotamanni á rétta braut aftur. Til slíks þarf frekari aðgerða við. Er á það bent í grg. frv., að hjá öðrum þjóðum, sem hafa tekið upp hjá sér í lög ákvæði eins og þau, sem lagt er til að nú verði tekin í íslenzka löggjöf, hefur fyrir löngu verið farið inn á þá braut, að ríkisvaldið hefur gert sérstakar ráðstafanir til að láta fylgjast með hinum ógæfusömu mönnum og ráðstafanir til þess að hjálpa þeim til að koma sér þannig fyrir í þjóðfélaginu, að síður sé hætta á því, að þeir haldi áfram á þeirri braut, sem þeir voru komnir inn á. Verður óhjákvæmilegt, þegar farið verður að framkvæma þessi ákvæði hér, að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir í því

efni, og er þess að vænta, að dómsmrn. hafi vakandi auga fyrir þessu og athugi og undirbúi þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, ekki aðeins til þess að fylgjast með þeim, sem í slíkum fresti situr sem frv. þetta gerir ráð fyrir, heldur að einnig verði gerðar ráðstafanir til þess að búa þannig að þessum mönnum, að þjóðfélaginu verði færðir þar nýir, endurbættir þegnar og ekki þurfi til þess að koma, að hinir ógæfusömu menn haldi áfram á sinni braut, ef nokkur von er til að bjarga þeim.

Allshn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, og getur lokið miklu lofsorði á þá menn, sem frv. hafa samið, fyrir það, hvað vel þeir hafa leyst sitt verk af hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, hefur þegar hlotið samþykki hv. Ed. og var þar samþ. breytingalaust, en það er um breyt. á núgildandi hegningarlögum. Frv. hafa undirbúið þeir prófessor Ármann Snævarr og hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson, og hafa þeir samið það í samráði við dómsmrn. og dómsmrh.

Þessum mönnum hefur verið fengið það verkefni að endurskoða hegningarlögin, en þeir komust fljótt að því, að það var svo viðamikið og umfangsmikið starf, að það mundi taka nokkur ár að ljúka því, og kom þá til athugunar, hvort hyggilegra væri að bíða með frv. byggt á endurskoðuninni, þangað til henni væri allri lokið, eða leggja fram einstaka kafla, jafnskjótt sem þeim væri lokið af hálfu n. Að athuguðu máli urðu dómsmrn. og n. sammála um, að þau vinnubrögð væru hagkvæmari að taka einstaka kafla og leggja þá fram strax og búið væri að gera till. um þá af hv. n., einkanlega þar sem margir þeirra, eins og sá fyrsti, sem hér liggur fyrir, eru alveg sjálfstæðir að efni. Það er ekki aðeins, að slíkt greiði fyrir því, að réttarbætur nái fram að ganga, heldur einnig er sennilegra, að málið fái betri meðferð hjá Alþ. og almenningur átti sig gjör á því, um hvað er að ræða, með því að taka þetta í smáskömmtum, heldur en allt í einu lagi, þar sem vitað er, að hegningarlögin sjálf eru ærið flókin og sannast sagt ekki nema fyrir sérfræðinga að átta sig á þeim í heild.

Sá kafli, sem hér er um að ræða, fjallar um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma og er um víðtækari heimild en áður hefur verið, bæði til þess að kveða upp skilorðsbundna dóma og eins um það að falla frá ákæru, ef viss skilyrði eru fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það frekar. Um þetta eru ýtarlegar skýringar í grg. Og eins og ég segi, hefur hv. Ed. þegar fjallað um málið, og þar komu engar athugasemdir fram. Ég vonast því til, að málið fái greiðan framgang í þessari hv. d., legg til, að það gangi nú til 2. umr. og til hv. allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4, n. 588).

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., og er hún sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstj. og hefur farið í gegnum hv. Ed. og sú d. enga breytingu á því gert. Það felur í sér allverulegar breytingar á VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940, en sá kafli l. fjallar um skilorðsbundna refsidóma.

Hinir fróðustu menn hafa fjallað um frv. þetta og annazt samningu þess, og er ýtarlega gerð grein fyrir breyt. í grg. með frv.

Eins og áður er sagt, leggur n. til og er sammála um, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. án atkvgr.
3.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

## 27. Ríkisreikningurinn 1952.

Á 22. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952** [120. mál] (stjfrv., A. 248).

Á 28. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, n. 388).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ég get látið nægja að vísa til nál. á þskj. 388, en eins og þar kemur fram, mælir fjhn. deildarinnar einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég var forfallaður við 2. umr. málsins, en hafði hugsað mér í framhaldi af því, sem gerzt hafði í hv. fjhn. varðandi málið, að láta í ljós fáeinar athugasemdir, en ég hef skrifað undir nál. fyrirvaralaust.

Ég hafði hugsað mér að benda á það, þó að ef til vill hljómi það nú undarlega, að nú er árið 1955, en hér er Alþ. að fjalla um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952. Á þessu þarf að verða breyting. Það er allt of mikill seinagangur á endurskoðun ríkisreikninganna og því, að Alþ. taki þá til afgreiðslu á þann hátt, sem lög og stjórnarskrá mæla fyrir.

Þá vildi ég enn fremur benda á það, sem einnig bar á góma lauslega í n., að yfirskoðunarmenn gera fjölmargar athugasemdir við ríkisreikningana, sem að vísu er svarað af ríkisstj., en tveimur svörum ríkisstj. er vísað til aðgerða Alþ., en fjölmörgum er svarað á þann hátt, að endurskoðunarmennirnir telja aðfinnslurnar vera þess eðlis, að þær séu til viðvörunar framvegis.

Þá finnst mér eðlilegt, þegar ríkisreikningurinn kemur til endanlegrar afgreiðslu á hinu háa Alþ., að þess sé getið af hálfu ríkisstj., hvort tekið hafi verið tillit til þessara viðvarana endurskoðunarmannanna, þegar þær eru orðnar jafngamlar og hér á sér stað. M. ö. o. finnst mér eðlilegt, þegar ríkisreikningurinn kemur endanlega til afgreiðslu, að ríkisstj. skýri frá því, hvort eftir þeim viðvörunum, sem endurskoðunarmennirnir hafa látið í ljós, hafi verið farið eða ekki, því að mörg þessara atriða eru þannig, þó að sum séu að vísu smávægileg, að hægt á að vera núna að gefa upplýsingar um það, hvort nokkurt mark hafi verið tekið á viðvörunum og tillögum yfirskoðunarmannanna eða ekki.

Ég skal ekki lengja þessa umr. að þessu sinni, en aðeins grípa niður á fáeinum stöðum í athugasemdum yfirskoðunarmannanna, algerlega völdum af handahófi, og taka dæmi um það, þar sem svör ríkisstj. hafa ekki verið talin fullnægjandi og athugasemdin er til viðvörunar framvegis. Dæmin eru aðeins örfá, sem ég tek, og valin af handahófi.

Þess er t. d. getið, að útistandandi skuldir Tóbakseinkasölu ríkisins hjá erlendum viðskiptamönnum hafi í árslok 1952 verið 575 þús. kr. og hjá innlendum viðskiptamönnum hvorki meira né minna en 3.9 millj. kr. Þess er enn fremur getið, að tóbakseinkasalan hafi varið á þessu ári um 40 þús. kr. til auglýsinga, og endurskoðunarmennirnir spyrja, án þess að við því hafi fengizt nokkurt viðunandi svar, og það er talið til viðvörunar framvegis, hvers vegna þessi stofnun sé að verja fé til auglýsinga, þar sem hún hafi einkasölu á vörum sínum. Tóbakseinkasalan hefur enn fremur tapað um 30 þús. kr. af útistandandi skuldum, og telja yfirskoðunarmennirnir þetta ekki benda til þess, að nægilegrar varúðar hafi verið gætt við útlán stofnunarinnar.

Ein athugasemd yfirskoðunarmannanna er um það, að útvarp frá Ólympíuleikjunum í Helsingfors hafi á sínum tíma kostað 25 þús. kr., og telja þeir þetta bera vott um heldur litla ráðdeildarsemi í meðferð opinbers fjár.

Allýtarlegar athugasemdir eru um afkomu Skipaútgerðar ríkisins, en rekstrarhalli á henni varð á þessu ári 8.6 millj. kr. Er það hvorki meira né minna en tæpar 5 millj. kr. umfram það, sem gert var ráð fyrir í fjárl.

Nokkrar athugasemdir eru um Innkaupastofnun ríkisins. Yfirskoðunarmenn benda réttilega á það, að til þess hafi ekki verið ætlazt, að sú stofnun stundaði útlánastarfsemi til sinna viðskiptamanna, en engu að síður séu útistandandi hjá viðskiptamönnum 750 þús. kr. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það, hvort á þessum starfsháttum innkaupastofnunarinnar hafi orðið breyting eða ekki, en eðlilegt virðist að gefa um það upplýsingar. Þó að þessi stofnun hafi verið tekin til starfa fyrir nokkrum árum, þá voru engu að síður keypt á árinu 1952 innbú og áhöld fyrir næstum 60 þús. kr. til þessarar stofnunar, þó að hún hefði auðvitað átt að vera fullbúin að innbúi og áhöldum, þegar hún tók til starfa. Finna endurskoðunarmennirnir réttilega að þessu.

Þá er enn fremur ein aths. yfirskoðunarmanna, sem ástæða er til þess að vekja athygli á, því að sú aths. er til sérstakrar viðvörunar framvegis. En þess er getið í 22. aths. í sambandi við kostnað við sauðfjárveikivarnir, að árið 1951 hafi uppeldisstyrkur numið 60 þús. kr., en 1952, það ár, sem þessi reikningur er fyrir, hafi hann numið 1.4 millj. kr. og að næstum öll þessi greiðsla hafi verið innt af hendi án fjárlagaheimildar; greitt hafi verið án fjárlagaheimildar, að því er virðist með einfaldri ákvörðun ríkisstj., í uppeldisstyrk 1.3 millj. kr. Við þessu fengust engin fullnægjandi svör af hálfu

hæstv. ríkisstj., og er þetta auðvitað til alveg sérstakrar viðvörunar framvegis.

Þá vil ég að síðustu benda á það, sem fram kemur í athugasemdum yfirskoðunarmannanna, að ríkissjóður hefur orðið fyrir miklum töpum af þeim ábyrgðum, sem hann hefur tekizt á hendur, en á árinu 1952 þurfti ríkissjóður að greiða hvorki meira né minna en 8.2 millj. kr. vegna ábyrgða, sem hann hafði tekizt á hendur, og er það mikið fé. Það væri einnig ástæða til þess, að ríkisstj. skýrði frá því, hvort síðan hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að ganga tryggilega frá þessum málum, þannig að slík geysileg ábyrgðatöp lentu ekki á ríkissjóði og þar með skattborgurunum.

Allra síðast mætti svo enn fremur benda á það, að yfirskoðunarmennirnir taka réttilega fram, að endurskoðun reikninga ýmissa ríkisstofnana sé enn mjög ábótavant. Þó að þeir segi að vísu, að þar hafi færzt í betra horf frá því, sem áður hafi verið, nefna þeir nokkrar stofnanir, sem reikningar fyrir árið 1952 séu enn óendurskoðaðir fyrir í maí 1954, þ. e. a. s. tveim árum seinna, en það eru eftirtaldir reikningar: um veitingaskatt, reikningar landssímans, reikningar yfir lögreglukostnað, reikningar tollstjóraembættisins, — þetta eru engin smáembætti, sem hér er um að ræða, — reikningar vegna vegamála, reikningar Tryggingastofnunarinnar, reikningar Trésmiðja ríkisins o. fl. M. ö. o. er öll þessi endurskoðun tvö ár á eftir tímanum.

Margt fleira væri um þetta að segja, ef mér þætti ástæða til þess að lengja þessar umr. nú við 3. umr., en til þess sé ég ekki ástæðu. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að mér fyndist það eðlilegur háttur, þegar ríkisreikningarnir koma loksins til endanlegrar afgreiðslu Alþ., að ríkisstj. gæfi þá Alþ. upplýsingar um, hvort hún hefur treyst sér til þess að taka tillit til ábendinga yfirskoðunarmannanna, og ef svo er ekki, þá hvaða rök liggja til þess.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það er nú í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að það komi fram einhver rödd í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins á hverju ári og að nokkuð sé að því vikið, hvernig með þessi mál er ástatt.

Ég hef nokkrum sinnum rætt um þessi mál hér á Alþ. og sem yfirskoðunarmaður bent á, hvað það er, sem ég og við yfirskoðunarmenn teljum fyrst og fremst athugavert. Nú hefur það jafnan gengið svo, að þó að við vísum einstökum aths. til aðgerða Alþ., þá hefur ekki verið neitt úr því gert, og við höfum því heldur tekið þá aðferðina að miða okkar tillögur til úrskurðar við það, að athugasemdin sé til athugunar framvegis, til eftirbreytni og í þriðja lagi, að þetta og þetta atriði, sem við finnum að, sé til viðvörunar.

Varðandi það atriði, sem hv. 1. landsk. nefndi, að reikningarnir væru mjög á eftir áætlun, þá er það að vísu satt. En það hefur mikið áunnizt í því efni frá því, sem var á tímabili, því að það er þó ekki hægt að segja um þennan reikning, að hann sé nema ári á eftir. Athugasemdirnar eru undirskrifaðar 1. maí s. l., og þetta er reikningur fyrir 1952, og mætti segja, að það hefði um það bil átt að geta verið afgreiddur í hæsta lagi reikningur fyrir 1953. En því er nú þannig varið, eins og flestum hv. alþm. er kunnugt, að ríkisreikningnum er haldið opnum langt fram á næsta ár, eftir að hann á að vera afgreiddur; það er haldið opnum reikningum fyrir hinar og þessar stofnanir mjög langt fram á næsta ár, og reikningshaldið er af þeim sökum og fleiri seinna á ferð en ella. Hér er um ákaflega flókin mál að ræða, og því er reikningshaldið venjulega ári seinna en er hjá hinum einstöku stofnunum.

Nú skal ég ekki hér í þessu sambandi fara mikið inn á þær aths., sem við yfirskoðunarmenn höfum gert, enda þótt ræða hv. 1. landsk. gæfi nokkurt tilefni til að fara nánar út í það mál, en við í fjhn. höfum vikið að tveimur höfuðatriðum, sem ber mjög mikið á í þessum reikningi og að sumu leyti fara versnandi frá því, sem verið hefur.

Annað atriðið er það, sem er mjög athyglisvert við þennan reikning, að það eru vaxandi útistandandi tekjur, ekki einasta hjá innheimtumönnum ríkisins sjálfum, heldur og hjá hinum og þessum ríkisstofnunum, og það virðist vera versnandi ástand með að innheimta þær tekjur, sem stofnanirnar eiga að fá, og eru sumar stofnanir mjög illa settar að þessu leyti. Þetta á sér víða stað, og við höfum fundið að því oft áður og eins nú. Það er að vísu lofað bót og betrun af hálfu forstjóranna og hæstv. ríkisstj., en árangurinn hefur ekki verið betri en þetta á þessu sviði.

Hitt atriðið, sem er mjög einkennandi og hefur verið á undanförnum árum, er það, að sumar stofnanir ríkisins virðast ekki fara neitt að kalla má eftir fjárl. Sumar þeirra skara þar alveg fram úr um að virða fjárl. lítils, aðrar fara eftir fjárl., eftir því sem þeim er mögulegt, og einstök atriði eru það, sem farið er eftir fjárl. í, eins og t. d. um framlög til vegamála og annað slíkt, að svo miklu leyti sem það er ekki viðhaldskostnaður. En ein stofnun er það t. d., sem við höfum gert aths. um æ ofan í æ, og það er Ríkisútvarpið, sem hefur skarað fram úr í því að fara fram úr áætlun með sín gjöld langt umfram það, sem til er ætlazt. Þessu höfum við hvað eftir annað vísað til aðgerða Alþ., sem ekkert hefur fengizt til að gera. Fleiri stofnanir er hér um að ræða, og eitt er, eins og hv. 1. landsk. benti á, varðandi uppeldisstyrkinn og snertir aðallega Austurland og hefur verið ákveðið, án þess að fjárlagaheimild væri fyrir.

Ég skal ekki að þessu sinni fara miklu nánar út í þetta, því að það er þetta tvennt, sem er aðallega um að ræða fyrir utan einstök smærri atriði, sem við höfum gert aths. við í sambandi við þennan reikning, og fjhn. leggur til í sínu nál., að hæstv. ríkisstj. geri ráðstafanir til, að á þessu fáist bætur. Að öðru leyti er það frjálst hverjum og einum hv. þm. að bera fram till. um einstök atriði, sem í þessu sambandi koma fram og aths. gefa fullt tilefni til.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Það hefur verið af tveim hv. dm. rætt hér nokkuð um aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn. Eitt af því,

sem þar er bent á, er það, að óinnheimtar ríkistekjur séu meiri en áður; þessar eftirstöðvar hafi farið vaxandi að undanförnu.

Ég vil aðeins benda á það í þessu sambandi, að það gefur tæplega rétta mynd af ástandinu að bera saman upphæðirnar. Ég hygg, að það væri réttara að athuga það, hvað hár hundraðshluti af þeim tekjum, sem til féllu á hverju ári, er óinnheimtur í árslok, ef menn vildu fá af þessu rétta mynd. Hins vegar hefur fjhn. í áliti sínu bent á, að það sé nauðsynlegt að gera það, sem unnt er hverju sinni, til þess að tekjur ríkisins og annarra opinberra stofnana innheimtist sem bezt.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm), sem er yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna, gat um það, að vissar ríkisstofnanir eyddu meira fé en þeim hefði verið ætlað á fjárl., og er það rétt. Hann nefndi hér sérstaklega eina stofnun, Ríkisútvarpið, enda hafa yfirskoðunarmenn gert sérstaka athugasemd um þá stofnun, og raunar hafa þeir gert það um þá stofnun, ef ég man rétt, á undanförnum árum. Ég hef bent á það stundum áður í sambandi við þeirra athugasemdir um einstaka ríkisstofnanir, að það væri ekki alls kostar rétt að miða þarna við krónutölurnar. Það mætti gjarnan taka til athugunar, hvað umsetningin væri mikil hjá ríkisstofnununum, og réttara að reikna út, hvað umframeyðslan nemur miklu, miðað við tekjur þeirra og gjöld í heild.

Ég veitti því t. d. athygli nú við athugun á reikningnum, að það er önnur ríkisstofnun, sem ég hirði ekki að nafngreina, en er færð á 3. gr. fjárl. eins og Ríkisútvarpið, og sú stofnun hefur eytt hlutfallslega miklu meira fé fram yfir heimildir fjárl. heldur en Ríkisútvarpið. Umframgreiðslurnar hjá þeirri stofnun eru hlutfallslega miklu hærri en hjá útvarpinu.

Eins og ég sagði, hefur þetta komið fyrir áður í athugasemdum yfirskoðunarmanna, og ég hef á þetta bent. Ég tel, að ef þeir sjá ástæðu til að taka út úr sérstakar stofnanir og finna sérstaklega að rekstri þeirra, þá eigi þeir að haga þessu þannig að sleppa ekki þeim, sem ef til vill hafa mest syndgað í þessum efnum ár hvert, en nefna sérstaklega aðrar, sem hafa þó ekki drýgt hlutfallslega eins miklar syndir. En við lögðum nú áherzlu á það í okkar nál. í fjhn., að það væri brýnt fyrir forstöðumönnum ríkisstofnana af þeim ráðuneytum, sem þær heyra undir, að gæta hófs í þessum efnum og takmarka útgjöldin, eftir því sem mögulegt er, við heimildir fjárlaga.

Það hefur komið fyrir nú og áður, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa vísað athugasemdum sínum til aðgerða Alþ., eins og þeir nefna það. Nú er það svo, að þó að slíkt sé gert, þá stendur þingnefnd að ýmsu leyti illa að vígi að rannsaka þau mál ofan í kjölinn, og ég teldi þess vegna æskilegt, að sá háttur væri hafður á í framtíðinni, ef yfirskoðunarmenn sjá eitthvað sérstaklega athugavert og þeir telja ástæðu til fyrir Alþ. að láta til sín taka á einhvern hátt, að þá gerðu þeir sínar till. til þingsins um aðgerðir í þeim málum. Ég tel, að þeir, sem hafa það verk að athuga þessa reikninga og rannsaka öll fskj. og allan reksturinn yfir höfuð, standi betur að vígi en þingn., sem hefur ýmsum störfum að gegna, að gera rökstuddar till. um úrbætur, ef finnanlegar væru.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um þetta.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það kann að vera rétt, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) tók fram, að það sé hér einhver stofnun, sem hafi farið hlutfallslega meira fram úr áætlun fjárl. heldur en Ríkisútvarpið. Ein stofnun er það náttúrlega, sem hefur á þessu ári, 1952, farið langt fram úr Ríkisútvarpinu hvað þetta snertir, og það er Skipaútgerð ríkisins, sem hefur eytt í gjöld umfram fjárl. nærri 5 millj. kr. (SkG: Það var nú önnur stofnun, sem ég meinti.) Og hitt er sjálfsagt rétt, sem hv. þm. V-Húnv. tók fram, að Innkaupastofnun ríkisins hefur farið fram úr áætlun hlutfallslega hærra en Ríkisútvarpið, en við gerðum nú athugasemdir við reikninga þeirrar stofnunar.

Við skulum taka stofnun eins og t. d. Ríkisútvarpið. Það fer á þessu ári fram úr áætlun í gjöldum um 1461 þús., svo að maður sleppi hundruðum og smærri upphæðum. Þessu fé er eytt, það er farið. Ríkisstj. hefur ekkert gert þar til breytinga, og það er ekkert þægilegt fyrir Alþ. núna tveimur árum seinna að gera ráðstafanir, aðrar en þær að óska eftir því og krefjast þess, að svona fjármálastjórn endurtaki sig ekki. Eins er það með Skipaútgerð ríkisins; þessar tæpu 5 millj., sem hún hefur á þessu ári eytt umfram fjárl., eru farið fé, það er búið að eyða því, og þáverandi ríkisstj. hefur látið sér þetta lynda. Svona löngu eftir á er þess vegna ekki svo mjög þægilegt að gera ráðstafanir út af því, sem orðið er, af því að það hefur ekki verið hafður á sá háttur að koma fram ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem hlut hafa átt að máli, en teknar til greina þeirra varnir. En þeirra varnir, sem koma fram árlega við okkar athugasemdum, eru yfirleitt á eina lund, að þetta hafi verið nauðsynlegt fyrir stofnunina o. s. frv.; þeir hafi nú orðið að gera þetta og þeir hafi orðið að gera hitt, þeir hafi orðið að kosta þessu til og þetta og þetta hafi verið nauðsynlegt. Þessar varnir ganga alltaf í sömu átt hjá þessum hv. valdamönnum. En ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þessar varnir séu haldlitlar, enda þótt það geti í einstökum tilfellum komið fyrir, að það verði að eyða umfram fjárlög, en þá yrði það að gerast í samráði við starfandi ríkisstj. En úr því að við höfum fjárl. og það er eytt í það löngum tíma og mikilli vinnu að undirbúa þau lög, þá ætlast Alþ. til þess, að eftir þeim lögum sé farið, og ef einhver stofnun er þannig sett, að hún þykist ekki geta komizt af með þetta til að halda sinni starfsemi í fullum gangi með þau gjöld, sem henni eru ætluð á fjárl., þá á hún að draga saman. Þá á að gera ráðstafanir til þess að minnka þá starfsemi, sem er umfram það, sem fjárl. ætlast til að þetta kosti, og hjá stofnun eins og t. d. Ríkisútvarpinu er þetta ákaflega auðvelt mál, ef til þess væri nokkur vilji, að ég nú ekki tali um hjá stofnun eins og t. d. Innkaupastofnun ríkisins, sem margir efast nú um að sé nauðsynlegt að

hafa sem ríkisstofnun. Hjá Skipaútgerð ríkisins er þessi leiðin líka möguleg. Ef fjvn. og um leið Alþ. og ríkisstj. ákveða í fjárl., að þessu og þessu megi þessi stofnun eyða í gjöldum, þá eiga framkvæmdirnar, sem um er að ræða, að miðast þar við, en ekki hitt, sem hefur verið reglan og Alþ. hefur alltaf látið sér lynda, að viðkomandi forstjóri láti eins og engin fjárl. séu til og eyði bara eftir því, sem hann telur nauðsyn bera til, og til þess að halda sinni starfsemi eins og hann óskar og hans starfsmenn óska, að það sé sem ýtrast. Þetta er atriði, sem kemur ekki beinlínis við einum reikningi fremur en öðrum. En þetta er atriði, sem er ástæða til, að Alþ. geri sér grein fyrir, hvort á ekki að taka í framtíðinni miklu harðara á en gert hefur verið og á annan hátt en það hefur staðið, því að í raun og veru er þinginu ósæmilegt að láta það viðgangast ár eftir ár, eins og gert hefur verið, að við fáum fjáraukalög upp á marga tugi milljóna, þar sem vissulega er margt að óþörfu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 248, n. 579).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Fjhn. d. mælir með samþykkt þessa frv. Frv. virðist vera í fullu samræmi við ríkisreikninginn 1952, eins og hann hefur verið lagður fyrir Alþ. Heimild hefur þingið gefið nú þegar fyrir öllum útgjöldunum, sem á reikningnum eru, með því að samþ. fjáraukalögin fyrir árið 1952.

En þó að n. mæli með því, að frv. verði samþ. óbreytt, þá telur hún, eins og kemur fram í nál. hennar á þskj. 579, að ekki sé sem skyldi, frekar en að undanförnu, gengið frá öllu, sem reikningnum viðkemur.

Ekki verður í neinu séð, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafi fylgt því eftir, að teknar væru til greina athugasemdir þær, sem þeir létu fylgja ríkisreikningnum 1951 og voru um atriði, sem snerta ríkisreikninginn 1952. Á ég þar fyrst og fremst við athugasemdir, sem hljóða á þá leið, að þær séu „til eftirbreytni framvegis".

Engin skýrsla fylgir heldur frá bókhaldi ríkisins um það, að athugasemdirnar hafi verið teknar til greina í framkvæmd, þótt fjhn. lýsti yfir í grg. sinni um frv. til samþykktar á ríkisreikningnum 1951, þegar það var til afgreiðslu í fyrra, að sú skýrsla ætti að fylgja framvegis.

Þetta vill fjhn. átelja og gerir það í álitinu. Yfirskoðunin nær ekki tilgangi sínum, ef svo laust er á haldið, að athugasemdir falla í gleymsku og dá með samþykkt hvers reiknings. Ráðuneytunum ber hverju um sig að láta sér athugasemdir þær, sem fram koma, að kenningu verða, eftir því sem þær snerta þau og stofnanir, sem heyra undir þau.

Fjmrn. eða bókhald þess á að láta skýrslu fylgja hvers árs ríkisreikningi um, hvernig tekizt hefur framkvæmd á því, sem athugasemdirnar ætlast til að gert verði.

Yfirskoðunarmennirnir eiga að vera á verði um þetta frá ári til árs og sjá um, að skýrslan sé samin.

Fjhn. fól mér fyrir sína hönd að athuga og fá upplýst, hvort og hvernig athugasemdir yfirskoðunarmanna, sem fylgdu reikningnum 1951 og áttu að verða til eftirbreytni 1952, hefðu verið teknar til greina. Ég leitaði upplýsinga um þetta hjá fjmrn., og var mér auðvitað vel tekið á þeim bæ, en á það var bent, að yfirskoðuninni væri stundum svo seint lokið og athugasemdir þá svo síðbornar, að búið væri að ljúka reikningi næsta árs á eftir, þegar þær kæmu fram. Færi þá svo, að athugasemd, sem ætti að vera til eftirbreytni, næði ekki næsta reikningi. Til þess að þetta komi ekki fyrir, þ. e. að athugasemd missi þannig af strætisvagni sínum árlangt, ætti að gæta þess að hraða yfirskoðuninni nægilega.

Það voru 10 athugasemdir, sem fylgdu reikningnum 1951 og áttu að vera til eftirbreytni eða viðvörunar. Ég vil nú minnast á þær og þær upplýsingar, sem ég fékk um framgang þeirra.

Fyrst er þá 7. aths. Hún er um, að herða beri á innheimtu sektarfjár. Það hefur verið samkvæmt upplýsingunum mikil áherzla lögð á það af ráðuneytinu, að sektarfé væri innheimt, en það er ekki hægt að innheimta sektarfé, svo sem auðskilið er, eins og tolla, sem eru gjaldkræfir samkvæmt vissum gjalddögum, því að þeir, sem fyrir sektunum verða, hafa rétt á því að sitja þær af sér, og þess vegna getur orðið bið á því, að féð komi inn, enda sektir oft „unnar af sér" á þennan hátt, þegar til kemur.

Þá er annað, en það er 9. liðurinn í aths. Það er athugasemd um, að keppa beri að því, að tóbaksverzlunin hafi sem minnst útistandandi um áramót. Það er sagt, að þetta sé gert. En samkvæmt reglum, sem gilt hafa langa hríð, hafa þeir, sem kaupa af tóbaksverzluninni, rétt til 40 daga gjaldfrests, og þess vegna er það, að um áramót getur aldrei verið fullinnheimt. Fer það mjög eftir því, hvernig stendur á innkaupum fyrir áramót, hve mikið er þá útistandandi.

Talið er, að þarna sé ekki um neinar skuldir að ræða, sem nokkuð séu athugaverðar.

Þá er það þriðja atriðið, en það er 15. aths. við reikninginn. Aths. er um, að Skipaútgerð ríkisins eigi útistandandi rúmlega 200 þús. kr. hjá afgreiðslum hér og þar. Svarið, sem ég fékk þar um, var það, að þær skuldir væru komnar niður í 38 þús. kr.

Í fjórða lagi er svo aths. 16. Hún er um það,

að skuldamál fiskimálasjóðs séu ekki í æskilegu lagi, þ. e. að innheimta þeirra skulda, sem myndazt hafa við útlán sjóðsins, sé ekki nægilega reglubundin eða þær innborgist ekki svo sem samningar standa til. Um þetta var ekki hægt að fá upplýsingar, vegna þess að forstöðumaður sjóðsins hefur verið sjúkur um stund.

Í fimmta lagi er svo 17. aths., en hún er um það, að ríkissjóður skuldi Fiskifélaginu um 370 þús. kr. og geri ekki upp eins og skyldi þau skipti. Skuldir þessar eru nú allar greiddar.

18. aths. er um það, að óeðlilegt sé, að fastir kennarar við menntaskóla Reykjavíkur kenni svo mikið í aukatímum sem þeir geri. Um það sagði bókhaldið orðrétt: „Ástandið er óbreytt. Á undanförnum þremur árum eru þess enn dæmi, að fastakennarar hafa hér um bil eins miklar tekjur af tímakennslu, þ. e. aukavinnu, og föstum launum þeirra nemur."

Þetta sama mun eiga sér stað í fleiri skólum, einkum hærri skólum. Þegar ákveðin er kennsluskylda, sem gerð er eftir kröfum kennara, þá er miðað við, hvað er hæfilegt erfiði á dag, og full laun ákveðin samkvæmt því. Meiri vinna, a. m. k. við sams konar störf, er þá ekki talin heppileg. Það er litið svo á, að það komi einnig niður á nemendunum, ef kennari leggur á sig lengri kennsludag en þannig er ákveðið. Þarna er auðvitað einhver maðkur í mysunni, þegar kennarar kappkosta að lengja daginn og hækka launin með tímavinnu og það máske um helming. Þetta þarf að færa til betri vegar að sjálfsögðu. En þó að svona standi sakir, getur það ekki staðið í vegi fyrir samþykkt rétts reiknings.

Þá er 19. aths. Hún er um, að umframgreiðsla hafi verið 120 þús. kr. frá fjárl. 1951 til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljót. Svarið er, að ekki hafi verið greitt meira en fjárl. heimiluðu 1952.

Þá er 21. aths. við reikninginn eða 8. liðurinn. Hann er um það, að ekki liggi fyrir skrá yfir málverk ríkisins frá menningarsjóði. Svarið við þessu fékk ég sent skriflegt, og það er á þessa leið:

„Skrá yfir listaverk ríkisins er nú til og liggur nú frammi í Listasafni ríkisins."

Þá er 23. aths. Hún er um, að aukaframlög til vega utan fjárl. hafi átt sér stað og megi ekki endurtaka sig.

Þetta mál telur ráðuneytið að ekki hafi endurtekið sig og þannig sé ástatt, að ekki sé ástæða fyrir áframhaldandi aths.

Þá er það 25. aths., þ. e. 10. liðurinn. Hún er um, að innheimta þurfi innstæðu, sem ríkissjóður yfirtók hjá Trésmiðju ríkisins, þegar hún gekk fyrir stapa. Þetta voru 250 þús. kr., og þessi innheimta er ógerð enn að mestu leyti eða er alls ekki lokið, en verið er nú að gera gangskör að því að innheimta. Skuldirnar eru að mestu hjá opinberum aðilum, t. d. hjá landssmiðjunni 24460.00 kr., sem hún tók að sér af vörum frá trésmiðjunni til sölu. Enn fremur hafði þá skrifstofa húsameistara tekið til sölu ýmislegt og fyrir það óinnkomið kr. 75991.00. Einnig áttu nokkrir skólar og eiga enn eftir að greiða fyrir hluti, sem þeir höfðu fengið keypta hjá trésmiðjunni, sömuleiðis Þjóðleikhúsið. Yfirleitt eru skuldirnar hjá opinberum aðilum, og nú er verið að gera gangskör að því að innkalla þær, en fer hjá sumum eftir því, sem hlutirnir hafa þá selzt.

Þá hef ég minnzt á alla þessa tíu liði, sem fylgdu í aths. ríkisreikningnum 1951 og vísuðu til framtíðarinnar.

Ein aths. fylgdi reikningnum 1951, sem hljóðaði á þá leið, að athugasemdarefninu væri vísað „til aðgerða Alþ." Hún var við hag og rekstur útvarpsins. Engin till. fylgdi frekar venju frá yfirskoðunarmönnum, sem gerðu þessa aths., um, hverjar aðgerðir þeir legðu til að viðhafðar yrðu af hálfu Alþ. En það er eðlilegt, að Alþ. líti svo á, að ekki fylgi hugur máli hjá yfirskoðunarmönnum, þegar svo er, enda gerði það enga ályktun út af aths. þessari, þegar reikningurinn var afgreiddur fyrir 1951, og jafnvel yfirskoðunarmennirnir sjálfir samþ. þá afgreiðslu. Hins vegar er ófært, að yfirskoðunarmenn hafi þessi orð í aths., ef þeir meina ekkert með þeim. Eigi þau að verða til þess að skjóta þeim starfsmönnum ríkis skelk í bringu, sem aths. bendir á, þá verður lítið úr því, að af því verði, þegar engar eru aðgerðir ár eftir ár.

Þá virðist vera einboðið að krefjast þess, að yfirskoðendur leggi fram ákveðnar till., ef þeir ætlast til, að sérstakar aðgerðir þingsins verði upp teknar. Til þess hljóta þeir að vera kosnir. Þeir eru í þessum efnum trúnaðarmenn Alþ. og bera ábyrgð gagnvart Alþingi á verkum sínum. Máske er það svo, að það vanti lög um starfssvið yfirskoðunarmannanna og skyldur, en þá er að setja þau. Annars er þetta um skyldur þeirra til þess að gera ákveðnar till., ef þeir í raun og veru ætlast til aðgerða Alþ., svo sjálfsagt og augljóst mál, að um það þarf engan lagabókstaf.

Ég hef þá gert grein fyrir því, sem ég hafði upp úr að spyrjast fyrir um áhrif aths. við ríkisreikninginn 1951.

Aths. við reikninginn 1952 hafa hv. þm. hjá sér og hafa sennilega kynnt sér þær, eins og þær liggja þar fyrir. Verður að vænta þess fastlega, að með ríkisreikningnum 1953, þegar hann verður lagður fyrir þingið til samþykktar, verði skrá um það, hvernig aths. frá 1952 hafi þá verið teknar til greina. Tvær þessara aths. hljóða á þá leið, að þeim sé „vísað til aðgerða Alþ". Fjhn. Nd. segir í nál. sínu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn vill n. benda á þá nauðsyn, að gert verði það, sem unnt er, til þess að ríkistekjurnar og tekjur Tryggingastofnunar ríkisins innheimtist á réttum tíma. Enn fremur, að hlutaðeigandi ráðuneyti brýni það fyrir forstöðumönnum ýmissa ríkisstofnana, að þeir takmarki útgjöld stofnana við fjárveitingar á fjárl., og að viðskiptastofnanir ríkisins festi ekki fé í útlánum."

Það má segja, að í þessari ádrepu n. komi það fram, sem líklegt er að yfirskoðunarmennirnir telji fullnægjandi út af þeim aths., sem er vísað til aðgerða Alþ., því að undir þetta ritar annar yfirskoðunarmaðurinn, sem á sæti á Alþ., og innan þessa ramma, sem þarna er markaður, er efni aths.

Fjhn. Ed. sá ástæðu til þess í sínu áliti, eins og það ber með sér, að taka undir ábendingu nefndarinnar í Nd.

Af því að hæstv. fjmrh. er staddur í þd., teldi ég æskilegt, að hann vildi láta í ljós, hvort hann telur ekki sjálfsagt fyrir sitt leyti, að orðið verði framvegis við þeirri kröfu, sem kemur fram í næstsíðustu málsgr. nál. fjhn. Ed., en þar stendur:

„Þá telur n. og, að hvers árs ríkisreikningi eigi að fylgja glögg skýrsla um það, hvernig fullnægt hafi verið í sambandi við hann aths., er hann snerta, frá næsta ári á undan. Fjmrh. og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga sjái um, að ríkisbókhaldið geri þessa skýrslu."

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Fjhn. leggur til, eins og ég sagði í upphafi, að frv. verði samþ. án breytinga, en leggur áherzlu á, að tekið verði til greina í framtíðinni það, sem hún lýsir yfir í nál. sínu að hún telji nauðsynlegt í sambandi við reikningana.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er tvennt, sem ég vildi taka fram af tilefni nál. og framsöguræðu hv. þm. S-Þ. (KK). Annað er það, að ég tel, að yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna beri að láta fylgja till. sínum um að vísa málum til Alþ. út af aths., hvað það er, sem þeir vilja láta Alþ. aðhafast. Ég tek undir þetta, þetta er mín skoðun, og ég hef látið hana í ljós áður.

Hitt, sem ég vildi taka fram, er það, að ég er sammála um, að yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna beri að líta eftir því, hvort aths. þeirra hafa verið teknar til greina. Þeir eiga að láta gera sér grein fyrir því, hvort svo hafi verið eða ekki, og þeir eiga að láta fylgja um það annaðhvort sérstaka skýrslu eða taka það inn í aths. sínar við ríkisreikningana. Enn fremur sé þeim rétt að notfæra sér aðstoð ráðuneyta og ríkisbókhalds í þessu skyni.

Þetta tel ég vera skyldu yfirskoðunarmanna, en ekki fjmrn., eins og gefur líka að skilja, þar sem yfirskoðunarmenn eiga að líta eftir bæði fjmrn. og hinum ráðuneytunum.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Hv. þm. hafa nú heyrt framsöguræðu hv. frsm. og svör hæstv. ráðh. við þeim aths., sem fjhn. hefur gert við ríkisreikninginn.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. frsm. fyrir þá ýtarlegu ræðu, sem hann hélt í sambandi við þetta mál og er nákvæmlega í samræmi við það, sem komið hefur fram á fundum fjhn. undanfarin ár, því að eins og sjá má af þskj., sem gefin hafa verið út um samþykkt ríkisreikningsins hér í þessari hv. d., þá hafa þessar aths. verið siendurteknar og það án þess að nokkur árangur hafi orðið af þeim ábendingum.

Nú hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að hann skoði það skyldu yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna að láta fylgja till. til Alþ. í sambandi við öll þau atriði, þar sem þeir vísa viðkomandi máli til aðgerða Alþ. Ég hef nú orðið þess var, að þannig líta yfirskoðunarmennirnir ekki á sitt starf, og þykir mér rétt, að það komi fram hér. Var þetta atriði rætt við þá á fjhn.-fundi þessarar hv. d. á síðasta þingi og þeir beinlínis spurðir um þetta, og þeir létu þá í ljós, að þetta væri ekki þeirra skylda og því síður væri það þeirra skylda, sem hæstv. ráðh. sagði hér um annan liðinn, að þeir ættu að líta eftir því, að þeirra aths. yrðu framkvæmdar, svo að mér sýnist, að hér þurfi að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir, ef það á að koma þessari skyldu á herðar yfirskoðunarmannanna, og þá eiga þær ráðstafanir ekki að koma frá Alþ., nema því aðeins að hæstv. ráðh. telji, að setja þurfi um það lög, heldur frá yfirmanni endurskoðunarinnar, sem er raunverulega hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Jú, það er raunverulega hann. Yfirmaður fjármálanna er þó a. m. k. hæstv. fjmrh. En þeir hafa ekki skoðað sitt verk að líta eftir verkum fjmrh. Það hafa a. m. k. ekki þeir sjálfir viðurkennt. En ef það er tilfellið, að það sé skoðun hæstv. ráðh., að þannig beri að skilja það mál, þá er alveg nauðsynlegt að gefa út um það sérstakar reglur og setja um það kannske ákveðin lög, því að það er vitanlegt, að hér hefur ekkert eftirlit farið fram með ríkisstofnununum. Það er aðeins viðhöfð endurskoðun á reikningunum og gefnar ábendingar um, hvað miður hafi farið, en síður en svo nokkurt eftirlit haft með því, að umbætur séu gerðar á því, sem miður fer og bent hefur verið á að þyrfti að laga.

Ég ætla mér ekki að ræða ríkisreikninginn efnislega, þó að ýmis tilefni væru til þess, en mér þykir ekki rétt að gera það hér, því að það er, eins og margsinnis hefur verið tekið fram, þýðingarlaust atriði. Það er búið að greiða hér út ýmsar greiðslur, sem gerðar eru aths. við, og það er búið að framkvæma ýmislegt hér, sem gerðar eru aths. við. Því verður ekki kippt aftur, hvort sem það hefur verið rétt eða rangt, og ég skal ekki heldur leggja á það neinn dóm. En aths. eiga áreiðanlega að vera til eftirbreytni framvegis, og þegar maður rekur sig á það, að ár eftir ár eru þessar aths. virtar að vettugi, þá er alveg nauðsynlegt að taka þetta mál fastari tökum en gert hefur verið.

Nú vil ég í sambandi við reikninginn leyfa mér að benda á, að hér eru 5 aths. frá hv. yfirskoðunarmönnum, sem eru merktar: til eftirbreytni í reikningunum 1952. Það eru 9 aths., sem eru merktar: til athugunar framvegis. Það er 1, sem er merkt: til viðvörunar. Það eru 3, sem eru merktar: til viðvörunar framvegis. Það eru 2, sem merktar eru með aths.: til aðgerða Alþ. Og svo eru aðeins 2, sem sagt er um: Verður við svo búið að standa — og bendir það líklega til þess, að það hefur ekki þótt alveg rétt farið með þau mál, en það er þó ekki sett annað eða sterkara en það er sagt: Verður við svo búið að standa. Og svo eru aðeins 5, sem sagt er um hér: Upplýst með svarinu. Og svo ein: Svarið er fullnægjandi.

Ég verð að segja, að ef slíkur reikningur væri lagður fram í einhverjum hlutafélögum eða einkafyrirtækjum, þar sem margir fleiri ættu hlut í heldur en aðeins stjórn og endurskoðendur, þá mundi ekki vera tekið við svona aths. þegjandi og hljóðalaust; það eitt er áreiðanlegt. Það mundi verða heimtað eða þess krafizt af stjórn þeirra fyrirtækja, að það væri miklu betur

gengið eftir því, að aths. væru teknar til greina, heldur en hér virðist hafa verið gert.

Ég hef ekki borið hér saman frá ári til árs þessar aths. En það þarf ekki mikið að fletta upp ríkisreikningum undanfarinna ára til að sjá, að þetta gengur í gegn á hverju einasta ári, án þess að hæstv. ríkisstj., hæstv. fjmrh., stofnanirnar eða embættismennirnir eða Alþ. geri nokkurn skapaðan hlut í málinu, og það er notað sem aðalástæða, að það sé búið að framkvæma þessa hluti og hér verði engu um þokað, það sé búið að samþykkja fjáraukalögin, það sé búið að eyða peningunum, það sé búið að gera þessar framkvæmdir og því verði engu um þokað og þess vegna sé ekkert að gera í málunum annað en að láta viðkomandi ríkisstj. fara frá, ef það sé ekki samþ. allt, sem þær hafa gert í þessum málum. Hér er um ákaflega mikinn misskilning að ræða. En hér er mjög sterkur grundvöllur fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir viðkomandi stofnanir að byggja á umbætur í framtíðinni, og það er það, sem hv. fjhn. þessarar d. vill fá fram. Hún er ekki með neina gagnrýni út af fyrir sig og sízt með pólitíska gagnrýni á hæstv. ríkisstj. Hún er aðeins að reyna að knýja fram hér eðlileg vinnubrögð í þessum málum.

Ég þekki það ákaflega vel sem formaður fjvn. í 8 ár, hversu þýðingarmikið það var, og það hefur hæstv. fjmrh. einnig viðurkennt, að hafa umræður við forstjóra margra af þeim fyrirtækjum, sem hér um ræðir, eða þá embættismenn, sem standa fyrir þeim embættum og ráða ákaflega miklu um starfið og þann kostnað, sem því er samfara. En hér er kippt grundvellinum undan þeim samræðum og því samstarfi, sem á og þarf að vera á milli þessara aðila, ef það á að láta afskiptalausar frá ári til árs allar þær aths., sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna gera í sambandi við endurskoðunina. Og sé það raunverulega skoðun hæstv. ráðh., sem hann lýsti hér yfir áðan, þá sé ég ekki annað en að það sé alveg óhjákvæmilegt, að það sé annaðhvort gefin út reglugerð af þinginu eða raunverulega helzt bein lagafyrirmæli, þar sem verksvið yfirskoðunarmanna er fastákveðið, og takmarka það ekki einasta við endurskoðun reikninganna, heldur og að gefa þeim vald til þess að sjá um, að framfylgt sé þeirra aths., og það veit ég, að í dag þykjast þeir menn ekki hafa vald til þess, enda ekki greitt fyrir það, því að það er sjálfsagt ákaflega mikið verk, ef þeir eiga að ganga í hverja þessa stofnun og sjá um, að það séu gerðar þær umbætur á þeirra rekstri, sem þeir benda á. Og það er allt annars eðlis en að líta eftir því eða rannsaka, hvað hefur verið greitt fram yfir það, sem er í fjárl., en það er höfuðatriðið hjá endurskoðendunum.

Ég vildi því vænta þess, að hæstv. ráðh. treystist til þess að lýsa því yfir hér, að hann muni beita sér fyrir því, að tekinn sé hér upp nýr háttur í sambandi við þessi mál, og ef honum þykir nauðsynlegt, að það sé gert með löggjöf, þá að beita sér fyrir því, að sú löggjöf verði lögð fyrir Alþ. og samþ. hér, því að eins og málin eru núna, er alveg eins gott að afnema endurskoðunina, því að hún hefur bókstaflega enga þýðingu, hvorki fyrir þingið né þjóðfélagið, eins og hún er framkvæmd nú og hefur verið framkvæmd undanfarin ár. Auk þessara manna eru tölulegir endurskoðendur í endurskoðunardeild fjmrn., og eftir ræðu hæstv. ráðh. virðist sem þeir eigi ekki að hafa neina skyldu til þess að líta eftir því, að þessir hlutir séu framkvæmdir samkvæmt fyrirmælum Alþ. En hin endurskoðunin, sem fram fer svo síðast hjá yfirskoðendum ríkisreikninganna, sýnist vera algerlega þýðingarlaus, nema því aðeins að þeim sé gert að skyldu að hafa eftirlit með umbótum, svo að ekki verði misskilið, og settar fastar reglur um það, á hvern hátt þeir skuli beita sér fyrir því að koma á umbótum í sambandi við aths. sínar.

Það hefur verið borið tvisvar fram um það frv. hér á Alþ. að skipa sérstakan eftirlitsmann með þessum málum. Ég man nú, að Framsfl. beitti sér gegn því, að það yrði samþykkt, og það kom ekki fram þá í þeim umr., að það væri af því, að þegar væru fyrir 3 menn, sem hefðu þessar skyldur á hendi, heldur voru allt aðrar ástæður færðar fyrir því, að ekki þótti rétt að koma upp slíku eftirliti. En eftir því sem hæstv. ráðh. hefur nú upplýst, þá sýnist mér, að hann ætlist til þess, að þetta verkefni sé nú falið endurskoðendunum, og þá er alveg nauðsynlegt að setja um það fastari reglur en gilda í dag, hvernig því skuli varið og hvaða vald þeir eiga að hafa til þess að beita sér fyrir því, að umbæturnar nái fram að ganga.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér í sambandi við þessar umr.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. vildi ég segja aðeins örfá orð.

Með ríkisreikningnum fylgja ýmiss konar skýrslur. M. a. koma þar fram þær aths., sem yfirskoðunarmennirnir gera fyrst. Í öðru lagi koma svo fram þar á eftir svör ráðuneytanna við þeim aths. Í þriðja lagi koma svo fram endanlegar aths. yfirskoðunarmannanna, og í þeim kemur fram, að sumar upphaflegu aths. hafa fengið þá afgreiðslu, að þeir telja svörin fullnægjandi. Aðrar hafa ekki fengið fullnægjandi svör á annan hátt en þann, að endurskoðunarmenn segja, að framvegis verði að gæta þess að haga á annan veg en þann veg meðferð þeirra mála, sem þeir hafa upphaflega bent á. Í þriðja lagi eru svo aths. þeirra, þegar þeir vísa til aðgerða Alþ.

Nú gerði ég grein fyrir því, hvað kom í ljós, þegar ég fékk upplýsingar hjá bókhaldinu um það, hvernig aths. frá 1951 höfðu verið teknar til greina hjá ráðuneytunum. En mér skilst, að það sé mikil fyrirhöfn — of mikil fyrirhöfn — að hafa þann hátt á hverju sinni, að fjhn. Alþ. láti ganga í það að leita þessara upplýsinga, enda er það svo, að svörin liggja ekki ljóst fyrir, þau eru ekki aðgengileg hjá bókhaldinu, ef þessi háttur er á hafður. Bókhaldsmennirnir þurftu að hafa allmikið fyrir því að afla þeirra upplýsinga, sem ég flutti hér áðan, og þess vegna er það, að ég tel ákaflega nauðsynlegt, að yfirskoðunarmennirnir sjái um það, að bókhaldið láti koma fram 4. grg. með þessa árs reikningi. Fyrst er grg. um upphaflegar aths. yfirskoðunarmanna,

svo eru svör ráðuneytanna, svo eru endanlegar aths. yfirskoðunarmannanna, eins og ég sagði áðan; þetta kemur allt fram. En í fjórða lagi tel ég svo að eigi að koma fram skýrsla um það, — og hún ætti að vera fyrsta skýrslan, — hvernig framkvæmdar hafa verið athugasemdirnar frá fyrra ári í sambandi við reikninginn. Og ég tel, að þetta sé ekki mikið verk og sjálfsagt verk.

Hæstv. fjmrh. sagði, að yfirskoðunarmennirnir væru settir til höfuðs sér, svo að honum bæri í raun og veru ekki að sjá um það, hvernig þeir ynnu sitt verk. Ég lít svo á, að það sé jafnan svo um endurskoðendur, að þeir séu meira settir sem samstarfsmenn reikningshaldara heldur en menn til höfuðs honum. Og ég álít það ákaflega eðlilegt, að þetta samstarf milli yfirskoðunarmanna og fjmrh. sé náið og að þessir aðilar hafi samstarf um það, að bókhaldið geri þá greinargerð, sem fjhn. hefur gert grein fyrir í áliti sínu að þurfi að fylgja og ég hef nú gert grein fyrir, hvernig ég tel að eigi að vera. Ég tel sem sé, ef ég má lesa, með leyfi hæstv. forseta, hér upp úr nál., að þessi ályktun sé ákaflega eðlileg og sjálfsögð: „Fjmrh. og yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna sjái um, að ríkisbókhaldið geri þessa skýrslu.“ Ef yfirskoðunarmennirnir telja skyldu sína í þessu efni litla, eins og reyndar ástæða er til að halda, svo sem hv. þm. Barð. benti réttilega á, af orðum, sem þeir létu falla í viðræðum við fjhn. þessarar d. í sambandi við reikninginn 1951, þá álít ég, að fjmrh. eigi að sjá um, að þeir sem samstarfsmenn hans geri þetta, m. ö. o.: að bókhaldið, sem hann er yfirmaður yfir, vinni þetta verk á þann hátt, sem yfirskoðunarmennirnir telja fullnægjandi. Ég held þess vegna, að það væri eiginlega sjálfsagt af hæstv. fjmrh. að líta svo á, að það sé í hans verkahring að láta bókhaldið gefa ríkisreikninginn næst út með þessari fjórðu skýrslu.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. Barð. (GíslJ) sagði áðan, að sér hefði skilizt af því, sem ég tók fram, að ég teldi endurskoðunardeild fjmrn. ekki skylt eða nauðsynlegt að skipta sér nokkuð af því, hvort farið væri að heimildum eða lögum um ríkisútgjöldin, heldur ætti þar eingöngu að vera töluleg endurskoðun. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. fékk þetta út úr því, sem ég sagði. Ég minntist ekkert á þetta, gaf ekkert tilefni til þess, að hann gerði mér upp þessa skoðun, enda fer því fjarri, að ég líti svona á. Ég álít, að endurskoðunardeild fjmrn. eigi að líta m. a. eftir því, að farið sé að lögum og heimildum við útgjöldin, þó að yfirskoðunarmennirnir eigi svo að líta yfir það endurskoðunarverk á eftir.

Ég vil benda hv. þd. á, og það er mín skoðun, að ef hv. Alþ. er ekki ánægt með það, hvernig yfirskoðunarmenn rækja starf sitt eða hvernig þeir fara að í starfi sínu, þá verður Alþ. að gera ráðstafanir til þess að breyta því. Það er óhugsandi, að ríkisstj. taki það að sér að segja yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna fyrir verkum, enda væri það blátt áfram óviðeigandi, þar sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna eru fulltrúar Alþ. gagnvart framkvæmdavaldinu. Það eru þeir, sem eiga að líta eftir því fyrir Alþingis hönd, að framkvæmdavaldið fari rétt að í fjárhagsmálum, og það væri með öllu óþolandi, ef ríkisstj. ætlaði sér að fara að segja þeim fyrir verkum. Ef alþm. eða hæstv. Alþ. finnst starfið ekki rækt á réttan hátt, þá verður hæstv. Alþ. að skerast í leikinn.

Um skyldur yfirskoðunarmanna mætti sjálfsagt margt segja, en auðvitað tel ég það ekki skyldu yfirskoðunarmanna að gefa fyrirskipanir um það, sem aðrir menn eiga að ráða. Það er misskilningur, ef menn halda, að ég hafi átt við það, áðan þegar ég talaði. Það er ekki á valdi yfirskoðunarmanna að sjá um, að athugasemdir þeirra séu teknar til greina, og getur aldrei orðið á þeirra valdi. Skylda þeirra er að gera athugasemdir um það, sem þeim þykir miður fara, og fylgjast síðan með því, hvort þær athugasemdir eru teknar til greina, og séu þær ekki teknar til greina, að vekja þá á ný á því athygli þeirra aðila, sem hafa aðstöðu til að grípa í taumana, og gera á ný kröfur um, að breytt sé til. En yfirskoðunarmenn geta vitanlega aldrei fengið framkvæmdavaldið í sínar hendur.

Ég endurtek svo að lokum það, sem ég sagði áðan, að ég álít, að yfirskoðunarmönnum beri að fylgjast með því, hvernig athugasemdir þeirra séu teknar til greina og hvort þær séu teknar til greina, og láta Alþ. í té yfirlit eða skýrslu um það. Og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því, að þeir fái sér til aðstoðar við það verk þá starfskrafta, sem fjmrn. hefur yfir að ráða, þar með talið starfslið ríkisbókhaldsins.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég fellst alveg á þær athugasemdir, sem komið hafa hér fram varðandi landsreikninginn. En ég hef bara ekki minnstu trú á neinum umbótum í þessu efni, ef ekki eru gerðar breytingar, verulegar breytingar. Það eru mörg ár liðin síðan fjhn. gerði sams konar athugasemdir og hún gerir hér, og við sjáum, að það stendur alltaf í sömu sporum, nákvæmlega það sama, engar breytingar. Og ég tel það alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. segir, að það er ekki hans að gera þetta. Það er vitaskuld Alþingis sjálfs og fjhn.; henni bæri vissulega fremst skylda til þess að beita sér fyrir breytingum. Ég hygg bezt, að sett yrðu lög um, hvernig yfirskoðunarmenn eiga að framkvæma sitt starf. Mér er ekki kunnugt um, að nein ákvæði séu um starfsemi yfirskoðunarmanna, önnur en þau, sem stjórnarskráin geymir. Ég veit ekki til þess, að þeir hafi neinar reglur til þess að fara eftir í sínu starfi. En það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að yfirskoðunarmenn eru eða eiga að vera kritiskir endurskoðendur, og þar af leiðandi eru þeir settir til höfuðs ráðherra. Það er því ekki von, að hann beiti sér fyrir þeim umbótum, sem þarf að gera. Mér finnst þess vegna, að fjhn. eða Alþ. eigi að beita sér fyrir, að sett verði lög um starfssvið yfirskoðunarmanna.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég sé nú, að hæstv. ráðh. hefur gengið af fundi, og vildi ég því biðja um að hinkra við, þangað til hann kemur inn aftur, því að annars mun ég óska

eftir því, að málið sé tekið út af dagskrá. Ég tel, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða, að það sé æskilegt, að ráðh. sé við.

Mér þykir rétt, úr því að hæstv. ráðh. er kominn hér aftur — (**Fjmrh.**: Má maður ekki einu sinni sækja blek í pennann sinn?) — ja, ég álít, að hér sé um miklu alvarlegra mál að ræða en það, að ráðh. þurfi að vera að hafa það nokkuð í flimtingum, því að hér er um að ræða milljónagreiðslur úr ríkissjóði, svo að mér finnst nú, að hæstv. ráðh. ætti að geta varið nokkrum tíma hér í hv. d. til þess að ræða þetta mál. Og ef það er einhver þraut fyrir hæstv. ráðh., þá ætti hann að æskja þess við forseta, að hann taki það út af dagskrá, þangað til hann hefur tíma til þess að vera hér og ræða um málið, því að það er þó áreiðanlega hans skylda sem ráðherra að vera hér við umr. um ríkisreikningana, hvað sem öðru líður. (**Fjmrh.**: Ég held, að hv. þm. ætti ekki að vera með neinn dónaskap í sambandi við þetta.)

Ég vil benda hv. d. á hér, að nú hefur hæstv. ráðh. alveg snúið við blaðinu. Hann sagði í sinni fyrri ræðu, að það væri skylda yfirskoðunarmannanna að fylgjast með því, að þetta yrði framkvæmt og þeirra athugasemdir yrðu teknar til greina. Í sinni seinni ræðu segir hann, að þetta sé alls ekki þeirra skylda, það sé ekki eðlilegt, að þeim sé gefið það vald. Ég veit því ekki, hvaða afstöðu hæstv. ráðh. ætlar að taka til þessara mála. Ég vil því gjarnan leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um, hvað ráðuneytin hafa — ekki einasta hans rn., heldur hin ráðuneytin yfirleitt — gert til þess að gera umbætur í þeim málum, sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna ár eftir ár hafa bent á að ætti að gera umbætur í. Því verður þó ekki neitað, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa tillögurétt í málinu og þeir hafa gert sínar till. En það er alveg **sýnilegt**, þegar ríkisreikningarnir eru lesnir frá ári til árs, að viðkomandi hæstv. ráðuneyti taka ekkert tillit til þessara tillagna, bókstaflega ekkert, bókstaflega hunza alveg tillögur yfirskoðunarmannanna, sem Alþ. hefur valið til þess að líta eftir ríkisreikningunum og benda á veilur, sem hafa komið fram í rekstrinum. Þetta er kjarni málsins. Og ef því er lýst yfir af hæstv. ráðh., að það sé ekki að vænta neinna umbóta í þessum málum, eftir að búið er að ræða þessi mál hér ár eftir ár í þessari hv. d., þá er vitanlega ekki hægt að gera neitt annað en að reyna það hér í Alþ., hvort meiri hl. alþm. vill taka upp aðra skipan, því að eins og málin eru nú, þá er þetta ástand ekki þolandi.

Það hafa hér af endurskoðendum verið sett fram fjöldamörg rök fyrir því, að það væri hægt, ef það væri nokkur vilji á bak við, að koma á heppilegri rekstri í ýmsum stofnunum ríkisins og ráðuneytum, ef það væri farið eftir þeirra tillögum. Því er ekki svarað á neinn annan hátt heldur en að viðkomandi aðilar, sem stjórna þessum stofnunum, eru látnir svara tillögunum og þeir eru látnir verja sjálfa sig, án þess að það hafi komið nokkuð fram hjá sjálfri hæstv. ríkisstj. eða þeim viðkomandi ráðh., sem fer með þau mál, að hann hafi persónulega látið rannsaka þau mál. Og það hefur aldrei komið fram, svo að mér sé kunnugt um, í neinum af þeim ríkisreikningum, sem hafa verið hér til umr. Og þegar þetta er rætt við hæstv. ráðh., þá annaðhvort svarar hann hér hálfgerðum skætingi eða hann hlær, eins og honum komi þetta ekkert við, eins og þetta sé alveg óviðkomandi mál, og vill helzt ekkert ræða þessi mál. En það er allt annað hljóð í hæstv. ráðh., þegar hann við afgreiðslu hverra fjárlaga er að kvarta undan því, að ekki megi setja inn þessa hluti og þessa till. og ekki megi samþykkja þessa till. og þessar tillögur, af því að ríkisreikningarnir þoli það ekki. En honum er alveg sama um það, þó að hann átölulaust láti eiga sér stað alls konar sukk í rekstrinum, eins og yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa bent á og hann hefur alveg virt að vettugi ár eftir ár.

Ég held, að ef hæstv. ráðh. hugsar sér að halda þessu þannig áfram, þá væri bezt fyrir hann að fá stjórnarskrárbreytingu um, að það þyrfti ekkert að vera að athuga neina ríkisreikninga. Það væri það heppilegasta fyrir hann.

Ég hafði nú satt að segja búizt við því, að þegar hv. fjhn. þessarar d. hefur hvað eftir annað óskað eftir samvinnu við hæstv. fjmrh., sem meiri hl. n. styður, til þess að fá lagað hér ýmislegt, sem miður fer, þá ætti það að takast með öðrum svörum en hér hafa verið gefin í dag og miklu heppilegri, því að þau verða ekki til þess að hjálpa honum sem ráðh. til þess að halda niðri útgjöldum ríkissjóðs. Það væri miklu betra fyrir hann að taka þar upp allt aðra vinnuaðferð.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. þm. Barð. tók fram. — Þessi hv. þm. sagði, að ég hefði ekki verið viljugur til þess að ræða þessi mál hér og í stað þess að ræða þessi mál af alvöru, þá hefði ég svarað með hálfgerðum skætingi. Ég veit satt að segja ekki, hvort það er hægt að taka þennan hv. þm. alvarlega; mér er það alls ekki ljóst. Það vita þeir kannske betur, sem sitja með honum hér í deildinni. Ég skrapp hér út áðan til þess að fá blek í pennann minn, og ég var ekki fyrr kominn út úr dyrunum en það kemur maður hlaupandi á eftir mér og segir, að hv. þm. Barð. krefjist þess, að ég sé inni í d. Og þegar ég kem inn aftur, mætir mér hér skætingur frá þessum hv. þm. fyrir það, að ég sé að flýja frá málinu, vilji ekki ræða við þingmenn, vegna þess að ég fór burt og var líklega eina mínútu eða kannske eina og hálfa mínútu. — Ég vil nú segja það þessum hv. þm., sem á að heita forseti þessarar d., að svona dónaskap ætti hann ekki að venja sig á, og ég lýsi því hér yfir sem skoðun minni, að ég tel það skömm fyrir þessa hv. d. að hafa þennan hv. þm. fyrir forseta. (**Forseti**: Ég vil leyfa mér að víta þessi orð.) Það er ekki nein ástæða til þess að víta þessi orð. (**Forseti**: Ég víti þessi orð.) Það er ekki nein ástæða til að víta þessi orð, því að það er skömm fyrir þessa d. að hafa hv. þm. Barð. fyrir forseta. (**Forseti**: Deildin ákveður af frjálsum vilja ....) Já, en ég ræð því, hvað ég segi. (Forseti grípur fram í.) Forseti getur reynt að taka af mér orðið, ef hann vill, en ég þagna bara ekki. Ég

segi það, sem mér sýnist um þetta og um hv. þm. Barð. (Forseti grípur fram í.) Hann hagar sér eins og dóni við hv. þingmenn og mig síðast áðan, og það hafa allir þm. heyrt, sem hér voru inni, að þetta er ekkert annað en dónaskapur hjá hv. þm. Barð., vegna þess að ég talaði hér um málið af fullri kurteisi, enda geri ég aldrei annað. En hv. þm. Barð. þarf ekki að ímynda sér, að ég sitji þegjandi undir stráksskap hans.

Þá var auðheyrt á því, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að hann hefur algerlega misskilið það, sem fram hefur farið um þetta mál. Hann sagði, að ég hefði breytt um skoðun í þeim orðum, sem ég sagði síðast, frá því, sem ég sagði fyrst. En það er alger misskilningur. Ég útskýrði skyldu yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna á nákvæmlega sama hátt í seinni orðunum eins og þeim fyrri. Þeirra skylda er að gera athugasemdir við það, sem þeim finnst miður fara í ríkisrekstrinum, fylgjast síðan með því, hvort þeim athugasemdum er framfylgt, og ef þeim er ekki framfylgt, að gera þá aftur athugasemdir og tillögur um það, hvað skuli gera. En það er ekki þeirra skylda, enda hafa þeir ekkert vald til þess, að grípa fram fyrir hendur framkvæmdavaldsins. Þeir hafa ekki framkvæmdavald. Þegar að því væri komið, yrði þingið að taka við og fylgja fram því, sem yfirskoðunarmennirnir hafa lagt til, ef það er þeim sammála.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vil nú ekki ræða mikið við hæstv. ráðh., meðan hann er í þeim ham, sem hann var hér nú í. Ég vil aðeins benda hv. deild á, að það er sannarlega ekki að vænta þess, að það sé hægt að fá samkomulag um afgreiðslu og framgang alvarlegra mála, ef t. d. hv. yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, sem einnig eiga sæti hér á þingi, mæta slíkri samvinnu sem hann hefur sýnt í sambandi við þetta mál hér. Ég vil aðeins benda á það. — Þetta er miklu stærra mál en svo, að nokkur hæstv. fjmrh. geti leyft sér að leysa það á þann hátt að lýsa öðrum þm. á þann hátt, sem hann hefur gert hér, og ég vildi aðeins, áður en þessu máli er lokið, benda á, að það er ekki lausnin, sem bætir úr því ástandi, sem þetta mál er í.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. Barð. sagði, að það væri ekki von á góðu, ef ég hefði álíka samvinnu við yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna og ég hefði haft við hann núna síðustu mínúturnar, eða eitthvað í þá áttina. Ég vil bara lýsa því yfir, að enn þá hefur það ekki komið fyrir, síðan ég fór að fara með þessi mál, að kosnir hafi verið til þess að vera yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna menn á borð við hv. þm. Barð., enda hygg ég, að hans framkoma sé algert einsdæmi hér í þinginu, og því fer betur.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

---

## 28. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyt. á þeim l.** [139. mál] (stjfrv., A. 333).

Á 41. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Í lögum nr. 42 frá 1954, þ. e. a. s. frá síðasta þingi, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er svofellt bráðabirgðaákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári."

Samkvæmt þessu hefur fjmrn. látið fara fram endurskoðun á þessari löggjöf og falið stjórnendum lífeyrissjóðsins endurskoðunina, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ávöxtur þessa starfs.

Um einstök atriði málsins leyfi ég mér að vísa til grg.

Þá vil ég enn fremur taka það fram, að um þau tvö frv., sem hér eru næst á eftir á dagskránni, er alveg það sama að segja og þetta frv., sem ég nú hef talað fyrir. Mun ég því ekki mæla neitt fyrir þeim frv., en leyfi mér að fara fram á, að þessum málum verði öllum þremur vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 412).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., og eins og fram kemur í áliti hennar á þskj. 412, leggur n. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á því þskj.

Fyrsta brtt. n. er við 16. gr. frv., og er þessi

brtt. flutt eftir tilmælum stjórnar lífeyrissjóðsins, sem samdi frv. Breytingin er um það, að í stað orðsins „ellilífeyris“ í 16. gr. komi: lífeyris. Þetta er leiðrétting samkv. þeirri skýringu, sem höfundar frv. hafa gefið nefndinni.

Þá er næst brtt. við 17. gr. og um umorðun á henni. Til glöggvunar á þessu máli held ég að það sé rétt, að ég lesi upp 7. mgr. 14. gr. l. nr. 101 frá 1943, sem hér er verið að breyta. Sú mgr. er þannig nú í lögunum:

„Réttur til lífeyris samkv. þessari gr. fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.“ Þessi ákvæði 14. gr. l. eru, eins og sjá má af þessu, um lífeyri eftirlifandi maka, þegar sjóðfélagi er látinn. Með frv. er lagt til að breyta niðurlagi mgr. þannig, að í stað „rétt til lífeyris úr sjóðnum“ komi: rétt til hærra lífeyris úr sjóðnum. En við nánari athugun þótti rétt að orða þetta nokkuð á annan veg, til þess að ekki gæti valdið misskilningi, og hafði n. um það samráð við þá, er sömdu frv. N. leggur til, að þessi 17. gr. verði umorðuð og verði þannig, að við þá mgr. í l., sem ég las áðan, bætist: „Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.“ Þetta var það, sem vakti fyrir þeim, sem sömdu frv., en þykir réttara að orða það á þennan veg, svo að það komi ótvírætt fram, að hverju er stefnt með breytingunni.

Þriðja brtt. n. er um það, að á eftir 19. gr. komi ný gr. í frv., er verði 20. gr., og er þar um að ræða breyt. á 16. gr. laganna. Fjórir fyrstu málsl. 16. gr. l. hljóða nú þannig:

„Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkv. 12. og 14. gr.“

Við leggjum hér til í þessari brtt., að í stað „15 ár“ komi: 10 ár. Þetta er byggt á því, að samkv. l. öðlast menn rétt til ellilífeyris, ef þeir hafa starfað og greitt tillög til sjóðsins í 10 ár, og virðist okkur þá eðlilegt, að eftir að þeim starfsaldri er náð, hafi sjóðfélagarnir möguleika til þess að velja um, hvort þeir taka út þau iðgjöld, sem þeir hafa greitt, án vaxta eða láta iðgjöldin standa inni í sjóðnum og geyma sér rétt til lífeyris, þegar þeim aldri er náð, að lífeyrir er greiddur yfirleitt.

Við ræddum um þetta atriði við sjóðsstjórnina, og hefur hún ekkert við það að athuga.

Fjórða brtt. n. er við 22. gr. Í þeirri gr. frv. er ákvæði um það, að ef starfsmaður, sem hefur verið í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, flytur í annað starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, þá megi endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn vegna þessa sjóðfélaga, og nánari ákvæði eru um skilyrði í þessu sambandi. Þá segir einnig, að sjóðsstjórninni sé heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjmrn.

Við athugun á þessu kom í ljós, að aðstaða þeirra manna, sem hverfa úr starfi hjá ríkinu og eru tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, getur orðið ójöfn eftir því, hvort þeir fara til starfa hjá öðru fyrirtæki, sem hefur lífeyrissjóð, eða hverfa að öðrum störfum, t. d. í eigin atvinnurekstur eða til einhverra þeirra starfa, sem veita ekki aðgang að neinum sérstökum lífeyrissjóði; ef þeir hefðu ekki starfað 10 ár eða lengur hjá ríkinu og verið félagar í sjóðnum, þá mundu þeir aðeins fá sín iðgjöld endurgreidd vaxtalaus, en hinir, sem færu til starfa við aðra stofnun, sem hefði lífeyrissjóð, gætu samkvæmt greininni fengið yfirfærð þangað öll þau iðgjöld, sem þeirra vegna hafa verið greidd í sjóðinn, ásamt vöxtum til þess að öðlast þar nýj lífeyrissjóðsréttindi.

Okkur kom því saman um, að það væri rétt að gera á þessu nokkra breytingu, og leggjum til, að við gr. bætist, að þetta gildi einnig, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í þessum lögum. Þá hafa þeir, sem hverfa frá störfum hjá ríkinu, ef þetta verður samþ., möguleika til þess að kaupa sér lífeyri hjá einhverri stofnun, sem selur slík réttindi, og nota til þess það fé, sem greitt hefur verið þeirra vegna í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Skilyrðin, sem hér eru sett, eru þau sömu sem nú gilda samkvæmt skattalögunum, þegar menn óska eftir því að fá að draga frá tekjum sínum iðgjöld af keyptum lífeyri.

Það skal tekið fram, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja fleiri brtt. eða fylgja till., sem fram kunna að koma, og getur vel verið, að einhverjar slíkar komi fram fyrir 3. umr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að gera að umtalsefni aðrar gr. frv. Það er nokkuð rækileg grein gerð fyrir efni frv. og einstakra gr. í þeirri grg., sem fylgir því, en eins og þar er tekið fram og ég hef minnzt á áður, þá er frv. samið af stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er ekki hægt að segja, að þarna sé um neinar veigamiklar breytingar að ræða, heldur ýmsar smærri lagfæringar og leiðréttingar, sem reynslan hefur sýnt, að áliti sjóðsstjórnarinnar, að ástæða sé til að gera á lögunum.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Fjhn. var öll sammála um þær brtt., sem hún hefur flutt og hv. frsm. n. hefur lýst, en nm. áskildu sér rétt til þess að flytja brtt. Við hv. 9. landsk. (KGuðj) höfum rætt það, eftir að málið var síðast rætt í hv. fjhn., að ástæða væri til þess að bæta

tveim breytingum við þær brtt., sem n. öll er sammála um, og skal ég gera grein fyrir þeim í örfáum orðum.

Önnur er við 2. gr. Sú breyting felst í frv., eins og það nú liggur fyrir, að niður er felldur réttur starfsmanna ýmissa sjálfseignarstofnana, sem starfa í almenningsþágu, til þess að vera *félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins*. Um rökin fyrir þessu gat hv. þm. V-Húnv. ekki í ræðu sinni. Við hv. 9. landsk. teljum óeðlilegt, að niður sé felldur réttur starfsmanna ýmissa opinberra sjálfseignarstofnana til þess að vera félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar eð benda má á, að sumar þeirra stofnana, þar sem starfsmennirnir nú mundu ekki hafa rétt til þess að verða félagar í lífeyrissjóðnum, eru algerlega hliðstæðar stofnunum, þar sem starfsmennirnir eru og eiga áfram að vera í lífeyrissjóðnum. Má nefna um þetta dæmi. Starfsmenn sjúkrasamlags Reykjavíkur eru félagar í lífeyrissjóði ríkisins. Starfsmaður sjúkrasamlagsins á Seyðisfirði er félagi í lífeyrissjóði ríkisins. En ef frv. yrði afgreitt eins og það nú liggur fyrir, þá ættu starfsmenn annarra sjúkrasamlaga í landinu ekki að hafa rétt til þess að verða félagar í lífeyrissjóði ríkisins. Þetta teljum við óeðlilegt og viljum bæta við 2. gr. ákvæði, sem mundi tryggja t. d. öllum starfsmönnum allra sjúkrasamlaga á landinu að geta orðið félagar í *lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eins og* starfsmenn sjúkrasamlags Reykjavíkur og starfsmaður sjúkrasamlagsins á Seyðisfirði eru orðnir nú þegar.

Hitt atriðið, sem við hv. 9. landsk. þm. teljum að þurfi að breyta, snertir það, að samkvæmt frv. er ætlunin að fella niður það ákvæði, að sé samanlagður aldur og þjónustutími opinbers starfsmanns orðinn 95 ár, þá tryggi það honum *rétt til fulls lífeyris*. Um rökin fyrir því ræddi hv. þm. V-Húnv. í ræðu sinni áðan, en við teljum, að nauðsynlegt sé að kveða skýrt á um það, að þeir, sem við gildistöku þessara l. eru sjóðfélagar, eigi þess kost að njóta fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur og þjónustutími þeirra er orðinn 95 ár, þ. e. a. s., að enginn, sem áður hefur gerzt sjóðfélagi, verði sviptur neinum rétti við gildistöku laga þessara. Þess er að vísu getið í grg. fyrir frv., saminni af stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að skilja beri ákvæði 8. gr. þannig, að enginn skuli missa neinna réttinda við samþykkt laganna, en við hv. 9. landsk. þm. teljum ekki öruggt, að síðar verði litið þannig á, og viljum binda það fastmælum í frv. sjálfu, að enginn missi þessa réttar, þ. e. a. s., að þeir, sem nú eru sjóðfélagar, skuli eiga þess kost að njóta fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur þeirra og þjónustutími er orðinn 95 ár.

Við höfum komið okkur saman um, hv. 9. landsk. þm. og ég, að tefja ekki framgang málsins með því að flytja skriflegar brtt. við frv. við 2. umr., heldur láta þessar till. bíða til 3. umr. Auk þess vinnst þá það, að n. fær væntanlega tilefni til þess að koma saman aftur og íhuga þær, og það er a. m. k. von okkar, að n. kynni þá að vilja taka tillit til þeirra og mæla með þeim.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 412,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 412,2 (ný 17. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 412,3 (*ný gr., verður 20. gr.*) samþ. með 18 shlj. atkv.

20.—21. gr. (verða 21.—22. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 412,4 samþ. með 19 shlj. atkv.

22. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

23. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

24.—25. gr. (verða 25.—26. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 420, 442).

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég því fyrir hönd okkar hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), sem skipum minni hl. í hv. heilbr.- og félmn., að við hefðum hug á því að reyna að fá fram tvær smávægilegar breytingar á því frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. Við ákváðum þó þá að fresta flutningi brtt. um þetta mál til að freista þess að fá samkomulag innan n. allrar um stuðning við þessar hugmyndir okkar. Það hefur því miður ekki tekizt, og höfum við því leyft okkur að flytja tvær brtt. á þskj. 442, *og skal ég í örstuttu máli* reyna að gera grein fyrir efni þeirra.

Með þeirri breytingu, sem gerð er á gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í 2. gr. þessa frv., er felldur niður réttur starfsmanna sjálfseignarstofnana, er starfa í almenningsþágu, til þess að vera aðili að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Svo er mál með vexti, að undir þetta mundu t. d. falla starfsmenn þeirra *sjúkrasamlaga í landinu, sem eru ekki félagar í* lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt öðrum lagaákvæðum en þeim, sem hér er um að ræða, en t. d. starfsmenn sjúkrasamlags Reykjavíkur og starfsmenn sjúkrasamlagsins á Seyðisfirði eru samkvæmt öðrum reglum félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ef frv. næði fram að ganga óbreytt eins og það er, með meðmælum hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., þá þýddi það, að starfsmenn annarra sjúkrasamlaga í landinu yrðu ekki eða gætu ekki orðið, ef ný sjúkrasamlög yrðu stofnuð, félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þetta teljum við óeðlilegt og viljum kveða svo á í brtt. okkar, að starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþágu og lúta stjórn, sem að öllu er skipuð eftir tilnefningu eða kosningu sveitarstjórnar, ríkisstjórnar eða Alþingis, geti orðið félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Hin brtt. skiptir ef til vill minna máli, en hún

er sú, að í 8. gr. verði tekið upp það lagaákvæði, að við gildistöku þessara laga skuli sá, sem er sjóðfélagi, njóta áfram fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár. Eins og hv. deildarmönnum er vafalaust kunnugt, er ein breytingin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sú, að felld er niður sú regla, að 95 ára samanlagður aldur og þjónustutími skuli veita rétt til lífeyris úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Sú skýring hefur að vísu fylgt frá stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að þessi breyting geti ekki náð til þeirra, sem nú eru sjóðfélagar, heldur taki eingöngu til hinna, sem verða sjóðfélagar eftir að lagaákvæðið gengur í gildi, þ. e., að með þessari lagabreytingu sé ekki hægt að svipta þá, sem nú eru sjóðfélagar, þeim rétti, sem þeir hafa notið. Við hv. 9. landsk. þm. teljum hins vegar ekki algerlega öruggt, að þessi skilningur fái staðizt, ef það er ekki alveg skýrt kveðið á í lögunum, að þeir, sem nú eru sjóðfélagar, skuli halda þeim rétti sínum að fá fullan lífeyri, þegar samanlagður aldur og þjónustutími er orðinn 95 ár, og viljum við þess vegna kveða skýrt á um þetta í lögunum.

Til grundvallar þessari brtt. liggur sem sagt ekki skoðanamunur innan n., heldur er einungis spurningin um það, hversu skýrt á að kveða á um þetta í l. sjálfum. Hitt atriðið er efnisatriði, og vona ég, að hv. þdm. fallist á, að það sé sanngirnisatriði gagnvart þeim starfsmönnum t. d., sem ég nefndi áðan. En um fleiri slíka starfsmenn er vafalaust og gæti vafalaust orðið að ræða, að vafasamt væri, hvort þeir gætu haft rétt til þess að verða félagar í lífeyrissjóðnum, en mundu verða það, ef fyrri brtt. okkar á þskj. 442 yrði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 442, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Hér liggja fyrir tvær brtt. á þskj. 442, sem 1. flm. þeirra, hv. 1. landsk. (GÞG), hefur nú gert grein fyrir.

Ég hef átt tal um þessar brtt. við stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en eins og áður hefur verið frá skýrt og fram kemur í aths., sem fylgja frv., þá var það einmitt stjórn lífeyrissjóðsins, sem samdi þetta frv.

Fyrri brtt. á þskj. 442 er við 2. gr. frv. Í lögunum, sem nú gilda, segir, að starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir, sé heimilt að taka í tölu sjóðfélaga auk starfsmanna við ríkisstofnanir og starfsmanna bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, en höfundar frv. leggja til í frv., að þessi ákvæði um starfsmenn við sjálfseignarstofnanir verði felld þarna niður, og þeir segja um þessa breytingu í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Samkvæmt 4. gr. laga 101 1943 er heimilt — en ekki skylt — að taka í tölu sjóðfélaga: 1. starfsmenn við ríkisstofnanir, er sérstakan fjárhag hafa, 2. starfsmenn bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga og 3. starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Í frv. er ákvæðum þessum breytt á tvo vegu. Annars vegar er leyft að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn við stofnanir, er tilheyra bæjar-, sýslu- eða hreppsfélögum, sem hafa sérstakan fjárhag, þannig að starfsmennirnir mundu taldir starfsmenn stofnunarinnar, en ekki starfsmenn bæjar-, sýslu- eða hreppsfélagsins. Í annan stað er í frv. felld niður heimildin til að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í almenningsþarfir. Liggja til þessa tvær ástæður aðallega. Önnur er sú, að nú er eigi lengur þörf á þessari heimild, eftir að lög hafa rýmkað mjög rétt manna til að draga lífeyrisiðgjöld frá tekjum sínum til skatts, sbr. l. nr. 46 14. apríl 1954, 10. gr. Hin ástæðan er sú, að mjög örðugt reynist í framkvæmdinni að ákveða það, hverjar stofnanir fylli skilyrði þau, sem áskilin eru í 3. lið 4. gr. laga 101 1943.“

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur látið uppi, að álit hennar um þetta sé óbreytt, og hún leggur á móti því, að þessi brtt. verði samþ.

Mér hefur skilizt á hv. flm., að þeir bæru sérstaklega hér fyrir brjósti einhverja starfsmenn við sjúkrasamlög annars staðar en í Reykjavík, en hins vegar hefur mér skilizt á stjórn lífeyrissjóðsins, að þessir starfsmenn sjúkrasamlaga mundu ekki vera í neinum vandræðum með að komast í einhverja lífeyrissjóði, þó að 2. gr. frv. verði samþ. eins og hún nú er. Ég skal ekki fullyrða um það, hvernig á það yrði litið reyndar með sjúkrasamlögin, en núna stendur í frv., í 2. tölul. 2. gr.: „Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.“ Mér finnst fyrir mitt leyti, að vel megi segja, að sjúkrasamlög heyri til bæjar- og hreppsfélögum, en ég skal ekki segja um lagalegan skilning eða skýringar á því. Ég tel fyrir mitt leyti, að það hefði gilt nokkuð öðru máli, ef þeir flm. brtt. hefðu sérstaklega flutt hér till. um starfsmenn sjúkrasamlaga, sem þeir virðast sérstaklega hugsa um; það hefði gilt nokkru öðru máli heldur en að taka þarna inn ákvæðið um sjálfseignarstofnanir yfirleitt, ótiltekið hverjar þær eru, en það er einmitt það atriði, sem stjórn lífeyrissjóðsins leggur á móti að verði haft í l. framvegis eins og það nú er.

Þá er önnur brtt. við 8. gr. — 8. gr. frv. er um breyt. á 1. málsgr. 12. gr. í l. frá 1943, og vil ég til viðbótar því, sem ég sagði um þetta við 2. umr. málsins, fara um þetta atriði nokkrum orðum.

1. málsgr. 12. gr. laganna, sem nú gilda, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.“

Í frv. er lagt til, að úr þessari málsgr. falli ákvæðin um rétt manna, þegar samanlagður aldur þeirra og þjónustutími er orðinn 95 ár, þannig að lífeyrisrétturinn sé bundinn við 65 ára aldur, og höfundar frv. gera grein fyrir þeirri breytingu. Þeir segja svo:

„Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæðið um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára saman-

lögðum aldri og þjónustutíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar.“

Þeir segja enn fremur:

„95 ára ákvæðið var í l. nr. 51 1921, um lífeyrissjóð embættismanna. Þegar þau lög voru sett, mun hafa verið algengast, að embættismenn væru fyrst skipaðir í embætti um 30 ára aldur, og var ákvæðið þá ekki óeðlilegt. Öðru máli gegnir nú í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar sem reynslan sýnir, að mikill fjöldi sjóðfélaga kemur inn á aldrinum 18—25 ára. 95 ára ákvæðið skapar þeim rétt til að hætta störfum á aldrinum 56½ árs til 60 ára, þótt þeir hafi þá óskerta starfsorku. En það er alls ekki tilgangur laganna um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að skapa starfhæfu fólki aðstöðu til að hætta störfum og taka eftirlaun, heldur hitt, að tryggja þeim mönnum lífeyri, sem vegna elli eða örorku verða að hætta störfum og missa þar með vinnutekjur sínar.“

Það var enginn ágreiningur um það í fjhn., að rétt væri að samþ. þessa breytingu, fella niður ákvæðin um rétt manna til að fá lífeyri, þegar samanlagður aldur þeirra og þjónustutími væri orðinn 95 ár.

En hv. flm. brtt. á þskj. 442 virðast ekki telja það nógu öruggt, að þessi eldri ákvæði verði látin gilda áfram fyrir þá starfsmenn, sem nú eru í tölu sjóðfélaga. Þetta segir hins vegar stjórn lífeyrissjóðsins að sé alveg öruggt og þess vegna eigi þessi breyting ekkert erindi inn í frv., og í þeirra hópi er meðal annarra vísra manna á þessu sviði lagaprófessor við háskólann. Ég hefði því talið æskilegast, að hv. flm. tækju þessa till. aftur. En vilji þeir það ekki, þá vil ég enn fremur vekja athygli á því, að þeir orða þetta nokkuð öðruvísi en nú er í l. Þeir segja í brtt.: „Sá, sem við gildistöku þessara l. er sjóðfélagi, skal njóta fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár.“ En í l. segir nú, að slíkur maður eigi rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum. Mér finnst vera nokkur munur á þessu, og e. t. v. mætti túlka þetta þannig, ef þessi brtt. hv. 1. landsk. og hv. 9. landsk. yrði samþ., að þá skyldu menn, eins og þar stendur, taka lífeyri, þegar samanlagður þjónustutími og aldur væri orðinn 95 ár, en það getur orðið þegar menn eru innan við sextugt, og ættu þeir þá, hvort sem þeim líkaði betur eða verr, að hætta störfum og fara að taka fullan lífeyri.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. En með tilvísun til ummæla sjóðsstjórnarinnar, sem ég hef þegar vitnað til, tel ég, að það sé engin ástæða til að samþykkja þessa till. frekar en hina. Og bezt væri, ef flm. vildu taka hana aftur, þar sem enginn vafi virðist leika á því, að menn þeir, sem nú eru í sjóðnum, njóta þeirra réttinda áfram, sem l. nú gera ráð fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 442,1 felld með 15:6 atkv.

— 442,2 felld með 15:7 atkv.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 420, n. 533).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Á Alþ. 1954 var sett bráðabirgðaákvæði aftan við lögin um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni vera lokið á þessu ári.“

Samkv. þessu bráðabirgðaákvæði fól hæstv. ríkisstjórn stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna að endurskoða þessi lög og þá sérstaklega með tilliti til þess ákvæðis laganna, að starfsmaður, sem hefur samanlagðan aldur og þjónustualdur 95 ár, skyldi hafa rétt til að láta af störfum og taka lífeyri, þó að hann væri ekki orðinn 65 ára gamall. Jafnframt var svo stjórn þessa lífeyrissjóðs falið að endurskoða lögin um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra og lögin um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna með það fyrir augum að samræma ákvæði þessara þrennra laga, eftir því sem við væri hægt að koma.

Frv. það, sem lagt var fyrir hv. Nd. á þskj. 333, var óbreytt eins og lífeyrissjóðsstjórnin gekk frá því, en Nd. samþykkti á því nokkrar breytingar, flestar smávægilegar, og er það þaðan komið til þessarar hv. deildar.

Meginatriði þessa frv., þ. e. a. s. breytingarnar frá því í gildandi lögum, eru þær, sem nú skal greina.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að fella niður það ákvæði lífeyrissjóðslaganna, að sjálfseignarstofnanir svokallaðar skuli hafa heimild til þess að tryggja starfsmenn sína hjá lífeyrissjóðnum. Þetta ákvæði er lagt til í frv. að verði fellt niður, og þær ástæður, sem taldar eru til þess, eru teknar upp í grg. þeirri, sem frv. fylgdi. Þar segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í annan stað er í frv. felld niður heimildin til að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í almenningsþarfir. Liggja til þessa tvær ástæður aðallega. Önnur er sú, að nú er eigi lengur þörf á þessari heimild, eftir að lög hafa rýmkað mjög rétt manna til að draga lífeyrisiðgjöld frá tekjum sínum til skatts, sbr. lög nr. 46 14. apríl 1954, 10. gr. Hin ástæðan er sú, að mjög örðugt reynist í framkvæmdinni að ákveða það, hverjar stofn-

anir fylli skilyrði þau, sem áskilin eru í 3. lið 4. gr. l. 101/1943“ — þ. e. a. s., hvað skuli telja opinberar stofnanir í almenningsþágu.

Ég skal geta þess, að flestar þær stofnanir, sem tvímælalaust er um í þessu efni að teljist opinberar stofnanir í almenningsþágu, hafa nú þegar tryggt starfsmenn sína hjá sjóðnum. Það er fyrst og fremst Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og hliðstæðar stofnanir. Aftur hafa komið umsóknir frá ýmsum öðrum stofnunum, eins og áburðarverksmiðjunni og Iðnaðarbankanum, sem hvort tveggja er hlutafélag og getur því samkv. áliti sjóðsstjórnarinnar ekki fallið undir þetta ákvæði laganna. Sjúkrasamlögin flest hin stærri hafa annaðhvort tryggt starfsmenn sína í lífeyrissjóðnum, eins og sjúkrasamlag Reykjavíkur, eða þau fá þá tryggingu, sem starfsmenn sveitar- og bæjarfélaganna njóta á þeim stað, hjá hlutaðeigandi bæjarfélögum. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir að rýmka mjög heimildina til þess að tryggja starfsmenn sveitar- og bæjarfélaga í sjóðnum frá því, sem nú er, þannig að það verði ekki aðeins starfsmenn bæjarfélaganna sjálfra, heldur einnig stofnana, sem bæjarfélögin eða sýslufélögin hafa með höndum og hafa sérstakan fjárhag, og mundu þessir starfsmenn þá geta fengið tryggingu hjá lífeyrissjóðnum eins og starfsmenn ríkisins.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að halda þessu ákvæði lengur í lögunum, — ég er sammála stjórn lífeyrissjóðsins um það, — úr því sem komið er, sérstaklega með tilliti til þess, að rýmkaður er réttur stofnana, sem bæjar- og sýslufélög eiga og reka, til þess að fá tryggingu í sjóðnum fyrir sína starfsmenn.

Þá er gert ráð fyrir því í samræmi við bráðabirgðaákvæðið, sem ég drap á áðan, að ákvæðið um, að menn geti látið af störfum og tekið eftirlaun, þegar samanlagður aldur og þjónustualdur er 95 ár, verði fellt niður. Ég skal þó taka það fram, að lífeyrissjóðsstjórnin og aðrir þeir, sem um málið hafa fjallað, munu vera sammála um, að breytingin á þessu ákvæði taki þó ekki til þeirra manna, sem nú þegar hafa öðlazt réttindi í sjóðnum, heldur aðeins til þeirra, sem koma inn sem nýir félagar, eftir að breytingin er lögfest.

Ástæðan til þess, að rétt þykir nú að fella þetta ákvæði niður úr lögunum, er sú, að sjóðfélagar eru nú með allt öðrum hætti en þeir voru, meðan lögin um lífeyrissjóð embættismanna voru í gildi fram til ársins 1944. Þá voru réttindi sjóðfélaga takmörkuð við embættismennina eina, þ. e. a. s. í flestum tilfellum menn, sem höfðu langt skólanám að baki, áður en þeir gátu tekið sér starfa og orðið sjóðfélagar. Þá var algengt, að menn voru orðnir um 30 ára og sumir jafnvel eldri, áður en þeir fóru að greiða til sjóðsins. Nú, eftir að lögunum var breytt 1944 og starfsmenn ríkisstofnana og almennt skrifstofufólk hjá ríkissjóði og stofnunum hans er sjóðfélagar, er orðin á þessu nokkur breyting. Menn koma nú miklu yngri inn en áður og er því ekki ástæða til að hafa þetta ákvæði lengur í lögum. Segjum, að tvítugur maður hefji starf hjá ríkinu og fari að greiða til sjóðsins. Eftir 30 ár, þegar hann er fimmtugur, hefur hann samanlagðan aldur og starfsaldur 80 ár. En þegar hann er orðinn 55 ára, hefur hann samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár. Þegar hann er 52½ árs, hefur hann samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár og ætti því eftir eldri ákvæðum laganna að geta þá látið af störfum og farið að taka eftirlaun. Þetta verður að teljast fullkomlega óeðlilegt, enda er n. sammála um það, að rétt sé að fella þetta ákvæði niður, þannig að enginn, sem er heill heilsu og er með fulla starfsgetu, geti öðlazt rétt til eftirlauna eða lífeyris, fyrr en hann hefur fyllt 65 ára aldur, og þá því aðeins til fulls lífeyris, að hann hafi greitt tilskilinn árafjölda eða 30 ár. Um þetta virðist vera fullt samkomulag, enda eðlilegt, að þessi breyting sé á gerð. En ég vil taka það fram aftur, að þessi breyting tekur að minni hyggju og þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, ekki til þeirra, sem hafa öðlazt réttindi sem sjóðfélagar áður en þessi breyting tekur lagagildi.

Þá er í öðru lagi lagt til í frv., að eftir að iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins í 30 ár, skuli iðgjaldagreiðslur falla niður, þó að hlutaðeigandi haldi áfram að starfa hjá ríki eða ríkisstofnunum, því að 30 ára iðgjaldagreiðsla gefur rétt til fulls lífeyris samkvæmt lögunum. Þó að maðurinn borgi lengur en 30 ár, þá veitir það honum þess vegna engin aukin réttindi til lífeyris úr sjóðnum, hvorki hækkaðan lífeyri né heldur að hann fái hann fyrr en ella. Ég verð því að telja fullkomlega eðlilegt, að þessi breyting verði samþ., svo sem lagt er til í frv. En hv. meiri hl. fjhn. er þar á annarri skoðun. Meiri hl. leggur til, að þetta ákvæði verði fellt úr frv., þannig að menn haldi áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins, á meðan þeir eru í starfi og halda launum hjá ríkissjóði, þó að það sé lengur en 30 ár, og þannig sé greitt meira fyrir lengri tíma en þarf til þess að öðlast rétt til fulls lífeyris. Ég verð að telja, að ekki sé réttlátt að fella ákvæðið niður. Við skulum segja, að tveir menn hefji starf hjá ríkissjóði eða ríkisstofnun, annar 25 ára og hinn 35 ára. Sá, sem hefur byrjað starf 35 ára og greiðir í 30 ár, þangað til hann er 65 ára, fær rétt til fulls lífeyris, ef hann þá hættir störfum. Hinn maðurinn, sem byrjar 25 ára, greiðir í 40 ár, til 65 ára aldurs, fjórðungi lengri tíma, en fær engu meiri rétt til lífeyris en sá, sem aðeins greiddi fyrir 30 ára tímabil. Ég verð því að telja eðlilegast, að ákvæði frv. um þetta efni verði látin haldast óbreytt eins og þau nú eru í frv.

Þá er lagt til, að lífeyrir héraðslækna skuli jafnan miðaður við laun í hæsta launaflokki héraðslækna án tillits til þess, hvort þeir hafa verið í þessum launaflokki 10 árin síðustu áður en þeir láta af störfum. Þetta er gert með tilliti til þess, að laun lækna eru nokkuð misjöfn, eins og kunnugt er, og þau eru lægst í hinum meiri og tekjuhærri héruðum, þ. e. a. s. tekjuhærri þegar tekið er tillit til þess, hversu mikill hluti af tekjum lækna kemur fyrir unnin læknisstörf sem greiðsla frá sjúklingunum sjálfum eða sjúkrasamlögunum. Til þessa er ekki tekið tillit að sjálfsögðu í iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. En manni, sem hefur verið í læknishéraði með lágum launum og haft meiri hlutann af tekjum

sínum af „praksis“ og tekjum frá sjúklingum eða samlögum, bregður náttúrlega mjög mikið við, þegar hann kemst á eftirlaun, miðuð við lág föst laun og ekkert tillit tekið til þeirra tekna, sem hann áður hefur aflað sér með sínum læknisstörfum. Ætlunin er að draga úr þessu og jafna metin með því að miða jafnan eftirlaunin hjá læknunum við hæsta launaflokk héraðslækna.

Þá hefur stjórn lífeyrissjóðsins lagt til, að 21. gr. lífeyrissjóðsl. frá 1943 yrði breytt þannig, að nokkru yrði aukið við seinustu málsgr. gr. Seinasta málsgr. greinarinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt“ — þ. e. a. s. kröfur sjóðfélaga á hendur lífeyrissjóðnum. Við þetta er lagt til í frv. að bætt verði einum málslið enn, sem segir svo: „og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda“. Það hefur verið talið sjálfsagt að tryggja það, að lífeyrisgreiðslur kæmu lífeyrisþeganum sjálfum til persónulegra nota, honum til lífsframfæris, og því sjálfsagt að hafa það ákvæði í lögunum, að skuldheimtumaður í dánar- eða þrotabúi gæti ekki skert þessar lífeyriskröfur á nokkurn hátt. Hins vegar hefur það komið fyrir nokkrum sinnum og ósjaldan sennilega, að innheimtumenn opinberra gjalda hafa gert kröfur til þess, að haldið yrði eftir af lífeyrisgreiðslum til þess að standa skil á gjöldunum. Stjórn lífeyrissjóðsins telur, að á þessu sé í raun og veru enginn eðlismunur, og leggur því til, að tekið verði inn þetta ákvæði í 24. gr., að ekki megi halda eftir af lífeyri til greiðslu opinberra gjalda.

Meiri hl. hv. fjhn. er andvígur þessari breytingu. Hann vill láta nægja það, sem nú stendur í lögunum, að enginn skuldheimtumaður í dánareða þrotabúi hafi rétt til að skerða kröfuna á nokkurn hátt. Ég er hins vegar á sama máli og lífeyrissjóðsstjórnin, að mér finnst eðlilegast og bein afleiðing í rauninni af því, sem nú þegar stendur í lögunum, að ekki megi skerða kröfurnar til greiðslu opinberra gjalda frekar en skuldheimtumönnum sé heimilt að skerða þær til þess að fullnægja eldri kröfum í dánarbú eða þrotabú.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, eru höfuðbreytingarnar, sem gerðar eru frá gildandi lögum, og hef ég þá um leið gert nokkra grein fyrir brtt. þeim, sem fjhn. leggur fram eða meiri hl. hennar á þskj. 533, en þær eru sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi við 7. gr., að efnismálsgrein gr. falli niður, en það er það ákvæði, að þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, þá skuli iðgjaldagreiðslan falla niður svo og iðgjaldagreiðsla launagreiðanda hans vegna. Meiri hl. nefndarinnar vill fella þetta niður og láta sjóðfélagann halda áfram að greiða, meðan hann er við störf hjá ríkinu eða stofnunum þess.

Þá flytur nefndin öll aðra brtt. á þskj. 533 við 7. gr., um rétt fósturbarna til þess að njóta lífeyris úr sjóðnum, og er sammála um það. Það er lagt til hér, að orðalaginu verði breytt og nokkru skýrar tekið fram, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess, að barnið fái viðurkenningu sem fósturbarn. Það er mjög á reiki og engin ákvæði um það í lögum, að mér sé kunnugt um, hvað telja skuli fósturbarn, og veldur það nokkrum örðugleikum við að ákveða, hvenær barnið skuli teljast fósturbarn og hvenær ekki. Úr þessu hyggst nefndin bæta með því að orða greinina eins og segir í till. nr. 2 á þskj. 139, að fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skuli njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan. Þ. e. a. s., hann fær ekki viðurkenningu á barninu sem fósturbarni, nema hann annaðhvort hafi haft það í fóstri og á framfæri sínu í full 5 ár eða að öðrum kosti tekið barnið eftir fæðingu eða strax á fyrsta ári í fóstur. Það er talið fullnægjandi, til þess að um fósturbarn sé að ræða.

Þá er sömuleiðis orðalagsbreyting á 22. gr., sem í 3. till. er lagt til að orðist eins og þar segir, að „lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.“ Í frv. er þetta orðað þannig, að bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar, skuli koma til frádráttar. Nefndin telur ekki eðlilegt að draga allar bætur, sem börn kunna að fá, frá greiðslu lífeyrissjóðsins. Það hefur jafnan verið talið sjálfsagt, enda ákveðið í lögum, að eingreiðslur, þ. e. a. s. bætur, sem greiddar eru í einu lagi við dauðsfall eða örorku, komi ekki til frádráttar frá lífeyrisgreiðslum, sem aðrir aðilar eða aðrir sjóðir greiða hlutaðeigandi persónu. Hins vegar er það talið rétt og eðlilegt, að hvorki barn né kona njóti lífeyris samtímis frá tveimur stöðum, bæði frá slysatryggingunni, ef maður ferst af slysi, og líka frá lífeyrissjóði starfsmanna. Því er gert ráð fyrir, að lífeyrisgreiðslur, sem slysatryggingunni ber að greiða t. d. börnum sjóðfélaga, sem farizt hafa af atvinnuslysum, komi til frádráttar þeim lífeyri, sem sjóðnum ber að greiða til barnanna. Hins vegar skulu þær bætur, sem greiddar eru í einu lagi, hvort heldur er til ekkju eða barna, greiðast út og ekki hafa áhrif til lækkunar á lífeyrisgreiðsluna eða aðrar bótagreiðslur úr lífeyrissjóði starfsmanna.

Þá er 4. brtt. á sama þskj., 533, þar sem lagt er til, að 24. gr. verði alveg felld niður og látin nægja þau ákvæði, sem standa í gildandi lögum um þetta efni, en það er 1. málsl. greinarinnar: „Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt“ — en felld verði niður síðasta málsgr. greinarinnar um, að ekki megi halda eftir af lífeyrisfé til greiðslu opinberra gjalda.

Þær brtt., sem fluttar eru af nefndinni við frv. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra og lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, eru að mestu í samræmi við þær brtt., sem hér eru lagðar fram, og er það í því skyni gert að reyna að hafa samræmi milli þessara sjóða innbyrðis, að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Um 2. og 3. lið brtt. er nefndin, eins og ég hef áður greint frá, öll sammála, en um till. 1 og till. 4 er ágreiningur. Ég er mótfallinn þeim báðum, en aðrir hv. nm. virðast vera þeim meðmæltir.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Þegar hv. 4. þm. Reykv. (HG) var kjörinn frsm. að máli því, sem hér er til umræðu, og tveimur öðrum málum á dagskránni, þá tók hann það skýrt fram, að það væri óeðlilegt, að hann væri látinn hafa framsögu, þar sem hann væri andvígur tveimur þeim brtt., sem fjhn. ber fram. Hann gerði hér einnig fullkomlega grein fyrir sinni afstöðu, og hef ég ekkert við það að athuga. En mér finnst þó nauðsynlegt að skýra nokkru nánar frá hlið meiri hl. í n. en hann hefur gert og því, hvers vegna hún leggur til, að þessar breytingar verði gerðar, og það er vegna þess, að mér þótti rétt að segja hér nokkur orð.

Eins og hv. þm. gat um, þá er lagt til, að í 7. gr. falli niður 1. efnismálsgr., þ. e., að sjóðfélagar skuli hætta að greiða gjöld, þegar þeir hafa greitt í 30 ár. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda þessari hv. d. á, að þegar sams konar frv. var til umr. hér á s. l. ári, þá var það einmitt um þetta atriði, hvort sjóðfélagar skyldu hætta að greiða eftir 30 ár, og þá vildi ekki þessi hv. d. fallast á það mál og setti því inn í það frv., sem þá var samþ. hér, að lögin skyldu endurskoðuð og m. a. með tilliti til þessa ákvæðis. Það var þá mjög fast sótt af hv. 4. þm. Reykv. að fá það ákvæði samþ., einmitt vegna þess, — og því vil ég biðja hv. dm. að taka eftir, — að það hefur verið greitt allan tímann af þessum mönnum, þó að þeir hafi verið búnir að greiða lengur en 30 ár. Það hefur engin heimild verið til í l. um að hætta að greiða iðgjaldið. En vegna óánægju, sem hefur risið upp frá þessum mönnum, var þetta borið fram af hv. 4. þm. Reykv., en d. vildi þá ekki fallast á þessa breyt. frekar en hv. fjhn. á þeim tíma. Og ástæðan fyrir því, að ekki var fallizt á breyt. þá, er sú sama og nú, að með því móti að sleppa þessum sjóðfélögum við að greiða gjöldin, ef þeir hafa greitt í 30 ár, eru þeir fyrst og fremst á hærri launum en greidd eru fyrir sams konar starf öðrum þeim sjóðfélögum eða embættismönnum, sem greiða 4% af sínum launum í lífeyrissjóð. Það er m. ö. o. 4% hækkun á þeirra launum, eftir að þeir hafa greitt í 30 ár. Þetta er ein ástæðan.

Önnur ástæðan er sú og kannske veigameiri, að þeir hafa greitt iðgjöld um langan aldur af miklu lægri launum en lífeyririnn er miðaður við, þegar þeir hætta, og það er veigamikið atriði í málinu. Þess vegna telur ekki fjhn. eða meiri hl. fjhn., að það sé rétt að láta iðgjöld þeirra falla niður.

Í þriðja lagi er upplýst, að sjóðurinn þarf raunverulega mjög á þessari greiðslu að halda. Ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir sjóðnum, og einmitt vegna þess, að laun þessara manna eru miðuð við miklu hærri laun en á meðan þeir greiddu sjálfir á sínum fyrstu árum, verður alltaf að koma til kasta ríkissjóðs, ef ekki er nægilega mikið í sjóðnum, og hv. fjhn. lítur svo á, að sjóðurinn þurfi að fá þessar greiðslur og að það sé eðlilegt, að þessir menn greiði svo lengi sem þeir eru í starfi og taka sín laun hjá ríkinu.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við þetta atriði.

Um hina aðra brtt., sem er nr. 4, að sú gr. falli niður, hefur hv. frsm. skýrt það atriði. Ég sé ekki ástæðu til þess að bæta miklu þar við, en vil þó leyfa mér að benda á, að meiri hl. hv. fjhn. þykir jafnmikil ástæða til þess, að þessi atvinnurekandi hafi heimild til þess að draga það af launum, sem hann greiðir, þó að hann greiði þau í þessu formi, eins og hver annar atvinnurekandi í landinu. Það er komin sú regla á nú, að bæjarsjóðir og sveitarsjóðir gera sérhverjum atvinnurekanda að skyldu að halda eftir af launum þeirra manna, sem hjá þeim vinna, og það er án þess að það sé nokkuð greitt fyrir það, og hvers vegna ætti þá ekki þessi aðili, sem greiðir í lífeyri oft og tíðum miklu hærri upphæð til viðkomandi aðila en almennir verkamenn fá, að hafa sama rétt eða bera sömu skyldu til þess að halda launanum eftir? Ef um það væri að ræða, að viðkomandi aðilar hefðu engar aðrar fjárgreiðslur, engin önnur verðmæti til þess að greiða sína skatta með en lífeyrissjóðinn, þá yrði það að fara þannig, að síðar, ef ekki mætti halda því eftir, yrði að krefja viðkomandi aðila um að greiða af þessu sama fé, og ef hann ekki verður við þeirri kröfu, þá að fá dóm fyrir því, að honum beri að greiða upphæðina. Hv. meiri hl. n. sér ekki ástæðu til þess að skapa slíkt ástand og leggur því til, að frv. sé breytt í það horf, sem lagt er til hér í þskj. 533.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta mál og mun þar af leiðandi ekki taka aftur til máls um þessi atriði. Og þessi rök gilda einnig um næstu tvö mál á dagskránni, því að þau eru um nákvæmlega sama efni og ég hér hef rætt um.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Það er fullkomlega rétt hjá hv. þm. Barð. (GíslJ), að ég lét ógert að bera fram rök hv. meiri hl. n. fyrir því að fella niður ákvæðið um, að iðgjaldagreiðslur skyldu falla niður, eftir að hlutaðeigandi hefur greitt iðgjald í 30 ár. Ég taldi eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem að þessari till. standa, gerðu sjálfir grein fyrir henni, svo að víst væri, að rök þeirra kæmu öll fram í þessu efni. Sama gildir einnig um síðustu brtt., að fella niður 24. gr. frv.

Þau rök, sem færð voru fram í n. fyrir brtt. og hv. þm. gerði grein fyrir, eru þau í fyrsta lagi, að hagur sjóðsins sé ekki svo góður sem skyldi. Það er án efa rétt. Að vísu liggur ekki fyrir nú fullkominn útreikningur á, hve miklu eignir sjóðsins nema á móti þeim skuldbindingum, sem hann hefur. En nú um næstu áramót er ætlunin að láta tryggingafróðan mann reikna það út og gefa þannig sæmilega glöggt yfirlit yfir hag sjóðsins. Síðasta yfirlit um þetta efni er frá því í árslok 1949 eða 1950, og samkvæmt því var þersýnilegt, að sjóðinn skorti talsvert mikið á að eiga fé fyrir þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla. Meginorsökin til þess er sú, að gífurlegar breytingar hafa orðið á launakjörum sjóðfélaganna frá þeim tíma, þegar þeir fyrst gengu í sjóðinn og iðgjaldagreiðslur hófust, og til þess tíma, sem nú er og lífeyrisgreiðslurnar væntanlega verða miðaðar við. Breytingar á verðgildi peninga og á laun-

um hafa verið svo stórkostlegar, að það er alveg bersýnilegt, að sjóðinn vantar allmjög til þess að mæta þessum skuldbindingum, þó að ríkissjóður beri nokkurn hluta þessarar áhættu. En sá tekjuauki, sem af því hlytist að láta menn greiða iðgjöld til sjóðsins lengur en 30 ár, mundi áreiðanlega hrökkva skammt til þess að jafna þennan mismun, þó að eitthvað kæmi á þennan hátt upp í það.

Höfuðrökin fyrir því að samþykkja brtt. eru þau, — og ég skal viðurkenna, að þau eru allveigamikil, — að ef maður byrjar mjög ungur að greiða til sjóðsins, þá er ekki ósennilegt, að hann setjist í hærri launaflokk og fái hærri laun og þar af leiðandi hærri eftirlaun, eftir að iðgjaldagreiðslur falla niður, þannig að fullkomið ósamræmi verði á milli iðgjaldagreiðslna hans til sjóðsins og þeirra lífeyrisupphæða, sem hann fær rétt til, þegar hann hættir. Ef maður byrjar að starfa hjá sjóðnum 20 ára gamall og hættir greiðslum fimmtugur, þá er ekkert ósennilegt, að hann eigi eftir að flytjast upp í hærri launaflokk, kannske um eitt eða tvö set, og muni ávinna sér á þann hátt rétt til hærri lífeyris. Þetta er veigamikið atriði, — ég skal játa það, — og er skylt að taka nokkurt tillit til þess, enda hygg ég, að þetta muni vera höfuðrök tillögumanna fyrir því að vilja ekki fella niður greiðslurnar eftir 30 ár.

En þar á móti kemur það að minni hyggju, að sá maður, sem byrjar ungur í starfi og byrjar ungur að greiða til sjóðsins, hefur þegar eftir 30 ár greitt þá áætlunarfúlgu, sem gert er ráð fyrir að eigi að mæta hans lífeyrisgreiðslu, og ef hann byrjar tvítugur, þá eru eftir 15 ár, þangað til hann fær rétt til nokkurrar greiðslu úr sjóðnum, og allan þann tíma hefur sjóðurinn þetta fé til ávöxtunar. Og þegar um svo ungan mann er að ræða, sem byrjar svona ungur í starfi, þá eru 15 ára vextir af öllum greiðslum til sjóðsins veruleg upphæð. Ég hygg því, að það sé ekki full sanngirni í því að ætlast til þess, að slíkur maður haldi áfram að greiða næstu 15 árin full iðgjöld til sjóðsins, eins og sá maður, sem ekki byrjar fyrr en hann er 35 ára og hefur ekki greitt í 30 ár fyrr en hann er orðinn 65 ára gamall.

Um þetta má að sjálfsögðu deila. En ég mundi telja, að einmitt það, hversu lengi sjóðurinn hefur innborganir hlutaðeigandi starfsmanns til ávöxtunar, áður en til lífeyrisgreiðslu kemur, ætti að vega nokkurn veginn á móti þeirri áhættu, sem fylgir því fyrir sjóðinn, ef hann kemst upp í hærri launaflokk á þessu tímabili og skapar sér þannig rétt til hærri lífeyris.

Ég álít því rétt að halda sig að ákvæðum frv., eins og það nú er og eins og stjórn lífeyrissjóðsins hefur lagt til að það yrði framvegis.

Að því er snertir síðustu brtt., að fella niður ákvæðið um, að ekki megi halda eftir af lífeyrisgreiðslum til greiðslu opinberra gjalda, þá er ég sama sinnis og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni. Ég álít, að lífeyririnn sé fyrst og fremst til þess veittur að tryggja hlutaðeigandi sjóðfélaga til sinna persónulegu þarfa þann lífeyri, sem hann hefur rétt til. Ef hann hefur aðrar tekjur annars staðar frá, sem valda því, að á hann eru lögð há opinber gjöld, þá er eðlilegra að ganga að þeim tekjum, sem þar er um að ræða, til þess að mæta þeim, því að lífeyrisgreiðslurnar eru ekki nema í örfáum tilfellum það háar, að á þær sé lagður verulegur skattur til hins opinbera, hvorki til ríkis né sveitar. Þá fyrst verða greiðslur sjóðfélaga, skattar og opinber gjöld, svo háar, að nokkru verulegu nemi, ef þeir hafa tekjur eða eignir, sem gefa af sér tekjur til viðbótar því, sem þeir fá úr lífeyrissjóðnum. Að vísu eru örfáir menn, sem hafa það háar greiðslur samanlagt úr lífeyrissjóði og samkv. 18. gr. fjárl., að nálgast full laun, en þá er líka hægt að ganga að öðrum aðila en sjóðnum til greiðslu á þeim opinberu gjöldum, sem á þá kynnu að vera lögð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 533,1 samþ. með 9:3 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
8.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 533,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 533,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 533,4 (24. gr. falli niður) samþ. með 10:3 atkv.
25.—26. gr. (verða 24.—25. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 558).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er flutt sem stjfrv., eins og hv. þdm. vita, að lokinni endurskoðun á löggjöfinni um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem framkvæmd var af hendi stjórnar lífeyrissjóðsins.

Það var á sínum tíma leitað samkomulags við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta mál. Það var ekki óeðlilegt, að það væri haft samband við bandalagsstjórnina um þetta efni, þar sem þetta snertir mjög kjör opinberra starfsmanna, og bandalagsstjórnin var meðmælt frv. eins og það var lagt fyrir hv. Alþingi. Það voru að vísu ákvæði í því, sem samtök opinberra starfsmanna töldu vera heldur til hins lakara frá því, sem verið hafði fyrir opinbera starfsmenn, en þá önnur, sem að þeirra dómi vógu þar á móti.

Nú tel ég mér skylt að láta hv. þd. vita, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið hér á frv. í hv. deild að tillögu meiri hl. fjhn., eru þannig vaxnar, eftir því sem stjórn bandalags opinberra starfsmanna hefur ritað ríkisstj., að stjórn bandalagsins, sem var meðmælt frv., mundi fara fram á það, að þetta frv. yrði ekki gert að lögum, ef það fæst ekki fært í upphaflegt horf. Leyfi ég mér að lesa bréf bandalagsstjórnarinnar til að skýra viðhorf hennar:

„Á Alþingi því, er nú situr, voru að tilhlutan hæstv. ríkisstjórnar flutt frumvörp til laga um breyting á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóð barnakennara og lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Í tilefni af brtt. við frv. þessi, sem hv. fjhn. Ed. hefur flutt á Alþingi, leyfum vér oss að rita yður, hæstv. fjármálaráðherra, eftirfarandi til skýringar á afstöðu bandalagsins til þessa máls.

Í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóð barnakennara er sú regla, að starfsmenn eiga rétt á að hætta störfum með fullum eftirlaunarétti, þegar þjónustutími þeirra og lífsaldur er samanlagt 95 ár, enda greiða þeir ekki iðgjöld lengur en til þess tíma. Í frv. þeim, sem lögð voru fram að tilhlutan ríkisstj., er regla þessi felld niður, en bandalagið taldi sig geta fallizt á, að svo yrði gert, þó fyrst og fremst vegna þess, að í frv. var mælt svo fyrir, að enginn skyldi greiða iðgjöld lengur en 30 ár, en við þann greiðslutíma miðast hámarkslífeyrir, en samkvæmt núgildandi lögum getur greiðslutími orðið allt að 38½ ár.

Brtt. fjhn. Ed. er á þá leið, að menn mundu greiða iðgjöld meðan þeir gegna starfi. Yrði þá greiðslutími manns, sem kemur í þjónustu hins opinbera 18 ára gamall, 47 ár, miðað við, að hann starfi til 65 ára aldurs, en lífeyrisréttindi hans aukast ekki fyrir síðustu 17 árin, sem hann greiðir. Vér leyfum oss að taka hér upp orðrétt það, sem segir í grg. frv. um þetta atriði, eins og það var upphaflega lagt fyrir:

„Samkvæmt 12. gr. laga nr. 101 1943 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 30 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 30 ára iðgjaldagreiðslu nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru eftir að 30 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, er óréttlát, og er því lagt til, að iðgjaldagreiðslan standi aldrei lengur en 30 ár.“

Verði brtt. samþykkt, leiðir það af sér, að starfsmaður, sem kemur ungur í þjónustu ríkisins og vinnur allt ævistarf í þágu þess, kaupir eftirlaunarétt sinn miklum mun hærra verði en sá, sem byrjar á nær miðjum starfsaldri. Er vissulega ekki fráleitt að ætla, að starfsmenn fyndu hvöt til að hætta störfum í þágu ríkisins að loknum 30 ára greiðslutíma, þá á bezta starfsaldri, og gegna öðrum störfum til aldursmarks, en geyma eftirlaunarétt sinn þangað til.

Ástæðan til brtt. fjhn. getur naumast verið önnur en að auka tekjur sjóðsins, en vegna misréttis þess, sem af henni leiðir, má benda á, að sé miðað við nokkuð stöðuga launahæð um árabil, nýtur sjóðurinn vissulega miklu meiri arðs af iðgjöldum þess, sem greiðir þau ungur, svo að þau standa lengi í sjóðnum.

Um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna gildir sama og hér hefur verið sagt, að öðru en því, að hámarkslífeyrir er þar miðaður við 25 ára greiðslutíma.

Þá var í hinu upphaflega frv. lagt til, að eftirfarandi málsgr. yrði lögfest:

„Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.“

Málsgr. þessi átti að vera til viðbótar svo hljóðandi grein í lögum allra sjóðanna:

„Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.“

Í tilefni af þessari brtt. leyfum vér oss að taka hér upp orðrétt þann hluta grg. frv., sem fjallar um þetta atriði:

„Orð 20. gr. l. 101 1943 eru svo víðtæk og ótvíræð, að augljóst er, að vilji löggjafans hefur verið að undanskilja kröfur um lífeyri öllum skuldheimtumönnum kröfuhafans til þess að tryggja það, að hann fái sjálfur persónulega að njóta lífeyrisfjárins. Þrátt fyrir þetta hefur það átt sér stað, að skuldheimtumenn hafa látið halda eftir af lífeyrisfé til greiðslu opinberra gjalda. Þetta er a. m. k. andstætt anda laganna, og þykir rétt að taka fyrir það með skýlausu ákvæði.“

Það er álit bandalagsins, að verði framangreindar brtt. samþykktar,“ — sem nú hefur verið gert, ef ég hef ekki misskilið, hvernig ástatt er, — „sé stigið stórt spor aftur á bak í eftirlaunamálum opinberra starfsmanna, og með þeim er brostin aðalforsenda bandalagsins fyrir því, að það, er álits þess var leitað, féllst á frumvörpin eins og þau upphaflega lágu fyrir. Er bandalagið því algerlega andvígt lagafrumvörpunum eins og þau nú eru orðin í meðferð hins háa Alþingis og telur óæskilegt, að þau verði þannig samþykkt.

Eru það því eindregin tilmæli vor til yðar, hæstv. fjármálaráðherra, að þér beitið áhrifum yðar til þess, að frumvörpunum verði breytt í sína upphaflegu mynd að því er varðar framangreind atriði eða að öðrum kosti stöðvuð.“

Þessi efni hafa verið rædd í ríkisstjórninni í morgun, og það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að fáist þessu ekki breytt frá því, sem það hefur verið samþykkt hér í deildinni, þá muni vera rétt að gera þessi mál ekki að lögum á þessu þingi, því að við teljum, að það væri ekki góð framkoma gagnvart Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem hefur verið haft samband við um málið, að breyta því í þessa átt á síðasta stigi og afgreiða það þannig. Ég vildi láta hv. þd. vita af þessu nú strax, og svo er það náttúrlega á hennar valdi, hvort hún vill taka nokkurt tillit til þess, sem hér hefur verið sagt, og íhuga málið að nýju eða hvort hún vill afgreiða frá sér málin eins og þau liggja fyrir núna, en þá mundi ég gera tilraun til að fá málunum breytt í hv. Nd. í sama horf og áður var og reyna að ganga á milli deilda um, að málið gæti orðið afgreitt þannig, a. m. k. í höfuðatriðum. En ef ég sæi fram á, að það tækist ekki, þá mundi ég óska eftir því, að málið yrði ekki gert að lögum á þessu þingi.

**Forseti (GíslJ):** Út af ræðu hæstv. ráðh. vil ég leyfa mér að upplýsa, að hv. frsm., 4. þm.

Reykv., var ekki viðstaddur, þegar ráðherra byrjaði að lesa bréfið, en hann er sammála efni þess, eins og komið hefur fram í hans ræðum, þótt hann hafi ekki sett sig á móti þeirri afgreiðslu, sem hér hefur verið gerð á. Hins vegar hefur meiri hl. nefndarinnar haldið fast við þetta. Og í upplýsingum, sem koma fram í bréfinu, eru margar raunverulegar villur og skakkt sagt frá, eftir því sem okkur hefur verið tjáð og við vitum. (**Gripið fram í:** Er þetta ræða?) Ég er að gefa hér skýringar. Mér þykir því rétt á þessu stigi málsins að taka málið út af dagskrá og gefa fjhn. tækifæri til þess að athuga bréfið.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 22. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Eins og hv. dm. er kunnugt, ræddi hæstv. fjmrh. nokkuð þetta mál hér við síðustu umr. og las þá upp bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, dags. 13. þ. m. Hann tilkynnti jafnframt deildinni, að bandalagið teldi það brot á samkomulagi, sem hefði verið gert við hæstv. ríkisstj., þegar þetta frv. var borið fram, ef það yrði gert að lögum með þeim breytingum, sem hér voru gerðar í þessari hv. deild.

Ég tók málið út af dagskrá sem forseti, vegna þess að ég taldi rétt, að hv. fjhn. yrði gefið tækifæri til þess að athuga þessi gögn og sjá, hvaða afstöðu hún mundi taka til málsins, eftir að þessar aths. hefðu komið fram og ljóst var, að hæstv. ríkisstj. samkv. yfirlýsingu hæstv. ráðh. hafði gefið loforð um, að þessi ákvæði skyldu aftur felld niður úr frv.

Þess er náttúrlega ekki að vænta, að hv. meiri hl. fjhn. þessarar d. geti fallizt á að leggja til, að fellt sé niður ákvæði, sem hann hefur áður lagt til að samþ. yrði og fært rök fyrir að ætti að vera í frv. Og þótt ekki hafi tekizt að halda fund í n., vegna þess að formaður n. er veikur og hefur verið það í lengri tíma, hef ég haft samráð við hv. nefndarmenn svo og við hæstv. ráðh. út af þessu máli og það orðið að samkomulagi að leggja til, að frv. færi óbreytt héðan úr þessari hv. deild og kæmi þá að vísu aftur til hv. Nd., sem þá gæti tekið afstöðu til málsins, hvort hún vildi þá aftur breyta frv. og senda það til þessarar hv. deildar á ný. Er það eðlilegri meðferð málsins.

Mér hafði dottið í hug að reyna að fá samkomulag um brtt. við frv., þannig að lengdur yrði sá tími, sem greiða skyldi í sjóðinn, og þeir menn, sem greiða í meira en 30 ár, skyldu þá fá hærri hundraðshluta í eftirlaun, t. d. 1% hærra fyrir hvert ár, sem fram yfir yrði 30 ár. En það hefur ekki fengizt samkomulag meðal nm. um þetta atriði, og ég hef fengið þær upplýsingar frá stjórn sjóðsins, að þeir mundu ekki frekar sætta sig við þá lausn málsins, svo að sú brtt. mundi þá ekki leysa þann ágreining, sem hér er á milli þessara tveggja aðila. Sé ég því ekki ástæðu til að halda málinu lengur hér í þessari hv. deild.

Ég vil hins vegar leyfa mér að benda á, að ef frv. nær ekki fram að ganga á þessu þingi, þá verða þessir aðilar að sjálfsögðu að greiða eftir þeim reglum í sjóðinn, sem þeir nú ekki vilja beygja sig undir, þar sem engin lagafyrirmæli heimila að undanskilja þá greiðsluskyldu, þó að þeir hafi greitt í sjóðinn í 30 ár. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Ég skal að öðru leyti ekki lengja þessa umr. Ef málið kemur hér á ný breytt frá hv. Nd., þá mun hv. fjhn. að sjálfsögðu fá tækifæri til þess að segja álit sitt um málið eins og það þá kann að verða, og ég legg því til f. h. nefndarinnar, þar sem hv. formaður hennar er sjúkur, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir óbreytt við þessa umr. svo og þau önnur frv., sem eins stendur á um.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Barð. (GíslJ) um það, að eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf hér, þegar málið síðast var til umr., og eftir þá athugun, sem fram hefur farið á afstöðu fjhn., þá sé eðlilegast, að frv. gangi í þeirri mynd, sem það nú er, til Nd. og sjá, hverjar breytingar þar kunna á því að verða gerðar, þannig að fjhn. geti þá tekið afstöðu til málsins á ný, þegar það kemur aftur frá hv. Nd.

Hv. þm. Barð. benti á, að ef þetta frv. yrði ekki að lögum, þeim yrði ekki breytt, þá ynnu opinberir starfsmenn ekki neitt á því, vegna þess að þeir héldu þá áfram að greiða lengur en 30 ár iðgjald til sjóðsins. Þetta er rétt. En það er ekki nema hálfur sannleikur með þessu sagður, vegna þess að ef frv. er ekki samþ., þá helzt áfram sá réttur, sem er í gildandi lögum fyrir sjóðfélaga til þess að láta af störfum með fullum eftirlaunum, þegar þeir hafa náð samanlögðum aldri og starfsaldri 95 ár, þó að þeir séu ekki orðnir 65 ára gamlir, þannig að þessi réttur, sem ætlunin er að taka af með frv., helzt fyrir þá, sem ákvæðin taka til.

Ég skal ekki ræða þessar brtt., sem voru samþ. hér; það gerði ég við 2. umr. Það var ágreiningur milli mín og annarra hv. fjhn.-manna um það, hvort rétt væri að breyta frv. eins og það var, þegar það kom hér til deildarinnar, þannig að menn skyldu greiða iðgjöld lengur en 30 ár. En í frv. var gert ráð fyrir, að iðgjaldagreiðslur féllu niður, eftir að iðgjöld höfðu verið greidd af sjóðfélaga í 30 ár. Hitt atriðið, sem var ekki heldur samkomulag um hér í deildinni, var að ákveða slíkt í lögunum, og það var lagt til í frv., að ekki væri hægt að ganga að lífeyrisgreiðslum til greiðslu opinberra gjalda. Það er að sjálfsögðu minna atriði, en þó töluvert grundvallaratriði.

Ég mun greiða atkv. með frv. óbreyttu eins og það nú er við þessa 3. umr., í trausti þess, að þær lagfæringar fáist á frv. aftur í Nd., sem ég taldi með afstöðu minni til málsins hér við 2. umr. að nauðsynlegt væri að fá aftur gerðar á frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 558, 666).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. þetta, sem upphaflega var lagt fram hér í d., hefur nú borizt hingað aftur frá hv. Ed., en þar voru gerðar nokkrar breytingar á frv.

Fjhn. þessarar d. hefur athugað þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., og getur ekki mælt með frv. eins og það kom þaðan, en flytur hér þrjár brtt. á þskj. 666.

1. brtt. er við 7. gr. Í Ed. var sú breyting gerð á þeirri gr., að fellt var niður ákvæði um það, að þegar sjóðfélagi hefði greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, skyldu iðgjaldagreiðslur hans falla niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna. Þetta ákvæði leggur fjhn. þessarar d. til að verði tekið inn í frv. aftur. Virðist öll sanngirni mæla með því, vegna þess að reglurnar um lífeyrisgreiðslur eru einmitt miðaðar við það, að iðgjöld séu greidd í 30 ár. Iðgjaldagreiðslur í 30 ár gefa hámarkslífeyri, og ekki þykir rétt að leggja þá kvöð á sjóðfélaga, að þeir greiði lengur gjöld til sjóðsins, þar sem þeir fá enga lífeyrishækkun fyrir það, sem þeir kunna að greiða fram yfir þetta. Það er því till. n., að þetta atriði verði fært í sama horf og upphaflega var í frv.

2. brtt. er við 19. gr. — 19. gr. frv., eins og hún upphaflega var, kvað svo á, að fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóti sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur. Hv. Ed. gerði á þessu nokkra breytingu, og þar var samþ., að málsgr. skyldi orðast þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan“ — þ. e. a. s. sama réttar til lífeyris, ef fósturforeldrar falla frá. Fjhn. þessarar d. telur réttara að hafa þetta ákvæði orðað á þann veg, sem upphaflega var í frv. Eins og frv. er nú komið frá Ed., þá mundi þetta verða þannig, að fósturbarn, sem tekið hefur verið í fóstur, þegar það var á fyrsta ári, mundi hljóta lífeyri, þegar fósturforeldrar falla frá, en hefði það verið komið á annað ár, þegar það var tekið í fóstur, þá mundi það ekki hljóta neinn lífeyri, ef fósturforeldrarnir falla frá, áður en 5 ár eru liðin frá því barnið var tekið í fóstur. Þetta teljum við í fjhn. ekki sanngjarnt. En eins og gr. var í frv. upphaflega, þá er það matsatriði, hvenær talið verður, að sjóðfélagi hafi framfært barn að mestu eða öllu leyti, og stjórn lífeyrissjóðsins hefur skýrt okkur frá því, að það hafi engir árekstrar orðið undanfarið út af þessu ákvæði.

3. brtt. er loks um það að setja aftur inn í frv. grein, sem felld var úr því í Ed. Sú gr. var þannig:

„Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.“

Það er lögð á það nokkur áherzla af stjórn lífeyrissjóðsins, sem samdi þetta frv., að þetta verði þannig í frv., þegar það verður afgr. frá þinginu, og meiri hluti fjhn. hefur talið rétt að setja þessa grein inn í frv. aftur. En einn nm., hv. þm. A-Húnv. (JPálm), taldi þó ekki ástæðu til þess, *og gerir hann ef til vill grein fyrir áliti sínu á því máli*, ef honum þykir ástæða til.

Ég skal geta þess, að um þessi atriði öll hefur fjhn. haft samráð við stjórn lífeyrissjóðsins, sem samdi frv., og sömuleiðis við formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem er samþykkur þessum brtt., en bandalagið hafði *sent bréf hingað til Alþ. viðkomandi þeim* breytingum, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., og er þar mælt gegn því, að frv. verði afgr. í þeirri mynd.

Næstu tvö málin á dagskrá þessa fundar eru einnig um lífeyrissjóði, þ. e. a. s. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og ég vil leyfa mér að láta þess getið í umr. um þetta mál, að þær brtt., sem fjhn. flytur við þau frv., eru efnislega alveg um sömu atriði og hér eru brtt. um, og sé ég því ekki ástæðu til, þegar þau mál verða tekin fyrir, að gera sérstaklega grein fyrir þeim brtt., sem þar eru fluttar af fjhn.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Eins og hv. þm. V-Húnv. (SkG), frsm. fjhn., gat um, þá get ég ekki fallizt á 3. brtt. n. á þskj. 666 og er í því efni á sama máli og hv. Ed., sem er á þá leið, að þessar lífeyrisgreiðslur eigi ekki að hafa nein sérréttindi umfram aðrar tekjur eða fé varðandi það, að það sé eins heimilt að innheimta skuldir og gjöld í þeim tekjum og hverjum öðrum. Þessi skoðun byggist á því, að það eru mörg dæmi til þess, að margir, sem eru á eftirlaunum eða hafa lífeyri, hafa hærri tekjur en ýmsir láglaunamenn í landinu, sem hafa engin sérréttindi að þessu leyti.

Ég mun þess vegna greiða atkv. gegn þessari till. hv. fjhn.

ATKVGR.

Brtt. 666,1 samþ. með 23:1 atkv.
— 666,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 666,3 samþ. með 22:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 673).

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

## 29. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra** [137. mál] (stjfrv., A. 331).

Á 41. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 331, n. 410).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ég þarf ekki að ræða mikið um þetta mál eða þær brtt., sem fjhn. flytur á þskj. 410. N. flytur þar fjórar till., og þær eru samhljóða till., sem n. ber fram við það frv., sem var hér til 2. umr. næst á undan þessu máli.

Það eru hér á ferð þrjú frv. um breytingar á l. um lífeyrissjóði, og eru þau mjög svipuð og svipaðar breytingar yfirleitt, sem þar er lagt til að gerðar verði á öllum þessum l., og að því er þetta snertir, þá eru brtt. n., eins og ég sagði, samhljóða þeim till., sem hún flytur til breytinga á frv. um breyt. á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ég get því látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði í umr. um það mál um brtt., og eins og fram kemur í nál., mælir fjhn. með því, að þetta frv. verði samþ. þannig breytt.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. (SkG) hefur skýrt hér frá, þá hefur farið fram rannsókn á þessu frv. í þeirri hv. n., og urðu nm. sammála þar um þær till., sem n. sem heild ber fram. En eins og tekið er fram í nál., hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eða flytja brtt., og við þetta frv. munum við hv. 1. landsk. þm. (GÞG) flytja tvær brtt., þ. e. a. s. ef ekki næst samkomulag um það í n. á milli 2. og 3. umr., að n. standi öll að þeim brtt.

Í frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir því, að gr., sem ákveður það, að samanlagður aldur og starfsaldur, þegar hann hefur náð 95 árum, gefi rétt til fulls lífeyris eða fullra eftirlauna úr sjóðnum, verði felld niður. Í frv. um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna — starfsmanna ríkisins — er gerð sú grein fyrir þessu, að menn byrji nú yfirleitt yngri í mörgum tilfellum í starfi hjá ríkinu, og er í þeim l. gert ráð fyrir, að menn geti byrjað starf 18 ára sem sjóðfélagar í þeim lífeyrissjóði. Þess vegna á sú breyting nokkurn rétt á sér að því er varðar lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Um lífeyrissjóð barnakennara gegnir öðru máli, enda þótt sömu rökin séu fram færð fyrir þessari breytingu í því frv. Sjóðfélagar í þeim sjóði geta menn ekki orðið, fyrr en þeir eru 21 árs gamlir, sökum þess að þeir fá ekki réttindi til kennslu fyrr, og hefur það ákvæði staðið óbreytt um langan tíma. Sú niðurfærsla á starfsaldri byrjenda í þeirri grein, sem um er talað í frv. um lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, er þess vegna alls ekki fyrir hendi að því er varðar lífeyrissjóð barnakennara. Það er þess vegna ekki tiltæk forsenda fyrir þessari niðurfellingu, sem hér er fram færð. Þess vegna munum við leggja til, að þessum ákvæðum núgildandi laga verði ekki raskað. Þess má einnig geta, að í stjórn lífeyrissjóðs barnakennara hefur ekki náðst neitt samkomulag um þetta. Enn fremur er vert að geta þess, að sambandsþing kennarasambandsins, sem haldið var á s. l. vori, beitti sér mjög eindregið gegn þessari breytingu, sem þá hafði borizt í tal.

Hin breytingin, sem við væntanlega munum beita okkur fyrir, liggur í því, að á öðrum stað í þessu frv. hefur verið stigið skref til þess að rýra réttindi, sem sjóðfélagar í lífeyrissjóði barnakennara eiga samkvæmt núgildandi lögum. Það er með þeim hætti, að í 17. gr. frv. segir í 2. málsgr.:

„Bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum."

Þetta er nýmæli og miðar að því að rýra þau réttindi, sem sjóðfélagar þarna hafa. Það er nú yfirleitt ekki þróun þessara mála, að réttindi sjóðfélaga séu látin rýrna, enda engin ástæða til á þeim tímum, sem nú eru, og þess vegna munum við beita okkur fyrir því, að þau ákvæði, sem um þetta eru í l., standi óbreytt. Þess má geta, að bætur almannatryggingganna í þessu tilfelli eru keyptar með sérstöku iðgjaldi, og hefur það þegar verið metið, að hve miklu leyti sjóðfélagar hinna ýmsu lífeyrissjóða njóti réttinda úr almannatryggingunum, og iðgjald þeirra miðað við það. Hér er þess vegna beinlínis gengið á þau réttindi, sem menn nú hafa.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að það er ekki ætlun okkar að tefja afgreiðslu þessara mála með því að biðja um afbrigði fyrir okkar skriflegu brtt., heldur munum við mælast til þess við formann hv. fjhn., að fundur verði haldinn um málið á milli 2. og 3. umr. og að þar verði málið tekið fyrir af n. í heild. Að öðrum kosti munum við flytja till. eins og þær eru hér boðaðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 410,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 410,2 (ný 15. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 410,3 (ný gr., verður 18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 410,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
19.—21. gr. (verða 20.—22. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 421, 443).

Afbrigði um brtt. 443, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Við 1. landsk. þm. (GÞG) höfum leyft okkur að flytja tvær brtt. við þetta frv., og eru þær að nokkru leyti hliðstæðar þeim till., sem við einnig bárum fram við frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en þó er þar á nokkur munur.

Í fyrsta lagi leggjum við til, að 7. gr. þessa frv. verði felld niður. Það er gr., sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.“

Það er sem sagt, að gr., sem ákveður það, að samanlagður aldur og starfsaldur, þegar hann hefur náð 95 árum, gefi rétt til fulls lífeyris úr sjóðnum, verði felld niður.

Nú hefur verið gerð grein fyrir því, og það er réttilega fram tekið af hv. form. fjhn. þessarar d., að það var ekki ágreiningur um það í n., að sanngjarnt væri að taka þetta ákvæði út úr l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og rökin, sem til þess liggja, eru þau, að nú tíðkast það, að menn hefji störf, sem gefa þeim rétt til þess að gerast sjóðfélagar í þeim lífeyrissjóði, fyrr en áður var og allt niður í 18 ára aldur. Þessu er hins vegar alls ekki til að dreifa um lífeyrissjóð barnakennara. Það hefur engin breyting orðið á lögum í langan aldur um það, hvenær menn geta hafið störf sem kennarar, og þar af leiðandi er heldur engin breyting á því, hve snemma menn yfirleitt byrja störf við kennslu, og það er þess vegna ekkert annað en rangsleitni að ætla að láta þetta ákvæði einnig ganga út yfir þá sjóði, þar sem rökin fyrir því eru ekki fyrir hendi. Þessi breyting er að vísu af formælendum þessa máls kölluð samræming, og það er hún, það er rétt, — en það er samræming, sem stingur í stúf við alla réttindasamræmingu, sem fram hefur farið í þessu landi um mörg undanfarin ár. Það hefur ekki verið farið þannig að að samræma kjör því lakasta, sem þekkzt hefur, heldur hefur verið farið öfugt að. Þeir, sem hafa borið skarðan hlut frá borði, hafa yfirleitt fengið sín kjör samræmd þeim, sem betri höfðu kjörin. En hér er gengið aftur á bak í þessum efnum og réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóði barnakennara eru nokkuð rýrð til samræmis við annað, sem önnur rök liggja fyrir.

Þess vegna er það aðaltillaga okkar, að þessi gr. verði felld niður úr frv. um lífeyrissjóð barnakennara, en með því að það virðist nú ekki ýkja líklegt, að þessi brtt. okkar, svo sjálfsögð og sanngjörn sem hún er, nái hér samþykki, þá höfum við til vara lagt til, að inn í frv. yrði bætt ákvæði svo hljóðandi:

„Sá, sem við gildistöku þessara laga er sjóðfélagi, skal njóta fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár.“

Það var upplýst hér í umr. um frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að þetta sé í rauninni ekki annað en það, sem til er ætlazt. En ég sé það, að hv. fylgismenn ríkisstj. hér í þessari deild telja það fráleitt að hafa ákvæðin eins og á að framkvæma þau inni í lögum, og hefur hv. form. fjhn. vitnað í það, að stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telji það öruggt, að þessi réttur verði ekki niður felldur. Því er þar fyrst til að svara, að það skiptir kannske ekki öllu máli, hvað stjórn lífeyrissjóðs segir um svona atriði, hitt skiptir meginmáli, að sá maður, sem á rétt í þessum sjóði, geti ósköp einfaldlega flett því upp í lagasafni ríkisins, hvern rétt hann á og hvern rétt hann hefur ekki. Og með því að hafa þetta ákvæði einungis í grg., sem alls ekki verður prentuð inn í lagasafn, þá er það ekki á valdi annarra, þegar fram líða stundir, heldur en lögfræðinga og þá þeirra, sem hafa nefbroddinn yfirleitt ofan í gömlum blöðum, að vita það eða ganga úr skugga um það með lítilli fyrirhöfn, hvort þessi réttur er fyrir hendi eða ekki. Ég tel það þess vegna alveg sjálfsagða kröfu, sem sjóðfélagar þessara sjóða eiga, að réttur þeirra sé skráður í lög, en ekki einhvers staðar geymdur á kistubotnum sjóðsstjórna eða lögfræðinga.

Enn fremur er því til að svara við ræðu hv. form. fjhn. (SkG), að þó að ræðan kunni að hafa átt við að því er tekur til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, af því að hann hefur ráðfært sig við stjórn þess sjóðs, þá er mér ekki kunnugt um, að hann hafi nokkru sinni ráðfært sig við stjórn lífeyrissjóðs barnakennara, og er raunar nærri viss um, að svo hefur ekki verið; þess vegna eru þau rök, sem hann færði fyrir sínu máli hér áðan um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ekki frambærileg í þessu máli.

Önnur brtt., sem við hv. 1. landsk. flytjum á þskj. 443, er við 17. gr. frv., en þar er ákvæði svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.“

Þetta ákvæði leggjum við til að fellt verði niður. Rök okkar fyrir því eru þau, að gr. öll, 17. gr., er líka í frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þó að hún beri þar aðra tölusetningu. Þar horfir hún fram á við. Í þeim sjóði voru það áður lög, — eða eru l. nú, því að þetta frv. er ekki orðið að l. enn, — að bætur, sem greiddar eru maka og eftirlifandi börnum sjóðfélaga, skuli allar dregnar frá lífeyri þeim, sem lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins gefur rétt til. Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að slíkar makabætur skuli ekki frádráttarhæfar, heldur einungis bætur til eftirlifandi barna. Greinin, eins og hún liggur fyrir, er þess vegna spor fram á við fyrir sjóðfélaga í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hins vegar er hún spor aftur á bak fyrir sjóðfélaga í lífeyrissjóði barnakennara, þar sem hvorugt var áður frádráttar-

hæft frá lífeyrisrétti sjóðfélaga í þeim sjóði. Breytingarnar á lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem horfa fram á við, hafa þess vegna verið notaðar sem yfirvarp til þess að rýra rétt sjóðfélaga í lífeyrissjóði íslenzkra barnakennara, og það er þetta, sem við hv. 1. landsk. erum að mótmæla í till. þeirri, sem við flytjum á þskj. 443, þar sem lagt er til, að síðari málsgr. 17. gr. frv. verði felld niður. Við væntum þess, að hv. alþm. þessarar d. sýni skilning á því, að það er engin sanngirni, sem hér er á ferðinni, með því að ætla að stíga aftur á bak í einum lífeyrissjóð, um leið og stigið er áfram í öðrum, og nota sömu rökin fyrir báðum atriðunum.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Viðkomandi fyrri brtt. á þskj. 443 og þar með varatill. get ég aðeins vitnað til þess, sem ég sagði um sama efni í umræðum hér áðan um frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, því að hér er um sama atriðið að ræða. Það er þessi margumtalaði lífeyrisréttur þeirra manna, sem hafa verið það lengi í opinberri þjónustu, að samanlagður aldur þeirra og þjónustutími er orðinn 95 ár.

Það er gert ráð fyrir því í þessum frv., að það gildi það sama um sjóðfélaga í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og um þá, sem eru í lífeyrissjóði barnakennara, og virðist það svo eðlilegt og sjálfsagt mál, að ekki þurfi um það að fjölyrða. En hér yrði munur á, ef þessi brtt. á þskj. 443 yrði samþykkt, hvort heldur er aðalbrtt. eða varatill.

Hv. frsm. og 1. flm. till., hv. 9. landsk. (KGuðj), segir, að ég muni ekki hafa rætt við stjórn lífeyrissjóðs barnakennara og ekkna þeirra, og er það rétt. En þetta frv. var samið af stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og um 7. gr. segja þeir, alveg á sama hátt og þeir segja um tilsvarandi breytingu á lögunum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins: „Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæðið um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustutíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar.“ — Það gildir því nákvæmlega það sama um þetta hvort tveggja.

Um síðari brtt. þeirra skal bent á það, að höfundar frv. gera þá grein fyrir þeirri málsgr. 17. gr., sem hv. 9. landsk. og hv. 1. landsk. vilja fella niður, að í þeirri málsgr. felist það nýmæli, að barnalífeyrir frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins kemur til frádráttar samkvæmt lögum þessum. Ákvæði þetta er sett til samræmis við l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og það verður að teljast mjög eðlilegt, að það gildi um þetta sömu reglur í báðum sjóðunum.

**ATKVGR.**

Brtt. 443,1 felld með 13:6 atkv.
— 443,1. varatill. felld með 13:7 atkv.
— 443,2 felld með 13:7 atkv.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 421, n. 534).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. N. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., og ber fram brtt. á þskj. 534, sama efnis og brtt. þær, sem fram voru bornar við frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég get látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði í umr. um það mál hér áðan, og taka það fram, að n. er öll sammála um 2. brtt., að því er varðar rétt fósturbarna og lífeyrisgreiðslur frá slysatryggingunni, en ég er andvígur 1. og 3. brtt. — 1. till. fjallar um að fella niður það ákvæði frv., að iðgjaldsgreiðslum skuli hætt, eftir að greitt hefur verið til sjóðsins í 30 ár, og 3. till. fjallar um að fella niður síðustu gr. frv., að ekki megi halda eftir af lífeyrisgreiðslum til greiðslu opinberra gjalda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 534,1 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AE, BSt, IngF, JK, KK, LJóh, SÓÓ, GíslJ.
nei: BrB, FRV, HG.

PZ greiddi ekki atkv.

5 þm. (BBen, KGunn, HermJ, JJós, VH) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 534,2 (ný 17. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 534,3 (20. gr. falli niður) samþ. með 8:3 atkv.
21.—22. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 68. og 71. fundi í Ed., 14. og 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 559).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Það er sama um þetta mál að segja og það, sem síðast var afgr., að ég mun greiða atkv. með því, að frv. verði samþ., í trausti þess, að það verði lagfært í hv. Nd. og komi svo hingað til athugunar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 559, 667).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 667,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 667,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 667,3 samþ. með 19:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 674).
Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

## 30. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna** [138. mál] stjfrv., A. 332).

Á 41. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 412).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv., skilað um það áliti á þskj. 411. Leggur n. til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, og eru till. um þær breytingar á sama þskj.
Fyrsta brtt. n. er um viðbót við 6. gr. frv. Í 6. gr. segir, að þrátt fyrir örorku geti engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjmrn. Þessi viðbót er í samræmi við það, sem lagt er til í frumvörpum um breyt. á lögum um lífeyrissjóði barnakennara og starfsmanna ríkisins. Það er aðeins til að færa þetta atriði til samræmis við ákvæðin, sem eru í frv. um aðra sjóði.
Þá er næst brtt. við 12. gr. frv. Er lagt til, að gr. verði orðuð um. Með lögum nr. 18/1947 var gerð breyt. á 12. gr. laganna, og þykir n. rétt að taka þá breyt. inn í þetta frv. og leggja til, að lögin frá 1947 verði numin úr gildi. Er því þessi brtt. aðeins um það að taka inn þessi ákvæði úr lögum nr. 18/1947 óbreytt, að því viðbættu, að hér er sett inn í 2. málsgr. ákvæði um það, að launagreiðandi, sem heldur iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga, skuli skila þeim til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna, en sams konar ákvæði eru í öðrum þeim frv., sem liggja fyrir d. um breyt. á lögum um lífeyrissjóði.
3. brtt. er alveg samhljóða þeim till., sem n. hefur flutt við hin frv. um lífeyrissjóðina, og get ég látið nægja að vísa til þess, sem um það hefur verið sagt.
Loks er 4. brtt. um það að fella úr gildi lögin nr. 18/1947, eins og ég hef áður minnzt á.
Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram út af þessu frv., en get vísað til þeirrar grg., sem með því fylgir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 411,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 411,2 (ný 12. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 411,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 411,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 422).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 422, n. 535).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Það er sama um þetta mál að segja og það, sem nú var verið að afgreiða. Brtt. fjalla um sama efni, og er n. öll sammála um 2. till., en ég hef fyrirvara og er andvígur 1. og 3. brtt.

Mér þykir aðeins ástæða til þess að vekja athygli á því, að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þegar sjóðfélagi hefur greitt í þennan sjóð 25 ár, skuli iðgjaldagreiðslur falla niður. Ástæðan til þess, að hér er ekki miðað við 30 ár eins og í hinum tveim frv., sem hér hafa verið til umræðu, er sú, að lífeyrisaldur hjá hjúkrunarkonum hefst við 60 ára aldur í staðinn fyrir 65 ára hjá hinum sjóðunum, og við það eru þessi 25 ár miðuð í frv.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja. Það gildir sama um afstöðu mína á móti 1. og 3. till. og ég gerði grein fyrir í sambandi við hin önnur mál, sem á undan voru á dagskránni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 535,1 (3. gr. falli niður) samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngF, JK, KK, LJóh, PZ, SÓÓ, AE, BSt, GíslJ.
nei: BrB, FRV, HG.
5 þm. (KGunn, HermJ, JJós, VH, BBen) fjarstaddir.
4.—9. gr. (verða 3.—8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 535,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
11.—14. gr. (verða 10.—13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 535,3 (15. gr. falli niður) samþ. með 9:3 atkv.
16.—17. gr. (verða 14.—15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 68. og 71. fundi í Ed., 14. og 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 561).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 561, 668).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 668,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 668,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 668,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 675).
Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 700).

---

## 31. Fasteignamat.

Á 42. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samræmingu á mati fasteigna** [167. mál] (stjfrv., A. 430).

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Mér finnst það vera menningarmál að hafa samræmi í fasteignamatinu. Fasteignamatið er notað sem mælikvarði í mörgu tilliti, og er þá auðvitað afar þýðingarmikið, að ekki sé í því mikið ósamræmi.

Áður var ákveðið í lögum, að meta skyldi allar fasteignir á landinu á tíu ára fresti, og var þetta hugsað til þess að koma í veg fyrir, að stórfellt ósamræmi myndaðist vegna breytinga. Þetta ákvæði var numið úr lögum síðast þegar ný löggjöf var sett um fasteignamat. Nú hafa á hinn bóginn á síðustu árum orðið ákaflega miklar breytingar á verðmæti fasteigna, bæði fyrir það, að ýmsar framkvæmdir hafa verið gerðar, sem ekki eru metnar millimótum, og eins vegna hins, að ástæður hafa breytzt stórlega í einstökum byggðarlögum og þar með verðmæti eignanna. Er nú svo komið, að fasteignamat það, sem í gildi er, er tæplega til nokkurs nothæft, en er þó notað sem mælikvarði um mörg hin allra þýðingarmestu efni. Úr þessu þarf að bæta. Ýmsar stofnanir hafa látið til sín heyra og óskað eftir því, að hér yrði gerð á endurbót. Meðal þeirra er búnaðarþing, sem hefur skorað á hv. Alþ. að láta fara fram nýtt fasteignamat.

Með þessu frv. er lagt til, að fasteignamatið verði samræmt, en ekki gengið svo langt, að fram fari nýtt fasteignamat.

Er ekki ástæða til þess að gera grein fyrir þessu máli í einstökum atriðum, þar sem frv. fylgir grg., og efni frv. ætla ég að sé ljóst af greinum þess. En höfuðhugsunin er, að fram fari samræming á fasteignamatinu, en þó þannig, að engin fasteign verði hækkuð meira í verði en um 400% frá því, sem hún er áður. Ég hefði

kosið, að þetta ákvæði hefði ekki verið í frv., en hef fallizt á til samkomulags að setja það í frv. Mér hefði fundizt eðlilegast, að fasteignamatið hefði verið samræmt, miðað við verð á eignum eins og það er nú. En ég tel það þó stórfellda bót frá því ástandi, sem nú er, að þessi samræming fari fram á þeim grundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég tek fram aftur, að ég tel menningarmál blátt áfram, að það sé samræmi í fasteignamatinu, að ekki sé haldið uppi augljósu ranglæti með ósamræmi í matinu á einstökum eignum. Hitt kann að vera minni nauðsyn, að fasteignamatið sé í sjálfu sér endilega réttur spegill af verðmæti eignanna. Þó væri æskilegt, að það væri sem næst því. Samræmið er þó höfuðatriðið, og þess vegna tel ég, að með þessu frv., ef að lögum verður, mætti ráða verulega bót á því stórkostlega vandræðaástandi, sem nú ríkir í þessum efnum.

Ég vil vekja sérstaka athygli á 9. gr. frv., sem er að efni til um það, að þegar nýtt fasteignamat samkv. þessum lögum gengur í gildi, skuli láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo og lögum nr. 66 1921, um fasteignaskatt. Á að miða þessa endurskoðun við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Enn fremur er þarna ákvæði um, að þá skuli falla úr gildi allar ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamatsverði, og verði að koma nýjar ákvarðanir til. Þessi ákvæði eru í fyrsta lagi til þess að sýna, að það er alls ekki ætlun stjórnarinnar eða þeirra, sem standa að þessu frv., að það eigi að breyta fasteignamatinu til þess að afla tekna í ríkissjóð með hækkun á eignarskatti, heldur er þvert á móti mörkuð sú stefna í frv., að það skuli um leið samræma eignarskattstigann þannig, að skatturinn hækki ekki í heild sinni frá því, sem hann er. Hér er því aðeins um að ræða samræmingu á milli fasteigna og annarra eigna.

Niðurlag 9. gr. er til þess sett að koma í veg fyrir, að þau gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, hækki í nokkru tilfelli af sjálfu sér við það, að matið er samræmt, þar sem niður falla allar ákvarðanir, sem nú eru í gildi um slíkar greiðslur. Það verður að taka nýjar ákvarðanir um það, hvernig þau skuli vera. Er með þessu ákvæði alveg tryggt, að fasteignamatssamræmingin verði út af fyrir sig ekki þess valdandi, að slík gjöld hækki.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 468).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er 167. mál, er stjórnarfrv. og felur það í sér í stuttu máli að láta fara fram samræmingu á fasteignamati frá 1943 og að sú samræming verði látin fram fara á þessu ári. Það, sem sérstaklega er fært fram til meðmæla með því, að þetta sé nauðsynlegt, er það, að fasteignamatið er nú orðið 12 ára gamalt og er í rauninni byggt á verðgrundvelli, sem er a. m. k. 15 ára gamall, og á því tímabili hafa gerzt mjög miklar breytingar á hlutföllum milli hinna ýmsu byggðarlaga. Samkvæmt gildandi lögum á ekki að fara fram nýtt fasteignamat fyrr en árið 1965. En það, sem einkum rekur á eftir því, að það séu gerðar ráðstafanir til samræmingar á matinu, er það, að upplýst er, að það er ekki nema á sumum stöðum á landinu, sem fram hefur farið millimat á húseignum samkvæmt því, sem lögin áskilja. Þar að auki eru ekki teknar inn í matið ræktunarframkvæmdir og margar aðrar meiri háttar umbætur, sem gerðar hafa verið.

Í þessu frv. er farið inn á þá leið að gera framkvæmd þessa máls svo einfalda og ódýra sem framast er kostur með því að nota skattayfirvöldin til þess að gefa skýrslur og gera tillögur til landsnefndarinnar um þær breytingar, sem skattanefndir og yfirskattanefndir og skattstofur telja nauðsynlegar á hverjum stað.

Í öðru lagi má telja það til kosta, að frv. setur í 6. gr. fast hámark fyrir því, að enga fasteign megi hækka meira, eftir að samræming hefur farið fram, heldur en fimmfalda hið gamla fasteignamat.

Í þriðja lagi er það mikið meginatriði í þessu frv., að samkv. 9. gr. er ákveðið, að um leið og hið samræmda fasteignamat gengur í gildi, skuli breyta ákvæðum laga um eignarskatt og fasteignaskatt og önnur prósentugjöld, sem lögð eru á fasteignir, þannig að þessir skattar hækki ekki almennt frá því, sem nú er, við þessa hækkun fasteignamatsins.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþ. með þeirri einni breytingu, að inn í 9. gr. sé tekið fast ákvæði um það, að lögin frá 4. febr. 1952 séu felld úr gildi, um leið og hið nýja fasteignamat verður lögfest. Þau lög eru heimildarlög til sveitar- og bæjarstjórna um að mega allt að því fjórfalda fasteignaskatt og önnur gjöld, sem á fasteignum hvíla, og sum bæjar- og sveitarfélög hafa notað sér þessa heimild. En ef það er ekki beinlínis fastákveðið í frv., að þessi lög séu felld úr gildi, þá gæti orðið nokkur árekstur þarna á milli, enda þótt ákvæði 9. gr. stæðu eins og þau eru í frv.

Ég sé ekki fyrir n. hönd ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en n. er sammála um að mæla með framgangi þess með þessari einu breytingu.

**Pétur Ottesen:** Það má vafalaust til sanns vegar færa, að ýmis rök hnígi að því, að rétt sé og eðlilegt, að fram fari endurskoðun á fasteignamatslögunum, og þess vegna ekki nein ástæða til að andmæla því út af fyrir sig. En að því er snertir framkvæmd þessa máls, þá er í frv. þessu allmikið vikið frá þeirri reglu, sem fylgt hefur verið að undanförnu um fasteignamat. Lengi vel giltu þau ákvæði hér, að fasteignir

skyldi meta tiunda hvert ár, og var þá svo ákveðið ávallt, að aðalmatið eða grunnmatið á fasteignunum færi fram í hverju héraði, þannig að skipuð var fasteignamatsnefnd fyrir hvert sýslu- og bæjarfélag á landinu. Þetta studdist að sjálfsögðu við það, að nauðsynlegur væri persónulegur kunnugleiki á aðstæðum í hverju héraði, sem vitanlega eru að verulegu leyti grundvöllur undir verðgildi fasteignanna, og sá kunnugleiki væri tryggður sem allra bezt. Þetta fyrirkomulag hefur yfirleitt reynzt mjög vel, því að reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir það að skipuð hafi verið landsnefnd, sem átti svo að endurskoða fasteignamat einstakra fasteignamatsnefnda, þá hafa tiltölulega litlar breytingar orðið á fasteignamatinu, a. m. k. var ekki raskað sambandinu á milli matsins innan hvers héraðs um sig. Þær litlu breytingar, sem gerðar hafa verið, hafa hnigið að því að samræma heildarmatið um land allt.

Nú er horfið frá þessari reglu samkvæmt þessu frv., og framkvæmd þessa máls byggist á starfi þriggja manna, tveggja, sem Alþingi kýs, og eins, sem fjmrh. skipar, og þessir menn sitja að þessum störfum hér í Rvík. Náttúrlega er ekkert hægt að segja um það fyrir fram, hvað víður er sjóndeildarhringur þessara manna, sem valdir verða til þess að framkvæma þetta mat, eða hvað mikla þekkingu þeir hafi til brunns að bera um aðstæður víða á landinu. En hitt leiðir af sjálfu sér, að sú þekking, þar sem hún er einskorðuð við svo fáa menn, hlýtur að vera ákaflega takmörkuð. Að vísu á að bæta hér úr með því, að þessi fasteignamatsnefnd á að hafa aðstöðu til þess að geta leitað upplýsinga hjá skattstjórum, yfirskattanefndum og svo undirskattanefndum, eftir því sem n. telur nauðsynlegt, og það fer þá að sjálfsögðu allmikið eftir því, hvaða óskir n. hefur fram að bera í þessu efni, hvaða till. muni koma um þetta frá skattanefndunum, því að það er ekki gert ráð fyrir, að þær leggi þar annað til mála en að svara þeim fyrirspurnum eða óskum, sem þeim kunna að berast frá fasteignamatsnefndinni. Það leiðir þess vegna af sjálfu sér, að það er engan veginn svo vel um það búið sem verið hefur að undanförnu, að fasteignamatið byggist á jafngóðum kunnugleika á staðháttum með þessari aðferð eins og áður var. Þá er enn fremur ráð fyrir því gert að byggja í verulegum atriðum á grundvelli núgildandi fasteignamats, en meta viðbætur allar, hús og ræktun. Þetta hefur nú verið gert hvað húsin snertir. En hér kemur fleira til greina, breyttar samgöngur, símalagningar, rafleiðslur o. fl., sem veruleg áhrif hefur á verðgildi fasteignanna. En þetta er ekki á færi neinna að meta, annarra en þeirra, sem vita af eigin raun, hver áhrif þetta hefur á hið raunverulega verðgildi fasteigna.

Hv. frsm. fjhn. taldi það vera kost á þessu frv., að með þessu móti mundi kostnaðurinn við framkvæmd matsins verða miklu minni en ef fylgt hefði verið því fordæmi, sem fyrir er um matið, og það byggt upp á sama grundvelli og áður hefur verið. Ég skal nú ekkert um þetta segja, en tel þetta vafasama ályktun, því að það fer nokkuð eftir því, hvað starfsemi skattstjóranna, yfirskattanefnda og undirskattanefnda verður umfangsmikil heima í héruðunum, því að að sjálfsögðu verður að borga þeim fyrir sitt starf. Ef það verk, sem þar á að vinna, á að veita nauðsynlegar upplýsingar í hendur matsnefndarinnar, þá er það gefið mál, að það þarf að leggja heima í héruðunum í þetta allmikið starf, og gæti þá vel farið svo, að áhöld yrðu um kostnaðinn. En hitt leiðir af sjálfu sér, að grundvöllurinn undir þessu verður miklu ótryggari en hann hefði orðið með því að halda sér við það fyrirkomulag, sem áður hefur verið um þetta efni.

Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri hér, þó að það sé nú raunar ekki alveg samkvæmt þingsköpum að vera að tala mjög almennt um málið við þessa umr., en ég átti þess ekki kost við 1. umr. að láta þessa skoðun koma hér fram.

Það er náttúrlega alveg rétt, sem hv. frsm. fjhn. sagði, að það er allmikið öryggi í því hámarki, sem hér er sett um það, hvað þetta mat megi fara hátt. En þó er gert ráð fyrir því, að hækkunin geti numið 400%, og er það allveruleg hækkun. Ef á mörgum stöðum verður farið upp í þetta hámark, þá er það engin smáræðis hækkun, en það hefur þessi þriggja manna fasteignamatsnefnd alveg á valdi sínu, hvað sem hver segir. Hún hefur hér alræðisvald, er hún getur notað eftir eigin geðþótta. Og það er svo fast að gengið um þetta, að af fasteignaeigendum er tekinn réttur til þess að kæra yfir því, ef þeim þykir á sig hallað. En þann rétt hafa þeir ávallt haft.

Í 9. gr. þessa frv. eru sett ákvæði um það, að þrátt fyrir hækkunina á matinu skuli eignarskattur og fasteignaskattur ekki hækka almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Ég veit nú ekki, hvað felst í þessu „ekki almennt", en það felur að sjálfsögðu í sér, að það séu þó til einhver frávik frá því, að skatturinn hækki ekki, svo að það sé opin leið til þess, að hann megi þó eitthvað hækka í vissum tilfellum. Þetta orðalag hlýtur að fela það í sér. Nú er það vitað, að ýmsir aðrir skattar eru byggðir á fasteignamatinu, svo sem sýslusjóðsgjöld, sýsluvegagjöld, heimtaugargjöld, þar sem verið er að leggja rafmagn út um byggðir landsins, og sennilega er það eitthvað fleira, þó að ég hafi það ekki á takteinum þetta augnablikið, sem byggist á hæð fasteignamatsins. Það er að vísu talað hér um það einnig í 9. gr., að þó skuli við gildistöku endurskoðaðs mats falla úr gildi allar ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og koma nýjar ákvarðanir til. Má vera, að það, sem ég nú hef nefnt, heyri undir þetta. En það er augljóst mál, að það eru í þessu frv. ekki settar neinar hömlur á það, að þau gjöld, önnur en fasteignaskattur og eignarskattur, megi ekki hækka alveg eftir því, sem þeim sýnist, sem vald hafa og rétt til þess að leggja þessi gjöld á og skylt er að nota þennan skattstofn.

Ég vildi t. d. beina því til hv. frsm. fjhn. að athuga það t. d. að taka, að nú er vitað, að í þeim tilfellum, þar sem fasteignamatið mundi hækka um 400%, þá hækkar náttúrlega ákaflega mikið og í sömu hlutföllum t. d. heimtaugargjald

við lagningu rafmagns út um byggðir landsins. Ég veit ekki, hvort fjhn. hefur hugsað sér að slá nokkurn varnagla við þessu. Eins og frv. liggur hér fyrir, er það ekki gert. Og ég er ákaflega hræddur um það, ef sá skattur á bændur, heimtaugargjöldin, ætti að hækka í hlutfalli við svo mikla hækkun á fasteignamatinu, þar sem hjá mörgum er nú þröngt fyrir dyrum og erfitt um að standast þann kostnað, sem leiðir af þessari nauðsynlegu framkvæmd, að dreifa rafmagninu út um byggðir landsins, að ef þetta ætti nú að bætast þarna ofan á, þá mundi það þyngja gönguna fyrir ýmsum, sem litla úrkosti eiga í því vegna fjárhagsaðstæðna að tileinka sér þessi mjög eftirsóttu og þörfu þægindi, sem felast í dreifingu rafmagnsins út um byggðir landsins. Þetta er náttúrlega til athugunar og eins ákvæði að öðru leyti um það, að ekkert hámark er hér sett almennt um aðra skatta í sambandi við fasteignamatið en fasteignaskatt og eignarskatt, og ég vildi nú í sambandi við þetta mál hreyfa þessum atriðum.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Það mun ekki vera hægt að telja, að það sé að öllu leyti að ófyrirsynju, að endurskoðun og athugun fari fram á gildandi fasteignamati. Svo mikið hefur raskazt verðgildi hluta og verðhlutföll innbyrðis frá því, er síðasta fasteignamat fór fram, að það getur ekki talizt óeðlilegt, að fasteignamatið sé endurskoðað. Mér sýnist þó, að bygging frv. og framsetning þess öll bendi til þess, að aðalatriði málsins verði mat á þeim nýrri framkvæmdum, er fram hafa farið síðan síðasta fasteignamat var gert, og samræming á milli eldra mats, sem óneitanlega hefur raskazt mikið fyrir viðburðanna rás síðan aðalfasteignamatið fór fram. Þó að vísu sé að því vikið í 1. gr. frv., að endurskoðun eigi að fara fram á fasteignamatinu, þá skilst mér eftir öðrum ákvæðum frv., að lögð sé áherzla á mat hinna nýrri framkvæmda, sem gerðar hafa verið eftir að fasteignamatið fór fram, og athugun jafnframt innbyrðis á verðgildi hinna eldri eigna eða þeirra eigna, sem áður höfðu verið metnar.

Ef meiningin væri sú, að fasteignamat skyldi fara fram að öllu leyti á nýjum grundvelli, þá tel ég, að ekki sé varlega ákvarðað, hvernig þetta mat skuli gert. Þetta mat eiga að framkvæma þrír menn, eins og segir í 2. gr. þessa frv., tveir, sem kosnir verða af sameinuðu Alþingi, og einn, er fjmrh. skipar. Slík n. getur ekki haft nægan kunnugleika til þess að meta allar fasteignir, hvar sem er á landinu. Það er að vísu sagt í þessu frv., að þessi n. geti leitað til skattstjóra og yfirskattanefnda og þær þá einnig leitað til undirskattanefnda, eins og segir í 4. gr. þessa frv., og vissulega verður hægt að fá nokkrar upplýsingar um þetta efni á þennan veg. En ég efast samt mikið um það, að þær verði eins ýtarlegar og tæmandi og ef verkið væri unnið á þann hátt, sem áður hefur hér tíðkazt, að fyrst hafa verið undirbúnar tillögur frá hverri sveit og síðan höfð yfirnefnd í hverri sýslu, matsnefnd, til þess að meta allar fasteignir innan sýslunnar. — M. a. af þessu, hvernig þetta ákvæði er, geri ég ráð fyrir, að það sé rétt skilið hjá mér, að höfuðviðfangsefni þessarar nefndar sé að meta hinar nýrri framkvæmdir, bæði hvað áhrærir byggingar og umbætur alls konar ræktun á jörðum o. fl., o. fl. Mér finnst, að 3. gr. þessa frv. líka geri einmitt ráð fyrir þessu, því að þar er talað um, að til viðbótar gildandi fasteignamati eigi að fara fram athugun á því, sem gert hefur verið síðan 1942, bæði hvað ræktunarframkvæmdir og byggingar snertir, og einnig beri þá að taka tillit til þess, sem gengið hefur úr sér, þ. e. a. s. fella úr matinu þær byggingar og önnur mannvirki, sem eru ekki lengur til staðar og ber ekki að hafa lengur í mati. En í sambandi við slíkt vil ég á það minna, að þá er einnig nauðsynlegt, að fram fari ýtarlegri rannsókn á því, hvað fasteignir eða — við skulum segja — ræktunarframkvæmdir hafa gengið úr sér frá því, að fasteignamatið fór fram, hvernig ástatt er um þær nú, og tekið sé fullt tillit til þess, sem þær hafa rýrnað að gildi. Þessi viðfangsefni, bæði hvað áhrærir nýjar byggingar og ræktun síðan fasteignamat fór fram og einnig hvað slík mannvirki hafa gengið úr sér, á að vera mögulegt að geta fengið nokkurn veginn ljósar upplýsingar um, svo að þessir þrír menn geti komizt að sanngjarnri niðurstöðu um þessi atriði, því að það er vitaskuld ekki nema lítið brot, ef taka ætti fasteignamatið alveg frá grunni og til nýrrar athugunar, og er mikið annað mál.

En í sambandi við hinar nýrri framkvæmdir er samt sem áður margs að gæta, og þar verður algerlega að treysta á það, að heiman úr héruðunum komi það glöggar upplýsingar og skýrar, að matsnefndin, sem þetta verk á að vinna, geti áttað sig til fulls á því, um hvað mikið verðmæti er að ræða, því að annars er það ókleift verk, sem henni er ætlað að vinna, svo að réttlát eða sanngjörn niðurstaða verði fengin í hennar mati.

Það er um það getið í 5. gr. frv., að Búnaðarfélag Íslands eigi að gefa upplýsingar um ræktunarframkvæmdir, og þær vitaskuld verða nokkurn veginn tæmandi, en það er engan veginn nóg. Það þarf líka umsögn um það, hvað þessum ræktunarframkvæmdum líður. Það er ekki nóg að fá aðeins upplýsingar um það verðmæti, sem farið hefur til ræktunarinnar eða þessara framkvæmda, heldur einnig, hvað langt er komið áleiðis með slíkar umbætur og hve mikinn arð þær gefa þeim, sem þær á eða hefur kostað.

Ég vil í þessu sambandi benda á það um t. d. þá, sem ræsa fram lönd sín til ræktunar, að það er fjarri öllu lagi, ef á að taka þá upphæð, sem til þess hefur gengið, og telja þegar, að þar sé um aukið verðmæti á fasteigninni að ræða, því að eins og kunnugt er, þá líða nokkur ár frá því að slíkt er framkvæmt og þar til umbæturnar fara að gefa eigandanum eða þeim, sem framkvæmir þær, nokkurn arð. Ef um túnrækt er að ræða, þá verða að líða a. m. k. þrjú ár frá því að landið var fyrst brotið og þar til því er lokið og gera má ráð fyrir, að það gefi nokkurn arð.

Um þetta og ótalmargt fleira, t. d. framræslu í öðru skyni, þurrkun engja og þurrkun lands til beitar, eins og á sér stað orðið, þá má ekki telja, að fasteignin aukist að verðmæti eins og kostar að gera slíkar framkvæmdir.

Á þetta vil ég benda til þess að vekja athygli á því, að þeir, sem koma til með að hafa þetta verk með höndum, hafi aðgæzlu á öllu því, sem máli skiptir í þessum efnum.

Í 6. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að flokkun fari fram á fasteignunum og miðist við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram, og sé lagt til grundvallar verðgildi fasteignanna eftir því, hvar þær eru. Fyrir fasteignamatið hlýtur þetta að vera eitt höfuðgrundvallaratriðið, og ég hygg, að við fasteignamöt, sem fram hafa farið, hafi þessa atriðis alls ekki verið gætt sem skyldi. Það verður vitaskuld um þetta efni að miða við það, hvað fasteignin gefur af sér, hvað miklar tekjur hún gefur af sér eigandanum eða þeim, er hana notar. Það er á allan hátt réttlátt, og er sjálfsagt að hafa einmitt góðar gætur á því. Það skiptir miklu meiru en aðeins að leggja til grundvallar verðgildi fasteignarinnar án tillits til þess, sem hún gefur af sér. T. d. er það svo með okkar atvinnugreinar, við skulum segja landbúnað og sjávarútveg, að báðar þessar atvinnugreinar, sem eru þó höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar, þurfa að binda mjög mikið fé í sínum atvinnurekstri, sem getur ekki nema að nokkru leyti svarað vöxtum eða greiðslum til eigendanna af því verðmæti, sem í þetta er sett. Það er á allra vitorði, sem til þekkja, hvað landbúnaðinn áhrærir, að hann þarf að hafa afar mikið fé bundið í húsakosti, í íbúð fyrir fólk, sem að landbúnaðinum vinnur, og í peningshúsum. Þar við bætist svo í seinni tíð mjög mikið fjármagn, sem lagt er í verkfæri og vafalaust gefur oft og einatt bændunum, sem verkfærin nota, góðan arð, þ. e. a. s. léttir undir með starfi bóndans, og afraksturinn af starfinu verður miklu meiri miðað við það, sem áður tíðkaðist með ófullkomnari verkfærum. — Þess vegna vona ég og treysti, að þeir menn, sem fara höndum um þetta, gefi þessu góðar gætur, ella gæti þetta, ef ekki væri tekið nægilega tillit til þessara hluta, orðið til þess að íþyngja mönnum stórkostlega og það á ranglátan hátt.

Í þessari sömu grein, 6. gr. frv., er gert ráð fyrir, að hækkun á mati megi ekki fara fram úr 400%; það er það hæsta. Ég skal ekkert segja um, hvort menn hitta þar á það, sem hæfilegast er, — slíkt getur verið skoðunarmál, — en mikil trygging er auðvitað í því eftir þessu frv., að hærra verður ekki farið. En um það er ég ekki í neinum vafa, að ef ætti að verða svona allalgild regla, að fasteignamat ætti að hækka nokkuð mikið í áttina við hámarkið, þá mundi það víða koma illa við.

Í 9. gr. þessa frv. er ákvæði um það, að þegar þetta nýja fasteignamat er gengið í gildi, láti ríkisstj. fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt og lögum um fasteignaskatt, og endurskoðunin miðist við, að þessir skattar hækki ekki umfram það, sem verið hefur. Þetta er gott og blessað, og hvað áhrærir þessi gjöld þurfa menn ekki að kvíða, að þetta leiði til þess, að hækkun verði á þessum gjöldum eða mönnum verði umfram það, sem er, umfram þær reglur, sem gilda, íþyngt með þeim. Þá er og sagt í þessari gr., að við gildistöku endurskoðaðs mats falli úr gildi allar ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til, eins og stendur í greininni.

Samkv. þessum ákvæðum, ef að lögum verða, hækka þessi gjöld ekki samkv. ákvæðum laganna umfram það, sem þau eru. Til þess að svo verði, verða stjórnarvöldin, sem þar eiga hlut að máli, að taka sínar ákvarðanir. En engin minnsta trygging er samt sem áður í þessum ákvæðum, ef hlutaðeigandi stjórnarvöldum býður svo við að horfa, að þessi gjöld hækki ekki alveg í samræmi við fasteignamatið eins og það kann að verða. Og ég er ekki ánægður með þetta ákvæði eins og það er. Mér finnst, að ekki mætti minna vera en nokkur takmörk yrði að setja fyrir því, hvernig þetta yrði í framkvæmdinni, því að hér er um mikla hagsmuni hjá fólkinu að ræða, og vil ég þá sérstaklega snúa mér að því, sem heyrir byggð landsins til, sýslufélögunum og sveitunum, og snertir kauptúnin úti um landið líka, því að hér ræðir um mikil gjöld, sem eru miðuð við fasteignamat og sýslunefndir hafa tekið ákvarðanir um og koma til með að gera áfram og sveitarstjórnir sömuleiðis.

Ég vil minna á ýmis gjöld í þessu sambandi, og skal ég drepa á það, sem reyndar kom nú fram í ræðu hv. þm. Borgf., þ. e. gjöldin til raforkusjóðanna, sem sýslunefndirnar hafa tekið ákvarðanir um, þar sem verið er að framkvæma dreifingu raforkunnar, að það er lagt til grundvallar um slík gjöld, hvað ætla má, að framkvæmd á dreifingu raforkunnar kosti. Það eru gerðar áætlanir fyrir héruðin um dreifingu orkunnar og lagt til grundvallar fjarlægðir og verðlag á efni og annað þess konar, sem málið snertir, og síðan er þeim, sem raforkunnar eiga að verða aðnjótandi, gert að greiða sinn hlut af þessum gjöldum. Það er fast gjald fyrir hvert heimili, en auk þess hin svokölluðu heimtaugargjöld eða línugjöld, og þau eru nokkuð mismunandi eftir því, sem stendur á. Í minni sýslu, Árnessýslu, er þetta gjald, sem menn verða að greiða, 45% af fasteignamati, og þar að auki hið fasta gjald fyrir hvert heimili, sem verður að greiða. Nú má kannske segja, að ekki sé mikil hætta á því, að þetta raskist stórkostlega, þar sem gjaldið er að vissum hluta fast, og megi e. t. v. gera ráð fyrir, að mikil breyting verði ekki til hækkunar í framkvæmdinni. En varlega skyldu menn treysta slíku. Það er margt nú, bæði hér hjá okkur og annars staðar í heiminum, á hverfanda hveli og ósýnt nema tilkostnaðurinn við þessa framkvæmd verði miklu meiri en hann er nú, og þá er rétt að hafa allan vara á því, að það sé ekki hægt að velta með svona einföldu móti kostnaðinum yfir á þá menn, sem eiga að vera þessara gæða aðnjótandi. Það gæti orðið þeim þungt í skauti, jafnvel þótt það raskaðist ekki í stórum stíl frá því, sem nú er.

En svo eru fleiri gjöld, sem koma hér til greina og fasteignamatið er lagt til grundvallar.

Er þá fyrst að telja gjald til sýsluvegasjóða, sem er lagt á sveitarfélögin og fasteignamatið er lagt til grundvallar, hvernig skuli greitt. Þessi gjöld veit ég að skipta í sumum sýslufélögum mörgum hundruðum þúsunda króna á ári, og sýslunefndirnar telja sig hafa allt of litla fjármuni milli handa í þessu efni, svo að ég er ekki ugglaus um, að ef það væri hægt að auka greiðsluna á eins einfaldan hátt og reyndar blasir hér við, þá mundi það gert. Það mætti segja, að miðað við fasteignamatið yrði gjaldið minna, en það gæti í raun og veru orðið hjá þeim, sem greiða, miklu meiri fjárhæð.

Þá er einnig sýslusjóðsgjald, og að einum þriðja hluta er fasteignamatið lagt til grundvallar þeim gjöldum. Og þau gjöld skipta líka í hinum ýmsu héruðum hundruðum þúsunda króna. Þannig er það í mínu héraði fyrir árið sem leið, að það gjald er nærri ½ millj. kr., og því er jafnað niður á hreppsfélögin og lagt til grundvallar fasteignamat jarðanna.

Þá er og enn að telja gjöld sveitarsjóða til hinna almennu trygginga, sem eru líka allmiklar fjárhæðir, og til grundvallar fyrir slíkri greiðslu er einnig lagt fasteignamatið í hverjum hreppi.

Þá skal ég og minna á, að gjöld til fjallskilasjóða í ýmsum héruðum miðast við fasteignamat, og í sumum héruðum eru þetta það há gjöld til viðbótar því, sem menn greiða af fjallskyldum fénaði, að á sumum býlum skiptir þetta mörgum hundruðum króna, eins og það er.

Ég veit ekki heldur nema gjöld til sveitarsjóðs grundvallist að einhverju leyti á fasteignum innan sveitarinnar. Um það þori ég ekki að segja. Ég veit það ekki alveg með vissu. En mig minnir þó, að ég hafi eitthvað heyrt talað um það, að þegar útsvörum er jafnað niður, þá sé tekið tillit til fasteigna hjá hinum einstöku gjaldendum.

Eins og menn sjá á þessu, og vafalaust getur eitthvað fleira komið til greina, þá eiga menn mikið í húfi með, að framkvæmd þessa verks fari vel úr hendi og að ekki sé rasað fyrir ráð fram að hækka fasteignamatið án tillits til alls annars. Ég viðurkenni, að það er næsta óeðlilegt við fasteignamat, þegar menn hafa lagt í einhverja framkvæmd, sem er máske mjög verðmæt, að eftir núgildandi reglu eru menn kannske orðnir allt í einu eignalausir, þó að áður en þeir réðust í t. d. að byggja hús, ættu þeir talsverð efni. Þetta er óeðlilegt, og þetta ber að leiðrétta. En þó verður sú leiðrétting að fara þannig fram, að tekið sé fyllsta tillit til þess, hvert gildi eignin hefur, eftir að búið er að framkvæma verkið, hvert gildi hún hefur fyrir þann, sem hana á eða hennar nýtur.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Borgf., og ég get tekið undir það, að áður hefði fasteignamat farið fram á þann hátt, að það hefði verið unnið að því fyrst úti í héruðunum, þar væri yfirfasteignamatsnefnd, sem gengi frá þeim plöggum, og síðan hefði það verið samræmt hér. Ef ætti að taka allt matið frá grunni með þessu frv. og leggja það sama til grundvallar og ef fullkomið mat ætti að fara fram, þá teldi ég þetta sjálfsagða leið. En þannig hef ég ekki litið á þessa framkvæmd. Mér væri þökk á að heyra það, ef ég misskildi það eitthvað. Ég hef skoðað það sem höfuðviðfangsefnið að meta það, sem gert hefur verið síðan fasteignamat fór fram, með tilliti til þess vitaskuld, hvaða gildi það hefur, og endurskoðun á hinu, sérstaklega á þann hátt að taka fullt tillit til þess, hvað eignirnar gefa af sér og hvert verðmæti þannig lagað er í þeim fólgið. Það er talsvert annað, og þess vegna, ef ég skil þetta rétt, get ég fyrir mitt leyti látið mér lynda þetta fyrirkomulag, sem er á frv., því að það að stofna til mats úti um allt land, ef það á ekki að vera allsherjarathugun á sama grundvelli og þegar mat hefur farið fram, og svo vinnu hér verður óbærilega dýrt, svo að mér finnst alls ekki vert að leggja í það, því að ég hygg, að séu þessi takmörk sett á þann veg, sem ég hef nú skilið þetta mál, þá megi fá allgóðan og sanngjarnan grundvöll undir þetta mat. Það verður vitaskuld að treysta því, að þeir menn, sem fara með það, vandi sitt verk. Það hef ég enga ástæðu fyrir fram til þess að ætla annað en verði og þá megi vel hlíta því að hafa þetta fyrirkomulag, því að ef ekki ætti að leggja meira í það en svona, þá fyndist mér hitt vera allt of kostnaðarsamt og mundi ekki heldur vera brýn nauðsyn á að hafa það svo.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar að þessu sinni um málið. En ég vildi gjarnan biðja hv. fjhn. þessarar d. að íhuga fyrir 3. umr. málsins og vildi þá gjarnan mega eiga tal við n., hvort ekki væri hægt að setja einhver ákvæði í 9. gr. frv., að hækkanir þær, sem önnur stjórnarvöld geta haft í sinni hendi, megi þó ekki fara fram yfir visst mark. Það væri mikið öryggi fyrir menn að hafa slíkt í lögunum, og ég ætla, að Alþ. bæði gerði rétt í því og það sýndi þá líka um leið, að fyrir því vekti það eitt, að þetta verk væri vel af hendi leyst, svo að allir mættu hlíta að lokum þeim ákvörðunum, sem eftir þessum lögum væru teknar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru fáein orð út af því, sem hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. hafa tekið fram.

Ég vil þá fyrst segja, að ég hefði fyrir mitt leyti helzt viljað, að farið hefði fram reglulegt fasteignamat. Ég lagði fram frv. 1951 um, að nýtt fasteignamat skyldi fara fram á venjulegan hátt. Mér fannst þá og finnst enn breyting vera orðin svo mikil, frá því að síðasta mat átti sér stað, að slíkt væri eðlilegt. En því var ekki vel tekið þá og hefur ekki verið vel tekið enn, og þess vegna hef ég til samkomulags við ýmsa og til þess að reyna að tryggja framgang málsins fallizt á, að ekki fari fram nýtt fasteignamat, heldur endurskoðun á fasteignamatinu. Verði sérstök áherzla á lögð að fá inn í matið allar breytingar, sem orðið hafa frá því að síðast var metið, bæði þær breytingar, sem orðið hafa vegna viðauka og endurbóta, og eins þær breytingar, sem orðið hafa vegna sérstakrar rýrnunar á verðmæti eigna eða bættrar aðstöðu. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en af þessari stefnu frv. leiðir, að meiningin er að komast hjá því að setja upp fasteignamatsnefnd í hverri sýslu. Í þess stað er gert ráð fyrir einni aðalnefnd, sem fær aðstoð skattstjóra, skatta-

nefnda og yfirskattanefnda og svo ýmissa stofnana við öflun upplýsinga. Ég álít, að þótt ekki fáist fram, að gert verði nýtt fasteignamat, megi vænta þess, að af því, sem hér er ráðgert, verði verulegt gagn og að samræmi gæti fengizt stórum betra en nú er orðið í matinu. Ástandið er þannig nú, að óhugsandi er, að við það verði unað, enda margar stofnanir tekið sig fram um að skora á hv. Alþ. að láta ekki við svo búið standa. Mér finnst blátt áfram ómenning að því að hafa fasteignamat, sem notað er sem mælikvarði fyrir stórfelldum greiðslum, og hafa í því til lengdar slíkt ósamræmi og nú á sér stað.

Ég hef ekki skilið hv. þm., sem talað hafa, þannig, að þeir hafi á móti því, að fram fari samræming á fasteignamatinu, og vona ég, að um það séu menn sammála.

Ég kvaddi mér eiginlega hljóðs út af því, sem sagt hefur verið um 9. gr. Það er ekki venja, þegar sett hafa verið ný lög um fasteignamat, að slá nokkurn varnagla um fasteignaskatt eða neitt þess konar í sambandi við það. Lögin hafa aðeins verið um, að nýtt fasteignamat skyldi fara fram. Svo hefur auðvitað verið til þess ætlazt, að bæði hv. Alþ. og allir aðrir, sem ráða gjöldum, sem miðuð eru við fasteignamatið, breyti gjaldatöxtunum í samræmi við hið nýja mat, og komi þá að sjálfsögðu til nýjar ákvarðanir alls staðar. Dálítið hefur bólað undanfarið á óttа um það, að tillögur um nýtt fasteignamat ættu rót sína að rekja til áhuga á því að hækka skatta, t. d. til ríkisins, fá meiri eignarskatt eða jafnvel hærri fasteignaskatt til ríkisins en verið hefur. Hefur því verið tekinn upp sá háttur að slá við þessu varnagla í frv. Hann er í 9. gr. Um skattana, sem ákveðnir eru með lögum frá Alþ., eins og eignarskatt og fasteignaskatt, er þannig til tekið, að það skuli endurskoða löggjöfina, þegar fasteignamatið hefur átt sér stað, og miða við það, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Ég vænti, að menn skilji, að það er ekki hægt að tiltaka þetta nánar, fyrr en fasteignamatið liggur fyrir. En með þessu er samt sem áður mörkuð stefna um þetta. Vitanlega getum við ómögulega fundið út, á meðan við ekki þekkjum matið, hvernig haga skuli einstökum ákvæðum í þessum lagabálkum, til þess að útkoman verði þannig, að skattabyrðin í heild verði sem allra líkust því, sem hún hefur verið, þegar nýja matið er komið. Að þessu hefur nú ekki heldur verið fundið að öðru en því, að hv. þm. Borgf. vék aðeins að þessu, ef ég skildi rétt. Honum virtist orðalagið um þetta vera dálítið óákveðið. Það má segja, að svo sé, en það er ekki hægt að komast nær þessu að svo vöxnu en að marka stefnuna.

Þá er það niðurlag greinarinnar, sem bæði hv. þm. Borgf. og 1. þm. Árn. ræddu nokkuð ýtarlega, ákvæðið um, að falla skuli úr gildi allar ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til. Í þessu sambandi vil ég aftur benda á, að þegar hér hafa verið sett lög undanfarið á hv. Alþ. um nýtt fasteignamat, þá hefur ekkert svona ákvæði fylgt. Það hefur verið álitinn sjálfsagður hlutur, að þeir, sem hér áttu hlut að máli, endurskoðuðu þessi gjöld og miðuðu þau við nýja matið. Hefur þó ætíð verið gert ráð fyrir, að nýtt fasteignamat yrði miklu hærra en það mat, sem áður gilti. Hv. Alþ. hefur treyst því, að þetta yrði ekki misnotað, það yrði ekki smeygt á menn stórhækkuðum gjöldum með því að láta allar prósentutölur standa óbreyttar og nota mikið hækkað mat sem grundvöll. Þetta hefur hv. Alþ. undanfarið látið liggja alveg á valdi þeirra, sem þessum gjöldum eiga að ráða og eiga að bera ábyrgð á þeim gagnvart gjaldendunum, hvort sem það hafa verið sýslufélög, bæjarfélög eða hreppsnefndir. Nú hefur orðið nokkuð vart við óttа um, að nýtt mat gæti orðið misnotað þannig, að reglugerðir eða tilkynningar væru látnar standa óbreyttar, þótt matið hækkaði. Til þess að fyrirbyggja þetta og til þess að tryggja, að yfirvöldin þurfi í hvívetna að taka nýja ákvörðun og bera ábyrgð að nýju gagnvart umbjóðendum sínum, þá er þetta ákvæði sett í 9. gr., þ. e., að allar ákvarðanir falli úr gildi og taka verði nýjar ákvarðanir, sem menn standi ábyrgir fyrir gagnvart þeim, sem þeir eiga að standa reikningsskap gerða sinna. Bólað hefur á því, t. d. hjá hv. 1. þm. Árn., að honum fyndist þetta tæplega vera nógu sterkt ákvæði, og væri máske ástæða til, að því er mér skildist á honum, að setja um þetta sterkara ákvæði, taka valdið að einhverju leyti af þeim, sem hafa það nú, um þessi gjöld, sem miðuð eru við fasteignamatið. Ég hef ekkert á móti því, að þetta sé íhugað í n. Þetta sjónarmið var talsvert hugsað við undirbúning málsins. Samt er rétt að athuga allar bendingar um þetta, hvort hægt er að ná eitthvað frekari tökum á þessu en gert er ráð fyrir í frv.

Ég vil í því sambandi benda á til íhugunar fyrir nefndina, að við getum ekki búizt við því, að löggjöf um fasteignamat eða löggjöf um endurskoðun á fasteignamati sé um leið löggjöf um heimtaugargjöld, löggjöf um fjallskilagjöld, löggjöf um sýslusjóðagjöld, löggjöf um sýsluvegasjóðagjöld, tryggingagjöld o. s. frv. Það er óhugsandi að ætla sér að setja ákvæði um öll þessi gjöld inn í lög um fasteignamat eða lög um endurskoðun fasteignamats. Slíks eru engin dæmi í þingsögunni, að þannig hafi verið farið að, enda finnst mér ekki hugsanlegt, að svo verði gert.

Þá vil ég enn fremur benda mönnum á, þeim sem bera þann ugg í brjósti, að sýslunefndir eða aðrir þeir, sem þessum gjöldum eiga að ráða, séu á þeim buxunum að hækka þau, að þessir aðilar geta hækkað þessi gjöld, þó að nýtt fasteignamat komi ekki til. Nýtt fasteignamat mundi ekki breyta neinu um þetta.

Loks vil ég benda á, að það gæti orðið mjög tvíeggjað, ef farið væri út í að setja hámörk og binda hendur þessara aðila mjög mikið, sumra hverra, sem koma þarna til greina. Jafnvel gæti það orðið til þess að ýta undir hækkun, sem annars yrði ekki. Ef hv. Alþingi færi að setja hér hámörk, sem væru hærri en gjöldin eru nú raunverulega, þá er hætt við, að það freistaði þessara aðila til þess að hækka gjöldin, sem þeir máske létu undir höfuð leggjast, ef þeir væru látnir alveg bera ábyrgð á þessu

sjálfir gagnvart sínum umbjóðendum, eins og alltaf hefur verið, þegar nýtt fasteignamat hefur verið gert.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þær ræður, sem hér hafa verið fluttar um þetta mál af hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., gefa tilefni til þess, að ég f. h. fjhn. gefi nokkru frekari útskýringu á sumum atriðum í þessu frv.

Hv. þm. Borgf. fann að því, að eins og frv. væri uppbyggt, þá yrði það mjög til baga, að það yrði minni persónulegur kunnugleiki, sem réði um ákvörðun mats, heldur en ef það væri héraðsnefnd í hverju héraði, eins og er við venjuleg aðalmöt. Þessu er því til að svara, að hér er ekki um að ræða nýtt fasteignamat, heldur aðeins endurskoðun á því gamla, og á að byggja algerlega á þeim grundvelli, sem hið gamla mat byggist á. Aðalatriði málsins er, eins og hv. 1. þm. Árn. tók réttilega fram, ákveðið í 3. gr. frv., og það er að fá inn í matið allar þær umbætur víðs vegar um landið, sem gerðar hafa verið á síðasta þrettán ára tímabili, og þessar umbætur eru svo margvíslegar, að það er allra hluta vegna nauðsynlegt, að þær komi inn í fasteignamat. Það er til þess ætlazt samkv. fasteignamatslögunum, eins og þau nú eru, að það fari fram árlega millimat á húseignum og öðrum stærri umbótum. Þessu lagaákvæði hefur verið fylgt nákvæmlega víðs vegar um land, en ég hef fengið upplýsingar um, að það er líka víðs vegar um landið, sem þessu hefur alls ekki verið fylgt. Þau stjórnarvöld, sem með þetta hafa að gera og eru aðallega hreppsstjórar og skattstjórar og aðrir, sem með skattaálögurnar hafa að gera, hafa allt of mörg brugðizt þeirri skyldu að láta þetta millimat fara fram. Og varðandi framkvæmdina á þessari 3. gr. og þessu starfi, þá er ekki til þess ætlazt samkv. frv., að það verði neitt valdsvið fyrir landsnefndina í þessu efni, heldur sé hér um að ræða eingöngu skýrslusöfnun og skrifstofuvinnu, að færa allar þessar umbætur inn í matið á þeim sama grundvelli og gamla matið er byggt og með sama verði og þar er ákveðið. Þess vegna kemur það ekki neitt nærri lagi, sem hv. 1. þm. Árn. var að minnast á að gæti komið fyrir í því sambandi, því að það eru þá hrein svik við tilgang og ætlun frv., að það geti komið fyrir, að ræktunarframkvæmdir eða annað slíkt sé sett inn á fullu kostnaðarverði; það kemur ekki til mála, því að það væru þá svik hjá landsnefndinni, að hún færi að taka sér vald, sem henni er ekki ætlað að hafa með þessu frv. Þetta á allt að vera metið alveg á sama grundvelli og gamla matið er, og það er aðalatriði málsins.

Svo kemur aftur 6. gr., og þar er landsnefndinni gefið vald, sem er í hennar höndum einnar, og það er það, hvernig hún flokkar fasteignirnar í hinum einstöku landshlutum, og það þýðir, að sumar fasteignir víðs vegar um landið, þar sem fjarlægðin er mest við höfuðstaðinn og þar sem minnst er verðgildið, hafa ekkert hækkað, og svo yrði farið eftir stiga þannig, að það sé hæst fimmföldun, og sú fimmföldun kemur auðvitað ekki til greina að minni hyggju eða að mínu áliti annars staðar en hér í höfuðborginni. Svo mikil hækkun á ekki að koma til greina annars staðar, vegna þess að það er gefinn hlutur, að hér hefur verðgildi fasteignanna aukizt langsamlega mest. Svo er það náttúrlega, eins og gefur að skilja, mjög vandasamt mál, hvernig á að flokka hin einstöku héruð í þessu sambandi.

Þá skal ég aðeins minnast á það, sem hér hefur verið vikið að með 9. gr. og er náttúrlega stórkostlegt meginatriði, og það er, hvernig verði farið með alla þá skatta, öll þau gjöld, sem hvíla á fasteignum. Þeir tveir ræðumenn, sem hér hafa talað, hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., hafa báðir minnzt á heimtaugargjöldin og aðrar greiðslur, sem standa í sambandi við rafmagnsframleiðsluna. Það er ætlazt til þess, að þær breytingar, sem koma fram á verði fasteigna við þá ákvörðun, sem til er tekin í 3. gr., komi til samræmingar og leiðréttingar, þannig að það verði að þessari endurskoðun lokinni í því miklu meira réttlæti en nú er. Það gefur auga leið, að það er ákaflega ranglátt, eins og nú er, ef t. d. í einni sýslu hafa farið fram millimöt í sumum sveitunum, en öðrum ekki, og í sumum sýslum og öðrum sýslum ekki, að gjöldin, bæði þessi gjöld og mörg önnur, verði misjöfn á mönnum eftir því, hvað skattayfirvöldin hafa rækt vel sínar skyldur, en þannig er ástandið eins og er núna og gildir um fjölda af gjöldum.

Það, sem hv. þm. Borgf. vék hér að og skaut til mín eða óskaði eftir, að ég svaraði varðandi 9. gr., er orðið „almennt“, þar sem segir í gr., að skattar þessir, eignarskattur og fasteignaskattur, hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Það má vera alveg augljóst, hvað við er átt með þessu, því að það er með þessu átt við það, að þessir skattar hækka auðvitað vegna þeirrar hækkunar, sem fram kemur af framkvæmd 3. gr. frv., þar sem eru umbæturnar, sem orðið hafa síðan fasteignamatið fór fram. En það er ekki ætlazt til þess, þetta ákvæði á að grípa yfir það, að þessir skattar og helzt engir skattar eða gjöld, sem á fasteignunum hvíla, hækki vegna þeirra breytinga, sem verða á fasteignamatinu samkv. ákvæðum 6. gr.

Það má vel vera, að það sé hægt, eins og hér hefur verið vikið að, að ganga betur frá því en gert er í 9. gr., að það verði ekki hækkuð ýmis þau mörgu gjöld, sem á fasteignum hvíla, en þeirri grein var nú nokkuð breytt af hæstv. fjmrh., frá því að frv. var upphaflega samið, og má vera, að það sé hægt að tryggja það betur með breytingu. Skal ég fyrir nefndarinnar hönd lofa, að hún athugi það nánar fyrir 3. umr., og þá hafa samráð við þá menn, sem hér hafa aðallega talað gegn þessum ákvæðum.

Að öðru leyti held ég að það séu ekki fleiri atriði, sem ástæða er fyrir mig sem frsm. hv. fjhn. að taka fram í sambandi við það, hvernig framkvæmd þessa máls er hugsuð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 468 samþ. með 18 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 63., 65., 66., 67., 68., 69. og 71. fundi í Nd., 22., 25., 28., 29. og 31. marz, 4. og 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 485, 491, 508, 510, 572).

**Pétur Ottesen:** Það er nú að vísu bæði fáskipað í d. og af þeim ástæðum harla tilgangslítið að ræða um þetta mál ýmislegt, sem full ástæða hefði verið til að hefði getað borizt til eyrna þm. nokkuð almennt. En mér skilst, að hæstv. forseti hyggist nú að fá afgreiðslu málsins, þrátt fyrir það að svona sé nú ástatt hér eins og raun ber vitni um.

Þessar brtt., sem ég flyt hér, eru í framhaldi af þeirri gagnrýni, sem ég hreyfði við þetta mál við 2. umr. Þetta frv., sem nú liggur fyrir, er þannig úr garði gert, að það fasteignamat, sem samkvæmt því á fram að fara, á í aðalatriðum að framkvæma þriggja manna nefnd, sem situr hér í Reykjavík. Að vísu eiga skattstjórar og yfirskattanefndir ásamt undirskattanefndum að vera þessari landsnefnd til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta henni í té upplýsingar, sem landsnefndin kann að óska eftir að fá. En það hefur nú hingað til verið litið svo á, að hér væri um svo þýðingarmikið mál að ræða, þar sem er um það að ræða að meta til verðs og þá um leið til margvíslegrar skattaálagningar allar fasteignir landsmanna, að skylda bæri til að byggja þetta mat á þeim grundvelli, að næg þekking á mismunandi aðstæðum væri ávallt fyrir hendi við matið. En það hefur verið litið svo á, að ekki væri fyrir hendi nauðsynleg þekking til að byggja skattmatið á, nema þar kæmi til persónulegur kunnugleiki á staðháttum úti um hinar dreifðu og víðu byggðir þessa lands. Þess vegna hefur ævinlega verið sá háttur á þessu hafður að velja nefnd manna í hverju sýslufélagi og bæjarfélagi, sem framkvæmdi matið. Til frekara öryggis í því efni, að heildarsamræmis gætti um land allt, hefur verið skipuð yfirmatsnefnd, sem hefur haft þetta hlutverk með höndum. En aðalgrundvöllurinn að matinu, miðað við hinar mismunandi kringumstæður, hefur ávallt verið lagður á svæðum úti um landsbyggðina. Að vísu er til þess ætlazt hér að byggja ef til vill nokkru meira á því fasteignamati, sem nú er, heldur en áður hefur verið ákveðið um að gert skyldi. En það er vitað, að þar sem nú er svo langt um liðið síðan síðasta fasteignamat fór fram, — en gengið var frá því, að ég ætla, 1942, — þá hafa orðið geysimiklar breytingar, sem valda því, að aðstæður hafa breytzt og þar af leiðandi verðgildi margra fasteigna, m. a. af þeim sökum, og það í mjög stórum stíl. Þess vegna tel ég, að engu síður nú við það mat, sam hér er stofnað til, þurfi að koma sá persónulegi kunnugleiki, sem ávallt hefur áður verið talið að nauðsynlegt væri að væri fyrir hendi við slíka matsgerð.

Til þess að koma þessari hugsun á framfæri hér á Alþ. hef ég nú flutt hér brtt. í þá átt, sem ég nú hef lýst, að heildargrundvöllur matsins verði aftur fluttur út í byggðirnar, í stað þess að þetta á nú í aðalatriðum að framkvæma af nefnd hér í Reykjavík, en jafnframt verði svo yfirmatsnefnd, sem framkvæmi heildarsamræmingu á matinu, svo sem verið hefur að undanförnu. Það var fyrir 2 eða 3 árum, að ég ætla, flutt á Alþ. — ég held af fjhn. og að tilhlutan ríkisstj. — frv. um fasteignamat, og það er einmitt það frv., sem ég hef lagt til grundvallar þeim breytingum, sem ég flyt nú hér um þetta mál. Það náði þá að vísu ekki fram að ganga, en það var ekki af því, að það þætti neitt athugavert við það að halda hinni gömlu reglu um grundvöll fasteignamatsins, heldur var það af allt öðrum ástæðum, að málið dagaði uppi þá. Það mun hafa stafað af ágreiningi, sem upp kom um það, hvaða hámark yrði sett í sambandi við hið nýja mat. Þetta eru því alveg nýjar till., sem hér koma fram, og farið þar inn á alveg nýja braut.

Mér þykir ekki ástæða til að fara að rekja hinar einstöku greinar þessa frv., eins og það mundi verða, ef brtt. mínar yrðu samþykktar. Það er kunnugt af fyrri meðferð þessa máls fyrir tveimur árum hér í þinginu, og einnig eru þessar till. mínar búnar að liggja alllengi fyrir og þess vegna hefur gefizt nægt tóm til þess að athuga málið út frá því sjónarmiði, sem þar kemur fram.

Ég vil aðeins geta þess, að samkvæmt mínum till. er gert ráð fyrir, að hækkun matsins megi hvergi vera meiri en svo, að heildarmatsverð fasteigna ferfaldist. Hins vegar er samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, heimilt, að heildarmatið fimmfaldist. Tel ég, að það hámark, sem ég set hér, sé nær því, sem rétt sé, sanngjarnt og eðlilegt, heldur en það, sem í frv. stendur um þetta efni.

Þá vil ég enn fremur benda á það, að samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, eiga fasteignamatseigendur þess engan kost að koma á framfæri neinum umkvörtunum gagnvart því, sem þeim kann að þykja ekki rétt að farið, að því er snertir þær fasteignir, sem þeir eiga. Hafa ávallt verið í lögum ákvæði um að gefa einstaklingum færi á því að koma fram með umkvartanir sínar, ef þeim þykir sér óréttur ger. En fram hjá þessu er alveg gengið í frv. Hér liggur einnig fyrir brtt. frá hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem gæti bætt nokkuð úr í þessu efni, en þó engan veginn þannig um það búið, að menn komi fram rétti sínum, eins og ávallt hefur verið í gildi við undanfarin fasteignamöt. Samkv. þessari brtt. sendir landsnefndin fasteignamatið til umsagnar hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er nefndin hefur fylgt í störfum sínum. Hins vegar er ekki í þessari brtt. gert ráð fyrir því að veita eigendum fasteignanna neina aðstöðu til þess að koma á framfæri persónulegri óánægju sinni yfir því, sem þeir telja sér ranglega gert með matinu. Þetta tel ég vera alveg fráleitt eins og það er í frv. og engan veginn náð því, sem réttlátt er og sjálfsagt, í brtt. hv. 2. þm. Skagf., þótt

hún næði samþykki, og fyllir hún því engan veginn þetta skarð, sem hér er í þessu frv., um að veita mönnum sjálfsagðan rétt til að koma á framfæri eða óska eftir nýrri endurskoðun á mati einstakra fasteigna.

Úr þessu þarf að sjálfsögðu að bæta, og mér finnst, að það geti ekki orkað tvímælis, að sjálfsagt sé að gera það á þann veg, sem ég legg hér til í brtt. minni, sem mundi þá verða 8. gr. þessa frv., ef brtt. mínar yrðu samþ. einnig að öðru leyti.

Ég gerði 9. gr. þessa frv. nokkuð að umræðuefni við 2. umr. þessa máls, og hefur það ef til vill orðið þess valdandi, að hv. fjhn. hefur flutt brtt. við niðurlag gr., en í niðurlagi gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr. laganna, falla úr gildi allar ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til."

Þetta er ákaflega óglöggt orðað og felur ekki í sér neina tryggingu gagnvart þeim, sem eiga að greiða þessi gjöld, en víða og í mörgum tilfellum er þetta notað sem gjaldstofn. Hins vegar er fyrr í þessari sömu gr. ákvæði um það, að því er snertir bæði eignarskatt og fasteignaskatt, að endurskoðunin sé við það miðuð, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. En allar slíkar ákvarðanir eða varnarráðstafanir vantar algerlega að því er snertir það, hvernig þessir skattar eru notaðir sem grundvöllur í öðrum tilfellum.

Brtt. fjhn. um þetta efni er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við gr. bætist: er miðist við það, að þessi gjöld" — þ. e. opinber gjöld, sem innheimt eru sem hundraðshluti af fasteignum — „hækki ekki almennt umfram það, er af flokkun fasteigna kann að leiða." — Ég hef aðeins sett hér um þetta, að niðurlagið orðist svo: „er miðist við það, að þessi gjöld hækki ekki almennt". Er það orðalag miðað við þá framkvæmd á matinu, sem ég legg til að höfð verði, því að það er ekki um að ræða flokkun á sama hátt og gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur.

Það er að sjálfsögðu aðalatriðið í þessum brtt. mínum, að matið verði nú sem að undanförnu látið fram fara á takmörkuðum svæðum, þar sem ávallt er fyrir hendi nægilegur kunnugleiki á öllum aðstæðum. Er máske frekar nú en nokkru sinni áður nauðsynlegt, að slíkur kunnugleiki sé fyrir hendi, af því að einmitt á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar, sem gera mismun á verðgildi jarðanna. Það eru auknar samgöngur, bættar og breyttar vegasamgöngur, það eru símalagningar, það eru rafmagnsleiðslur, og margt fleira kemur hér til greina, sem verkar mjög á verðgildi jarðanna. Og þar sem misjafnlega langt er á veg komið með þessar framkvæmdir, þá náttúrlega verður á þessu mjög mikill aðstöðumunur. Þess vegna er nú frekar en nokkru sinni áður nauðsynlegt, að fyrir hendi sé næg persónuleg þekking á því, að fasteignamatið mótist af þessum breyttu aðstæðum. En þessu verður aldrei náð með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að aðalframkvæmd matsins byggist á áliti og gerðum 3 manna, sem sitja í Rvík og verða um staðarþekkingu algerlega að byggja á meira og minna ófullkomnu áliti, sem þeim berst um þetta úr ýmsum áttum. Það er mjög mikilsvert og veltur mikið á því, að rétt mat og eðlilegt, miðað við aðstæður á þeim tíma, er matið fer fram, sé gert. Og ég vil vænta þess, að þeir menn, sem eru hér utan af landsbyggðinni, gæti réttar þeirra manna, sem þar búa, að því er þetta snertir, en það getur oltið á miklu og á margvíslegan hátt, að um þetta sé vel búið.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil þó aðeins að lokum einnig leggja áherzlu á það, að sjálfsagt er að búa svo um, að einstökum eigendum fasteigna sé gefið á því fullt og óskorað tækifæri að koma á framfæri þeim athugasemdum, sem þeir vilja gera við matið að því er snertir einstakar fasteignir þeirra. Það er óverjandi að svipta þá sjálfsögðum rétti í þessu efni, eins og hér er gert.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Fjhn. hefur nú tekið til athugunar, frá því að 2. umr. fór fram, þær brtt. og aths., sem fram hafa komið við þetta frv. Hún flytur á þskj. 491 brtt. um viðbót við 9. gr. frv., og er það í samræmi við aths., sem fram komu við 2. umr. frá hæstv. forseta Sþ. Brtt. er flutt í samráði við hann, og má gera ráð fyrir, að menn geti orðið sammála um að samþ. þá brtt.

Þá er á þskj. 510 flutt brtt. af hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem nú er farinn heim, og hefur fjhn. fallizt á að mæla með þeirri brtt. með breytingu, sem hún flytur sérstaka till. um á þskj. 572 og flm. brtt. (JS) hafði fallizt á, áður en hann fór.

Þá er enn fremur að minnast aðeins á þær brtt., sem hv. þm. Borgf. (PO) flytur á þskj. 508 og hann hefur mælt fyrir. Fjhn. leggur á móti þessum till. öllum og það af þeim sökum, að þetta er gerbreyting á frv. og miðar í raun og veru að því að gera nýtt fasteignamat, og hefði þá legið miklu nær fyrir hv. þm. að flytja brtt. við lögin á þá leið, að nú skyldi fara fram nýtt fasteignamat eftir venjulegum reglum, og allar hans röksemdir, sem hann var hér að tala um, hnigu í þá átt. Virðist það vera hans skoðun, að það eigi að fara fram nýtt fasteignamat, og með því móti yrði það náttúrlega eins og venjulega. Þá yrði nefnd í hverju héraði, sem skoðaði hverja jörð o. s. frv. Það mat hlyti að standa yfir í nokkur ár, eins og undanfarið hefur gerzt, og taka þyrfti þá tillit til allra breytinga og álits, sem til greina kemur í því sambandi. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er alls ekki um nýtt fasteignamat. Það er aðeins um það að fá samræmingu á hinu gamla fasteignamati, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa, og aðallega taka inn í fasteignamatið þær umbætur, sem gerðar hafa verið á fasteignunum, og þær nýbyggingar og annað slíkt, sem framkvæmt hefur verið á undanförnum árum.

Það er náttúrlega alls ekki rétt, sem hv. þm. Borgf. (PO) var að tala um, að það nyti sín ekki persónulegur kunnugleiki í þessu sambandi, vegna þess að það er gert ráð fyrir því, að það

séu skattanefndirnar, bæði yfirskattanefndir og undirskattanefndir, um land allt, sem annast skýrslusöfnun og athugun í þessu sambandi, og það eru engir menn í landinu kunnugri þessum hlutum en einmitt skattanefndirnar, sem eru að fjalla um þessi mál á hverju ári. En þeirra starf og þetta starf í heild sinni er miklu meira skýrslusöfnun og skrifstofuvinna heldur en að það sé nýtt fasteignamat.

Það, að einstaklingar hafi tækifæri til þess að kæra eða koma fram breytingum, er náttúrlega sjálfsagt, þegar nýtt fasteignamat fer fram, eins og ævinlega hefur verið. En hér er ekki um það að ræða, heldur að taka inn í matið þær umbætur, sem gerðar hafa verið, og svo hitt, sem ákveðið er í 6. gr. þessa frv., að það er heimilað að skipta fasteignunum í flokka með tilliti til hækkunar eftir þeirri breyttu aðstöðu, sem orðið hefur í einstökum héruðum, og þar er valdsvið landsnefndarinnar aðallega.

Ég sé svo ekki fyrir hönd fjhn. ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vænti, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, hver hennar afstaða er.

**Pétur Ottesen:** Það eru aðeins fáein orð, sem ég vildi segja út af ræðu hv. frsm., þm. A-Húnv. (JPálm).

Hann segir, að hér sé ekki um venjulegt fasteignamat að ræða. Hér á í því mati, sem fram fer, ekki einasta að meta þær nýju umbætur, sem gerðar hafa verið á jörðunum, þ. e. a. s. ræktunarumbætur, — húsabætur munu flestar vera komnar til skila í sambandi við þau millimöt, sem fram hafa farið, — heldur á hér einnig að meta jarðirnar að nýju með tilliti til breyttra aðstæðna, sem orðið hafa úti um byggðir landsins, alveg eins og gert er þegar venjulegt fasteignamat fer fram. En munurinn er bara sá, að þetta mat eða flokkun, eins og stendur í 6. gr., miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna, eftir því hvar þær eru. Það var eins og mætti skilja orð hv. frsm. þannig, að þetta væri ekkert annað, sem hér ætti að gera, en að bæta inn í fasteignamatið þeim umbótum, sem orðið hafa á jörðunum síðan fasteignamatið fór fram og að sjálfsögðu hafa áhrif á verðgildi þeirra. Það er ekki einasta þetta, heldur á nú í þessu tilfelli, eins og alltaf endranær, þegar fasteignamat hefur farið fram, að miða þetta nýja mat við breyttar aðstæður, sem ég var að lýsa hér áðan og eru ákaflega margvíslegar. En mönnum hlýtur að vera það ákaflega vel ljóst, að það er ærið mikill munur á því, að þetta sé gert heima í héraðinu af nákunnugum mönnum þar eða eftir upplýsingum, sem þessari landsnefnd hér í Reykjavík berast frá þeim aðilum, sem talið er í 4. gr. að eigi að gefa þessar upplýsingar. Þar er sá stóri munur á, að að undanförnu hefur grundvöllurinn verið lagður heima í héruðunum í einu og öllu af mönnum, sem til þess eru valdir þar og þar eru búsettir. Þeir bera ábyrgð á því starfi, sem þeir eru að framkvæma, og eiga að standa við það. En í þessu tilfelli eru þeir, sem upplýsingar eiga að gefa, algerlega ábyrgðarlausir; þeir leggja gögn upp í hendur landsnefndarinnar í því formi sem hún kýs, því að það er hún, sem á að kveða á um það, hvað það er, sem þeir eiga að svara, og hvaða upplýsingar þeir eiga að veita. Á þessu er vitanlega ákaflega mikill munur.

Að því leyti sem það mat, sem fyrir er á jörðunum, á að létta undir samkv. þessu frv., þá getur það náttúrlega alveg eins komið að liði með því, að matið fari fram heima fyrir af mönnum þar. Þess vegna eru engar líkur til þess nú, að þetta þyrfti að taka 2 eða 3 ár. Það hefur stundum gert það áður. En það var nú allt annað þegar byrjað var fasteignamatið 1916 og ekkert lá fyrir í þessu efni, þó að það tæki langan tíma þá, ellegar nú, eftir að búið er að framkvæma fasteignamat tíunda hvert ár. Það er ólíku meira á að byggja í þessu efni á ýmsan hátt, sem að sjálfsögðu léttir þetta starf. Þess vegna tel ég ekki neinar líkur fyrir því, að það þyrfti að taka neitt lengri tíma, þó að farið yrði að mínum till. um að koma matinu áleiðis, heldur en það muni gera samkvæmt þessu, og ég hef ekki heldur trú á því, að það mundi verða fjárhagslega meiri kostnaður með þeirri framkvæmd, sem ég legg hér til, heldur en hann geti orðið samkvæmt ákvæðum þessa frv.

Það er þess vegna allt, sem að mínu viti mælir með því, að nú séu viðhafðar sams konar varúðar- og öryggisástæður fyrir réttu mati og verið hefur að undanförnu. Að þessu frv. stendur óskipt nefnd í þinginu, og það er venjulega sigursælt, þegar svo ber að. En það er ég ekki í neinum vafa um, að menn eiga eftir að sjá það, að miklar óánægjuraddir eiga eftir að berast Alþ. og öðrum aðilum utan úr landsbyggðinni yfir mistökum að því er snertir samræmingu eignanna. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um, að þannig verður það, ef gengið er þannig frá málinu sem gert er í þessu frv., en mundi vera fyrirbyggt með mínum till. Það er alkunna, að þær raddir hafa verið tiltölulega litlar og fáar, sem látið hafa í ljós óánægju yfir fasteignamatinu, eins og frá því hefur verið gengið að undanförnu. En aðstaðan til þess að koma á góðu samræmi í þessu efni og ganga vel frá þessu öllu saman hefur vitanlega farið batnandi eftir því, sem matið hefur verið framkvæmt oftar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 508,1 felld með 15:10 atkv.
— 508,2 felld með 14:7 atkv.
— 508,3 felld með 16:9 atkv.
— 572 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 510, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
— 508,4 felld með 14:6 atkv.
— 491 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 508,5 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 71. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 600).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 600, n. 662).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Fjhn. mælir með samþykkt þessa frv., en leggur þó til, að 7. gr. þess verði breytt. Einn maður úr n., hv. 4. þm. Reykv. (HG), gat ekki verið við umræður um málið í n., og ég veit ekki um afstöðu hans til málsins.

Enginn ágreiningur getur orðið manna á milli um það, að gildandi fasteignamat er orðið úr sér gengið. Að matinu var unnið á árunum 1938—42, og síðan hefur verðgildi fasteigna gerbreytzt vegna verðlagsbreytinga í landinu. En auk þess hafa breytingar á fasteignum orðið svo stórfelldar á þessu tímabili, að aldrei hefur slíkt gerzt áður. Kot hafa orðið stórbýli á þessum tíma. Eldri hús í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum hafa ýmis verið stækkuð og endurbætt og gerð sem nýtízku hús. Opinberar framkvæmdir, svo sem hafnargerðir og vegagerðir, hafa aukið verðmæti fasteigna á ýmsum stöðum. Hið gagnstæða hefur einnig gerzt. Á einstöku stöðum hafa jarðir farið í eyði, jafnvel byggðarlög. Og einstakar húseignir á sumum stöðum hafa grotnað niður. Aukamöt, sem átt hafa að fara fram og farið hafa fram, hafa alls ekki náð til að viðhalda samræminu að því er þetta snertir, enda ná þau alls ekki til sumra fasteigna, t. d. ná þau ekki til jarðræktarframkvæmda. Í fáum orðum sagt, gildandi fasteignamat er alls ekki lengur sá grundvöllur til þess að byggja á, sem því er ætlað að vera.

Enn þá eru 10 ár, þangað til aðalmat á fram að fara samkvæmt lögum. Nú er gripið til þess með frv. þessu að leggja til, að fasteignamatið verði samræmt á þessu ári. Og til þess að gera sem auðunnast og ódýrast samræmingarmatið eru önnur vinnubrögð hugsuð og aðrir til mats kvaddir en þegar um aðalmat á að vera að ræða. Fjhn. gerir ekki við þetta athugasemdir að öðru leyti en því, að hún telur, að skylt sé að gefa fasteignaeigendum kost á að bera fram athugasemdir og kærur við samræmingarmatið. Þetta er líka eitt af grundvallaratriðum gildandi laga um fasteignamat frá 1945, og því má ekki raska, enda væri óþolandi réttleysi fyrir þá, sem eignirnar eiga, sem metnar eru, ef þeir fengju ekki að gera sínar athugasemdir. N. ber vegna þess arna fram brtt. við 7. gr. og leggur til, að hún verði orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar landsnefndin hefur endurskoðað fasteignamatið samkvæmt 6. gr., skal n. senda skattanefndum til umsagnar afrit af fasteignamatinu í hlutaðeigandi sveitarfélagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er n. hefur fylgt í störfum sínum. Skattanefndir skulu, hver í sínu sveitarfélagi, láta samrit af afriti fasteignamatsins liggja frammi í 3 vikur fasteignaeigendum til sýnis. Ef kæra berst skattanefnd út af matinu innan þess tíma, skal skattanefndin senda landsnefndinni hana ásamt umsögn frá sér, og leggur landsnefndin úrskurð á málið.

Landsnefndin skal einnig senda yfirskattanefndum afrit af fasteignamatinu í umdæmi þeirra.

Landsnefndin setur undir- og yfirskattanefndum frest um það, hvenær þær skuli hafa skilað svörum til hennar.

Að fengnum athugasemdum og till. skattanefndanna skal landsnefndin taka fasteignamatið til endanlegrar afgreiðslu."

Ef greinin verður samþykkt eins og fjhn. leggur til, þá hafa verið upp í gr. tekin ákvæði um, að fasteignamatið skuli vera til sýnis, kærur megi leggja fram, og enn fremur ákveðið um það, hvernig málsmeðferð að öðru leyti skuli haga í því sambandi. Greinin er að öðru leyti umorðuð í samræmi við þessi meginatriði. Í frv. er tryggt, að hækkun á fasteignamatinu megi ekki nema neins staðar meiru auk samræmingar en 400%, eða fimmföldun. Er með því mjög í hóf stillt, eftir því sem verðlag er nú í landinu. Enn fremur er tryggt, að skattar eða álögur á fasteignir hækki ekki sérstaklega vegna matsins, hvorki til ríkis né sveitarfélaga. Þetta verður að telja eðlilegt ákvæði. — Að öllu þessu athuguðu leggur fjhn. til, að frv. verði samþykkt, en leggur áherzlu á það, að till. hennar um breytingu á 7. gr. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 662 (ný 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 81. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Pétur Ottesen:** Þetta frv. hefur tekið nokkurri breytingu í hv. Ed., og ég vildi benda á það, að m. a. hefur verið samþ. þar ein af þeim brtt., sem ég flutti hér við þetta frv. við 3. umr. málsins, en var þá felld í þessari deild. Þessi brtt. var um það að gefa eigendum fasteigna kost á því að kæra matið, ef þeim sýndist svo, að rétti þeirra væri hallað. Þetta ákvæði hefur ávallt verið í lögum um fasteignamat og

er það enn, þó að svo færi nú, að þessari till. minni væri hafnað hér í d. við 3. umr. þessa máls. Um þetta atriði farast fjhn. Ed. í því nál., sem hún gaf út um þetta mál, orð eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Getur n. fallizt á þá skipan“ — sem í frv. felst — „að öðru leyti en því, að hún álítur skylt, að eigendum fasteigna verði gefinn kostur á því að bera fram kæru yfir samræmingarmatinu, eins og í 15. gr. laganna frá 1945 um fasteignamat er skýlaust ætlazt til að gert sé, þegar mat fer fram. Hlýtur þetta að teljast ein af grundvallarreglum laganna.“

Og það var vitanlega með sérstöku tilliti til þess, hversu þetta atriði er mikilsvert í lögunum, að ég flutti mína brtt. um þetta hér við 3. umr. málsins, sem þá var felld. Ber nú að fagna því, að þetta ákvæði hefur verið tekið upp í frv., og er þess að vænta, að nú verði snúizt betur og skynsamlegar við þessu en gert var, þegar ég flutti brtt. mína.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 709).

## 32. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.)

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt** [188. mál] (stjfrv., A. 574).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er augljóst, að það verða ekki á þessu þingi sett ný ákvæði um skatt félaga, sem verða mættu til frambúðar. Þess vegna leggur ríkisstj. til, að framlengd verði þau ákvæði, sem sett voru í lög á síðasta þingi til bráðabirgða um skattgreiðslu félaga og um álag á eignarskatt. En ákvæðið um álag á eignarskatt hefur ekki verið framlengt enn þá, heldur látið bíða, á meðan verið var að sjá, hvort auðnast mætti á þessu þingi eða ekki að koma á nýrri löggjöf um skattgreiðslur félaga til frambúðar.

Ég vil geta þess, að það mun sáralitil áhrif hafa á afkomu ríkisins, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, því að það mun láta nærri, að þær hækkanir á sköttum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, séu jafnháar og þær lækkanir á sköttum, sem það gerir ráð fyrir. Á hinn **bóginn er ekki** vafi á því, að það verður skynsamlegar fyrir komið skattgreiðslum félaga með því að framlengja ákvæðin, sem sett voru í fyrra, og lögfesta þetta frv. heldur en með því að láta þessi ákvæði falla niður og skattana vera eins og þeir mundu verða, ef þetta frv. yrði ekki að lögum.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í sambandi við þetta frv. — Frv. til laga um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í l. nr. 46/1954 heitir þetta frv., og það er nú orðið svo, að það er orðið safn af frumvörpum, sem við höfum hér í þinginu til meðferðar og öll heita eitthvað svipað: Frumvarp til laga um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða — eða annað þess háttar. Þetta er venjulega upphafið á því, þegar verið er að innleiða hér hluti, sem eru komnir í einhvern hnút hjá ríkisstj. Það eru til lög svipuð þessu hvað snertir formið, sem eru búin að vera hjá okkur í 5 ár sem svona bráðabirgðaákvæði, framlengt á hverju þingi. Það eru jafnvel til frumvörp, sem eru búin að vera í 10 ár, og það eru jafnvel til frumvörp, sem eru búin að vera lengur.

Það er þess vegna rétt að vara við, í fyrsta skipti sem tekið er upp á þessum hætti, vegna þess að hann er ákaflega leiður. Ég þarf ekki að minna á nema t. d. söluskattinn, þar sem tekjuöflunarákvæðin úr sumum greinum laganna eru framlengd og aðrir hlutar greinanna ekki.

En hitt er þó öllu alvarlegra, að mér sýnist þetta bera nokkuð einkennilegan vott um starfshætti hæstv. ríkisstj. Nú á sjöunda mánuði þingsins kemur hæstv. ríkisstj. fram með stjfrv., og það stjfrv. er að framlengja nokkur bráðabirgðaákvæði í lögum, sem hún sjálf í fyrra lofaði mjög hátíðlega að ekki kæmi til neinna mála að stæðu lengur en eitt ár. Og það veldur því eiginlega bara mín forvitni, að ég fór að ræða um þetta. Mig langaði til þess að vita, hvað hefur verið svona óskaplega erfitt í samningum hæstv. ríkisstj. innbyrðis. **(Gripið fram í:** Það þýðir ekkert að spyrja, því verður ekki svarað.) Hvað veldur því, að nú eftir 7 mánuði kemur hæstv. fjmrh., sem allra ráðherra mest reynir venjulega að gæta þess að framlengja í tíma öll skattaákvæði, með þessa framlengingu? Hvað veldur því, að þetta hefur gengið svona hörmulega? — Nei, ég er alveg viss um, að því verður ekki svarað. Það væru líka skárri ósköpin, ef ráðherrarnir færu sjálfir að fletta hér ofan af því, að þeir hefðu setið í 7 mánuði og sent þingið heim í einn mánuð af þessum 7 til þess að vita, hvort þeir gætu ekki sjálfir komið sér saman um nokkur smáatriði, og svo hafa þeir setið með sveittan skallann allan þennan tíma og ekki einu sinni getað komið sér saman um smáatriðin, hvað þá um þau stóru. Það er náttúrlega til allt of mikils mælzt, að hæstv. ráðherrar færu að fletta ofan af þessum vinnubrögðum, en það er náttúrlega hins vegar ekkert undarlegt, þó að þm. spyrji um svona vinnubrögð og noti tækifærið til þess að átelja þau eitthvað ofur lítið.

Ég vil nú bara spyrja: Hvernig í ósköpunum á nú ríkisstj., sem getur ekki leyst á 7 mánuðum smáatriði eins og að koma sér saman um, hvernig hún eigi að skattleggja landsmenn, sem er þó það eina, sem hún hefur yfirleitt komið sér saman um, — hvernig á hún þá að leysa stærri mál? Hvernig í ósköpunum á þá svona ríkisstj. að leysa t. d. mál eins og vinnudeilur. Þegar hæstv. fjmrh., sem vafalaust hefur allan tímann barizt mjög harðri baráttu fyrir því að fá þarna í gegn

breytingar, er nú loksins orðið augljóst, að það verður engin breyting, og kemur með frv. til laga um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum, þá væri gaman, ef hann vildi segja okkur ofur lítið, fyrst hann vill nú ekkert segja um, hvernig samningarnir hafa gengið um þetta, hvernig það gengur yfirleitt annars í ríkisstjórninni með samvinnuna.

Mér sýnist, að þetta litla frv. geti spegilmynd af starfsháttum, sem eru gersamlega óþolandi. Þjóðfélagið ferst að vísu ekki út af því, þó að ríkisstj. sé svona ónýt í því að koma sér saman um, hvernig hún eigi að leggja skatta á auðfélögin í Reykjavík. En þegar vinnubrögðin um skattlagningu, sem er sérgrein ríkisstjórnarinnar, það sem hún hefur mest afrek í, eru svona, hverju má þá búast við af henni á hinum sviðunum?

Ég hefði nú máske álitið, að spurningin um skatt á hlutafélögin, tekjuskatt á þau, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt og eignarskatt, hefði verið ofur lítið tilefni, sérstaklega fyrir hæstv. fjmrh., til þess að vita, hvort það væri ekki hægt að ná í einhverjar tekjur í ríkissjóðinn. Hann hefur stundum verið að tala um það, sérstaklega í sambandi við vinnudeilur, að hann þyrfti að hækka laun hjá starfsmönnum ríkisins, ef lágt launaðir Dagsbrúnarmenn og aðrir slíkir fengju einhverja hækkun, og hann hefur ekki séð, hvernig hann ætti að fara að því að ná þessum tekjum í ríkissjóðinn til þess að borga kannske 12 milljónir í viðbót við þær 12 millj., sem hann borgaði í vetur. Að öllum líkindum mundu hlutafélögin hér í Reykjavík t. d. standa undir því að greiða nokkurn skatt í sjóðinn til hans til þess að standa undir þeirri hækkun, sem hann berst svo mjög fyrir að starfsmenn ríkisins fái. Ég vil minna hann á, að hv. 1. landsk. þm., sem sjálfur er prófessor í hagfræði, hefur upplýst það í umr. hér á þingi, að aðeins 40 ríkustu félögin hér í Reykjavík og ríkustu einstaklingarnir — og er þó þarna mest um að ræða ríkustu félögin — ættu í skattskyldum eignum, ef miðað væri við að margfalda fasteignamat þeirra 12 sinnum, kringum 1000 millj. kr. í skuldlausum eignum. Og hann, hæstv. fjmrh., sem gamall skattstjóri veit vafalaust enn, að stundum koma ekki öll kurl til grafar í sambandi við framtöl, þannig að meira að segja væri hugsanlegt, að þetta væri eitthvað hærra og jafnvel tekjurnar af þessum eignum líka eitthvað hærri. Það væri sem sé ekki alveg óhugsandi, að þarna væri þó nokkur tekjustofn, sem væri eðlilegt að skattleggja, ef ríkisstj. sæi alveg bráða nauðsyn á, ekki sízt í sambandi við lausn vinnudeilunnar, að hækka öll laun starfsmanna ríkisins. Það er breitt bak til þess að bera slíkar hækkanir. Það eru eignir og gróði helztu auðfélaganna í Reykjavík. Og það hefur jafnvel komið fram hér í þinginu og verið staðfest af hæstv. ríkisstj., að slíkur gróði sé það mikill og komi jafnvel svo lítt fram, að það muni vera um að ræða stórkostlegar tekjur af okri á peningum, sem jafnvel komi ekki fram í skattskránum.

Allt þetta virtist nú gefa tilefni til þess, að spurningin um skattlagningu hlutafélaganna — og alveg sérstaklega á ég þar við auðfélögin hér í Rvík — væri a. m. k. látin bíða, þangað til hin málin, sem ríkisstj. hefur lagt svo mikla áherzlu á í sambandi við lausn vinnudeilunnar, þ. e. hækkun á kaupi starfsmanna ríkisins, væru leyst. Það væri ef til vill ekki alveg fjarri lagi, að það væri hækkaður þó nokkuð sá skattur, sem auðfélögin í Rvík bæru, til þess að það lenti á þeim, ef ríkisstj. áliti óhjákvæmilegt að hækka laun starfsmanna ríkisins í hlutfallli við þá hækkun, sem sanngjarnt er að verkamenn fái. Ég held þess vegna, að það væri alveg óhætt að láta þetta mál ganga hægt í gegnum þingið. Ég held, að það væri óhætt að bíða með þá svipu yfir auðfélögunum í Rvík, sem núna stöðva atvinnu landsmanna, og að láta þau vita, að ef til vill kynni svo að fara, að þau yrðu látin borga með skatthækkunum eitthvað dálítið af því fé, sem hæstv. fjmrh. sérstaklega hefur lagt upp úr að þyrfti að fá í ríkissjóðinn, svo framarlega sem launin yrðu hækkuð hjá verkamönnum.

Þess vegna, þó að þetta frv. auðvitað gangi sína leið til fjhn. nú, þá væri það ekki óeðlilegt, að þetta mál væri rannsakað nokkuð og að fjhn. athugaði, hvernig er um auðfélögin hér í Rvík, hverjar tekjur og gróði þeirra eru og hvað þau eiga í skuldlausum eignum, og gæfi okkur nokkra skýrslu um það, þegar þetta mál kæmi til 2. umr. — Þetta vildi ég aðeins minnast á við þessa 1. umr. málsins og skjóta því til hv. fjhn. Það er ekki ástæða fyrir Alþingi til að loka þeim dyrum að hækka skattana á helztu auðfélögum í Rvík, ef það skyldi vera nauðsynlegt í sambandi við lausn á þessu verkfalli. Það er engin ástæða til að loka þeim dyrum, og þá bregður nú mær undarlega vana sínum, ef hæstv. fjmrh. leggur svo mikla áherzlu á, að þetta frv. þjóti í gegnum þingið, að hann vilji ekki hafa þennan möguleika til, því að sjaldan hefur hann nú verið á móti því að hækka skatta, ef þess hefur verið nokkur kostur. Og hér er þó um að ræða, a. m. k. að allmiklu leyti, að hækka skatt á þeim, sem vel mundu geta borið hann.

Ég held þess vegna, þó að þetta mál gangi nú sína leið til nefndar, að það ætti að hljóta þar góða athugun, og ekki sízt í sambandi við þá deilu, sem nú stendur yfir, og þá nauðsyn, sem hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir að væri á því að afla tekna í ríkissjóð í sambandi við lausn þeirrar deilu. Ég sé enga verðugri til þess að leggja fram þá tekjuöflun, ef hún væri nauðsynleg, heldur en auðfélögin í Rvík sjálf.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það er orðin föst venja hér, að þegar hæstv. ríkisstj. leggur fram sín verstu mál af mörgum vondum á þinginu, þá hefur hún að jafnaði fæst orð um þau, bæði í frv. og í framsögu. Svo er t. d. með mál það, sem hér er til umræðu, um framlengingu á skatteftirgjöfum helztu gróðafélaga landsins.

Af þessu máli, sem hér liggur fyrir, svo og því máli, sem hér var til umræðu næst á undan, um skattfríðindi Eimskipafélagsins, má glögglega sjá, hvaða öfl það eru í þessu landi, sem standa á bak við hæstv. ríkisstjórn. Þegar um það er að ræða, að alþýða landsins sé neydd til að fara út í baráttu fyrir bættum kjörum, og þegar um það

er að ræða, hvort þjóðfélagið á að búa við það ástand, að framleiðslan stöðvist um langan tíma og milljónir af þjóðartekjum fari í súginn, þá stendur hæstv. ríkisstj. eins og múr fyrir öllum áhrifum og lætur engan bilbug á sér finna. Þá hefur hún enga forgöngu um að reyna að leysa þau mál, hvað svo sem á dynur. En á sama tíma leggur hún fram á einum og sama degi á Alþingi tvö frv. um eftirgjöf á sköttum helztu auðfélaga landsins.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið hér í þeim fáu orðum, sem hann flutti sem framsögu fyrir þessu *máli, að ríkissjóð munaði ekki mikið um þær* tekjur, sem hann yrði af við samþykkt þessa frv. Það má vel vera satt, að ríkissjóð muni ekki um milljónirnar núna, eins og veltan er í ríkiskassanum, en hann munar um milljónirnar, ef þær eiga að renna til alþýðustétta landsins. Þá þurfa það ekki að vera margar milljónir, sem hægt er að setja á pappírinn, svo að hæstv. ráðherrar komi hér upp og segi: Þetta er ekki hægt að samþykkja. Þetta þýðir svona og svona margar milljónir í útgjöld fyrir ríkissjóð. — En þegar auðfélögin eiga í hlut, þá munar það engu. Frv. það, sem hér um ræðir, er þó um að gefa helztu gróðafélögum landsins eftir 20% af tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, eins og þessir skattar hefðu orðið, ef þeir hefðu verið lagðir á eftir þeim lögum, sem giltu um mörg ár í þessu landi og til ársins í fyrra.

Það er að vísu margt vel um það, ef stjórnarvöldin vilja taka upp þá stefnu að lækka skatta, en þó er það þá fyrst vel, ef þær lækkanir koma fátækustu stéttum þessa lands til góða. En í öllum *þeim eftirgjöfum á sköttum, sem ég skal* viðurkenna að eru orðnar nokkrar á síðustu tveimur árum og hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hafa það fyrst og fremst og nær undantekningarlaust eingöngu verið ríkustu stéttirnar, sem hafa þessi fríðindi hlotið. Það hafa verið þeir, sem mestar tekjur og mestan gróða báru frá borði í þjóðfélaginu, sem hafa notið blessunar og velvildar hæstv. ríkisstj. í skattaeftirgjöfum.

Fyrir um það bil 7 vikum bárum við þingmenn Þjóðvfl. fram frv. hér á Alþingi um lækkun á ákveðnum skatti, sem sé söluskattinum. Ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað á þá lækkun fallast, á þeim skatti, þá má telja fullvíst, að kjaradeila sú, sem nú hefur staðið í margar vikur og bakað þjóðinni mjög tilfinnanlegt tjón og allri alþýðu hér í Rvík, væri leyst nú fyrir nokkru. En þá munaði ríkissjóð um það; þá mátti ekki tala um að lækka skatta, og af hverju? Af því að það voru alþýðustéttir landsins, sem fyrst og fremst hefðu notið þeirra lækkana, og hæstv. ríkisstj. er ekki ríkisstj. þessara stétta. Hún situr ekki uppi í stjórnarráðshúsi til þess að berjast fyrir hag vinnandi fólks og alþýðustétta landsins. Hún á ekki að tryggja þeirra kjör og kaup þeirra stétta. Nei, hún er stjórn gróðafélaganna. Hún er stjórn olíufélaganna, og fyrir þær klíkur ber hún hér fram frv. um 20% eftirgjöf á sköttum. En frv. um lækkun á söluskatti var sent í nefnd hér í deildinni til þess að láta þar leggjast á það og svæfa það alveg, og það hefur tekizt með ágætum, enda form. n., hv. þm. V-Húnv., með áratuga reynslu í svæfingaraðferðum á þingfrv. Það hefur tekizt með þeim ágætum að svæfa þetta frv., að þó að við þm. Þjóðvfl. höfum borið fram þá réttlætiskröfu að fá að sitja hér við sama borð og aðrir þm. um það að fá mál tekin fyrir, þegar þingnefndir höfðu legið óeðlilega lengi á þeim, þá hefur það ekki einu sinni verið virt. Slík framkoma er að sjálfsögðu brot á öllum lýðræðis- og þingvenjum, en hv. stjórnarflokka munar ekki um að brjóta slíka hluti, þegar verið er að berjast fyrir málum, sem varða kjör og hag alþýðu landsins.

*Á síðasta þingi voru sett ný lög um skatt* einstaklinga. Þá voru í þau lög sett bráðabirgðaákvæði um skatt félaga og því jafnframt lofað mjög hátíðlega í mörgum ræðum hæstv. ráðherra hér á þinginu, að þessi bráðabirgðaákvæði skyldu ekki gilda nema til eins árs og að það væri nefnd starfandi af hálfu hæstv. ríkisstj. í málinu, og mundi hún hafa undirbúið málið, þannig að ríkisstj. gæti lagt fram frv. um skattalög félaga á þessu þingi. Nú segir hæstv. fjmrh., að sýnt sé, að svo verði ekki, það takist ekki að leggja fram þetta frv., sem var marglofað, og þess vegna á að framlengja þessi bráðabirgðaákvæði.

Nú eru þessi bráðabirgðaákvæði svo einstök og furðuleg í eðli sínu og svo ólík öllum meginreglum heilbrigðra skattalaga, að þau gera beinlínis ráð fyrir því, að þeim mun meiri gróða sem hin einstöku félög fá, þeim mun meiri eftirgjöf skuli þau fá af skattinum. Þannig á t. d. samkvæmt þessu félag, sem græddi svo mikið á einu ári, að það hefði átt eftir gömlu skattalögunum að borga 2 millj. kr. í skatta, að fá eftir gefnar *af sköttunum 400 þús. kr., en fyrirtæki, sem* græddi ekki meira en svo, að það ætti að borga 20 þús. kr. í skatta, fengi aðeins eftir gefnar 4 þús. kr. af sköttunum. Þetta er í sjálfu sér í fullu samræmi við það hlutverk, sem ríkisstj. er hérna að leika, í fullu samræmi við það, að hún er fyrst og fremst verndari mestu gróðafélaganna.

*Í sjálfu sér væri full ástæða til að ræða þetta mál mjög ýtarlega og sérstaklega í sambandi við núverandi kjaradeilur, þar sem ég hygg, að ekkert* mál, sem fyrir þessu þingi liggur, sýni jafnáþreifanlega afstöðu hæstv. ríkisstj. til kjaradeilunnar og sýni jafngreinilega, hverra hag ríkisstj., sem fer með völd í landinu í dag, ber fyrir brjósti og hverra hag hún berst gegn. En þar sem þetta er aðeins 1. umr. þessa máls, mun ég ekki fara út í þau atriði núna.

Á síðasta þingi, þegar þessi bráðabirgðaákvæði voru samþ., bárum við þm. Þjóðvfl. fram brtt. þess efnis, að félögunum skyldi ekki gefið eftir nema 10% af útreiknuðum skatti í stað 20%. Sú brtt. var að sjálfsögðu felld af stjórnarliðinu sameinuðu. En ég mun taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að bera þá brtt. fram aftur við 2. umr. þessa máls, og mun þá ef til vill fara fleiri orðum um þetta mál.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það var ein setning í ræðu hæstv. fjmrh., sem er ástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs til að segja örfá orð við 1. umr. málsins.

Hann sagði í sínum meðmælum með þessu frv., að ríkissjóð mundi ekki muna mikið um

það, þó að frv. næði fram að ganga, samþykkt þess mundi ekki hafa nein teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs. Frv. er, eins og búið er að taka fram við umr., um að framlengja bráðabirgðaákvæði gildandi skattalaga um það, að skattur hlutafélaga og annarra skattskyldra félaga skuli lækka um 20% frá því, er verið hafði samkv. áður gildandi skattalögum. M. ö. o.: hæstv. fjmrh. tekur fram í meðmælaræðu sinni fyrir frv., að 20% af skattgreiðslu allra hlutafélaga og annarra skattskyldra félaga í landinu séu svo lítil upphæð, að það hafi nær engin áhrif á fjárhag ríkissjóðs. (**Fjmrh.**: Það eru tvö ákvæði í frv., sem gera þetta að verkum.) Sem gera þetta að verkum? (Gripið fram í.) En það getur ekki munað svo mikið um þetta tvennt. (Gripið fram í.) Getur þetta, tekjuskatturinn og eignarskattsviðaukinn, munað svo miklu, að það sé undirrót að ummælum ráðh.? Því miður hef ég — og ráðh. ekki heldur — í huganum tölur um þetta, en ég hygg, að þetta geti ekki haggað þeirri meginmeiningu, sem hlaut að vera í orðum ráðh.

Sannleikurinn er sá, að sá skattur, sem samkvæmt áður gildandi l. hvíldi á hlutafélögum og öðrum skattskyldum félögum, er svo hlægilega lítill í samanburði við þann skatt, sem launamenn verða að greiða, að það veldur ekki miklu um afkomu ríkissjóðs, hvort þessi skattur er hækkaður eða lækkaður um ⅓. (**Fjmrh.**: Það er alveg rétt.) Já, um það erum við væntanlega alveg sammála, og það er kjarni málsins. Þetta finnst mér vera rök fyrir því, að það eigi ekki að framlengja bráðabirgðaákvæði l., en ekki með því, að það eigi að framlengja þau, vegna þess að þetta sýnir, að ákvæði núgildandi l. um skattskyldu hlutafélaga eru alls kostar óviðunandi. Ég hef ekki í huga mér neina ákveðna áætlun um, hversu mikill hluti af öllum greiddum tekjuskatti sé greiddur af félögum, og efast raunar um, að hægt sé að fá um það rækilegar upplýsingar, en ákveðið hugboð hef ég þó um það, að sú hlutfallstala sé mjög lág, og ég mun reyna að afla mér upplýsinga um það, ef þær eru fáanlegar, við meðferð málsins í hv. fjhn. En ég hygg, að ég fari ekki með rangt mál, er ég staðhæfi, að félagaskatturinn sé undir ⅓ af öllum greiddum tekjuskatti, og getur þá hver maður séð í hendi sinni, hvílíkt feikilegt ranglæti það er í skattalöggjöfinni, að öll félögin, sem auðvitað safna í sína sjóði meginhlutanum af allri gróðamyndun í landinu, skuli ekki greiða nema óverulegan hluta af þeim tekjuskatti, sem ríkissjóður innheimtir, að ríkissjóður skuli innheimta margfaldan tekjuskatt frá launamönnum á við það, sem hann innheimtir frá félögunum, að meðtöldum öllum stórgróðafélögunum.

Þessa staðreynd tel ég vera svo athyglisverða, að hennar beri að geta til sönnunar því, að ríkjandi ástand megi ekki haldast í eitt ár enn, og að það sé mjög ámælisvert af hæstv. ríkisstj. að hafa látið dragast svo lengi sem raun ber vitni að endurskoða gildandi reglur um skattgreiðslu félaganna.

Mþn. í skattamálum var skipuð árið 1952. Hún átti að ljúka störfum, eftir því sem upphaflega var ráðgert, fyrir þingið, sem kom saman það haust. Það varð ekki. Hún lauk ekki heldur störfum á næsta ári. Skattafrv. hennar, sem einungis fjallaði um persónuskattana, var afgr. á þinginu í fyrra, tveim árum á eftir áætlun. Þá var því lofað, að ekki skyldi dragast nema til næsta þings að endurskoða lagaákvæðin um félagaskattana. Nú virðist ætla að fara alveg eins með þetta. Það virðist eiga að dragast í önnur tvö ár. M. ö. o.: hvort tveggja verður tvö ár eftir áætlun, endurskoðun persónuskattanna og endurskoðun félagaskattanna. Þetta er dráttur, sem ég verð að segja að er vítaverður, og það vildi ég láta þegar koma fram við 1. umr. málsins. En á hinu átti ég þó ekki von, að í sjálfri framsöguræðu hæstv. fjmrh. væri að finna gleggstu rökin, sem hægt er að færa fyrir því, að það sé óverjandi að láta þessa endurskoðun dragast svo úr hömlu sem raun ber vitni um.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Það voru aðeins fáein orð. — Ég ætla ekki að ræða neitt um það, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði. Hann var að minnast á, að það væri undarlegt, hvað mönnum gengi illa að koma sér saman um smáatriði eins og það, hvernig ætti að leggja skatta á landsmenn. Ég held, að hv. þm. hljóti að hafa sagt þetta í gamni, því að hingað til hefur nú hljóðið verið annað en að það væri smáatriði að leggja á landsmenn 500 millj. kr. árlega og hvernig því væri hagað.

Ég kvaddi mér hljóðs út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég tók þannig til orða, að það mundi muna ríkissjóð sáralitlu til eða frá, hvort þetta frv. væri samþ. eða ekki, og það er alveg rétt. Það byggist að höfuðefni til á því, að þó að hér sé gert ráð fyrir 20% lækkun á skatti félaga, eins og samþ. var í fyrra, þá er hér einnig um að ræða framlengingu á tekjuskattsviðauka á tekjur félaga í þessu frv. og um framlengingu á álagi á eignarskatt. Ráðuneytisins menn segja mér, að þetta jafni sig nokkuð upp, en um þetta get ég að sjálfsögðu gefið n. nánari upplýsingar. — Það er rétt, sem hv. 1. landsk. þm. sagði, að tekjuskattur félaga er ekki nema — ja, ég veit ekki, hvort maður má segja tiltölulega lítill hluti af tekjuskattinum, og stafar það af ástæðum, sem of langt yrði hér að rekja.

Ræðumenn stjórnarandstöðunnar hafa sagt, að stjórnin hafi lofað því að setja ný l. um skatt félaga á þessu þingi. Þetta er ekki rétt og stafar sjálfsagt af misskilningi. Stjórnin lofaði því að láta vinna að því að undirbúa frv. um skatt félaga og leggja fyrir þetta þing, en það hefur ekki tekizt að komast að niðurstöðu um það mál, og þar af leiðandi er það ekki hægt. Það eru ekki svik á neinu loforði. Auðvitað var ekki hægt að gefa neitt loforð um slíkt. Það hlaut að velta á því, hvort það tækist að ná niðurstöðu um málið. Hverjar ástæður séu til þess, að ekki hefur náðst niðurstaða, um það verða menn að geta sér til. Um það verður engin skýrsla gefin, þótt hv. 2. þm. Reykv. eða aðrir færu fram á slíkt.

Hv. 8. landsk. þm. (BergS) sagði, að það væri ljóður á þessari ríkisstj., að hún lækkaði aðeins skattana á þeim ríku, en ekki á þeim efnaminni. Ég vil leiðrétta þetta. Skattar á einstaklingum voru lækkaðir um það bil 28% eða 29% að meðaltali s. l. ár, en einungis um 20% á félögum.

Skattar á alþýðu manna, tekjuskattar, eru nú orðnir þannig, að ég mun fara með rétt mál með því að segja, að einhleypur maður, sem hefur 35 þús. kr. tekjur, sem eru geðugar tekjur fyrir einhleypan mann, að minnsta kosti mundi okkur finnast það, barnakörlunum, muni borga í kringum 1300 kr. á ári til ríkisins af þeim. Fjölskyldumaður greiðir þá náttúrlega ekki neitt af slíkum tekjum. Hér hefur orðið á mikil breyting. Þetta er því misskilningur hjá hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 574, n. 613 og 624, 620).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 620. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þau lagaákvæði um skattgreiðslur félaga, sem lögfest voru á síðasta þingi fyrir árið 1954, skuli gilda óbreytt fyrir árið 1955. Á síðasta þingi voru sett ný lög um tekjuskatt einstaklinga, en undirbúningi nýrrar lagasetningar um félagaskattana er enn ekki lokið, og af þeirri ástæðu er þetta frv. flutt.

Við 1. umr. frv. talaði hv. 1. landsk. þm. nokkuð um skipun skattamálanefndarinnar og hennar störf. Hann tók fram, sem rétt er, að n. var skipuð 1952, og samkv. þeirri ályktun um nefndarskipunina, sem áður var samþ. á Alþ., var til þess ætlazt, að tillögur um skattamálin yrðu lagðar fyrir næsta þing, sem kom saman haustið 1952. Þó að þál. um nefndarskipunina væri þannig úr garði gerð, býst ég ekki við, að mörgum hv. þm. hafi komið til hugar, að því mikla starfi, sem n. var falið að vinna, yrði lokið á fáum mánuðum, vorið og sumarið 1952. Nefndin átti ekki aðeins að undirbúa frv. um skattgreiðslu til ríkisins, heldur einnig um tekjur bæjar- og sveitarfélaga. En þetta er ekki eina dæmið um það, að þingið hafi gert samþykkt um, að undirbúningi mála skuli lokið á skemmri tíma en unnt er, og vitanlega gáfum við, sem skipaðir vorum í skattamálanefndina, ekkert loforð um að ljúka starfinu fyrir ákveðinn tíma, enda ekki hægt að gefa slíkt fyrirheit.

Hv. 1. landsk. þm. sagði, að á síðasta þingi, þegar nýju skattalögin voru sett, hefði því verið lofað, að ekki skyldi dragast lengur en til þessa þings að endurskoða lagaákvæðin um félagaskattana. Ég hef athugað umræðurnar um skattamálin frá þinginu í fyrra, og ég hef ekki fundið þar, að neitt slíkt loforð hafi verið gefið. Ég held mér sé því óhætt að fullyrða, að hv. 1. landsk. þm. rangminni um þetta atriði.

Hv. 1. landsk. þm. sagði, að vitaverður dráttur hefði orðið á endurskoðun skattalaganna. Ég efast um, að hv. þm. hafi athugað sem skyldi allar aðstæður, áður en hann kvað upp þennan dóm, og hafi hann ekki gert það, er dómur hans ekki öruggur. Verkefni n. er margþætt og alls ekki auðvelt viðfangs. Ef n. ætti aðeins að gera tillögur um ríkisskatta félaganna, horfði málið öðruvísi við. En n. þarf einnig að athuga og gera tillögur um, hvernig haga skuli greiðslum félaga til bæjar- og sveitarsjóða og þá um leið greiðslum annarra gjaldenda til þeirra einnig. Sá þátturinn er miklu erfiðari úrlausnar.

Það er víðar en á voru landi, sem það hefur tekið nokkurn tíma að undirbúa og setja ný skattalög. Ég get nefnt það sem dæmi, að í nágrannalandi okkar, Danmörku, var skipuð fjölmenn skattamálanefnd nokkru fyrir síðustu styrjöld. Starf hennar mun hafa legið niðri að miklu leyti á stríðsárunum, en hafizt aftur að þeim tíma liðnum. Í marzmánuði 1953 lagði ríkisstj. þar í landi frv. fyrir þingið, byggt á starfi nefndarinnar, en fjmrh. lét þess getið við það tækifæri, að frv. væri aðeins um vissa þætti í væntanlegri skattalöggjöf, sem mundi taka nokkur ár að koma á. Frv. hlaut ekki afgreiðslu á því þingi hjá Dönum. Í maímánuði 1954, eða fyrir tæplega einu ári, lagði danska stjórnin skattalagafrv. fyrir þingið enn á ný. Kom þá strax fram, að verulegur ágreiningur var í þinginu um veigamikil atriði málsins, og ég hygg, að Dönum hafi enn ekki tekizt að setja ný skattalög, þó að svo langur tími sé liðinn síðan byrjað var á undirbúningi þeirra.

Þetta dæmi frá nágrönnum okkar sýnir það, sem hv. þm. hér er að sjálfsögðu vel ljóst, að endurskoðun skattalaga er ekki ætíð hrist af í einu vetfangi. Til þess eru þau mál of flókin. Það er vitanlega ekki rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði hér við 1. umr. málsins, að það væri smáatriði, hvernig ætti að leggja skatta á landsmenn, enda geri ég ráð fyrir að hann hafi nú varpað þessu fram að gamni sínu. En ég get sagt hv. þm., að það er vilji þeirra nefndarmanna, sem hér hafa unnið að endurskoðun skattalaga undanfarið, að ljúka því starfi svo fljótt sem unnt er.

Nokkur andmæli komu fram gegn frv. þessu við 1. umr. Hv. 8. landsk. þm. (BergS) talaði um auðfélög, sem ættu að fá eftirgefna skatta, og hv. 1. landsk. þm. (GÞG) sagði, að skattur á hlutafélögunum og öðrum skattskyldum félögum væri hlægilega lítill í samanburði við þann skatt, sem launamenn verða að greiða. Ég hygg, að þessir hv. þm. hafi ekki íhugað málið svo vel sem skyldi, áður en þeir létu þessi orð falla.

Í frv. er ekki eingöngu lagt til að veita félögunum 20% afslátt á sköttum þetta ár eins og gert var í fyrra. Frv. felur einnig í sér framlengingu á tekjuskattsviðaukanum, sem félögin borguðu s. l. ár og mörg undanfarin ár, og sá skattauki mun fyllilega vega á móti afslættinum.

Það getur að sjálfsögðu verið álitamál, hvernig eigi að ákveða skattgreiðslur félaga, svo að þær verði sanngjarnar í samanburði við það, sem einstaklingar borga. En í sambandi við þau ummæli hv. 1. landsk. þm., sem ég vitnaði til áðan, þykir mér rétt að benda á, að á árunum 1935—1953 gilti sami skattstigi fyrir hlutafélög og einstaklinga, en s. l. ár, 1954, borguðu hlutafélögin aftur á móti nokkru hærri skatta í hlutfalli við skattskyldu tekjurnar heldur en einstaklingar. Skattalækkunin, sem einstaklingar fengu með nýju lögunum frá síðasta þingi, var samkv. áætlun

28—29%, en félagaskattarnir voru ekki lækkaðir nema um 20%. Það rétta í þessu máli er, að opinberu gjöldin hvíla nú með óeðlilegum þunga á mörgum félögum, sem reka ýmiss konar atvinnufyrirtæki, og er það vegna svonefndra veltuútsvara, sem bæjar- og sveitarfélögin leggja á atvinnureksturinn. Þær álögur valda því, að skattur og útsvar er samanlagt í mörgum tilfellum meira *en tekjunum nemur, og er nauðsynlegt að gera* breytingu á þessu hið fyrsta. Þar sem skattar einstaklinga voru lækkaðir í fyrra um 28—29%, eins og ég hef áður minnt á, var sanngjarnt vissulega að veita einnig lækkun á félagasköttum. Sú lækkun var þó ekki ákveðin nema 20%.

Meiri hl. fjhn. lítur svo á, að það væri rangt að afnema þessa lækkun á félagasköttunum nú að einu ári liðnu, meðan verið er að vinna að endurskoðun á ákvæðum skattalaganna um skattgreiðslur félaganna. Það er því tillaga meiri hl., eins og fram kemur á þskj. 624, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en samkv. því verða skattar félaganna á þessu ári reiknaðir á sama hátt og gert var s. l. ár.

Meiri hl. n. telur till. minni hl. um að afnema nú þá skattalækkun, sem félögin fengu í fyrra, ekki sanngjarna og mælir því gegn henni.

Um önnur atriði frv., framlengingu tekjuskattsviðaukans hjá félögunum og álagið á eignarskattinn, er ekki ágreiningur í n. Allir nm. eru sammála um að mæla með þeim ákvæðum frv.

**Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. í þessu máli hefur nú rætt skattamál nokkuð almennt. Ég mun nú ekki gera það nema að mjög litlu leyti, enda komið fram yfir miðnætti og fáir þeir, sem annars ættu helzt á að hlýða, viðstaddir. Þó get ég ekki alveg leitt hjá mér að benda á það, að þróunin í skattamálum okkar hefur að undanförnu verið sú, að hinir beinu skattar, eins og tekjuskattur og eignarskattur, hafa farið sífellt minnkandi í hlutfalli sínu í því skattakerfi, sem á landsmenn er lagt. Þar á móti hafa óbeinir skattar aukizt.

Það er vissulega svo komið, að tekjuskatturinn og þó kannske sérstaklega eignarskatturinn er ekki mjög stór liður í hinum almennu greiðslum manna nú á dögum, miðað við það, sem óbeinu skattarnir eru. En samt sem áður er hér engan veginn um þess háttar mál að ræða, að engu máli skipti, hversu mikið er á lagt eða hvert hlutfall er haft á milli álagna á einstaklinga og félög. Höfuðmeinið í því skattakerfi, sem við nú búum við, er það, að hinir ýmsu þegnar þjóðfélagsins búa við algert misrétti og algert misræmi í því, hverjir möguleikar þeirra eru til þess að komast fram hjá skatti. Ég er engan veginn frá því, að þau ákvæði þessa frv., sem miða að því að lækka um 20% skattgreiðslur félaga frá því, sem skattstigi skattalaganna annars gerir ráð fyrir, væru sanngjörn, ef við gætum reitt okkur á það, að tekjur þær, sem félögin hafa, kæmu fram á þeirra skattframtölum, en það mun af öllum viðurkennt, að svo er ekki nema að litlu leyti.

Við búum sem sagt við það, að vinnandi fólk í landinu, launamenn, verkamenn, sjómenn o. s. frv., hefur alveg sérstakt eftirlit á sínu skattframtali, ekki bara það eftirlit, sem skattayfirvöldin framkvæma, heldur hafa þeir atvinnurekendur, sem þessir launþegar vinna hjá, í rauninni eftirlit með því, að allir þeir peningar, sem innunnir eru á hinum venjulega vinnumarkaði, komi fram til skattayfirvaldanna. Aftur á móti er enginn slíkur sambærilegur aðili, sem tryggir það, að framtöl atvinnurekenda séu rétt og í samræmi við þær tekjur, sem þeir hafa. — Sem sagt: annars vegar eru atvinnurekendur, hins vegar eru launþegar. Framtöl launþeganna eru yfirfarin af atvinnurekendum og af skattayfirvöldunum, en framtöl atvinnurekendanna eru einungis yfirfarin af skattayfirvöldunum og engum öðrum. Nú er það svo, að skattayfirvöldin hafa takmarkaða möguleika til þess að sannprófa hvert það skattframtal, sem þeim berst, og raunin er sú, að vinnuþegarnir, þ. e. a. s. launþegar í landinu, verða að greiða skatt af öllum sínum tekjum, en atvinnurekendur gera það ekki nema sumir hverjir. Að sjálfsögðu munu finnast undantekningar, þannig, að atvinnurekendur telji fram eftir beztu samvizku, en eins og ég sagði, þá er það almenn skoðun í landinu, að þá sé um undantekningar að ræða, en ekki að það sé regla.

Við þær breytingar, sem gerðar voru á skattalögunum á s. l. ári, var til bráðabirgða ákveðið, að nokkur ákvæði skyldu gilda um skattgreiðslur félaga. Í 64. gr. skattalaganna er gert ráð fyrir því, að félög, þ. e. a. s. hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, svo og önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem eru ekki sérstaklega undanþegin skatti, skuli á árinu 1954 fá 20% eftirgefið af þeim skatti, sem þau ættu að greiða, miðað við skattstiga laganna. Og í 65. gr. skattalaganna er gert ráð fyrir, að félög fái sömu eftirgjöf á stríðsgróðaskatti. — Þetta tvennt höfum við hv. 1. landsk. (GÞG), sem skipum minni hl. fjhn. í þessu máli, lagt til að verði ekki endurnýjað, heldur skuli þessi félög nú á yfirstandandi ári látin greiða þann skatt, sem skattstigi skattalaganna gerir ráð fyrir.

Ekki er ég þess umkominn að gefa hér upplýsingar um það, hversu miklar tekjur ríkissjóður mundi af því hafa, ef þannig yrði breytt til frá þeirri reglu, sem gilti s. l. ár, en hitt veit ég, að formælendur þessa frv. telja, að hér sé ekki um mjög mikla upphæð að ræða, en það getur vart byggzt á öðru en því, að þeir gera ekki ráð fyrir því, að allur sá gróði, sem þau félög, sem hér eiga í hlut, hafa haft, muni koma fram á skattframtali því, sem skatturinn verður á lagður eftir.

Ég vil benda á það, að á yfirstandandi ári hefur ríkissjóður sjáanlega orðið fyrir ýmsum skakkaföllum á sínum tekjuliðum. Það er útilokað annað en að þær vinnudeilur, sem staðið hafa, muni að nokkru rýra tekjur ríkissjóðs, og með einhverju verður að bæta það upp. Ég vil einnig benda á það, að hv. þm. Þjóðvfl. hafa lagt hér fram brtt. við þetta lagafrv., þar sem þeir gera ráð fyrir því, að sá skattur, sem þannig fengist, þ. e. a. s. sá skattauki frá s. l. ári, sem fengist með því að gefa nú gróðafélögum landsins ekki eftir frá skattstiga laganna, yrði notaður til þess að halda niðri vöxtum í byggingarsjóðum, bæði byggingarsjóði þeim, sem

veitir lán til íbúðabygginga í sveitum, og byggingarsjóði verkamanna. Þetta er skynsamleg till., og get ég tekið fullt tillit til hennar. Við í minni hl. fjhn. höfum lagt til, að tekjuskatturinn verði ekki eftir gefinn hjá félögum á þessu ári, og get ég skoðað það sem viðbót við okkar till., að honum verði að nokkru einmitt varið í þessu skyni, sem hv. þm. Þjóðvfl. hafa bent á.

Um hin tvö atriðin, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að framlengd verði frá gildandi lögum, er það að segja, að eins og á stendur geta þau ekki talizt óeðlileg. Þau eru um það, að skattauki sé greiddur á tekjur félaga og að eignarskattur verði innheimtur með 50% álagi. Eignarskattur er í rauninni svo lágt ákveðinn, að það getur tæplega talizt ósanngjarnt, að hann sé innheimtur með viðauka, einkum þegar hann er lagður á fasteignir, en þær eru raunverulega í margföldu verði víða á landinu við það, sem þær eru skráðar samkv. fasteignamati.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara um þetta öllu fleiri orðum. Við í minni hl. n. höfum lagt til, að þau ákvæði laganna, sem fjalla um 20% eftirgjöf af tekjuskatti og stríðsgróðaskatti félaga, verði ekki endurnýjuð, en að öðru leyti verði frv. samþ., og er brtt. okkar á þskj. 613 um þetta.

Varðandi þá ræðu, sem hv. frsm. meiri hl. hélt hér áðan og kom lítillega að þeim samnm. mínum, sem ásamt mér skipar minni hl. í n., get ég tekið fram, að það kann vel að vera, að það hafi ekki verið tekið fram sérstaklega í umræðum um skattamál hér á Alþ. í fyrra, að málinu væri frestað til næsta árs, en hv. 1. landsk. þm. er ábyggilega ekki einn um að hafa skilið það svo. Það kann að vera, að þá hafi forsvarsmenn stjórnarflokkanna komizt að orði eitthvað svipað og hv. frsm. meiri hl. gerði nú, að endurskoðunin mundi verða framkvæmd svo fljótt sem auðið yrði, eða eitthvað í þá áttina.

En ég vil benda hv. frsm. meiri hl. á það, að þótt það sé rétt, sem hann sagði, að mestur vandi, sem endurskoðunarnefnd skattalaganna er á höndum, muni vera sá að ákveða skattgreiðslur til bæjar- og sveitarfélaga, þá er engan veginn útilokað að afgreiða þann þátt málsins, sem snýr að greiðslum til ríkissjóðs. Það verður þá einungis dálítið minni partur af verkefni n., sem bíður, heldur en annars er. Og ég verð að láta í ljós þann grun minn, að framlengingin á þessum skattafslætti til handa gróðafélögunum stafi ekki af því, sem látið er í veðri vaka, að nefndin hafi ekki komizt yfir að endurskoða þetta. Auðvitað hlýt ég að álykta, að skatteftirgjöfin til gróðafélaganna stafi af því, að ríkisstj. og hennar fylgislið hafi ekki áhuga á því að ganga nærri gróðafélögunum um skattgreiðslu til ríkisins. Það eru allt aðrir aðilar, sem þar á að ganga nærri.

Ég get ekki heldur látið hjá líða í þessum almenna þætti um skattamálin að benda á það, að ríkisstjórnin gumar sífellt af því, að hún hafi lækkað skatta í fyrra. Hún á við það, að það var lækkaður skattstiginn á einstaklingum og það var gefinn 20% afsláttur af skatti félaga. En þar á móti voru hækkuð ýmiss konar önnur gjöld. Það voru hækkaðir næstum allir liðirnir í því, sem heitir aukatekjur ríkissjóðs. Sá, sem ætlar að ferðast til útlanda, verður núna að borga margfalt verð fyrir vegabréfið sitt. Sá, sem ætlar að fá leyfisbréf fyrir einhverju, t. d. leyfisbréf fyrir því að gifta sig, leyfisbréf fyrir því að fá að reka verzlun eða eitthvað þess háttar, verður að borga margfalt það gjald, sem áður tíðkaðist, og þannig hefur ríkisstjórnin ekki lækkað neina heildarskatta, alls ekki, hún hefur raunar hækkað þá. Hún hefur fært þá til á milli liða, og hún hefur skipt um nöfn á þeim, og þar með flaggar hún með því, að hún hafi gert einhver ósköp til að létta landsmönnum skattabyrðarnar. Þetta er alger blekking.

Ég heyrði það af ræðu hv. frsm. meiri hl., að hann hefur kynnt sér nokkuð rækilega, í hvaða eða að minnsta kosti á hverjum liðum hafi orðið mestur seinagangur hjá Dönum um að endurskoða sína skattalöggjöf. Það kynnir sér auðvitað hver það, sem hann hefur áhuga fyrir. Ég hefði nú haldið, að ekki hefði síður verið nauðsyn að einbeita sér að því að koma málum áfram hér hjá okkur en að reyna að finna það út, hvað einhverjir erlendis, hvað einhverjar fjarlægar þjóðir kunna að hafa getað komizt langt í því að fara sér hægt við að endurskoða skattalöggjöf. En ég vil að lokum vonast til þess, að þetta verði síðasta árið, sem íslenzka þjóðin telur það koma til mála að gefa stærstu gróðaaðilum landsins eftir skatt frá því, sem þau eiga að greiða samkvæmt almennum ákvæðum l. um tekjuskatt og eignarskatt.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. ræddi ég nokkuð frv. það, sem hér er til umr., í sambandi við þrjú önnur stjfrv., sem líka liggja fyrir þessari hv. d. Þá benti ég hæstv. ríkisstj. á leið, sem hún gæti farið til þess að losna við það að gera fólki til sjávar og sveita erfiðara fyrir en nauðsynlegt er að byggja þak yfir höfuð sér og rækta landið, og ekki aðeins fyrir sjálfa sig, heldur miklu fremur fyrir komandi kynslóðir í þessu landi. En þar sem mér þykir nú sýnilegt, að hæstv. ríkisstj. muni hafa þessa vinsamlegu ábendingu að engu og meta það meira að koma til liðs við helztu auðfélög landsins, þá höfum við þm. Þjóðvfl. flutt hér brtt. við þetta frv. um skatteftirgjöf gróðafélaga, sem prentuð er á þskj. 620.

Í þessari brtt. er fylgt fram þessu sjónarmiði, sem ég benti á við 1. umr. málsins, og lagt til, að gróðafélögunum verði ekki gefin eftir 20% af þeim skatti, sem þau vilja sjálf borga í opinbera sjóði til almenningsþarfa, heldur fái þau að borga þennan skatt og honum verði svo varið eða hluta af honum til þess að borga vaxtatöp þau, sem hafa orðið og kunna að verða hjá byggingarsjóði verkamanna, Ræktunarsjóði Íslands og byggingarsjóði á árunum 1954 og 1955.

Það er í sjálfu sér ástæðulaust að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að ef skynsemi manna, sanngirni og réttsýni réði gerðum þeirra, en ekkert annað, þá mundi þessi till. ná fram að ganga. En ef einhverjar aðrar hvatir ráða gerðum manna, þá efast ég mjög um, að tillagan nái fram að ganga, og

það enda þótt mælt væri fyrir henni mjög ýtarlega.

Till. er mjög ljós og auðvelt að átta sig á eðli hennar, svo að af þeim sökum þarf ekki að ræða mjög mikið um hana.

Það er öllum hv. þm. kunnugt, að gróðafélög í þessu landi, þ. á m. flestallar verzlanir, öll þau félög, sem hingað til hafa verið í háði nefnd fjölskyldufyrirtæki, þar sem aðalfundurinn væri haldinn í hjónarúminu, — öll þessi félög hafa þá sérstöðu að þurfa ekki að gefa meira upp til skatts en þeim sjálfum sýnist. Þau hafa m. ö. o. sjálfdæmi um það, hve mikið þau vilja borga af tekjum sínum í sjóð landsmanna, ríkissjóð, til almenningsþarfa, og það vita allir, að þessi fyrirtæki hafa engan áhuga á því að borga meira af tekjum sínum en þau með góðu móti geta gert og hafa ekki sýnt það á undanförnum árum.

Allir, sem þekkja íslenzka skattalöggjöf, vita, að hún reisir ekki neinar skorður við því, hve mikið þessi félög draga undan skatti. Hins vegar eru mjög rammbyggilegar skorður fyrir því í íslenzkri skattalöggjöf, hvernig einstaklingar skuli telja fram. Því er raunar þannig fyrir komið, að einstaklingar í þessu landi þurfa alls ekki að telja fram til skatts. Það er gert fyrir þá. Það gera atvinnurekendurnir, sem þeir vinna hjá. Það, sem knýr einstaklinga til að semja skattaskýrslu, er það, að ef þeir ekki gerðu það, þá mundu þeir ekki fá dregin frá tekjum sínum ýmis gjöld, sem heimilt er að draga frá, eins og sjúkrasamlagsgjöld, tryggingagjöld og þess konar, vegna þess að hið opinbera telur sig enga skyldu hafa til að sjá til þess, að þessi lögboðnu frádráttargjöld séu dregin frá, þó að það hafi sett l. um það, að ýmiss konar aðilar skuli telja fram tekjur manna og gæta þess, að það sé rétt gert.

En þegar skattalöggjöfin er svona í pottinn búin, þá er það raunar alveg óskiljanlegt, að nokkrum — mér liggur við að segja: heilvita manni, skuli detta í hug að bera það á borð á þingi þjóðarinnar, að einmitt þeir aðilar, sem sjálfir ákveða sjálfum sér skattinn, skuli fá 20% hans eftir gefin, án þess að þeir hafi beðið um það. En það er einmitt það, sem núverandi stjórnarflokkar hafa framkvæmt í fyrra og hyggjast framkvæma nú.

Út af ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG) hafði ég hugsað mér að segja nokkur orð, en hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) tók eiginlega það ómak af mér. Mér virtist á hv. þm. V-Húnv., þegar hann kom hér í ræðustólinn, að hann stæði í þeirri meiningu, að Kópavogsmálið svo nefnda væri enn á dagskrá, því að hann byrjaði á því að þylja hér yfir okkur langan kafla um það, hvernig Danir hefðu unnið að breytingum á sínum skattalögum og hve langan tíma það hefði tekið.

Hann vildi með þessum orðum vefengja það, sem ég og hv. 1. landsk. þm. (GÞG) höfðum mælt við 1. umr. þessa máls, að hæstv. ríkisstj. hefði lofað frv. um skattgreiðslu félaga á þessu þingi. Nú vil ég minna hv. þm. V-Húnv. á það, að þegar hæstv. fjmrh. hóf hér framsöguræðu sína fyrir þessu frv., þá gerði hann það með þessum orðum: Það er nú augljóst, að ekki muni reynast unnt að leggja fram frv. á þessu þingi um skattgreiðslu félaga. — Á þessum ummælum hæstv. fjmrh. getur hver maður séð, að þetta var einmitt það, sem hann hafði búizt við og gert ráð fyrir og ætlazt til að yrði, og þessi ummæli hans voru í fullu samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. boðaði í fyrra, þegar frv. um skattalögin var til umr. hér í þinginu, að þetta frv. skyldi lagt fram hér. Og með því afsakaði hæstv. ríkisstj. einmitt þá 20% eftirgjöf, sem hér er um að ræða, á síðasta þingi. Hún kom með þennan slumpareikning sinn hér vegna þess, að hún sagði, eins og satt var þá, að frv. væri þá ekki tilbúið, en það mundi verða lagt fyrir það þing, sem nú situr. Þetta hefur nú ekki orðið, af hverju sem það stafar, en ég vil ekkert taka aftur af því, sem ég sagði um það atriði við 1. umr. þessa máls.

Þá er aðeins eitt atriði enn úr ræðu hv. þm. V-Húnv., sem ég vildi mega minnast á og mér er farið að leiðast að heyra þá hv. framsóknarþingmenn endurtaka hér sí og æ, en þetta atriði er, að hann hélt því enn fram, að með breytingunum á skattalögunum í fyrra hefði skattur einstaklinga lækkað um 28—29%. Miðað við raunveruleikann er þetta alger og fullkomin blekking.

Þessi tala er frá einu sjónarmiði og aðeins einu sjónarmiði rétt. Hún er reikningslega rétt. Hún er rétt sem reikningsdæmi. Og þessi tala er þannig fundin, að skattstofan reiknaði út ákveðið dæmi, sem hún bjó til sjálf. Hún ákvað einhverjar miðlungstekjur, sem hún gekk út frá, síðan fór hún í gegnum skattalagafrv. og tók alla frádráttarliði, sem þar er gert ráð fyrir. Í fyrsta lagi, að þessi maður með 35 eða 40 þús. árstekjur keypti lífeyri fyrir 7 þús. kr. iðgjald og fengi það dregið frá, að hann keypti einnig lífsábyrgð fyrir 2 þús. kr. iðgjald og fengi það dregið frá, að hann gifti sig á árinu og fengi dreginn frá stofnkostnað vegna hjónabands, að hann hefði aðstöðu til þess að gefa upp, að hann borgaði hærri húsaleigu í leiguíbúð en honum hefði verið reiknað til skatts, ef hann hefði átt íbúðina sjálfur, og fengi þann mismun, sem frv. þá gerir ráð fyrir, líka dreginn frá.

Einhverja fleiri smáliði tók skattstofan inn í þessa útreikninga sína, og eftir þessa útreikninga, allan þennan frádrátt, kom út, að skatturinn hefði lækkað um 28—29%. En það sjá allir, að þetta er reikningsdæmi og annað ekki. Þetta getur aldrei orðið raunverulegt dæmi, vegna þess að fjölskyldumaður með 35—40 þús. kr. tekjur getur ekki hagnýtt sér þessa frádráttarliði, enda eru þeir ekki inn í frv. settir fyrir þess konar menn. Þeir eru settir inn í frv. fyrir mjög ríka menn, — menn, sem geta veitt sér þann munað að kaupa svo háan lífeyri, að hann kosti þá 7 þús. kr. á ári, — menn, sem geta veitt sér þann munað að kaupa sér lífsábyrgð, sem er svo há, að iðgjald af henni verði 2000 kr. á ári, o. s. frv., en það geta ekki fjölskyldumenn með 35—40 þús. kr. tekjur í okkar þjóðfélagi í dag. Þeir geta ekki leyft sér þetta, og þess vegna er þessi fullyrðing þeirra hv. framsóknarþm. um það, að skattar einstaklinga hafi lækkað við skattalögin í fyrra um 28—29%, alger og vísvitandi blekking.

Þær upplýsingar, sem ég hef hér tekið fram um þetta, hef ég frá skattstjóranum í Reykjavík, svo að það fer ekkert á milli mála um það, að þær eru réttar. Og ég endurtek það, að mér er farið að leiðast það að heyra bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. V-Húnv. endurtaka þessa blekkingu æ eftir æ.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Ég ætla mér ekki að fara að taka hér upp deilur um skattamál við hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) og hv. 8. landsk. þm. (BergS) nú þegar fáir eru viðstaddir og komið er fram á nótt, en ég vil þó gera lítils háttar athugasemdir við sumt af því, sem þeir sögðu.

Hv. 9. landsk. þm., frsm. minni hl. fjhn., talaði um það, að framtöl félaga til skatts mundu ekki vera örugg. Það er vafalaust rétt hjá honum, að það sé misbrestur á því. Hitt veit ég, að mörg félög, ekki síður en einstaklingar, telja samvizkusamlega fram til skatts, og ég geri ráð fyrir því, að hv. 9. landsk. þm. geti verið mér sammála um það, að ekki væri sanngjarnt að leggja óeðlilega háa skatta á þau félög með hliðsjón af því, að einhver önnur félög ef til vill reyndu að dylja eitthvað af sínum tekjum við framtöl.

Hann talaði um, að það hefði átt að mega afgreiða þann þátt um gjöld félaga, sem snýr að ríkissjóði, og taka útsvörin á eftir. Þetta höfum við athugað ásamt fleiru í skattamálanefndinni, en þetta er nú í það miklu samhengi hvað við annað, að það er nokkuð erfitt að slíta það í sundur, því að það verður að hafa í huga, að skattgreiðslurnar í heild verði hæfilegar, hvernig sem þeim svo er skipt á milli bæjar- og sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar.

Það mun vera byggt á misskilningi hjá hv. þm., sem hann sagði um það, að stjórnin hefði ekkert lækkað skatta í fyrra. Hann var að tala um, að það hefðu verið aukin einhver gjöld á því þingi. Ekki hafði hann neinar tölur um þetta til að leggja fram eða neina útreikninga, hverju það hefði numið, en það er ég viss um, að það hefur ekki verið nema lítið brot af þeirri lækkun á tekjuskattinum, sem þá var samþykkt.

Þá virtist hv. þm. þykja það ákaflega einkennilegt, að ég hefði nokkuð gluggað í dönsk skattalög eða skattafrv. þar í landi. En ég verð að segja honum það, að skattamálanefndin hefur fengið sér ýmsar upplýsingar, meira að segja frá fleiri löndum utan Íslands en frá Danmörku. Það er nú þannig um skattamál, að það getur verið ýmislegt af því að læra. Þó að maður sé ekki að taka það allt til fyrirmyndar, sem gerist í nágrannalöndunum, þá getur verið gott í þessu vandasama máli ekki síður en öðrum að kynna sér, hvað er að gerast þar, því að ýmislegt getur verið þar að finna, sem mætti draga lærdóm af og hafa til fyrirmyndar. Ég veit það, að hv. 9. landsk. þm. kannast við það, að það er í mörgum málum og við mörg viðfangsefni, að athugað er, hvernig á þeim er tekið annars staðar, og reynt að draga af því nokkra lærdóma, og ég held, að það þurfi enginn að hneykslast á þessu. Þó að ég væri að minnast á það, benda á það út af þeim ásökunum, sem beint hefur verið til n. hér, að endurskoðun skattalaga hefði staðið mjög lengi yfir í Danmörku og væri ekki búið að ganga frá því máli enn, þá ber það ekki svo að skilja, að ég telji, að við eigum sérstaklega hér að taka það til fyrirmyndar, og æskilegt væri, að við gætum lokið því hér á skemmri tíma.

Hv. þm. talaði um það, að verið væri að gefa stærstu gróðafélögunum eftir skatta, og þetta var nú endurtekið af hv. 8. landsk. þm. En eins og ég sagði áðan, þá er það svo, að þó að félögin fái þennan afslátt nú, eins og þau höfðu s. l. ár, þá borga þau hærri skatta nú af tekjum, samanborið við það, sem einstaklingar greiða, heldur en þau áður gerðu. Um þetta gæti ég nefnt töluleg dæmi með því að taka tekjuupphæðir á vissum tekjubilum og gefa upplýsingar um það, hvað félag borgar háan hundraðshluta af tekjunum í skatt og hvað aftur einstaklingar, en ég er ekki að eyða tíma í það nú. En þetta verður skiljanlegt, þegar þess er gætt, að einstaklingar fengu að meðaltali upp undir 30% lækkun á sköttum í fyrra, en félögin aðeins 20%, en eins og ég gat um, þá var sami skattstiginn, sem gilti fyrir bæði hlutafélög og einstaklinga fram að árinu í fyrra.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að svara hv. 8. landsk. þm., því að mér virtist ræða hans sýna, að hann misskildi ýmislegt í þessum málum — eða þá að hann væri orðinn ákaflega syfjaður. Hann var að tala um það, að vissir aðilar, og átti þar víst við félög, ákvæðu sjálfum sér skatt og fái svo afslátt. Þetta er vitanlega fjarri öllum sanni, að skattgreiðendur ákveði sér sjálfum skattinn.

Þá segir hann, að það hljóti að vera sönnun þess, að því hefði verið lofað í fyrra, að nýtt frv. um skattgreiðslur félaga yrði lagt fyrir þetta þing, að fjmrh. hafi sagt, þegar hann lagði þetta mál fyrir, að það væri nú sýnilegt, að ekki væri hægt að afgreiða ný lög um félagaskattana á þessu þingi. Ég býst ekki við, að nokkur annar en þessi hv. þm. geti fundið út úr þessum ummælum hæstv. fjmrh. það, að hann hafi lofað því í fyrra, að þetta yrði gert nú.

Og ekki batnar nú, þegar kemur að bollaleggingum hans um þann afslátt, sem einstaklingar fengu í fyrra á sínum sköttum, sem var einmitt áætlað af skattstofu Reykjavíkur að væri að meðaltali 28 eða 29%. Allt var þetta, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, á misskilningi byggt. Vitanlega fengu margir einstaklingar, einkum þeir, sem höfðu mikla fjölskyldu fram að færa, miklu meiri skattalækkun en 28 eða 29%, aðrir minna, og meðaltalið af þessu varð þetta samkvæmt útreikningum skattstofunnar.

Það er ekki einasta það, sem hv. 8. landsk. segir hér í ræðustólnum, sem er dálítið skrýtið, heldur einnig það, sem hann hefur lagt fram skriflega í brtt. á þskj. 620 ásamt hv. 8. þm. Reykv. (GilsG). Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæði 64. og 65. gr. sömu l. um 20% — tuttugu af hundraði — lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti skulu falla niður.“ En hér er einmitt í frv. lagt til, að þessi ákvæði verði látin gilda fyrir árið 1955,

vegna þess að þau féllu úr gildi um síðustu áramót. Sem sagt: hv. þm. koma hér með till. um það, að *fella skuli niður lagaákvæði, sem féllu* úr gildi um síðustu áramót.

Ég held nú satt að segja, að hv. 8. landsk. þm. ætti að fara að kynna sér eitthvað skattamálin. Hann hefur fulla þörf fyrir það. Og ég held, að hann ætti að láta sér nægja til að byrja með að lesa íslenzk skattalög, en sleppa þeim dönsku, þangað til hann væri kominn eitthvað svolítið niður í því, sem við höfum hér hjá okkur um þessi efni.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég held, að hv. þm. V-Húnv. (SkG) hefði átt að láta vera að minnast á það, að menn væru syfjaðir hér í d., því að aldrei á ævi minni hef ég heyrt aðra eins svefngönguræðu og þá, sem hann flutti hér.

Í fyrsta lagi er hann að tala um, að við hv. 9. landsk. þm. höfum misskilið eitt og annað, en svo þegar að því kemur að skýra, á hvern hátt við höfum misskilið hlutina, þá gefst þessi hv. þm. algerlega upp og steinhættir, vegna þess að hann hefur ekkert fram að færa, þar sem ekki var um það að ræða, að við misskildum neitt. Við töluðum hér ákaflega skýrt og greinilega, og það þurfti engum um það að blandast hugur, nema menn *væru þá hálfsofandi hér í d. á meðan* við töluðum.

Það er náttúrlega ekki ástæða til að gera margar eða langar athugasemdir við ræðu, sem menn flytja upp úr svefni, eins og hv. þm. V-Húnv. sýnilega gerði, en þó kemst ég ekki hjá því að nefna örfá dæmi. Það síðasta, sem hann var að tala hér um, var það, að þessi till. okkar væri einkennilega orðuð, þar sem lagt er til í henni, að ákvæðin um 20% skatteftirgjöf gróðafélaganna skuli falla niður. Skilur ekki hv. þm. V-Húnv., að brtt. okkar er flutt við frv. ríkisstj. um að framlengja þessi ákvæði, en ekki við l., sem eru alls ekki til umr. hér og gengu úr gildi í fyrra? Hefur hann ekki áttað sig á því, að í fyrirsögn till. stendur það einmitt, að till. sé brtt. við frv., sem til umr. er, og það er till. um að fella niður úr þessu frv. þessi ákvæði?

Þá sagði hv. þm. V-Húnv., að það væri fjarri öllum sanni, sem ég hélt fram hér áðan, að skattgreiðendur, þ. e. a. s. gróðafélögin, ákvæðu sjálfum sér skattinn. Ja, sér er nú hvað. Hvað heldur þessi hv. þm. að það sé, þegar einn skattgreiðandi ákveður, hvað mikinn hluta af tekjum sínum hann telur fram? Hvað skyldi hann gera með því annað en að ákveða sjálfum sér skattinn? Eftir að tekjurnar eru taldar fram, þá eru alveg fastar reglur um það, hver skatturinn skuli vera af þeim tekjum. Ef fyrirtæki hefur eina millj. kr. í skattskyldar tekjur, en telur ekki fram nema segjum 400 þús. kr., hvað ætli það hafi þá gert? Ætli það hafi eftirlátið skattstofunni að ákveða því skattinn, eða ætli það hafi gert það sjálft? Ja, ég skil ekki svona málflutning.

Þá sagði hv. þm. V-Húnv., að það væri ekki æskilegt að leggja óeðlilega háa skatta á þau félög, sem teldu rétt fram. Hver er að tala um það? Var ekki skattstiginn, sem enn er að nokkru leyti í gildi varðandi skatt félaga og mun hafa verið undirbúinn af hv. þm. V-Húnv., miðaður við það einmitt, að félög teldu rétt fram? Og gerðu þeir, sem undirbjuggu þennan skattstiga, ráð fyrir því, að hann verkaði á þann hátt, að skatturinn yrði óeðlilega hár? Ég held ekki. Ég held þeir hafi talið sig vera að semja mjög sanngjarnan og sjálfsagðan skattstiga, þegar þeir voru að því, og þess vegna sé ekki um það að ræða, að félög borgi óeðlilega háan skatt, þó að þau borgi þann skatt, sem skattstiginn ákveður, sízt af öllu þegar það er haft í huga, að þau ráða því algerlega sjálf, þessi félög, *hve mikið af tekjum sínum þau telja fram.*

Einnig gat hv. þm. V-Húnv. þess í ræðu sinni, að hann hefði nú aflað sér upplýsinga um skattalöggjöf fleiri þjóða en Dana. Það er sýnilegt af þessu svo og því, *hvað þetta hefur tafið fyrir* þeirri nefnd, sem átti að og á að vinna að þessum málum, að hv. þm. V-Húnv. og sennilega meðnm. hans allir hafa tekið þessi nefndarstörf sín sem eins konar skólasetu í skattamálum. Og það getur á engan hátt talizt óeðlilegt, þó að við spyrjum ýmsir, hvenær þessum skóla muni ljúka og hvenær þessi nefnd muni ganga undir það próf að skila verkefni því, sem henni var falið að vinna, þ. e. a. s. undirbúa frv. að skattalögum félaganna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 620 felld með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, LJós, GMM, BergS.

nei: BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, SB.

3 þm. (EggÞ, EmJ, KGuðj) fjarstaddir.

Brtt. 613 felld með 23:8 atkv.

1. gr. samþ. með 22:6 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Í frv. þessu leggur hæstv. ríkisstj. til, að framlengd verði ákvæði um tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt og álagningu á eignarskatt, sem í gildi hafa verið um langt skeið. Hins vegar er einnig í frv. lagt til, að framlengt verði ákvæði skattalagabreytingarinnar frá því í fyrra um 20% lækkun á skattgreiðslu félaga. Svo sem kunnugt er, var með skattalagabreytingunni í fyrra skattur einstaklinga lækkaður verulega, og þá þótti rétt að láta félögin í landinu einnig verða aðnjótandi nokkurrar skattlækkunar, en þar sem endurskoðun skattalagaákvæðanna um félögin var ekki lokið, var það ráð upp tekið að lækka skatt þeirra almennt um 20%. Við skulum nú segja,

að þetta hafi verið afsakanlegt í fyrra, vegna þess að þá var kannske ekki við því að búast, að endurskoðun hinna flóknu lagaákvæða um skattheimtu hjá félögum gæti verið lokið samtímis endurskoðun einstaklingsskattanna. Síðan er liðið eitt ár, og enn er þessari endurskoðun á félagasköttunum ekki lokið, og þess vegna ætlast nú hæstv. ríkisstj. til, að þessi ákvæði um almenna skattlækkun hjá félögum verði framlengd um eitt ár enn.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að virða svolítið fyrir sér fjárhag þeirra skattgreiðenda, sem hér er um að ræða, félaganna, og þá sérstaklega félaganna hér í Reykjavík. En um það þarf ekki að orðlengja, að reglurnar, sem gilda um skattgreiðslu félaga, eru í fáum orðum sagt svo fáránlegar, að það er dæmalaust, að það skuli hafa verið dregið í jafnmörg ár og raun ber vitni að endurskoða þessi lagaákvæði.

Félög eða atvinnufyrirtæki, sem rekin eru af félögum, greiða sáralitinn skatt til ríkissjóðs, ef miðað er við skattgreiðslur einstaklinga, og þó er það vitað, að nær öll gróðamyndunin í landinu á sér stað í atvinnurekstri, sem rekinn er af félögum. M. ö. o.: Þrátt fyrir það að auðsöfnun í landinu á sér fyrst og fremst stað í hinum ýmsu félögum og aðallega í hlutafélögunum, þá greiða félögin yfirleitt sáralitinn skatt til ríkissjóðs. Til þess að sýna mönnum fram á, að ég fer hér ekki með staðlausa stafi, hef ég núna á milli 2. og 3. umr. gert á þessu lauslega athugun. Hún er því miður miklu lauslegri en ég hefði sjálfur óskað, vegna þess, hve tíminn, frá því að frv. var lagt fram og þangað til það nú kemur til 3. umr. og endanlegrar afgreiðslu, hefur verið naumur.

Það liggja þegar fyrir í Hagtíðindum upplýsingar um innheimta skatta árið 1953, þ. e. a. s. skatta lagða á tekjur 1952. Það kemur í ljós, að meðalskattur allra félaga í landinu hefur numið 11700 kr. Og hugsi menn sér nú: Meðalskattur allra félaga í landinu, að meðtöldum hinum stóru auðfélögum, sem vitað er að safna gífurlegum auði og hafa gífurlegar tekjur, er 11700 kr. á þessu ári. Og það, hversu fáránlega lág þessi tala er, verður gleggst þegar það er athugað, að meðalskattur allra einstaklinga hér í Reykjavík var á þessu sama ári 1144 kr. M. ö. o.: Félögin, þar sem öll auðsöfnunin á sér stað, greiða ekki nema um það bil tífaldan meðalskatt Reykvíkinga. Þetta eitt nægir til þess að sýna fram á, hversu fáránlegar þessar reglur, sem gilda um félagaskattana, eru fyrir löngu orðnar. Það er öllum, sem þessum málum eru kunnugir, alveg ljóst, í hverju þetta liggur. Félögin njóta lögum samkv. mjög mikilla skattfríðinda. Auk heimildar til að draga frá tekjum 5% af hlutafé, hafa þau heimild til mikilla skattfrjálsra framlaga í varasjóð, auk þess hafa þau heimild til mjög mikilla skattfrjálsra fyrningarafskrifta, og enn fremur hafa þau skilyrði til þess að kaupa fasteignir, sem eru skattmetnar á hinu lága fasteignamatsverði, svo að staðhæfa má, að allur hinn gífurlegi gróði félaganna hverfur í varasjóðsframlögin, í fyrningarafskriftirnar og í fasteignakaupin. Þar hverfur hinn framtaldi ágóði, auk svo þess gífurlega ágóða, sem vitað er að safnast á hendur þessara aðila án þess að koma nokkurn tíma til framtals.

Því miður eru ekki til upplýsingar um það, hversu miklu þessi raunverulegu skattfríðindi hjá félögunum nema. Það eru til upplýsingar um það, hversu mikið félögin draga frá á skattframtölum sínum vegna 5% frádráttar af innborguðu hlutafé og varasjóðstillaga, en það er engin almenn heimild til um það, hversu miklu fyrningarafskriftir félaganna nema, en þær eru að langmestu leyti samkv. gildandi reglum hrein skattaívilnun.

Árið 1953 voru *fram taldar nettótekjur félaga* í Reykjavík 51.3 millj. kr., en þar frá fengu þau að draga með löglegum hætti skattfrjáls varasjóðstillög og 5% af hlutafé, 10 millj. og 94 þús., eða 10.1 millj. kr. Um það bil fimmtunginn af sínum tekjum fengu þessi félög að draga frá með löglegum hætti vegna þessara skattahlunninda, þannig að skattskyldar tekjur þeirra urðu ekki nema 41 milljón. Raunverulegar tekjur þeirra hafa verið miklu meiri, vegna þess að hér er búið að draga frá hinar lögheimiluðu fyrningarafskriftir, sem eru tugir milljóna, þó að þar sé um að ræða raunverulega skattaívilnun, eins og ég gat um áðan.

Hversu allt þetta kerfi er í raun og veru holgrafið, kemur bezt fram í því, þegar athugað er, hver er skattskyld nettóeign þessara sömu félaga, þ. e. a. s. allra félaganna í Reykjavík. Öll félög í Reykjavík, sem hafa í nettótekjur 51 millj. kr. á árinu 1953, eiga í skattskylda nettóeign 94 milljónir, þ. e. a. s.: skattskyld nettóeign þeirra er ekki einu sinni tveggja ára nettótekjur. Þurfa nú hv. þingmenn gleggra dæmi um það, hvílík feikn hér eru í raun og veru á ferðinni, þegar það er upplýst, að sú eign, sem öll félög í Reykjavík greiða skatt af, nemur ekki einu sinni tvöföldum árstekjum ársins 1953? Þetta er auðvitað sönnun þess, að tekjurnar, hinar óframtöldu og hinar framtöldu, hverfa með einhverjum hætti, sem almenningi finnst dularfullur, en þeim, sem náin kynni hafa af þessu, finnst ekki alveg eins dularfullur, — í hít, þar sem ríkisvaldið nær ekki til þess að skattleggja þær.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, verður það ljósara en ella, sem hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. þessa máls, að þetta frv. hefði sáralitla fjárhagsþýðingu fyrir ríkissjóð, — að það hefði sáralitla fjárhagsþýðingu fyrir ríkissjóð, þó að félögum væri gefinn eftir ⅕ af þeim skatti, sem þeim bæri samkv. skattalöggjöfinni. Hér er skýringin komin á þessu. Félögin greiða m. ö. o. smánarskatt í samanburði við einstaklingana. Skattabyrðin hvílir á einstaklingunum, hinum almenna launamanni fyrst og fremst, en ekki á atvinnurekendunum, ekki á félögunum, en þau eru ríkustu og stærstu atvinnurekendurnir.

Ég hef hér einnig fyrir framan mig tölur um skattskylda eign nokkurra ríkustu félaganna í Reykjavík í árslok 1953, og þá sést greinilegast, hvers konar aðilar það eru, sem hæstv. ríkisstj. vill núna vera að ívilna alveg sérstaklega í skattgreiðslu með sérstöku lagafrv. Ef tekið er tillit til þess, að vægilega talað verður fasteignamat,

sem skattgreiðsla félaganna er miðuð við, ekki talið nema 1/15 af raunverulegu verðmæti eigna, þá kemur í ljós, að 81 ríkasta félagið hér í Reykjavík á eignir, sem nema að meðaltali 5.3 millj. kr. Og það eru þessir vesalingar, sem hæstv. ríkisstj. finnst vera ástæða til þess að hygla nú alveg sérstaklega með sérstökum skattaívilnunum í þessu frv. Heildareignir þessa 81 ríkasta félags í Reykjavík eru um 430 millj. kr. og þannig að meðaltali rúmar 5.3 millj. kr.

Þegar menn annars fara að virða fyrir sér þessi skattamál og bera saman skattgreiðslu félaganna annars vegar og einstaklinganna hins vegar, fer ekki hjá því, að þeir taki líka eftir því, hvað skattgreiðsla einstaklinganna er ólík á hinum einstöku stöðum á landinu. Hún er svo ólík, að það hlýtur eitthvað meira en lítið að vera við bogið. Ef t. d. annars vegar er borinn saman meðalskattur einstaklinga í Reykjavík og í sveitum landsins, þá kemur í ljós, að meðalskattgreiðsla einstaklinga í Reykjavík er þrisvar til fjórum sinnum hærri en meðalskattgreiðsla einstaklinga í sveitum landsins. Meðalskattur einstaklinga í Reykjavík var á árinu 1953 1144 kr., en meðalskattur einstaklinga í sveitum landsins var 367 kr. Ég hygg, að þetta hljóti að eiga fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að mjög er misjafnlega gengið eftir því, að menn telji samvizkusamlega fram til skatts í Reykjavík annars vegar og í sveitunum hins vegar. Það getur varla verið svo mikill munur á tekjum einstaklinga í Reykjavík annars vegar og í sveitunum hins vegar, að það út af fyrir sig, ef rétt væri fram talið, réttlætti svona gífurlegan mun á skattgreiðslu, þannig að hún sé næstum fjórðungi meiri á hvern einstakling í Reykjavík, því að langmestur hluti af einstaklingsskattgreiðendunum hér í Reykjavík er launamenn, enda kemur í ljós, að ef athuguð er meðaleign manna hér í Reykjavík annars vegar og í sveitunum hins vegar, þá er munurinn ekki nálægt því eins áberandi. Meðaleign þeirra, sem greiða eignarskatt í Reykjavík, var á þessu sama ári, 1953, 48985 kr., en meðaleign manna í sveitum, sem greiddu eignarskatt, var 38420 kr. Þarna munar ekki nema fjórðungi á skattskyldri meðaleign þeirra manna, sem á annað borð greiða eignarskatt, en á greiðslu tekjuskattsins munar svo miklu, að það er næstum fjórum sinnum meira, sem meðaleinstaklingur greiðir í skatt í Reykjavík, heldur en greitt er í sveitunum. Þetta tel ég þó í sjálfu sér vera aukaatriði í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða.

Ég vildi ekki láta þessum umræðum um þetta mál ljúka án þess að benda á það, að með þessu frv. er verið í fyrsta lagi að ívilna stórkostlega auðfélögum, ívilna fyrirtækjum, ívilna félögum, sem eiga yfir 5 millj. kr. í hreina eign að meðaltali, auk þess sem þær tölur, sem ég hef nefnt, hafa sýnt fram á það mjög ljóslega, að öll skattamál félaganna eru í slíkum ólestri, að til hreins vansa er. Er sjálfsagt að láta þessa aðila, sem vel geta borgað, halda áfram að borga sinn hlut í ríkissjóð, meðan því verður ekki komið í verk að endurskoða þessar skattareglur, því að sú staðreynd, að skattskyld eign allra félaga í Reykjavík skuli ekki nema tvöföldum árlegum nettótekjum, tekur svo greinilega af öll tvímæli um það, að hér er meira en lítið bogið við. Það er — ég segi það aftur — ekki vansalaust að láta það dragast öllu lengur að endurskoða þessi mál frá grunni, og meðan það er ekki gert, þá er sjálfsagt að láta þessi auðfélög halda áfram að greiða sína skatta til ríkissjóðs.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég sé ekki hæstv. fjmrh. í d., vegna þess að ég ætla að beina til hans lítilli fsp. í sambandi við þessar umræður.

Ég vil byrja á því að minnast á eina fullyrðingu hv. 1. landsk. út af tekjuskattinum. Hann sagði, að tekjuskatturinn hvíldi nær eingöngu á „hinum almenna launamanni". Hv. þm. á hér vafalaust við verkamann, sem hefur 30—40 þús. kr. í árslaun. Tekjuskattur hjóna, sem hafa 35—45 þús. kr. nettó í árslaun (og er þá búið að draga frá tekjum það, sem heimilað er fyrir hjón, þ. e. 12 þús. kr.), er 1460 kr. af 35 þús. kr., eða réttara sagt af 47 þús. kr. tekjum. Það hlýtur nú öllum að vera ljóst, að slík fullyrðing sem þessi er alveg út í hött. Svo skal hitt viðurkennt, — og það er sú hlið málsins, sem hv. þm. ræddi um, — að tekjuskattur til ríkisins út af fyrir sig er ekki sá skattur, sem er að sliga atvinnurekstrinn í landinu. En þegar allir skattarnir koma til, bæði ríkis- og bæjarskattar, þá eru skattarnir að sliga atvinnurekstrinn í landinu. Þess vegna er endurskoðun á skattalögunum óhjákvæmilega bundin endurskoðun á útsvarsálagningu bæjar- og sveitarfélaga. Allir vita, hver vandi þar er á höndum. Bæjar- og sveitarfélög kvarta mjög undan því, að þau skorti tekjur til þess að standa undir nauðsynlegum gjöldum. Þess vegna hafa þau farið inn á fjáröflunarleiðir, sem ekki er hægt að þola í neinu siðuðu bæjarfélagi, og það er að leggja útsvar á fyrirtæki og einstaklinga, sem einhvern rekstur hafa, án nokkurs tillits til tekna þeirra.

Það mun valda mörgum mönnum talsverðum vonbrigðum, að endurskoðun hefur ekki farið fram enn á félagakafla tekjuskattslaganna. Eins og kunnugt er, var einstaklingskaflinn endurskoðaður í fyrra, og hygg ég, að menn séu yfirleitt ánægðir með þá endurskoðun. Þegar þetta mál var til umr. hér í þinginu í fyrra, þá sagði hæstv. fjmrh. m. a.:

„Í samningi þeim, sem núverandi stjórnarflokkar gerðu s. l. sumar og liggur til grundvallar stjórnarsamstarfinu, var það eitt af því, sem fram var tekið, að stjórnin ætlaði að beita sér fyrir setningu nýrra skattalaga á því þingi, sem nú situr."

Þetta var yfirlýsing hæstv. fjmrh. við umr. um þetta mál á þinginu í fyrra. Nú er þess ekki að dyljast, að endurskoðun skattalaga er mikið verk og mikið starf gekk í endurskoðun laganna í fyrra, þó að ekki ynnist tími til að endurskoða nema einstaklingskafla laganna. Þess vegna gerðu menn sig yfirleitt ánægða með, að bráðabirgðalausn væri gefin meðan frekari endurskoðun færi fram. Um þetta atriði sagði hæstv. fjmrh.:

„Niðurstaðan varð því sú að taka hér algera bráðabirgðalausn varðandi félögin, og til þess að leggja áherzlu á, að hér er um bráðabirgða-

lausn að ræða, er það ákvæði sett í frv., að það skuli lækka skattgreiðslu félaga um 20% á þessu ári, og gildir það aðeins fyrir þetta ár.“

Þessi ummæli gáfu mönnum ástæðu til að vænta þess, að endurskoðun félagakaflans yrði lokið fyrir þetta þing, sem nú situr. Því miður hefur þetta ekki orðið.

Ég hygg, að það sé rétt frá skýrt, að mþn. hafi starfað allt þetta ár, þó að sýnilegur árangur af starfi hennar sé mjög lítill, og a. m. k. hefur henni ekki tekizt að koma fram með till., sem gætu lokið endurskoðun félagakaflans.

Ég skal fúslega viðurkenna, eins og ég gat um áðan, að ýmsir erfiðleikar eru á endurskoðun skattalaganna og kannske ekki sízt félagakaflans. Endurskoðun félagakaflans, eins og nú er komið með skattlagningu bæjarfélaga, verður ekki framkvæmd, nema því aðeins að um leið verði framkvæmd endurskoðun á útsvarslögunum. Þess vegna hefði n. þurft að taka að sér einnig endurskoðun á útsvarslögunum, en ég hygg, að hún hafi látið mjög lítið starf í það, þó að hún hafi verið starfandi allt árið, og eftir því sem mér skilst hafa nm. verið á fullu kaupi. Kannske er ekkert við það að athuga, en sýnilegur árangur af starfi nefndarinnar er því miður lítill.

Ég hefði því viljað beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort n. eigi nú að starfa áfram milli þinga, hvort henni sé ætlað að skila áliti fyrir næsta þing og þá að sjálfsögðu einnig taka með endurskoðunina á útsvarslögunum. Ef þau eru ekki tekin með og sá hnútur leystur, sem þar er, verður ekki mikið um breytingar á næsta þingi á félagakafla skattalaganna.

Mig langar svo að drepa á nokkur atriði í sambandi við ræðu hv. 1. landsk. (GÞG). Hann gat um það, að í raun og veru borguðu félögin enga skatta til ríkissjóðs. Ég skal ekki deila við hann um þetta og ekki fara inn á neinar tölur eða að reyna að gagnrýna þær tölur, sem hann var með, enda hef ég ekki tök á því. En ég vil benda hv. þm. á það, sem honum er allra manna bezt kunnugt, að núverandi skattstigi félaga hefur verið óbreyttur frá því 1940. Á þessum 15 árum hefur verið gífurleg verðlagsbreyting, þ. e. a. s. krónan hefur minnkað jafnt og þétt, en skattstiginn hefur staðið óbreyttur. — Menn fá að halda nú af tekjum sínum jafnmörgum krónum og þeir fengu 1940, en hver króna er miklu minna virði nú en hún var þá. Þetta er þó ekki þyngsti bagginn, sem hvílir á rekstrinum í landinu. Þyngsti bagginn, sem á honum hvílir, er útsvörin, og þá sérstaklega veltuútsvörin, sem hafa verið á lögð án tillits til tekna manna. Þau hafa verið á lögð sem örþrifaráð af hendi bæjarfélaga vegna skorts á tekjustofnum til þess að mæta nauðsynlegum útgjöldum.

Ég hef lítið á þessi 20%, sem þingið hefur samþ. til afsláttar af tekjuskatti fyrir árið í fyrra og væntanlega gerir fyrir árið í ár, sem bráðabirgðaviðurkenningu á því, að skattheimta bæjarfélaganna, eins og hún er nú á hendur atvinnurekstrinum, sé gersamlega óviðunandi og meðan ekki hefur tekizt að endurskoða tekjuskatts- og útsvarslögin í heild, hefur ríkissjóður greitt þessi 20% af hendi sem viðurkenningu á því, að útsvarsálagningunni og tekjuskattinum þurfi að breyta.

Í fyrra, í sambandi við þessar umræður, minntist ég á nokkur dæmi, sem sýndu, hvernig ýmis fyrirtæki eru skattlögð, og á ég þar við skatta bæði ríkis og bæja. Eins og ég tók fram áðan, er veltuútsvarið lagt á án nokkurs tillits til, hverjar nettótekjur manna eru, heldur aðeins með tilliti til þess, hversu mikil velta fyrirtækjanna hefur verið, og að sjálfsögðu eru afar mismunandi tekjur félaga af veltunni. Ég gat um nokkur dæmi, og ég ætla til gamans að rifja það upp, til þess að hv. 1. landsk. fái að hugsa um svolítið aðra hlið málsins en tekjuskattinn, sem lagður er á fyrirtækin.

Skattgreiðandi, sem hefur 597 þús. kr. í tekjur og mundi verða talinn hátekjuskattgreiðandi af hv. 1. landsk., greiðir í skatta 338 þús. og útsvar 250 þús. Eftir af þessum 597 þús. kr. tekjum eru 9 þús. kr., eftir að útsvör og skattar eru greiddir.

Annar skattgreiðandi, sem annast aðallega útflutning, hefur 95 þús. kr. tekjur. Skattar eru 21 þús., útsvar 184 þús., samtals 205 þús., eða skattur og útsvar umfram tekjur 110 þús. Ég skal taka fram, vegna þess að mönnum finnst kannske þetta dæmi heldur ótrúlegt, að þessi dæmi eru öll rétt og tekin eftir framtölum manna frá löggiltum endurskoðanda.

Iðnaðarfyrirtæki hefur í tekjur 159 þús. Þar af greiðir það í skatta 31 þús., útsvar 120 þús., samtals 151 þús., og eftir af þessum 159 þús. eru 8 þús. kr.

Að síðustu er iðnfyrirtæki, sem hefur 43 þús. kr. tekjur. Skattar eru 6469 kr., útsvar 36700 kr., samtals 43169 og greitt umfram tekjur 169 kr.

Þetta sýnir mjög greinilega, hvernig ástandið er í skattamálunum eins og nú er. Ef menn tala við löggilta endurskoðendur, sem ganga frá framtölum manna, munu þeir heyra nákvæmlega sömu söguna.

Hv. þm. sagði, að félögin hefðu rétt til afskrifta og hlutafélög fengju að leggja í varasjóð. Þetta er rétt. En ég fullyrði þá jafnframt, að þetta eru í fjöldamörgum tilfellum einu tekjurnar, sem félögin halda eftir, og ef hv. þm. gæti kynnt sér framtöl margra fyrirtækja, þá mundi hann sjá, að þessum fyrirtækjum er hér um bil ógerningur að safna nokkrum varasjóðum nema þessum 20%, sem þeim er leyft að halda eftir.

Veltuútsvörin eru mjög mismunandi hvarvetna á landinu. Ég gæti trúað, að þau væru einna lægst hér í Reykjavík og hæst í Hafnarfirði. Eftir því, sem ég hef heyrt, mun veltuútsvar þar í einstökum greinum geta farið upp í 5%, og það getur hver sagt sér sjálfur, að þegar fyrirtæki eiga að fara að greiða 1%—5% í veltuútsvar, verður ekki mikið eftir af hagnaði, enda kemur það oft fyrir, að veltuútsvarið ríður baggamuninn, svo að menn verða að taka af eignum sínum til þess að geta staðið undir greiðslu á sköttunum.

Það gefur líka nokkra hugmynd um, hversu þungur baggi þetta er í viðbót við hinn venjulega útsvarsstiga, að í Reykjavík munu hafa verið lögð á veltuútsvör, er nema 17 millj. kr.

síðastl. ár. Er ljóst, að slíkt er gífurlega þung byrði á atvinnurekstrinum í bænum. Það er ekki hægt að halda áfram að leggja á veltuútsvar í bæjarfélögunum, eins og gert hefur verið hingað til, enda er það fyrir bæjarfélögin sama og að slátra hænunni, sem verpir gulleggjunum, vegna þess að fyrirtækin og reksturinn stenzt ekki slíkar álögur til lengdar. Þess vegna er engin leið út úr þessu önnur en sú, að veltuútsvarið verði frádráttarhæft, að það megi draga það frá tekjunum. Það á að gera bæjarfélögunum fært að standa undir þeim frádrætti. Að sjálfsögðu yrði að setja einhverjar skorður með álagningu veltuútsvars, til þess að það yrði ekki fært út í öfgar, ef það væri gert frádráttarhæft.

Eins og ég sagði áðan, munu margir verða vonsviknir yfir því, að endurskoðun á félagakafla laganna hefur ekki náð fram að ganga á þessu þingi. Hins vegar er ljóst, að það eru ekki aðeins skattalögin, sem verður að endurskoða, heldur líka útsvarslögin. Ég vil vænta þess, að þó að nú í annað skipti verði samþ. sú bráðabirgðalausn, sem samþ. var á síðasta þingi, verði nú gerð gangskör að því, að báðum þessum lagabálkum verði breytt og breytingarnar undirbúnar fyrir næsta þing. Treysti ég vel hæstv. fjmrh. til þess að ýta svo á eftir, að þetta megi ná fram að ganga.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefur verið sagt í sambandi við þetta mál, að verið væri að lækka skatta á auðfélögum; málið væri um það.

Ég vil benda á, að hér er ekki verið að leggja til að gera neina breytingu á skattlagningu félaga frá því, sem var í fyrra. Hér er aðeins um það eitt að ræða að framlengja það ákvæði, sem þá var sett í lög, um 20% lækkun á skatti félaga.

Í sambandi við tal manna um, að það sé óhæfa, að mönnum skuli hafa dottið í hug að lækka skatta á félögum, er rétt að menn viti, að skattabyrði félaga, bæði hlutafélaga, samvinnufélaga og allra annarra félaga, er nú margföld á við það, sem hún var fyrir stríð. Það gilda þeir skattstigar fyrir þessi félög, sem lögfestir voru fyrir stríðið, ásamt öllum viðaukum, sem settir voru á í styrjöldinni. Það er þess vegna þannig ástatt núna, að félag borgar t. d. sama skatt af 100 þús. kr. og félagi var ætlað að borga af 100 þús. kr. fyrir stríð. Breytingin hefur orðið svo stórkostleg m. ö. o., að skattabyrðin hefur margfaldazt. Það var dregið úr þessu að því er snerti einstaklingsskatta með því að umreikna tekjurnar, sem kallað var, þ. e., að áður en skattstiginn var borinn við tekjurnar, voru þær lækkaðar mjög stórkostlega eftir vissum reglum, sem áttu að koma í veg fyrir, að það þyngdist alveg vélrænt á mönnum skattabyrðin eftir því, sem verðbólgan jókst. En þessi umreikningsregla var aldrei lögfest um félögin, og þess vegna hefur skattabyrði þeirra, miðað við nettótekjur, sífellt farið vaxandi. Þetta er því auðvitað orðið þannig, að brýn þörf er að endurskoða þessar reglur allar saman, og hefur því margoft verið yfir lýst nú upp á síðkastið. En það varð ekki hægt að koma sér saman um þessi mál í fyrra eða ljúka þeim, þannig að þá gætu orðið sett ákvæði til frambúðar um skatt félaga eins og einstaklinga. Þá var ætlunin, að því verki yrði lokið fyrir þetta þing. Nú hefur því ekki orðið lokið enn þá. Það er ekki af því, að endurskoðunin sjálf hafi ekki átt sér stað, heldur blátt áfram vegna þess, að menn hafa ekki getað komið sér saman um það í mþn., hvaða úrræði væru heppilegust. Það er sem sé ágreiningur í nefndinni. Það hefði verið í lófa lagið fyrir mig að framkalla nál. úr mþn. með því að leggja áherzlu á, að n. skilaði, hvað sem samkomulagi liði. En þá hefði n. bara orðið klofin um málið. Það taldi ég engum til góðs, að n. kæmi fram klofin um málið núna fyrir þetta þing. Það væri betra, fyrst ekki var hægt að fá samkomulagsálit fyrir þingið, að málið drægist eitthvað enn á langinn og reynt yrði enn þá að ná samkomulagi fyrir næsta þing.

Ég lýsi á hinn bóginn yfir því, að takist ekki að ná samkomulagi fyrir næsta þing, þá mun ég verða hvetjandi þess, að n. skili samt af sér. Ég mun ekki taka það á mig að stuðla að því, að mþn. skili ekki áliti ár eftir ár, þótt ágreiningur sé. En ég taldi ekki rétt að leggja áherzlu á, að n. skilaði nú, fyrst ágreiningur varð. Það er ætlunin, að n. starfi áfram, hún starfi að því að endurskoða skattlagningu félaga til ríkisins, og enn fremur hefur n. það hlutverk að endurskoða tekjulöggjöf sveitar- og bæjarfélaga og hlýtur því að sinna því verkefni jöfnum höndum.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), sem ég þarf að svara. Annars var málflutningur hans hófsamur, eins og hann er raunar mjög oft og ég vil segja venjulega, og hann gerði enga tilraun til þess að verja það, sem er mjög ámælisvert, að ekki skuli enn hafa verið komið fullu lagi á skattgreiðslumál félaganna, þó að hann tilheyri stjórnarliðinu og ætti af þeim sökum að hafa nokkra tilhneigingu til þess að bera af því blak.

Hins vegar var hann mér ekki sammála um það, að skattabyrðin hvíldi tiltölulega of létt á félögunum, miðað við einstaklingana, og nefndi um það ein fjögur dæmi, þar sem meginhluti framtalinna tekna hefði farið í greiðslu skatta og útsvars, í tveimur tilfellum hefðu meira að segja skattar og útsvar samtals numið meiru en framtöldum tekjum, þannig að þessir skattgreiðendur hefðu orðið að gefa með sér til ríkissjóðs.

Ég fæ ekki skilið, að þessi dæmi geti verið öðruvísi til komin en þannig, að viðkomandi skattayfirvöld hafi gert mjög víðtækar leiðréttingar á framtölum þessara aðila. (Gripið fram í.) Með útsvörin líka, já. Dæmin geta ekki verið öðruvísi til komin en þannig, en þá er náttúrlega ekki mikið upp úr þeim að leggja, ef framtölin hafa verið svo vafasöm, að skattayfirvöldin, annaðhvort skattstjórarnir eða niðurjöfnunarnefndirnar, hafi ekki getað tekið þau gild og breytt tekjutölunum, og þá koma auðvitað út skattar og útsvör, sem standa í allt öðru hlutfalli við þær tekjur, sem yfirvöldin telja aðilana hafa haft, heldur en þeim, sem hv. þm. nefndi.

Hv. þm. sagði eina mjög athyglisverða setningu, sem ég tel rétt að vekja athygli á og halda

á lofti. Hann sagðist líta á 20% afsláttinn á skatti félaga, sem þetta frv. fjallar um, sem viðurkenningu Alþ. eða ríkisvaldsins á því, að skattheimta bæjarfélaganna sé í raun og veru alveg óviðunandi. Þetta finnst mér satt að segja vera nokkuð þungur biti fyrir hæstv. fjmrh. að kingja, að láta segja þetta við sig, rétt áður en hann kemur í ræðustólinn, og svara þessu engu. Hvaða sveitarfélag er það, sem fyrst og fremst hlýtur að teljast eiga hlut að máli? Það er Reykjavík, þar sem flokksbræður hv. 3. þm. Reykv. ráða lögum og lofum, hafa hreinan meiri hluta. Það, sem felst í þessari setningu hv. 3. þm. Reykv., er það fyrst og fremst, að skattheimta Reykjavíkurbæjar sé svo dæmalaust ósvífin, að ríkisvaldið þurfi að grípa þar fram í og létta skatta á fórnardýrum Reykjavíkurbæjar til þess að gera þeim kleift að stunda sinn atvinnurekstur áfram. Öðruvísi verða ummæli hans ekki skilin, og mér finnst satt að segja þolinmæði hæstv. fjmrh. við sinn samstarfsflokk orðin fullmikil. Mér finnst langlundargeð hans vera orðið fullmikið, ef það er rétt, að þessa skattalækkun beri að skilja sem eins konar uppbót á það, sem bæjarsjóður Reykjavíkur seilist of langt niður í vasa atvinnurekstrar í bænum.

Annars má um veltuútsvörin þetta segja: Hvað eru þau eiginlega? Hvers vegna hafa bæjarfélögin gripið til þessa — ég vil segja — óyndisúrræðis, sem veltuútsvörin eru? Um það er ég hv. þm. fullkomlega sammála, að álagning veltuútsvara er sannkallað óyndisúrræði. Ástæðan til þeirra er engin önnur en sú, að framtölin, sem sveitarfélögin fá í sínar hendur til að leggja á þessi útsvör eftir, eru svo vafasöm, að þau verða ekki viðráðanleg með venjulegum tekjuskattstigum. Í raun og veru er það, hversu veltuútsvörum er beitt í ríkum mæli hér og í ríkari mæli en ég held í nokkru öðru nágrannalandanna, bein viðurkenning þess, að skattframtöl eru hér á landi óáreiðanlegri en í nokkru öðru nágrannalandanna, að skattsvik atvinnurekenda eru hér meiri en tíðkast í veröldinni, og veltuútsvörin eru í raun og veru ekkert annað en eins konar mótleikur niðurjöfnunarnefndanna gegn skattsvikum hinna tekjuháu skattgreiðenda. Ég mæli þessu tafli enga bót. Ég þarf ekki að taka fram, að ég mæli því ekki bót, að verulegur hluti skattgreiðendanna og þá fyrst og fremst atvinnurekendurnir svíki verulegan hluta tekna sinna undan skatti, og ég mæli því heldur enga bót, að niðurjöfnunarnefndir skuli telja sig þurfa að grípa til þess ráðs sem mótleiks að leggja á jafnósanngjarnan skatt og veltuútsvör hljóta að teljast. Það, sem hér á auðvitað að gerast, er það, að gerð sé alvarleg tilraun til þess að koma þessum málum á hreint, til þess að gera hér hreint borð, þ. e. a. s. að gera skeleggar ráðstafanir til þess að knýja alla skattgreiðendur til að telja rétt fram, ef við þá á annað borð höldum fast við tekjuskattinn, og þegar það hefur verið gert, að koma þá á skynsamlegum skattstigum og skynsamlegum álagningarreglum. Það er mjög fjarri mér að hafa sérstakan áhuga á nokkru, sem kalla mætti skattpíningu, hvorki á atvinnurekstri né heldur einstaklingum. Mér er ákaflega vel ljós sú hætta, sem felst í mjög háum skattstigum fyrir sparnaðinn og fjármagnsmyndunina í landinu, sem auðvitað hlýtur að teljast höfuðundirstaða undir varanlegum framförum. En meðan það líðst, að framtölum sé jafnóheyrilega ábótavant og nú er, þá dugir ekki að dæma háa skattstiga og jafnvel ekki veltuútsvör með sama hætti og mundi verða gert, ef maður vissi, að framtölin væru sómasamleg.

Kjarni þess máls, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. þessarar fimmtungs skattívilnunar til félaganna, er auðvitað sá, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að þeir aðilar, sem eiga að njóta þessarar skattívilnunar, eru flestir stórríkir. Ég gat þess áðan, að raunveruleg meðaleign 81 ríkasta félagsins hér í Reykjavík væri 5—6 millj. kr. Mér hafði ekki unnizt tími til þess að ganga frá þeim upplýsingum, sem ég aflaði mér um þetta, svo að ég gat ekki um þá tölu, að skattskyld meðaleign þessara sömu félaga var ekki nema 28698 kr., m. ö. o., að skattskyld eign 81 ríkasta félagsins í Reykjavík nær ekki eins árs nettótekjum þessara sömu félaga. Þetta er enn þá skýrara dæmi um ófremdarástandið í skattamálunum en ég nefndi áðan, þegar ég ræddi um félögin í Reykjavík öll. Er hægt að hugsa sér gleggra dæmi um ófremdarástand félagaskattanna en það, að sú eign, sem 81 ríkasta félagið í Reykjavík greiðir eignarskatt af, skuli ekki ná eins árs tekjum? Þá spyrja menn auðvitað: Hvað hefur orðið um tekjur allra hinna áranna? Hvar hafa þær lent? Hvert hafa þær sokkið? Í hvaða hít hafa þær horfið?

Það ber allt að sama brunni með þetta. Eins og skattakerfið allt saman er, þá er félögunum ívilnað stórkostlega, miðað við einstaklingana. Þá skatta, sem ríkisvaldið innheimtir, heimtir það fyrst og fremst af einstaklingunum og þá fyrst og fremst af launamönnunum. Þegar ég nefndi launamenn í ræðu minni áðan, átti ég ekki einvörðungu við láglaunamenn, við Dagsbrúnarmenn, heldur átti ég almennt við þá menn, sem vinna fyrir launum, og þau geta auðvitað verið mishá. Hjá atvinnurekstrinum eru þau ekki mjög há. Framtalin laun atvinnurekendanna sjálfra eru ekki mjög há, að því er mér hefur skilizt, því að hvorki er það, að forstjórar þessara félaga telji fram mjög verulega háa launagreiðslu hjá þessum félögum, né heldur, að þeir fái arð útborgaðan, því að það er afar sjaldgæft í t. d. hlutafélögum, að þau greiði hærri arð en 5%, sem er leyfilegt til skattfrádráttar. Tekjur sínar hafa því þessir menn með einhverjum öðrum hætti en þeim, að þeir fái útborgaðan arð af sínum hlutafélögum eða séu þar á sérstaklega háum launum samkvæmt skattskrám. Þetta er auðvitað eitt af því, sem nauðsynlega þarf að breyta.

Ég skal svo endurtaka það að síðustu varðandi endurskoðun félagaskattalöggjafarinnar yfirleitt, að ég hef engan sérstakan áhuga á því, að skattstigarnir séu sérstaklega háir, þannig að heilbrigð aukning sé útilokuð í atvinnurekstri landsmanna. Meðan við á annað borð byggjum á einstaklingsrekstri og samvinnurekstri í landinu að langsamlega mestu leyti, er ekki nema eðlilegt, að skattakerfið verði ekki til þess að hindra eðlilegan vöxt þessa atvinnurekstrar. Það, sem ég

hef sérstakan áhuga á, er, að óheiðarleiki eða sukk sé ekki látið viðgangast á þessu sviði, að menn viti, að hverju þeir ganga, og að það sé tryggt, að raunverulegar tekjur allra manna, bæði einstaklinga og fyrirtækja, komi fram og síðan greiði allir hæfilega og sanngjarna skatta af þessum tekjum, félög jafnt og einstaklingar, atvinnurekendur jafnt og launþegar.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Ummæli hv. 1. landsk. (GÞG) um þetta mál í heild lýsa því, að hann er ekki kunnugur afkomu félaganna eða rekstrarins í landinu. Ef hann væri það, mundi hann vafalaust ekki tala eins og hann gerði. Ég hef þá skoðun, að hv. þm. haldi því jafnan fram, sem hann telur sannast og réttast. Hann gat þess í sambandi við þau dæmi, sem ég nefndi um skattlagningu, að hér hlyti að vera um að ræða vafasöm framtöl. Ég tók fram, að í þessum tölum voru ríkisskattar og útsvör samanlagt. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að framtöl þurfa ekki að vera vafasöm til þess, að allar tekjur félaganna fari í ríkisskatta og útsvör. En eins og ég tók fram áðan, er það venjulega veltuskatturinn, sem ríður baggamuninn, og tekur venjulega það, sem eftir er, þegar ríkisskattar hafa verið á lagðir samkvæmt skattstiga og þegar útsvör hafa verið ákveðin samkvæmt útsvarsstiganum, sem um þau gildir.

Hv. þm. vildi halda því fram, að ég hefði haft í frammi ásakanir í garð Reykjavíkur, og sýndi þetta m. a., hversu Reykjavík væri illa stjórnað. Ég skal ekki fara út í kappræður um það, en ég vil aðeins segja, að Reykjavík sem bæjarfélag stendur hér jafnt að vígi og önnur bæjarfélög í landinu. Bæjarfélögin eru öll í vandræðum með tekjustofna til þess að standa undir gjöldum sínum. Og það ætti að vera hverjum þm. kunnugt, hversu gífurleg gjöld Alþ. hefur lagt á bæjar- og sveitarfélögin í sambandi við alls konar félagsleg útgjöld. Þetta er kannske skýringin á því, hvernig komið er hag bæjarfélaganna, hversu erfiðlega þeim reynist að ná tekjum á móti gjöldum og hvers vegna þau þurfa að fara inn á jafnósæmilega leið og þá að leggja á veltuútsvör alveg án tillits til tekna borgaranna.

Hv. þm. vill nú að líkindum halda því fram, að bæjarfélagi, sem hans flokksmenn stjórna og heitir Hafnarfjörður, sé betur stjórnað en Reykjavík. Ef fara ætti eftir því, á hvorum staðnum veltuskatturinn er hærri, mundi Hafnarfjörður standa heldur höllum fæti í samanburðinum, því að ég hygg, að veltuskatturinn í Reykjavík fari ekki mikið yfir 1%, en veltuskatturinn í Hafnarfirði mun komast upp í 5% í nokkrum atvinnugreinum.

Hv. þm. undraðist það mjög, að eignir félaga nái ekki fjárhæð, sem samsvarar eins árs tekjum þeirra. Og hann spyr: Hvað er orðið af öllum tekjunum? Hvers vegna eru þessi félög ekki ríkari á pappírnum en raun gefur vitni? Svarið er mjög einfalt. Það er vegna þess, að tekjurnar fara að mestu leyti í útsvör og skatta. Um það ber öllum saman, að það er ákaflega erfitt fyrir hlutafélög, þrátt fyrir þau miklu fríðindi, sem hv. þm. telur að þau hafi, að safna sjóðum. Og ég hef orðið var við það, að útlendingar undrast þetta, þegar um þetta er rætt og þeim eru gefin upp dæmi, að firmu, sem hafa starfað í mörg ár og hafa verið vel rekin, eiga svo að segja enga varasjóði.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál. Það gengur vafalaust sína braut á þessu þingi. En ég vil þakka hæstv. fjmrh., þó að hann sé ekki í d., fyrir þá yfirlýsingu, að þetta mál skuli verða lagt fyrir næsta þing og að þá verði gengið frá félagakaflanum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:6 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 574, n. 685 og 691).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Meiri hl. fjhn. mælir með samþykkt þessa frv. Í meiri hlutanum eru fjórir af fimm mönnum, sem eiga sæti í fjhn. Fimmti nm., hv. 4. þm. Reykv., er mótfallinn frv., að nokkru leyti a. m. k. Nál. frá honum er enn ekki komið út úr þoku sköpunarinnar. (Gripið fram í.) — Það er að koma inn. — En eftir umr. þeim, sem fram fóru í n., gizka ég á, að minni hl. sé mótfallinn 1. gr., að tekjuskattur félaga verði á árinu 1955 afskrifaður um 20% frá þeirri útkomu, er verður eftir útreikningi samkv. óbreyttum eldri ákvæðum, eins og gert var á árinu 1954. Aftur á móti hygg ég, að hv. minni hl. sé samþykkur 2. gr. frv., um 50% álag á eignarskatt.

Þegar breytt var ákvæðum um tekjuskatt einstaklinga á síðasta Alþingi, svo að álöguþungi hans lækkaði um 28—29% samkv. útreikningi skattstofunnar, þá var ekki lokið endurskoðun á þeim kafla tekjuskattslaganna, sem er um tekjuskatt félaga. Standa þess vegna hinar gömlu reglur óbreyttar árið 1954 um skatt félaganna, að öðru leyti en því, að hann var lækkaður um 20% til samræmis við hina fyrrnefndu lækkun tekjuskattsins á einstaklingum. Enn er ekki lokið endurskoðuninni, og samkomulag hefur enn ekki fengizt um till. til breytinga á löggjöfinni um tekjuskatt félaganna.

Lög um tekjuöflun sveitarfélaga eru í endurskoðun hjá sömu nefnd, og ákvæði um tekjuöflun sveitarfélaga snerta mjög, að því er félögin snertir, ákvörðun um till. um tekjuskattslöggjöf fyrir þau. Á ég þá sérstaklega við það, sem kallað er veltuútsvar og til þessa hefur verið lagt á þá, sem reka atvinnu, og þá fyrst og fremst

félög. Þau hafa ekki verið gerð frádráttarhæf, og getur það orðið til þess, — reynslan hefur sýnt það, — að stundum hafa verið teknar samtals meiri greiðslur af félögunum til ríkis og sveitar en þau hafa haft í tekjuafgang. Einnig má benda á það, að löggjöf um hlutafélög er í athugun, og hefur það nokkuð mikla þýðingu, hvernig lagasetningu um hlutafélögin verður breytt, við það að ákvarða álögur tekjuskatts á félögin.

Af þessum ástæðum, að endurskoðuninni er ekki lokið og till. ekki fyrir hendi um breytingar á löggjöfinni, leggur hæstv. ríkisstj. til, að ákvæðin, sem sett voru til bráðabirgða fyrir 1954, verði framlengd fyrir árið 1955.

Meiri hl. fjhn. mælir með þessu, eins og ég sagði áðan, og fyrir því að framlengja ákvæðin eru hin sömu rök og að setja ákvæðin í fyrra. Hins vegar lýsir meiri hl. nefndarinnar því yfir, að hann telur áríðandi, að lokið verði endurskoðun skattalaganna fyrir næsta þing, svo að ekki þurfi oftar til samþykktar á þessum bráðabirgðaákvæðum að koma.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 691, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, gat ég ekki fallizt á till. hv. meiri hl. um að samþykkja frv. óbreytt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ákvæðin um tekjuskattsauka hlutafélaga verði framlengd til ársloka 1955, samkv. 46. gr. tekjuskattslaganna, og enn fremur, að ákvæðið um álag á eignarskatt í 67. gr. sömu laga skuli gilda áfram til loka þessa árs. Þessum tveimur atriðum frv. er ég fullkomlega samþykkur og því sammála hv. meiri hluta hvað það snertir.

Hins vegar er enn fremur svo til ætlazt samkv. 1. gr. frv., að tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur félaga séu lækkaðir um 20% frá því, sem ákveðið er í skattstiga tekjuskattslaganna. Þessi lækkun var ákveðin á síðasta Alþingi fyrir næstliðið ár, og er nú lagt til, að hún verði einnig framlengd fyrir þetta ár. Ég er alveg andvígur því, að þessi skattaívilnun verði veitt félögunum núna, eins og ég var andvígur því á síðasta þingi, að skattar þeirra væru þá lækkaðir um þessi 20%. Ástæðan til þess er sú, að með sérstökum ákvæðum, sem gilda um framtöl og skattlagningu félaga, sérstaklega hlutafélaga, eru þeim veitt svo mikilsverð fríðindi og skattaívilnanir, að að minni hyggju er ekki ástæða til þess að veita sams konar lækkun á sköttum til þeirra og talið var að hefði verið framkvæmd á sköttum einstaklinga með breytingu tekjuskattslaganna á síðasta þingi.

Þær ívilnanir, sem þessum félögum eru veittar frá skattgreiðslu, eru með ýmsu móti. Í fyrsta lagi er, svo sem öllum er kunnugt, úthlutun arðs til hluthafa, ef um hlutafélag er að ræða, sem nemur 5% af hlutafénu. Í öðru lagi er ákveðinn hluti af nettótekjum, sem heimilt er að leggja skattfrjálsan í varasjóði félaganna. Og í þriðja lagi, sem ekki skiptir minnstu máli og í ýmsum tilfellum mestu máli, eru afskriftareglur þær, sem upp hafa verið teknar nú á seinni árum og eru ákaflega þýðingarmiklar einmitt fyrir stærstu félögin, sem hafa miklar fasteignir, skip, vélar og annað þess háttar undir höndum auk húseigna og landeigna. Þar eru ákvæðin um afskriftirnar svo rúm, að það má losna við skattgreiðslur af gífurlegum upphæðum á ári hverju, ef þeim er beitt til fulls.

Eins og kunnugt er, þá er meginhlutinn af gróðamyndun í landinu núna einmitt hjá ýmiss konar félögum, hlutafélögum, sameignar- og samvinnufélögum, og er ástæðan til þess sú, að meiri skattfríðindi hafa verið veitt þessum félögum og auðveldara að koma fé sínu undan skatti á þann hátt heldur en ef einstaklingarnir hefðu reksturinn með höndum. Í því er hvöt til að leggja saman fé sitt og ráðast þannig í stærri fyrirtæki, og er ekkert um það að segja. En það hefur einnig leitt til þess, að búin eru til hlutafélög, sem eru í raun og veru bara einstaklingsrekstur, og njóta þau þá eða þeir einstaklingar, sem að þeim standa, sömu skattfríðinda og ef um raunverulegan og reglulegan félagsskap margra manna væri að ræða.

Það er vitað, eins og ég áðan sagði, að megingróðasöfnunin í landinu rennur til þeirra félaga, sem þessi ákvæði skattalaganna fjalla um, og allir vita, að þar er um gífurlegar upphæðir að ræða. En við skattframtöl kemur það fram, að á árinu 1953 eru ekki taldar fram sem skattskyldar nema rösklega 28 millj. kr. hjá 80 tekjuhæstu félögunum í Rvík. Það getur engum, sem nokkuð þekkir til hér, blandazt hugur um, að þessi upphæð er ákaflega fjarri því að segja til um það, hverjar raunverulegar tekjur eða arður þessara félaga hefur orðið, auk þess sem að sjálfsögðu eru ýmis vanhöld á framtölum margra þessara félaga, því að bæði menn og stofnanir eru ekki gjörn á að flíka tekjum sínum meira en nauðsynlegt er við skattframtöl, hygg ég að sé óhætt að segja. Þá liggur það, hversu þessi upphæð er lág, í því, að þegar hún er ákveðin, er búið að draga frá varasjóðstillögin, úthlutun arðs til þeirra, sem fé eiga í fyrirtækjunum, og loksins fyrningarafskriftir af þeim eignum, sem afskriftir falla á og félögin hafa með höndum. Og enginn vafi er á því, að hér er um svo gífurlegar upphæðir að ræða, að þau skattfríðindi, sem á þann hátt fást, eru margra milljóna króna virði.

*Eftir því sem næst verður komizt* á framtölum 80 tekjuhæstu félaganna í Reykjavík, mun hrein eign þessara félaga hafa verið á milli 400 og 500 millj. kr. á árinu 1953, og er þá talið, að fasteignamat, sem að sjálfsögðu er talið fram sem verð á fasteignum þeirra til skatts, sé um 1/5 hluti af raunverulegu verði. Þegar litið er til þessa, *er það augljóst, að ekki nema litill hluti* af raunverulegum tekjum þessara félaga kemur fram til skatts, eins og lögin eru nú, og því enn þá minni ástæða til þess að veita ívilnanir frá skatti, lækka þennan lága skatt, sem þarna er um að ræða, um 1/5 hluta, eða 20%.

Meginþungi skattabyrðarinnar hvílir, eins og öllum er kunnugt um, á einstaklingum í landinu og þá fyrst og fremst þeim einstaklingum, sem

hafa launatekjur og ekki nokkra möguleika á því að leyna tekjum sínum eða koma þeim undan skatti.

Ég álít því, að það sé annað, sem kallar miklu meira að til breytinga á skattalögunum en að lækka þann tiltölulega lága skatt, sem félögin bera, miðað við eignir þeirra og tekjur, — það séu aðrar breytingar, sem kalli miklu meira að en að lækka þennan tiltölulega lága skatt um fimmtung fyrir það eina ár, sem hv. frsm. telur að hér muni vera um að ræða.

Hv. frsm. drap réttilega á það, að árið 1952 hefði verið skipuð mþn. í skattamálum til þess að athuga tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og gera till. til breytinga þar á. Frá þessari hv. mþn. komu till. gegnum ríkisstj. á síðasta þingi um breytingar á skattlagningu einstaklinga, sem hlutu afgreiðslu hér á þingi. En enn á þessu þingi, þó að liðin séu 3 ár full síðan nefndin var skipuð, hafa engar till. komið fram um breytingar á sköttum félaganna og ekki heldur um tekjustofna sveitarfélaganna. Mér varð því mikil ánægja að því, að hv. frsm. upplýsti nú, að þess mætti vænta, að till. um þetta efni mundu koma frá n. það snemma, að þær yrðu lagðar fyrir þingið núna í haust. Mér virðist einmitt, með tilliti til þessa, að það sé engan veginn aðkallandi að lækka þennan skatt, sem hér um ræðir á félögunum, þar sem telja má víst eftir þessari yfirlýsingu hv. frsm., að hér sé aðeins um eitt ár að ræða og að lögin verði í heild sinni endurskoðuð hvað þetta snertir þegar á næsta þingi. Eins og ég áðan sagði, eru önnur atriði, sem ég tel að meira kalli að.

Hv. frsm. gat þess einnig, sem mér þykir vænt um að heyra, að í sambandi við endurskoðun á skattlagningu félaganna væri nauðsynlegt að athuga einnig hlutafélagalögin. Ég er honum sammála um þetta og vildi mega vænta þess, að það yrði gert hið bráðasta, því að það eru tvö mál, sem snerta hvort annað.

Ég sem sagt get ekki orðið samferða hv. meðnm. mínum. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að fella úr frv. ákvæðin um þessa skattalækkun hjá félögunum, og legg því til á þskj. 691, að 1. gr. verði breytt og orðuð eins og þar segir.

ATKVGR.
Brtt. 691 felld með 9:4 atkv.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 722).

---

## 33. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (stjfrv.).

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum** [189. mál] (stjfrv., A. 578).

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það eru á dagskránni í dag í raun og veru þrjú stjfrv., sem mæla má fyrir í einu, og mun ég í raun og veru gera það til að spara tíma. Þessi frv. eru í fyrsta lagi það frv., sem hæstv. forseti lýsti nú, frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. 7. málið á dagskránni — ég leyfi mér, með leyfi hæstv. forseta, aðeins að nefna það, því að efni þessara frv. er svo líkt — er frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Og 8. málið á dagskrá er svo frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands. Öll þessi frv. fjalla um að breyta útlánsvöxtum þeirra lánsstofnana, sem þarna er um að ræða, sjóðs verkamannabústaðanna, ræktunarsjóðs og byggingar- og landnámssjóðs. Er hér með lagt til, að útlánsvextir þessara stofnana verði hækkaðir um 1½% í þeim öllum.

Það er með tveimur frv. nokkuð ýtarleg grg., þó að hún sé ekki löng, og er þar lýst mjög ýtarlega, hvers vegna þetta er gert. En eins og allir hv. dm. vita, hefur frá því, að þessi löggjöf var sett, orðið mikil breyting á útlánsvöxtum bankanna, og er þessi hækkun því gerð til þess að samræma það meira, svo að hlutfallið á milli venjulegra útlánsvaxta bankanna og þeirra útlánsvaxta, sem eru í þessum sjóðum, verði svipað og áður hafði verið. Það er sýnt fram á það í frv. um ræktunarsjóð og í frv. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, hve í raun og veru þessir sjóðir muni tiltölulega fljótt éta sig upp með þeirri vaxtapólitík, sem nú hefur verið notuð. Það verður að greiða svo stórkostlegar fúlgur í vaxtamismun, að það verður aðeins til þess að íþyngja með sjóðunum. Þessar breytingar hafa það vitanlega í för með sér, að hægara verður um útlán úr þessum sjóðum en annars hefði orðið.

Ég skal gjarnan taka það fram, að ég er ekkert í sjálfu sér sérstaklega glaður yfir því að þurfa að leggja fram frv. um hækkun á vöxtum af lánum úr þessum sjóðum, hverjum þeirra sem er. En ég tel það fulla nauðsyn. Er þetta einn liður í því samkomulagi, sem hefur orðið innan ríkisstj. í sambandi við frv. um íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum, sem er hér á dagskrá einnig, til 2. umr., og snertir það t. d. byggingarsjóð sveitanna mjög, þar sem honum er einmitt í þeirri löggjöf tryggt allmikið framlag næstu tvö árin.

Með þeim breytingum, sem hér eru gerðar á

þessum vöxtum, má segja, að hlutfallið milli venjulegra útlánsvaxta lánsstofnana og útlánsvaxta í þessum sjóðum sé sama og var, þegar lögin voru sett, eða því sem næst. Má því segja, að hlutfallslega njóti þessir sjóðir sömu hlunninda og áður, miðað við venjulega bankavexti.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta. Þetta mál er ósköp einfalt í sjálfu sér. Munu hv. alþm. þegar hafa áttað sig á því, hvað fyrir vakir með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gera, en þessi frv. eru einn liður í því samkomulagi, sem náðst hefur í húsbyggingarmálum þjóðarinnar.

Þessi frv. verða að sjálfsögðu athuguð í nefndum að lokinni þessari umr., og er þá hægt að taka það til athugunar, hvort ástæða væri til að gera einhverjar frekari breytingar á þeim lögum, sem hér er um að ræða. Ég get t. d. nefnt það, að ég hef heyrt um það talað, að kannske þyrfti að gera einhverjar frekari breytingar á lögunum um verkamannabústaðina en þarna kemur fram, en það var talið rétt að bera þessi frv. öll fram í þessu formi. Og það er víst óhætt að fullyrða það, að þegar þessar breytingar hafa verið gerðar á útlánsvöxtum, sem hér eru, er engin stofnun, sem veitir vaxtalægri lán en hér er um að ræða. Stofnlánadeildin, sem á sínum tíma veitti 2% lán eins og byggingarsjóður sveitanna og verkamannabústaðasjóðurinn, er hætt að lána út, og sú lánsstofnun, sem raunverulega hefur komið í hennar stað, mun lána út með 4%, held ég að rétt sé. Ég vildi aðeins benda á þetta til þess að sýna, að hér er að vissu leyti um samræmingu að ræða við þá vaxtapólitík, sem rekin hefur verið hér undanfarin ár, og ríkisstj. lítur þannig á, að ekki sé um annað að ræða en að hafa samræmi varðandi þær lánsstofnanir, sem ég hér hef nefnt, og út af þessu eru þessi frv. hér fram borin.

Ég mun svo leyfa mér að leggja til, að frv. því, sem hér er nú til umr., um breyt. á l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn., en mun gera till. um hin frv., þegar þar að kemur.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði í sinni framsöguræðu fyrir þessu máli, að hér væri raunverulega um mjög einfalt mál að ræða, og það er á vissan hátt alveg rétt hjá honum. Það er hér um stórfellt „prinsip"-mál að ræða og að því leyti ákaflega einfalt. Það er mál, sem við getum rætt um án þess að vera nokkuð óvissir um, hvað í því felist, og komið okkur niður á, hvaða afstöðu við viljum taka til þeirrar stefnu, sem fram kemur í því.

Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, að við gerum okkur grein fyrir, þegar nú kemur fram hvert frv. á fætur öðru um vaxtahækkun og það hækkun á vöxtum, sem búið er að halda lágum 25 ár, — að við gerum okkur ljóst, hvaða stefna það er, sem þarna er um að ræða, og hvaða afstöðu við viljum taka til þeirrar stefnu.

Hvað eru raunverulega vextirnir, og hvað tákna þeir í þessu tilfelli sem öðrum? Vextirnir eru ákveðinn hluti af þeirri almennu gróðamyndun, sem fram fer í þjóðfélaginu. Þeir eru hluti af því almenna arðráni, sem á sér stað á vinnandi stéttum. Vextirnir eru sá hluti af slíkri gróðamyndun eða af slíku arðráni, sem fer til peningaeigendanna sem slíkra. Það er sá hluti af heildargróða auðmannastéttarinnar, sem fer til peningaeigendanna sem sérstakur skattur til þeirra, og að því leyti eru þessir vextir skattur, ekki aðeins á verkamenn og bændur eða aðrar vinnandi stéttir, heldur að nokkru leyti á atvinnurekendur líka, þ. e. þá atvinnurekendur, sem sjálfir verða að taka sitt fé að láni og nota það í atvinnulífinu. Það er sá beini gróðaskattur til þeirra, sem peningana eiga, en ekki standa sjálfir í neinum framkvæmdum. Og það er ákaflega nauðsynlegt, að hvert þjóðfélag og ekki síst þjóðfélag, sem er í eins örum vexti og okkar, geri sér alveg ljóst og ákveði það með l., hve mikill sá hlutur á að vera, sem peningamennirnir, eigendur peninganna, í mótsetningu við ekki aðeins vinnandi stéttirnar, heldur meira að segja atvinnurekendurna líka, að svo miklu leyti sem þeir eru lántakar, eigi að vera, þ. e. peningaeigendanna gagnvart öllum öðrum aðilum þjóðfélagsins, verkamönnum, bændum og atvinnurekendum. Við skulum gera okkur ljóst, að þegar við erum að taka ákvarðanir um, hvað vextir eigi að vera háir, hvort heldur er í þessu tilfelli eða öðrum, þá erum við að skipta þeim gróða, sem myndast í þjóðfélaginu sem heild, á milli þessara aðila, ákveða, hve mikill hluti skuli haldast hjá þeim, sem skapa þennan gróða, og hve mikill hluti skuli fara til þeirra, sem venjulega eru beinlínis aðeins peningaeigendur í slíku tilfelli.

Í okkar þjóðfélagi, eins og það er skipulagt, hefur ríkið sem slíkt alveg sérstaka aðstöðu til þess að ráða þessum málum, — aðstöðu, sem mörg ríki annars í auðvaldsheiminum ekki hafa á sama hátt. Það hefur þá aðstöðu, að hér á Íslandi eru allir bankarnir ríkisbankar og seðlabankinn einvörðungu ríkisbanki, þannig að ákvörðunin um vexti og vaxtaupphæð er þess vegna háðari ákvörðunum ríkisins, þ. e. Alþingis og seðlabankans, heldur en í flestöllum öðrum kapítalistiskum löndum. Ríkið hefur einnig sjálft mjög góða aðstöðu til þess að geta ráðið um þessa hluti, vegna þess að ríkið lætur seðlabankanum í té allan réttinn til seðlaútgáfunnar og þar með til mjög mikils hluta af allri þeirri peningamyndun, sem notuð er til veltu í þjóðfélaginu. Seðlabankinn notar þetta fé, sem ríkið lætur honum í té, án þess að hann sem stendur greiði nokkurn skapaðan hlut af því fé, nokkra vexti af seðlunum til ríkisins sem slíks, heldur rennur það allt saman til seðlabankans. Ríkið lætur með seðlaútgáfunni Landsbanka Íslands eða seðlabankanum í té sem stendur 250 millj. kr. eða þar í kring, — það breytist ofur lítið, fer upp í 270—280 millj. og niður fyrir 250, en almennt hefur það verið tvö síðustu árin um 250 millj. kr.

Þessar 250 millj. kr., sem seðlaútgáfan er, er sá hluti úr allri peningaveltu landsins, sem ríkið sem slíkt og Alþ. sem slíkt hefur þess vegna alveg sérstaka ástæðu, sérstakt vald og sérstaka möguleika til að ráðstafa, ekki síst hvað vexti snertir, og af þessum seðlum, af þessum 250

millj. kr., sem ríkið setur í veltu af peningum í þjóðfélaginu, eru engir vextir teknir. M. ö. o.: Ríkisvaldið hefur það algerlega í sínum höndum að ákveða, hverjir skuli fá þessar 250 millj. kr. til útlána og með hvaða kjörum. Þar með hefur ríkið aðstöðu til þess, ef það vill t. d. hlynna að einhverjum sérstökum sjóðum í þjóðfélaginu, að segja við seðlabankann: Af þessari seðlaútgáfu, sem þið nú hafið svo að segja að léni frá þjóðfélaginu, ákveðum við, að þið skuluð lána ákveðnum sjóðum svona og svona mikið og að þið skuluð taka fyrir það þessa og þessa vaxtaupphæð. Ég býst við, að það sé almennt reiknað með því, að sjálfur kostnaðurinn við seðlaútgáfuna, prentunina á seðlum, eftirlit með því og allt saman slíkt, sé raunverulega ekki meiri en í allra hæsta lagi ¼% af því fé, sem seðlarnir tákna.

Það hefur einu sinni verið nokkuð rætt við Landsbankann um, hvernig að skyldi fara, þegar Alþ. tók ákvarðanir um, hvernig hluti af seðlaveltunni skyldi notaður. Það var þegar Stofnlánadeild sjávarútvegsins var sett á stofn. Þá var ákveðið, að 100 millj. kr. af fé Landsbankans, seðlabankans, skyldu hagnýttar til að setjast í þessa stofnlánadeild.

Upprunalega var um það talað, þegar um það var rætt hér í þinginu, að vextirnir af þessu fé, sem ríkið þannig lagði til stofnlánadeildarinnar, skyldu vera kringum 1%. Það var okkar upphaflega hugmynd, sem fyrir því beittu sér. Því miður tókst ekki að fá það í gegn. Það var sett Landsbankanum í sjálfsvald, hvaða vexti hann reiknaði, og ég veit, að Landsbankinn hefur reiknað stofnlánadeild sjávarútvegsins 2¼% af því fé, þessum 100 millj. kr., — nú í kringum 70 millj. kr., — sem hann hefur lánað henni. Stofnlánadeildin hefur síðan lánað út með 2½%. Hún hefur fengið ¼% til þess að standast kostnaðinn við sinn rekstur og önnur útgjöld, sem hún þurfti að borga.

En þetta dæmi sýnir hins vegar, hvernig hægt er að fara að fyrir þjóðfélagið. Þess vegna hefur raunverulega ríkið getað á hverjum tíma sem það hefur viljað tekið þær ákvarðanir að segja með lögum: Svona og svona mikið af því fé, sem seðlabankinn hefur til umráða frá ríkinu, skal hagnýttur í þessu og þessu skyni. Alþ. ákveður með lögum, að t. d. 50 millj. kr. af því fé, sem seðlabankinn hefur til umráða, skuli settar í t. d. byggingarsjóð, þann byggingarsjóð, sem ætlaður er fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum eða byggingarsjóð verkamannabústaðanna, eins og það er venjulega kallað í daglegu tali. Eða hins vegar, ef við þannig vildum hafa það: Ríkið ákveður, að svo og svo mikið af því fé, sem seðlabankinn hefur til meðferðar, t. d. 50 eða 100 millj. kr., skuli sett í byggingarsjóð sveitanna og vextirnir, sem seðlabankinn reiknar af því fé, skuli vera t. d. ¼%, t. d. ½%, t. d. 1%. Þetta er vald, sem Alþ. hefur og getur notað, hvenær sem það vill, og ég skal taka það fram, að í sumum löndum er það svo, að ríkið tekur sérstakt gjald af seðlabankanum fyrir seðlana, sem það setur í umferð.

Þess vegna hefur ríkið, þ. e. a. s. Alþ., með sínu löggjafarvaldi og með eignarvaldi þjóðarinnar á bönkunum og fyrst og fremst seðlabankanum möguleika til þess sjálft að ákveða, hvaða vextir skuli teknir, a. m. k. af öllu því fé, sem snertir sjálfa seðlaútgáfuna. Alþ. hefur það líka um annað fé, en það hefur þar þægilegasta aðstöðuna, vegna þess að það þarf ekki á neinn hátt að grípa inn í lögmál þess almenna viðskiptalífs, þegar það ákveður vexti af því fé, sem er seðlaútgáfan. Við vitum, að Alþ. grípur að vísu inn í það almenna viðskiptalíf með lögum að öðru leyti. Alþ. ákveður t. d. með lögum, að vextir, sem séu hærri en 7—8%, — það hefur farið dálítið eftir árunum, hvað við höfum ákveðið þetta hátt, — skuli teljast okur, skuli vera bannaðir, og það meira að segja þó að viðskiptalífið, það frjálsa viðskiptalíf, eins og það er kallað, á hinum ýmsu tímum, hafi máske boðið hærra í vexti af fé en 7 eða 8%. M. ö. o.: Alþ. og ríkisvaldinu hefur þótt rétt að ákveða, að þótt það frjálsa viðskiptalíf lánaði jafnvel fyrir 10%, jafnvel fyrir 12%, jafnvel hærra, þá væri það ekki löglegt, þá varðaði það við lög og menn hlytu dóma fyrir að taka hærri vexti en t. d. 7 eða 8%. Það eru ekki liðin mörg ár síðan við urðum allt í einu að fara að framlengja hér á Alþ. brbl., sem ríkisstj. hafði sett um vaxtaupphæð, vegna þess að óvart hafði það komið í ljós, að Landsbankinn sjálfur var orðinn sekur um okur, og ríkisstj. varð að gera brbl. í hvelli og Alþ. síðan að samþykkja þau brbl. seinna til þess að forða Landsbankanum undan því að verða sekur um okur.

Þess vegna hljótum við að ræða það spursmál í sambandi við þetta mál, hvort ríkið á ekki að nota það vald, sem það hefur í sambandi við seðlaútgáfuna, til þess að gera kleift að hafa lága þá vexti, sem við erum allir sammála um, — og það heyrði ég alveg sérstaklega á hæstv. félmrh., að hann var síður en svo glaður yfir að flytja þetta frv., — að þyrftu sérstaklega að vera lágir.

Hvernig hefur það verið undanfarið í okkar þjóðfélagi um þessa afstöðu til vaxtanna? Það hafa verið þær hugmyndir uppi, og þau lög, sem við hér erum að ræða um að breyta, lög, sem upprunalega hétu um verkamannabústaði, voru sprottin upp af hugmyndum um, að það yrði að losa verkamenn, þegar þeir væru að reyna að koma sér upp íbúðum, við vaxtaþrældóminn, losa þá við að þurfa að greiða háa vexti af því fé, sem þeim væri lánað til íbúðarhúsabygginga. Og á sama tíma sem þessi hugmynd kom upp, sem liggur til grundvallar þessu frv., komu líka þær hugmyndir upp og fengu útrás í einum fyrstu og róttækustu till., sem Framsfl. þá flutti, frv. um byggingar- og landnámssjóð, að það skyldu ákveðnir til handa bændum til þeirra framkvæmda, sem þjóðfélaginu og bændastéttinni riði á að ráðizt yrði í, lægri vextir en almennt væri ákveðið í þjóðfélaginu. Á árunum 1920—30, þegar þessi l. upphaflega voru sett, var það alveg ákveðin hugsjón af hálfu verkamanna og bændahreyfingarinnar og ekki sízt Framsfl. og Alþfl. að leysa bændur og verkamenn undan þeirri kvöð, undan þeim skatti, sem hinir almennu, háu vextir viðskiptalífsins lögðu á þá, svo framarlega sem þeir væru látnir verða undirorpnir þeim lögmálum, sem giltu á hinum frjálsa

peningamarkaði. M. ö. o.: Þær hugsjónir, sem lágu til grundvallar ákvæðinu í l. um verkamannabústaði fyrir 25 árum og þeim öðrum frv., sem verið er að breyta með þeim l., sem hérna liggja fyrir, voru alveg ákveðnar hugsjónir róttækra verkamanna og bændaflokka um að hindra, að lífsnauðsynleg starfsemi þessara stétta lenti undir því oki, sem háir vextir í auðvaldsþjóðfélaginu eru. Það var verið að reyna að forða verkamönnum og bændum undan þeim almennu lögmálum viðskiptalífs kapítalismans, undan þeim háu vöxtum, sem viðgangast venjulega í þjóðfélagi, þar sem á annað borð er hægt að hafa allmikinn gróða af peningum eða peningaeign og af því að leggja peninga í atvinnurekstur. Þess vegna voru þessi lagaákvæði, sem Alþfl. og Framsfl. beittu sér fyrir fyrir 25 árum í fyrstu till., sem fram komu viðvíkjandi verkamannabústöðum og viðvíkjandi byggingar- og landnámssjóði, og síðan voru í ýmsum l. og á mismunandi tímabilum sett í l. alveg fram á síðustu ár, vottur um tilhneigingar til þess að láta ekki auðvaldsskipulagið og þess viðskiptalögmál verða alls ráðandi í þjóðfélaginu, til þess að skapa alveg sérstaka aðstöðu fyrir verkamenn og bændur til að vinna að því að koma upp íbúðarhúsabyggingum og gera þeim það kleift með allt öðrum og betra hætti en hið almenna lögmál viðskiptalífsins hefði gert þeim mögulegt.

Nú sagði hæstv. félmrh., að frá þeim tímum, sem þessir vextir voru ákveðnir, hefði orðið mikil breyting á. Rétt er það, að mikil breyting hefur orðið á. En hann áleit, að nú væri sérstök ástæða til þess að samlaga þau ákvæði, sem giltu um þessa sjóði, bæði í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þeim öðrum, sem hæstv. ráðh. minntist á, að nokkru leyti þeim háu vöxtum, sem nú væru orðnir. En er þetta nú að öllu leyti rétt? Við skulum athuga. Hafa ekki á tímabilinu frá því að l. um verkamannabústaði voru sett fyrir 1930 fyrr orðið háir vextir hér á Íslandi? Ég vil aðeins minna á, að við höfum orðið að ganga í gegnum mjög erfið tímabil með mjög háum vöxtum á þessum tíma og ekki síst vegna þess, að við vorum þá orðnir allskuldugir erlendu valdi. Ég skal t. d. minna á, að fyrir 20 árum, 1935, var svo komið hjá okkur, að þær erlendu skuldir, sem við þá stóðum í, voru samkvæmt skýrslu hagstofunnar, í janúar 1935, hvorki meira né minna en 83 millj. kr., sem þá skiptust þannig, að ríkið skuldaði erlendis um 35 millj. kr., bankarnir 21 millj., bæjar- og sveitarfélög 4 millj. og einstaklingar, þ. e. a. s. þeir einstaklingar, sem til náðist, 22 millj. Þetta þýddi alls, að landið skuldaði erlendis 83 millj. kr. Ég býst við, að væri ekki skakkt ágizkað hjá mér að segja, að 83 millj. kr. þá samsvari raunverulega um 830 millj. kr. nú. Ég býst við, að það sé alveg óhætt að segja, að tífaldazt hafi það verðmæti, sem þá var um að ræða. Meginið af þeim lánum t. d., sem bankarnir höfðu þá erlendis, var með 5—5½% vöxtum og þar í kring. M. ö. o.: Á þeim tíma urðu bankarnir aðeins að greiða fyrir það fé, sem þeir fengu að láni erlendis, um 5% í vexti. Það þýddi þá um 4 millj. kr. á ári, sem við urðum að greiða út úr landinu eingöngu í vexti og var enginn smáræðis skattur fyrir okkur þá. En þessi skattur hækkaði þó náttúrlega í meðförunum hérna heima, bankarnir lögðu á þetta. Og hvað voru raunverulegir vextir hér á Íslandi orðnir á tímabilinu 1930—40? Hvað voru t. d. þeir vextir, sem togaraútgerðin á Íslandi varð raunverulega að borga á tímabilinu 1930—39? Það vita allir, hve illa togaraútgerðin stóð þá, það vita allir, hve mikið hún var farin að skulda og að meginið af hennar víxlum varð venjulega að framlengjast með alls konar vöxtum og dráttarvöxtum, og ég held, að það sé ekki of mikið fullyrt, þó að sagt sé, að sú vaxtaupphæð, sem togaraútgerðin þá varð að borga, hafi mjög almennt verið 9 og 9½%. Ég veit um t. d. bæjarútgerð Hafnarfjarðar, og ég man eftir, að Sjálfstfl. var á þeim tíma oft að vitna í, að það væri ekki rétt gott með þessar bæjarútgerðir, þær væru alltaf að tapa, en ég man, að það lá þá fyrir heildaruppgjör fyrir þau 9 ár, frá 1930—39, um bæjarútgerð Hafnarfjarðar, þar sem það stóðst alveg á tapið, sem bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafði orðið fyrir á þessum 9 árum, og vextirnir, sem hún hafði orðið að borga til bankanna. Og það var frá vinstri flokkunum þá ekki síður oft vitnað í tap Kveldúlfs og skuldir hans, og mér er nær að halda, að það mundi e. t. v. hafa komið út eitthvað ekki ósvipað dæmi, ef það hefði verið tekið fyrir.

En þó að togaraútgerðin, sem þá eins og nú var einn höfuðgrundvöllur atvinnulífs landsins, yrði að borga svona háa vexti, var þá látið undan og var farið að hækka vextina, sem verkamannabústaðirnir og þeirra byggingarsjóður varð að borga? Þó að sjálfur Landsbankinn og bankarnir tækju svona háa vexti og þeir væru vafalaust þá mjög algengir í viðskiptalífinu og máske hærri vextir, var látið undan og var farið að hækka þá 2½% vexti, sem þá voru í l. um byggingarsjóði verkamannabústaðanna og annarra? Nei, það var ekki farið að hækka þá. Þeir flokkar, sem í upphafi höfðu beitt sér fyrir því að hafa lága vexti við byggingar handa verkamönnum og við byggingar og framkvæmdir í sveitunum, stóðust alla þessa eldraun, stóðust alla þessa vaxtahækkun í þjóðfélaginu í kringum þá, héldu áfram að hafa vextina lága til byggingarsjóðanna. Og ekki aðeins það. 1944, þegar farið var að ræða um að kaupa nýjan togaraflota til landsins og byggja ný fiskiðjuver, þá var vaxtaspursmálið eitt af því fyrsta, sem kom á dagskrá hjá þeim, sem beittu sér fyrir þessu. Þegar rætt var um það, hvort hægt mundi vera að fá einstaklinga og félög, bæjarfélög þar á meðal, til þess að kaupa slíka togara, þá þótti öllum þeim, sem vildu tryggja, að landsmenn gætu eignazt þessa togara, alveg sjálfsagt að ákveða með sérstökum l. og það jafnvel þó að það kostaði þá nokkur átök við Landsbankann, að stofnlánin til þessara togara skyldu ekki vera með nema 2½% vöxtum, jafnvel var lengi talað um 2%, og það var jafnvel rætt um, að það mundi e. t. v. vera heppilegast, að ekki aðeins stofnlánin, heldur líka meira að segja rekstrarlánin ættu helzt ekki heldur að vera hærri. M. ö. o.: Þrátt fyrir alla þá háu vexti, sem greiddir voru á árunum 1930—40 í því almenna viðskiptalífi

og af hendi bankanna, þótti ekki aðeins ekki ástæða til þess að fara að breyta l. um verkamannabústaði og þeim l., sem þá enn þá giltu viðvíkjandi sveitunum í þessum efnum, heldur þvert á móti ástæða til þess að tryggja meira að segja þeim tilvonandi togaraeigendum samsvarandi lága vexti eins og verkamönnum og bændum hafði verið tryggt áður. Og þetta var alveg tvímælalaust rétt stefna. Þetta var sú stefna að reyna að halda því, sem mest þjóðþrif væru að, því, sem væri önnur eins lífsnauðsyn og byggingarnar fyrir verkamenn og bændur og framkvæmdirnar fyrir framtíðina í sveitinni og öflun togaranna til hinna ýmsu bæja landsins, og þeim miklu lánum, sem til þess voru veitt, utan við þau almennu lögmál viðskiptalífsins, utan við hin svokölluðu frjálsu viðskipti peningamarkaðsins, girða þau af, tryggja þau með sérstöku móti, þannig að vextirnir gætu verið 2 eða 2½%, hvað svo sem vextirnir annars í þjóðfélaginu yrðu. Nú er hins vegar allt í einu komið fram með frumvörp um að breyta þessu, um að hækka þessa vexti í þessu tilfelli, sem við hér ræðum viðvíkjandi verkamannabústöðunum og þeirra byggingarsjóðum, úr 2% upp í 3½%, og það er rökstutt með því, að það þurfi að samlaga þetta ástandinu á peningamarkaðinum.

Ég vil strax taka það fram, að ég álít þetta ranga pólitík, ranga vaxtapólitík, ranga þjóðfélagslega pólitík. Og mér er alveg ljóst, hvaðan kemur þessi gífurlegi þrýstingur, sem nú er smám saman að eyðileggja endurbætur, sem staðizt hafa í 25 ár alla storma kreppna og okurs hér á Íslandi. Við sáum það mjög greinilega í þeirri litlu grg., sem fylgdi gengislækkunarfrv. 1950, að það var lögð sérstök áherzla á það af þeim, sem þá grg. ritaði, dr. Benjamín Eirikssyni, að vextirnir af fé því, sem Íslendingum áskotnaðist, yrðu reiknaðir allháir, þegar ríkið lánaði þá út, og við vitum, að til þess hefur leitt sá þrýstingur, sem þar kom fram frá amerískra auðvaldinu sem gefandanum í þessu efni, að ríkið hefur út úr mótvirðissjóðnum síðan lánað með 5½% vöxtum. M. ö. o.: Þá háu vexti, sem við urðum að stynja undir frá hálfu Englands á tímabilinu eftir 1930, þegar Íslendingar urðu svo að segja þrælar til þess að geta borgað vextina til enska auðvaldsins, er nú verið að gera landlæga í okkar eigin landi undir áhrifum amerískra auðvaldshugsunarháttarins, undir áhrifum þess hugsunarháttar, að peningarnir heimti sitt og eigi kröfu á sínu, hvað svo sem öllu líði og allri velferð mannanna, sem skapa verðmætin. Öll þessi tilhneiging til vaxtahækkunar, sem nú brýzt fram í þessu frv. líka og hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu 5 árum á Íslandi, er áhrif þess auðvaldshugsunarháttar, sem verið er að berja inn í þjóðina, þeirrar peningadýrkunar, sem verið er að reyna að gagnsýra þjóðina með og núna er að rífa niður og eyðileggja allt, sem eftir var af umbótum þeirra ára, þegar sótt var fram í þessum efnum.

Ég skil þess vegna vel, að hæstv. félmrh., sem sjálfur er búinn að standa í baráttu í þessum málum, sérstaklega hér áður fyrr árum og áratugum saman, og eins og raunverulega allur Framsfl. hefur verið stoltur af því að geta tryggt þá lágu vexti, sem voru ákveðnir upprunalega til bændanna, sé, eins og hann komst að orði, ekki glaður yfir þessu frv., sem hér er lagt fram. Ég skil, að hann líti á þetta sem eins konar neyðarúrræði. En þetta er ekki einu sinni úrræði, þetta er því síður neyðarúrræði. Það er engin þörf á að gera þessa ráðstöfun. Það, sem er að gerast þarna, er, að gróðamyndunin í þjóðfélaginu kringum okkur er að smita út frá sér. Hún er að skapa þann hugsunarhátt, að það megi helzt hvergi vera nokkur „óasi", nokkur vin, nokkur staður, þar sem háu vextirnir fái ekki að ryðja sér til rúms. Við sáum þetta í húsnæðisfrv. ríkisstj., þar sem farið er upp í 7%, — farið upp í takmörk þess, sem var okur fyrir nokkrum árum samkv. lögum. Og nú á sem sé að róta burt þessum gömlu ákvæðum í lögunum um verkamannabústaði og framkvæmdir, sem sveitirnar snertir.

Spurningin, sem hér liggur fyrir okkur, er þess vegna ákaflega einföld, eins og hæstv. ráðh. kom inn á. Eigum við að láta undan þessum þrýstingi frá gróðamyndunninni, frá auðvaldshugsunarhættinum, frá peningadýrkuninni í kringum okkur, eða eigum við að standa gegn henni? Eigum við að segja: Það er engin ástæða fyrir Alþingi Íslendinga, það er engin ástæða fyrir þjóðfélagsheildina til þess að láta þessi lögmál, sem gilda í hinu frjálsa viðskiptalífi, gilda um þessar athafnir, sem þarna er um að ræða, — þær athafnir, að verkamenn komi sér upp búsföðum, sem standa í 100—200 ár, eða þær endurbætur, sem bændur eru að vinna fyrir komandi kynslóðir, og þær byggingar, sem þeir eru að reisa og þarf ekki að endurnýja af hverri kynslóð eins og torfbæina gömlu, a. m. k. hér á Suðurlandi, heldur geta staðið jafnvel aldaraðir? Er nokkur ástæða til þess, að þjóðfélagið fari að reikna háa vexti af þessum framkvæmdum, það þjóðfélag, sem sjálft leggur til með seðlaútgáfunni, bönkum landsins, fyrst og fremst seðlabankanum, fé, sem Alþ. raunverulega getur alveg ákveðið, hvaða vexti það vill reikna af? Ef við viljum setja inn í þessi lög, að af seðlaútgáfunni skuli ráðstafað til byggingarsjóðs verkamanna svona og svona miklu láni með svona og svona lágum vöxtum, þá er það hlutur, sem seðlabankinn verður að gera á morgun. Þetta er fullkomlega á okkar valdi. Það er ekkert spursmál um það. Alþ. verður aðeins að ákveða fyrst, hvort það vill beygja verkamenn og bændur undir það lögmál, sem auðvaldsskipulagið er að skapa í kringum okkur, eða hvort það vill tryggja verkamenn og bændur gegn afleiðingum þess frjálsa viðskiptalífs, svo að notuð séu þau orð, sem formælendum þess eru tömust, eða ef við vildum nota önnur ljótari orð: tryggja þá gegn okrinu og arðráninu, sem á sér stað í sambandi við peningaeignina og peningalánin. Ég álít, að við eigum að berjast á móti þessum tilhneigingum, og af því að ég fann á hæstv. félmrh., að hann var ekki glaður yfir þessu, þá held ég, að við eigum að gleðja hann hér, meiri hl. í hv. Nd., með því að fella þetta frv. og lofa þeim vöxtum að standa, sem nú

eru, og ég veit, að hann yrði glaður yfir því. Hann mundi að vísu spyrja okkur: Ja, hvar á ég þá að taka peningana, til þess að sjóðirnir ekki tapi? — Ég mundi segja honum hvað byggingarsjóðinn snertir fyrir sveitirnar og ræktunarsjóð: T. d. gætum við lofað Búnaðarbankanum að hafa eitthvað með útlendu viðskiptin að gera, sem eru aðalgróði hinna bankanna. — Ég held, að ef það væri ákveðið, að gróðinn af gjaldeyrisviðskiptum hjá Búnaðarbankanum rynni í ræktunarsjóð eða byggingarsjóð sveitanna, þá mundi það vera margfalt meira fé en það, sem Búnaðarbankinn og þessir sjóðir tryggja sér með þessari hækkun. Og ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því. Við höfum hér í Nd. einu sinni áður samþykkt það að gefa Búnaðarbankanum slíka heimild. Það var fellt í Ed. og varð þess vegna ekki að lögum, en við getum samþ. það einu sinni enn, og ég held, að það væri miklu betra fyrir byggingarsjóð sveitanna og fyrir ræktunarsjóð. Hvað byggingarsjóð verkamannabústaðanna snertir, þá getum við einfaldlega gert þær ráðstafanir að skylda seðlabankann til þess að lána með lágum vöxtum, alveg eins og við gerðum viðvíkjandi stofnlánadeild sjávarútvegsins, til byggingarsjóðsins ákveðna upphæð. Það gerir ekkert til, þó að seðlabankinn missi þar með af ofur litlum gróða. Hans gróði er meira en nægur fyrir og mjög óeðlilegur sem gróði seðlabanka.

Ég held þess vegna, að við höfum þarna fullan möguleika til þess að breyta til og að það sé rétt af okkur að gera það. Við eigum ekki að láta undan, og við eigum að segja ríkisstj. það, að hún þurfi ekki að láta undan í þessum efnum.

Nú vill kannske hæstv. félmrh. segja, að þetta væri þveröfugt, því að þetta viðgengist í löndunum í kringum okkur. En ég vil leyfa mér að benda honum á, að það er ekki rétt. Hann vill máske meina, að það séu bara hin sósíalistisku lönd, sem geri þannig ráðstafanir viðvíkjandi vöxtunum, en það er ekki svo. Lönd, þar sem auðvaldsskipulagið er jafnríkt og jafnvel sterkara en hjá okkur, gera líka svona ráðstafanir. Ég vil aðeins benda á þær ráðstafanir, sem núna ríkja í Danmörku og núverandi stjórnarflokkur þar, danska sósíaldemókratíið, hefur verið alveg sérstaklega stoltur af, þar sem ákveðnir eru vextir og það meira að segja til 40 ára af lánum til verkamannabústaða og fleiri bústaða, sem eru aðeins 2%, þannig að 2% vextir eru vextir, sem viðgangast í mjög svo ríkum mæli í ýmsum þjóðfélögum í kringum okkur. Hér er þess vegna spurningin um það, hvort við eigum að láta meira undan þeirri almennu tilhneigingu, sem auðvaldsskipulagið sem slíkt og hér á Íslandi alveg sérstaklega afskipti ameríska auðvaldsins og ameríska bankavaldsins hafa, — hvort við eigum að láta meira undan þeirri tilhneigingu en okkar nágrannalönd, hvort við eigum að reyna að varðveita dálítið af þessum gömlu endurbótum og standa á móti því, að vextirnir, sem með mjög róttækum ákvörðunum voru upphaflega markaðir eins lágir og raun hefur borið vitni um í þessi 25 ár, eigi nú að breytast.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hv. þm. gjaldi varhuga við þessu frv. ríkisstj., — þeir segi þvert á móti við hæstv. ríkisstj.: Við viljum ekki fallast á þessa ráðstöfun, en við skulum vera reiðubúnir til þess að benda ríkisstj. á aðrar leiðir til þess að tryggja fé til þeirra sjóða, sem þarna er um að ræða, og tryggja það, að þeir geti starfað án þess að tapa. — En ég álít það stórt mál og stórt „prinsip"-mál, að við stöndumst þennan þrýsting, sem þarna á sér stað, og að við reynum að halda í þessar gömlu endurbætur, sem hafa þó fengið að standast þessi 25 ár, og látum þær ekki fjúka út í þá hringiðu peningavaldsins, peningadýrkunarinnar og okursins, sem svellur nú allt í kringum okkur.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Hæstv. landbrh. flutti hér áðan framsögu fyrir þremur málum, sem eru á dagskránni í dag. Gerði hann þetta, eins og hann sagði, vegna þess að þessi mál væru öll sama eðlis, sem þau og eru, þ. e. a. s., þau eru öll um að hækka vexti af lánum, í fyrsta lagi til byggingar verkamannabústaða, í öðru lagi til landnáms og nýbýla í sveitum og í þriðja lagi til ræktunar og bygginga í sveitum almennt.

Ég mun eins og hæstv. landbrh. ræða í örfáum orðum um þessi þrjú mál, en bæta jafnframt nokkrum athugasemdum við um fjórða málið í þessu sambandi, sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram í réttri númeraröð á undan þessum þrem málum, sem hér eru til meðferðar.

Hæstv. landbrh. sagði, að þessi mál væru fram borin vegna þess, að þau væru liður í samkomulagi innan ríkisstj. um húsabyggingar þjóðarinnar.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég hafði haldið, að hæstv. ríkisstj. hefði á undanförnum mánuðum, sem hún hefur látið þingið sitja aðgerðalítið í bið eftir húsnæðismálafrv., verið að vinna að því að finna einhverja lausn til að gera byggingarmál þjóðarinnar ódýrari og hagkvæmari en verið hefur, — að hún væri að finna einhver ráð, einhverja lausn til að gera fólki í þessu landi hagkvæmara og auðveldara að byggja yfir sig en verið hefur að undanförnu. En ef þessi mál eru liður í húsnæðismálum ríkisstj., þá hefur hæstv. ríkisstj. verið að vinna alveg þveröfugt. Þá hefur hún verið að vinna að því að gera mönnum erfiðara fyrir að byggja yfir sig, en ekki auðveldara, því að það hljóta allir að skilja, að hækkaðir vextir á lánum til bygginga gera mönnum erfiðara fyrir um byggingar, en ekki auðveldara. Þess vegna furðaði mig á því, þegar ég sá þessi frv. koma hér fram á þinginu á eftir húsnæðismálafrv. ríkisstj., og þó alveg sérstaklega, þegar hæstv. landbrh. tók það fram, að þessi mál væru liður í samkomulagi ríkisstj. um húsbyggingarmálin almennt.

Nú býst ég við því, að ég þurfi ekki að taka það fram, til þess að hæstv. landbrh. skilji, að á undanförnum árum hefur sú dýrtíð, sem skapazt hefur í þessu landi, gert mönnum í sveitum landsins alveg sérstaklega erfitt fyrir um allar framkvæmdir. Það vita allir, og þ. á m. hæstv. landbrh., hversu það er erfitt fyrir fátæka menn í sveitum landsins að koma á fót búi þar, bæði að því er snertir byggingar, jarðakaup og bú-

stofn. Ég hef hingað til haldið, að Framsfl. a. m. k. vildi vinna nokkuð til að auðvelda mönnum þetta. Ég hef haldið, að hann teldi það nokkurt tjón fyrir þjóðarheildina, ef menn þyrftu í síauknum mæli að hverfa úr sveitunum vegna þess, hve dýrtíð og verðbólga hefur gert öll skilyrði fyrir menn til að hefja landbúnað erfið viðfangs. En ég verð að segja það alveg umbúðalaust, að eftir að ég sé þessi þrjú frv., sem hér liggja fyrir, þá getur ekki hjá því farið, að ég efist mjög um það, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, að Framsfl. telji það nokkru skipta héðan í frá, þó að sveitirnar leggist í auðn í síauknum mæli. Á annan veg verður það tæpast skilið, að sá flokkur skuli gerast aðili að þessum frv. um hækkun vaxta á lánum til nýbýla og ræktunar og bygginga í sveitum. Og ef enn er litið til þess, að þessi sami flokkur, Framsfl., hefur í núverandi ríkisstj. og á þessu þingi gerzt aðili að og flutt ásamt ráðherrum Sjálfstfl. frumvörp um lækkun á ýmsum öðrum liðum, — liðum, sem snerta þá ríkustu í þjóðfélaginu, — þá held ég, að línur hljóti að fara að skýrast í því efni, hverra hag Framsfl. ber raunverulega fyrir brjósti. Og þá ætla ég að vitna til þess máls, sem ég tók hér með mér sem fjórða mál, þ. e. a. s. mál, sem var hér á dagskrá á síðasta fundi þessarar d., um lækkun á sköttum gróðafélaga í landinu. Framsfl. lítur sýnilega svo á, að það sé honum ríkari skylda og það sé brýnni nauðsyn fyrir þjóðfélagið að gefa gróðafélögum landsins eftir af sköttum 20% heldur en að reyna að halda í horfi vaxtagreiðslum af lánum til landbúnaðarins. Öðruvísi verður það ekki skilið, að hann skuli vera aðili að öllum þessum fjórum frv., sem ég hef hér fyrir framan mig.

Hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að vaxtamismunur á lánum þeirra sjóða, sem lána til framkvæmda í landbúnaðinum, væri orðinn svo mikill, þ. e. a. s. mismunurinn á þeim vöxtum, sem þessir sjóðir taka, og svo lánunum, sem þeir lána til framkvæmda í landbúnaðinum, að sjóðirnir mundu fljótlega eyðast, ef ekkert væri að gert.

Nú skulum við snöggvast líta á, hverjar þessar fúlgur eru.

Í grg. með frv. til laga um aðstoð við verkamannabústaði er ekkert um þetta rætt, enda mun þar ekki um neinn vaxtamismun að ræða, því að þessum sjóði hefur verið lagt til hverfandi lítið, ef þá nokkurt fé að undanförnu.

Í grg. frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum segir, að vaxtatekjur þess sjóðs, sem þar er um að ræða, séu á ári 960 þús., þ. e. a. s. tekjurnar af þeim lánum, sem hann lánar til landbúnaðarframkvæmda, en vaxtagjöld hans, þ. e. a. s. vextirnir, sem hann greiðir af þeim peningum, sem hann fær til útlána, séu 847 þús. Umframtekjur þessa sjóðs af vöxtum eru þá 113 þús. kr. á ári, svo að það er sýnilegt af þessu, að a. m. k. í augnablikinu er ekki um nein vaxtatöp og sízt af öllu neinar fúlgur að ræða í því sambandi hjá þessum sjóði, svo að þetta frv. hefði því ekki þurft að bera fram núna.

Í grg. frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands segir, að vaxtatekjur hans séu nú 1850 þús. á ári, en vaxtagjöld 2 millj. og 100 þús.; vaxtatapið því 250 þús. á ári. Þarna er að vísu um mjög lítilfjörlega upphæð að ræða, mjög smávægilega á okkar mælikvarða í þjóðfélaginu í dag. En það er alveg rétt, að þó að þessi upphæð sé engin fúlga, eins og hæstv. landbrh. sagði, heldur mjög lítil, þá þarf þessi sjóður, Ræktunarsjóður Íslands, að sjálfsögðu að fá hana bætta. Það er skiljanlegt og eðlilegt, að hann geti ekki tekið þetta tap á sig. — Svo segir enn í grg., að tap á útlánum þessa sjóðs, miðað við það, að hann láni út með 2½% vöxtum, en taki fé með 6½% vöxtum, sé 40 þús. kr. á ári af hverri millj. Nú vita allir, að þarna er ekki um að ræða margar milljónir á ári, sem velt er. Þær eru sárafáar. Tapið, 40 þús. kr. á hverja milljón, getur því aldrei orðið nein fúlga.

Ég leyfi mér að halda því fram, að hæstv. núverandi ríkisstj. hafi hiklaust og feimnislaust borgað án allra heimilda í fjárlögum stærri fúlgur úr ríkissjóði til þarfminni hluta en þó að hún hefði borgað þessar smáupphæðir til þessara nauðsynlegu hluta úr ríkissjóði án þess að biðja um heimild fyrir. Og ég efast ekki um, að ef hún hefði beðið um heimild til að borga þennan vaxtamismun, þá hefði hún mjög fúslega fengið þá heimild frá Alþingi. En ef hæstv. ríkisstj. vill ekki fara út á þá braut að borga þessar litlu upphæðir úr ríkissjóði, eins og nú standa sakir, þá skal ég á það fallast. En um leið vil ég benda hæstv. ríkisstj. á aðra leið, og alveg sérstaklega hæstv. fjmrh., af því að hann er hér viðstaddur, en ekki hæstv. landbrh., sem ég hefði þó mjög óskað eftir að væri viðstaddur þessa umr. og skil ekki, hvers vegna hann getur ekki setið í sætinu sínu hér, — þá vil ég benda hæstv. fjmrh. á leið til þess að ná þessu lítilfjörlega vaxtatapi byggingarsjóða sveitanna og verkamannabústaða með öðrum ráðum en að gera því fólki, sem fær þessi lán, erfiðara fyrir en nauðsyn er að hagnýta sér þau og byggja upp það, sem þarf og þjóðinni allri í nútíð og framtíð er nauðsynlegt að byggt sé upp. Þetta ráð er að taka þennan vaxtamismun af gróðafélögunum með því að framlengja ekki lögin um 20% eftirgjöf af skatti gróðafélaganna, — með því sem sagt að draga þetta frv., sem er 188. mál, á þskj. 574, til baka og nota þá peninga, sem þessi 20% skatteftirgjöf mundi gefa ríkissjóði, til þess að borga vaxtamismun byggingarsjóðs verkamanna, nýbýlasjóðs og ræktunarsjóðs. Það mundi vera mun þarfara og betra verk af hendi hæstv. ríkisstj. en að hækka vexti af þeim lánum, sem þetta fátæka fólk á kost á að fá til að byggja yfir sig og komandi kynslóðir í þessu landi.

Hvað er það, sem veldur því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki fara þessa leið, án þess að henni sé á það bent? Hvers vegna er hún að gefa gróðafélögunum þennan skatt eftir? Hvaða nauðsyn er á því að lækka skatt gróðafélaganna um 20%? Hæstv. fjmrh. sagði hér við umr. um það mál á síðasta fundi hér í þessari deild, að tekjur ríkissjóðs af skatti, sem þessi gróðafélög borguðu, væru orðnar hverfandi litlar í hlutfalli við þann skatt, sem einstaklingarnir borga, og þess vegna munaði ríkissjóð sáralítið um það, þó að gefið

væri eftir af honum. En hvernig stendur á því, að tekjur ríkissjóðs af skatti gróðafélaganna eru litlar, miðað við tekjur hans af skatti einstaklinga? Er það af því, að gróðafélögin í landinu hafi minni tekjur og minni gróða en einstaklingarnir? Nei, það er ekki af því, og það vita allir, að sú er ekki orsökin. Hins vegar stafar þetta af því, að gróðafélögin í landinu hafa möguleika til að skattsvíkja, sem einstaklingarnir hafa ekki, og af því að gróðafélögin nota þennan möguleika. Þetta veit hæstv. ríkisstj., og þetta veit hið háa Alþingi Íslendinga. En hvernig bregðast þeir við þessari staðreynd? Jú, á þann hátt að refsa ekki gróðafélögunum fyrir skattsvik, heldur verðlauna þau fyrir að skattsvíkja svo, að tekjur ríkissjóðs séu orðnar hverfandi litlar. Í stað þess sem sagt að refsa gróðafélögunum fyrir skattsvikin eru þau verðlaunuð. Vegna þess að tekjur ríkissjóðs af skatti þeirra eru orðnar mjög litlar, þar sem þau skattsvíkja sennilega um 50—75% af tekjum sínum, þá skulu þau nú ekki einu sinni borga þennan skatt, sem þau af frjálsum og fúsum vilja ætla að borga, því að annað gefa þau ekki upp. Þau gefa ekki upp aðrar tekjur en þær, sem þau vilja af frjálsum og fúsum vilja greiða skatt af. Þá kemur hæstv. ríkisstj. og segir: Nei, herrar mínir, þetta er ofrausn, þið hefðuð átt að skattsvíkja meira, og vegna þess að þið ekki skattsvikið meira en þið gerið núna, þá skulum við gefa ykkur eftir 20% af þeim skatti, sem þið vilduð sjálfir borga. — Ég hygg, að þetta sé einsdæmi í veraldarsögunni, a. m. k. meðal siðmenntaðra þjóða. Og nú vil ég benda hæstv. ríkisstj. á, að til þess að forða sér við algera háðung í þessum efnum, til að forðast það að verða að athlægi um allt land, þá ætti hún nú að draga þetta frv. til baka, bera fram nýtt frv. og segja: Skatteftirgjöf gróðafélaganna verður ekki endurnýjuð, þeir verða að borga sinn skatt, sem þeir af frjálsum og fúsum vilja vilja borga, en við notum hluta af þeim tekjum, sem ríkissjóður á þann hátt fær, til þess að borga vaxtatöp ræktunarsjóðs, nýbýlasjóðs og þess sjóðs, sem veitir lán til verkamannabústaða. — Ég er alveg viss um, að ríkisstjórnin mundi hljóta miklu meiri blessun fyrir þetta hjá þjóðinni almennt heldur en þá blessun, sem hún fær frá gróðafélögunum fyrir þau 20%, sem hún ætlar að gefa þeim.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Lög um verkamannabústaði voru sett árið 1929, og þau eru því búin að vera í gildi í rúmlega 25 ár. Samkv. þessum lögum hefur verið byggt allmikið af íbúðarhúsum í flestum eða öllum kaupstöðum landsins og allmörgum þorpum. Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, þá var gert ráð fyrir því, að hægt yrði samkv. þeim að koma upp, eftir því sem árin liðu, allmiklu af íbúðarhúsnæði yfir alþýðu manna, þar sem reynt yrði að gæta að því, að byggingarnar yrðu ekki tilfinnanlega dýrar, og enn fremur þar sem reynt yrði að haga málum þannig, að t. d. verkamenn gætu fyllilega risið undir kostnaði af nýjum íbúðum.

Það var því strax farið inn á þá braut að ætla byggingarsjóði verkamanna talsverðar árlegar tekjur með föstu framlagi ríkissjóðs og jafnháu föstu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum eftir íbúafjölda hvers staðar um sig. Þannig áskotnaðist sjóðnum allmikið árlegt fé, og sjóðurinn hefur verið að byggja sig upp á þessum tíma, sem hann hefur staðið.

Lánskjör sjóðsins voru svo strax miðuð við þessa sérstöðu hans, að hægt væri að lána út fé til þessara bygginga með tiltölulega mjög hagstæðum lánskjörum. Þannig hefur þetta nú verið í allmörg ár, að vextir af lánum byggingarsjóðs verkamanna hafa verið aðeins 2%, en lánstími hefur yfirleitt verið á þessum lánum 42 ár. Þegar þessi lánskjör eru borin saman við lánskjör á öðrum byggingarlánum, einkum þeim, sem menn hafa þurft að taka nú í seinni tíð, þá er alveg augljóst mál, að þarna hlýtur að verða um miklu hagstæðari kjör fyrir menn að ræða en þeir verða við að búa, sem ekki eiga kost á því að byggja samkv. þessum lögum. Ég hygg, að í seinni tíð hafi það verið mjög algengt, að menn hafi þurft að borga af byggingarlánum sínum 7% vexti og jafnvel í einstaka tilfellum þar yfir, og lánin, sem þeir hafa fengið, hafa fæst verið til lengri tíma en til 10 eða 15 ára, og ýmsir hafa þurft að sætta sig við nokkurn hluta af byggingarlánunum til miklu styttri tíma. Það gefur því alveg auga leið, að það hefur verið ákaflega erfitt fyrir þá, sem hafa byggt sér íbúðarhús utan þessara laga, að rísa undir þeim mikla árlega kostnaði, sem af íbúðarbyggingunni hefur leitt. En lögin um verkamannabústaði hafa í þessu efni skapað sérstöðu og gert mörgum manninum kleift að rísa undir kostnaði af byggingu tiltölulega góðrar íbúðar, þar sem lánin hafa verið veitt til svona langs tíma og með svona hagstæðum vaxtakjörum.

Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er í fyrsta skipti lagt til að hrófla við grundvelli þessara laga á þann hátt að gera lánskjörin til muna lakari en þau hafa fram að þessu verið. Nú er lagt til að hækka vextina af lánum byggingarsjóðs verkamanna úr 2% um 1½%, í 3½%. Því er nú haldið fram, að það sé rétt að ráðast í þessa breytingu, aðallega til þess að halda samræmi í þessu efni milli vaxtakjara hjá þessum sjóði og almennra vaxtakjara, sem nú séu í landinu. Það verður að játast, að það virðast vera rök heldur úrleiðis að grípa til þess að halda því fram, að þegar um slíka löggjöf er að ræða eins og þessa, sem er til komin í þessum tilgangi, sé nauðsynlegt að grípa til þess að draga úr hlunnindum hennar og gera mönnum torveldara fyrir, aðeins vegna þess, að einhverjir aðrir hafa komizt upp með að hækka vaxtakjör á peningum og hagnazt meira af útlánum peninga en góðu hófi gegnir. Það er sem sagt ekki borið við í þessu efni að halda því fram, að sjóðnum sjálfum sé í rauninni nauðsynlegt að hækka vaxtakjörin, vegna þess að hann þurfi á því að halda.

Inn í þessar umr. hafa blandazt hér tvö önnur mál, sem eru um mjög svipað efni og það, sem hér er til umr. Það eru sem sagt frv. um hækkun á vaxtakjörum hjá ræktunarsjóði og hækkun á vaxtakjörum hjá byggingar- og landnámssjóði. Í þeim tilfellum báðum er því haldið fram, að þeir sjóðir þurfi nú að hækka útlánsvexti sína

vegna þess, að vaxtatekjur þessara sjóða hrökkvi varla — eða ekki í öðru tilfellinu — á móti vaxtagjöldum, þar sem þessir sjóðir þurfa að afla sér nokkurs starfsfjár með lánsfé, sem þeir verða að greiða fyrir allmiklu hærri vexti.

Ég vil í fyrsta lagi leiða athygli að því, að hvað viðkemur því frv., sem hér liggur fyrir um verkamannabústaði, er ekki minnzt á það í grg. þess og engin rök hafa verið færð fyrir því, að það sé nauðsynlegt fyrir þann sjóð að hækka sín vaxtakjör af þessum ástæðum, að vaxtatekjur sjóðsins séu nú orðnar þannig, að þær fái ekki risið undir vaxtaútgjöldum þessa sjóðs. Ég vil óska eindregið eftir því, að þeir, sem að þessu frv. standa, gefi hér upplýsingar um það, hvernig fjárhag byggingarsjóðs verkamanna er nú komið, hvað vaxtatekjur sjóðsins séu miklar á ári hverju og hvað vaxtaútgjöldin eru mikil. Ég tel alveg víst, að þær upplýsingar mundu leiða í ljós, að sjóðurinn hefur enn allmiklu meiri vaxtatekjur en vaxtaútgjöld. Byggingarsjóður verkamanna hefur til þessa yfirleitt tekið sáralítið af lánum til sinnar starfsemi. Hann hefur að langsamlega mestu leyti byggt sína lánastarfsemi á þeim föstu árlegum tekjum, sem sjóðurinn hefur samkv. landslögum, framlagi bæjar- og sveitarfélaga og framlagi ríkissjóðs, og svo á óafturkræfu fé, sem ríkissjóður hefur látið þessum sjóði í té, m. a. í sambandi við þær tekjur, sem mynduðust hjá bönkunum við gengisbreytinguna 1950, en þá hygg ég að byggingarsjóður verkamanna hafi fengið hálfa fimmtu millj. kr. eða þar um bil frá ríkissjóði. Síðan hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að sjóðurinn skyldi eiga þetta fé og þyrfti ekki að greiða af því vexti eða neinar afborganir.

Í sambandi við þau önnur frv., sem hér hafa dregizt inn í þessar umr., frv. um ræktunarsjóð og frv. um byggingar- og landnámssjóð, vil ég einnig segja það, að ég tel með öllu ástæðulaust að fara út í þá vaxtahækkun hjá þessum sjóðum, sem þau frv. gera ráð fyrir.

Það kemur fram í grg. fyrir frv. um ræktunarsjóð, að hann hefur enn þá hagstæðar vaxtatekjur. Hann hefur s. l. ár 113 þús. kr. meira í vaxtatekjur en í vaxtaútgjöld, svo að enn er vel hægt að reka þann sjóð, án þess að komi til beinna vaxtatapa, enda á nú ræktunarsjóður orðið æði mikið fé, sem honum hefur áskotnazt með föstu framlagi ríkissjóðs til sjóðsins og enn fremur með mjög álitlegum fjárfúlgum, sem samþ. hefur verið hér á Alþingi, fyrst að lána sjóðnum, en síðan að veita honum á óendurkræfan hátt. Eignir ræktunarsjóðs eru því orðnar býsna miklar, eða hans eigið fé, sem hann þarf ekki að gjalda neina vexti af. Að vísu er það svo, að búast má við því, að ræktunarsjóður þurfi að fá til sinnar starfsemi nokkurt lánsfé, og af því verður hann án efa að greiða talsvert miklu hærri vexti en hann tekur af sínum lánveitingum. En ég tel, að það væri miklu eðlilegra að mæta þeim vaxtamismun, sem reynslan sýnir að þar kann að myndast, með beinu framlagi frá ríkissjóði eða hækka nokkuð hið beina framlag, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til ræktunarsjóðs, frá því, sem nú er, og vinna þannig upp þennan vaxtamismun, sem allar líkur benda til að ekki eigi að þurfa að vera mikill á komandi árum.

Alveg það sama er að segja um byggingar- og landnámssjóð. Þar er ég algerlega andvígur því, að lagt verði út í þá vaxtahækkun, sem það frv. gerir ráð fyrir, þó jafnvel að þar sé nú farið að myndast smávægilegt vaxtatap. Það er tiltölulega smávægilegt, þó að vaxtatap hjá þeim sjóði hafi numið s. l. ár 250 þús. kr., og ætti að vera auðvelt af ríkinu að bæta upp þann mismun, þannig að ekki þurfi að ganga á stofn sjóðsins. — En það er þó eins með alla þessa sjóði, sem hingað til hefur þótt sjálfsagt að reyna að halda uppi mjög lágum vaxtakjörum hjá, að vextir þeirra skipta gífurlega miklu í hinni almennu afkomu í landinu.

Svo að ég víki fyrst að byggingarsjóði verkamanna, þar sem gert er ráð fyrir, að vaxtakjörin verði hækkuð um 1½%, þá telst mér til, að þar sem lántakandi þarf að taka um 150 þús. kr. lán úr sjóðnum út á nýtízku íbúð nú, — en ég hygg, að slíkt lán sé í ýmsum tilfellum veitt, — þá mundi aðeins þessi vaxtahækkun, 1½%, nema rétt um það bil 200 kr. hækkun á mánuði hverjum í húsaleigu hjá viðkomandi fjölskyldu. Vitanlega hlýtur það að segja til sín í útgjöldum viðkomandi fjölskyldu, og hækkun á húsaleigu almennt kemur ákaflega fljótt fram í öllum atvinnurekstri landsmanna og verðlaginu í landinu almennt.

Það er alveg nauðsynlegt, að menn geri sér fulla grein fyrir því, hversu erfitt verður að halda eðlilegri húsaleigu í landinu, ef vextirnir eru spenntir eins hátt upp og nú er orðin tízka að gera og hæstv. ríkisstj. gerir meira að segja ráð fyrir í því húsnæðisfrv., sem hún er nú að leggja hér fram. Í húsnæðisfrv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að vextir af húsbyggingarlánum verði rösklega 7%, nokkurt viðbótargjald þar fram yfir. Ef gert er ráð fyrir því, að greiða þurfi af lánum á einni íbúð, sem væru 150 þús. kr., 7% vexti, þá nema slík útgjöld á þeirri íbúð í kringum 900 kr. á hverjum mánuði, vextirnir einir saman. Ef hið nýja byggingarlánaform ríkisstj. slær nú þessu föstu, að á meðalíbúð, þar sem áhvílandi lán er um 150 þús. kr., eigi að borga 900 kr. bara í vextina eina saman á mánuði hverjum, þá er líka alveg auðséð mál, að húsaleigan í þessari íbúð mundi varla vera undir því að vera kringum 2000 kr. á hverjum mánuði, því að það þarf vitanlega að greiða af þessari íbúð allmiklu meira en vextina. Það þarf vitanlega að borga afborgun af þessu húsi, og reynslan er venjulega sú, að afborganirnar verða álíka miklar og vextirnir; lánin verða ekki mikið yfir það að verða til jafnaðar í kringum 15 ára lán. Svo þarf að borga ýmis önnur gjöld af húsinu, sem alveg er óhjákvæmilegt, þó að reiknað sé með tiltölulega litlu viðhaldi.

Þegar mánaðarhúsaleiga er komin upp í 2000 kr., en verkamannalaunin eru núna, hafi verkamaðurinn vinnu í 8 klst. á dag eða venjulegan vinnudag, aðeins tæplega 3 þús. kr. á mánuði, þá er alveg auðséð mál, hvað hlýtur að gerast. Þegar ástandið er orðið svona í húsbyggingarmálum í landinu og í húsaleigumálum yfirleitt, komin svona há húsaleiga, sem að verulegu leyti hefur

orðið til af þessum háa vaxtafæti, sem búið er að slá föstum, og tiltölulega stuttu lánum, þá verður afleiðingin sú, að menn, sem jafnan gera kröfu til þess að búa í sómasamlegu húsnæði, heimta hækkað kaup, og sú hefur líka orðið raunin á, að hin gífurlega háa húsaleiga, sem alkunnugt er að er gildandi, einkum hér í Reykjavík, hefur ekki látið standa á sér með það, að menn gerðu sínar kaupkröfur.

Það er furðulegt, að hæstv. ríkisstj. sér nú sérstaka ástæðu til þess að kasta hér fram á Alþingi, í fyrsta lagi frv., sem á að leysa húsnæðismálin á varanlegan hátt, eins og sagt hefur verið, og þar er því slegið föstu, að vaxtakjörin skuli vera a. m. k. 7%, síðan leggur hún fram önnur þrjú frv. hér, sem öll miða að því að hækka vexti hjá byggingarsjóði verkamanna, hjá byggingarsjóði landbúnaðarins og hjá ræktunarsjóði sveitanna, og það án þess að sjáanlegt sé, að nokkur bein ástæða sé til þess að fara út í þessa vaxtahækkun, á sama tíma og gífurleg verkföll standa yfir í landinu, verkafólk er að heimta launahækkun og ríkisstj. segir, að ekki sé með nokkru móti hægt að verða við kröfum verkamanna um hækkað kaup, — en sem svar við kauphækkuninni kemur svo það, að það á að spana upp alla húsaleigu nokkuð frá því, sem verið hefur. Meira að segja verkamennirnir, sem hafa búið við tiltölulega hagstæðust kjör, þeir sem komizt hafa í byggingar verkamannabústaða, eiga líka að fá sinn skatt hækkaðan í útgjöldum að minnsta kosti um 200 kr. á mánuði.

Það er sem sagt sami gangurinn á málunum og jafnan hefur verið, að hækka útgjöldin á allan hátt. Það þykir ekki nema sjálfsagt að leggja fram slík frv. og afgreiða þau hér á hv. Alþ. með tiltölulega miklum hraða, hækka húsaleiguna og hækka rekstrarkostnaðinn hjá bændum landsins, sem þurfa að borga meira af lánum sínum til ræktunarsjóðs, meira af lánum sínum til byggingarsjóðs. Bændurnir eiga líka að velta þessu af sér eins og aðrir, sem heimta sín laun, og hækka sína framleiðslu. Það er alveg augljóst mál, að slíkur gangur sem þessi hlýtur að leiða það af sér, að samtök launamanna og vinnustéttanna í landinu yfirleitt hljóta öll að koma fram með sínar launakröfur á móti, og það er einmitt það, sem þau hafa verið að gera nú að undanförnu.

Þegar rafmagnsverðið hér í Reykjavík var hækkað gífurlega mikið nú fyrir stuttu, þá vitanlega þýddi það allverulega útgjaldahækkun hjá hverju heimili í Reykjavík. Eins verður það, að almenn vaxtahækkun af byggingarlánum þýðir hækkaða húsaleigu og aukin útgjöld hjá almenningi.

Það er hér eitt atriði, sem ég hefði viljað fá upplýst í sambandi við þetta frv. og reyndar þessi frv. öll, sem hér hafa verið nokkuð sameiginlega til umr. Það segir svo í frv., að vaxtakjörin skuli hækkuð úr 2% í 3½%. Er ætlunin, að þessi vaxtahækkun eigi eingöngu að gilda fyrir þau lán, sem veitt verða, eftir að þessi l. öðlast gildi, eða er einnig meiningin, að vaxtakjör þeirra lána, sem nú eru í umferð hjá þessum sjóðum, verði líka hækkuð? Skiptir miklu máli, að þetta sé upplýst, því að þessir sjóðir eiga nú úti allmikið fé, og það væri mjög að koma aftan að mönnum að ætla að hækka vextina af þeim lánum, sem hafa verið veitt á löglegan hátt á sínum tíma og samkvæmt l. á allan hátt. Ég tel, að slík aðferð komi ekki til greina, en það er vitanlega sjálfsagt, að þetta sé upplýst hér, hvort hér er aðeins ætlunin, að þessi vaxtahækkun nái til þeirra lána, sem veitt verða, eftir að l. eru sett, eða einnig til þeirra lána, sem sjóðirnir eiga nú útistandandi.

Það væri í þessu efni freistandi að ræða nokkuð um vaxtakjörin hér í landinu almennt og áhrif hinna háu vaxta almennt í þjóðfélaginu. Því verður ekki neitað, að það virðist vera, að hér sé á ferðinni hjá hæstv. ríkisstj. fyrst og fremst „prinsip"-mál um það, að það sé æskilegt að hækka vexti, jafnvel einnig hjá þeim sjóðum, sem sýnilega þurfa þess ekki með tekna sinna vegna. En það ætti öllum að vera ljóst, að hinir háu vextir, sem nú eru í gildi hér á Íslandi, torvelda mjög verulega samkeppnisaðstöðu okkar einnig á erlendum markaði. Ef við berum saman vaxtakjör hér á landi og vaxtakjör í nálægum löndum, þá er þar um tvennt ólíkt að ræða.

Aðalútflutningsatvinnuvegur okkar Íslendinga, sjávarútvegurinn, verður að greiða í vexti minnst 5% af sínum rekstrarlánum, en í mjög mörgum tilfellum verður að greiða 7% og 7½%. Keppinautar okkar, t. d. í Noregi, hafa yfirleitt ekki þurft að greiða af hliðstæðum lánum nema 2% og mest upp í 3½% vexti, og af beinum framleiðslulánum er upplýst að þeir greiða ekki í mjög mörgum tilfellum nema í kringum 1%. Þeir, sem komið hafa nærri framleiðslunni, t. d. í sjávarútveginum, og hafa fengið að kynnast því, hvers konar geysilegar upphæðir það eru, sem útgerðarfyrirtæki verða að greiða með þessum háu vaxtakjörum, sjá það vitanlega fljótt, að það er útilokað fyrir íslenzk fyrirtæki að keppa á jafnréttisgrundvelli við keppinauta sína í nálægum löndum, á meðan vaxtakjörin eru jafngífurlega há og þau eru hér á landi.

Reikningar bankanna sýna líka, að það er engin þörf á því að halda vaxtakjörunum eins hátt uppi og gert er. Reikningar þjóðbankans hafa sýnt það á undanförnum árum, að hann hefur grætt í kringum 30 millj. kr. á ári. 30 millj. kr. eru vitanlega gífurlega mikil upphæð í gróða af atvinnuvegum landsmanna á hverju ári. Og hinir bankarnir hafa sannarlega tekið sinn hluta. Þessar miklu tekjur hafa bankarnir tekið á sama tíma sem verulegur hluti af útflutningsframleiðslunni, sjávarútveginum, er rekinn með halla. Hefði nú ekki verið nokkru nær, að gróði bankanna hefði verið nokkru minni, en hagur framleiðslunnar hefði almennt verið heldur betri en undanfarin ár? Ég býst við því, að útkoman af slíku hefði orðið sú fyrir þjóðarbúið, að framleiðslan hefði gengið miklu liprara en hún hefur gengið, og framleiðslan hefði orðið meiri, útflutningurinn meiri og gjaldeyristekjur þjóðarinnar miklu hærri.

Við höfum rekið okkur á það, að við höfum heyrt það annað veifið í fréttum, að sagt hefur verið frá þeim ráðstöfunum, m. a. í Englandi nú fyrir ekki löngu, að Englandsbanki gerði þá

ráðstöfun, að hann lækkaði verulega vexti til þeirra framleiðslugreina, sem vinna einkum fyrir erlendan markað. Þar þótti sjálfsagt, að Englandsbanki gerði sérstakar ráðstafanir til þess að aðstoða viss fyrirtæki, sem keppa á erlendum markaði, fyrirtæki, sem vinna að því að skapa þeim gjaldeyristekjur, og þar mátti fara inn á þá braut að lána slíkum fyrirtækjum til síns rekstrar með lægri vaxtakjörum en almennt þekktist þar í landi. En hér þarf alltaf að haga málunum þannig til samræmis við annað að ætla útflutningsframleiðslunni og nauðsynlegustu framkvæmdum, eins og t. d. íbúðarhúsabyggingum, þannig vaxtakjör, sem hljóta að gera það að verkum, að við stöndum verr að vígi í samkeppninni við aðrar þjóðir með alla okkar framleiðslu. Vitanlega segja þessi vaxtakjör mest til sín í sambandi við útflutningsframleiðsluna og atvinnuvegina, en það má bara ekki gleyma því, að háir vextir af íbúðarlánum framkalla háa húsaleigu, og há húsaleiga kemur fljótlega fram í því, að það verða gerðar kröfur um hærra kaup, en hærra kaup vitanlega torveldar svo atvinnurekstrinum að rísa undir sínum auknu útgjöldum.

Út frá þessum sjónarmiðum, sem ég hef nú rakið hér lauslega, er ég algerlega andvígur því, að það frv., sem hér liggur fyrir og er um hækkun á útlánsvöxtum byggingarsjóðs verkamanna, nái fram að ganga. Það er það minnsta, sem farið er fram á við hæstv. ríkisstj., að hún geri gleggri grein fyrir því en hún hefur gert til þessa, hvaða ástæða liggur til grundvallar því, að hún telur nú nauðsynlegt að leggja þetta frv. fram og gera þar með ráðstafanir til þess að kalla á hækkun á húsaleigu í landinu. Hún verður að gefa hér skýrslu um það, hvernig hag þessa sjóðs, sem hér er um að ræða, er háttað. Ég held því fram, að þessi sjóður standi vel að vígi, hann eigi allmikið eigið fé til starfsemi sinnar, hafi tiltölulega lítið af lánum, en allmiklar árlegar tekjur, og hann þurfi því ekki á þessari ráðstöfun að halda.

Komi það í ljós við skýrslu ríkisstj., sem ég ætla að muni koma í ljós, að þetta sé rétt, sem ég hef hér sagt í stórum dráttum, þá stendur hitt eitt eftir, að ríkisstj. lítur svo á, að það sé almenn höfuðnauðsyn að hækka vextina hjá öllum þeim lánsstofnunum í landinu, sem veita nú lán með tiltölulega lágum vöxtum, jafnvel þó að það þýði að lyfta undir hækkandi verðlag í landinu, jafnvel þó að það þýði að hækka húsaleiguna og skapa á nýjan leik grundvöll fyrir hækkandi kauplag í landinu.

Það er ákaflega mikils virði að fá þetta hreinlega upplýst, og það er mjög lærdómsríkt, t. d. fyrir verkamannasamtökin í landinu, sem nú eiga í allhörðu verkfalli, að fá það hreinlega upplýst, hvort það er framlag ríkisstj. til lausnar á þeim deilum, sem nú standa yfir, að knýja fram almenna útgjaldahækkun hjá verkafólki, m. a. með hækkandi húsaleigu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:3 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Alþt. 1954. B. (74. löggjafarþing).

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, n. 630 og 635, 640).

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Fjhn. hefur klofnað um þetta mál, og er nál. meiri hl. á þskj. 630. Leggjum við þar til, að frv. verði samþykkt, en efni þess er að hækka vextina í byggingarsjóði verkamanna um 1½%.

Það kemur fram í nál., að innan fjhn. hefur verið rætt um það, að ástæða væri til að breyta kannske ákvæðum laga um byggingarsjóð verkamanna eða a. m. k. framkvæmd þeirra laga þannig, að kleift væri í framkvæmdinni, að fyrst og fremst sætu þeir fyrir lánveitingum, sem lægst launin hafa, þ. e. a. s. lægst launuðu verkamennirnir, og þá öðru fremur þeir, sem mesta ómegð hafa, að svo miklu leyti sem fjármagn það, sem fyrir hendi er, fullnægir ekki þörfum sjóðsins. Þetta sjónarmið kom einnig til álita innan húsnæðismálanefndarinnar, sem vann að undirbúningi þess húsnæðismálafrv., sem hér hefur verið til umræðu, og gerði hún nokkrar ábendingar í þessu sambandi til hæstv. ríkisstj. Það hefur þó ekki enn verið hnigið að því ráði að leggja fram frekari breytingar, og m. a. hefur það verið skoðun okkar í meiri hl. fjhn., að það mál þyrfti að ræðast betur í samráði við þá, sem framkvæmd þessara mála hafa haft með höndum, stjórn byggingarsjóðs verkamanna. Formaður hennar er nú og hefur verið um nokkurra mánaða skeið erlendis og ekki væntanlegur alveg á næstunni. Eins væri ástæða til að hafa þá nánara samráð í þessu sambandi við stjórnir byggingarfélaga verkamanna, a. m. k. stærstu byggingarfélaganna, eins og hér í Reykjavík og í nágrenni.

Allt þetta hygg ég að gæti komið til álita og athugunar, þegar rætt verður um það af hálfu byggingarsjóðs verkamanna og þessara félagastjórna við þá væntanlegu húsnæðismálastjórn, sem gert er ráð fyrir að setja á laggirnar, hvað sjóðurinn geti orðið mikils fjármagns aðnjótandi úr hinu almenna veðlánakerfi, eins og gerð er grein fyrir í því frv. Að sjálfsögðu ætti það að fara saman, um leið og sjóðnum er aflað meira fjár, að reyna að hagnýta það sem bezt vegna þeirra, sem erfiðasta aðstöðu hafa, vegna þeirra sérstöku lánskjara, sem þessi sjóður býður upp á og eru verulega miklu lægri vextir en gert er ráð fyrir eftir hinu almenna veðlánakerfi og allverulega miklu lengri lánstími.

Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð. Okkur í meiri hl. þótti rétt að láta þessi sjónarmið koma fram, en leggjum að öðru leyti til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég hef flutt hér brtt. á þskj. 639 við þetta frv.

Ég hafði áður í umr. um þetta mál lýst því yfir, að ég er algerlega andvígur þeirri stefnu, sem fram kemur í frv. og miðar að því að hækka útlánsvexti hjá byggingarsjóði verkamanna úr 2% upp í 3½%.

Því hefur verið haldið hér fram í sambandi við þetta mál, að það væri nauðsynlegt að hækka vaxtakjörin hjá þessum byggingarsjóði, vegna þess að hann mundi þurfa að taka nokkurt fé að láni til sinnar starfsemi og greiða allmiklu hærri vexti af þeim lánum en útlánsvextir eru samkvæmt lögum. Nú hygg ég það vera eigi að síður, að sjóðurinn eigi það mikið fé sjálfur, að hann hafi enn sem komið er þó nokkrar hagstæðar vaxtatekjur, svo að þess vegna er ekki enn nein ástæða til þess að fara að hækka þarna vextina. En til þess þó að mæta þessu sjónarmiði, þá legg ég til með brtt. minni, að ríkissjóður leggi byggingarsjóði verkamanna fram nokkru hærra fast árlegt framlag en gert er ráð fyrir með núgildandi lögum.

Fastaframlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs er 150 þús. kr., en þar að auki er svo jafnhátt framlag á móti því, sem bæjar- og sveitarfélög leggja fram.

Nú legg ég til, að fastaframlag ríkissjóðs verði í staðinn fyrir 150 þús. kr. á ári 1 millj. kr. Með því að breyta á þennan hátt tekjum sjóðsins ætlast ég til, að búið sé að vega fyllilega upp á móti þeim vaxtamismun, sem kann að verða í starfsemi sjóðsins á komandi árum. Hins vegar eru þessi auknu útgjöld ríkissjóðs til þessa þarfa sjóðs svo óveruleg fyrir ríkissjóð, eða 850 þús. kr. á ári, að það getur enginn séð eftir þeirri greiðslu.

Ég vænti því, að það verði fremur horfið að því ráði, sem mín brtt. gerir ráð fyrir, heldur en þeirri vaxtahækkunarstefnu, sem frv. er byggt á.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Hv. fjhn. klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls, og urðum við hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) í minni hluta og leggjum til, að frv. verði fellt.

Í frv. er lagt til, að vextir af lánum úr byggingarsjóði verkamanna verði hækkaðir úr 2% upp í 3½%.

Það er kunnara hv. þm. en frá þurfi að segja, að síðan sjóður þessi var stofnaður árið 1929 hefur hann lánað efnalitlu fólki mjög verulegt fé til byggingar ódýrra og hentugra íbúða og að hin hagstæðu lánskjör, sem gert er ráð fyrir í l. og hafa verið óbreytt frá upphafi, hafa gert ýmsu efnalitlu fólki kleift að búa í þeim íbúðum, sem reistar hafa verið með lánsfé þessa sjóðs. Hin síðari ár hefur þó fjárskortur mjög hamlað starfsemi sjóðsins, þannig að hann hefur ekki getað veitt svo mikil lán sem stjórn hans hefði viljað og félagar í byggingarfélögum verkamanna hafa óskað eftir.

Ýmsir munu hafa gert sér von um, að úr mundi rætast fyrir húsbyggjendum, þegar frv. ríkisstj. um húsnæðismál sá dagsins ljós fyrir skömmu í þessari hv. d. Þær vonir eru nú að svo að segja engu orðnar. Sérstaklega eru vonir hins tekjulága fólks um það, að þetta frv. mundi verða því til einhverrar hjálpar í húsbyggingarfyrirrætlunum sínum, algerlega að engu orðnar, því að lánskjörin, sem gert er ráð fyrir í frv., eru svo óhagstæð, að ekki verður gert ráð fyrir því, að nokkur tekjulágur maður muni geta hagnýtt sér aðstoð þess frv. að fullu. Tilraunir voru gerðar til þess, bæði við 2. og 3. umr., að láta frv. þetta verða til þess að efla byggingarsjóð verkamanna, en þær hafa allar verið felldar, nú síðast fyrir um það bil stundu.

Það er skoðun mín, að ef byggingarsjóði verkamanna hefði verið séð fyrir verulega auknu lánsfé, þannig að honum hefði verið gert kleifara að sinna lánbeiðnum en honum er nú og hefur verið undanfarið, þá hefði ekki verið nein frágangssök að hækka vextina af lánum úr sjóðnum, því að svo mikið mundu menn hafa lagt upp úr því að geta fengið fyrirgreiðslu að því er lánsfé snerti, að menn mundu hafa sætt sig við að þurfa að borga af því nokkru hærri vexti. Einkum ef vaxtahækkunin hefði getað orðið til að greiða fyrir að útvega hið aukna lánsfé, var það þeim mun réttlætanlegra. Eins og málin horfa nú, hefur byggingarsjóði verkamanna ekki verið tryggt lánsfé til viðbótar við það, sem hann nú hefur og er sáralítið, svo að byggingarsjóður verkamanna horfir enn fram á mjög erfiða tíma, horfir enn fram á að verða að synja langmestum hluta þeirra manna, sem leita á náðir hans og eygja lánveitingar úr honum sem einu von sína til þess að geta komið sómasamlegri íbúð yfir höfuð sér.

Undir þessum kringumstæðum getum við hv. 9. landsk. þm. ekki fallizt á neina vaxtahækkun á útlánum úr þessum sjóði. Vaxtahækkunin úr honum undir þessum kringumstæðum mundi verða til þess eins að torvelda enn efnalitlu fólki að eignast sómasamlega íbúð. Þess vegna getum við ekki á hana fallizt og leggjum því til, að frv. verði fellt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 27. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 639 felld með 17:10 atkv.
1. gr. samþ. með 16:9 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, n. 704 og 713).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, er stjórnarfrv., sem borið var fram í hv. Nd. og hefur hlotið samþykki þar. Í því er ætlazt til, að vextir á öllum lánaflokkum samkv. l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hækki úr 2% og upp í 3½%. Í athugasemdunum við lagafrv. þetta er þess getið, að ástæðan til þessarar hækkunar sé sú, að vaxtakjör hér á landi hafi hækkað verulega á undanförnum árum, og að ríkisstj. leggi samtímis fyrir Alþingi frv. til laga um hækkun á vöxtum á lánum byggingarsjóðs sveitanna og ræktunarsjóðs.

Meiri hl. n., þeir fjórir, sem skrifa undir nál. á þskj. 704, leggur til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt og telur sanngjarnt, að þessi hækkun fari fram, miðað við vaxtakjör eins og þau eru hér á landi. Í raun og veru má segja, miðað við almenn útlánskjör banka, að sú upphæð, sem lánuð er, sé raunverulega ekki lánuð, heldur gefin með þessum vaxtakjörum, þegar litið er til lánstímans.

Ég hef því miður ekki haft tækifæri til þess að fara nákvæmlega yfir nál. hv. minni hl. fjhn., hv. 4. þm. Reykv., vegna þess að ég varð að fara frá hér í deildinni og því var ekki útbýtt fyrr en á þessum fundi, en það stakk mig í augun, að hann segir þar, ef ég má lesa upp, með leyfi forseta:

„Þessi afstaða ríkisstj. og stuðningsflokka hennar verður að teljast næsta furðuleg, þegar þess er gætt, að þeir hafa þegar komið sér saman um að tryggja byggingarsjóði sveitanna a. m. k. 12 millj. kr. aukið starfsfé á ári næstu tvö ár og lýst því yfir opinberlega. Lagt var til í Nd., að byggingarsjóði verkamanna yrði tryggð sama upphæð, en sú till. var, eins og áður er sagt, kolfelld af stjórnarliðinu. Er þetta enn eitt glöggt dæmi þess, hversu ráðandi þingmeirihluti mismunar stéttum þjóðfélagsins og hversu sljóskyggnir fulltrúar kaupstaðanna í stjórnarflokkunum eru á nauðsyn verkamanna og annarra kaupstaðabúa.“

Ég vil algerlega mótmæla þessum áburði á stuðningsflokka stjórnarinnar sem rakalausum og benda hv. þm. á það, að allur obbinn af því fé, sem ætlazt er til að varið verði til húsbygginga samkv. stjórnarfrv. á þskj. 522, gengur til kaupstaða og þorpa hér á landi. Þar að auki vil ég benda honum á, að það er sannarlega ekki gert eingöngu fyrir sveitirnar, þó að þeim sé tryggð viss upphæð, því að það er gert að miklu leyti til þess að koma í veg fyrir straum fólks úr sveitunum í kaupstaðina, sem við erum sennilega allir sammála um að sé þegar allt of stríður, svo að kaupstaðirnir geti varla tekið við því. Það er þó ekki síður hagsmunamál kaupstaðanna, að fólkinu sé gert lífvænlegt að lifa í sveitunum með því að fá sæmilegt húsnæði yfir höfuðið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessa frásögu lengri. Ég leyfi mér fyrir hönd meiri hluta n. að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið samferða hv. meðnm. mínum í fjhn. um afgreiðslu þessa máls, enda er þersýnilegt af ummælum hv. frsm., að allverulegur skoðanamunur er um málið milli mín og hans.

Þetta frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj. og er eitt af þremur frv. um vaxtahækkun á ákveðnum tegundum lána hjá ákveðnum stofnunum. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að útlánsvextir byggingarsjóðs verkamanna, sem nú eru aðeins 2%, verði hækkaðir upp í 3½%, eða um 75%. Rökstuðningurinn fyrir þessu er sá, að almennir vextir í landinu séu stórum hærri en þetta og því sé ekki eðlilegt að veita þeim, sem þessara lána njóta, svona hagkvæm kjör.

Þessi sjóður var stofnaður í því skyni að veita því fólki, sem er eignalítið eða eignalaust, hefur lágar tekjur og þess vegna engin skilyrði til að koma sér upp húsnæði með venjulegum láns- eða vaxtakjörum, kleift að eignast sómasamlega íbúð. Einmitt með tilliti til þessa var í lögunum um sjóðinn ákveðið, að vextirnir skyldu vera miklum mun lægri en almennir útlánsvextir, að lánstími skyldi vera lengri en tíðkaðist hjá fasteignalánsstofnunum og að hærri hluti kostnaðarverðs yrði lánaður út á íbúðirnar en almennt var og fáanlegt í öðrum lánsstofnunum. Sjóðurinn var stofnaður og til þess á fót settur að gera einmitt því fólki, sem ekki getur eignazt íbúð með venjulegum láns- og vaxtakjörum, fært að fá þak yfir höfuðið og eiga það sjálft.

Þessi sjóður hefur gert mjög verulegt gagn á undanförnum árum, og hefur hann þó stöðugt átt við mikinn fjárskort að búa, bæði vegna ónógra framlaga af hálfu hins opinbera og ekki síður — jafnvel enn fremur vegna þess, að hann hefur ekki getað aflað sér þess lánsfjár, sem nauðsynlegt er, til þess að hann geti aukið við sína starfsemi, veitt fleiri lán. Þrátt fyrir þessa örðugleika hafa þó verið byggðar fyrir fé sjóðsins eða með lánum úr honum um 900 íbúðir á öllu landinu og þar af um helmingurinn hér í Reykjavík. Þessar íbúðir eru yfirleitt mjög hentugar. Það var vandað mjög til teikninga og allrar gerðar á húsunum, og mér er óhætt að fullyrða, enda mun það almannadómur, að þessar íbúðir hafa reynzt mjög hentugar og tiltölulega ódýrar í byggingu.

Nú hefur byggingarfélag verkamanna hér í Reykjavík í smíðum eitthvað á milli 18 og 24 íbúðir. Eftir því sem áætlað er, er gert ráð fyrir, að þessar íbúðir kosti rétt í kringum 200 þús. eða nokkuð yfir 200 þús. kr., og þar er þá að sjálfsögðu miðað við þann tíma, sem áætlunin er gerð, en ekki daginn í dag. Ef hámarkslán, sem sjóðurinn veitir, fæst til slíkrar íbúðar, þá yrði það 150 þús. kr. Til þess að geta komið sér upp íbúð, þarf því maðurinn, sem vill eignast hana, að fá annars staðar frá a. m. k. 50 þús. kr. og til viðbótar það, sem á skortir, að 200 þús. kr. nægi til þess að greiða fyrir íbúðina.

Að óbreyttum lögum, með 2% vöxtum, er mánaðargreiðsla til byggingarfélagsins fyrir mann,

sem skuldar 150 þús. kr., rétt í kringum 610 kr. á mánuði. Í þeirri upphæð er innifalið áætlaðir skattar til bæjarins og áætluð fasteignagjöld. Ef þessi maður leggur sjálfur fram það, sem á vantar, 50 þús. kr., og reiknar sér sparisjóðsvexti af því fé, þá má bæta við þessa mánaðargreiðslu 250 kr., þannig að hún er orðin 860 kr. eða nokkuð yfir 10 þús. kr. leiga á ári.

Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, mundi vaxtagreiðslan af þessu 150 þús. kr. láni hækka úr 3000 kr. og upp í 5250 kr. á ári, eða um rösklega 180 kr. á mánuði. Nú eru lánin greidd til byggingarsjóðsins með jafnaðargreiðslu í 42 ár. Mánaðarjafnaðargreiðslan til félagsins með því inniföldu, sem ég taldi upp áðan, hækkar því vegna vaxtahækkunarinnar og annars, sem af því leiðir, um rétt í kringum 200 kr. á mánuði. Það kann að vera, að hv. þm. virðist þetta ekki ýkja há upphæð, en það þýðir, að í staðinn fyrir 860 kr., sem er lágmarksmánaðargreiðsla, yrði hún 1060 kr. á mánuði fyrir íbúðina fyrir utan það, sem maðurinn hefur lagt sjálfur fram. Sé við þetta bætt afborgunum af 50 þús. kr. láni, ef hann tekur einhvern hluta af því að láni, þá bætast þar við nokkur hundruð króna á mánuði, svo að leigan getur þá hækkað upp í 12, 13 eða 14 hundruð kr. eftir því, hvað afborganirnar eru lágar. En við skulum bara miða við, að hann greiði venjulega sparisjóðsvexti af þeim 50 þús. kr., sem vantar á, þegar lánið hjá sjóðnum er tekið, og þá yrði mánaðargreiðslan rétt í kringum 1060 kr., eða rösklega 12700 — nærri 13 þús. kr. — á ári. Eftir þá kaupsamninga, sem nú hafa tekizt, er talið, að meðalkaup Dagsbrúnarmanns muni vera í kringum 3300 kr. eða jafnvel innan við það eða árstekjurnar allar nálægt 39 þús. kr., ef enginn dagur fellur úr. Ef af því á að taka 10—12 þús. kr. til húsaleigu, þá er það milli 25% og 30% af öllum tekjunum, og eru þetta þó langódýrustu lánin, sem nokkurs staðar er völ á.

Ég álít, að eins og nú er háttað hag sjóðsins, sé ekki verjandi að hækka vextina. Þeir, sem njóta lána úr þessum sjóði, eru yfirleitt fólk, sem getur ekki á nokkurn hátt hagnýtt sér þau lánskjör, sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. um húsnæðismál, sem liggur fyrir þessu þingi, og mun ég víkja að því síðar.

Ef þetta frv. verður samþ., þá þýðir það, að menn, sem nú ráðast í að eignast íbúðir með aðstoð sjóðsins, fá hækkun á mánaðargreiðslu, sem svarar rétt í kringum 200 kr. Sú kauphækkun, sem Dagsbrúnarmenn fengu í sambandi við samningana síðustu, nemur, að því er talið er, um 300 kr. á mánuði. Með þessari einu lagabreytingu, sem hér er um að ræða, eru aftur teknir af þeim manni, sem lögin taka til, í hækkuðum greiðslum fyrir húsnæði ⅔ af þeirri launahækkun, sem fékkst með samningunum síðast.

Ég sagði áðan, að þó að samþ. verði frv. hæstv. ríkisstj. um húsnæðismálin, þá sé augljóst, að það bætir ekki úr erfiðleikum lágtekjufólks, eignalítils eða eignalauss, til þess að eignast húsnæði. Til þess er upphæð lánanna of lág, lánstíminn of stuttur og vextirnir allt of háir. Það er alveg þersýnilegt, að undir slíkum lánskjörum geta ekki risið nema þeir menn, sem annaðhvort hafa nú mjög ríflegar tekjur eða eiga fé sjálfir að leggja fram til að greiða mikinn hluta af íbúðarkostnaðinum. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, þó að það frv. verði samþ., að til sé önnur lánsstofnun, sem veiti lán því fólki, sem nauðsyn er á húsnæði, en ekki getur eignazt húsnæði með þeim kjörum, sem áðurnefnt frv. gerir ráð fyrir. Þetta hefur líka hæstv. ríkisstj. þersýnilega verið ljóst, því að í sambandi við meðferð húsnæðismálafrv. í Nd. hefur hæstv. ríkisstj. lýst því yfir, að af lánsfé, sem þar er gert ráð fyrir að aflað verði, skuli leggja að minnsta kosti 24 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitanna, sem er aukið starfsfé fyrir hann og lánað út til þess að byggja íbúðir í sveitum. Það er alveg augljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur því séð, að úr húsnæðisþörfinni þar var ekki bætt með húsnæðismálafrv.

Nú er enginn efi á því, að þörfin fyrir aðstoð til þeirra kaupstaðarbúa, sem hafa ekki gagn af húsnæðismálafrv. ríkisstj., er enn þá ríkari, ef tekið er tillit til fólksfjöldans og skortsins á íbúðum, heldur en í sveitunum, þannig að fyllsta ástæða væri til að taka ekki jafnháa upphæð, heldur hærri upphæð frá sérstaklega af því fé, sem á að afla samkv. húsnæðismálafrv., og leggja til byggingarsjóðs verkamanna til að hjálpa þeim, sem mesta hafa þörfina og geta ekki notað sér þau lánskjör, sem boðið er upp á í húsnæðismálafrv.

Mig furðar ekki svo ákaflega mikið á því, þó að ýmsir hv. framsóknarmenn, sem telja sig sérstaklega til þess á þing kjörna að gæta hagsmuna þeirra, sem í sveitunum búa, og gefa um það þráfaldlega yfirlýsingar, hafi ekki séð nauðsyn þeirra, sem ætlað er að fá lán úr byggingarsjóði verkamanna, jafnglögglega og nauðsyn hinna, sem ætlazt er til að fái lán úr byggingarsjóði sveitanna. En mig furðar á því, að fulltrúar kaupstaðanna, þ. á m. hv. þm. Seyðf., sem var mjög hneykslaður á ummælum mínum í nál. hér áðan, skuli ekki hafa látið til sín taka í þessu máli. Er nokkur snefill af sanngirni í því að taka 12 millj. af því fé, sem ætlað er til almennra húsnæðisumbóta samkv. frv. stjórnarinnar, til byggingarsjóðs sveitanna án þess um leið að gera nokkra minnstu tilraun, sýna nokkra minnstu viðleitni til þess að tryggja á svipaðan eða hliðstæðan hátt kjör þess fólks, sem býr við alveg sambærilegar ástæður eða enn meiri skort, en á heima í kaupstöðunum? Ég hef leyft mér að kalla það furðulega sljóskyggni hjá hv. fulltrúum stjórnarflokkanna, sem eru þm. kaupstaðanna, að hafa látið sér sjást yfir þetta. Það er ekki til neins að reyna að mæla því í gegn, að með þessu er mismunað stéttunum eftir því, hvort fólkið býr í sveitunum og nýtur aðstoðar byggingarsjóðs sveitanna eða kaupstöðunum og nýtur aðstoðar byggingarsjóðs verkamanna.

Hv. þm. Seyðf. (LJóh), frsm. meiri hl., sagði, að það mundi sýna sig, að hann og hans flokksbræður sýndu áhuga sinn með aðgerðum í því að bæta húsnæðismál lágtekjufólksins í kaupstöðunum. Ég vil vona, að þetta verði sannmæli. **(Forseti:** Hv. þm. talar um annað mál nú en fyrir liggur.) Þetta er alveg misskilningur hjá forseta. **(Forseti:** Það er aðeins um vaxtakjör að

ræða, ekki heildarlög.) Það er alveg rétt, þetta er einn flötur á stóru máli. — Ég vona, að það sýni sig, áður en þetta mál og húsnæðismálafrv. stjórnarinnar fá fullnaðarafgreiðslu, að hv. þm. sjái sig um hönd og ljái því lið, að ekki minni upphæð en lögð er í byggingarsjóð sveitanna verði tryggð sem lágmark byggingarsjóði verkamanna til sömu framkvæmda.

Að ég drep á þetta, hæstv. forseti, er af því, að ég skal fullkomlega játa það, að ef aukið er starfsfé sjóðsins, byggingarsjóðs verkamanna, á þann veg, sem ég hef drepið hér á, þá er meiri ástæða til þess að athuga, hvort ástæða er til að breyta útlánsvöxtum sjóðsins, vegna þess að þá vex að sjálfsögðu sú upphæð af öðrum tekjum sjóðsins, sem til þess gengur að greiða mismun vaxta á þeim lánum, sem sjóðurinn tekur, og þeim lánum, sem hann veitir. Með því takmarkaða fé, sem sjóðurinn hefur haft yfir að ráða til þessa, hefur þessi vaxtamunur ekki orðið slíkur, að hann hafi hamlað tilfinnanlega þroska sjóðsins. En því meira starfsfé sem sjóðurinn fær til umráða, því meiri yrði þessi vaxtamunur að öðru óbreyttu, og þá gæfi það tilefni einmitt til þess að athuga möguleika á breytingum á útlánsvöxtunum.

Af þessum sökum álít ég, að meðan svo mjög er í tvísýnu um framtíðarstarfsskilyrði byggingarsjóðs verkamanna og hann nær ekki til víðari hóps með starfsemi sína en hann gerir nú, sé ekki nokkur ástæða til þess að breyta vaxtakjörunum. Annað mál væri að athuga það, ef honum er séð fyrir það auknu starfsfé, að hann geti fært stórkostlega út sín verkefni og hjálpað fleiri mönnum en hann getur nú.

Ég legg því til, að frv. verði felld og að vextirnir haldist óbreyttir eins og þeir hafa verið.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. forseti skaut hér fram áðan til hv. frsm. minni hl., að hann var hér að ræða um allt annað mál en á dagskránni er, enda er sýnilegt, að þau mjög svo óviðeigandi ummæli, sem hann hefur látið hafa sig til að setja inn í nál., eiga alls ekki við þetta mál. Sýnir það, að hv. frsm. minni hl. hefur ekki gert sér ljóst, þegar hann var að semja nál., hvaða mál það var, sem hann hafði tekið til meðferðar. Öll ræða hans hneig að allt öðru frv., sem verður hér til umr. síðar, og gefst honum þá væntanlega tækifæri til þess að nota þessi gögn í því máli.

Ég vil á þessu stigi aðeins þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir hans skeleggu og réttlátu ummæli um þau ummæli í nál. hv. minni hl., sem eru mjög svo óviðeigandi í þessu tilefni og alls ekki lík því, sem vinnubrögð hv. frsm. minni hl. jafnan eru. Hann virðist hafa verið hér undir einhverri sérstakri þvingun frá sínum ágæta flokki, eða það hefur haft slík áhrif á hann að sjá þá staðreynd, að hans flokkur sé að molast niður í þinginu og missa fylgi hjá þjóðinni, að hann hefur látið skapið hlaupa svo með sig í gönur sem sýnilegt er af ræðu hans.

Ég vil leyfa mér aðeins að benda á í sambandi við það, sem hv. þm. var að tala um, að hér sé verkamanninum íþyngt með ákvæðum frv. miklu meira en bónda í sveit, að þegar verkamaðurinn fær 75% af kostnaðarverði úr byggingarsjóði verkamanna, eða um 150 þús. kr. á íbúð með 3½% vöxtum, ef þetta mál nær fram að ganga, og er þetta viðurkennt af hv. frsm., þá þarf hann þó ekki að taka að láni annars staðar frá eða greiða úr eigin vasa nema 50 þús. kr. til að koma slíkri íbúð upp. En hvað þarf bóndinn að gera? Við skulum ekki deila um það hér, hvort bóndi þarf yfirleitt meiri eða minni húsakynni en verkamaðurinn með jafnmargt fólk í heimili, og hygg ég þó, að það sé erfitt fyrir mann með jafnstóra fjölskyldu í sveit að komast af með sömu húsastærð og jafnstór fjölskylda gerir í kaupstað. En það skal ég þó láta liggja á milli hluta. Hitt vil ég benda hv. þm. á, að ef gert er ráð fyrir því, að sams konar hús eigi að byggja í sveit, þá kostar það engu minna en að byggja það í kaupstað, og þá verður þó að reikna með, að íbúðin kosti 200 þús. kr. í sveit. Venjulega á sveitabóndinn við það að búa að þurfa að aka öllu byggingarefni langar leiðir frá verzlunarstað, oft tugi kílómetra, auk þess sem hann verður að sæta því að kaupa miklu dýrara iðnaðarfólk, þar sem það verður að fara venjulega frá heimili sínu til þess að byggja fyrir hann, en slíkt á sér venjulega ekki stað í kaupstað. En tökum ekki tillit til neins af þessu, heldur göngum út frá því, að kostnaðarverðið sé það sama. En þá þarf þó bóndinn að standa undir 140 þús. kr. vaxtabyrði hjá öðrum lánveitanda, á meðan hinn, sem byggir í kaupstað, þarf þó ekki nema 50 þús. kr. fram yfir lánsfé úr byggingarsjóði verkamanna. Þessu virðist hv. frsm. alveg hafa gleymt, því að það er vitað, að úr þeim sjóði, sem hann vísaði hér til, er bónda ekki lánað nema 60% af byggingarkostnaði og aldrei yfir 60 þús. kr. á hverja byggingu, hversu dýr sem hún kann að verða. Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. ætti að reikna út, hvað mikil vaxtabyrði hvílir á bónda, sem verður að lúta þessum kjörum, að fá aðeins 60 þús. kr. út úr byggingarsjóðnum með 3½%, þ. e. sömu vöxtum og hinn aðilinn fær 150 þús. kr., og verða síðan að bera miklu hærri vaxtabyrði af 140 þús. kr. á móti 50 þús. kr. hjá hinum aðilanum, sem í kaupstað býr.

Þá gat hv. frsm. þess, að með þessu móti væri verið að taka ⅔ af launahækkuninni, sem hefði fengizt með verkfallinu. Nú vildi ég gjarnan spyrja hv. 4. þm. Reykv.: Dettur honum virkilega í hug, að þessi launahækkun, sem fékkst hér með 5 eða 6 vikna verkfalli, hafi fengizt án þess, að viðkomandi aðilar, þ. e. launþegarnir, verði að greiða eitthvað fyrir hana? Því var marglýst yfir hér, áður en verkfallið var hafið, og sýnt fram á það með rökum, að launahækkunin hlyti að leggjast á herðar sjálfra launþeganna síðar meir. Það er enginn óviðkomandi aðili hér, sem svífur yfir skýjunum og greiðir þessa launahækkun. Hún hlýtur að koma á alla þjóðfélagsþegnana, einnig á verkamennina, sem þurfa að byggja yfir sig húsnæði, og hún kemur miklu þyngra niður á þessa sömu aðila í gegnum annan útgjaldalið, þ. e. vinnulaun iðnaðarmannanna og verkamannanna, sem vinna við að koma húsbyggingunni upp, en hv. 4. þm. Reykv. lét sinn flokk standa fastast með þeim, sem gerðu

kröfu um að fá iðnaðarmennina stórhækkaða í launum og miklu hærra hlutfallslega en láglaunamennina, og taldi það vera nauðsynlegustu aðgerðirnar til þess að bjarga fátækustu verkamönnunum í Reykjavík. Hann hefur kannske ekki gert sér það ljóst á þeim tíma, sem hann stóð að verkfallinu með öllu því afli, sem Alþfl. átti yfir að ráða enn þá hjá þjóðinni, en honum er það kannske ljóst nú, að ef ⅔ af launahækkuninni eru teknir á þennan hátt með því að hækka um 1½% vexti af þeim 150 þús. kr., sem þessir aðilar geta fengið úr byggingarsjóðunum, þá fer meira en ½ hluti af launahækkuninni vegna hækkandi launa við byggingarnar sjálfar. Það væri líklega heppilegast fyrir hv. Alþfl. og hv. 4. þm. Reykv. að snúa nú við blaðinu og krefjast þess, að stöðvuð verði vinna um nokkra stund til þess að lækka launin aftur í landinu.

Hv. þm. sagði, að sig furðaði á því, að þeir menn, sem væru fulltrúar fyrir kaupstaðina, skyldu ekki láta meira til sín taka í þessu máli en komið hefði fram hjá hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er gleðilegt að geta sýnt fram á það, að þm. almennt, og ekki hvað síst hinir ágætu þm. Sjálfstfl., eru alveg hafnir upp yfir það að vera þm. einhverrar kliku, hvort sem það er í kaupstað eða í sveit. Þeir eru fyrst og fremst þm. fyrir þjóðina, þegar þeir eru komnir á Alþ., og sýna hér fulla sanngirni í málum og víðsýni. Ég skal játa, að þetta er ákaflega óvenjulegt hjá Alþfl., og þess vegna komu nú þessi ummæli frá hv. 4. þm. Reykv., þrátt fyrir það að hann hafi setið hér á þingi í fjöldamörg ár og séð þessar starfsaðferðir hjá öðrum flokksmönnum og öðrum þingfulltrúum, svo að þess vegna verður að fyrirgefa það. En auk þess sýndi hv. frsm. meiri hl. fram á það, að í þessu var full sanngirni, gagnstætt ósanngirninni í þeim ummælum, sem komu fram hjá hv. 4. þm. Reykv. í nál. og ræðu hans.

Ég vildi því vænta þess, að þegar hv. 4. þm. Reykv. hefur athugað þessi mál öll, sýni hann þá sanngirni í þessu máli að falla frá sinni skoðun um afstöðu til málsins sjálfs og viðurkenni það, sem er raunverulega mergur þessa máls, að það sé miklu meira virði fyrir bæði sveitarfélögin og fyrir íbúa í kaupstöðum og þorpum að fá nokkuð löng og verulega há lán út á byggingarnar, svo lengi sem vaxtabyrðin er ekki meiri en hér ræðir um, 3½%, heldur en að fá vaxtalægri lán, ef yrði svo að skera niður lánsupphæðirnar til framkvæmdanna einungis vegna þess, að fé yrði að ganga til greiðslu á vaxtamismun, því að það er að sjálfsögðu miklu minni úrbót fyrir viðkomandi aðila, og hefur það einnig komið fram í öðru frv., sem verður hér síðar til umr. Er þar gert ráð fyrir því, að sveitirnar geti fengið önnur lán en þau, sem hér um ræðir, og þá með miklu hærri vaxtakjörum en hér eru sett inn í þetta frv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Ég hef nú hlýtt á reiðilestur hv. þm. Barð. (GíslJ), sem var eins konar eftirmáli við reiðilestur hv. þm. Seyðf. (LJóh), og minnist ég þá gamla spakmælisins, að sannleikanum er hver sárreiðastur. Í raun og veru er það fullnægjandi svar við fullyrðingum beggja þessara hv. þm., vegna þess að þeir hafa ekki borið við að bera brigður á, að það sé óskaplega mismunað stéttunum, eins og sagt er í nál. mínu, eftir því, hvort búið er í sveit eða kaupstað, þar sem byggingarsjóði sveitanna er tryggt á tveimur árum aukið starfsfé, a. m. k. um 24 millj. kr., en kolfelldar hafa verið till. um tilsvarandi aukningu á starfsfé byggingarsjóðs verkamanna, sem er aðallega fyrir kaupstaðarbúa. Þetta eru staðreyndir, sem ekki er til neins að mótmæla. Hér er mismunað þeim mönnum, sem leita til þessara tveggja sjóða, eftir því, hvort þeir eru búsettir í sveitum eða kaupstöðum. Það breytir engu, þó að lagasetning almennt um stuðning til landbúnaðarins sé með allt öðrum hætti en til kaupstaðanna, enda er, eins og hv. þm. vel veit, þar um svo margvíslega styrki og stuðning fyrir utan sérstaklega lág vaxtakjör að ræða, að það er aðeins einn þáttur í miklu víðtækari stuðningsstarfsemi heldur en þetta frv. fjallar um.

Hv. þm. segir, að sams konar íbúð í sveit kosti a. m. k. jafnmikið og í kaupstað. Ekki hygg ég, að þetta sé nú alveg rétt. Hún verður í langflestum tilfellum ódýrari, og a. m. k. getur sveitabóndinn ævinlega haft betri aðstöðu til þess að nota eigin vinnukraft og þann vinnukraft, sem til er á heimilinu, heldur en hinn, sem í kaupstaðnum býr og byggir í félagi við marga aðra. — Þetta er staðreynd einnig, sem ekki er til neins að mæla á móti.

En það, sem ég gerði hér að mínu aðalumræðuefni áðan, var það, að báða þessa sjóði vantar starfsfé til þess að geta uppfyllt það verkefni, sem þeim er ætlað. Úr þessu er bætt hjá öðrum sjóðnum, en ekki hinum. Vaxtakjör sjóðanna hljóta eðlilega, eins og lögin nú eru, þ. e. a. s. útlánsvextir sjóðanna, að nokkru að fara eftir því, hversu mikið starfsfé þeir fá að láni, því að þá verður vaxtamunurinn, sem greiddur er, þeim mun meiri, sem starfsféð er meira, sem þeir hafa á milli handa. Þess vegna væri ekkert óeðlilegt, ef starfsfé sjóðsins væri aukið verulega, að þá væri jafnframt dregið úr vaxtamismuninum á þann hátt eða með það fyrir augum, að hann tæki ekki svo stórar fúlgur, að það lamaði framtíðarstarfsemi sjóðsins, ef ekki væri þá aukið framlag hins opinbera til þess að bera þennan aukna vaxtamun. Þetta er einn þátturinn í þessu vaxtamáli, eins og ég áður sagði, og óhjákvæmilegt að ræða um hann í sambandi við það.

Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sagt í minni fyrri ræðu, að ⅔ af þeirri launahækkun, sem verkamenn nú hefðu fengið, yrðu aftur teknir með hækkaðri húsaleigu eða húsnæðiskostnaði hjá manni, sem nú tæki lán hjá byggingarsjóði verkamanna, eftir að lögin yrðu samþ. Þetta er rétt, og það kalla ég í nál. að taka með annarri hendinni það, sem veitt er með hinni. Það gildir um þá tiltölulega fáu menn, sem kæmust að til þess að byggja fyrir lán úr sjóðnum nú fljótlega. En þetta gaf hv. þm. Barð. tilefni til þess að spyrja mig, hvort ég héldi, að launþegar

fengju sínar kauphækkanir án þess að þurfa að borga fyrir þær. Nei, því miður hefur nú reynslan sýnt, að það fæst ekki. Þeir borguðu t. d. þær launahækkanir, sem þeir fengu núna, með 6 vikna verkfalli, sem er „kontant"-greiðsla fyrir fram, um leið og þetta fæst. Sorgleg staðreynd, en allt um það staðreynd, að það kostaði það að fá þessar launahækkanir.

Hv. þm. segir, að af þessu hljóti að leiða, að verðlag og þjónusta, sem verkamennirnir, sem kauphækkunina fengu, verða að greiða, hljóti að hækka, og þar með muni þeir aftur tapa þeirri launahækkun, sem þeim nú hafi áunnizt, eða svo skildi ég hann. Ég játa það, að þessi ótti, ef ég mætti kalla það svo, er ekki ástæðulaus, ef litið er til þess, sem gerzt hefur á undanförnum árum. En það er að ákaflega miklu leyti á valdi stjórnarvaldanna í landinu, hvort svona verður eða svona ekki, — ég er ekki að segja að öllu leyti, en að ákaflega miklu leyti.

Þá vil ég minna hv. þm. á það, að samkvæmt þeim samningum, sem nú eru í gildi og áður giltu, á kaupgjald það, sem samið hefur verið um, að hækka samkvæmt vísitölu á þriggja mánaða fresti. Sýni sú vísitala réttar breytingar, eiga þær hækkanir, sem fram koma, að leiða til þess, að tilsvarandi hækkun kemur á kaupgjald verkafólksins. Því ætti það að vera hið mesta áhugaefni þeim, sem óttast þessa kauphækkun, að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að önnur verðhækkun verði en sú, sem beinlínis er óhjákvæmileg og óviðráðanleg. Vildi ég mega vænta, að hv. þm. vildi beita sér fyrir því í sínum flokki, að þetta sjónarmið yrði þar ráðandi. Ég er ekki viss um, að það sé þar ráðandi, því að ég hef fengið fréttir um ýmsar hækkanir, sem hafa orðið á þjónustu hér, einmitt á þeim fáu dögum, sem liðnir eru síðan samningurinn var gerður, og eru langtum, langtum meiri en kauphækkunin gefur nokkurt tilefni til. Og ég verð að telja, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki staðið í skyldu sinni, — hún átti mikinn þátt í að leysa þetta verkfall, — ef hún reynir ekki að hafa þarna hemil á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að karpa við hv. þm. Barð. um þetta mál. Það, sem er aðalatriðið, er, að engin sú breyting hefur verið gerð á starfsskilyrðum byggingarsjóðs verkamanna, sem geti réttlætt það eða gefið tilefni til að breyta vaxtakjörum nú. Allt öðru máli væri að gegna, ef starfsfé sjóðsins væri aukið svo, að hann gæti greitt úr þörf fleiri manna en hann gerir nú, en það er ekki fyrir hendi, og allar till. í þá átt hafa verið drepnar.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins mótmæla enn þeirri fullyrðingu hjá hv. 4. þm. Reykv. (HG), að hér sé verið að mismuna tveimur stéttum, annarri, sem býr í sveit og hinni, sem býr í kaupstað eða kauptúnum, þó að látnar séu 12 millj. kr. í byggingarsjóð sveitanna, en á sama tíma sé ekki látið jafnmikið fé í byggingarsjóð verkamanna. Mismunurinn ætti ekki að koma fram í því, hversu mikið er látið í sjóðina út af fyrir sig, því að þar kemur ýmislegt annað til greina. Þar kemur m. a. fyrst til greina, hversu miklu fé þessir sjóðir hafa yfir að ráða hvor um sig og hve margir aðilar það eru, sem þurfa að sækja lán til að byggja yfir sig í hvorn sjóðinn um sig, og meðan þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, þá er ekki hægt að hafa þetta sem mælikvarða. Það, hvað mikið hafi verið hlúð að hvorum sjóðnum um sig að undanförnu, er svo allt annað atriði.

Eini samanburðurinn, sem gera á, er það, hvort bóndinn í sveit fær meira fé með þessum lágu vöxtum en verkamaður í kaupstað, og það hef ég sýnt fram á, að hann fær ekki. Hann fær ekki miklu meira en ⅓ af því fé, sem verkamaðurinn fær í kaupstað eða kauptúni til sams konar byggingar, og það er að mismuna þessum tveimur stéttum á annan veg en hv. 4. þm. Reykv. hefur haldið fram. Það er að ganga á rétt bóndans og halda fram meiri rétti verkamannsins, því að þar fær bóndinn engan veginn eins stóran hlut til sinna þarfa og verkamaðurinn. Ég er þar með ekki að sjá eftir þeim hluta, sem hér um ræðir, til verkamannsins. En ég vil ekki þola það, að því sé jafnframt haldið fram, að það sé verið að níðast á þeim mönnum í þjóðfélaginu, sem miklu betur er gert við en hina, sem minna fá, eins og sýnt hefur verið fram á. — Þetta þótti mér rétt að láta koma skýrt fram hér.

Þá er það alger misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., að bóndinn geti notað sér eigin vinnukraft, eins og vinnukraftur bóndans sé ekki jafndýr, hvort sem hann notar hann við framleiðslu eða notar hann við að byggja. Það mætti á sama hátt halda því fram, að verkamaðurinn geti notað eigin vinnukraft, ef hann vildi fara úr vinnunni til þess að byggja sér hús og koma ekki nálægt annarri vinnu á meðan.

Sannleikurinn er sá, að verkamaðurinn hefur haft möguleika til þess að loknum átta tíma vinnudegi að leggja mikið af sinni vinnu í að koma sér upp húsnæði, og sá hluti kostnaðarins hefur venjulega dugað til þess að mæta því, sem sjóðurinn lánar ekki, þ. e. a. s. ¼ hluta af kostnaðarverðinu. Þetta er öllum kunnugt um, sem þekkja þessi mál. En þessa aðstöðu hefur bóndinn ekki, því að ef hann ætlaði sér að hafa þá aðstöðu, yrði hann að vinna enn miklu lengri vinnutíma en nokkrum manni væri fært að vinna, því að afstaða hans til lífsins útheimtir það, að hann getur ekki látið sér nægja neina 8 tíma vinnu við búið á þeim tíma, sem hann þarf að byggja sér hús, heldur verður hann oft að vinna 16—18 tíma og allt upp í 20 tíma á sólarhring til þess að geta lifað á sinni framleiðslu.

Svo vildi ég að síðustu í sambandi við þetta spyrja: Telur virkilega hv. 4. þm. Reykv., að bóndinn, sem hefur ekki meira en 3—4 kýr og 100—150 ær, og með þeim kringumstæðum, sem hann á við að búa í sveit nú, kaupa dýrt vinnuafl, standa undir þungum álögum, m. a. allþungum gjöldum til Tryggingastofnunarinnar og ýmsu öðru í sambandi við hans rekstur, sé betur settur í lífinu en verkamaðurinn, sem á von á eða hefur tryggingu fyrir, ef hann hefur fulla heilsu, að geta haft 8 stunda vinnu með þeim launum, sem nú eru hér? Ég hygg, að ef þetta dæmi yrði gert upp, þá mundi jafnsann-

gjarn og greinagóður maður og hv. 4. þm. Reykv. komast að þeirri niðurstöðu, að þau kjör eru engan veginn betri, nema síður sé.

Bóndinn hefur ekki þurft að leita meira til annarra en gert er vegna þess, að hann hefur orðið að hafa miklu lengri vinnudag en verkamaðurinn almennt og neita sér um miklu meiri þægindi en verkamaðurinn almennt, m. a. í húsakynnum, sem eru svo léleg víðast hvar, að það er ekkert sambærilegt við það, sem verkamennirnir búa við í kaupstöðum og kauptúnum.

Auk þess kemur hér eitt enn til greina. Það er vitanlegt, að ef verkamaðurinn getur eitthvað misst af íbúð sinni, sem hann er að byggja fyrir 200 þús. kr., og hann getur áreiðanlega misst stærri hluta af henni en bóndinn getur við sams konar byggingu, ef hann á að uppfylla þau skilyrði, sem hann þarf að uppfylla í sambandi við búskapinn, þá hefur hann þó möguleika til þess að geta aflað tekna fyrir þann hluta, en sá möguleiki er gersamlega útilokaður fyrir sveitabóndann. Hann hefur engan mann, sem vill leigja af honum húsnæði úti á landi og borga fyrir það háa húsaleigu, eins og gert er hér í Reykjavík.

Og að síðustu er það alveg sýnilegt, að þegar verkamaðurinn þarf að koma þessari eign í fé, þá hefur hann alla möguleika til þess, á meðan bóndinn hefur engan möguleika til þess að gera það vegna flóttans frá sveitinni í kaupstaðina.

Komist hv. 4. þm. Reykv. að annarri niðurstöðu en ég hef komizt að í þessu máli, þá ætti hann að leggja vinnu í það að fá verkamennina til þess að flytja frá þessum óskaplegu kjörum, sem þeir hafa hér, inn í þessi ágætu kjör, sem þeir hafa í sveitunum.

Þá sagði hv. þm., að það væri á valdi stjórnarvaldanna, hvort sú þjónusta hækkaði eða ekki, sem hér yrði í té látin, eftir að verðlagið í landinu hefur allt hækkað, og sagði enn fremur, að ef rétt væri reiknuð út vísitala, þá kæmi þetta fram í hækkandi vísitölu í landinu og hækkandi kaupgjaldi fólksins. Þetta er alveg rétt, að það kemur fram í því. En er það bót fyrir fólkið? Er það bót fyrir fólkið, að launin hækki þannig annan daginn, þjónustan og það, sem það þarf að kaupa, hinn daginn, og hvar endar sú hringrás? Við, sem höfum verið hér á þingi og höfum verið að glíma við þetta, höfum séð, að það hefur sannarlega ekki verið stéttunum til blessunar, að þessu hefur verið haldið áfram.

Mælikvarðinn fyrir kaupþoli verður vitanlega alltaf útflutningsverðmætið, hann getur aldrei orðið neitt annað. Ef kaupgjaldið í einu landi er meira en útflutningsverðmætið á hverjum tíma, þá verður mismunurinn að leggjast á bak þeirra þegna, sem eru í landinu sjálfu. Það er hægt að þola það um stund, ef til er nóg fjármagn. Ef ekki er til nóg fjármagn, þá vitanlega stöðvast þetta, nema því aðeins að smækka gjaldeyrinn. Þetta er öllum mönnum ljóst, og þarf ekki að eyða miklum tíma til að ræða það hér.

Ég vil svo aðeins að síðustu taka það fram að gefnu tilefni, að hér er ekki um neinn reiðilestur að ræða frá minni hálfu. Hér er aðeins um að ræða rök í máli, sem er eitt af stærstu málum þjóðarinnar, og mótmæli gegn fölskum rökum, sem haldið hefur verið fram af hv. þm. hér í þessu máli.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Mér þykir nú hugmyndaflug hv. þm. Barð. í mesta lagi. Hann virðist halda því fram nú í sinni seinustu ræðu, að ég hafi talið, að lífskjör bænda væru allt of góð, og að ég væri að telja eftir það framlag, sem lofað hefur verið til byggingarsjóðs sveitanna, en þetta er hvort tveggja hinn mesti misskilningur, að ég ekki segi helber skáldskapur. Ég hef á engan hátt talið þetta eftir. Ég vil fullkomlega taka undir það, að lífskjör bænda, sem hafa 3—4 kýr og 100 ær og þurfa að kaupa mikinn aðkeyptan vinnukraft, — jafnvel þó að þeir þurfi þess nú ekki, en hv. þm. orðaði það nú svo, — hljóta að vera ákaflega bágborin og jafnvel kannske lakari en ýmissa verkamanna. Ég hef heldur á engan hátt talið eftir, þó að starfsfé byggingarsjóðs sveitanna yrði aukið. Hitt hef ég sagt, að það er ekki viðsýni eða sanngirni, sem hv. þm. taldi nú höfuðeiginleika Sjálfstfl., um leið og þessum sjóði eru lagðar 24 millj. kr. í auknu starfsfé, að koma með engar till. um að auka starfsfé byggingarsjóðs verkamanna og kolfella till. um að auka starfsfé hans um sömu upphæð, og það er það, sem verið er að ræða um hér í sambandi við vaxtabreytinguna, sem er óhjákvæmilega bundin við það, hversu miklu starfsfé sjóðurinn hefur að ráða yfir. — Þetta er það, sem um er að ræða hér.

Í raun og veru fæ ég ekki betur séð en að hv. þm. hafi verið að skopast mjög að sínum flokki, þegar hann talaði um viðsýni hans og sanngirni, því að það getur engum manni blandazt um það hugur, að það er bein misbeiting valdsins og misræmi í jöfnuðinum á milli stéttanna, þegar öðrum þessara tveggja sjóða er séð fyrir svo verulegri fjárfúlgu sem nú hefur verið lofað, en hinum neitað með öllu um tilsvarandi aukningu. Það veit hver maður, sem lokar ekki augunum fyrir staðreyndum, að ástandið í húsnæðismálum lágtekjufólks í stærri bæjunum er sízt betra, í sumum tilfellum verra, heldur en þar sem það er lakast í sveitunum, og það er miklu fleira fólk, sem um er að ræða þarna í húsnæðishraki en jafnvel í sveitunum. Þetta veit hver maður.

Ég skal nú ekki tefja tímann með því að fara að ræða hér um samningana síðustu eða áhrif þeirra á fjármála- og atvinnulífið í landinu. Mér skilst, að hv. þm. teldi, að einmitt með þeim væri stefnt inn á háskalega braut. Ég skildi orð hans svo. Það er eins og mig minni, að ég hafi séð það í Morgunblaðinu, að þessir samningar, sem komizt hafa á, hafi verið gerðir að miklu leyti fyrir tilstilli hæstv. ríkisstj. og að henni sé þar í þessu ágæta blaði þakkað fyrir það, hversu vel hún gekk fram í þessu, hversu sanngjarnlega hún miðlaði málum og hversu tiltölulega sæmilega lausn hún fékk að lokum.

Ég verð að segja, að ef álit hv. þm. er það, sem fram kom í hans ræðu hér, á niðurstöðunni af afskiptum ríkisstj. af því máli, þá fæ ég ekki séð, að hans traust á hæstv. ríkisstj. geti verið mikið til frambúðar. Hún átti vissulega ríkan þátt í því, að þetta samkomulag náðist, að brúa

það bil, sem var á milli atvinnurekenda og verkamanna, og telur sig með því hafa unnið, að því er mér er sagt, eftir atvikum gott verk. Hitt blandast engum hugur um, að ríkisstj. með þeirri aðstöðu, sem hún hefur, getur ráðið ákaflega miklu um það, hvernig verðlagsþróunin verður í landinu. Hún getur það óbeint með áhrifum sínum, og hún getur beitt löggjafarvaldinu, ef hún beitir sér fyrir því, til þess að aðstoða sig í þessu efni. Ef hún óttast, að verðþróunin verði í þá átt, að til nýrrar gengislækkunar komi, þá ber henni að sjálfsögðu, svo framarlega sem hún ekki telur gengislækkun æskilega og bjargráð, að spyrna á móti því með þeim aðgerðum, sem henni er fært að inna af hendi.

Ég held því, að ádeilum sínum á niðurstöður eða úrslit vinnudeilunnar eigi hv. þm. að beina ekki síður til hæstv. ríkisstj. og sinna eigin flokksmanna en til verkalýðsfélaganna og þeirrar forustu, sem þau veittu sínum mönnum í kaupgjaldsbaráttunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 731).

---

## 34. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (vaxtahækkun).

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum** [190. mál] (stjfrv., A. 581).

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, er mjög skylt því, sem við vorum að ræða hér áðan, þó með þeim mun, að í staðinn fyrir, að áðan vorum við að ræða um þau lán, sem veitt eru til verkamannabústaða, er hér um að ræða þau lán, sem veitt eru samkv. lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og þessi lög sjálf eru að vísu nokkuð ný í þeirri mynd, sem þau nú eru, sett rétt eftir stríðið, en byggja hins vegar að nokkru leyti á gömlum l., sem lengi höfðu verið allmikið baráttumál.

Í aths. við lagafrv. þetta er gerð grein fyrir ástæðunum til þess, að hæstv. ríkisstj. leggur til að hækka nú vextina. Hún segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „Verður þó að telja, að vaxtagreiðslum sé í hóf stillt, miðað við vaxtakjör, sem algeng eru nú orðið.“ Í þessari röksemd er nokkur blekking. Vaxtakjör eins og þau, sem nú eru algeng, hafa verið til á Íslandi áður, jafnvel áratugum saman, og samt sem áður hefur þá þótt ástæða til þess að hafa vextina af lánunum til þess að byggja upp sveitirnar miklu lægri en vaxtakjör voru almennt þá á frjálsum markaði, m. ö. o. 2% í stað þess að miða þau við þá vexti, sem þá voru orðnir algengir.

Þetta er eina lagafrv., sem veruleg grg. er fyrir, af þessum þremur, sem hér liggja fyrir, og þar virðist auk þess aðallega vera byggt á því, að Búnaðarbankinn eða ræktunarsjóðurinn tapi svo miklu á því að verða að lána út á þennan hátt, að það geti ekki borgað sig fyrir hann.

Nú vil ég minna á það, að þegar rætt var hér forðum um lán til Búnaðarbankans og ráðstöfun á fé þá og ákveðinn hár vaxtafótur, þá sagði ég hvað eftir annað við ríkisstj., að með því að setja vextina eins hátt og þá var gert, 5½%, mundi þetta þýða, að fyrr eða seinna kæmu þeir og hækkuðu þá vexti, sem þá voru í ræktunarsjóðnum, og nú sýnir sig, að þetta er gert, þannig að það sýnir sig, að það, sem þeir voru að mótmæla þá sérstaklega, ýmsir af framsóknarráðherrunum, hefur nú komið fram. En var þörf á þessu? Var þörf á að láta svona undan? Ég álít ekki, og ég vil alveg sérstaklega benda á í því sambandi, að það er vel hægt að tryggja þessum sjóðum þær tekjur, sem þeir þurfa til þess að borga upp mismuninn þarna á annan hátt.

Ég minntist á í ræðu um annað mál, að það væri eitt, sem væri mjög eðlilegt í því efni, og það væri, að Búnaðarbankinn hefði nokkra verzlun með útlendan gjaldeyri. Ég álít, og það munu víst flestir þm. álíta líka, að það komi til þess nú þegar á þessu ári, en a. m. k. á því næsta, að íslenzkur landbúnaður fari að flytja út vörur. Ég veit, að það eru ekki vandræði með að útvega markað fyrir þær vörur, sem íslenzkur landbúnaður framleiðir, ekki sízt, ef búið er þannig að honum, að hann er ekki látinn liggja undir mjög þungum vaxtakjörum og á kost á sæmilegum lánum. Ég á þar með við, að auk þess sem hann nú þegar að nokkru leyti selur landbúnaðarafurðir út úr landinu, þá komi kjötframleiðsla til útflutnings til greina aftur á næstunni. En eitt af því, sem er auðvitað nauðsynlegt, ef á að hjálpa landbúnaðinum til þess að geta verið jafnfær til að sjá um útflutning og keppa á útlendum markaði eins og aðrar atvinnugreinar, er að búa þannig að honum, að hann hafi löng lán og lága vexti. Það er eitt skilyrðið til þess, með hvaða atvinnurekstur sem er, að þannig sé að honum búið hvað lán og vexti snertir, að ekki fari of mikill hluti af andvirði varanna, sem framleiddar eru, í þá fúlgu, sem fer til peningamannanna, peningavaldsins. Og ég hélt nú satt að segja, að það hefði verið frá upphafi ekki sízt skoðun Framsfl., að þannig

ætti að stjórna þessum málum, að það ætti að reyna að losa landbúnaðinn sem allra mest við vaxtaokur, og þess vegna hefði það frá upphafi verið stefnan að reyna að hafa vextina svo lága, að þeir væru um 2%. Ég skal aftur koma með aðra spá, ef ekki er tekið neitt tillit til þessa, og hún er sú, að svo framarlega sem ekki er hugsað um það, að landbúnaðurinn fái sæmileg kjör hvað vexti snertir á þeim lánum, sem hann þarf til sín, þá komi eftir nokkurn tíma sú krafa, að í staðinn borgi ríkissjóður uppbætur á það, sem flutt er út. Það tíðkast í ýmsum öðrum atvinnuvegum og kannske ekki alveg eins óeðlilegt. En hvernig er þá þessi hringrás orðin, ef ríkissjóður ákveður fyrst að svo að segja okra á þeim lánum, sem ríkissjóður sjálfur getur ráðið um, segja síðan við atvinnuvegina: Ja, þið eruð ekki færir um að standa undir framleiðslunni. Þið eruð ekki samkeppnisfærir, og það verður að borga með ykkur og framleiðslunni, sem þið flytjið út, — en okra á þeim aftur á móti hvað vextina snertir? Þetta nær ekki nokkurri átt. Við eigum að ganga þannig frá þessum atvinnuvegum, — og það er sama, hvort í hlut á sjávarútvegur eða landbúnaður, — að við reynum að hafa vextina til þeirra sem allra lægsta og lánin sem bezt og látum ekki ráða í þessum efnum, hvers konar vextir það eru, sem braskaralýðurinn skapar í sínum svokölluðu frjálsu viðskiptum. Við eigum að sjá um að halda þessu utan við. Og þetta var í gamla daga að minnsta kosti alltaf stefna Framsóknar, og hún var ekkert hrædd við að standa með þessu þá. Það var svo um tíma, að það var beinlínis reynt að sjá til þess, að það væri lagður allmikill skattur á auðmenn landsins til þess að geta haft vextina lága til bændanna og þeirra, sem vildu byggja sveitirnar upp. Ég vil bara rétt, þó að það verki nú kannske eins og hálfgerður draugur fyrir Framsfl. núna, minna á frv. um byggingar- og landnámssjóð, ekki aðeins eins og það var lagt fram á fyrstu árunum, 1925 og 1926, heldur líka eins og það var lagt fram, þegar Framsfl. í fyrsta skipti komst í ríkisstj., lagt fyrir Alþ. 1928. Meðan íhaldsstjórnin var hér á árunum 1925 og 1926, flutti Jónas Jónsson frá Hriflu sem landsk. þm. Framsfl. tvö frv., sem voru samferða, frv. um byggingar- og landnámssjóð og frv. um gróðaskatt. Með gróðaskattinum átti að leggja alveg sérstakan aukaskatt á gróða peningamannanna, og þennan sérstaka gróðaskatt, eins og hann var kallaður, átti síðan að nota til þess að „finansera“ eða tryggja fé til þess að koma upp nýbýlum og til þess á annan hátt að vinna að því, að hægt væri að byggja í sveitunum, og umr. á þeim árum voru mjög harðar um þessi mál. Það var jafnan nokkuð af þessu, sem var hugsanlegt að snerti þeirra eignir, og í þeim umr. var greinilega sýnt fram á það, að svo framarlega sem bændur ættu að geta staðið undir því bæði að skapa nýbýli í landinu og húsa jarðirnar, þá þyrftu þeir að hafa mjög lága vexti.

Það vakti, eins og nærri má geta, gífurlega andúð hjá íhaldinu og fulltrúum peningamannanna, þegar þessar till. um gróðaskattinn komu fram, og öll frv. Jónasar og Framsfl. á árunum 1925 og 1926 um byggingar- og landnámssjóð og um gróðaskattinn voru drepin á þessum árum. En Framsókn hafði þó með þessari afstöðu gefið yfirlýsingu um sína stefnu í þessum efnum.

Árið 1928, þegar Framsókn var komin í stjórnaraðstöðu, var greinilegt, að það tók að hafa nokkur áhrif á hana afstaða bankanna, ekki síst Landsbankans, og það var á nokkurn hátt dregið úr þessu hvað það snertir, að hætt var við að afla fjárins í þetta með gróðaskattinum, heldur var hann beinlínis lagður fram af ríkinu. En það var reynt að sjá til þess, að eftir sem áður væru vextirnir raunverulega lágir og að það, sem þyrfti að endurborgast, væri sem lægst. Til þess að reisa býli, sem ræktað land fylgdi, átti árlegt gjald af allri lánsupphæðinni að vera 3½% í 50 ár eftir 5. gr. frv. og láganna þá, — 3½% í 50 ár, bæði afgjaldið og vextirnir til samans, — en aftur á móti með lán viðvíkjandi byggingarkostnaði, sem þá máttu nema ⅘ byggingarkostnaðar, átti árlegt gjald af allri lánsupphæðinni, þ. e. bæði vextir og afborganir, að vera til samans 5% í 42 ár. Það, sem þá hefur vakað fyrir, kemur greinilega fram í grg. við 5. gr., þar sem ákveðið er um afgjaldskvaðirnar og hvernig megi leigja, að þær svari til 2% vaxta. Hugmyndin, sem þar liggur á bak við, er því sú. M. ö. o., frá upphafi vega hefur verið gengið út frá því, að til þess að byggja sveitirnar upp þyrfti jafnvel að leggja sérstakan skatt á gróðamennina í bæjunum, jafnvel það róttækan skatt, að gengið væri að þeirra eignum, ekki aðeins að þeirra stórgróða, og það hefur verið álitið sjálfsagt, að það yrði að tryggja þeim bændum og þeim nýbýlingum, sem vildu leggja í að stofna nýbýli og auka landbúnaðinn í landinu, lán til 40—50 ára og að til samans afborganir og vextir af slíku væru frá 3½% upp í 5%. Hugmyndin, sem fyrir öllum þessum mönnum hefur vakað, sem um þetta hafa fjallað, er vextir í kringum 2%. Og ég vil aðeins skjóta því fram til allra þeirra, sem hugsa um, hve mikið við eigum eftir að vinna enn þá í íslenzkum landbúnaði og hve dýrt það er að stofna nýbýli núna, hvort það sé ástæða til þess yfirleitt að fara út í það að hækka vextina við þá, sem eiga að stofna þessi nýbýli. Ég vil því spyrja þá menn, sem koma hér fram í þinginu með þáltill. um jafnvægi í byggð landsins og annað slíkt, þá menn, sem segja alveg réttilega, að við þurfum að reyna að gera mönnum mögulegt að auka ræktunina í sveitunum, að stofna nýbýli þar, að gera svo og svo miklu af landsmönnum mögulegt að búa þar, — ég vil spyrja þá að því: Finnst þeim þetta vera hjálp til þess, finnst þeim þetta vera stefnan? Ég held, að þetta sé orðið alveg umsnúið frá því, sem var í gamla daga. Fyrir 25 árum, jafnvel fyrir upp undir 30 árum, þótti Framsfl., sem þá leit alveg sérstaklega á sig sem fulltrúa leiguliðanna og smábændanna, rétt að stilla upp hér á Alþingi spurningunni um að leggja sérstakan gróðaskatt á auðmennina í Reykjavík til þess að gera mögulegt að láta vaxtalág og löng lán til handa bændunum í sveitinni og þeim, sem vildu gerast bændur. Núna aftur á móti finnst Framfl. rétt að láta gróðamennina í Reykjavík, það vitlausa brask,

sem hér er orðið með peninga í kringum okkur, marka stefnu málanna, sem Alþingi er að afgreiða; fyrst gróðamennirnir í Reykjavík álíta, að það sé gefið að fá peninga fyrir 7%, 8%, og bjóða meira, þá eigi að hlaupa á eftir þeim og hækka vexti, sem búið er að halda raunverulega í þessum lögum, sem hérna liggja fyrir, í einu eða öðru formi áratugum saman, úr 2% upp í 3½%.

Ég álít þess vegna, að það sé rétt að stinga hér nokkuð við fótum, athuga, hvort í fyrsta lagi sé ekki eðlilegt að vinna þetta vaxtatap upp á annan hátt. Ég hef minnzt á aðferð til þess og skal fara nánar inn á hana, en hins vegar þó, og það er aðalatriðið, álít ég nauðsynlegt að tryggja, að haldizt geti þeir lágu vextir, sem svo lengi hefur verið barizt fyrir og svo lengi hefur tekizt að halda í, með tilliti til hagsmuna þeirra, sem þessi lög varða. Ég álít, að lífsvenja peningavaldsins í Reykjavík eigi ekki að marka þau kjör, sem við ætlum að tryggja bændum og verkamönnum við þeirra nauðsynlega starf.

Viðvíkjandi svo hins vegar því vaxtatapi, sem Búnaðarbankinn og sjóðirnir verða fyrir, vil ég benda á það, sem ég hef minnzt á áður. Hví ekki að leyfa Búnaðarbankanum í þessu tilfelli að hafa með höndum verzlun með útlendan gjaldeyri? Ég minntist á það áðan, að nú mundi landbúnaðurinn þurfa að fara að flytja út kjöt í viðbót við þær vörur, sem hann þegar hefur flutt út. Er nokkur sérstök ástæða til þess, að bændur geti ekki jafnt verzlað við þann banka, sem þeir telja sérstaklega sinn banka, Búnaðarbankann, í þessum efnum og hann annazt um yfirfærslur og annað slíkt í sambandi við það? Við vitum það allir, sem eitthvað komum nærri viðskiptum bankanna hér, að þeirra höfuðgróði í sambandi við viðskipti er ekki vaxtamismunurinn á því fé, sem þeir fá til innláns, og því sem þeir lána út. Höfuðgróðinn er það fé, sem þeir fá fyrir þær tryggingar og þær yfirfærslur, þ. e. þá „rembourser" og þær yfirfærslur, sem þeir framkvæma í sambandi við viðskiptamál, og hví í ósköpunum mætti ekki tryggja Búnaðarbankanum jafnt slíkt með því skilyrði, að hagnaðurinn af slíkum viðskiptum rynni allur til þessara sjóða, sem þarna er um að ræða, byggingarsjóðsins og ræktunarsjóðsins? Ég er alveg handviss um, að það mundi gera miklu meira en að vega upp það tap, sem lagt er til að vega upp nú, og þó ekki að öllu leyti, með því að hækka vextina.

Ég vil minna á það, að það hefur áður komið fram hér í Nd. frv. um að gera þessa breytingu viðvíkjandi Búnaðarbankanum, og það frv. hefur verið samþ. hér í Nd., að hann fengi svo og svo mikið af gjaldeyrinum til umráða, en var hins vegar fellt í Ed. Þá var nú ekki sérstaklega um að ræða þetta vaxtaspursmál í sambandi við það, en mér sýnist, að einmitt í sambandi við þetta vaxtamál væri slík breyting ákaflega eðlileg, og ég vil benda á það sem tekjuöflun fyrir ræktunarsjóð og byggingarsjóð sveitanna.

Ég á bágt með að trúa því, að slíkt mundi ekki hafa fylgi hér í þessari hv. d., eins og það hefur haft áður, þegar reynt hefur á það. Og ég vil taka það fram, að það yrðu vafalaust fleiri en félög bændanna, sem hefðu viðskipti við Búnaðarbankann, ef hann á annað borð hefði gjaldeyrisyfirfærslu, þannig að óbeint mundi þess vegna sá gróði, sem hann fengi með slíku, verka sem eins konar skattur á gróðamennina í Reykjavík, sem sé vera mjög nærri þeirri hugmynd, sem Framsfl., áður en hann nokkru sinni komst í ríkisstj. á Íslandi, var að koma með.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. þm. athugi gaumgæfilega, áður en þeir fara inn á þá leiðu leið, sem lögð er til í þessum efnum, að breyta vaxtafætinum hjá þessum sjóðum, og reyni heldur að finna aðra leið til þess að tryggja ræktunarsjóðnum og byggingarsjóðnum þá peninga, sem þeir þyrftu að fá. Hef ég þegar bent á eina, sem er mjög vel fær, og ég efast ekki um, að fleiri séu færar til þess. En þó að það væri engin önnur leið en að ríkið yrði sjálft að leggja fram til þess að bæta þetta upp, þá er það margfalt betra en að nú sé látið undan þessum þrýstingi peningavaldsins og okraravaldsins allt í kringum okkur og farið að hækka vextina, sem þarf að halda lágum.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. lagði hér fram á Alþingi fyrir nokkrum dögum þrjú frv., sem öll fjalla um svipað atriði, vaxtahækkanir í sambandi við þrjá sjóði, tvo, sem snerta sveitir landsins, og einn, sem snertir kaupstaði og kauptún.

Maður skyldi nú ætla, að þegar hæstv. ríkisstj. kæmi fram með frv., sem fyrst og fremst snerta byggingarmál þeirra manna í sveit og við sjó, sem á ýmsan hátt eiga hvað erfiðasta aðstöðu, þá hefðu það verið frv., sem hnigið hefðu í þá átt að bæta nokkuð aðstöðu manna, sem vissulega er ærið erfið, þau hefðu hnigið í þá átt að auka fjármagn þeirra sjóða, sem hér um ræðir, og auðvelda fleiri mönnum að njóta þeirra mjög svo sæmilegu kjara, sem þar hefur verið um að ræða.

En þessu er nú því miður ekki að heilsa, heldur hníga öll þessi frv. í hina áttina, að draga úr þeim fríðindum, sem menn hafa notið, þeir menn, sem hafa verið að berjast við það að koma sér upp þaki yfir höfuðið eða að rækta landið og byggja upp sveitirnar.

Maður hefur þó heyrt það ærið oft, a. m. k. hjá fylgismönnum annars stjórnarflokksins, Framsfl., að ekki sé vanþörf á því að reyna að stöðva eitthvað fólksflóttann úr sveitunum, reyna að hamla upp á móti því, að sveitirnar færu í auðn, en það frv., sem hér liggur fyrir, og annað hliðstætt, sem einnig er hér á dagskránni, virðist ekki vera flutt í því skyni að stuðla að þessu, heldur hlýtur það að verka þveröfugt, það hlýtur að gera mönnum erfiðara fyrir en áður við þær nauðsynlegu framkvæmdir, sem vitanlega liggja fyrir víðs vegar í sveitum landsins.

Ég hafði hugsað mér að beina hér einni fyrirspurn til hæstv. landb.- og félmrh., en ég sé hann ekki hér í d., og þykir mér það heldur miður, að hann hefur ekki tíma til að vera við þessar umr. Mig langaði til að beina til hans þeirra fyrirspurn, hvað það mundi kosta hið opinbera árlega að tryggja þeim þremur sjóðum, sem um ræðir í þessum þremur frv., tekjur,

er nema sömu upphæð og væntanlegar tekjur af hækkun vaxtanna, sem lögð er til í þessum frv. Það er út af fyrir sig fróðlegt að fá að vita það, hversu háar upphæðir hér er um að ræða.

Í sambandi við frv. um breyt. á l. um verkamannabústaði og aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sem hér var á dagskrá áðan, fór hv. 8. landsk. (BergS) nokkuð inn á þetta mál og sýndi fram á það, að þær upphæðir, sem hér er um að ræða, eru ekki svo gifurlega háar, að þær ættu að vaxa alþm. í augum. Það væri vissulega fróðlegt að fá að vita nokkuð nákvæmlega, um hve háar tölur er hér að ræða og hvort ekki mundi þá verða talið fært að fara einhverja aðra leið en þá, sem lögð er til í þessum frv., hvort annaðhvort ríkissjóður getur ekki tekið á sig þennan vaxtamun eða þessa upphæð, sem hér er um að ræða, ellegar hægt er að fara enn aðrar leiðir, og benti þá m. a. hv. 2. þm. Reykv. á eina leið varðandi Búnaðarbankann.

Það, sem er að sjálfsögðu aðalatriði þessa máls, er sú stefna, sem hér er mörkuð, en stefna hæstv. ríkisstj. virðist vera sú að hækka vextina almennt og að því er sagt er nokkuð til samræmis við þær vaxtahækkanir, sem almennt hafa orðið. En hér er um allmikið mál að ræða, þar sem virðist vera um að ræða, hvort nú eigi að þurrka út eða eyðileggja ýmislegt það bezta í íslenzkri löggjöf, svo sem ákvæði í sambandi við vexti þeirra sjóða, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. ræktunarsjóðsins og byggingar- og landnámssjóðs, að því er sveitirnar varðar, og verkamannabústaðasjóðsins, að því er varðar kaupstaðina.

Það er oft um það talað, að það þurfi að snúa við straumnum, sem legið hefur frá sveitunum til kaupstaðanna, það verði að byggja sveitirnar upp. Hv. framsóknarmenn hafa mjög um þetta rætt bæði hér á Alþ. og í blöðum sínum og viljað, að því er virðist, leggja á þetta áherzlu, a. m. k. í orði kveðnu. Menn verða þess vegna dálítið hissa, ef þeir hafa tekið öll þau orð mjög hátíðlega, þegar þeir fá á einum og sama degi þrjú frv. eins og þessi, þar sem tvö þeirra snerta svo mjög hagsmuni sveitanna.

Sjálfstæðismenn hafa einnig talið sig bera sveitirnar allmjög fyrir brjósti, og oft hefur manni heyrzt, að allmikið kapphlaup væri milli þessara tveggja hv. flokka um það, hvorir séu meiri forsvarsmenn sveitanna. Þeir hafa sett hér á laggirnar n. til þess að halda við jafnvægi í byggð landsins, og sú n. hefur nú að vísu ekki gert stóra hluti enn þá. Þetta eru þó allt a. m. k. sýndartillögur, það er verið að reyna að sýnast, að því er varðar málefni sveitanna, en svo kemur veruleikinn í gervi frv. eins og þeirra, sem hér liggja fyrir, og þá er nokkuð annað upp á teningnum.

Ég mun nú ekki á þessu stigi málsins ræða öllu frekar um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en mér þætti mjög vænt um það, ef einhver hæstv. ráðh., — ég sé nú ekki, að hæstv. landbrh. sé kominn í d., en hér er hæstv. fjmrh., og mér þætti mjög vænt um það, ef einhver gæti svarað þeirri fyrirspurn minni, hversu mikið fé hér er um að ræða, hvað það mundi kosta t. d. ríkissjóð að tryggja þeim þremur sjóðum, sem hér um ræðir, tekjur, er næmu þeirri upphæð, sem þeir mundu væntanlega fá vegna vaxtahækkana þeirra, sem hér eru lagðar til.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég gerði hér nokkra grein í umr. um það mál, sem hér var á dagskránni næst á undan, einnig fyrir afstöðu minni til þessa frv., af því að efni þeirra fer svo mjög saman. En það eru þó nokkur atriði, sem mig langaði að hér kæmu fram einnig sérstaklega í sambandi við þetta frv.

Það vekur í fyrsta lagi nokkra athygli, að þessum stóru málum er fylgt þannig á eftir hér á Alþ. af hæstv. ríkisstj., að um frv. er höfð aðeins örstutt framsaga og síðan er gengið af fundi og málin ekki rædd. Sá hæstv. ráðh., sem eðli málsins samkvæmt á að vera hér við umr. og svara fyrirspurnum og ræða málið við þm., hefur ekki talið það skipta máli, heldur horfið af fundi. Það verður að segjast eins og það er, að það hefur verið harla þunnskipað hér á þingbekkjunum af hálfu stjórnarliðsins. Það virðist vera sem svo, að því finnist alveg sjálfsagt, að þessum málum sé hér kastað fram umræðulítið og þm. svo að segja varnað að fá þær upplýsingar eða skýringar varðandi málin, sem eðlilegt væri að hér kæmu fram.

Þá vil ég einnig segja það, að það er furðulegt um fulltrúa bændakjördæmanna í landinu, sem hér hafa sig æði oft í frammi á Alþ., þm. Framsfl. og ýmsir af þm. Sjálfstfl., sem jafnan telja sig sjálfkjörna hér til þess að tala fyrir hagsmunum bændastéttarinnar, að nú þegar er verið að skerða réttindi bændastéttarinnar, verið að taka af bændastéttinni réttindi, sem hún hefur búið við í mörg ár, þá lætur enginn af þessum fulltrúum til sín heyra, ekki eitt einasta orð. Sá þessara aðila, sem var knúinn vegna formsins til þess að segja hér örfá orð, hæstv. ráðh., sagði, að sér leiddist þetta mál og það væri heldur óþægilegt, ja, svona leiðinlegt, en kaus svo hitt, eins og ég hef sagt, að hverfa héðan af fundi.

Það væri nú ekki ófróðlegt fyrir aðra þm. að fá að heyra frá fulltrúum bændakjördæmanna, hvaða rök þeir flytja fyrir því, að það þurfi nú að hækka vaxtakjörin á þeim lánum, sem veita á til uppbyggingar í sveitum landsins, bæði til ræktunar og eins til húsabygginga í sveitum. Það hefur verið lítillega bent á það, að þessir sjóðir þurfi að taka nokkurt fé að láni með miklu hærri vaxtakjörum en þeir almennt veita sín lán með. En hitt hefur svo verið dregið undan, að þessir sjóðir eiga allmikið af eigin fé og hagur þeirra hefur hreint ekki verið erfiður í þessum efnum. Hitt hefur svo líka verið dregið undan, að upplýsa um það, hvernig þessir sjóðir fá aðallega það lánsfé, sem þeir eiga að nota til sinnar starfsemi.

Ég minnist þess í þessu efni, að samþ. var hér á Alþ. á sínum tíma um hinn stóra mótvirðissjóð, sem ég hygg að muni nema á milli 300 og 400 millj. kr. samtals og Íslendingum hefur áskotnazt í sambandi við Marshallkerfið, hér hefur myndazt sem óafturkræft gjafafé og er því hrein eign Íslendinga, að helmingur af þessu

mikla fé skuli ganga til landbúnaðarins, til framkvæmda í sveitum landsins. Nú er ætlunin sú, að Framkvæmdabanki landsins hafi með þessa miðlun að nokkru leyti að gera og um leið og þetta fé innheimtist frá Laxárvirkjuninni, Sogsvirkjuninni og öðrum þeim aðilum, sem upphaflega fengu þetta fé, skuli lána þetta fé; helmingurinn á að fara til framkvæmda í sveitum landsins, og þetta er eign ríkissjóðs.

Hver er það nú, sem kúskar ríkisstj. til þess að hafa vaxtakjörin á þessum peningum, sem veittir eru af mótvirðissjóði til framkvæmdasjóða landbúnaðarins, til ræktunarsjóðs, til byggingar- og landnámssjóðs, — hver er það, sem kúskar ríkisstj. til þess að lána þetta endilega með 5, 6 eða 7% vöxtum? Hver rekur á eftir með það? Af hverju má þá ekki lána þetta með viðráðanlegri vöxtum fyrir sjóði landbúnaðarins? Það væri virkilega gaman að heyra það frá hálfu hæstv. ríkisstj. og frá hálfu þeirra þm., sem telja sig sérstaklega hér á Alþ. umbjóðendur bænda, hvað það er, sem rekur á eftir með að knýja í gegn þessa vaxtahækkun. Er kannske fólgin í þessari vaxtahækkun einhver stuðningur við bændur landsins, sem ég og aðrir koma ekki auga á? Eða er ætlunin sú, sem maður hefur stundum séð áður, að halda þannig á málunum að veita landbúnaðinum styrk og aftur styrk í ýmsu formi út á ýmsar framkvæmdir og styrkurinn á auðvitað að þakkast á viðeigandi hátt, á viðeigandi degi, þegar það á sérstaklega við í sambandi við alþm.? Landbúnaðurinn á að þakka sína styrki, jafnvel þó að styrkirnir hafi allir verið teknir til baka aftur, m. a. með óþarflega háum vöxtum af þeim lánum, sem landbúnaðurinn hefur fengið.

Það er hvimleitt ástand að knýja fram þá lagasetningu, að landbúnaðurinn skuli þurfa að borga miklu meira fyrir sín lán til sinna nauðsynlegu framkvæmda en þörf er á, en á sama tíma séu svo menn hér á hv. Alþ. að sperra sig við að flytja frv. um að styrkja landbúnaðinn, veita honum aukinn styrk út á þetta eða hitt. Slík vinnubrögð ættu að leggjast niður, og það fer vonandi að koma sá tími, að bændur landsins sjái það, að þetta er óviðkunnanlegt. Það er ekki þetta, sem þeir óska eftir.

Hér var sagt af hæstv. félmrh., í sambandi við þessi vaxtafrv., að þessi frv. væru einn liður, eins og hann orðaði, í samningum stjórnarflokkanna um lausn húsnæðismálanna. Það er nú líka mjög fróðlegt fyrir bændur landsins að heyra þetta. M. ö. o., þegar á að leysa húsnæðisvandamálin, auðvitað fyrst og fremst í þéttbýlinu, fyrst og fremst að leysa húsbyggingarmálin hér í Reykjavík og næsta nágrenni við Reykjavík, þar sem mest þarf að byggja, en þangað hlýtur meiri hluti hinna byggingarlánanna að renna, þá er einn liðurinn sá að láta bændur landsins fara að borga allmiklu hærri vexti af lánum til ræktunarframkvæmda, af lánum til þess að byggja upp húsnæði í sveitum. Það er fróðlegt að fá slíkar upplýsingar sem þetta, að einn liður í því að leysa húsnæðismálin í þéttbýlinu hér í Reykjavík er það að hækka raunverulega álögur á bændur landsins. Hvað segja nú bændafulltrúarnir hér á Alþingi um þetta? Eru þeir raunverulega samþykkir þessari ráðstöfun? Eða una þeir kannske ráðstöfuninni, svo sem kemur fram í því, að þeir geti ekki rætt um þetta hér á Alþ.? Það sýnist líka vera harla einkennilegur stuðningur, að það skuli vera einn liður í því að leysa byggingarvandamálið, húsnæðisvandamálið, að hækka vaxtakjörin á lánum til byggingar á verkamannabústöðum, gera það að verkum, eins og ég sýndi fram á áðan, að vaxtagreiðslur af meðalíbúð í verkamannabústöðum hljóta, bara vegna þessarar vaxtahækkunar, að hækka um 200 kr. á hverjum mánuði. Í mínum augum lítur þetta þannig út, að það sé ekki að greiða fyrir lausn byggingarmála, þetta sé ekki að stuðla að neinu í þá átt, síður en svo. Er því einkennilegt, að þetta skuli koma hér fram undir þeirri yfirlýsingu, að þetta sé einn liður í því að leysa hin miklu vandamál húsnæðisskortsins.

Ég hef hér fyrir framan mig nýjasta prentaða ríkisreikninginn, reikning fyrir 1953, sem sýnir reikning þess sjóðs, sem hér er nú verið að ræða um, byggingarsjóðs sveitanna. Að vísu hefur þarna nokkuð gerzt á árinu 1954, og ég hef ekki þann reikning hér liggjandi fyrir. Þessi reikningur sýnir það, að höfuðstóll sjóðsins nemur 18.5 millj. kr., og þar að auki hefur svo þessi sjóður, til viðbótar við 18.5 millj., sem hann á alveg hreinlega, fengið á óendurkræfan hátt frá ríkissjóði, sem við þessa upphæð bætist, 7½ millj., sem var veitt af tekjuafgangi ársins 1951, en 7 millj. kr., sem þessi sjóður fékk af gengisgróðanum árið 1950. Hrein eign þessa sjóðs er þá að upphæð 36 millj. kr. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð eru hins vegar 13.2 millj. og við Framkvæmdabankann 2 millj. Það er því alveg augljóst mál, að byggingarsjóður sveitanna er vel stæður sjóður. Rekstrarreikningur yfir þetta ár sýnir það, að sjóðurinn hefur vaxið á árinu, hreinn rekstrarhagnaður sjóðsins á árinu er kr. 2919794,31, en allt ríkissjóðsframlag til sjóðsins á þessu ári var 2½ millj. Hann hefur haft fullar 400 þús. þetta ár fram yfir það, sem er hið beina framlag ríkissjóðs til hans á árinu. Nei, það eru, eins og ég hef áður vikið að, engin rök, sem hníga að því, að vegna afkomu þessa sjóðs sé nauðsynlegt að hækka vextina eins og þetta frv. leggur til.

Svo að endingu það, að hér hefur aðeins verið á það minnzt og það er ekki óeðlilegt í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að um þetta leyti hefur allmikið verið rætt um jafnvægi í byggðum landsins. Það hafa menn úr öllum flokkum verið að halda ræður og flytja þingmál um það, hvaða ráðstafanir megi nú gera til þess að koma í veg fyrir þá þróun, sem verið hefur á undanförnum árum, þegar fólki úti á landsbyggðinni og í sveitum landsins hefur sífellt farið fækkandi, en vöxturinn hins vegar hefur orðið óeðlilega mikill hér í Reykjavík og í næsta nágrenni við Reykjavík. Það er skipuð sérstök nefnd til þess að finna með einhverjum ráðum bót við þessu. Á meðan svo þetta stendur yfir, meðan þetta fer fram, að þessi þingmál eru flutt, um þetta er rætt á Alþ., og meðan n. situr að störfum, þá koma frv. fram eins og þetta, sem miða að því að draga úr þeim hlunn-

indum, sem sveitirnar hafa búið við til síns atvinnurekstrar og til sinna framkvæmda, — frv., sem ekki er sjáanlegt að nokkuð hafi rekið af stað, annað en þá hreinn misskilningur stj. um það, hvað eigi að gera til þess að halda við jafnvægi í byggð landsins. Það er alveg augljóst mál, að ekki getur verið réttmætt, að það sé einn liður í samkomulagi stjórnarflokkanna um húsnæðisbyggingar í þéttbýlinu hér í Reykjavík að láta bændur landsins búa við lakari lánskjör en þeir hafa búið við fram að þessu. Það er algerlega að snúa við hlutunum.

Ég vil svo vona, að það eigi eftir að koma í ljós, þó að síðar verði, í umr. um þessi mál, að þeir fulltrúar bændakjördæmanna, sem æði oft hafa látið til sín heyra hér um málefni bændanna, eigi einnig eftir að rumska í sambandi við þetta mál og láta alþm. og aðra heyra, hvernig þeir vilja rökstyðja afstöðu sína til þessarar réttindaskerðingar, sem hér er um að ræða samkv. þessu frv. fyrir bændur landsins.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar eru fjögur mál, sem sérstaklega snerta vaxtagreiðslur af lánum. Það eru frumvörpin um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum, frv. til l. um breyt. á l. um ræktunarsjóð Íslands og frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, auk hins almenna húsnæðismálafrv., sem einnig stendur hér á dagskránni, þótt það sé ekki komið til umr. enn þá.

Það fer ekki hjá því, að í þeim frv., sem hér liggja fyrir, fáum við að sjá framan í þá stefnu, sem ríkisstj. almennt hefur í fjármálum og í því, hverja fyrirgreiðslu hún vill veita þegnum þjóðfélagsins í krafti þeirra verðmæta, sem þjóðin á. Og það verður ekki heldur sagt annað en að hún sé sjálfri sér samkvæm í frumvörpunum, því að í öllum þeirra er gert ráð fyrir því, að vextir af lánum séu hækkaðir frá því, sem gildandi er í öllum þessum atriðum. Ég skil það ofur vel, að það er engin sérstök skemmtun fyrir ríkisstj. að leggja þetta hér fram, enda var það svo, að sá ráðh., sem mælti fyrir einu af þessum frv., — því að fyrir hinum hefur ekki enn verið mælt af hálfu ríkisstj., — hafði sig hið hraðasta á brott, eftir að hann hafði lýst því yfir héðan úr ræðustól, að þetta mál væri óskemmtilegt. Það var mikið, að hann fann það. En það væri nú samt æskilegra, að ríkisstj. fyndi það, að það er enn þá óskemmtilegra fyrir þjóðina, sem býr í þessu landi, að sitja með þá ríkisstj., sem leggur þessi frv. fram, heldur en nokkurn tíma fyrir ríkisstj. að viðurkenna óstjórn sína í fjármálum með því að sýna hv. Alþ. framan í svona blöð eins og hér liggja fyrir.

Rökin, sem ríkisstj. leggur fram til sönnunar því, að þetta séu nauðsynlegar ráðstafanir, sem hér eru á ferðinni, eru nú að vísu harla lítil fyrirferðar, en einna helzt, ef maður ætti að taka eitthvað af þessu sem rök fyrir málunum, er þó það, að vextirnir, sem tíðkast hjá þessum aðilum, séu svo lágir, að sjóðirnir muni verða óstarfhæfir, ef svo heldur áfram sem horfir. Nú er það að vísu alveg rétt, að hinn almenni vaxtafótur í landinu hefur farið vaxandi að undanförnu, og er það ekki að furða, þar sem það eru einmitt peningamennirnir, þeir menn-irnir í landinu sem stærstar fjárfúlgur eiga, sem einnig eiga ríkisstj. og nota hana auðvitað til þess, að þeir geti ávaxtað sitt fé með sem allra hagkvæmustu móti, og almenningur, sem lánin þarf að taka, borgar auðmönnunum meira en tíðkazt hefur fram til þessa.

Þessir útreikningar geta að vísu sýnt, að starfshæfni sjóðanna geti verið í nokkurri hættu að því leyti, að þá muni skorta fé, ef ekkert er að gert. En starfshæfni sjóða sem ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs og annarra slíkra er ekki einasta fólgin í því, að þeir fyllist upp í lok af krónum. Þeir eru til þess ætlaðir, að framkvæmdir séu í landinu, að byggð séu hús og að það sé ræktuð jörð. Sjóðirnir geta orðið óstarfhæfir með öðru móti en því, að þeir tæmist. Þeir verða líka óstarfhæfir, ef svo er komið, að þeir menn, sem eiga að gera þau verk, sem sjóðirnir eiga að leggja fé til, verði bundnir svo þungri vaxtabyrði, að þeir rísi ekki undir því. Sjóðurinn er einnig óstarfhæfur, ef ekki er hægt að rísa undir vöxtum hans eða afborgunum. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, — ja, það er nú kannske erfitt að benda henni á eitt eða neitt, þar sem hún er auðvitað haldin til sinna hibýla og telur sér allsendis óskylt að ræða þessi mál í alvöru við hv. alþm., en samt sem áður vona ég, að henni berist það til eyrna einhverju sinni, að því hefur verið haldið hér fram, að með þeirri framkomu, sem hún hefur sýnt hér í þessu máli, í fyrsta lagi með að leggja frv. fyrir sem slík og í öðru lagi með því að vera ekki til viðtals við alþm. um hina raunverulegu hluti, sem koma til með að gerast, ef frv. verða samþ., hefur ríkisstj. unnið sér til óhelgi, og hún sannar það enn, sem raunar hefur verið haldið fram um hana áður, bæði af mér og öðrum, að hún sé ekki stjórn fólksins í landinu, heldur sé hún stjórn peninganna, peningavaldsins. Hún gerir alls konar útreikninga um það, að fólkið geri ekki nógu mikið fyrir peningana, en henni dettur aldrei í hug að sýna útreikning um það, hvernig einn bóndi á að geta staðið undir sínum skuldbindingum, ef hann ræktar jörðina fyrir lán úr ræktunarsjóði, ef hann byggir sér hús í sveit fyrir lán úr byggingarsjóði, ef hann byggir sér hús í kaupstað fyrir önnur þau lán, sem fyrir atbeina ríkisins eru til þess ætluð. Slíka útreikninga lætur hún ævinlega vanta, enda er það í fullu samræmi við það, að hún er ekki stjórn fólksins í landinu, heldur er hún stjórn, sem hefur tekið að sér að láta fólkið í landinu ganga undir peningunum, að gera fólkið í landinu þræla fjármagnsins, en ekki hið gagnstæða, að fjármagnið sé tæki fólksins til þess að gera þá hluti, sem til þarf, að þjóðin geti orðið efnahagslega sterk og að einstaklingar þjóðarinnar geti búið við góðan kost. Þessi meginstefna ríkisstj. var raunar ljós, áður en þessi frv. voru lögð fram. Hún birtist í hvert skipti, sem ríkisstj. leggur fram einhverja pappíra varðandi það, hvernig hún ætlar að afgreiða fjármál þessa lands. Ekki sízt í fjárlögum þeim, sem ríkisstj. afgreiðir, kemur það fram, að hún reiknar með því, að bústofn þjóðarinnar sé skattar og tollar og að þeir, sem

hún verður fyrst og fremst að þjóna skyldum sínum við, séu sjóðir og aurakassar, en alls ekki fólkið í landinu.

Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. að leggja fram, meðan á afgreiðslu þessa máls og þessara mála stendur hér í þinginu, útreikninga um það, hvernig hún hefur hugsað sér, að þeir, sem taka eiga lán úr þessum sjóðum, geti framkvæmt þá hluti, sem til er ætlazt. Ef hún getur sýnt fram á það, ef hún getur reiknað það dæmi til enda, að sjóðirnir komi að gagni með slíkum hætti, þá hefur hún flutt rök fyrir sínu máli; fyrr hefur hún ekki gert það.

En ég sé það á öllu atferli ríkisstj., að hún muni ekki hafa sterkan hug á því að færa nein raunveruleg rök fyrir sínu máli, enda eru þessi mál þannig vaxin, að hennar rök eru ekki til. Þess vegna er það, að við sjáum á eftir ráðherrunum burt úr þingsalnum, þegar fara á að ræða þessi mál, hvað þá að þeir geti gefið upplýsingar um eitt eða neitt varðandi framkvæmd þessara mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:3 atkv. og til fjhn. með 19:1 atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 581, n. 612, 617 og 627, 640).

**Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er 190. mál þingsins, er stjfrv. og fer fram á það að hækka vexti í byggingarsjóði sveitanna úr 2% upp í 3½%.

Fjhn. hefur athugað þetta mál og ekki getað orðið um það sammála, þar sem hún hefur klofnað í tvo hluta. Meiri hluti n., sem skilar áliti á þskj. 627, leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það, sem gerir að verkum, að við viljum samþ. þessa hækkun á vöxtum byggingarsjóðs, byggist á því, að við leggjum meira upp úr því, að sjóðurinn hafi fjármagn til þess að lána, heldur en hinu, þó að vextirnir séu nokkuð hækkaðir, enda þótt það sé aldrei æskilegt mál. Eins og gerð er grein fyrir bæði í grg. frv. og að nokkru leyti í nál. okkar meiri hl. um breytingu á ræktunarsjóðslögunum, þá kostar mjög mikla fúlgu að standa undir vaxtamismun, ef vöxtunum er ekki neitt breytt.

Ég skal ítreka það, sem minnzt er á í nál. okkar á þskj. 627, að það er ekki til þess ætlazt, að þessi vaxtahækkun komi á nein þau lán, sem búið er að veita, og ekki heldur á þau byggingarlán, sem búið er að veita fyrri hlutann af, þegar lögin taka gildi, þar sem telja verður, að búið sé að gera samning um þau lán á grundvelli hinna eldri laga.

Varðandi þær brtt., sem fram hafa verið fluttar við þetta frv., skal ég ekki fyrir hönd meiri hluta n. tala neitt um þær að svo stöddu, fyrr en þeir hv. flm., sem þær flytja, hafa fyrir þeim talað.

**Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson):** Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er eitt af þeim fjórum frv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. nú að undanförnu og öll miða að því að hækka vaxtagreiðslur af lánum í landinu til íbúðarbygginga í sveitum, kaupstöðum og sömuleiðis til annarra framkvæmda, sem áður hafa notið sæmilegra vaxtakjara, svo sem ræktunarframkvæmdanna.

Það hefur áður verið rakið hér, bæði af mér og öðrum, að sú stefna, sem í þessu felst, er ærið óheillavænleg fyrir framtíð byggingarmálanna á okkar landi og fyrir framtíð fjármálanna yfirleitt, þar sem ekki má lengur nokkur hlutur vera með þeim réttindum í þjóðfélaginu, að lán til framkvæmda séu fyrir hendi með skaplegum kjörum.

Það hefur verið á það bent hér af formælendum ríkisstj., að það hafi orðið almenn vaxtahækkun í landinu og það sé ekki nema eðlilegt, að þetta fylgi þeirri vaxtahækkun. Þetta er ákaflega hæpin röksemd. Sízt af öllu er það samboðið þeim, sem þykjast hafa háð mikla og harða baráttu gegn dýrtíðinni í landinu, þegar þeir nú gera það að aðalröksemdum sínum, að ekkert megi dragast aftur úr af þeim liðum, sem annars verka til aukinnar dýrtíðar.

Húsagerð í sveitum er að sumu leyti nokkru óarðvænlegra fyrirtæki en a. m. k. sumt af húsagerð í kaupstöðum, og er það fyrst og fremst vegna þess, að sveitir landsins hafa ekki tekið eðlilegri þróun hvað fólksfjölgun snertir með sama hætti og þjóðin í heild. Það hefur sífellt sigið í þá áttina á undanförnum árum, að fólk hefur flutt burt úr sveitunum, og þeir sömu menn sem hér eru forsvarsmenn þess, að vextir séu hækkaðir til íbúðarhúsabygginga í sveitum, stynja hér úr þessum ræðustól yfir þeim vandræðum, að hér sé víða að verða fólkslaust í sveitunum. Þeir tala um það, að það þurfi að vinda bráðan bug að því að laga þetta, það þurfi að flytja inn fólk o. s. frv., en þegar kemur að einu höfuðskilyrðinu fyrir því, að fólkið geti búið í sveitunum, þ. e. a. s., að það geti byggt sér þar sæmileg hús án þess að verða mjög sligað af vaxtabyrðum þeim, sem á húsbyggingarlánum verða, þá vantar þá ekki hendurnar til þess að rétta upp til samþykkis því áformi ríkisstj. að gera enn þá örðugra að byggja í sveitum en verið hefur. Ég geri ráð fyrir því, að það breyti ekki stóru um þeirra handaburð við afgreiðslu þessa máls, þótt þeim sé bent á þetta hrópandi ósamræmi, sem í framkomu þeirra er, þó að þeim sé bent á það, að ein af þjóðarnauðsynjum Íslendinga er í því fólgin, að fólk geti búið í sveitum og byggt sér þar hús. Samt vil ég leyfa mér að undirstrika það, að þeir, sem ljá svona máli lið, eru ekki að stuðla að því, að straumhvörf verði í því máli, sem nú er eitt af okkar alvarlegustu vandamálum, þ. e. a. s., að fólksstraumurinn liggur úr sveitum og til höfuðborgarinnar.

Ég hef lagt til í mínu nál. sem minni hl. fjhn., að þetta frv. verði fellt. Það eru raunar ýmsar aðrar leiðir, sem til greina geta komið, og hér liggur fyrir brtt. frá hv. 11. landsk. þm. (LJós) um það, að í staðinn fyrir vaxtahækkun

í þessum sjóði komi aukið framlag ríkissjóðs til hans, þ. e. a. s., að hið fasta árlega ríkisframlag hækki úr 2.5 millj. í 3 millj. Þetta er ólíkt skynsamlegri leið, og mun ég þar af leiðandi styðja þá breytingu, en auk alls annars vil ég benda á það, að vaxtagreiðslur þessa sjóðs eru nú ekki óhagstæðari fyrir s. l. ár en svo, að hann hefur haft 113 þús. kr. ágóða af vöxtum, þ. e. a. s. vextir, sem til hans hafa verið greiddir af lánum, eru 113 þús. kr. hærri en þeir vextir, sem sjóðurinn hefur sjálfur greitt af sínum lánum.

Á þessu kann að vera breyting í aðsigi, með því að sjóðurinn á von á allstóru láni, að því er mér skilst, 12 millj. kr. láni úr þeim sjóði, sem á að veita lán úr til almennra húsbygginga samkv. því frv. ríkisstj., sem héðan var afgr. úr þessari d. áðan. Má þá búast við því, að vaxtagreiðslur sjóðsins verði óhagstæðar, því að af þeim lánum, sem ríkisstj. ætlar þannig að koma til sveitanna, eiga að vera 7% eða jafnvel 7¼% vextir og væri eðlilegast að mæta því með auknu ríkisframlagi, en svo fremi að brtt. 11. landsk. þm. fáist ekki samþykkt, þá held ég mig við þá afstöðu, að frv. beri að fella.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til að mæla fyrir þeirri brtt., sem ég hef lagt fram við þetta frv. á þskj. 640. Þetta frv. er sama eðlis og það, sem hér var á dagskránni næst á undan. Það miðar fyrst og fremst að því að hækka vaxtakjör hjá þeim sjóði, sem hér er um að ræða, byggingarsjóði sveitanna. Ég tel miklu eðlilegra að mæta þeim vanda, sem sjóðurinn kann að þurfa að glíma við á næstu árum með því að þurfa að borga hærri vexti sjálfur en vaxtatekjur hans geta orðið, með því, að greitt verði af hálfu ríkisins örlítið hærra fast framlag til sjóðsins og vaxtamismunurinn þannig greiddur niður. Nú greiðir ríkissjóður til þessa sjóðs á ári hverju 2 millj. og 500 þús. kr. Ég legg til, að ríkissjóður þess í stað greiði eftirleiðis 3 millj. kr., eða hækki sitt framlag um 500 þús. kr. Ég vona líka, að hv. alþm. geti fallizt á, að það sé ekki eftir því að sjá, þó að ríkissjóður greiði ½ millj. kr. meira á ári til þessa sjóðs en verið hefur, ef með því yrði hægt að koma í veg fyrir þá vaxtahækkun, sem annars er stefnt að með frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 640 felld með 17:10 atkv.

1. gr. samþ. með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, JörB, KJJ, MJ, SB.

nei: GMM, BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

2 þm. (EmJ, JR) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:7 atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 706 og 714).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Frv. þetta, sem nú er tekið til umræðu, er í raun og veru ferðafélagi þess frv., sem var síðast til umræðu, áður en fundarhléið var tekið, og náskylt því frv. Það er stjfrv. og hefur gengið óbreytt gegnum hv. Nd. Frv. er um það, að vextir af útlánum byggingarsjóðs við Búnaðarbankann hækki úr 2%, sem þeir nú eru, upp í 3½%. Ekki er ætlazt til þess, að lögin verki aftur fyrir sig. Þau lán, sem búið er að veita, þegar lögin ganga í gildi, verða með þeim vöxtum áfram, sem um var samið, þegar þau voru veitt. Annað væri vitanlega ekki rétt, það væru samningsrof. Að sjálfsögðu er ekki æskilegt að hækka vextina um þennan 1½%, en nauðsyn knýr og almennir vextir, bæði inn- og útlánsvextir, hafa hækkað miklu meira en þessu nemur. Eigin fé byggingarsjóðs hrekkur ekki til útlána þeirra, sem þörfin kallar eftir í sveitum landsins til híbýlabóta. Lánsfé handa sjóðnum hefur verið tekið með 4½—6½% vöxtum, og búast má við hærri vöxtum á ófengnu fé. Að óbreyttum útlánsvöxtum hjá sjóðnum yrði stórfelldur halli á rekstri hans, sem hlyti að lama hann og éta af umráðafé hans. Þó að vextirnir verði hækkaðir eins og frv. gerir ráð fyrir, eru þeir lægri í hlutfalli við innlánsvexti en þeir voru, þegar þeir voru lögleiddir. Vaxtahækkunin er því breyting í áttina til samræmingar við viðskiptalífið í landinu.

Ég þykist þess fullviss, að bændur muni ekki yfirleitt telja þessa vaxtahækkun óeðlilega eftir atvikum. Hinu munu þeir leggja meira upp úr, að geta átt það tryggt að fá sæmilega há lán til íbúðarhúsabygginga og löng lán, eins og verið hafa, eða 42 ára lán til aðalbygginga íbúðarhúsa. Styttri lán hafa þó verið veitt úr þessum sjóði, ef byggt er úr öðru efni en steini. Bændur þurfa allmikið lánsfé og löng lán til þess að koma jörðum sínum í gott lag, en hins vegar geta þeir betur en áður var borgað leigu af lánsfénu, vegna þess að öll afkoma búanna er orðin tryggari.

Meiri hl. fjhn. mælir með frv., eins og nál. hans á þskj. 706 ber með sér. Hins vegar er hv.

4. þm. Reykv. (HG) á móti frv., svo sem sönnum stjórnarandstæðingi sæmir, og er ekkert sérstakt um það að segja. Nál. hans á þskj. 714 er hógvært, og það er ástæðulaust fyrir mig sem frsm. meiri hl. á tímanaumum fundi að láta það álit lengja ræðu mína.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, er þetta frv. að efni til náskylt því frv., sem hér var til umræðu næst á undan.

Bæði byggingarsjóður sveitanna og byggingarsjóður verkamanna eru til þess stofnaðir fyrst og fremst að sjá þeim fyrir lánsfé, sem ekki geta búið við almenn lánskjör, bæði hvað snertir lánstíma og vaxtaupphæð. Til þess að gera þessum mönnum kleift að eignast sómasamlegt húsnæði, hefur það ráð verið tekið að ákveða vextina meiri og lánstímann lengri en fáanlegt er á þeim almenna lánamarkaði. Það liggur í augum uppi, að það er rétt, sem hv. frsm. tók fram, að ef þessi starfsemi verður víðtæk og sjóðirnir afla sér fjár til útlána með háum vöxtum, sem þeir svo aftur lána út með stórum mun lægri vöxtum, þá hlýtur að því að reka, að svo og svo mikið af tekjum sjóðanna rennur til þess að greiða vaxtamuninn. Enn þá er þessu ekki svo komið með byggingarsjóð sveitanna. Samkv. upplýsingum í grg., sem hæstv. ríkisstj. lætur fylgja þessu frv., er tekið fram, að eins og sakir stóðu um síðustu áramót, þá greiðir byggingarsjóðurinn í vexti af skuldum sínum 847 þús. kr. á ári, en vaxtatekjur sjóðsins námu sama ár 960 þús. kr., eða 113 þús. kr. meira en greiddir vextir. Það er því augljóst, að til þessa hefur vaxtamunargreiðslan ekki hamlað að ráði starfsemi sjóðsins. Nú stendur nokkuð öðruvísi á, þar sem gert er ráð fyrir því, að þessum sjóði verði lagt aukið starfsfé, 24 millj. kr., og að það fé verði veitt með vöxtum, sem eru nokkuð yfir 7%, ef lántökugjaldið er reiknað með. Vaxtamunur á þessum 24 millj., þ. e. a. s. útlánsvaxta og þeirra vaxta, sem sjóðurinn þarf að greiða, gleypir, eins og augljóst er, mjög verulega upphæð, sennilega yfir 1 millj. kr. Því verð ég að segja, að það er alveg eðlilegt, það er í samræmi við það, sem ég sagði áðan í sambandi við umr. um byggingarsjóð verkamanna og vexti hans, að taka til athugunar, hvort ástæða er til þess að breyta vaxtakjörum sjóðsins, því að ef ekki eru gerðar aðrar ráðstafanir til þess að sjá fyrir fé til sjóðsins til þess að greiða vaxtamuninn, þá er augljóst, að það skerðir möguleikana til útlána. Ég mun þó ekki greiða atkv. með þessari vaxtahækkun nú, og ástæðan til þess er sú, að ég álít, að það sé nauðsynlegt, eðlilegt og sjálfsagt, að báðir þessir sjóðir, sem ég hef nefnt, sitji við nokkuð svipuð kjör af hálfu ríkisvaldsins. Ég vil ekki enn þá gefa upp von um það, að Alþ. sjái sóma sinn í því að leggja byggingarsjóði verkamanna a. m. k. tilsvarandi upphæð í auknu starfsfé við það, sem tryggt hefur verið að byggingarsjóður sveitanna fái. Ég tel því ekki rétt, meðan ekki er vonlaust um, að þetta verði leiðrétt, að gera breytingar á útlánareglum sjóðsins og vaxtakjörum, heldur tel ég eðlilegt, að það yrði gert samtímis fyrir sjóðina báða og þá miðað við, að báðir fengju sömu starfsskilyrði. Ég mun því að þessu sinni, þó að ég verði að játa, að það stendur nokkuð öðruvísi á um þennan sjóð en byggingarsjóð verkamanna vegna þess aukna starfsfjár, sem hann á að fá, vera andvígur því, að þessi vaxtahækkun verði samþykkt, og mun því greiða atkv. á móti frumvarpinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 732).

---

## 35. Heilsuverndarlög.

Á 54. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:
**Frv. til heilsuverndarlaga** [165. mál] (stjfrv., A. 427).

Á 55. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. til heilsuverndarlaga, sem ég hef leyft mér að flytja hér, er flutt í samráði við landlækni og dr. Sigurð Sigurðsson berklayfirlækni. Þeir hafa bent á það réttilega, að eins og lögin eru núna, þá eru þau ekki framkvæmd, vegna þess að forusta bæjarfélaganna hefur brugðizt með öllu. Það hefur einnig þótt nauðsynlegt að láta heilsuverndarlögin ná yfir fleiri þætti heilsuverndar en þau lög, sem nú gilda.

Þær breytingar, sem hér er farið fram á með þessu frv. á núgildandi lögum um heilsuverndarstöðvar, l. nr. 64 1944, eru ekki nema smávægilegar. Helzta breytingin, sem felst í 1. gr., er sú, að samkv. frv. er ekki lögð sú skylda á kaupstaðina að reka slíkar stöðvar. Samkv. núgildandi lögum getur ráðherra að vísu veitt kaupstöðum undanþágu.

Núgildandi lög leggja megináherzlu á berklavarnir, en segja um aðra heilsuverndarstarfsemi, að ákveða skuli um hana í reglugerð. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að staðfestingu ráðherra þurfi á slíkri reglugerð, nema ágreiningur verði á milli bæjarstjórnar og sjúkrasamlags, en samkv. frv. er gert ráð fyrir, að staðfestingu ráðherra þurfi alltaf. Upptalning er í frv. á 12 greinum heilsuverndar, en sú upptalning er aðeins ábending um það, sem til greina gæti komið að ákveða í reglugerðunum.

Í núgildandi lögum segir beinlínis í 3. gr.,

hvernig stjórn heilsuverndarstöðvar skuli skipuð, og fyrirvari jafnframt í gr. um, að fela megi sjúkrasamlagi eða viðurkenndu líknarfélagi rekstur stöðvar, og að stöð skuli háð eftirliti héraðslæknis, nema hún sé undir stjórn sérstaks læknis, er ráðherra hefur viðurkennt. Í frv. segir um þetta efni einfaldlega, að í reglugerð skuli ákveða, hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Gert er ráð fyrir sömu skiptingu á kostnaði við starfsemi stöðvanna, ⅓ af ríki, ⅓ af sjúkrasamlagi og ⅓ af sveitarfélagi, en þó látið að því liggja, að sjúkrasamlögum verði sleppt við þátttöku, ef sérstök ástæða þyki til. Hins vegar geti ráðherra úrskurðað um þátttöku sjúkrasamlags, allt að ⅓, ef sveitarfélag geri kröfu um það. Er þessi fyrirvari samkv. því, er segir í grg., vegna fyrirhugaðra möguleika á mjög útvíkkaðri starfsemi á heilsuverndarstöðvum, sem gæti orðið sjúkrasamlögunum ofviða.

Óbreytt er eldra ákvæði 77. gr. almannatryggingalaganna um þátttöku ríkisins í byggingarkostnaði heilsuverndarstöðva, sama og um sjúkrahús, ⅝ í kaupstöðum og ⅜ utan þeirra.

Eins og sjá má af þessu, er ekki um neinn aukakostnað fyrir ríkissjóð að ræða, þótt þetta frv. verði samþykkt. Þetta frv. er fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir það, að í landinu séu lög, sem ekki er hægt að framfylgja. Af 13 kaupstöðum hafa aðeins sex talið sér fært að fylgja bókstaf laganna og koma af stað heilsuverndarstöðvum í anda þeirra. Þetta frv. kemur í veg fyrir það, að kaupstaðirnir þurfi að brjóta lögin, vegna þess að það gerir ekki ráð fyrir neinni skyldu á hendur kaupstöðunum að koma þessum stöðvum upp.

Ég vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða þetta frv., sem er til samræmis og lagfæringar á heilsuverndarlögunum, en ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

**Haraldur Guðmundsson:** Mér þykir rétt, áður en þetta mál fer til nefndar, að bæta örlitlu við það, sem hæstv. heilbrmrh. sagði, og sérstaklega benda á það, að með þessum lögum er geysilega mikið fært út starfssvið heilsuverndarstöðvanna frá því, sem nú er. Á því er án efa hin mesta nauðsyn. Það er fullkomlega rétt, sem hér segir í grg. og hæstv. ráðherra tók fram, að ákvæðin um heilsugæzlu og heilsuvernd í almannatryggingal. hafa ekki komið til framkvæmda til þessa, því miður. Nokkur af þeim verkefnum, sem þar er gert ráð fyrir að tekin yrðu undir heilsuvernd, eru einmitt talin upp hér í 2. gr. frv. í viðbót við þá þrjá þætti, sem heilsuverndarstöðvarnar hafa annazt til þessa, en það er, eins og hæstv. ráðherra tók fram, berklavarnir, mæðravernd og ungbarnavernd, en starfssvið heilsuverndarstöðvarinnar er ætlazt til að taki yfir þá 12 liði, sem nú eru taldir upp í 2. gr. Ég geri því ráð fyrir, að það verði ekki hjá því komizt, að nokkur kostnaður fylgi framkvæmd þessara laga. Hins vegar er ég alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að úr því að ekki hefur komið til framkvæmda kaflinn um heilsugæzlu í almannatryggingal., þá sé fyllsta nauðsyn á því að setja lög og ýtarlegri reglur um starfsemi heilsuverndarstöðvanna í tilefni þessa, og get því mælt með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, n. 464).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Það er samið af Sigurði Sigurðssyni heilsugæzlustjóra og landlækni, að ég ætla í sameiningu, og borið fram af hæstv. ríkisstj.

Í tvennum lögum eru nú ákvæði um heilsuverndarstörf. Annars vegar í lögum um heilsuverndarstöðvar frá 1. des. 1944 og enn fremur í lögum um almannatryggingar frá 1946, en þau ákvæði hafa ekki nema að litlu leyti komið til framkvæmda enn þá, þannig að lögin frá 1944 eru að mestu í gildi. Samkvæmt ákvæðum beggja þessara laga er það skylda bæjarfélaganna að reisa heilsuverndarstöðvar og reka þær, samkvæmt ákveðnum reglum, sem þar um eru settar í lögunum. Þessi lög eru búin að standa í meir en 10 ár, en samt skortir mjög mikið á, að þessum ákvæðum hafi verið framfylgt. Það eru 6 af bæjarfélögunum, sem hafa komið sér upp heilsuverndarstöðvum, og hjá sumum þeirra eru þær rétt aðeins í byrjun, vísir, ef svo mætti segja. Hin 7 hafa ekki hafzt neitt að í þessum efnum. Hvað þessu veldur, er gerð nokkur grein fyrir í *athugasemdum, sem fylgja frv.*, en um það segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig eru enn aðeins 6 af 13 kaupstöðum í landinu, sem reka slíkar stöðvar. Stafar þetta af því, að hin lögboðna forusta bæjarfélaganna í þessu efni hefur brugðizt, og eigi síður af hinu, að þrátt fyrir ábendingar til Alþ. um nauðsyn aukinna fjárveitinga í þessu skyni hefur fram til þessa eigi fengizt nægilegt fjármagn frá ríkinu til styrktar nýjum stöðvum, er tekið hefðu til starfa, en það hefur leitt til þess, að fyrirsvarsmenn heilbrigðismála ríkisins hafa hliðrað sér hjá því að hvetja bæjarfélög til aukinnar heilsuverndarstarfsemi."

Þetta er umsögn þeirra, er frv. sömdu, og væntanlega þá heilbrigðisstjórnarinnar um leið um ástæðurnar til þess, að ekki hefur verið hafizt handa um að byggja og reka heilsuverndarstöðvar eins og lögin gera ráð fyrir.

Meginefni þessa frv. er því það, að í stað þess að halda áfram í lögum ákvæðum um skyldu bæjarfélaga til að reisa og reka heilsuverndarstöðvar sé þessi kvöð felld niður, en aðeins sett í lögin ákvæði um, með hverjum hætti slíkar stöðvar skuli reknar, hver skuli vera verkefni þeirra og hvers styrks þær skuli njóta annars staðar frá en frá því bæjarfélagi, sem rekur þær.

Segja má, að þetta sé að sumu leyti spor aftur á bak frá því, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum, en heilbrigðisstjórnin mun líta svo á, að hér sé um illa nauðsyn að ræða, þar sem

ekki þýði að hafa ákvæði í lögum, sem ekki fáist komið í framkvæmd.

Eftir þessu frv. er gert ráð fyrir því, að starfssvið heilsuverndarstöðvanna aukist mjög frá því, sem nú er í framkvæmd, en þær heilsuverndarstöðvar, sem hingað til hafa starfað, hafa aðeins sinnt þremur meginverkefnum, þ. e. annazt um berklavarnir, þ. e. a. s. skoðun, rannsóknir og annað slíkt, mæðravernd og ungbarnavernd. En samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að verkefnin verði þau, sem þar eru talin upp í 12 liðum. Að sjálfsögðu er þar ekki ætlazt til, að öllum heilsuverndarstöðvum sé skylt að taka að sér að rækja öll þessi verkefni, en án efa er það ætlunin, að meiri háttar stöðvarnar á hinum stærri stöðum sinni þessu, þó að hinar smærri taki ekki nema nokkuð af verkefnunum.

Þessi ákvæði, sem tekin eru hér upp í 2. gr., eru efnislega að mestu leyti í samræmi við þau ákvæði, sem segja til um hlutverk heilsuverndarstöðva í almannatryggingalögunum, þ. e. a. s., þeim er ætlað nokkurn veginn sama verkefni eftir þessu frv. og þeim var ætlað eftir almannatryggingal. 1946. Nánar skal svo ákveða í reglugerð um stjórn og umsjón heilsuverndarstöðva undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, ef um fleiri er að ræða. Í almannatryggingal. var hins vegar gert ráð fyrir því, að sérstakri nefnd, heilsugæzlunefnd, yrði falin umsjón þessara stofnana ásamt sjúkrahúsi og öðru slíku, en þetta er fellt niður, þar sem hér er gert ráð fyrir, að sérstök lög gildi um heilsuverndarstöðvarnar.

Um kostnaðinn við að byggja heilsuverndarstöðvarnar fer á sama hátt og með kostnað við að reisa sjúkrahús. Það er hlutaðeigandi bæjarfélag, sem reisir stöðina, en fær styrk til byggingarinnar úr ríkissjóði á sama hátt og ef um sjúkrahús væri að ræða. Um rekstrarkostnaðinn segir svo í frv., að hlutaðeigandi bæjarfélag skuli annast reksturinn, en ríkissjóður greiði þriðjung kostnaðar. Enn fremur segir svo í 4. gr., að ef þess er æskt af hlutaðeigandi sveitarstjórn, að sjúkrasamlag eða sjúkrasamlög á starfssvæði stöðvarinnar taki þátt í greiðslu kostnaðar hennar, þá er gert ráð fyrir, að um það verði samið milli hlutaðeigandi sjúkrasamlaga og hlutaðeigandi sveitarstjórna. En náist ekki samkomulag milli þeirra, þá er ráðh. heimilt að úrskurða, hversu mikinn hluta sjúkrasamlagið eða sjúkratryggingarnar skuli greiða af rekstrarkostnaðinum, þó þannig, að sá hluti má aldrei fara fram úr ⅓, eða aldrei verða hærri en framlag ríkissjóðs sjálfs.

Hingað til hafa, þar sem heilsuverndarstöðvar eru starfandi, sjúkrasamlögin yfirleitt greitt jafnmikið til stöðvarinnar og ríkissjóður greiðir, eða um ⅓. Hins vegar er þess að gæta, að gert er ráð fyrir, eins og ég áðan sagði, að verksvið stöðvanna verði stórum mun víðtækara samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, heldur en hefur verið til þessa. Af þeim verkefnum, sem heilsuverndarstöðvunum er ætlað samkvæmt frv., eru mæðravernd, ungbarnavernd og berklavarnir þeir þættir, sem nú þegar hafa verið ræktir af heilsuverndarstöðvum og sjúkrasamlögin hafa tekið að ⅓ þátt í greiðslu kostnaðar við. Um hin önnur verkefni er það að segja, að fæst af þeim snerta á nokkurn hátt beinlínis starfsemi sjúkrasamlaganna, og væri því óeðlilegt að ætla þeim að bera kostnað af þeim. Í því sambandi skal ég t. d. nefna skólaeftirlit, sem nú er greitt af hlutaðeigandi aðilum samkvæmt fræðslulögum, og hefur jafnan verið svo. Einnig er hið sama um kynsjúkdóma, að þeir hafa hvílt á ríkissjóði, hinu opinbera, kynsjúkdómar og kynsjúkdómavarnir. Sama er um tannvernd. Sjúkrasamlögin hafa ekki tekið þátt í henni enn þá. Það, sem gert hefur verið af slíku, hefur verið í barnaskólunum í sambandi við starfsemi þeirra. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir því og á nokkrum stöðum tekið upp, að börn, sem útskrifast úr skólum að loknum lögboðnum skólatíma og hafa vottorð um heilar tennur, geta keypt sér tryggingu áfram gegn tannskemmdum. Íþróttaeftirlit hafa sjúkrasamlögin ekkert haft með að gera hingað til, og varla er eðlilegt að fella það undir þau. Almennar sjúkdómavarnir, eins og farsóttir, hafa ekki heldur heyrt undir sjúkrasamlög, heldur bornar uppi af ríkissjóði sérstaklega. Þrifnaðarráðstafanir hefur aldrei, held ég, verið hugsað til að sjúkrasamlögin tækju að sér og áfengisvarnir ekki að öðru leyti en því að styrkja og hjálpa þeim sjúklingum, sem áfengið hefur eyðilagt heilsuna fyrir. Mér þykir rétt að benda á þetta nú þegar, taka fram við þessa umr., að það er alveg augljóst, að mikið af því starfi, sem heilsuverndarstöðvunum er ætlað samkv. þessu frv., liggur utan þess starfssviðs, sem sjúkrasamlögunum er ætlað eftir l. um sjúkratryggingar. Því skilst mér, að ekki kæmi til þess, að ráðh. gæti notað þá heimild, sem um er að ræða til þess að ákveða þriðjungsgreiðslu af sjúkrasamlagsins hálfu, nema á þeim stöðum, þar sem ekki er sinnt öðrum verkefnum en þeim, sem falla saman við það hlutverk, sem sjúkratryggingunum er ætlað að inna af hendi.

Ég hef rætt um þetta líka við smiði þessa frv., og þeir eru mér sammála um þetta.

Segja má, að það sé kannske nokkurt bráðlæti að leggja þetta frv. fram nú til afgreiðslu, þar sem almannatryggingalögin eru nú í endurskoðun og gert er ráð fyrir, að niðurstaðan eða till. frá þeirri n., sem endurskoðunina annast, verði lagðar fyrir Alþ. ekki síðar en næsta haust. Það mætti segja, að það væri nokkurt bráðlæti að taka þennan þátt út úr og hér inn í sérstök lög. Ástæðan til þess, að heilbrigðisstjórnin leggur kapp á það að fá þetta mál afgr. nú, mun vera sú, að heilsuverndarstöðin hér í Reykjavík, sem er mjög mikil og fullkomin bygging með talsverðu starfsliði og umfangsmikla starfsemi, skortir í raun og veru grundvöll fyrir sína starfsemi. Því er nauðsynlegt að fá ákvæði, sem hægt sé að byggja á í sambandi við rekstur hennar og fyrirkomulag allt, sem enn er ekki að fullu ráðið. Ég álít því, að það sé rétt, er sammála n. um það að afgr. þetta frv. nú, þó að almannatryggingalögin séu í endurskoðun, því að allt mun í óvissu um, hvað verður um heilsugæzlukafla þeirra laga eða þann þátt heilsugæzlukaflans, sem fjallar um heilsuvernd. Ef honum verður haldið áfram, er auðvelt að sjálfsögðu

að fella inn í þau lög ákvæði þessara laga, að svo miklu leyti sem þau eiga við. En verði horfið frá því ráði, sem upprunalega var ætlunin með almannatryggingalögunum, þá geta þessi lög staðið áfram sem sjálfstæð lög. En bráð nauðsyn kallar að, — um það er heilbrigðisstjórn og þeir aðilar, sem bezt þekkja til, sammála, — að lög og reglur komi um þetta, þannig að hægt sé að koma skipulagi á starfsemi heilsuverndarstöðvarinnar hér og þeirra annarra stöðva, sem kannske kynnu að rísa upp nú alveg á næstunni. Það er því till. n., sem einnig ég er sammála, að stjfrv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed., fékk skjóta og góða afgreiðslu þar, og vil ég vænta þess, að svo megi einnig verða í þessari hv. d.

Þetta frv. hefur ekki í för með sér neinn aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, en er flutt með tilliti til þess, að eins og l. eru núna um heilsuverndarstöðvar, hefur ekki tekizt að framkvæma þau. Samkvæmt núgildandi l. er gert ráð fyrir, að allir kaupstaðir reki heilsuverndarstöðvar, en aðeins 6 kaupstaðir af 13 hafa talið sér fært að gera það og ekki líklegt, að þeir kaupstaðir, sem ekki hafa enn komið heilsuverndarstöðvum á fót hjá sér, treysti sér til þess fyrst um sinn, að óbreyttum þeim kostnaðarhlutföllum, sem hvíla á bæ, sjúkrasamlagi og ríki.

Þá er einnig í núgildandi heilsuverndarlögum aðeins rætt um berklavarnir, en samkv. 2. gr. þessa frv. eru taldar upp 12 greinar, sem sjálfsagt þykir, að heilsuverndarstöðvarnar nái til. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði eins og áður ⅓ hluta eðlilegs kostnaðar af rekstrinum.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að stöðvarnar starfi eftir reglugerð, sem hlutaðeigandi sveitarfélög semja og ráðh. staðfestir.

Ég sé ekki ástæðu til að öðru leyti að fjölyrða um þetta frv., en þótt áliðið sé þingsins, vænti ég, að hv. Nd. afgr. það á sama hátt og Ed., þar sem það hefur engan kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkið, en er eðlileg og sjálfsögð lagfæring á gildandi lögum. — Ég vil svo mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn. deildarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, n. 684).

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur að athuguðu þessu frv. lagt til, að því sé breytt nokkuð, eins og fram kemur á þskj. 684, og er í nál. gerð grein fyrir ástæðunum fyrir því. Það, sem aðallega er um að ræða, er lítils háttar formbreytingar á frv., þar sem tekin eru saman í eina grein, sem verður 3. gr., ákvæðin um það, hverju skipa skuli með reglugerð í sambandi við þessa löggjöf, og í 2. gr. verður þá aðeins upptalningin á helztu heilsuverndargreinunum, og þar er gerð sú lítils háttar breyting, að liðunum er fjölgað um einn, sem stendur í sambandi við það, að áður voru flokkaðar undir 9. lið, undir geðvernd, bæði áfengis- og deyfilyfjavarnir, en að athuguðu máli þótti réttara að hafa áfengisvarnirnar sér í lið, en ekki flokkaðar undir geðvernd, enda hafa verið starfræktar áfengisvarnir, a. m. k. í höfuðstað landsins, nú undanfarin ár sem sérstakur liður heilsuverndar eða heilsugæzlu. — 4. gr. er svo breytt þannig, eða till. til breytingar, að það sé aðeins kveðið skýrt á um það, sem meiningin var með frv., en það kemur fram í grg. þess, að það var til þess ætlazt, að þátttaka sjúkrasamlaga í kostnaði af heilsuverndarstöðvum yrði áfram eins og verið hefur í þeim heilsuverndargreinum, sem ræktar hafa verið fram að þessu, þ. e. a. s. ⅓ hluti á móti ⅓ frá bæjar- og sveitarfélögum og ⅓ frá ríkinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því, þar sem búast má við, að heilsuverndarstarfsemin aukist mjög og það verði of kostnaðarsamt fyrir sjúkrasamlögin, að umfram þetta sé sérstaklega samið um kostnaðinn af rekstri heilsuverndarstöðva milli sjúkrasamlaga og bæjar- og sveitarfélaga, og er það óbreytt eins og áður var, og ef þessir aðilar koma sér ekki saman, er það á valdi ráðh. að kveða á um þátttöku sjúkrasamlaganna í kostnaðinum.

Það er einnig gert ráð fyrir því í greininni, að á vissum stöðum, og sérstaklega mun það sennilega verða nokkuð almennt utan Reykjavíkur, verði tæplega hægt að aðgreina sérstaklega þá fjóra þætti heilsuverndargreina, sem fram að þessu hafa verið ræktir og eru í upptalningunni undir lið 1) mæðravernd, 2) ungbarnavernd, 7) berklavarnir og 9) áfengisvarnir, og þar sem þessir liðir verði ekki sérstaklega aðgreindir eða kostnaðurinn af þeim, þá verði það samningsatriði á milli sjúkrasamlaganna og bæjar- og sveitarstjórnanna, hvernig fara skuli um kostnaðinn.

Með þessum breytingum leggur n. til, að frv. verði samþ., og held ég, að það felist ekki í því nein breyting frá því, sem ætlazt var til af ríkisstj. hálfu. Eru þessar breyt. gerðar í samráði við hæstv. heilbrmrh.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 684,1 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 684,2 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 684,3 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
5—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 702).

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Það þarf að leiðrétta gildistökuákvæði 6. gr. frv., og sást heilbr.- og félmn. yfir það í sambandi við fyrri brtt., sem hún hefur flutt, og leggur þess vegna til, að fyrsti málsl. 6. gr. breytist þannig, að í stað þess, að lögin öðlist gildi 1. maí 1955, standi: „Lög þessi öðlast þegar gildi". Vil ég leyfa mér að leggja þessa brtt. fram skriflega f. h. nefndarinnar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 717) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 717 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 718).
Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 754).

---

## 36. Iðnskólar.

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um iðnskóla** [94. mál] (stjfrv., A. 156).

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ríkisstj. flytur hér frv. til laga um iðnskóla. Eins og kunnugt er, hafa iðnskólarnir fram að þessu verið utan við skólalöggjöfina í landinu og ekki notið þeirra hlunninda sem aðrir skólar. Þar sem iðnaðurinn í landinu er nú orðinn svo þýðingarmikill og stór sem raun ber vitni, virðist ekki ástæða til þess, að menntun iðnaðarmanna sitji við lakari hlut en menntun annarra stétta í þessu landi. En þetta frv. gerir ráð fyrir því, að iðnskólar njóti hér eftir sömu kjara og aðrir skólar í landinu og iðnaðarmenn verði ekki lengur fyrir borð bornir hvað þetta snertir.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir því, eins og raunar hefur verið áður, að iðnmeistarar og iðnfyrirtæki taki iðnnema til náms og að unnt sé að halda námskeið til framhaldsnáms og undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

2. gr. fjallar um inntökuskilyrði iðnnema. Það er gert ráð fyrir, að iðnnemi sé a. m. k. 15 ára, þegar hann gengur til inntökuprófs. Þá er einnig gert ráð fyrir, að hann hafi lokið miðskólaprófi, sem ekki hefur áður verið skilyrði til inntöku í iðnskóla, og að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, sem einnig er nýmæli hvað þetta snertir, en fyrirvari hér: þegar því verður við komið, þar sem hæfnisprófi er ekki ef til vill alltaf hægt að koma við.

Þá er II. kafli í frv., sem gerir grein fyrir því, hvernig stofna skuli iðnskóla. Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft bæjarstjórnir, sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki, enn fremur iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. Þá er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði síðan um stofnun skólans að fengnum tillögum iðnráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa. Þá er einnig gert ráð fyrir, að ráðherra löggildi iðnskóla, sem eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. gr. frv., að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Í 4. gr. er fram tekið, að skylt sé að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum. Þetta út af fyrir sig er ekki nýmæli frá því, sem gilt hefur um þá iðnskóla, sem nú eru starfandi. Þá er gert ráð fyrir í þessu frv., að iðnmrh. hafi á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu.

Samkv. 6. gr. skal skipa skólanefnd svo sem þar greinir. Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, hreppur eða sýsla, kýs bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi eftir kosningar. Ef 2 sýslur eða fleiri, 2 hreppar eða fleiri standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd eða hver hreppsnefnd 1 nefndarmann. Iðnaðarmannafélag hlutaðeigandi staðar kýs jafnmarga menn til sama tíma. Þá er gert ráð fyrir, að ráðherra skipi formann skólanefndarinnar og að verksvið skólanefndanna sé ákveðið með erindisbréfi, sem ráðherra setur. Þegar iðnskóli er deild innan gagnfræðaskóla, skulu hlutaðeigandi iðnaðarmannafélög eða iðnsamband tilnefna einn fulltrúa í skólanefnd eða fræðsluráð viðkomandi gagnfræðaskóla. Þetta ákvæði virðist vera sanngjarnt, þar sem gert er ráð fyrir, að iðnfræðsla fari fram í gagnfræðaskóla, að iðnaðarmannafélög eða iðnaðarmannasambönd, starfandi í sýslufé-

laginu eða bæjarfélaginu, hafi þá einhverja hlutdeild í stjórn skólans.

III. kafli frv. fjallar um fjármál, og er gert ráð fyrir samkv. 7. gr., hvernig stofna megi til iðnskóla samkv. lögum þessum. Það er með þrennu móti. Það má stofna sjálfstæða iðnskóla, þegar tala nemenda er 60 eða fleiri, og þetta er allveigamikil breyting frá því, sem gilt hefur, þar sem ekki hefur verið áður tekið neitt fram um það, hvað nemendafjöldi skuli vera mikill til þess að stofna megi sérstakan skóla.

Á annan hátt má stofna iðnskóla, þegar nemendur eru færri en 60; með því móti, að iðnskólinn verði sérstök deild innan héraðs- eða gagnfræðaskóla. Eins og kunnugt er, þá eru héraðs- eða gagnfræðaskólar í flestum sýslum landsins, og eins og nú er komið, virðist aðsókn að héraðs- og gagnfræðaskólum vera á ýmsan hátt takmörkuð, þannig að allir skólarnir eru ekki fullsetnir. Það virðist því vera mjög hentugt að hafa heimild í lögum til þess að stofna sérstaka iðnfræðsludeild innan héraðs- og gagnfræðaskólanna, og þarf ekki að hafa mörg orð um það til þess að sannfærast um, að þetta mun spara mikið fjármagn fyrir þjóðina í heild, að hafa iðnfræðsluna innan gagnfræðaskólanna, að nota þá kennslukrafta, sem fyrir eru í gagnfræðaskólunum, að nota það húsnæði, sem fyrir hendi er, og aðra þá möguleika, sem héraðs- og gagnfræðaskólarnir hafa að bjóða. En til þess að valda ekki byltingu og allt of fljótvirkri breytingu á þessum málum hefur verið gert ráð fyrir því, að fyrst um sinn megi þeir iðnskólar, sem nú eru starfandi, starfa áfram og njóta þeirra hlunninda, sem þeir hafa áður haft, og geri ég ráð fyrir, að svo verði fyrst um sinn.

Samkv. 7. gr. er gert ráð fyrir, að hlutdeild ríkissjóðs í stofn- og rekstrarkostnaði samkv. 1. og 2. tölul. sé bundin því skilyrði, að fullnægt sé ákvæðum, er gilda hverju sinni um árlegan starfstíma skóla og lágmarkstölu nemenda í deildum gagnfræðaskólanna. Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu samkvæmt 3. tölul. skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur, og er því engin breyting með þessu frv. á þeim iðnskólum, sem nú eru starfandi víðs vegar í kauptúnum og kaupstöðum landsins.

Samkvæmt 8. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölul. 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- eða sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum. Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, enda sé tryggt fjárframlag á móti.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr., og annarra fastra kennara. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólana, greiði gjöld vegna þeirra, eftir því sem ráðh. ákveður eftir till. skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði áður en honum er skipt.

Þá er gert ráð fyrir samkv. 10. gr., að skólanefndir annist fjárreiður og reikningshald skólanna.

Gert er ráð fyrir, að mögulegt sé að hafa framhaldsnám fyrir iðnaðarmenn, og er það út af fyrir sig mjög nauðsynlegt. En það er gert ráð fyrir, að það verði við iðnskólann í Reykjavík, sem mun hafa bezta aðstöðu til þess að hafa framhaldskennslu á hendi fyrir iðnaðarmenn. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna, og kennslan fari þá fram í skóla eða á námskeiðum. Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða 3 ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári. Gert er ráð fyrir, að kennslan sé bæði bókleg og verkleg.

Samkv. V. kafla er gert ráð fyrir, að iðnmrh. skipi skólastjóra að fengnum till. skólanefndar. Gert er ráð fyrir, að iðnmrh. semji reglugerð, sem kveður nánara á um það, hvernig framkvæmd þessara laga verði.

Ég er í engum vafa um, að ef þetta frv. verður að lögum, þá getur það orðið til mikilla bóta og mikils hagræðis fyrir alla iðnmenntun í landinu. Iðnaður á Íslandi má teljast ung atvinnugrein, og er þess vegna eðlilegt, að ýmislegt, sem iðnaðinn varðar í dag, sé á frumstigi. Það, sem getur bætt úr því, og það, sem getur komið iðnaðinum á svipað stig og hinum eldri atvinnugreinum þjóðarinnar, er það, að iðnaðarmenn njóti þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er.

Áður hefur ríkið tekið að sér að kosta sjómannaskóla, búnaðarskóla og aðra sérskóla í þjóðfélaginu, en iðnskólarnir hafa verið utan við þetta. En þegar iðnaðurinn er orðinn þriðji stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og þjóðin verður að byggja á iðnaði að meira og minna leyti, þá er ekki hægt að verja það, að iðnmenntunin sé sett til hliðar og njóti ekki sömu kjara og sömu hlunninda og menntun annarra stétta þjóðfélagsins gerir.

Með því að hafa þá heimild, sem hér er farið fram á, að hafa iðnmenntunina innan héraðs- og gagnfræðaskóla, skapast möguleiki fyrir því, að menn úti um land, sem áður hafa haft slæma aðstöðu til að mennta sig vel í iðnaðinum, geti það nú með léttu móti. Það er enginn vafi á því, að það er minni kostnaður fyrir bæjar- og sveitarfélög að hafa iðnfræðsluna innan héraðs- og gagnfræðaskóla heldur en að stofna sérstakan skóla, sem hefur iðnfræðsluna með höndum.

Ég veit, að þessu frv. verður vel tekið hér í hv. Alþ., og ég er sannfærður um, að eins og það er byggt upp, þá mun það geta gert ákaflega mikið gagn fyrir okkar iðnmenntun og iðnað í landinu. Ég vænti því, að það mæti þeim skilningi, sem vert er, og legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, MJ, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, ÁB, KS, EOl, EirÞ, GilsG, GJóh, GÞG, HÁ, IngJ, JóhH, SB.

16 þm. (JS, JR, KGuðj, KJJ, ÓTh, StgrSt, BergS, EggÞ, EI, EmJ, EystJ, GíslG, GTh, HV, HelgJ, JPálm) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 365, 366).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Þetta frv. til laga um iðnskóla er flutt af hæstv. iðnmrh. Aðdragandi þess er alllangur og undirbúningur á ýmsan hátt vandaður. Mþn. sú um skólamál, sem starfaði á árunum 1945—47, samdi frv. til laga um iðnskóla, og var það flutt á þingi 1948 af menntmn. Nd. og aftur á þingi 1949, þá af iðnn. Nd. Síðan hefur málið verið til meðferðar hjá forráðamönnum iðnskólanna og iðnaðarsamtökunum. Hæstv. iðnmrh. hefur svo látið undirbúa málið fyrir þetta þing, en meðal annars var frv. rætt á iðnþingi 1954 og samþykkt þar í meginatriðum eins og það liggur hér fyrir.

Nú eru engin lög til um iðnskóla, og má vart lengur svo standa, svo mikill sem hlutur iðnaðarins er orðinn í athafnalífi þjóðarinnar. Það er talið, að það sé um þriðjungur allra landsmanna, sem lifir á iðnaði, og í Rvík er talið að séu um 40 af 100, sem hafa lífsframfæri sitt á einn eða annan hátt af iðnaði.

Undirbúningsmenntun iðnaðarmanna fyrir þeirra þýðingarmikla starf þarf að vera vönduð, og hingað til hafa iðnaðarmennirnir sjálfir og samtök þeirra haft alla forgöngu um stofnun iðnskóla. Iðnskólar hafa á undanförnum árum starfað á allmörgum stöðum, og nú ætla ég að þeir séu 15 að tölu. Langstærstur þeirra er skólinn í Rvík, þar næst iðnskólinn á Akureyri, en enn fremur eru nú starfandi iðnskólar í Hafnarfirði, á Akranesi, í Borgarnesi, á Þingeyri, Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Húsavík, í Neskaupstað, Vestmannaeyjum, á Selfossi og í Keflavík. Þessir skólar hafa allir komizt á fót fyrir tilstilli iðnaðarmanna og félagsskapar þeirra. Að sjálfsögðu hefur ríkissjóður og bæjar- og sveitarsjóðir á hverjum stað veitt nokkurn fjárhagslegan stuðning, en það er vissulega tími til þess kominn að setja lög um iðnskóla almennt og m. a. að lögfesta þar atbeina og fjárhagslegan stuðning ríkisvalds og sveitarfélaga við þessar nauðsynlegu menntastofnanir.

Meginefni þessa frv. er að lögfesta ákvæði um verkefni iðnskólanna, um inntökuskilyrði, um stofnun þeirra, hvaða aðilar geti haft þar forgöngu um, um skólanefndir, um greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, um framhaldsskóla o. fl. Einna þýðingarmest af ákvæðum þessa frv. er að sjálfsögðu ákvæðið um stofnkostnaðinn, en í 8. gr. frv. er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli greiða helming stofnkostnaðar, en bæjar-, sýslu- eða sveitarsjóðir hinn hlutann.

Iðnn. hefur rætt þetta frv. ýtarlega, og m. a. hefur hún átt viðræður við núverandi og fyrrverandi skólastjóra iðnskólans í Reykjavík, formann iðnfræðsluráðs, forseta Landssambands iðnaðarmanna, og auk þess hefur málið utan funda verið rætt ýtarlega við hæstv. iðnmrh.

Niðurstaðan af þessum athugunum hefur orðið sú, að n. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum. Nál. er á þskj. 365, og brtt. þær, sem n. öll stendur að, prentaðar á því þskj.

1. brtt. er við 6. gr. Það er ekki veruleg efnisbreyting, heldur er tilgangur hennar aðeins að ákveða, að alls staðar skuli vera fimm manna skólanefndir, en í frv., eins og það liggur fyrir, er þetta óbundið. Það er gert ráð fyrir því, að sveitarfélög, fleiri en eitt, geti staðið að iðnskóla; ef þau væru allmörg, þá ætti hvert um sig að tilnefna einn mann í skólanefnd, og gætu skólanefndir þannig orðið óeðlilega fjölmennar, þegar þess er gætt, að iðnaðarmannasamtökin eiga svo að tilnefna jafnmarga. Brtt. n. fer fram á, að ákveðið sé, að skólanefnd sé jafnan skipuð fimm mönnum. Bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd á að kjósa tvo nefndarmenn til fjögurra ára, og iðnaðarmannafélag á skólasvæðinu á að kjósa jafnmarga og til sama tíma. Ef fleiri sveitarfélög en eitt standa að sama skóla, þá kjósa þau sameiginlega tvo skólanefndarmenn. Ef hins vegar verður ekki samkomulag, þá telur n. ekki annað úrræði en að ráðherra skeri þar úr. Eins er í 3. málsgr. þessarar brtt. ákveðið, að iðnaðarmannafélag tilnefni sína fulltrúa á sama hátt, og séu þau fleiri en eitt og komi sér ekki saman, þá skeri ráðherra úr. Fimmta nefndarmanninn og formanninn skipar svo ráðherra.

2. brtt. n. er við 7. gr. Hún er í tveim liðum. A-liðurinn snýr að því ákvæði í frv., að fámennari iðnskólar skuli vera sérstakar deildir innan gagnfræðaskóla. Ég hef við nánari athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að það þurfi einnig að gera nokkra breytingu á 1. tölul., og vil því taka aftur til 3. umr. brtt. 2.a til nánari athugunar. — Brtt. 2.b er um að fella niður eina málsgr. í 7. gr., að hlutur ríkissjóðs í kostnaði skuli bundinn því skilyrði, að fullnægt sé ákvæðum, er gilda hverju sinni um árlegan starfstíma skóla og lágmarkstölu nemenda í deildum gagnfræðastigsskólanna. Reyndir menn í þessum fræðum hafa talið, að þetta ákvæði geti ekki staðizt, vegna þess að starfstími iðnskólanna er nokkuð annar en gagnfræðastigsskólanna, og af fleiri ástæðum telja þeir rétt að fella þessa málsgr. niður.

3. brtt. n. er aðeins orðalagsbreyting.

4. brtt. er um nýja kaflaskiptingu. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um hana.

5. brtt. er einnig aðallega orðalagsbreyting og dregin þar saman ákvæði úr fleiri greinum; dregið saman í þessa grein allt, sem fjallar um setningu reglugerðar og erindisbréfa. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar brtt. n.

Auk þess flytur meiri hl. iðnn. á þskj. 366 tvær brtt. Þessi meiri hl. er fjórir nm., en einn nm., hv. þm. V-Húnv., óskaði ekki að standa að flutningi þessara tillagna.

Fyrri till. er viðbót við 7. gr. frv., um það, að heimilt sé að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði og segir í 2. málsgr. þessarar gr. Þessi till. er tekin upp eftir ósk hæstv.

iðnmrh. til þess að skapa möguleika á því, að Handíða- og myndlistarskólinn njóti þessara sömu hlunninda, og taldi meiri hl. n. það fullkomið sanngirnismál.

Önnur brtt. meiri hl. er við 8. gr., og hún er til þess flutt, að samræmi verði um þessi ákvæði og önnur skólalög. Aðalatriðið er það í brtt. n., að niður falli síðasti málsliður: „Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.“ Í öllum öðrum skólalögum er beinlínis ákveðið um hluta ríkissjóðs í stofnkostnaði, en hvergi settur þessi fyrirvari, að greiðslurnar fari eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum, og taldi n. rétt að hafa sama hátt á um þetta frv. og um önnur skólalög, bæði barnaskólanna, gagnfræðaskólanna og húsmæðraskólanna.

Það er, eins og ég gat um, tími til kominn og fullkomin nauðsyn að setja löggjöf um iðnskólana í landinu og m. a. að kveða þar skýrt á um þann stuðning, sem ríki og bæjar- og sveitarfélög skuli veita þessum menningarstofnunum. Iðnaðurinn er og hefur verið um margra ára skeið í örum vexti hér, og bættur aðbúnaður og aukin þróun iðnaðarins er eitt af meginskilyrðunum til þess, að Íslendingar geti eflt efnahag sinn, bætt lífskjör sín og staðið undir hinni stórfelldu og margvíslegu menningar- og mannúðarbyggingu þessarar þjóðar.

Ég vænti þess, að hv. þdm. fallist á brtt. n. og afgreiði frv. þannig breytt áfram.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. frsm. iðnn. hefur gert grein fyrir þeim till., sem n. flytur á þskj. 365, og þarf ég ekki að gera það að umtalsefni. En eins og hann einnig gat um, þá flytur meiri hl. n. tvær brtt. á þskj. 366, og stend ég ekki að flutningi þeirra tillagna.

Fyrri brtt. er um Handíða- og myndlistarskólann í Reykjavík. Þessi skóli er einkafyrirtæki, en hefur haft nokkurn styrk af opinberu fé. Ég tel, að það gegni að ýmsu leyti öðru máli með þá fræðslustofnun en iðnskólana, í sambandi við nám þar. Hjá myndlistarskólanum fá menn ekki atvinnuréttindi á sama hátt og þeir hljóta, ef þeir ljúka námi samkv. lögunum um iðnfræðslu og samkv. því frv. um iðnskóla, sem hér liggur fyrir. Og ég tel ekki ástæðu til að lítt athuguðu máli að taka þetta ákvæði inn í lögin um iðnskóla.

Önnur brtt. á þskj. 366 er viðkomandi 8. gr. Um það efni er það að segja, að fyrir nokkrum dögum var lagt fram í hv. Ed. stjórnarfrv. á þskj. 358 um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Í því frv. eru miklu nánari ákvæði en áður hafa verið í skólalöggjöfinni um, hvernig haga skuli stofnkostnaðarframlögum ríkisins til skólanna. En þar eru ekki nein ákvæði um iðnskóla, heldur aðeins um þá skóla, sem heyra undir menntmrn., en gert er ráð fyrir í því frv., sem hér er til umr., að iðnskólinn heyri undir iðnaðarmálaráðherra.

Ég hefði nú talið eðlilegt, að ákvæði 8. gr. frv. væru látin fara óbreytt í gegnum þessa hv. d. og reynt yrði að samræma ákvæði hennar þeim ákvæðum, sem væntanlega verða sett samkv. því frv., sem ég gat um og nú liggur fyrir Ed., um stofnkostnaðargreiðslu ríkisins til skólanna yfirleitt. Mér finnst eðlilegt, að það gildi um það sömu reglur að því er varðar iðnskólana eins og aðra skóla. Ég vil því fyrir mitt leyti leggja til, a. m. k. að svo stöddu, að þá verði 8. gr. afgr. óbreytt eins og hún er í stjfrv.

Enn vil ég nefna það, að ég tel ástæðu til að athuga á síðara stigi málsins um gildistökuákvæði laganna, og var reyndar nokkuð um það rætt í n., án þess að tillögur væru gerðar um breytingar.

Eins og þegar hefur verið getið um af hv. frsm., þá lagði skólamálanefndin, sem starfaði fyrir allmörgum árum, fram frv. til l. um iðnskóla, sem kom fyrir Alþ. án þess að hljóta fullnaðarafgreiðslu. Ég hef borið það frv. saman við það stjfrv., sem hér liggur fyrir, og eru allmörg atriði þar tekin úr frv. skólamálanefndarinnar. Þó hef ég veitt því athygli, að í frv. nefndarinnar er sérstakur kafli um kennslu í skólunum, en sá kafli hefur ekki verið tekinn upp í þetta frv. Að vísu er hér IV. kafli um framhaldsnám, og í þeim kafla er ein gr., 13. gr., um tilhögun kennslu í þeirri framhaldsdeild. Ég hefði nú talið, að það hefði verið eðlilegt að hafa einnig ákvæði í frv. um kennslutilhögun við hina almennu fræðslu í iðnskólunum, og mundi það vera í samræmi við það, sem er í löggjöf um aðra skóla, því að þar hafa verið sett ákvæði um kennslugreinar og kennslufyrirkomulag. Hins vegar er gert ráð fyrir því í þessu frv., að þetta verði eingöngu reglugerðarákvæði. Það var nokkuð á þetta minnzt í n., án þess þó að menn væru á eitt sáttir um að gera till. um, að slíkur kafli væri tekinn inn í frv., en ég vil vekja athygli á þessu, og tel ég, að það væri ástæða til að taka það atriði til athugunar á síðara stigi málsins.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. gat um stjfrv., sem lagt hefur verið fyrir Ed., um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og taldi eðlilegt, að tekin væru sams konar eða svipuð ákvæði og í því frv. eru inn í frv. um iðnskóla. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að rétt sé að hafa iðnskólafrumvarpið að þessu leyti í samræmi við önnur skólalög. Hins vegar mætti svo, þegar stjfrv. kemur til nánari athugunar, ræða um það, hvort ekki ætti að láta það einnig ná til iðnskólanna. En í megindráttum er þetta þannig, að í skólalögunum sjálfum er ákveðið um hlutfallið milli ríkissjóðs og annarra aðila, hvort ríkissjóður á að borga helming eða ¾ af stofnkostnaði, en í skólalögunum er hins vegar ekki kveðið á um greiðslutilhögunina, hvenær á að greiða þetta af hendi. Stjfrv. nýja, sem ég gat um, fjallar hins vegar um það almennt, hvernig eigi að inna af höndum þessar greiðslur. Það frv. tekur að vísu aðeins til barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla, en ég teldi sem sagt rétt, a. m. k. ef frv. um iðnskóla, sem hér liggur fyrir, verður að lögum, að þá séu iðnskólarnir einnig teknir inn í þetta nýja stjfrv., og teldi það eðlilegasta málsmeðferð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 365,1 (ný 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 365,2.a tekin aftur til 3. umr.
— 365,2.b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 366,1 samþ. með 14:6 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 366,2 (ný 8. gr.) samþ. með 15:7 atkv.
— 365,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 365,4 (ný kaflafyrirsögn) samþ. án atkvgr.
— 365,5 (ný 16. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 365,6 (ný 17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 50., 51. og 52. fundi í Nd., 21., 22. og 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 378, 365,2.a, 382, 389).

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og hv. þm. vita, stjfrv. Með þessu frv. hafa verið stigin þegar allstór spor fram á við viðvíkjandi iðnfræðslunni og skipulagningu iðnskólanna. Ég vildi nú aðeins við þessa 3. umr. freista þess, hvort hægt væri að fá samkomulag um að stíga þarna nokkur stærri skref, og hef þess vegna útbúið nokkrar brtt., sem liggja fyrir á þskj. 382 og 389.

Brtt. mínar eru í fyrsta lagi við 1. gr., að í stað heimilda til að halda námskeið til framhaldsnáms og undirbúnings iðnnámi skuli það vera skylda. Í öðru lagi, og það er önnur höfuðbreytingin við 3. gr., að ríkisstj. skuli hafa forgöngu um stofnun iðnskóla, að það skuli ekki lengur vera þeir aðilar, sem nú eru tilgreindir í 3. gr.: bæjarstjórnir, sýslunefndir og iðnaðarmannafélög, heldur skuli ríkið skoða það sem sitt verkefni að hafa þessa forgöngu og þá skuli ríkið fyrst og fremst gangast fyrir, að komið sé upp tveim fullkomnum iðnskólum a. m. k., í Reykjavík og á Akureyri. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að við nánari rannsókn á þessum málum kunni að þykja hentugt að hafa ef til vill víðar iðnskóla og líka ef til vill víðar að skipuleggja nokkurs konar gagnfræðaskóladeildir í sérstökum iðngreinum, en að það sé þó alltaf öruggt, að það séu til tveir fullkomnir iðnskólar, sem hafi nýtízku útbúnað til þess að geta útskrifað menn í iðninni, og með brtt. minni við 6. gr., sem er 5. brtt. mín á þskj. 382, legg ég enn fremur til, að þessir iðnskólar séu dagskólar og að kennsla í þeim sé bæði verkleg og fræðileg. Það hefur verið svo undanfarin ár og alllengi, að kennslan, sem iðnnemar hafa átt að fá, hefur í fyrsta lagi verið af ákaflega skornum skammti oft og tíðum í þeim verkstæðum eða verksmiðjum sjálfum, þar sem þessi kennsla hefur átt að fara fram, oft mjög af handahófi, og hins vegar hefur sú bóklega kennsla, sem þeir hafa átt að fá, venjulega verið á kvöldin, þó að það nú upp á síðkastið hafi breytzt nokkuð hér í Reykjavík hvað tvo árgangana snertir. Lengst af hefur það verið þannig, að þeir hafa orðið að læra á kvöldin eftir langan vinnutíma, þreyttir og illa upplagðir, og slíkt er náttúrlega alveg óhæfa. Ekki sízt þegar verið er að berjast fyrir að koma á 8 tíma vinnudegi fyrir fullorðna menn, þá er það hart, að kornungir iðnnemar skuli fyrir utan sinn vinnudag oft og tíðum hafa orðið að vinna þar að auki að kvöldinu líka og ef til vill aldrei haft neinn tíma til að lesa undir þann kvöldskóla, sem þeir hafa átt að ganga í. Á þessu verður að verða breyting, það hefur miðað í þá áttina, og það væri gott, ef við gætum stigið þau spor dálítið stærri.

Við skulum gera okkur það ljóst, einmitt þegar við erum að tala um okkar iðnað og hvað hann sé að verða vaxandi hvað gildi snertir sem atvinnugrein fyrir Ísland, að eitt það þýðingarmesta, sem við höfum og getum haft á að skipa í iðnaði, eru vel hæfir iðnaðarmenn, vel almennt menntaðir og vel að sér í sinni grein, og á það verðum við að leggja alveg sérstaka áherzlu. Nú er það hins vegar svo, að iðngreinar nútímans gera meiri og meiri kröfur til sérhæfni, og ef á að verða við því að kenna mönnum og fullnægja þessum kröfum um sérhæfni, þá þarf það að innlimast í kennsluna. Kennslan þarf að vera sumpart í sambandi við verksmiðjurnar sjálfar, sumpart þannig, að það séu vel útbúnar vinnustöðvar, rétt eins og verksmiðjur eða verkstæði væru, í þeim skólum, sem þetta eiga að kenna. Að þessu þarf að stefna, það mun öllum ljóst, sem um þetta fjalla, og það væri gott, að við gætum stigið það spor hraðar en gert er ráð fyrir í núverandi iðnskólafrumvarpi. Þess vegna er það, að ég hef fylgzt með því, að hjá þeim mönnum, sem þetta mæðir nú alveg sérstaklega á, hjá iðnskólanemunum sjálfum, er vaxandi áhugi fyrir, að það verði einbeitt sér að því að gera tvo iðnskóla fullkomlega úr garði, og er þá gert ráð fyrir vegna aðstæðnanna í iðnaðinum, að þeir yrðu helzt að vera í Reykjavík og á Akureyri, þó að það geti komið til greina að hafa þá fleiri.

Þetta er atriði, sem ég vildi a. m. k. vekja máls á hér í hv. þd. við þessa umræðu. Þó að ég búist að vísu ekki við, þar sem þetta er nú stjórnarfrv., að mínar brtt. nái fram að ganga að svo stöddu, þá er það þó í þessa áttina, sem við þurfum að reyna að koma okkur saman um að stefna.

Ég hef undanfarin ár getað fylgzt með því, að iðnnemarnir hafa haft mikinn áhuga á þessum málum, og mínar brtt. byggjast fyrst og fremst á minni reynslu af þeirra vilja í þessum efnum. Það vill hins vegar ákaflega oft fara svo, að þegar iðnnemarnir eru útskrifaðir og sveinarnir eru komnir í staðinn, þá dragi úr áhuganum fyrir þessu, mönnum gleymist það, þannig að mér finnst það þess vegna rétt, að rödd iðnnemanna sjálfra fái að komast að í þessu máli. Iðnnemasamband Íslands hefur skrifað iðnn.

þessarar hv. d., og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það bréf upp, af því að þar er gerð nokkru nánari grein fyrir þeirra hugmyndum um þetta, sem að mjög miklu leyti a. m. k. eru í samræmi við mínar. Þetta bréf var skrifað 18. þ. m. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnnemasamband Íslands vill hér með koma á framfæri við iðnn. neðri deildar Alþingis áliti sínu á frv. til l. um iðnskóla, sem lagt hefur verið fyrir yfirstandandi Alþingi.

Það er álit Iðnnemasambands Íslands, að ástandið í iðnfræðslunni í dag sé þannig, að úr því verði eigi bætt nema með róttækum aðgerðum.

Af frv. er það ljóst, að aðeins er um að ræða stofnun eins eða tveggja fullkominna iðnskóla á landinu, í Reykjavík og á Akureyri, þar sem hvergi annars staðar eru fleiri en 60 iðnnemar, en á Akureyri ná þeir vart þeirri tölu.

Á þeim stöðum, sem tala iðnnema er undir 60, segir í frv. að skólarnir skuli annaðhvort vera deild innan gagnfræðaskóla ellegar skuli þeir vera með sama sniði og verið hefur. Af þessu verður eigi annað séð en lítilla breytinga sé að vænta á flestum iðnskólum landsins.

Höfuðbreytingin, sem gera þyrfti að okkar áliti á þessu frv., er sú, að þegar verði stofnaðir tveir fullkomnir iðnskólar, í Reykjavík og á Akureyri, og hafi ríkisstjórnin forgöngu um stofnun þeirra, og beri ríkissjóður að fullu kostnað skólanna. Í sambandi við skólana yrðu að sjálfsögðu heimavistir, sbr. sjómannaskólann og bændaskólana.

Með því að iðnskólarnir væru aðeins tveir, mundi því misræmi, sem nú á sér stað í menntun iðnaðarmanna landsins, með öllu útrýmt. Víða á landinu, þar sem iðnskólar eru starfandi, eru aðstæður til kennslu það slæmar, að ekki er hægt að framfylgja þar neinum ríkjandi ákvæðum varðandi iðnfræðsluna. Með vaxandi kröfum til kunnáttu iðnaðarmannsins er það augljóst, að taka verður upp betri kennsluhætti en nú eiga sér stað. Við teljum því, að stofnun iðnskóla innan fámennra bæjar- og sveitarfélaga sé ekki rétta leiðin til úrbóta í þessum efnum. Það er óhugsandi, að slíkir skólar geti veitt nemendum sínum fullkomna iðnfræðslu nema með kostnaði, sem fara mundi langt fram úr þeim kostnaði, væru iðnskólarnir aðeins tveir.

Við viljum sérstaklega benda á það, að í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir neinni úrbót á því ósamræmi, er nú ríkir í fræðilegri kennslu iðnskólanna, sbr. 7. gr., 3. tölulið, en þar segir svo: „Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. tölul., má hafa með sama sniði og verið hefur."

Eina tæknikennslan í iðnskólunum hefur verið fagteiknun, og hafa því iðnskólarnir hingað til komizt af án kennara með sérþekkingu í hinum einstöku iðngreinum. — Í frv. eins og það liggur fyrir segir, að miðskólapróf skuli vera inntökuskilyrði til inngöngu í iðnskóla. Það liggur því í augum uppi, að kennslan í iðnskólunum verður að mestu leyti sérnám í hinum einstöku iðngreinum, og því virðist auðsætt, að á hverjum stað verða að vera kennarar með tæknilega menntun, hver í sinni iðngrein. Í þessu sambandi viljum við benda á það, að á Akranesi voru t. d. árið 1954 25 iðnnemar, og skiptust þeir niður á 10 iðngreinar. Á þessu sést, að hafa þyrfti 10 sérmenntaða kennara í öllum þeim iðngreinum, sem við á. Annað dæmi: Ísafjörður með 21 iðnnema árið 1954, og skiptast þeir niður á 9 iðngreinar, og þannig mætti lengi telja. Sést á þessu, að geysilegur kostnaður yrði því fylgjandi, ef starfrækja ætti fullkomna iðnskóla á öllum þeim stöðum, þar sem iðnnám er stundað. Það er því skoðun okkar, að eina viðunandi lausnin á þessu máli sé sú að hafa ekki fleiri en tvo iðnskóla á landinu, en þeim mun fullkomnari. Við viljum benda á það, að með því að starfrækja aðeins tvo iðnskóla á landinu sé meiri trygging fyrir því, að skólarnir geti fylgzt með öllum þeim framförum, sem í iðnaðinum verða, og hagað kennslu í samræmi við það. Að sjálfsögðu verða skólar þessir dagskólar, og gildir það einnig um fyrirhugað framhaldsnám, sbr. kafla IV. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að nám í kvöldskólum eftir vinnudag er gersamlega úrelt fyrirkomulag.

Að endingu: Við teljum nauðsynlegt, að Iðnnemasambandi Íslands verði tryggð hlutdeild í skólanefnd skólanna."

Eins og hv. þdm. heyra á þessu, eru iðnnemarnir mjög ákveðnir í sínum skoðunum í þessu efni, og í höfuðatriðum eru brtt. mínar í samræmi við þeirra vilja. Hins vegar, ef verða mætti, að hægt væri að fá fram nokkra breytingu á þessum málum nú, þá hef ég, af því að ég þykist vita, að meiri hl. hv. d. muni á því að hafa ekki of miklar breytingar þarna í einu, með brtt. minni á þskj. 389 gengið út frá að geta skapað nokkurs konar millibilstímabil, meðan verið væri að koma upp svona fullkomnum iðnskólum með heimavistum, þannig að hægt væri að löggilda gömlu iðnskólana og leyfa rekstur iðnskóla sem sérstakra deilda, en miða það þó við, að þarna sé um dagskóla að ræða, og enn fremur, að kennslan sé þar fræðileg.

Ef þess vegna meiri hl. d. vildi fallast á þá höfuðreglu, sem ég hef reynt að setja fram með brtt. á þskj. 382, en vildi þó tryggja, að hægt væri að hagnýta allt, sem nú er fyrir hendi, á meðan verið væri að breyta, þá mundi það vera hægt með því að samþ. mínar brtt. á þskj. 389. Ég vil enn fremur taka það fram, ekki sízt ef hv. iðnn. mundi vilja taka þetta mál máske til ýtarlegrar rannsóknar, að þá væri mér ákaflega kærkomið, ef hægt væri að fá í n. samkomulag um eitthvað, sem horfði í þessa átt, að draga mínar brtt. til baka, því að það, sem fyrir mér vakir, er fyrst og fremst að reyna að fá því áorkað, að það skref, sem stigið er með þessu frv., verði nokkru stærra en nú er gert ráð fyrir, þó að það miði allt fram á við.

Í 5. brtt. á þskj. 382 legg ég enn fremur til, að skólanefndin sé skipuð með nokkuð öðrum hætti en nú er gert ráð fyrir, og er það eðlileg afleiðing af því, að þessir skólar verða ríkisskólar, en ekki einkaskólar iðnaðarmannafélaganna, sýslusjóða eða bæjarfélaga, eins og nú er gert ráð fyrir, og þess vegna legg ég þar til nokkurn annan hátt á skipun stjórnarnefndar-

innar fyrir slíka skóla, sem sé, að af fimm mönnum séu þar tilnefndir fulltrúar, einn frá hverjum, frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna, frá Iðnsveinaráði Alþýðusambandsins, frá iðnfræðsluráðinu og frá Iðnnemasambandi Íslands, og fimmta manninn, formann nefndarinnar, tilnefni iðnmrh. sjálfur. Enn fremur er gert ráð fyrir því, og það er líka eðlileg afleiðing af þessari till. um, að það sé ríkið, sem stendur fyrir þessu, að ríkið greiði stofnkostnaðinn og sjái um þessa skóla eins og aðra ríkisskóla.

Ég álít, að það væri ákaflega heppilegt, ef hægt væri að komast að nokkru samkomulagi um breytingar í þá átt, sem ég veit að er vilji iðnnemanna og ég að nokkru leyti hef reynt hér að greiða fyrir. En a. m. k. er það heppilegt, að við gerum okkur ljóst, þrátt fyrir þær framfarir, sem felast í því stjórnarfrv., sem hérna liggur fyrir, að ef við ekki stígum stærri spor í því núna, þá þurfum við þó að undirbúa okkur undir að reyna að stíga þau spor á næstunni.

**Forseti (SB):** Það hefur enn komið fram ósk um það, að umr. um þetta mál verði frestað. Verður orðið við henni. En ég vil beina því til hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað, að taka sem fyrst afstöðu til þeirra atriða, sem hún telur þörf á að athuga nánar.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 378, 365,2.a, 382, 389, 408, 415).

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. flytur þrjár brtt. við frv. á þskj. 408.

1. brtt. er við 1. gr., og er hún til samræmis við till. mþn. í skólamálum, sem á sínum tíma samdi frv. til laga um iðnskóla. Nú segir í frv., eins og það liggur fyrir: „Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu.“ Till. nefndarinnar er, að hér bætist við: „og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á.“ Eins og ég gat um, þá var þetta ákvæði, sem nú er lagt til að bæta inn, í till. skólamálanefndarinnar, og leggur iðnn. nú til, að þessu sé bætt við.

2. brtt. n. er við 7. gr. Þar er sagt frá því, hvernig stofna eigi til iðnskólahalds. Í 1. og 2. tölulið er gert ráð fyrir, að stofna megi sjálfstæða iðnskóla því aðeins að tala nemenda sé 60 eða fleiri. Séu nemendur hins vegar færri en 60, skuli iðnskólinn vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla. Við umræður innan n. og viðræður við kunnuga menn á þessum sviðum hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að hafa þetta í heimildarformi, en ekki eins fortakslaust og í frv. segir, þannig að 1. liður yrði svo hljóðandi: „Stofna má sjálfstæða iðnskóla“, en 2. liður, að „þegar nemendur eru færri en 60, er ráðh. heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla“.

Eftir ákvæðum frv., eins og þau liggja fyrir, mundi ekki heimilt að stofna iðnskóla nema í Reykjavík og á Akureyri. Á öllum öðrum stöðum, þar sem iðnskólar hafa verið starfandi eða til mála kemur að stofna þá, væri því skylt að hafa iðnskólana sem sérstaka deild í gagnfræðaskóla. Nú má vera, að betur henti og ástæða sé til á sumum þessara staða að hafa sjálfstæða iðnskóla, og er ætlun nefndarinnar, að þetta sé heimilt, — ákvæðin séu í heimildarformi og sé því í höndum ráðh. að ákveða, hvorn háttinn skuli á hafa, ef nemendur eru færri en 60.

Þá er 3. brtt., við 17. gr., um gildistöku laganna. N. telur rétt að miða við upphaf næsta skólaárs og leggur því til, að lögin öðlist ekki þegar gildi, eins og segir nú í gr., heldur 1. okt. 1955.

Ég vænti þess, að hv. deildarmenn fallist á þessar brtt. og afgr. frv. þannig áfram.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Þegar frv. þetta var til umr. í hv. iðnn. og teknar voru sérstaklega til umr. brtt. hv. 2. þm. Reykv. (EOl), þar sem m. a. er gert ráð fyrir allmikilli röskun á því frv., sem upphaflega var hér fyrir lagt, kom í ljós, að ekki var hægt að ná algeru samkomulagi í n. um hans till. En eftir nánari viðræður að loknum þeim fundi höfum við, ég, hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hv. 8. landsk. þm. (BergS), komið okkur saman um að leggja til hér ákveðnar breytingar, m. a. með hliðsjón af brtt. hv. 2. þm. Reykv. og frv. því, sem 1948 lá fyrir hv. Alþ. um iðnskóla, að þar komi inn nýr kafli, sem verði IV. kafli frv. og fjalli um kennslu.

Vegna þess, hvað brtt. voru síðbúnar, þar sem verið var að leita samkomulags við aðra hv. nm., hefur ekki enn reynzt unnt að útbýta þeim prentuðum, og vildi ég því, með leyfi forseta, mega lesa þær upp eins og þeim mun verða útbýtt hér innan mjög skamms tíma, að því er mér er tjáð.

Brtt. okkar við þetta frv. eru svo sem hér segir:

„1. Á eftir III. kafla komi nýr kafli, IV. kafli, Kennsla, með 4 gr., þannig:

a. (11. gr.) Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg.

b. (12. gr.) Reglulegt iðnskólanám skal vera í nánu sambandi við þær iðngreinar, er nemendur skólans leggja stund á. Skólanum ber að sjá nemendum fyrir bóklegri kennslu, og verklegri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru iðn þeirra og framtíðarstarfi og ekki verða nægilega kenndar hjá meistara eða iðnfyrirtæki að dómi iðnfræðsluráðs.

c. (13. gr.) Þessar námsgreinar skal kenna: Íslenzku, reikning og stærðfræði, teiknun, eðlisfræði, efnafræði, efnisfræði, áhaldafræði og bókfærslu, svo og sérfræði hverrar iðngreinar, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er að kenna fleiri námsgreinar, ef aðstæður leyfa og ástæða þykir til.

Auk þess skulu þeir, sem nema iðn til sveinsprófs í skólanum sjálfum, vinna í vinnustofu hans samkvæmt námssamningi.

d. (14. gr.) Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í vinnustofum þeirra eða öðrum vinnustöðvum, sem þeir hafa ráð á. Í vinnustofum skóla skal haga störfum sem líkast því, sem

tíðkast í hliðstæðum vinnustofum, og um kennsluna skal ákveða í reglugerð í samráði við iðnfræðsluráð.

2. Við 16. gr. (verður 20. gr.). Fyrri málsgr. orðist þannig:

*Ráðh. setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.* Þar skal m. a. setja nánari ákvæði um kennslu í skólunum, námstíma, kennslustundafjölda, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.“

Eins og ég sagði í upphafi, er frv. þetta að meginefni tekið upp úr frv. því, sem lá fyrir hv. Alþ. 1948, en felldur var úr við flutning þessa frv. nú sérstakur kafli um kennslu. Þetta frv. var þá allrækilega undirbúið af þar til skipaðri milliþn., og segir hún í grg. fyrir frv. þá, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er samið með nokkurri hliðsjón af frv. því til laga um iðnskóla, er lá fyrir Alþ. 1941, 1942 og 1943. Enn fremur var haft til samanburðar frv. um sama efni, sem nefnd iðnaðarmanna undirbjó og síðan var samþ. á iðnþingi í október 1945. Skólastjóri iðnskólans í Reykjavík kom einnig nokkrum sinnum á fund skólamálanefndarinnar, og var ráðgazt við hann um ýmis atriði frv. Er hann samþykkur frv. í núverandi mynd að öðru en því, að hann telur miðskólapróf bóknámsdeildar sízt lakari undirbúning en miðskólapróf verknámsdeildar.“

Af þessu má vera ljóst, að það var gert með fullkomnu samþykki þáverandi skólastjóra iðnskólans að hafa sérstakan kafla í frv. þá um kennslu, og við hann höfum við flm. þessarar brtt. að mestu leyti stuðzt. Þó höfum við gert þar á eina veigamikla breytingu, sem er varðandi það ákvæði laganna, að iðnskólarnir skuli vera dagskólar, og er það eitt af veigamestu atriðum þeirra brtt., er við leggjum til og ég vænti að bráðlega liggi fyrir prentaðar.

Ég held, að það sé óþarft að fara mörgum orðum frekar en þegar hefur verið gert í þessum umr. um nauðsyn þess, að hin bóklega kennsla iðnskólanna fari fram að deginum til, þannig að nemendum skólanna — iðnnemunum sjálfum — reynist á hverjum tíma unnt að færa sér í nyt þá bóklegu kennslu, sem ætlazt er til að skólarnir geti boðið þeim upp á.

Það má augljóst vera, að að loknum 8—9 stunda vinnudegi við margs konar erfiðisvinnu er erfitt að setjast á skólabekk í 2—3 tíma og eiga að njóta þar til fullnustu þess náms, sem iðnskólinn býður upp á, og eiga svo að loknum þeim tíma að búa sig undir bóklega námið næsta dag og í millitíðinni að stunda sína erfiðisvinnu. Ég held, að það hljóti öllum hv. alþm. að vera ljóst, að árangurinn af slíku námi getur aldrei orðið sá, sem hann gæti orðið, ef skólinn væri stundaður að deginum, eins og gerð hefur verið þegar tilraun með í iðnskólanum hér í Reykjavík. Ég minnist þess frá veru minni í Iðnnemasambandinu og frá árdögum þess, að þá var strax hafizt handa af hálfu þess í baráttunni fyrir því að gera iðnskólann að dagskóla og gera nemunum þannig betur mögulegt að njóta námsins sem skyldi. Þá voru nokkuð eðlileg svör af hálfu skólanefndar iðnskólans hér í Reykjavík, að svo mikil aðsókn væri að skólanum, að erfitt væri að koma slíku fyrirkomulagi við, vegna þess í fyrsta lagi, hvað aðsóknin væri mikil, og í öðru lagi, hvað húsnæðið væri gamalt og úrelt, og þó sérstaklega, hvað þröngt þar væri. Nú er hins vegar kunnugt, að skólanefnd iðnskólans hefur gert tilraun með að gera breytingar í þessu efni, og hafa 2 bekkir af 4 bekkjum iðnskólans verið stundaðir sem dagskólar í 12—15 ár, og er almannarómur, að það sé mun betra fyrirkomulag að fenginni reynslu en hið fyrra. Ég álít því, að það sé hverjum og einum hv. alþm. ljóst, að hér er mikið nauðsynja- og mannréttindamál á ferðinni, að iðnnemunum verði gefinn kostur á að njóta þess náms í sem ríkustum mæli, sem skólarnir hafa að bjóða, en það verður ekki gert nema með því að gera kleift, að bóklega námið sé stundað eingöngu að deginum til og samfellt þann tíma, sem það er stundað, og verklega námið einnig samfellt. Þessum gagnstæðu hlutum á ekki að hræra svo saman sem gert hefur verið á undanförnum árum. Færð hafa verið um erfiðleika á breytingu á þessu nokkur rök, sem hins vegar eru ekki fyrir hendi nú lengur vegna hins nýja og glæsta iðnskólahúss hér í Reykjavík t. d. Úti á landi mun vera betra að koma þessu við, sér í lagi með tilliti til þeirra breytinga, sem þetta frv. felur að öðru leyti í sér, þar sem ætlazt er til, að iðnskólarnir séu stundaðir sem deildir í gagnfræðaskólunum, en það nám fer að sjálfsögðu fram að deginum til eingöngu.

Um aðrar breytingar, eins og ég sagði í upphafi, höfum við þessir þrír flm. stuðzt aðallega við álit skólamálanefndarinnar, sem lá fyrir í frv. um iðnskóla 1948 og ég tel ekki sérstaka þörf á að fara mörgum orðum um. Það var vel og rækilega undirbúið af þeirri nefnd, og virðist ekki af þskj. frá þeim tíma, að mikill ágreiningur hafi verið um þennan kafla.

Ég vænti þess fastlega, að hv. þdm. verði við óskum okkar þremenninganna, sem að flutningi þessara brtt. stöndum, og að þessi nýju ákvæði verði tekin inn í frv., þannig að það mætti enn færast nær því marki, sem hefur verið um langan aldur baráttumál allra iðnaðarmanna í landinu, að iðnskólarnir yrðu opinberlega studdir af ríki og — eins og frv. gerir ráð fyrir — að hálfu leyti af viðkomandi sveitar- og bæjarfélögum og að iðnnemunum, sem eru að sjálfsögðu grundvöllurinn að fullmenntaðri iðnaðarstétt í landinu, verði svo búið sem okkur megi vera sómi að.

Það var bent á það rækilega af frsm. n. hér við 1. umr. þessa máls, hve mikið væri í húfi fyrir íslenzku þjóðina alla að eiga sem bezt menntaða iðnaðarmenn, og við þykjumst með flutningi þessara brtt. hafa stigið enn eitt spor í þá átt að tryggja, að svo megi verða. Vænti ég þess eindregið, að hv. þdm. verði við óskum okkar og sýni brtt. fullan skilning.

Ég hafði með tilliti til þess, ef ekki vinnst tími til að útbýta þessum brtt. okkar, áður en þessari umr. lýkur, ætlað að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann frestaði atkvgr. um málið, þangað til þessar brtt. okkar lægju fyrir, þannig að þdm. mætti gefast kostur á að fara yfir þær og kanna hug sinn til þeirra, þar sem þess er varla kostur, þó að þær séu lesnar upp

í ræðuformi, eins og hér hefur þegar verið gert. Það er sem sagt ósk mín til hæstv. forseta, að atkvgr. verði frestað, þó að umr. verði lokið.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er nú ekkert óeðlilegt, þótt enn sé beðið um frest í þessu máli. Þetta frv. var flutt snemma á þessu þingi, þótt það sé enn í fyrri deild við 3. umr. Sá hv. þm., sem ræddi hér áðan allvíðtækar brtt. við frv., sem hefur ekki verið útbýtt enn, talaði um, að það hefði ekki verið mögulegt að útbýta þeim vegna þess, hvað þær hefðu verið síðbúnar. En það er dálítið einkennilegt að vera með þetta á síðustu stundu og hafa haft allan veturinn fyrir sér til þess að skapa þessar till. Að vísu sagði þessi hv. þm., að brtt. væru soðnar upp úr brtt. hv. 2. þm. Reykv., en jafnvel þó að hefði þurft að bíða eftir þeim og fá þar forspjall til þess að sníða eftir, þá eru margir dagar síðan þær komu fram.

Ég hlustaði náttúrlega á þennan lestur, en ég er ekki svo næmur, að ég muni vel allt, sem þar kom fram. Ég gerði mér þó ljóst, að hér er um allvíðtækar og mikilvægar brtt. að ræða, sem raska frv. í nokkrum veigamiklum atriðum. Það er einnig ljóst, að ef þessar brtt. verða samþ., þá hafa þær allmikinn kostnað í för með sér. Hér er að ræða um það að gera iðnskólana að dagskólum. M. ö. o.: nemendurnir eiga að vera í skólunum á daginn í stað þess á kvöldin, eins og tíðkazt hefur undanfarið, og nemendurnir geta þess vegna ekki unnið á daginn. Það leiðir til þess, að skólarnir verða að sjá fyrir verklegu verkefni handa nemendunum, og þetta hlýtur að hafa geysilegan kostnað í för með sér. Ég ætla ekki, þar sem till. hefur ekki verið útbýtt enn þá, að ræða þær að þessu sinni. En það er vitanlega ekki um annað að ræða en að taka málið í dag út af dagskrá, bera þessar allvíðtæku brtt. undir iðnaðarmenn og fá þeirra vitnisburð um till.

Frv. ríkisstj., eins og það liggur fyrir, var borið undir iðnaðarmenn og fékk samþykki þeirra. Þeir lýstu stuðningi sínum við frv., eins og það er, og vildu fá það þannig fram. Þegar nú koma fram víðtækar brtt., sem gerbreyta frv., þá verður enn að spyrja iðnaðarmenn um það, hvernig þeim lízt á till., hvort þeir telji þær æskilegar eða til bóta, og það verður einnig að spyrja að því, hvort hæstv. fjmrh. er tilbúinn að taka við frv. í þeirri mynd, sem það mundi verða, eftir að þessar allvíðtæku till. eru samþ. En það er illa farið, ef þessar till. mundu verka eins og fleygur til þess að stöðva þetta mál eða sprengja, og ég vil vænta þess, að það sé ekki það, sem vakir fyrir hv. flm., heldur að bæta frv.

Ég vil biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá nú, og það verður að gefa sér tíma til þess að athuga till. og spyrja iðnaðarmennina, hvort þeir séu þeim fylgjandi eftir að hafa lýst eindregnum stuðningi við frv. í því formi, sem það er frá hönd ríkisstj.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 378, 365,2.a, 382, 389, 408, 415, 445).

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Milli 2. og 3. umr. hefur iðnn. rætt frv. þetta að nýju og orðið ásátt um að flytja brtt. á tveim þskj., samtals fimm brtt. Þær eru á þskj. 408 og 445.

Ég hef þegar minnzt nokkuð á efni brtt. á þskj. 408. Ég skal rétt aðeins rifja það upp fáum orðum.

Fyrsta brtt. er að bæta inn í 1. gr. ákvæði, sem var í frv. mþn. um skólamál hér á árunum, þ. e. a. s., að iðnskólar skuli veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkv. lögum um iðnfræðslu, og þar við bætist: og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á.

2. brtt. á sama þskj. er við 7. gr., en það er varðandi ákvæðið um það, að iðnskólar skuli í vissum tilfellum vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla. Í frv. er fortakslaust ákveðið, að ef nemendur eru færri en 60, skuli iðnskólinn vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, en þá sé ekki heimilt að stofna sjálfstæða iðnskóla. Eins og ég hef tekið fram áður, mundi þetta þýða, að hvergi væri, miðað við núverandi nemendatölu, heimilt að hafa sjálfstæða iðnskóla nema í Reykjavík og á Akureyri. Nefndinni þótti réttara að hafa þessi ákvæði í heimildarformi, þannig að þegar nemendur eru færri en 60, sé ráðh. heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla.

3. brtt. er um gildistökuna, þ. e., að í stað þess, að lögin öðlist þegar gildi, sé ákveðið, að þau öðlist gildi 1. okt. 1955. Það er miðað við skólaárið, og þykir að kunnugustu manna dómi heppilegra að miða þessar breytingar við upphaf skólaárs heldur en annað tímamark.

Þá eru brtt. nefndarinnar á þskj. 445. Seinni brtt. er aðeins leiðrétting, en ekki efnisbreyting. En fyrri till. er að nokkru nýmæli. Um það mál og í framhaldi af brtt., sem hafa legið hér fyrir, leitaði n. álits Landssambands iðnaðarmanna um það atriði, og lét stj. Landssambandsins ásamt núverandi og fyrrverandi skólastjóra iðnskólans í Reykjavík uppi ýtarlegt álit um málið. Í niðurlagi þess álits segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar mun sú skoðun vera farin að ryðja sér til rúms, að heppilegast sé fyrir alla aðila, að skólarnir séu dagskólar, sem starfi tvo mánuði á ári fyrir hvern flokk nemenda, enda er þegar fengin af því góð reynsla í nokkrum skólum úti um land — og í Reykjavík við 1. og 2. bekk í 15 ár. Þó er þess að gæta, að kennarar í iðnteikningu og sérgreinum eru venjulega iðnaðarmenn, sem þurfa að stunda iðn sína allan daginn, og yrðu því skólarnir að láta kenna þær greinar að kvöldinu. Vér leggjum því til, að framan við 6. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðis-

skilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.“

Iðnn. tekur upp orðrétta þessa till. Landssambands iðnaðarmanna og skólastjóranna, og er það fyrri brtt. á þskj. 445. Iðnn. var á einu máli um að flytja þessa till., en einn nm., hv. 8. landsk. þm., gat ekki sótt þann fund og stendur því ekki að þessari till. Ég vænti þess, að hv. d. afgreiði frv. með þeim breytingum, sem iðnn. leggur til.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins með tilliti til þeirra umræðna, sem fram hafa farið, og þeirra till., sem nú liggja fyrir, lýsa fylgi mínu við brtt., sem þrír hv. þm. flytja á þskj. 415. Og með tilliti til þess, að ég álít þær till. ganga það langt í að fullnægja þeirri stefnu, sem ég álít heppilegasta í þessum efnum, þá vil ég um leið leyfa mér að taka mínar till. á þskj. 382 og 389 til baka, en mun fylgja brtt. á þskj. 415.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Í upphafi þessarar umr. eða nánar til tekið, er ég hafði lokið mjög hógværlegri framsöguræðu um nokkrar brtt., er við hv. þm. V-Húnv. og hv. 8. landsk. höfum leyft okkur að bera fram á þskj. 415 við frv. þetta, brá svo við, að hæstv. iðnmrh. sá ástæðu til að ráðast með nokkrum þjósti að okkur flm. þessara till., en þó sérstaklega að mér sem fyrsta flm. Ég tel af þessum ástæðum nauðsynlegt að svara þessum ummælum ráðherrans.

Ráðh. taldi í fyrsta lagi, að áðurnefndar brtt. væru soðnar upp úr brtt. hv. 2. þm. Reykv. Ég þóttist hins vegar hafa frá því skýrt í framsöguræðu minni fyrir tillögunum, að um brtt. hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki getað orðið samkomulag í hv. iðnn., þar sem þær röskuðu í meginatriðum því frv., sem hér er til umr. Í till. sínum gerir hv. 2. þm. Reykv. m. a. ráð fyrir, að iðnskólarnir verði ekki nema tveir, en gerðir mun fullkomnari en verið hefur og eingöngu ríkisskólar. Ég tel slíkar till. vissulega þess verðar, að þeim sé veitt athygli, þótt hins vegar sé vart mögulegt að koma slíkri gerbreytingu fram nú. Till., sem ég legg að vísu mesta áherzlu á af brtt. okkar þremenninganna, að iðnskólarnir verði gerðir að dagskólum, þ. e. a. s., að bóklega námið fari fram að deginum til, en ekki, eins og nú er um hluta iðnskólans hér í Reykjavík, að lokinni 6—8 stunda erfiðisvinnu, er að vísu ein till. hv. 2. þm. Reykv., en ég vona, að hv. meðnm. mínir í iðnn. geti vottað, að á þetta mál hafi ég minnzt áður en þær till. lágu fyrir. Að sjálfsögðu er þetta mál ekki upp fundið af mér eða hv. 2. þm. Reykv. Það á sér langa sögu og var eitt þeirra mála meðal iðnnema hér í bæ, sem hæst bar, þegar ég hóf iðnnám mitt fyrir um 12 árum í árdögum iðnnemasamtakanna.

Hæstv. ráðh. taldi, að brtt. okkar mundu hafa ófyrirsjáanlegan kostnað í för með sér og vafasamt væri því, hvort hæstv. fjmrh. kærði sig um slíkar breytingar á frv.

Með þeirri reynslu, sem þegar er fengin af rekstri iðnskólans í Reykjavík, þar sem 1. og 2. bekkur skólans hafa um nálega 15 ára skeið verið starfræktir í dagskólaformi, þá álít ég, að fljótlegt muni að sjá þann kostnaðarauka, sem af þessari skipulagsbreytingu hlytist. Hins vegar er ég þess fullviss, að einmitt hinar virðingarverðu tilraunir forráðamanna iðnskólans hér í Reykjavík hafa orðið til þess að opna augu margra, er áður voru vantrúaðir á þessa skipulagsbreytingu og fylgja henni nú með tilliti til bættra nytja iðnnemanna sjálfra af hinu bóklega námi. Iðnmeistararnir sjálfir hafa ekki heldur farið dult með þá skoðun sína, að þeim kæmi betur dagskólafyrirkomulagið, þar sem ekki væri þá um að ræða nein frátök iðnnemanna frá hinu verklega námi, meðan þeir stunduðu það, og svo hins vegar, að ekki þyrfti að gera ráð fyrir þeim til vinnu þann tíma, sem þeir stunduðu hið bóklega nám.

Með þessum skýringum tel ég einnig svarað þeim aðdróttunum hæstv. iðnmrh., að tilgangurinn *með flutningi þessara brtt. væri m. a.* sá að reka fleyg inn í framgang málsins til þess að stöðva það, enda var í áliti n. áskilinn réttur til þess að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og flytja brtt. Því til sönnunar er mér ljúft að endurtaka fyrri ummæli mín frá umræðunum um þetta mál í hv. iðnn., að ég tel, að frv. sé gott spor í rétta átt, en ég og hv. meðflm. mínir teljum, að bæta mætti frv. að mun með því að samþykkja sérstaklega brtt. okkar á þskj. 415, sem lýtur að dagskólakennslunni.

Í lok ræðu sinnar lýsti hæstv. iðnmrh. undrun sinni á því, að við flm. þessara till. skyldum ekki hafa flutt þessar till. fyrr, þar sem frv. hefði legið svo lengi fyrir n. og dregizt hefði óhæfilega lengi að ljúka afgreiðslu þess. Ég leyfi mér í þessu tilefni að vísa öllum ummælum um seinagang þessa máls til föðurhúsanna, föðurhúsa ráðherrans, því að mér er ekki kunnugt um, að flm. þessara till. eigi þar nokkra sök á.

Með þessum orðum tel ég að fullnægt hafi verið því, sem hæstv. iðnmrh. gaf tilefni til í fyrri hluta umr. um þetta mál.

Til viðbótar því, sem ég tók fram í framsöguræðu minni, tel ég ástæðu til að fara nokkrum orðum frekar um brtt. okkar á þskj. 415. Önnur atriði í brtt. okkar en ákvæðið um dagskólakennsluna skal ég fúslega viðurkenna að mætti deila um, hvort setja ætti í lögin sjálf eða reglugerð, þegar tekið er tillit til þess, að óhægara er um vik að gera breytingar á lögum en reglugerð, en jafnframt ekki vitað, hve mikið reynslan kann að leiða í ljós, að nauðsynlegt verði að fella inn í slíkan kafla um kennslu og kennsluaðferðir. Er eðlilegt, að um þessi atriði verði höfð náin samvinna og samráð við samtök iðnaðarmanna og iðnnema.

Frá því að fyrri hluti þessarar umr. fór fram hér í hv. þd., hafa iðnn. borizt umsagnir Landssambands iðnaðarmanna og skólanefndar iðnskólans hér í Reykjavík um þessar till. okkar til breytinga. Þessir aðilar fallast á veigamestu till., eins og hv. frsm. n. hefur þegar getið um, að iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla verði dagskólar, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar leyfa. Með þessari breyt. er persónulega hvað mig snertir fullnægt því atriði

tillagna okkar, sem ég lagði höfuðáherzlu á og verið hefur höfuðbaráttumál iðnnemasamtakanna frá stofnun þeirra.

Ég vil fyrri ummælum mínum til stuðnings lesa þann kaflann úr umsögn skólanefndar og Landssambandsins, sem fjallar um brtt. okkar á þskj. 415, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. a. s. þann hlutann, sem hv. 7. þm. Reykv., frsm. nefndarinnar, las ekki áðan, en hann hljóðar svo:

„Kafli um kennsluna var í eldri frumvörpum um iðnskóla, sem legið hafa fyrir Alþingi. Á síðasta iðnþingi var samkomulag um að fella þennan kafla niður og setja ákvæði hans í reglugerð, því að þá er hægara að gera breytingar á þeim, eftir því sem iðnaðurinn þróast og reynslan sýnir að hagkvæmt er og nauðsynlegt að breyta. Í hinum eldri frumvörpum var einnig rætt um verklega kennslu, og vér gerum ráð fyrir, að þróunin fari í þá átt, að verkleg kennsla í iðnaði verði falin skólunum að einhverju leyti, og nú þegar hafa einstakar iðngreinar hafið undirbúning og samninga um verkleg námskeið við iðnskólann í Reykjavík. En vinnustofur kosta mikið fé, og meistarakennsla mun enn um langan tíma eiga mestu fylgi að fagna víða um heim og þá eins hér á landi. Vér teljum því ekki tímabært að lögbjóða verklega kennslu í skólunum og heldur ekki að slást fyrir fjárveitingum til verkstæða, á meðan fé vantar til þess að koma upp húsnæði yfir hina fræðilegu kennslu. Það er heldur ekki tímabært og ekki rétt að fyrirskipa með lögum, að skólarnir skuli halda verkleg námskeið til þess að bæta fyrir vanrækslu meistaranna í verklegri kennslu. Hitt er annað mál, hvað skólarnir gera með frjálsum samningum við meistarana og á þeirra kostnað."

Eftir að hafa athugað umsögn þessa í hv. iðnn. og athugað rökstuðning þessara aðila, þar sem, eins og augljóst er af framansögðu, gengið hefur verið til móts við veigamestu breytinguna, höfum við tveir flm. fyrrnefndra brtt., ég og hv. þm. V-Húnv., fallizt á að draga fyrrnefndar brtt. okkar til baka og styðja hina nýju brtt. nefndarinnar á þskj. 445 hvað þessu viðkemur. 3. flm. tillagnanna, hv. 8. landsk., átti þess ekki kost að mæta á fundi n. og mun því væntanlega skýra afstöðu sína til málsins hér við þessa umr.

Veigamestu rökin til þess, að við höfum fallizt á að taka að þessu sinni fyrrnefndar brtt. okkar aftur að öðru leyti en hvað viðkemur dagskólakennslunni, er sú staðreynd í fyrsta lagi, að brýna nauðsyn ber til, að samþykkt verði á þessu þingi lög um iðnskóla, vegna fjárhagsörðugleika þeirra fyrst og fremst. Í öðru lagi sú vitneskja, að vinnustofur og aukning verklegrar kennslu í skólunum sjálfum kostar að sjálfsögðu eitthvert fé, en ekki hefur verið séð fyrir nægilegu fé til starfrækslu skólanna með núverandi skipulagi, hvað þá til aukinna útgjalda, sem vinnustofur við skólana mundu að sjálfsögðu útheimta. Í þriðja lagi, að aukið eftirlit iðnfræðsluráðs, sem nú er í undirbúningi og þegar komið að nokkru leyti í framkvæmd, með verklegu kennslunni, að lærimeistararnir uppfylli betur skyldur sínar við iðnnemana, mun bæta þar verulega úr, sem áfátt er í dag. Í áliti fyrrnefndra aðila er hins vegar staðfest það álit, sem ég lét í ljós í framsöguræðu minni fyrir þeirri breytingu, sem veigamest er, þ. e. dagskólakennslunni. Persónulega er ég þess fullviss, að framþróun þessara mála, iðnfræðslunnar allrar, bæði bóklegu og verklegu, eigi fyrir höndum ýmsar breytingar, t. d. með fullkomnun á hæfniprófum, sem í 2. gr. frv., 3. tölulið, eru heimiluð, svo og hvers konar framhaldsnámi, eins og iðnskólinn í Reykjavík hefur þegar hafið byrjunartilraunir með. Vonandi ríkir það viðsýni hér á hv. Alþ. við afgreiðslu næstu fjárlaga, að takast megi að gera heimildarákvæði þessa frv. að veruleika. Þá verður enn eitt sporið stigið í áttina til raunhæfrar undirstöðu og betri menntunar íslenzkra iðnaðarmanna, en það ætti að vera hv. Alþ. til aukinnar sæmdar og alþjóð til varanlegs velfarnaðar. — Ég ítreka því fyrri ummæli mín um það, að ég og hv. þm. V-Húnv. höfum fallizt á að draga aðrar brtt. okkar á fyrrnefndu þskj. en þegar hefur verið gengið til móts við til baka, en 3. flm., sem átti þess ekki kost að mæta á fundinum, mun að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég býst við, að af þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, sé hv. dm. ljóst, hvernig þetta mál stendur núna, með tilliti til afstöðu þingmanna til brtt., sem liggja fyrir.

Fyrir nokkrum dögum fluttum við hér þrír þm. þessarar d. brtt. við frv. um iðnskólalöggjöfina, og var hv. 7. landsk. þm. framsögumaður okkar í því máli. Nú kemur í ljós, að bæði hann og annar hv. þm., sem stóð að þessum brtt. ásamt mér, hafa horfið frá sínum till., og ég hef einhvern veginn týnt þeim í höndum íhaldsins, þar sem ég hafði ekki aðstöðu til þess að mæta á síðasta fundi n., og þykir mér það mjög miður. En þó að íhaldinu hafi nú einu sinni enn tekizt að mismuna til skoðun eins hægri krata og framsóknarmanns eins og innstæðu fátæks skálds í reikningum Morgunblaðsins, þá sé ég ekki, að það séu í sjálfu sér nein rök í málinu eða geti breytt afstöðu minni til málsins, eins og ég hafði markað hana í þeim brtt., sem hér voru bornar fram af mér og þessum tveimur hv. þm. En þessir meðflm. mínir að brtt. á þskj. 415 hafa nú ásamt íhaldinu gerzt flm. að tillögum á þskj. 445, þar sem segir, að í staðinn fyrir það, að í okkar brtt. var ákveðið, að iðnskólar skyldu vera dagskólar, þá komi í staðinn, að iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skuli vera dagskólar, þó megi nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt. Og hv. 7. landsk. þm. sagði hér áðan, að þetta fullnægði öllu réttlæti og öllum sínum óskum og kröfum í þessu máli. En ég verð að segja fyrir mig, að þessi till. minnir mig helzt á ræðu eftir núverandi útvarpsstjóra, þ. e. a. s. það, sem sagt er í byrjuninni, er tekið aftur í lokin. Og ef menn skyldu halda, að þetta væri breyting frá núverandi ástandi, þá vil ég benda á, að svo er alls ekki, því að iðnskólinn er nú að nokkru leyti þegar orðinn að dagskóla fyrir

baráttu iðnnemanna sjálfra. En þegar hv. 7. landsk. þm. flutti hér framsögu fyrir tillögum okkar á þskj. 415, þá komst hann svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við hann höfum við flm. þessarar brtt. að mestu leyti stuðzt. Þó höfum við gert þar á eina veigamikla breytingu, sem er varðandi það ákvæði laganna, að iðnskólarnir skuli vera dagskólar, og er það eitt af veigamestu atriðum þeirra brtt., sem við leggjum til og ég vænti að bráðlega liggi fyrir prentaðar. — Ég held, að það sé óþarft að fara mörgum orðum frekar en þegar hefur verið gert í þessum umræðum um nauðsyn þess, að hin bóklega kennsla iðnskólanna fari fram að deginum til, þannig að nemendum skólanna — iðnnemunum sjálfum — reynist á hverjum tíma unnt að færa sér í nyt þá bóklegu kennslu, sem ætlazt er til að skólarnir geti boðið þeim upp á. — Það má augljóst vera, að að loknum vinnudegi við margs konar erfiðisvinnu er erfitt að setjast á skólabekk í 2—3 tíma og eiga að njóta þar til fullnustu þess náms, sem iðnskólinn býður upp á, og eiga svo að loknum þeim tíma að búa sig undir bóklega námið næsta dag og í millitíðinni að stunda sína erfiðisvinnu. Ég held, að það hljóti öllum hv. alþm. að vera ljóst, að árangurinn af slíku námi getur aldrei orðið sá, sem hann gæti orðið, ef skólinn væri stundaður að deginum, eins og gerð hefur verið þegar tilraun með í iðnskólanum hér í Reykjavík."

Þetta var sem sagt rökstuðningur hv. 7. landsk., meðan hann stóð að brtt. á þskj. 415 með mér og hv. þm. V-Húnv., og áður en íhaldið mismunaði til skoðunum hans í þessu máli. En þegar íhaldið hefur mismunað til hans skoðunum á þennan veg, sem nú er orðið, þá les hann upp sínu máli til stuðnings rök skólanefndar iðnskólans og Landssambands iðnaðarmanna um þá brtt., sem hann hafði sjálfur flutt áður. En hinu stingur hann undir stól, þótt hann hafi í höndum sér, þ. e. a. s. áliti þeirra manna, sem hann áður hafði lagt mest upp úr að flytja málið fyrir, áður en íhaldið mismunaði til skoðun hans í málinu. Hann stingur undir stól umsögn Iðnnemasambandsins um brtt. okkar á þskj. 415. Ég ætla að lesa hana upp hér, með leyfi hæstv. forseta. Það er bréf, dags. 2. marz 1955, sem mér hefur verið sent ásamt öðrum nm. í iðnn. og hljóðar svo:

„Iðnnemasamband Íslands hefur á fundi sínum 2. marz athugað brtt. Eggerts Þorsteinssonar, Skúla Guðmundssonar og Bergs Sigurbjörnssonar, sem fram hafa komið við frv. til l. um iðnskóla. Stjórnin telur, að í þessum brtt. komi fram þau tvö aðalsjónarmið iðnnemasamtakanna, sem eru í fyrsta lagi: öll kennsla iðnskólanna fari fram að degi til, og í öðru lagi: tekin verði upp verkleg kennsla í iðnskólunum.

Þetta eru þær höfuðbreytingar, sem gera þarf á kennslufyrirkomulagi iðnskólanna í dag. Þess vegna lýsum við yfir fullum stuðningi við þessar brtt. og treystum því, að hið háa Alþingi samþykki þær. Að öðru leyti vísast til þeirrar álitsgerðar, sem Iðnnemasamband Íslands hefur sent hv. iðnn. neðri deildar Alþingis, dags. 18. febr. 1955, um fram komið frumvarp."

Það bréf las hv. 2. þm. Reykv. (EOl) upp hér í umræðum fyrir nokkru, svo að ég þarf ekki að gera það. Þetta er sem sagt álit og þetta eru óskir iðnnemanna sjálfra, og ég segi það eins og er, að ég met þær meira en álit hv. 7. landsk. þm., eftir að íhaldið hefur mismunað til skoðun hans í málinu.

Í öðru lagi rökstuddi hv. 7. landsk. þm. sinn núverandi stuðning við þessa loðnu till. og einskis verðu till. iðnn. eða meiri hl. hennar, eins og hún liggur hér fyrir, með því, að það vantaði húsnæði til að taka upp verklega kennslu og það vantaði fé til að taka upp verklega kennslu í iðnskólunum og breyta þeim í dagskóla að öllu leyti, og bæði hann og hv. 7. þm. Reykv. sögðu, að það væri ómögulegt að gera iðnskólana að dagskólum, vegna þess að ýmsir kennarar — meistarar skildist mér — væru bundnir við vinnu á daginn og yrðu þess vegna að kenna að kvöldinu til.

Nú vil ég til þess vitna, að við höfum hér á ýmsum árum átt við örðugleika að stríða, bæði hvað fé og húsnæði snertir, í skólamálum okkar. Þegar lögin um Háskóla Íslands voru sett, þá bjó hann á hrakhólum með húsnæði. Hann notaðist við eitt versta og lélegasta húsnæði, sem nokkur skóli hefur nokkurn tíma notazt við. Hann var að þvælast hér niðri í þinghúsi og uppi í Þingholtum með hluta af kennslunni o. s. frv. Þá datt þó engum manni í hug að miða háskólalögin við þetta húsnæði. Háskólalögin voru sett án tillits til þess, hvernig húsnæðisástæður voru í það skipti. Þau voru við það miðuð, að húsnæðisástæður breyttust og það yrði afleiðing af lögunum, að þjóðfélagið neyddist til að búa betur að háskólastúdentum en það hafði gert. Það hefði líka verið hlegið að því þá og mundi vera hlegið að því enn í dag, ef væri sagt: Nú verður að taka það inn í háskólalögin, að það skuli fara fram kennsla að kvöldinu til, vegna þess að prófessorarnir við landsspítalann þurfa að vinna sitt verk á daginn og geta ekki kennt fyrr en á kvöldin. — Það yrði bara hlegið að þeirri röksemdafærslu. Og það á ekki frekar að miða löggjöf um iðnskóla við þetta heldur en löggjöf um Háskóla Íslands eða hvern annan skóla sem vera skal. Ef kennararnir við menntaskóla, t. d. eðlisfræðikennarar við menntaskólann í Reykjavík, fyndu upp á því að ráða sig til starfa hjá atvinnudeild háskólans og segðu svo: Ja, það verður að breyta lögunum um menntaskóla. Við getum ekki kennt fyrr en á kvöldin, því að við þurfum að vinna hér uppi á atvinnudeild á daginn — hvað margir ætli yrðu til að hlusta á svoleiðis röksemdafærslu?

Nei, þetta eru ekki rök, og ég vænti þess fastlega, að hv. þdm. taki ekki tillit til svona hluta, þegar þeir eru að undirbúa framtíðarskólalöggjöf fyrir landið að því er varðar iðnskóla, — að þeir fari ekki að miða þá löggjöf við það, hvort það er til húsnæði eða ekki til húsnæði eða hvort eftir sé að innrétta húsnæði fyrir kennslu í skólunum. Ég verð að segja það eins og er, mér þætti það mjög leitt, ef þessi hv. d. gerði sér það til niðurlægingar að taka slíkt til greina sem röksemdir í málinu, eða þótt hún vildi taka það til greina sem röksemdir, að þá

þyrfti endilega að binda kennslu í iðnskólunum við það, hvað einhverjum meisturum úti í bæ kemur bezt, — hvort þeir geta skapað sér aukavinnu í iðnskólanum á kvöldin með því að halda nemendunum þar eftir langan og erfiðan vinnudag og við þau skilyrði, er hv. 7. landsk. lýsti hér áðan, búnir að vinna 8—9 stunda erfiðisvinnu, eiga svo að setjast á skólabekk 2—3 tíma að kvöldinu til, sem yrði þá eftir þessu, undirbúa sig svo þar á eftir undir námið næsta dag, fara svo í vinnu í millitíðinni og þrífa sig upp og hreinsa sig til úr erfiðis- og óþrifalegri vinnu, áður en þeir setjast á skólabekkinn. Þegar við vorum að ræða þetta mál í n., þá var hv. 7. landsk. algerlega á því, að það væri jafnmikið réttlætismál að breyta iðnskólunum í dagskóla eins og það var á sínum tíma að lögbjóða 12 stunda hvíld á togurum.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, þó að óþarft ætti að vera, að ég er enn flm. að till. á þskj. 415 og mun krefjast þess, að hún verði borin upp til atkv.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm., sem talaði hér áðan, minntist á það, að ég hefði verið eitthvað hvassyrtur hér, þegar rætt var um þær brtt., sem hann flutti ásamt öðrum hv. þingmönnum á þskj. 415. Það getur vel verið, að það hafi eitthvað hitnað í mér, þegar þær till. komu fram eða þegar þeim var lýst, án þess að þær væru prentaðar, vegna þess að ég gerði jafnvel ráð fyrir, að þær gætu orðið til þess, að frv. dagaði uppi, og það hefði mér þótt mikill skaði.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um iðnskóla, er að áliti allra — eða var, þegar það var flutt í haust — til mikilla bóta. Og það var einnig álit þessa hv. þm. Tillögurnar á þskj. 415 eru að mörgu leyti ágætar till., ef þær væru tímabærar og ef þær væru framkvæmanlegar. En eins og komið hefur í ljós við nánari athugun málsins, þá er ekki hægt, eins og nú standa sakir, að framkvæma till., vegna þess að til þess skortir fé og til þess skortir húsnæði og aðra aðstöðu. Það gleður mig þess vegna, að hv. frsm. og hv. þm. V-Húnv. hafa fallizt á að draga till. á þskj. 415 til baka og samþykkja í þess stað till., flutta af iðnn., sem er samin eftir að upplýsingar hafa fengizt frá samtökum iðnaðarmanna, frá skólastjóra iðnskólans og frá skólanefnd iðnskólans í Reykjavík um þetta mál.

Það kom í ljós, þegar farið var að athuga málið, að þótt till. á þskj. 415 væru ágætar till. út af fyrir sig og verði e. t. v. lögfestar í svipuðu formi, áður en langur tími líður, þá eru þær ekki tímabærar í dag í því formi, sem þær eru. Þetta þarf að þróast smátt og smátt til þess að verða raunhæft. Það þarf meira fé til iðnskólahaldsins, ef þær verða lögfestar, mun meira, og það þarf meira húsnæði, og slíkt tekur alltaf mikinn tíma. Eins og till. á þskj. 445 er, sem kemur í stað till. á þskj. 415, þá er gert ráð fyrir, að iðnskólar verði dagskólar, þar sem því verður við komið. Þar, sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera nauðsynlegt annað fyrirkomulag, verður það fyrirkomulag, sem áður hefur gilt. Hins vegar, eftir að þessi till. á þskj. 445 er komin inn í lögin, er vitanlega hægt að færa þetta út með reglugerð, eftir því sem efni standa til hverju sinni, og það er rétt, sem hv. 7. landsk. sagði hér áðan: það er hægara að breyta reglugerð en lögum. Ég tel því, að till. á þskj. 445 eigi fullan rétt á sér og að hún sé til bóta, að svo miklu leyti sem hægt verður að framkvæma hana. Þar er komin heimild, sem hægt verður að nota, að svo miklu leyti sem möguleikar leyfa. Það er með þetta mál eins og annað, að það verður allt að taka sinn tíma og vera sniðið eftir því, sem efni og kringumstæður leyfa hverju sinni.

Ég endurtek það, að ekki er ólíklegt, að framtíðin verði sú, að kennslan fari fram að meira leyti að degi til en verið hefur og kannske að mestu leyti að degi til, og það er auðvitað rétt að mörgu leyti, sem sagt hefur verið hér, að iðnsveinar, þegar þeir hafa unnið allan daginn erfiðisvinnu, eru ekki vel til þess fallnir að fara að stunda bóklegt nám og sitja í skóla að kvöldinu. Það er vitanlega erfitt nám, á meðan því er þannig hagað. Það er nauðsynlegt, að iðnskólarnir verði þannig reknir og að kennslan geti farið þannig fram, að við eignumst sem lærðasta og hæfasta iðnaðarmenn, og ég tel, að þróunin hér á Íslandi hafi verið sú, að þetta standi allt til bóta. Okkar iðnaður er enn ungur, okkar iðnmenntun er enn á frumstigi, og ég held, að við getum verið sammála um, að það frv., sem hér liggur fyrir um iðnskóla, sé stórt spor í þá átt að gera iðnaðarkennsluna í landinu fullkomnari og betri en hún hefur áður verið. Við getum viðurkennt þetta, um leið og við gerum okkur ljóst, að það ber að stefna hærra í framtíðinni og gera þetta betur úr garði í framtíðinni, eftir því sem efni standa til og hin heilbrigða þróun leyfir.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. virðist hafa glatað ýmsu fleiru í sambandi við flutning þessara till. heldur en okkur tveimur meðflm. sínum, þó að kannske hafi það nú ekki allt saman farið til íhaldsins, eins og hann vildi þó gefa í skyn hér áðan. Mér er einnig óljóst, við hvað hann á með að tala um að mismuna öðrum í skoðunum, að menn séu að gera upp á milli manna um skoðanir. Slíkar samlíkingar hef ég ekki heyrt fyrr, en þessar röksemdir voru nú hans höfuðuppistaða, hann margendurtók þetta í sinni ræðu áðan og allur hans málflutningur var eftir því. Ég skil þess vegna ekki, hvers vegna hann í upphafi hefur orðið meðflm. að þessum till. okkar, eftir að hafa hlustað á þessa ræðu hans hér, því að ef slíkur málflutningur er iðnnemum eða iðnaðarmálunum og iðnfræðslumálunum til stuðnings, þá hef ég alveg misskilið hlutverk mitt hér sem iðnaðarmaður og misskilið mína reynslu á undanförnum árum. Ég verð að segja það, að eftir þau tólf ár, sem ég hef átt samleið með iðnaðarmönnum, verið sjálfur iðnnemi og umgengizt slíka menn, þá held ég, að ég geti talað dálítið djarfara úr mínu sæti, rétt eins og ég veit, að hv. 8. landsk. þm. mundi geta gert í viðskiptamálum t. d., sem hafa verið hans aðalstarf undanfarin ár, en í iðnaðarmálum hefur hann lítið að kenna mér.

Ég lýsti því í minni framsöguræðu fyrir brtt. upphaflega, hve miklum erfiðleikum væri bundið að stunda bóklega námið að lokinni 8—9 stunda erfiðisvinnu. Þetta skýrði ég eins og ég hafði vit og getu til og endurtók aftur í minni ræðu núna, þannig að sú skýring hefur ekkert breytzt frá því að ég flutti mína framsöguræðu til ræðunnar nú. Og svo óheppinn var nú hv. 8. landsk. að vitna einmitt til þessa atriðis, að ég hef lagt frá upphafi þess, að þessar brtt. komu fram, meginþungann á það, að bóklega kennslan færi fram að deginum til, og stend nákvæmlega við það enn. Það, sem hefur skeð, er, að ég og hv. þm. V-Húnv. höfum fallizt á rök fyrir því, að það sé ótímabært að setja strangari ákvæði í lögin, meðan ekki eru möguleikar á að framkvæma það, sér í lagi utan Reykjavíkur.

Iðnnemunum í Reykjavík og annars staðar á Íslandi er gagnslaust að fá pappírsplagg í hendurnar, ef það eru engir möguleikar til framkvæmda. Þeir njóta bóklega námsins sízt betur eftir að hafa fengið skrifuð einhver lög héðan frá Alþingi, ef það eru engir möguleikar til að framkvæma þau. Möguleikarnir til að framkvæma lögin um iðnskóla eru fyrst og fremst fjármunirnir, sem ekki eru fyrir hendi, og í öðru lagi, að víðast hvar úti um land mun erfitt að koma upp vinnustofum við skólana, en ég skal nú til skýringar upplýsa, að það er mjög mikið deiluefni meðal iðnaðarmanna, hvort á að koma þeim upp. Það er mjög mikið deiluefni meðal allra þeirra manna, sem fjalla um iðnaðarmál eða koma nálægt samtökum iðnaðarmanna í dag, hvort það beri bókstaflega að stefna inn á þær brautir að láta skólana annast iðnfræðsluna, vegna þess að nemandinn mundi að meira eða minna leyti glata hinu raunverulega sambandi við lifrænu vinnuna, sem hann yrði að hafa fullkomna þekkingu á, eftir að hann hefði lokið sínu sveinsprófi og eftir að hann ætti að geta krafizt fullra launa sem iðnaðarmaður. Um þetta er mjög mikið deilt, og meðan þessi mál eru að þróast, þá viðurkennum við tveir fyrri flm. þessara brtt., að það sé ótímabært að koma með lagaplagg í hendurnar, sem svo ef til vill reynist einskis eða lítils virði.

Þetta eru röksemdirnar, og það er þess vegna alveg óþarfi fyrir hv. 8. landsk. að vera með neinn þinglegan sóðaskap í málflutningi sínum í sambandi við þetta mál.

Ég ítreka það, sem ég sagði áður, að rökin fyrir því, að við höfum fallið frá okkar brtt., eru þau, að fjármunirnir til þess að koma þessum hlutum í lagalegt form eru ekki fyrir hendi og ekki er vitað, að hve miklu leyti iðnnemarnir og iðnaðarmannasamtökin í landinu óska eftir því, að iðnfræðslan flytjist í skólastofurnar úr höndum vinnustaðanna og lærimeistaranna eins og er í dag.

Þetta tel ég vera nægjanlegar röksemdir og hirði ekki frekar um að endurtaka þær fyrri röksemdir, sem ég hef flutt fyrir till. Við teljum, eins og ég held nú að hv. 8. landsk. geti einnig fallizt á, að frv. sé í heild nokkurt spor í rétta átt og enn eitt sporið því til viðbótar hafi verið stigið með tillögu iðnn. á þskj. 445, þ. e. til móts við fyrri brtt. okkar eða þann hluta þeirra, sem ég hef frá upphafi lagt mesta áherzlu á. Þess vegna höfum við hv. þm. V-Húnv. fallizt á að draga okkar brtt. eða meðflutning okkar að fyrri brtt. á þskj. 415 til baka.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég hef nú í sjálfu sér litlu að svara þeim tveim ræðum, sem hér hafa verið fluttar síðan ég talaði áðan, því að þær voru ekki annað en endurtekning á því, sem ég var þegar búinn að svara.

Hæstv. viðskm.- og iðnmrh. endurtók hér þær furðulegu röksemdir, að íslenzka löggjöf ætti Alþingi að miða við húsnæði. Það ætti sem sagt að setja lög eftir því, hvort það væri fyrir hendi húsnæði eða ætti eftir að innrétta húsnæði og hvort það væri nú þegar á fjárlögum ákveðin fjárveiting til ákveðinnar kennslu í skólunum. Og hv. 7. landsk. tekur þetta upp líka, rétt eins og hann hafi aldrei um það heyrt getið, að hér hafi verið sett skólalöggjöf, sem var miðuð við allt aðrar aðstæður í skólamálum en þá voru fyrir hendi, og síðan voru skólamálin sjálf, skólabyggingarnar og kennslukraftarnir, færð til samræmis við þessa löggjöf, sem var þegar komin, og fjárveitingar til skólanna veittar eftir kröfum þessarar löggjafar. Þannig hlýtur þetta alltaf að verða, og þannig verður þetta alltaf að vera.

Svo sagði hv. 7. landsk. enn fremur, að það væri mikið deiluatriði, hvort verklega kennslan ætti að fara fram við iðnskólana eða ekki. Ja, sér er nú hvert deiluatriðið. Hverjir deila um það? Það væri þá helzt, að það væru iðnnemarnir og meistararnir, sem deildu um það. Og hverra hlut hefur þá hv. 7. landsk. tekið upp? Meistaranna, — vegna þess að í bréfinu, sem ég las hér upp áðan, og skal enn vitna til og enn lesa úr, með leyfi hæstv. forseta, segir Iðnnemasambandið sjálft svo:

„Í þessum brtt. koma fram þau tvö aðalsjónarmið iðnnemasamtakanna, sem eru í fyrsta lagi: öll kennsla iðnskólanna fari fram að degi til, og í öðru lagi: tekin verði upp verkleg kennsla í iðnskólunum.“

Þetta segir nú Iðnnemasambandið sjálft, og ég tek meira mark á því sem vilja og óskum iðnnemanna sjálfra heldur en því, sem Múrarafélagið í Reykjavík lætur í ljós í þessu máli. Ég vona, að menn virði mér það til vorkunnar, þó að ég marki meira orð iðnnemanna sjálfra um eigin óskir heldur en ummæli Múrarafélagsins. Loks vil ég geta þess, að mönnum ætti nú að vera tiltölulega auðvelt að sjá, hvers konar réttarbót till. meiri hl. iðnn. muni vera fyrir iðnnemana, þegar íhaldið getur mælt með þessum tillögum, eins og hæstv. viðskmrh. gerði hér áðan, — íhaldið, sem barizt hefur með hnúum og hnefum fyrir því réttlæti, að sumir meistarar a. m. k. greiddu iðnnemunum 1 kr. á klst., á hverja vinnustund, þegar þeir vinna fyrir þá, í byrjunarlaun, en tækju 25—26 kr. fyrir hverja vinnustund hjá þeim, sem keyptu vinnuna, og hirtu mismuninn sjálfir, eins og hv. 7. landsk. þm. upplýsti á fundum í iðnn. Það er þetta réttlæti, sem íhaldið sér að er tryggt með till., sem meiri hl. iðnn. hefur núna flutt. Það er viðhald á þessu réttlæti. Þess vegna berst það fyrir till., þess vegna

mælir það með þeim, þess vegna hafði hæstv. iðnmrh. í hótunum um að stöðva þetta frv. hér í þinginu, ef till. okkar á þskj. 415 næðu fram að ganga, hvaðan sem honum kemur vald til að hafa í slíkum hótunum hér á Alþingi. Og það er þetta réttlæti, sem hv. 7. landsk. hefur leigt sig til þess að fylgja og styðja núna. Þó að hann svo skilji ekki mælt mál og það gott íslenzkt mál, sem ég talaði í upphafi máls míns, þegar ég sagði, að skoðun hans hefði verið mismunað til, — að íhaldið hefði mismunað skoðun hans eins og peningum fátæks skálds á reikningum Morgunblaðsins, — þó að hann skilji það ekki, þá er það ekki mín sök. Það gæti ég trúað að stafaði af því, að hann var í kvöldskóla, þegar hann var í iðnskólanum, og hafði þess vegna enga aðstöðu til að læra íslenzkt mál nógu vel.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Þið hafið nú heyrt fulltrúa háskólamannanna fella sinn dóm yfir okkur, sem höfum ekki haft aðstöðu til þess í lífinu að fara á háskóla, um lærdóm okkar og menntun. En ég vona, að hann standi einn uppi af hálfu þeirra manna, sem þó hafa átt þess kost í lífinu að fara á háskóla, með þetta álit sitt, því að það er óþarft að vitna hér til umræðna, sem hann hefur átt fullt í fangi með að eiga við menn, sem tæplega hafa haft aðstöðu til að ganga í barnaskóla, hvað þá háskólana, að ekki sé nú minnzt á kvöldskólakennslu iðnskólanna.

Svo mikil er fákunnátta þessa manns í þessum málum, að hann heldur því hiklaust hér fram, að það sem ég segi í þessum hlutum sé álit Múrarafélagsins. Hann hefur m. ö. o. alls ekki fylgzt með þessum umræðum frá fyrstu tíð, veit ekkert um, hvað ég hef sagt, þrátt fyrir það að hann hafi verið að lesa upp úr fyrri ræðum mínum um þessi mál. Honum er ókunnugt um það, að ég hef verið í stjórn iðnnemasamtakanna, honum er ókunnugt um það, að ég er í stjórn iðnsveinaráðs og hef ekki komið nálægt meistarasamtökum á nokkurn hátt, enda er ekki um slíkra aðila álit hér að ræða. Það er um það að ræða, hvort koma á þessu máli áleiðis með sporum í rétta átt. Ég flyt venjulega till. mínar og frv. á hv. Alþingi með það fyrir augum, að þau komist fram, en ekki til þess að vera endilega á móti einhverjum aðilum, sem ég kynni að vera í pólitískum stórdeilumálum andvígur. Þetta er mismunurinn á mér og hv. 8. landsk. Og þegar ég sé, að það eru ekki líkur á að koma máli fram til fulls, þá er ég til með að fallast á, að það fari áleiðis fram á við.

Svo kórónar þessi hv. þm. allan sinn fyrri málflutning með þeirri reginfirru að halda því fram, að í lögum um iðnskóla felist eitthvað um kaup og kjör iðnnema. Honum er ókunnugt um það, að sú samninganefnd, sem nú situr á rökstólum fyrir verkalýðsfélögin í Reykjavík, er með samningsumboð frá Iðnnemasambandi Íslands og fjallar um kaup þeirra og kjör, enda er hvergi í þessu frv. minnzt á nokkurn hlut, sem heitir kaup eða kjör iðnnema í þessum fjögurra ára námssamningum.

Ég tel að öðru leyti óþarft að svara ræðunni, en ég vil endurtaka það, að ég vona, að hv. 8. landsk. sé ekki fulltrúi þeirra hv. alþm., sem öðlazt hafa háskólaborgarabréf, því að það er slæmt vottorð.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða neinum tíma í að svara skætingi um það frá hv. 7. landsk. þm., hvort ég hafi gengið á háskóla eða ekki. En það var aðeins eitt atriði í ræðu hans, sem ég vildi gera athugasemd við og spyrja hann um, hvaðan honum komi vitneskja í því máli. Hann segir, að þegar ekki sé hægt að koma málinu áfram til fulls, þá geri hann sig ánægðan með að þoka því áfram eitthvað í áttina. Í þessu felst viðurkenning um það, að okkar till., sem hann var upphaflega flm. að, hafi verið að koma málinu áfram til fulls, ef hún hefði verið samþykkt. Hvaðan kemur honum þá vitneskja um það, að það hafi ekki verið hægt? Hvaða spádómsgáfu hefur hann öðlazt til að segja fyrir um það, hvort sú till. hefði náð samþykki í deildinni eða ekki, ef hann og hv. þm. V-Húnv. hefðu viljað standa að henni áfram? Og hvers vegna brugðust þeir? Hvers vegna hopuðu þeir, áður en reynt var, hvort hægt væri að koma till. áfram? Og ég vil endurtaka það, að till. iðnn. er frá mínu sjónarmiði ekkert spor í rétta átt. Hún er nákvæmlega óbreytt ástand. — Svo segir hann, að ég hafi svo litla þekkingu á þessum málum, að ég viti það ekki, að hér sé ekki verið að ræða kaup iðnnemanna. Mér er það fullljóst. Ég kann að lesa þetta frv. En hins vegar veit ég það, að iðnmeistararnir gætu ekki haft þessa iðnnema til þess að senda þá út um hvippinn og hvappinn allan daginn meðan unnið er og látið þá vinna fyrir 1 kr. og hirt 25—26 kr. fyrir þá sjálfir, ef iðnskólunum væri breytt í dagskóla.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég hef nú ekki blandað mér í þessar umræður og ætlaði mér ekki að gera, fyrr en ég heyrði hinn furðulega málflutning hv. 8. landsk. þm., svo að ég gat ekki orða bundizt að segja hér nokkur orð. Áður en ég vík að því, sem hann hefur flutt hér á sinn merkilega hátt, langar mig til að segja nokkur orð um málið almennt.

Iðnskólarnir eru nú þeir einu skólar, sem reknir eru án þess, að ríkið komi þar að sem beinn aðili. Stéttarskólar aðrir, eins og búnaðarskólar, sjómannaskóli, vélstjóraskóli og fleiri slíkir, eru reknir af ríkinu, en iðnskólarnir hafa hingað til allir, sem reknir eru í landinu, verið kostaðir og reknir af iðnaðarmannasamtökunum á viðkomandi stöðum. Þetta er óviðunandi ástand af mörgum ástæðum, sem ég skal nú ekki fara út í að rekja. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með flutningi frumvarpa um, að ríkið tæki að sér rekstur iðnskólanna eins og hinna annarra hliðstæðra skóla, allt frá árinu 1941, að ég hygg, þegar fyrst var borið fram frv. um iðnskóla. Þetta frv. hefur svo verið borið fram á síðari þingum, en aldrei náðst á því afgreiðsla. Mér finnst og hefur alltaf fundizt, bæði sem flm. fyrri frumvarpa um þetta mál og sem nokkuð nákominn rekstri a. m. k. eins iðnskóla, að þetta væri ósanngjarnt, að iðnaðarmennirnir sjálfir yrðu að sjá um þetta einir, að vísu með nokkr-

um stuðningi, fjárstyrk frá ríkissjóði, sem aldrei hefur þó verið fastákveðinn, heldur háður því, sem Alþingi samþykkti hverju sinni. Ég teldi það þess vegna vera mjög mikinn ávinning, ef samþykkt yrði frv. um iðnskóla, sem bæri í sér í fyrsta lagi rekstrarfyrirkomulag þeirra, hvernig þeir skyldu kostaðir og reknir, og í öðru lagi, hvað þar skyldi kennt og hvernig það skyldi kennt. Þetta eru þau tvö atriði, sem þurfa að vera í frv., og þetta eru þau tvö aðalatriði, sem tekin eru upp í þetta frv., sem hér liggur fyrir, og er þar með náð meginhluta þess, sem a. m. k. ég hafði hugsað mér, ef þetta frv. fær að fara fram í svipaðri mynd og það hefur verið lagt hér fram með breytingum meiri hl. iðnn.

Það væri kannske ekki úr vegi, sérstaklega ekki vegna hv. 8. landsk. þm., að skýra honum frá því, hvernig iðnkennsla fer fram yfirleitt, því að ég held, að hann geri sér ekki nákvæma grein fyrir því. Hún getur farið fram aðallega með tvennu móti, eins og hér hefur komið skýrt fram, m. a. hjá hv. 7. landsk. þm. Hún getur farið þannig fram, að hún sé meistarakennsla, þar sem verklega námið sé kennt af meisturunum, en það bóklega kennt í skólum. Hún getur einnig farið fram á hinn háttinn, að öll kennslan, bæði verkleg og bókleg, sé kennd í skólum.

Ég er þeirrar skoðunar og hef alltaf verið, að það sé mikill kostur, að verklega kennslan geti farið fram hjá meistara, þannig að iðnneminn sé í nánu sambandi við hið starfandi líf, ef ég svo má segja, á meðan námið fer fram. Ég hef verið þar viðstaddur, sem fróðir menn hafa rætt um þessa hluti, hvorki að vísu fulltrúar Iðnnemasambands Íslands né Landssambands iðnaðarmanna, heldur þar sem saman hafa verið komnir fræðimenn margra landa til þess að ræða um það, á hvern hátt iðnkennslu yrði bezt fyrir komið. Þar voru dregin fram rök með og móti meistarakennslu og með og móti skólakennslu, og niðurstaðan af þeirra bollaleggingum varð sú, að þar, sem hægt væri að koma því við, og þar, sem vinna hjá meisturunum væri ekki of einhæf, væri meistarakennslan svo langsamlega miklu betri en skólakennslan, að það bæri að halla sér að henni. Þetta er ekki nein augnabliksniðurstaða, heldur er það þaulhugsuð niðurstaða viðurkenndra fræðimanna á þessu sviði. Þá hefur verið farinn enn nokkur millivegur í þessu, t. d. eins og hjá Norðmönnum, þar sem stofnaðir hafa verið forskólar og menn hafa verið teknir á skóla til verklegs náms í 1 ár eða 1½ ár, áður en þeir fara til meistarakennslunnar. Þetta hefur gefizt vel, það sem það hefur náð, en ekki hefur verið hægt að framkvæma þetta í nándar nærri öllum iðngreinum. En í þeim iðngreinum, þar sem hægt hefur verið að gera það, hefur þessi forskólakennsla gefizt vel. Þar hefur nemendum verið kennt að fara með áhöld iðnarinnar og vélar, sem yfirleitt eru notaðar, og það verður að sumu leyti betur gert í skóla en hjá meisturunum sjálfum. Svo hafa þeir verið látnir fara til meistara, á sama hátt og gerist hér hjá okkur, en fengið styttan vinnutíma sem skólanum svaraði og stundum lengur en sem skólanáminu svaraði vegna þess undirbúnings, sem þeir höfðu fengið þar.

Mér finnst, að í þessum brtt., sem hér hafa komið fram við frv., gæti þess ekki nóg, að menn geri það upp við sig, hvort þeir ætli að stefna að því að fella niður alveg meistarakennsluna og taka upp hreina skólakennslu eða hvort þeir ætli að halda sig við meistarakennsluna og taka skólaveru iðnnemans aðallega sem bóklegt nám, en það hefði ég haldið að væri það æskilegasta, þar sem því verður við komið. Í sumum till., og raunar einnig í frv. sjálfu í upphafi, var gert ráð fyrir, að ekki yrði stofnaður sérstakur iðnskóli, nema þar sem nemendur væru 60 eða fleiri. Þetta finnst mér of há tala. Ég get t. d. bent á, að í frv., sem við fluttum 1941 og síðar, var nemendatalan, sem miðað var við um stofnun skóla, sett 10 nemendur annað hvort ár, þ. e. a. s., það mátti stofna iðnskóla þegar nemendafjöldinn var 20, ef 10 nemendur kæmu inn annað hvort ár, og gert var ráð fyrir fjögurra ára skóla. Þetta kann nú að vera of lág tala, en eins finnst mér, að það geti nokkuð orkað tvímælis, hvort talan 60 sé ekki of há. Með þeirri breytingu, sem nú er flutt af iðnn., þar sem þetta er lagt á vald ráðherra að nokkru leyti, finnst mér, að sé nokkuð sett undir þennan leka, þannig að ég fyrir mitt leyti get vel við unað, þar sem treysta verður því, að ráðherra taki þá tillit til allra aðstæðna. En mér þætti það lítið, ef ekki væri hægt að hugsa sér að stofna á Íslandi nema tvo iðnskóla, annan á Akureyri og hinn í Reykjavík, nema því aðeins að menn stefndu þá að því að gera skólana að verklegum skólum líka. Ef hins vegar haldið er áfram með eða hugsað sér að leggja meistarakennsluna til grundvallar, þá verður að skapa möguleika til að hafa skólahald fyrir bóklegu fræðsluna á þeim stöðum, þar sem meistarar taka nemendur til verklegrar kennslu. Þess vegna má ekki gera skilyrðin til iðnskólahaldsins, þ. e. bóklega námsins, þannig úr garði, að þau hindri það, að skólahald geti farið fram að einhverju leyti og helzt að öllu leyti á þeim stöðum, þar sem verklega kennslan fer fram hjá meistara. En — og nú kem ég að því, sem hv. 8. landsk. var að segja hér áðan — ef till. á þskj. 415 yrðu samþ. óbreyttar eins og þær eru, þá mundu þær þýða það, að ekki yrði hægt að halda uppi iðnskólum nema í hæsta lagi á tveimur stöðum á landinu. Það fullyrði ég af þeirri reynslu, sem ég hef um þetta. Það er ekki hægt að halda uppi dagskóla í öllum þeim 15 iðnskólum, sem nú eru hér til, vegna þess einfaldlega, að það mundu ekki fást kennarar, fyrir utan það, að það er ekki til húsnæði til þess að kenna í á nærri öllum stöðunum, nema með því móti að nota að einhverju leyti á eftirmiðdegi eða að kvöldi, eftir að lokið er kennslu t. d. í gagnfræðaskóla eða barnaskóla, þeirra húsrúm. En aðalatriðið er hitt, að í þessum mörgu námsgreinum, sem þar eru hafðar um hönd, eru kennslumöguleikarnir svo fáir, að það fást ekki menn til að hlaupa úr vinnu sinni í skólana, nema þá að kvöldi til eða á þeim tíma, sem þeir hafa aflögu. Þeir skera ekki í sundur sinn vinnutíma þannig fyrir einn eða tvo tíma í iðnskóla, að þetta sé hægt. Þess vegna er ekki hægt, a. m. k. ekki eins og stendur, að hlaupa í að gera alla skólana skilyrðislaust að dag-

skóla. Það verður að vera möguleiki til þess, að hitt geti verið líka, þar sem þess gerist þörf.

Hitt er eins og önnur fjarstæða, að það sé ekkert unnið við brtt. eins og hún er sett fram á þskj. 445 frá iðnn. nú. Þar stendur nefnilega svona, með leyfi hæstv. forseta: „Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar.“ Þetta er það almenna. „Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.“ Þetta er undanþága, sem verður að vera til, ef skólahald á ekki að leggjast niður víðs vegar úti um land, eins og nú er; það leyfi ég mér að fullyrða eftir mjög nánum kynnum, sem ég hef af þessum hlutum, a. m. k. í Hafnarfirði og enda nokkru víðar, svo að ég sé ekki, hvernig þetta væri hægt að gera, nema því aðeins að þessi heimild sé fyrir hendi. Ef heimildin væri ekki fyrir hendi, þá mundi það þýða, að þessi kennsla legðist niður á mörgum stöðum víðs vegar um landið, og það teldi ég illa farið, vegna þess að ég er ekki viss um, að iðnnemi, sem nú getur lært iðn sína — við skulum segja norður á Siglufirði eða Seyðisfirði eða í Hafnarfirði eða Akranesi eða einhvers staðar annars staðar á þennan hátt, eins og nú hefur verið lýst, mundi vera sérstaklega fíkinn í að fara til Reykjavíkur eða Akureyrar, taka sig upp frá sínu heimili og koma sér í iðnnám á þessum tveim stöðum, eða ef til verklegs skóla yrði stofnað, að hann gengi þá í skóla þar.

Ég held þess vegna, að það sé rétt stefnt að gera nemendum þessara staða kleift að öðlast þessa iðnfræðslu eða menntun sína á staðnum og við þau skilyrði, sem mögulegt er að bjóða. Hins vegar efast ég ekki um það og tel það raunverulega skyldu, að öll sú kennsla, sem mögulega getur farið fram að degi til, verði látin fara fram á þeim tíma, en undanþágan verði aðeins látin gilda um þær námsgreinar, sem ekki fást kenndar öðruvísi. Því er í brtt. á þskj. 445 slegið föstu sem aðalreglu, að skólarnir skuli vera dagskólar, og það tel ég vel, en þar er líka heimiluð sú undanþága, sem ég tel nauðsynlega, til þess að menn á afskekktum stöðum geti öðlazt þá bóklegu fræðslu, sem þeir geta ekki fengið öðruvísi en á kvöldin. Og ég tel alveg víst, eftir því sem ég þekki til, að menn vilji heldur taka á sig þau óþægindi, sem því fylgja, að taka eina eða tvær námsgreinar að kvöldi til, heldur en að taka sig upp úr sínu byggðarlagi og flytja sig til allt annars staðar með þeim óþægindum, sem því þá fylgja.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég er samþykkur till. á þskj. 445 og mun greiða henni atkv. Ég er einnig samþykkur brtt. n., sem flutt er á þskj. 408 og heimilar ráðh. að ákveða, að iðnskólar verði stofnaðir á stöðum, þó að nemendatalan geti ekki í upphafi náð fullum 60, og tel þetta allt saman stefna í rétta átt.

Þó að ég hefði gjarnan viljað fá breytt fyrr því ástandi, sem er í þessum málum, þá finnst mér, að menn megi ekki horfa um of á það, að ekki fáist breytt öllu í einu og öllu á þann veg, sem við helzt hefðum kosið. Það verður að taka tillit til fleiri aðila en Reykjavíkur í þessu. Það verður líka að taka tillit til landsbyggðarinnar.

Ég tel, að ef brtt. á þskj. 445 verður samþ., þá sé þar með ákveðið, að iðnskólinn í Reykjavík verði dagskóli. Það getur hann verið með sína fimm, sex eða sjö hundruð nemendur eða hvað þeir nú eru margir. Þar er svo stór hópur sem grundvöllur fyrir skólahaldi, að það er vel hægt að koma þar fyrir a. m. k. langsamlega mestu og ég vil segja öllu af kennslunni með dagkennslu, og það segja lögin líka að skuli gert. En ég vil ekki þrátt fyrir það láta sauma svo að hinum, sem geta ekki náð til þessa eina ágæta iðnskóla, sem er til á landinu, að þeim verði annaðhvort fyrirmunað að fá sína bóklegu fræðslu eða þeir verði að gera svo vel að taka sig upp og bætast við í þennan eina skóla.

ATKVGR.

Brtt. 382 og 389 teknar aftur.
— 408,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 445,1 samþ. með 19:5 atkv.
— 365,2.a tekin aftur.
— 408,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 445,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 415,1 felld með 16:7 atkv.
— 415,2 felld með 14:8 atkv.
— 408,3 samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 58. fundi í Ed., 15. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 460).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. á þskj. 460 til laga um iðnskóla var lagt fyrir hv. Nd. snemma á þessu þingi. Hefur það nú hlotið afgreiðslu í Nd. með litlum breytingum. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að iðnskólarnir komist inn í skólakerfið og undir fræðslulögin, en eins og kunnugt er, þá hafa iðnskólar verið utan við skólalöggjöfina. Þykir slíkt ekki sæmandi lengur, þar sem nú er frekari nauðsyn á aukinni iðnfræðslu en verið hefur með vaxandi iðnaði og þar af leiðandi þörf á aukinni iðnmennt.

Það er eðlilegt, að iðnskólar séu kostaðir af ríkinu í ríkari mæli en verið hefur. Þannig hefur það verið lengi með aðra sérskóla, t. d. sjómannaskólann, bændaskóla og fleiri sérskóla, að þeir hafa verið kostaðir og reknir af ríkinu, en iðnskólarnir hafa hins vegar orðið að sætta sig við það, sem að þeim hefur verið rétt og þá oft og tíðum af mjög skornum skammti.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að inntökuskilyrði sé, að nemandi hafi lokið miðskólaprófi og sé þannig betur undir skólanámið búinn en áður hefur verið og því hæfari til skólagöngu og frekara náms og að hann hafi náð tilskildum árangri í handverksprófi, hafi því verið komið við. Þó er heimilt að gera undanþágur, ef sérstakar ástæður þykja til, til þess að menn verði ekki útilokaðir frá hinu verklega námi. Þá er gert ráð fyrir, að sýslunefndir og sveitarfélög hafi forgöngu um stofnun iðnskóla svo og iðnaðarmannafélög eða sambönd iðnaðarmanna.

Það er nýmæli í þessu frv. samkv. 6. gr., að gert er ráð fyrir, að skólarnir séu dagskólar, að svo miklu leyti sem við verður komið. En það er heimilt að hafa kennslu á kvöldin, þar sem ekki er hægt vegna húsnæðis eða af öðrum ástæðum að koma dagkennslunni við. En eins og kunnugt er, þá hefur kennsla í iðnskólum að mestu leyti farið fram á kvöldin, og þótt það þyki æskilegra að láta kennsluna fara fram að deginum til, þá er það vitað mál, að sú breyting getur ekki komið til framkvæmda allt í einu, heldur hlýtur að taka töluverðan tíma. Til þess þarf aukinn húsakost. Til þess þarf vitanlega miklu meiri áhöld, ef kennslan á að fara fram í skólanum á verkstæði, og slíkt hefði svo mikinn kostnað í för með sér, ef breytingin ætti að eiga sér stað á stuttum tíma, að það væri með öllu óframkvæmanlegt. Það er því gert ráð fyrir, að skólarnir séu dagskólar, þar sem því verður við komið, en að kennslan geti farið fram að kvöldinu, þar sem ekki eru ástæður til annars.

Þá er hér nýmæli í frv., að það er heimilt að taka upp iðnaðarkennslu í gagnfræðaskólum og hafa sérstaka deild innan gagnfræðaskólanna til iðnnáms. Er vist, að það getur haft mikinn sparnað í för með sér að sameina þetta, þar sem það á við, heldur en að reka í sama sveitarfélaginu iðnskóla og gagnfræðaskóla sitt í hvoru lagi, enda þótt báðir þessir skólar séu það litlir, að þeir til samans væru ekki nema meðalskóli að stærð. Á þennan hátt er hægt að spara bæði kennslukrafta og húsnæði, og er enginn vafi á því, að þetta fyrirkomulag mun reynast mjög vel og verða tekið upp smátt og smátt. Það er gert ráð fyrir, að sjálfstæðir iðnskólar hafi allt að 60 nemendur, en séu þeir fámennari, þá verði þessi háttur upp tekinn, sem ég sagði áðan, að setja iðnskólana inn á gagnfræðaskólana. Þó er samkv. 7. gr. heimilt fyrir ráðh. að viðurkenna sem sjálfstæða iðnskóla þá skóla, sem hafa færri nemendur en 60, ef það þykir henta.

Þá er gert ráð fyrir, að skólar, sem nú eru starfandi eftir gamla skipulaginu, fái að starfa áfram fyrst um sinn, þar til tími gefst til að gera breytinguna án aukins kostnaðar eða sérstakra erfiðleika fyrir þá, sem að skólastofnuninni standa.

Gert er ráð fyrir með frv. þessu, að í iðnskólanum í Reykjavík verði framhaldskennsla fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt sem tök eru á, og er þessi framhaldsdeild sérstaklega ætluð undir meistarapróf og miðar að því að gera iðnaðarmenn menntaðri og hæfari í faginu en þeir hafa áður verið. Má gera ráð fyrir, að þessi framhaldskennsla, framhaldsdeild, geti orðið þannig þýðingarmikil fyrir iðnaðarmenntunina í landinu og leitt til þess, að iðnaðarmenn og meistarar verði færari í sínu fagi en þeir hafa áður verið. Er þetta þó ekki sagt vegna þess, að íslenzkir iðnaðarmenn þoli ekki fyllilega samanburð við iðnaðarmenn annarra þjóða, en það er aldrei svo gott, að það megi ekki betra vera, og sjálfsagt er að stefna að því, að þannig verði þróunin í þessum málum, að það standi til bóta.

Þá er gert ráð fyrir, að sett verði allýtarleg reglugerð um framkvæmd þessara laga, eins og venja er með slík lög.

Tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að svo komnu, þar sem frv. skýrir sig að mestu leyti sjálft, auk þess sem tekið er fram í grg. fyrir frv., hvaða breytingar þetta frv. hefur í för með sér frá því, sem gilt hefur um framkvæmd iðnskóla í landinu.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. óska þess, að frv. verði vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 460, n. 609 og 622).

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Frv. því á þskj. 460, sem hér er til umræðu, var vísað til hv. iðnn. þessarar hv. d., er 1. umr. þess hafði verið lokið þ. 15. f. m., og var þá tekið til umræðu í n. þann sama dag. Með því að enginn nm. vildi á þeim fundi leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, og bent var þá þegar á nokkur veigamikil atriði, er talið var nauðsynlegt að athuga nánar og gera tilraun til þess að fá samkomulag um til breytingar, ef unnt væri, ákvað n. að fela formanni nefndarinnar og hv. þm. Str. að ræða þessi atriði við hæstv. iðnmrh. og leita samkomulags við hann um breytingar á frv. því, sem hér um ræðir.

Þar sem hér var um að ræða stjórnarfrv., er hæstv. ráðherra hafði látið útbúa og lagt fyrir hv. Nd., en breytingar þær, er Nd. hafði gert á frv., verið gerðar í samráði við hæstv. ráðh., enda hafði hann lýst því yfir við 1. umr. í þessari hv. d., að hann væri samþykkur frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 460, og óskað eftir því, að málinu yrði hraðað, svo að frv. mætti verða að lögum á þessu þingi, vil ég biðja hv. deildarmenn að athuga, að meðferð málsins í hv. Nd. hefur þar af leiðandi verið í fullu samræmi við vilja hæstv. ráðherra. Málið var síðan rætt við hæstv. ráðh., sem ítrekaði ósk sína um skjóta afgreiðslu þess. Kvað hann frv. vera útbúið af hinum færustu mönnum og þaulkunnugum óskum og þörfum iðnaðarmannanna og væri því sameiginleg ósk sín og forustumanna iðnaðarstéttarinnar, að frv. yrði samþ. án nokkurra verulegra breytinga; hann væri hins vegar tilbúinn til þess að athuga hverjar þær breytingar, sem fram kynnu að koma, en lagði ríka áherzlu á, að málið væri ekki látið daga uppi á þessu þingi.

Næst tók n. málið fyrir á fundi þremur dögum síðar, og var þar þá nm. öllum gerð kunn afstaða hæstv. ráðherra til málsins. Form. n. hafði þá jafnframt kynnt sér alla meðferð þessa máls, bæði á yfirstandandi þingi og á fyrri þingum, og gaf nefndinni yfirlit yfir gang þessa máls á þeim tímum. Báru þessi gögn með sér, að frv. hefði ekki verið sent til umsagnar, en að iðnn. Nd. hafði kvatt til viðtals á fund í n. fyrrverandi og núverandi skólastjóra iðnskólans í Rvík ásamt formanni iðnfræðsluráðs og forseta Landssambands iðnaðarmanna og rætt við þá um frv., en þessir aðilar allir munu að meira eða minna leyti hafa verið viðriðnir undirbúning frv. og

því markað í höfuðatriðum þá stefnu, sem þar kemur fram.

Þótt frv. væri ekki sent neinum til umsagnar, á meðan það var til athugunar í Nd., eða aðrir aðilar en að framan getur væru ekki kallaðir til viðræðna við n., þá kom þó til hv. iðnn. Nd. umsögn um málið frá Iðnnemasambandi Íslands með bréfi, dags. 2. marz s. l., og hefur iðnn. þessarar hv. d. kynnt sér innihald þeirra gagna. Með því að gögn þessi hafa ekki verið birt með nál., hvorki því, er gefið var út af iðnn. Nd., né af iðnn. þessarar hv. d., þykir mér rétt að lesa það hér upp, með leyfi hæstv. forseta.

Iðnnemasamband Íslands sendir með bréfi hv. iðnn. neðri deildar Alþingis umsögn sína um þetta mál, að vísu óumbeðið. Hljóðar bréfið svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnnemasamband Íslands hefur á fundi sínum 2. marz athugað brtt. Eggerts Þorsteinssonar, Skúla Guðmundssonar og Bergs Sigurbjörnssonar, sem fram hafa komið við frv. til laga um iðnskóla. Stjórnin telur, að í þessum brtt. komi fram þau tvö aðalsjónarmið iðnnemasamtakanna, sem eru í fyrsta lagi: öll kennsla iðnskólanna fari fram að degi til, — og í öðru lagi: tekin verði upp verkleg kennsla í iðnskólunum. Þetta eru þær höfuðbreytingar, sem gera þarf á kennslufyrirkomulagi iðnskólanna í dag. Þess vegna lýsum við yfir fullum stuðningi við þessar brtt. og treystum því, að hið háa Alþ. samþ. þær.

Að öðru leyti vísast til þeirrar álitsgerðar, sem Iðnnemasamband Íslands hefur sent hv. iðnn. Nd. Alþ., dags. 18. febr. 1955, við fram komið frv.

Ingvaldur Rögnvaldsson, form.“

Hér er svo umsögn, dags. 18. febr., í alllöngu máli, sem ég sé ekki ástæðu til þess að lesa upp; það koma fram í bréfinu þau höfuðatriði, sem þessir aðilar leggja áherzlu á, og auk þess leggja þeir höfuðáherzlu á, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, þó að ekki verði samþ. neinar þær breytingar, sem um ræðir í bréfinu.

Samkvæmt því, sem fram kemur í því erindi, sem ég þegar hef lesið upp, er lögð höfuðáherzla á af Iðnnemasambandinu, að öll kennsla iðnskólanna fari fram að degi til og að tekin verði upp verkleg kennsla í iðnskólunum, en það kemur alveg sérstaklega fram í sjálfri umsögninni frá sambandinu. Eru þetta höfuðbreytingarnar, sem sambandið telur að gera þurfi á iðnkennslunni í landinu frá því, sem nú er.

Hér er að vísu um að ræða álit eins aðila, sem við þessi lög á að búa og þær reglur, sem settar kunna að verða eftir þeim lögum. En þótt svo sé, þá ber þó Alþ. að mæta þessum óskum með fullum velvilja og skilningi, eftir því sem aðrar ástæður leyfa, þar sem hér er um að ræða þann aðila, sem nýtur fræðslunnar og á að búa að henni allt sitt líf. Hitt er svo annað mál, að það kunna að vera ýmsar aðrar ástæður fyrir hendi, að ekki sé unnt að mæta þessum óskum fyrirvaralaust. En séu þær réttmætar og eðlilegar, ber að athuga vandlega, að hvaða leiðum fljótast og öruggast megi komast að því marki, sem óskað er að stefnt verði að.

Eins og sjá má af þskj. 415, bera 3 hv. alþm. fram till. um það í Nd., að iðnskólarnir skuli vera dagskólar og kennsla bæði bókleg og verkleg. Þessar till. eru felldar, sumpart vegna þess, að efni þeirra er að meira eða minna leyti í sjálfu frv., þótt því sé komið fyrir þar á annan hátt, og sumpart vegna þess, að ekki þótti tímabært að taka fræðslu upp að þessum leiðum nú þegar. En till. þessar ásamt óskum nemendasambandsins og einstökum ákvæðum frv. sýna glöggt, hvert stefnir í þessum málum, þó að vitað sé, að stökkið verði ekki tekið allt í einu.

Með tilvísun til þess, er ég hef hér greint frá, þótti n. rétt og skylt að senda frv. til umsagnar fleiri aðilum, og var samþ. á fundi í n. að senda það til umsagnar eftirfarandi aðilum:

1. Vinnuveitendasambandi Íslands.
2. Félagi íslenzkra iðnrekenda.
3. Fræðslumálastjóra.
4. Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands.

Taldi n., að með þessu fengju flestir þeir aðilar, sem mál þetta snertir og eigi höfðu haft aðstöðu til þess að ræða málið að öðrum leiðum eða segja um það álit sitt, tækifæri til þess að láta í ljós álit sitt á málinu. Var óskað eftir svari frá þeim hið allra fyrsta, svo að málið þyrfti ekki að daga uppi á þessu þingi vegna dráttar þeirra á svari. Þykir mér rétt að lesa hér upp bréf það, er n. sendi til þessara aðila, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjálagt sendir iðnn. Ed. yður frv. til laga um iðnskóla, þskj. 460, til umsagnar og biður yður góðfúslega að senda umsögn til n. fyrir n. k. þriðjudagskvöld.

Einkum er óskað eftir því, hvort þér teljið, að stefna ætti að því að hafa aðeins einn iðnskóla í landinu, svo sem gert er í sambandi við fræðslu sjómanna, hvort rétt væri að taka upp verklega kennslu til skiptingar verklegum námstíma og prófa þá jafnframt þekkingu sveina með verkefnum í skólanum og hvort ekki ætti að leyfa iðnaðarverkamönnum, sem árum saman hafa starfað að iðnaði án iðnnámssamnings, aðgang að iðnfræðslu í skólanum svo og þeim mönnum, er starfa að iðju í landinu og ekki eru iðnlærðir.

Með því að svo langt er liðið á þing að þessu sinni, er þess vænzt, að þér sendið umsögn svo snemma sem farið er fram á hér að framan.

F. h. iðnaðarnefndar,
Gísli Jónsson.
Páll Zóphóníasson.“

Ég vil segja öllum þessum aðilum það til hróss, að þeir höfðu allir sent umsagnir sínar innan þess tíma sem óskað var, svo að þeir hafa á engan hátt tafið afgreiðslu þessa máls í iðnn.

Með því að svör þessara aðila eru ekki birt sem fskj. með nál., þykir mér rétt að geta þeirra hér og gefa hv. d. nokkurt yfirlit yfir þá stefnu, sem aðilar vilja láta marka með þeirri löggjöf, sem hér um ræðir.

Skal ég þá fyrst taka umsögn iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands. Það segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnsveinaráðið hefur ekki átt þess kost að hafa áhrif á afgreiðslu frumvarpsins í hv. neðri deild, þar sem iðnn. þeirrar deildar hefur ekki séð ástæðu til að senda það til umsagnar. Hins

vegar virðist oss sem hæpið geti verið nú, úr því sem komið er og með tilliti til þess, hve liðið er á þingtímann, að gera tillögur um efnisbreytingar á nefndu frumvarpi, þar sem vér teljum, að yfirstandandi þingi megi ekki ljúka svo, að ekki verði sett lög um þetta efni.

Iðnsveinaráðið hefur athugað frumvarpið ýtarlega og borið það saman við brtt. einstakra þingmanna undir meðferð málsins í neðri deild. Hefðum vér kosið nokkur ákvæði þess nokkuð á annan veg en raunin hefur á orðið. En hins vegar álítum vér samþykkt frumvarpsins í núverandi formi tvímælalaust til mikilla bóta frá því ástandi, er ríkt hefur í þessu efni. Vill því iðnsveinaráðið eins og á stendur og með tilvísun til ofanritaðs fyrir sitt leyti mæla með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir."

Þá segir enn fremur hér í svari við spurningum þeim, sem við höfum lagt fyrir:

„Að vorum dómi getur einn iðnskóli ekki annað fullnægjandi kennslu handa 1300 nemendum, sem nú stunda iðnaðarnám í landinu, þó að við hins vegar álítum fækkun iðnskóla frá því, sem nú er, til bóta, þar sem auðveldara yrði á þann hátt að búa þá fullkomnum kennslutækjum og sjá þeim fyrir viðunandi kennslukröftum, en á þetta hvort tveggja skortir nú mjög víðs vegar í landinu."

Þeir segja enn fremur:

„Tilrauna- og rannsóknarstofur teljum vér nauðsynlegar í iðnskólanum, þar sem nemendum yrði gefinn kostur á verklegum æfingum í iðngrein sinni til þess að fylla upp í þær eyður, sem verða í námi hjá einstökum meisturum vegna einhæfra verkefna."

Hér er komið inn á það í þessari umsögn, að eins og verknáminu er nú hagað samkvæmt iðnaðarlöggjöfinni, sé það þó ekki fullkomnara en svo, að hér sé nauðsynlegt að setja upp tilrauna- og rannsóknastofur í verklegri kennslu í skólunum. — Segir enn fremur hér, að „oss þykir ástæða til þess að geta þess, að vér höfum skilið umrætt frumvarp svo, að gert sé ráð fyrir, að slík starfsemi sem rætt er undir þessum lið verði tekin upp við iðnskólann."

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja tímann með því að lesa fleiri atriði upp úr þessari umsögn, þar sem ég hef látið nægja að minnast hér á höfuðatriðin.

Þá kemur hér næst umsögn frá Félagi íslenzkra iðnrekenda. Það segir hér í bréfi, sem er dagsett 22. marz 1955:

„Til skamms tíma hefur aðild að félaginu verið bundin við verksmiðjur einar með starfssvið utan hinna svonefndu löggiltu iðngreina. Nú hefur lögum félagsins verið breytt þannig, að hvers konar iðnaðarfyrirtæki geti átt þar aðild að, en verkstæði með fagmenn í þjónustu sinni eru enn svo fá innan vébanda félagsins, að félagsstjórnin telur naumast, að Félag íslenzkra iðnrekenda hafi aðstöðu til á þessu stigi að leggja orð í belg um fræðslutilhögun í handverksgreinum. En félagsstjórnin óskar sérstaklega að svara síðasta atriðinu, sem um er spurt, þ. e., hvort ekki ætti að leyfa „þeim mönnum, er starfa að iðju í landinu og ekki eru iðnlærðir", aðgang að þessum tæknilega skóla, sem nefndur er iðnskóli í löggjöfinni.

Fyrirspurninni svarar félagsstjórnin hiklaust játandi með tilvísun til margendurtekinna yfirlýsinga um þetta mál á ársþingum iðnrekenda hin síðari ár."

Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa upp hér þær ályktanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við þessi mál, þær hafa m. a. verið sendar hér hv. Alþ.

Félagsstjórnin tekur að lokum þetta fram:

„Þó telur félagsstjórnin til mikilla bóta, ef tekið væri inn í 1. gr. frumvarpsins niðurlag 1. gr. sama frumvarps eins og það var á þskj. 593 1948," — en það frv. var borið fram af hv. menntmn. í hv. neðri deild, — „sbr. Alþingistíðindi 1948, bls. 1102, en niðurlag greinarinnar hljóðaði þá þannig:

Enn fremur skulu skólarnir eftir föngum veita þeim viðtöku, sem búa sig undir vinnu í verksmiðjum eða aðra iðju, sem ekki þarf sveinspróf til."

Þetta er tekið upp í frumvarpið 1948, en hefur ekki verið tekið upp í frumvarpið eins og það liggur fyrir nú eða eins og það kom frá hv. Nd.

Þá er hér umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum athugað frv. og teljum, að Vinnuveitendasamband Íslands geti fallizt á fyrir sitt leyti, að frv. verði samþykkt sem lög í því formi, sem það er á fyrrgreindu þingskjali.

Varðandi hinar einstöku spurningar, sem settar eru fram í bréfi nefndarinnar, viljum vér taka fram, að samband vort telur heppilegt, að iðnskólar séu margir í landinu, en telur rétt, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, að framhaldsnám verði, að minnsta kosti fyrst um sinn, einungis við iðnskólann í Reykjavík. Um leið leggjum vér áherzlu á brýna nauðsyn slíks framhaldsnáms fyrir meistara í hinum ýmsu iðngreinum.

Þá teljum vér verklega námið fyrir iðnnema vera mjög til bóta, en reynslan verði að skera úr um það, hvort auðið sé að stytta námstíma þess vegna, og bendum enn fremur í því sambandi á heimild fyrir iðnfræðsluráð í 12. gr. laga um iðnfræðslu, nr. 40 frá 25. maí 1949, til að stytta námstímann."

Þetta eru þá þær umsagnir, sem komið hafa frá þessum aðilum, en ég mun síðar víkja nokkuð að umsögn frá hv. fræðslumálastjóra.

Eins og umsagnir þær, sem ég hef lesið upp hér, bera með sér, komu ýmsar ábendingar fram, sem eðlilegt var að n. vildi ræða og gera síðan tilraun til að fá samkomulag um þær breytingar á frv., sem sýnilegt var að mundi horfa til bóta að gera nú þegar og vitað var að óhjákvæmilegt yrði að gera, ef frv. skyldi gert að lögum á þessu þingi, því að annars yrði óhjákvæmilegt að breyta löggjöfinni á næsta þingi. N. ræddi því málið enn á mörgum fundum, og var það auk þess rætt við þá aðila, sem iðnn. Nd. hafði boðað á sinn fund, svo og við ráðh., og þeim gefinn kostur á að kynna sér allar þær till. til breytinga, sem fram komu í n., áður en endanlega var frá þeim gengið þar. Fékk frv. því mjög nákvæma athugun í n. Hún gat þó ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Einn nm., hv. varamaður 10. landsk. (KGunn), vildi annað tveggja leggja til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, eða að

gerðar yrðu á því aðeins örlitlar breytingar, m. a. vegna þess, að hann leit svo á, að flest af þeim atriðum, sem meiri hl. vildi með breytingum koma inn í frv., væru þar þegar fyrir, — það var höfuðástæðan fyrir því, að hv. minni hl. vildi ekki vera með breytingunum, — að vísu í óljósara formi, en þó efnislega alveg eins, og að nánari fyrirmæli mætti því setja með reglugerð, enda yrðu þetta mest framkvæmdaratriði. Þetta eru höfuðrökin fyrir því, að hv. minni hl. vildi ekki gefa út sameiginlegt nál. og ekki stefna málinu í neina hættu. Hefur hann því gefið út sérstakt nál., þar sem hann gerir grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Skal ég þá gera hér nokkra grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á frv. samkv. þskj. 609.

Meiri hl. n. leggur til, að 1. gr. frv. verði orðuð um samkv. 1. brtt. á þskj. 609. Er ekki hér um verulega efnisbreytingu að ræða frá 1. gr. frv. á þskj. 460, eins og nú skal sýnt fram á, heldur miklu fremur skýrari ákvæði um sama efni, og er það að sjálfsögðu til bóta. Í frv., eins og það var borið fram upphaflega af hæstv. ráðh. á þskj. 156, er svo fyrir mælt í 1. gr., að iðnskólinn skuli veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðjufyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu. Allmargir munu hafa litið svo á, að þetta ákvæði takmarkaði bóklegu fræðsluna við þá nemendur eina, sem nema verklegt nám hjá iðnmeisturum og samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og að í skólann mætti ekki taka aðra nemendur. En þessi skilningur á greininni fær ekki staðizt, og ég vildi biðja hæstv. ráðh. m. a. að athuga þetta. Hitt er ljóst, að hér er ætlazt til þess, að skólinn veiti öllum þessum nemendum móttöku og þeir skuli hafa forgangsrétt að skólanum, ef hann skyldi ekki verða megnugur að veita öllum nemendum viðtöku, sem stunda vilja þar fræðslu um alls konar iðnaðarstarfsemi, hvort heldur viðkomandi stundar hið verklega nám samkvæmt iðnaðarlöggjöfinni eða á annan hátt. Síðari málsl. 1. gr. sýnir, svo að ekki verður á móti mælt, að þeir, sem hafa samið frv., ætlast beinlínis til þess, að þannig verði framkvæmd laganna, því að þar er ákveðið, að enn fremur geti skólinn haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi. Verða þessi ákvæði frv. ekki skilin á neinn annan hátt en að allir þeir, sem nema verklegt nám í iðn eða hvers konar iðnaðarstarfsemi, skuli eiga rétt á bóklegri kennslu á námskeiðum skólans. Og ákvæði fyrri málsgr. útilokar þá á engan hátt frá því að gerast reglulegir nemendur í skólanum, ef nægilegt rúm eða aðrar aðstæður leyfa, enda væri það í engu samræmi við tilgang námskeiðanna, sem beinlínis sýnast hugsuð til þess að veita þeim aðilum, sem eru ekki skyldaðir samkvæmt iðnaðarlöggjöfinni að sækja nám í iðnskóla, möguleika til þess að öðlast bóklega fræðslu um alls konar iðnaðarstarfsemi að öðrum og auðveldari leiðum.

Hefur hv. Nd. einnig haft þennan skilning á ákvæðum 1. gr. frv. En hún vill gera þetta ákvæði enn skýrara og bætir því við í 1. málsl. 1. málsgr. orðunum: „og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á.“ Þessi brtt. var samþ. í hv. Nd. Með þessu ákvæði, sem samþ. er í Nd. að bæta inn í 1. gr. frv., er gert tvennt. Annars vegar er skylda skólans til þess að veita nemendum viðtöku gerð viðtækari, því að nú skal hann einnig skyldur til að veita þeim mönnum fræðslu, sem nema vilja iðn í vinnustöðvum, er skólinn hefur ráð á. Hins vegar er hér beinlínis gert ráð fyrir því, að skólarnir komi síðar til að hafa ráð á slíkum vinnustofum og hefja kennslu í þeim, enda er þetta eðlileg afleiðing af öðrum ákvæðum frv. Um hitt er svo ekkert sagt, hvernig þessu námi skuli fyrir komið, hve lengi það skuli vera fyrir hverja iðngrein eða hvenær það skuli hefjast. Yrði um allt slíkt að setja reglugerð, enda algerlega á valdi skólastjórnar og þeirra aðila, sem leggja fram fé til skólans á hverjum tíma. Með þessum ákvæðum er aðgangur að hinni bóklegu og verklegu kennslu mjög mikið rýmkaður frá því, sem upphaflega var í frv., en á engan hátt þrengdur.

Samkv. 1. málsgr. 6. gr. frv. á þskj. 460 skulu iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskólanna vera dagskólar. Er sýnilegt, að löggjafinn hugsar sér það sem aðalreglu. Hins vegar er í 2. málsl. sömu gr. heimiluð undanþága frá þeirri reglu, ef nauðsynlegt þykir vegna aðstæðna.

Meiri hl. n. þótti eðlilegt, að öll þessi ákvæði yrðu tekin upp í 1. gr. frv. Þegar því fyrri málsgr. 1. gr. í brtt. meiri hl. n. á þskj. 609 er borin saman við þau ákvæði, sem fyrir eru í frv., og með þeim skýringum, er ég hef hér lýst, er sýnilegt, að efnislega er ekkert nýtt í till., annað en það, að þar er ætlazt til þess, að skylda skólanna sé gerð enn viðtækari, þar sem ákveðið er beinlínis, að þeir veiti fræðslu þeim nemendum öllum, sem vilja undirbúa sig undir hvers konar iðnaðarstarfsemi og óska að nema þær námsgreinar, sem kenndar eru við skólana á hverjum tíma og nauðsynlegar eru störfum þeirra.

Ákvæði þessarar greinar um það, að kennsla skuli vera bæði bókleg og verkleg og hvernig henni skuli hagað, eru efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í frv. og algerlega háðar í framkvæmd ákvörðun skólastjórnar og þeirra aðila, sem leggja fé til skólanna.

Í 2. málsgr. í 1. brtt. meiri hl. er til þess vísað, að verklegri kennslu í skólanum skuli hagað á sama hátt og 13. gr. ákveður að gera skuli á námskeiðunum. Er þetta bæði sjálfsagt og eðlilegt, eftir að búið er að breyta 1. gr. frv. á þann hátt, sem gert var í hv. Nd. Jafnframt þessu er svo nemendum heimilt að stunda verklega námið á annan hátt, en þó þannig, að það sé samrýmanlegt fræðslukerfi skólans. Hér ber því allt að sama brunni, að stjórnir skólanna ráða öllu um framkvæmdina, sem ákveðin yrði þá með reglugerð innan þeirra takmarka, sem lögin heimila, og breytist síðan eftir því, sem hentar bezt þjóðinni og stéttunum á hverjum tíma. Verður æði erfitt að setja fram rök gegn þessu fyrirkomulagi.

Þá leggur meiri hl. til í 2. brtt. á þskj. 609, að ný grein komi á eftir 1. gr. frv., er orðist svo sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vill maður, sem lokið hefur bóklegu námi við skólann, ganga undir hæfnispróf til sönnunar á verklegri þekkingu sinni í einhverri iðju eða iðngrein, án þess að hann hafi lært hana samkv. ráðningarsamningi, og getur hann þá snúið sér til skólastjóra iðnskólans í Reykjavík og óskað þess, að hæfni hans verði prófuð. Ber skólanum þá að láta hæfnisprófið fara fram eigi síðar en 6 mánuðum frá því, að beiðni um það er meðtekin. Prófið getur farið fram í skólanum eða á vinnustofum, er skólinn velur til þess, enda fari það fram undir eftirliti skólans og prófdómenda, er til þess séu skipaðir.

Standist viðkomandi aðili prófið, ber að afhenda honum sveinsbréf, er veiti sams konar réttindi og sveinsbréf þeirra, er lokið hafa hliðstæðu námi samkvæmt námssamningum.

Skólastjóri iðnskólans í Reykjavík semur reglur um verklega hæfnisprófun samkvæmt þessari grein, en ráðherra staðfestir þær.“

Er hér að vísu um nýmæli að ræða, en þó er hér ekki um neitt annað að ræða en beina afleiðingu af því ákvæði, sem þegar hefur verið samþykkt í neðri deild. Fyrri málsgr. segir einungis, að prófa skuli þá nemendur, sem lært hafa hið verklega nám án ráðningarsamnings. Það eru fyrst og fremst þeir, sem nema í skólanum samkv. ákvæðum 1. og 13. gr. frv., því að engin sanngirni mælir með því, að skólarnir séu látnir kenna þessum nemendum án þess jafnframt að hafa skyldur til þess að prófa hæfni þeirra eins og í öðrum skólum. Og þegar þetta er viðurkennt, verður ekki með nokkurri sanngirni staðið á móti því að prófa einnig hæfni manna, sem kunna að hafa aflað sér sömu eða meiri þekkingar á þessu sviði utan skólans. Er þetta í fullu samræmi við reglur allra skóla um bóklega fræðslu. Hér hefur skólastjórnin öll ráð í hendi sér um verkefni, eftirlit og annað það, er lýtur að hæfnisprófuninni, sbr. 3. málsgr. greinarinnar. 2. málsgr. kveður hins vegar svo á um, að þeir, sem staðizt hafa slík próf, skuli fá afhent sveinsbréf, er hafi sama gildi og þau, sem menn öðlast með námssamningum.

Eins og áður er fram tekið, eru öll þessi atriði bein afleiðing af þeirri stefnu, sem mörkuð er frá upphafi í frv. og gerð er skýrari með viðbótarákvæðum í Nd. og enn skýrari í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

En áður en ég skil við þessi atriði, þykir mér rétt að ræða hér nokkuð, hvort ástæða sé til þess að breyta hér um frá því, sem verið hefur og iðnaðarmannastéttin sýnist vilja halda sem mest óbreyttu, þ. e., að öll verkleg kennsla í iðngreinum, hverju nafni sem nefnist, fari fram eftir iðnaðarsamningum samkvæmt ákvæðum iðnlaganna, og að engum öðrum sé veittur aðgangur að iðnskólanum til þess þar að nema bóklegt nám og framhaldsnám í verklegum fræðum. Jafnframt þessu fái svo engir aðrir rétt til þess að starfa sem iðnaðarmenn í landinu. Þetta er sú stefna, sem iðnaðarmannastéttin eða iðnmeistarastéttin stefnir að, en hún hefur bara ekki gert sér það ljóst, eins og ég hef margbent á hér, að með frv. er þessi stefna mörkuð og farið þess vegna inn á allt aðrar leiðir en áður, þótt það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir, og hlýtur því að framkalla, eins og ég hef margtekið fram, að ákveðnari reglur verði settar um það síðar en fram koma í frv. eins og það er nú.

Í lok fjórða tugar þessarar aldar var ástandið í þessum málum hér á landi þannig, að segja mætti, að mörgum iðnaðarstéttum væri beinlínis lokað. Iðnmeistararnir voru algerlega einráðir yfir því, hve mörgum nýjum mönnum þeir hleyptu að námi, og settu um það svo þröngar reglur, að margur unglingur, sem hafði sterka löngun til að læra iðn og var auk þess vel til þess fallinn, hafði engan möguleika til að komast að sem iðnnemi. Þegar svo ófriðurinn skall yfir og eftirspurn jókst eftir iðnaðarmönnum, reyndust ekki nægilega margir lærðir iðnaðarmenn í landinu til þess að fullnægja eftirspurninni. Var þá safnað saman heilum hópum af högum mönnum til þess að inna af hendi iðnaðarstörf í samvinnu við iðnaðarmenn og iðnnema. Margir þessir menn reyndust frá upphafi ágætir í störfum sínum, aðrir miður, eftir því sem þeir höfðu hæfileika og kunnáttu, en flestir eða jafnvel allir urðu góðir iðnaðarmenn eftir langa æfingu við störfin og engu lakari en margir þeir nemendur, sem lært höfðu samkvæmt námssamningum, einkum er þeir á einn eða annan hátt höfðu aflað sér sambærilegrar bóklegrar þekkingar. Meginhluti þessara manna fékk þó aldrei atvinnuréttindi sem iðnaðarmenn, þó að iðnfræðsluráð mælti hins vegar með því, að einstakir þeirra yrðu þessara hlunninda aðnjótandi.

Með þessu hefur skapazt hér allmikið vandamál, bæði hvað snertir þá menn, sem þannig eru settir, og þá ekki síður hvað snertir hina, er að náttúruhæfileikum eru e. t. v. eingöngu til þess fallnir að ná langt á ákveðnu iðnsviði, en eru útilokaðir frá því að komast nokkurs staðar að til náms, og það er kannske höfuðatriðið. Þetta ástand er engan veginn æskilegt og engan veginn viturlegt að halda því við.

Það er ávallt til með öllum þjóðum ákveðinn fjöldi manna, sem gæddir eru sérstökum hæfileikum, sem þeir óska helzt að þroska, en glíma ekki við óskyld verkefni. Meðal íslenzku þjóðarinnar hafa ávallt fundizt oddhagir menn og búhagir menn, sem hafa ekki þurft jafnlangan tíma til þess að verða prýðilegir iðnaðarmenn og aðrir, sem valið hafa sér þá braut, hvort sem þeir hafa haft til þess meiri eða minni hæfileika en almennt gerist og kannske litla eða enga köllun. Er þjóðinni margfalt tjón að því að bægja slíkum mönnum frá því að auka þekkingu sína einmitt á þeim sviðum, sem hugur þeirra girnist helzt. Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að rétt er og sjálfsagt, að iðnskólarnir séu opnir þessum mönnum, bæði til bóklegs og verklegs náms, ef þeim af einhverjum ástæðum eru lokaðar aðrar leiðir til þess að fullnægja fræðsluþorsta sínum. Á það ber og að líta, að samkvæmt iðnaðarlöggjöfinni getur hver sá, sem hefur lokið sveinsprófi, jafnframt orðið iðnmeistari, án þess þó að hafa nokkra hæfileika sem kennari í verklegum fræðum. Og það þarf engan veginn að fara saman, að maðurinn sé sæmilegur iðnaðarmaður og viðurkenndur kennari, enda gefast mörg dæmi, sem sýna, að nemendur frá slíkum

meistara, sem að vísu er góður iðnaðarmaður, en lélegur kennari, en sjálfir hafa ekki neina sérhæfileika eða áhuga til að læra iðnina, eru engu betur settir að loknu námi samkvæmt samningi en aðrir, sem notið hafa tilsagnar ágætra kennara styttri tíma, hafa allan hugann við námið og eru auk þess sérstaklega til þess gerðir af guðs náð að vera iðnaðarmenn. Hér er því um hreint hagsmuna- og réttlætismál að ræða að leyfa þeim að ljúka námi og ná tilskilinni þekkingu á þeim tíma, sem hæfileikar þeirra og kringumstæður leyfa, og setja þar engar hömlur á.

Ég hef nú heyrt það sett fram sem rök í þessu máli, að ógerlegt sé að dæma verkhæfileika manna eftir því, hvernig þeir kynnu að leysa af hendi ákveðin verkefni við smíði á sveinsstykki, þar verði einnig að koma til hraði í afköstum og þekking á smíði á fleiri stykkjum en þeim, er nemi kunni að fá af handahófi til prófs. En því er til að svara, að þetta á ekki við verkleg próf frekar en bókleg. Enginn prófdómari getur sagt um hæfileika nemanda eða þekkingu á öðru en því, sem hann hefur verið prófaður í. Nemandinn kann að vera heppinn að koma upp í nýlesnum kafla eða óheppinn að koma upp í kafla, sem hann hefur enga eða litla rækt lagt við að kynna sér. Sama má segja um æfingu nemanda í að nota námsgreinarnar, sem hann hefur numið. Hvaða nýútskrifaður læknir hefur t. d. fullkomna æfingu í skurðaðgerð eða sjúkdómsgreiningu á borð við jafnlærðan skólabróður, sem að viðbættu námi hefur langa reynslu að baki sér? Og svo mætti lengi telja.

Hér eru því engin rök færð fram, sem taka má gild, um þessi sérstöku próf. Ef hins vegar nemandinn hefur staðizt prófið, eins og til er ætlazt, verður honum ekki neitað um réttindi, sem sams konar próf veita öðrum, þótt þeir kunni að hafa numið undir öðrum skilyrðum. Í því væri engin sanngirni. Hér er það þekkingin og hæfileikarnir, sem eiga að ráða úrslitum, en ekki námsaðferðirnar.

Þörfin til þess að koma yfir sig húsakosti í þessu landi er svo gífurleg, að það er vart annað meira vandamál fyrir þing og stjórn að glíma við sem stendur. Verð húsa og þar af leiðandi húsaleiga er slík, að allt of stór hluti tekna manna fer til þess að mæta þeim útgjöldum. Er öllum ljóst, að það er ekkert smáatriði fyrir þjóðarheildina, ef unnt væri á einn eða annan hátt að draga úr þeim kostnaði. En leiðin til þess hefur verið sú, að menn reyndu meir en áður að byggja sjálfir yfir sig á þeim tíma, er þeir voru annars ekki við skyldustörfin. Hefur mörgum húsum verið komið upp þannig og þau aftur leyst mörg vandamál viðkomandi aðila. Er þetta metið svo mikils af löggjafanum, að hann hefur viðurkennt, að vinnutekjur manna af þeirri atvinnugrein skuli undanþegnar skatti, og fullvíst er, að margar þessar íbúðir hafa kostað miklu minna fé en hinar, sem komið hefur verið upp af faglærðum iðnaðarmönnum eingöngu. Og ég veit, að hæstv. iðnmrh. hefur verið með að gera slíkar ráðstafanir og gert það af fullum skilningi. Reynslan hefur sýnt, að það á að halda áfram á þessari braut, en hvaða vit væri þá í því að torvelda þeim mönnum, sem áhuga hafa á því að afla sér meiri þekkingar á þessu sviði án þess að bindast margra ára samningi, að fá þessa þekkingu í þeirri einu stofnun, sem veitir fræðslu í iðnaði.

Þá þykir sumum það óviðeigandi og ósamrýmanlegt, að menn, sem stunda iðjustarfsemi í landinu, hafi nokkurt sameiginlegt með iðnaðarmönnum og sízt af öllu menntastofnun iðnaðarins. En hér er um mikinn og háskalegan misskilning að ræða. Og það er meira en sorglegt, að þessar tvær greinar á sama stofni iðnaðarmála skuli ekki geta komið sér saman um lausn vandamála, sem snerta báða aðila og þeir báðir hefðu mestan hag af að leysa í sameiningu. Iðja og iðnaður eru í raun og veru svo samtvinnuð, að langeðlilegast væri, að mál þeirra yrðu tengd miklu nánar saman en gert er. Alþ. á að leggjast á þá sveif að sameina þessa aðila, en sundra þeim ekki. Hver er t. d. munur á því að vinna hurðir og hurðarkarma eða glugga og gluggakarma, svo að eitthvað sé nefnt, í iðjuveri eða á verkstæði iðnmeistara? Og hver er munurinn á þeirri þekkingu, sem til þess þarf, ef báðir aðilar eiga að skila jafngóðu verki? Ég hygg, að það væri erfitt fyrir nokkurn mann að benda hér á mismuninn. Nú er það svo, að framleiðsla þessara hluta fer að miklu leyti fram í vélum, í iðjuverum. Og þannig er það með fjöldamarga aðra hluti, sem iðnaðarmenn gerðu áður einir, en gera nú jöfnum höndum við verksmiðjurnar og vilja ekki vera án þess að geta fengið þaðan, þegar þeim þykir það betur henta.

Þegar litið er á þróun verksmiðjuiðnaðarins í landinu, er sýnilegt, að hann á að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða til hans á hverjum tíma, bæði hvað snertir gæði framleiðslunnar, hraða í framleiðslu og verð framleiðslunnar. Verður því ekki mótmælt, að menn þeir, sem þar starfa, verða að afla sér þekkingar á sviði iðnaðar, bæði hvað snertir bóklega og verklega fræðslu. Væru það nokkur búhyggindi fyrir þjóðina, sem þegar hefur komið sér upp glæsilegum iðnskóla hér í Reykjavík, sem kostar í kringum 10 millj. kr. eða meira, þegar sú bygging er fullgerð, að útiloka þessa stétt frá þeim skóla og fara svo að byggja annan til þess að kenna þar þeim mönnum eða fara að koma upp tveimur verknámsdeildum við gagnfræðaskólana úti á landinu, einni fyrir iðnaðarmenn og annarri fyrir iðju, til þess að kenna þar að langmestu leyti sömu námsgreinarnar? Og hver sem niðurstaða þessara mála kann að verða í þetta skipti hér á Alþ., þá er það alveg víst, að lífið og reynslan munu sanna, að sú stefna er röng að sameina ekki undir almenna iðnfræðslustofnun alla þá aðila, sem nema vilja iðju og iðnað í landinu, þó að sú fræðsla fari fram víðar en á einum stað í landinu.

Þá þykir mér rétt að benda á, að eins og lögum um iðnfræðslu í landinu er nú háttað, er því fólki, sem í sveitum býr, ætlað að búa við aðra og verr menntaða iðnaðarmannastétt en það fólk, sem býr í margmenninu. Þó er engu minni snilli að búa til góð, hentug og ódýr hús og húsgögn í sveit en í kaupstað. Fjöldi af ungu fólki í sveitum landsins, sem gætt er snilligáfu til munns og handa, á þess nú engan kost að afla sér

þeirrar þekkingar í iðnfræðslu, sem því og þjóðinni væri mikils virði í erfiðri lífsbaráttu dreifbýlisins, þar sem hverjum er hentast að búa sem mest að sínu, nema með því einu að binda sig áralöngum námssamningum, ef sú leið er þá ekki algerlega lokuð. En reynslan hefur sýnt, að einmitt slíkir samningar hafa sogað þetta fólk burt frá sveitunum og sveitirnar alveg glatað því, hafi það á annað borð bundizt slíkum samningum. Heimasveitin situr svo eftir með þeim mun færra fólk og minni möguleika til þess að bjarga sér og inna af hendi hin nauðsynlegustu iðnaðarstörf.

Hér er um verulegt vandamál að ræða, sem ráða verður bót á, og það verður bezt gert með því að gefa þessu fólki möguleika til þess að afla sér iðnaðarfræðslu á þann hátt, sem frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir og gert er enn skýrara og enn öruggara með till. meiri hl. n.

Mér hefur þótt rétt að ræða hér allýtarlega um mál þetta í sambandi við till. meiri hl. um breyt. á 1. gr. frv. og vænti þess, að hv. d. og alveg sérstaklega hæstv. ráðh. geti fallizt á, með tilvísun til þess, sem þar hefur komið fram, að samþ. þessar breytingar á frv. til bóta fyrir málið í heild.

Um hinar aðrar brtt. meiri hl. skal þetta tekið fram:

Eins og sést á þskj. 609, er a-liður 3. brtt. um að fella niður 3. tölul. 2. gr. frv., en þessi ákvæði mæla svo fyrir, að það skuli vera inntökuskilyrði í skólann, að nemandi eða inntökubeiðandi hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, ef því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám. Bæði er það, að slíkri stofnun sem hér um ræðir hefur ekki enn verið komið upp, og auk þess gæti það verið ýmsum erfiðleikum bundið fyrir nemanda að þreyta próf í þeirri hæfni, einkum fyrir þá, sem ætla sér að stunda nám í hinum fámennu skólum í sambandi við gagnfræðaskólana. Komi síðar í ljós, að nauðsynlegt þyki að setja slík skilyrði fyrir inntöku í skólann, má ávallt gera breytingar á lögunum, enda ekki ólíklegt, að ýmis önnur ákvæði þeirra þyrftu þá einnig að athugast.

Meiri hl. n. leggur því til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

B-liður þessarar till. er umorðun á síðustu málsgr. 2. gr. frv. Er hér heimild til skólastjórnarinnar gerð enn viðtækari hvað snertir inntökuskilyrði í skólann, skilyrði til flutnings nemenda á milli bekkja svo og undanþágu frá að sitja í tímum í þeim námsgreinum, er nemandi kann að hafa lært jafnmikið í eða meira í öðrum skólum eða á annan hátt. Er allt þetta til þess að auðvelda nemendunum námið, en jafnframt hefur skólastjórnin fullt vald yfir því, að ákvæðin verði ekki misnotuð. Væri engan veginn réttlátt að láta t. d. nemanda með 4. bekkjar próf frá menntaskóla eða með kennaraskólaprófi eða hverri annarri þekkingu, sem þessu jafngildir, sitja í tímum í iðnskóla í sömu námsgreinum og hann kynni að hafa numið og lokið prófi í í þeim skólum, sem gera enn meiri kröfur til burtfararprófs en iðnskólinn gerir. Á slíkur nemandi því ekki að þurfa að sækja aðra tíma í iðnskólanum en þá, sem kenna þær aðrar námsgreinar, sem krafizt er og hafa ekki verið honum áður kenndar. Með þessu móti er miklu auðveldara fyrir nemandann að ná tilsettu marki.

4. brtt. er um það, að 4. gr. frv. falli niður. Hefur allt efni hennar verið tekið upp í 1. brtt., og verði hún samþykkt, er hér aðeins um afleiðingu að ræða. Verði fyrsta brtt. meiri hl. n. hins vegar felld, þá verður þessi brtt. að sjálfsögðu tekin aftur.

5. brtt. er um, að menntmrh. fari framvegis með þessi mál í stað iðnmrh. Meiri hl. n. lítur svo á, að eðlilegast væri, að framkvæmd á fræðslulöggjöfinni allri almennt yrði færð yfir til menntmrn., en þótt svo yrði ekki gert, þá stendur hér alveg sérstaklega á, þar sem ákvæði frv. gera ráð fyrir því, að allmikið af þessari fræðslu, þ. e. í öllum þeim skólum, sem hafa færri en 60 nemendur, skuli fara fram í gagnfræðaskólunum. Gagnfræðaskólarnir eru undir stjórn menntmrn., og því er alveg sérstök ástæða til þess að gera þessar breytingar hér í þessu frv., auk þess sem það er að áliti meiri hl. n. eðlilegast ekki einungis að stöðvast á þessari braut, heldur að færa þetta til samræmis því, sem hér hefur verið minnzt á.

Þá er 6. brtt. Hún er þess efnis að hafa nokkurn annan hátt á skólanefndunum eða skólastjórnunum en gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 460. Í frv. er gert ráð fyrir því, að nefndirnar séu kosnar þannig, að ákveðnir aðilar úr iðnaðarmannastétt skuli tilnefna mennina í skólastjórn og þeir skuli síðan skipaðir af viðkomandi ráðuneyti eftir tilnefningu þessara stétta. Um þetta atriði hefur ekkert samkomulag náðst hjá þeim aðilum, sem telja sig eiga hagsmuna þar að gæta, og þyrfti að fjölga miklu meira í skólanefndunum til þess að geta uppfyllt allar þær óskir.

Meiri hl. n. leggur því til, að það séu gerðar tvær efnisbreytingar hér í þessu máli. Önnur er sú, að þar sem er 5 manna skólastjórn, sem eingöngu ætti að vera við hina stærri skóla, sem meira en 60 nemendur eru í, skuli sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir viðkomandi aðila eða sýslunefndir kjósa 4 menn, en gera það að skilyrði, að a. m. k. tveir af þeim mönnum séu úr iðnaðarmannastétt. Sá árangur gæti orðið af þeirri kosningu, að jafnvel væru allir þeir 4 menn úr iðnaðarmannastétt, ef viðkomandi sveitarfélagi sýndist það vera rétt. En það er girt fyrir það a. m. k., að hægt sé að ganga þar á rétt iðnaðarmanna, þar sem fyrirskipað er, að a. m. k. helmingurinn af þessari tölu skuli vera úr þeirra stétt, en form. skólanefndar skuli til sama tíma, þ. e. til 4 ára, eða eins lengi og kjörtímabilið stendur, skipaður af ráðherra.

Fyrri till., eins og hún er í frv., er byggð á því gamla fyrirkomulagi, sem var á rekstri þessara skóla. Þá voru iðnskólarnir reknir á kostnað iðnaðarmanna að ákaflega miklu leyti, voru að vísu styrktir af ríki og bæjarfélögum, en iðnaðarmannastéttin bar alla ábyrgð á skólunum, rekstri þeirra og öllum fjárreiðum. Nú hefur þessu verið breytt. Nú taka bæjarsjóðirnir eða sveitarsjóðirnir og ríkissjóður að sér ekki einungis allan kostnað við að koma skólunum upp,

heldur allan kostnað við rekstur skólanna, að fráskildu því skólagjaldi, sem ákveðið er og ætlazt er til þess að ákveðið sé af skólastjórn og ráðherra á hverjum tíma, og þá er vitanlega algerlega óhæft, að þessir sömu aðilar skuli ekki ráða sjálfir eingöngu og engir aðrir, hverjir eru settir í skólastjórn. Þetta verða viðkomandi aðilar að gera sér ljóst. Hins vegar þótti alveg rétt, eins og ég gat um áðan, að tryggja það, að iðnaðarmannastéttin eigi alltaf aðild að skólastjórninni. Mætti t. d. hugsa sér með þeirri skipan, sem er í frv. nú á þskj. 460, að settir yrðu í skólastjórn pólitískir andstæðingar þeirrar bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar, sem situr að völdum á hverjum tíma og á að leggja fram fé, eða þeirrar ríkisstjórnar, sem leggur fram fé, og að slíkir menn hefðu þá ekki sömu löngun til þess að reka skólann á hagkvæmasta hátt, eða eins hagkvæmt og ef þeir væru jafnábyrgir fyrir útgjöldum og þeir aðilar verða að vera á hverjum tíma, sem fé verða að láta. Það yrði þó a. m. k. fyrirbyggt með þeirri tillögu, sem meiri hl. n. gerir, en hins vegar ekkert gengið á rétt iðnaðarmanna.

Önnur efnisbrtt. hér er sú, að það er lagt til af meiri hl. n., að í hinum skólunum, þar sem eru færri en 60 nemendur, séu aðeins þrír í skólanefnd. Meiri hl. sér ekki ástæðu til að vera að hafa fimm manna skólastjórn t. d. yfir skóladeild gagnfræðaskóla, þar sem kannske væru 3 eða 4 eða 10 menn. Skulu tveir þeirra kosnir á sama hátt af sveitarfélögunum, og annar yrði að vera skilyrðislaust iðnaðarmaður, en ráðh. skipaði formann skólanefndarinnar, sem væri þá oddamaður. — Vænti ég, að hv. d. fallist á, að þessi skipan málanna sé heppilegri fyrir alla aðila en sú, sem gert er ráð fyrir í frv.

7. brtt. er við 9. gr., að aftan við 1. málsl. bætist: „svo og styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum". Þetta er í samræmi við önnur ákvæði í fræðslulöggjöfinni og er raunverulega nauðsynlegt, til þess að kostnaður af stundakennurunum komi hlutfallslega á þá aðila, sem eiga að bera þennan kostnað, enda hefur verið haft fullkomið samráð við fræðslumálastjóra um orðun á þessari brtt.

Þá er b-liðurinn við þessa sömu grein, að ráðherra ákveði skólagjald að fengnum tillögum skólanefndar. Í frv., eins og það liggur nú fyrir á þskj. 460, er sagt, að iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiði gjöld vegna þeirra að ákvörðun ráðherra eftir till. skólanefnda. Hér er um að ræða samningsatriði milli meistara iðnfyrirtækja og nemenda, hverjir greiða skuli gjöldin, enda skólanum óviðkomandi, hvort það er einn aðili eða annar, sem greiðir þau. Hins vegar er það engan veginn skólanum óviðkomandi, hvað gjöldin eru há, og þess vegna þótti meiri hl. rétt að leggja til að umorða greinina eins og ég hef þegar lýst.

8. brtt., við 11. gr., er aðeins afleiðing, að í staðinn fyrir „iðnaðarmenn" komi: iðnaðarstarfsemi, verði aðrar brtt. n. samþ. Að öðrum kosti verður brtt. að sjálfsögðu tekin aftur.

Sama má segja um 9. brtt., við 14. gr. Það er aðeins til samræmingar, að í staðinn fyrir „iðnaðarmálaráðherra" komi: ráðherra, sem getur að vísu staðið í frv., jafnvel þótt ekki sé fært yfir á annað ráðuneyti, en þarf ekki heldur breytinga með, ef sú till. yrði felld.

B-liðurinn er, að á eftir orðinu „kennsluskyldu" í 3. málsgr. komi: „svo og menntun kennara í almennum greinum". Það er ekkert gert ráð fyrir því í frv., hver menntun kennara skuli vera og hvaða próf þeir skuli hafa staðizt, sem þar eiga að verða settir eða skipaðir sem kennarar. Þetta er einnig gert í samráði við fræðslumálastjóra, að leggja til, að þessum orðum verði breytt þannig.

10. brtt. er mikil efnisbreyting, þ. e., að 15. gr. falli niður. Ég þarf ekki að ræða lengi það atriði hér. Þetta er gr., sem tekin hefur verið upp í flest lög um fræðslu í fræðslulöggjöfinni almennt, að kennari, sem hefur gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár, skuli halda fullum launum. Ég tel persónulega, að hér sé um ofrausn að ræða og það eigi ekki einungis að setja það ekki inn í þessa löggjöf, heldur eigi að afnema það úr allri annarri fræðslulöggjöf í landinu. Þessir menn hafa skemmri vinnutíma en nokkrir aðrir starfsmenn ríkisins, og það er ekkert skilyrði fyrir því, að þeir hafi unnið fyrir þessari aukaþóknun, þótt þeir hafi setið við starf í 10 ár. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á aðeins eitt dæmi. Mér er kunnugt um einn ágætan kennara í menntaskólanum, sem vanrækti að taka nemanda upp allan veturinn í enskri tungu. En þegar kemur að prófi, þá gefur hann honum 1 og fellir hann þar af leiðandi frá stúdentsprófi. Þessi sami nemandi hafði gegnum allan skólann haft 1. einkunn í málinu, og eftir að hann kemur síðar í annan skóla til þess að nema þungar vísindagreinar á því máli, sem þessi ágæti kennari fyrst hafði vanrækt að kenna honum og auk þess farið svo með hann eins og ég skýri hér frá, þá hafði hann numið á því máli þungar vísindagreinar og alltaf verið þar með 1. einkunn árum saman. Ég tel ekki, að slíkur kennari hafi unnið til þess að fá heils árs laun án starfa, þó að hann hafi hangið við kennslu þennan tíma og kannske árum saman beitt sínum hyggindum og sínu valdi á þann hátt, sem ég hef hér lýst. En þetta er ekkert sérstakt um þessa löggjöf og kemur þar af leiðandi ekki við þeim ágreiningi, sem annars hefur orðið um frv. það, sem hér um ræðir.

11. brtt. er við 16. gr., að á eftir orðunum „kennsla í skólunum" í fyrri málsgr. komi: tölu fastra kennara, en sú brtt. er einnig gerð í samráði við fræðslumálastjóra.

Ég þykist þá hafa gert glögga grein fyrir, ekki einasta, hvers vegna hv. efrideildarþingnefndin hefur þurft alllangan tíma til þess að athuga þetta mál og þó gert það á miklu skemmri tíma en iðnn. hv. Nd. þurfti, heldur einnig gert grein fyrir öllum brtt. og sýnt fram á, að ef þær verða samþ., þá sé málinu í heild miklu betur komið en ef það nái fram að ganga án breytinga eins og það liggur fyrir á þskj. 460.

Ég vil að síðustu taka það fram, að einn hv. þm. í meiri hl. n., hv. þm. Hafnf. (IngF), hefur óbundnar hendur um að fylgja ekki öllum þeim

brtt., sem fram koma þar, eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma, og sjálfur að bera fram breytingar. Hefur hann skrifað undir með fyrirvara, eins og sést á nál., og mun hann gera grein fyrir því. Einnig hafa aðrir nm. áskilið sér rétt til þess að fylgja brtt., sem kynnu að koma fram, eða sjálfir að bera fram brtt. við málið á síðara stigi. Ég veit ekki heldur nema hv. minni hl. muni fylgja einnig einhverju af þeim brtt., sem meiri hl. ber fram; það kemur fram að sjálfsögðu, þegar hann gerir grein fyrir sínu nál. Sjálfur vil ég persónulega lýsa hér yfir, að þótt ég áliti, að málið sé nú komið í miklu betra horf og eðlilegra með þeim brtt., sem bornar hafa verið fram, ef þær verða samþ., þá mun ég ekki greiða atkv. á móti frv., jafnvel þó að engar af brtt. yrðu samþ. hér í þessari hv. deild, því að mér er ljóst, eins og ég hef tekið fram hér, að stefnan í frv. er mörkuð og henni verður ekki breytt, nema því aðeins að frv. sé breytt frá því, sem það kom frá Nd. Þá er hér aðeins um það að ræða, hvort á að gera það skýrara og hvort það verður gert á þessu þingi eða síðar.

**Frsm. minni hl. (Kristinn Gunnarsson):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. iðnn. Ed. hefur í ýtarlegri framsöguræðu lýst þeirri meðferð, sem málið fékk hjá iðnn. Ed., og hef ég þar ekki neinu við að bæta.

Eins og kom fram í ræðu hv. frsm., þá lágu þar umsagnir ýmissa aðila um frv. í núverandi mynd þess, og má segja, að heildarniðurstaða þar væri sú, að þótt sumir þeirra gætu hugsað sér og óskuðu eftir ýmsum eða nokkrum breytingum á frv. frá því, sem það er núna á þskj. 460, þá var yfirleitt óskað eftir því, að málið næði fram að ganga á yfirstandandi þingi, jafnvel þó að engar breytingar yrðu á því gerðar.

Minni hl. iðnn. lagði þess vegna áherzlu á, að ekki yrðu það veigamiklar breytingar samþ. í iðnn. hv. deildar á frv., að telja mætti hættu á því, að svo erfitt yrði að ná samkomulagi um þær breytingar, að málinu yrði stefnt í nokkra tvísýnu með framgang þess á yfirstandandi þingi. Þess vegna lagði ég til, að frv. yrði samþ. óbreytt eða með mjög litlum breytingum, sem enga hættu mætti telja á að mundu torvelda framgang þess á núverandi þingi.

Þær brtt., sem meiri hl. iðnn. hefur borið hér fram, eru að einu leyti allveigamiklar. Segja má þó um 1. lið brtt. meiri hl. iðnn., eins og kemur fram á þskj. 609, að hann sé efnislega þegar til staðar í frv. eins og það er á þskj. 460, en að vísu nokkru óljósari. Það var líka skoðun minni hl., að svo væri, og það mun vera við þá skoðun um þetta atriði, sem hv. frsm. lét þess getið, að ég væri eða hefði verið sammála um aðalatriðið í þeim brtt., sem meiri hl. bar fram, eins og þær eru á þskj. 609.

Í 1. gr. frv., eins og það er á þskj. 460, er greinilegt, að fleiri hafa rétt til iðnnáms í iðnskólum en þeir einir, sem nema þar hjá iðnmeisturum eða iðnfyrirtækjum samkv. lögum um iðnfræðslu. Og ég tel um það orðalag, sem meiri hl. iðnn. vildi fá í staðinn og hefur gert till. um, að þar sé efnislega ekki um breytingu að ræða. Hins vegar tel ég, að það orðalag sé betra eins og það er í frv. á þskj. 460 en brtt. sú, er meiri hl. iðnn. ber fram, þar sem ég tel, að það sé ekki æskilegt á þessu stigi málsins að orða þetta öllu greinilegar en þar er gert, þar sem ég tel, að auðveldara sé að ná samkomulagi og láta málið ná fram að ganga með því orðalagi, sem nú er þar, heldur en að taka þetta öllu skýrara fram.

Það er ósköp eðlilegt, að það sé viðkvæmt mál fyrir iðnaðarstéttina, iðnsveina og iðnmeistara, sérstaklega þó iðnsveinana, ef gerðar eru grundvallarbreytingar á þeirri löggjöf, sem þeir hafa numið undir, og þeirri löggjöf, sem þeir byggja sín réttindi á, sem þeir hafa í dag.

Það kom greinilega fram í umræðum í iðnn. hv. Ed. um þetta frv., að það eru uppi sjónarmið um, að það sé kominn tími til þess að breyta nokkuð og breyta allverulega fyrirkomulagi þess náms, sem iðnaðarnemendur öðlast sveinsréttindi eftir nú í dag. Ég er þeirrar skoðunar, að breytingar á þeirri löggjöf og breytingar á tilhögun námsins kunni að verða eðlilegar og nauðsynlegar, eftir því sem aðstæður breytast og framþróun atvinnuveganna og atvinnuhátta hjá okkur verður. En hér er um svo veigamiklar breytingar að ræða, að það er sýnilegt, að það verður að vinna að þeim af mikilli varúð og þær munu ekki komast í framkvæmd nema á nokkuð löngum tíma. Hér er um stórkostlega hagsmuni að ræða fyrir þá, sem réttinda njóta samkv. þessum lögum og numið hafa eftir þeim. Á hinn bóginn ber líka þess að gæta, að sú þekking, sem iðnsveinar fá með núverandi iðnlöggjöf, verði ekki minni. Það má að vísu færa rök fyrir því, að þessi löggjöf, eins og hún er í dag geti komið nokkuð hart niður á einstaka afburðamönnum og sérstökum hæfileikamönnum, sem allt leikur í höndum á og þurfa ekki jafnmikinn tíma til náms og meðalmaður. En þó að reynt sé, eins og rétt er, að haga þannig löggjöf og haga þannig námsfyrirmælum, að hægt sé að taka að einhverju leyti tillit til þessara manna, þá verður þó jafnframt að varast, að þær breytingar séu á þann veg, að hætta sé á því, að almenn þekking í iðn hjá iðnaðarmönnum minnki frá því, sem nú er. Þvert á móti er mikil ástæða til þess að reyna að auka hana frá því, sem hún er í dag. Þess vegna tel ég, að orðalag á 1. gr. frv., eins og það er á þskj. 460, sé heppilegt með það fyrir augum, að þar er möguleiki, að ég tel, til að vinna að þeim breytingum á iðnfræðslunni, sem breyttar aðstæður smátt og smátt gera eðlilegar og nauðsynlegar, en hins vegar tel ég, að það sé ekki rétt eða æskilegt að ganga lengra og gefa bein fyrirmæli um frekari breytingar þegar í stað. Þarna gefst þeim, sem þessum málum veita forstöðu, nægilegt svigrúm til að vinna að þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru að þessu leyti í dag, þ. e. a. s. að liðka eitthvað til um iðnfræðsluna án þess að brjóta niður þann heildarramma, sem hún byggir á í dag.

Um aðrar breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á frv. af meiri hl. iðnn. á þskj. 609, vil ég segja, að þá viðbót, sem lagt er til að komi þar á eftir 1. gr., finnst mér engan veginn tímabært að bera fram nú í þessu formi, sem hún þar er. Ef leyft væri að nema hinar lögbundnu

iðngreinar á þann veg, sem þar er lagt til, þannig að það sé alveg skýrt, að hægt sé að stytta námstímann mikið eða að maður megi óska eftir prófi án þess að hafa verið neinn tíma í lögbundnu námi, þá er þar farið fram á stærri breytingar en eðlilegt má telja, að iðnaðarstéttin geti sætt sig við svo skyndilega. Því er að vísu haldið fram, að þetta sé beint framhald af því, sem þegar er komið inn í frv., eins og það er á þskj. 460, í 1. gr. þess. En eins og ég gat um áðan, þá tel ég, að 1. gr. þess sé þannig orðuð, að það komi ekki til mála á grundvelli hennar að gera slíkar stórkostlegar skyndibreytingar á almennu iðnnámi samkv. iðnfræðslulögunum, en hins vegar sé 1. gr., svo sem ég hef þegar getið um, hinn gullni meðalvegur með það svigrúm, sem þeir hafa, sem þessum málum veita forstöðu, til þess að vinna að þeim breytingum, sem nauðsynlegar kunna að verða og breyttir tímar gera æskilegar.

Við vorum í hv. d. núna nýlega að ræða um verulega vernd fyrir vissa stétt í þessu þjóðfélagi, — stétt, sem hefur lagt mun minna á sig til þess að afla sér þekkingar og hæfni til þess að vinna sín störf en segja má almennt um iðnaðarmenn, sem numið hafa samkv. iðnfræðslulögunum. Það væri að mínu áliti nokkuð óeðlilegt, sömu dagana og hv. d. samþykkir vernd handa leigubifreiðarstjórum á vissum stöðum á landinu, ef hún samþykkti jafnframt slíkar stórkostlegar breytingar á þýðingarmiklum hagsmunamálum miklu fjölmennari og stærri stéttar en leigubifreiðarstjórar geta talizt.

Af öðrum breytingum, sem hv. meiri hl. iðnn. hefur gert við 1. gr. frv., eins og það er á þskj. 460, hef ég tilhneigingu til að samþykkja að öðru jöfnu a. m. k. eina, þ. e. a. s., ég tel, að það sé að ýmsu leyti eðlilegra, að iðnskólarnir heyri undir menntmrh., í stað þess að samkv. frv. er gert ráð fyrir, að þeir heyri undir iðnmrh. En aðrar breytingar, sem hv. meiri hl. iðnn. gerir tillögur um, tel ég ekki þess eðlis, að ég telji nauðsynlegt að vera þeim samþykkur, eða er þeim beinlínis andvígur. Ég tek til dæmis þá breytingu, er hv. meiri hl. iðnn. leggur til að gerð verði á 2. gr., að nemendum, sem uppfylla viss skilyrði, sé heimilt að stytta sitt bóklega nám. Ég tel eðlilegt, að þær breytingar verði settar í reglugerð iðnskólanna, en sé ekki beinlínis nauðsynlegt að hafa þær í löggjöf. Breytingarnar á skólastjórn iðnskólanna tel ég ekki vera til mikilla bóta og hallast heldur að þeirri tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir, eins og það er á þskj. 460.

Það er vitað, að í dag vinnur við ýmiss konar iðjustarfsemi mikill fjöldi manna. Og það er auðvitað bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, að sú stétt fái hina beztu menntun til sinna starfa, sem hægt er að veita, og það er líka gert ráð fyrir því í frv., eins og það er á þskj. 460, að iðnskólarnir geti haldið námskeið til framhaldsnáms fyrir þá, sem eru í ýmiss konar iðnnámi og annarri iðnaðarstarfsemi. Er þar opnaður möguleiki fyrir því, að iðnaðarskólarnir, þeir sem aðstöðu hafa til þess og á þeim stöðum, þar sem sérstök þörf er á, geti veitt fræðslu, verklega og bóklega, fyrir þá, sem við iðju fást. Að vísu má segja, að það sé e. t. v. rétt að veita fulltrúum þeirra, sem iðju stunda, einhverja íhlutun um skólastjórnina í iðnskólum almennt. En þar sem þetta námskeið, sem gert er ráð fyrir að iðnaðarskólarnir veiti iðjufólki, er enn þá á byrjunarstigi og þar sem ekki er alveg séð fyrir nú, hvaða aðstöðu almennt iðnskólarnir, og sérstaklega iðnskólinn hér í Reykjavík, koma til með að hafa til þess að veita iðjufólki slíkt nám, þar sem ekki er enn þá séð fyrir, hvað mikið rúm og hvað góð aðstaða þarf að vera til þess að fullnægja þeim þörfum iðnaðarnemenda, þá tel ég eðlilegt, að það verði fyrst fengin reynsla um, hvernig það gengur með þeim aðstæðum, sem nú eru fyrir hendi í dag, að sjá iðnnemendum fyrir þörfum sínum um bóklegt og verklegt nám samkv. því frv., sem hér er lagt fram á þskj. 460, og síðan þoka því áfram að veita iðjufólki þá beztu mögulegu aðstöðu til náms við iðnaðarskólana. Sýni það sig, að sú aðstaða, sem þar er fáanleg, sé ekki nægileg, þá verður auðvitað að gera sérstakar ráðstafanir til þess að skapa betri aðstöðu því fólki, sem við iðju vinnur, Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki sérstaklega æskilegt til þess að koma góðu framtíðarskipulagi á þessi mál að veita þessum tveim aðilum, iðnaðarmönnum og iðjufólki, strax yfirstjórn iðnaðarskólanna. Ég tel eðlilegra, að þeir komist á fastari grundvöll sjálfir fyrst og síðan verði sú aðstaða, sem þar kann að vera til staðar, eftir að búið er að fullnægja þörfum iðnaðarmannanna, notuð til hins ýtrasta til að fullnægja þeim þörfum, sem iðjufólkið hefur.

Nú háttar þannig til, eins og ég gat um upphaflega, að þeir aðilar, sem þessi mál þekkja bezt, telja allmikla nauðsyn til þess, að löggjöf verði sett um þessi mál á þessu þingi, og þess vegna hef ég lagt til, að málinu verði ekki stefnt í voða með því að samþykkja mjög veigamiklar breytingar á þessu stigi, enda var hv. frsm. sömu skoðunar um nauðsyn þess, að málið næði fram að ganga. Hann lýsti því yfir, að hann mundi ekki greiða atkv. á móti frv. óbreyttu, þ. e. a. s., að hann mundi ekki greiða atkv. á móti frv., þó að allar brtt. meiri hl. hv. iðnn. Ed. yrðu felldar. Virðist mér þar fallizt á þau sjónarmið í stórum dráttum, sem minni hl. iðnn. hafði við afgreiðslu málsins í n., að láta sitja í fyrirrúmi nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur nú haldið hér langa ræðu og hv. frsm. minni hl. einnig nokkuð langa.

Minni hl. leggur til, að frv. verði í aðalatriðum samþykkt óbreytt, en meiri hl. vill gera á því allvíðtækar breytingar.

Ég fer ekki út í það að svara hv. meiri hl. orði til orðs. Það yrði of langt mál og líka óþarfi. En það er afleitt, hvað fáir af hv. þdm. eru viðstaddir til þess að hlusta á þann málaflutning, sem hér fer fram. Það má vera, að hv. þm. hafi gert sé glögga grein fyrir þessu og þurfi ekki að hlusta á umræður um málið, en vissulega færi nú betur á því að svo væri. **(Forseti:** Óskar ráðherrann eftir, að umr. sé frestað?) Ég mundi að sjálfsögðu gera það, ef von væri um, að fleiri hv.

þm. yrðu við á næsta fundi. Ég tel ákaflega þýðingarlítið að vera að halda hér ræðu í þessu máli, nema hv. þm. séu til staðar til þess að hlusta á, og af því að hér er um það að ræða, hvort á að gera veigamiklar breytingar á frv. eða láta það fara fram óbreytt, þá óska ég eindregið eftir því að mega ná eyrum hv. þm. Ég held, að frv. ætti ekki að vera stefnt neitt í hættu fyrir það, þó að umr. yrði jafnvel frestað til mánudags.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Þá er enn til umr. frv. um iðnskóla hér í þessari hv. d. Hv. meiri hl. hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins og einnig hv. minni hl., sem mælir með frv. óbreyttu.

Ég verð að segja, að ég er dálítið undrandi yfir afgreiðslu meiri hl. á þessu máli, og ég er sérstaklega undrandi yfir því, hvernig meiri hl. kemst að þeirri niðurstöðu, sem hann hefur fengið. Ef hv. þdm. hafa lesið nál. meiri hl. og gera sér síðan grein fyrir þeim forsendum, sem nál. er byggt á, þá verður ekki hjá því komizt að sannfærast um, að meiri hl. hefur dregið algerlega skakka ályktun, miðað við þær forsendur, sem nál. er byggt á, og skal ég færa rök að því.

Í 2. málsgr. nál. er tekið svo til orða:

„Þótti n. því rétt að senda frv. til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Félags ísl. iðnrekenda, iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands og fræðslumálastjóra, þar sem hún leit svo á, að mál þetta snerti allmikið alla þessa aðila, en iðnn. Nd. hafði hvorki kvatt þessa aðila til viðræðna um málið né sent þeim það til umsagnar. Hins vegar hafði hún rætt málið við Landssamband iðnaðarmanna og fengið auk þess umsögn Iðnnemasambands Íslands."

Út af þessum ummælum er nauðsynlegt að taka það fram, vegna þess að hér er farið algerlega með rangt mál, að iðnn. Nd. kvaddi á sinn fund oftar en einu sinni formann Landssambands iðnaðarmanna, formann iðnfræðsluráðs, skólastjóra iðnskólans í Reykjavík og fyrrv. skólastjóra, auk þess óskaði n. umsagnar Landssambands iðnaðarmanna um allar brtt. við frv. Er greinargerð Landssambands iðnaðarmanna til n. dagsett 7. marz 1955, og býst ég við, að hv. iðnn. Ed. hafi átt kost á því að kynna sér þau svör og vitanlega að fá þau, ef Landssamband iðnaðarmanna hefði verið kvatt til umsagnar. Þá hafði 16. iðnþing, sem háð var á s. l. sumri, leyfi iðnmrh. til þess að fjalla um frumdrög að frv. til laga um iðnskóla. Var frv. einróma samþ., en sæti á iðnþinginu eiga 64 fulltrúar iðnaðarsamtaka í landinu, þar á meðal allir skólastjórar iðnskólanna auk fulltrúa frá öllum iðnaðarmannafélögunum. Hafði því farið fram mjög víðtæk athugun á frv., og mjög víðtækt samkomulag hafði náðst um frv. í Nd., þegar Nd. afgr. það, meðal þeirra mörgu, sem málið varðar.

Svo að vikið sé aftur að þeim aðilum, sem iðnn. Ed. sendi frv. til umsagnar, þá er það nýmæli, að Vinnuveitendasamband Íslands fjalli um iðnaðarlöggjöf. Er þó ekkert við því að segja, enda skildi Vinnuveitendasambandið fyllilega, hvað það þýðir að hafa iðnskóla og hvað löggjöf um hann þýðir, og svar Vinnuveitendasambandsins við fyrirspurnum, sem formaður iðnn. Ed. sendi, snerust algerlega í þá átt að mæla með frv. óbreyttu. En það er eigi að síður nýmæli að senda Vinnuveitendasambandi Íslands spurningar í sambandi við löggjöf um iðnskóla, því að þeir af vinnuveitendum, sem eru í iðnaði og sameinast um kaup- og kjaramál, eru einnig í Landssambandi iðnaðarmanna. Meðal málefna Landssambandsins eru fræðslumál iðnaðarmanna, en kaup- og kjaramál eru ekki rædd innan þess. Verksmiðjueigendur í Félagi ísl. iðnrekenda eru yfirleitt ekki iðnaðarmenn, eins og kunnugt er, og hafa ekki iðnaðarmenn í þjónustu sinni, svo að nokkru nemi, og eiga því ekki aðild að lögum um iðnskóla. Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands á fulltrúa í iðnfræðsluráði, og auk þess á einn nefndarmanna í iðnn. Nd. sæti í iðnsveinaráði Alþýðusambandsins, Eggert Þorsteinsson, sem mælti með frv. óbreyttu. Má ætla, að hann hafi talað þar í umboði iðnfræðsluráðsins.

Vegna villandi frásagnar í nál. skal það tekið fram, að iðnn. Ed. hefur engan fund átt með formanni Landssambands iðnaðarmanna, skólastjóra iðnskólans í Reykjavík né fyrrv. skólastjóra. Hins vegar hefur formaður nefndarinnar einn rætt við áðurnefnda aðila, og í öll skiptin hafa verið borin fram ákveðin mótmæli gegn brtt. hans, og fyrirspurnir voru sendar til Vinnuveitendasambands Íslands, Félags ísl. iðnrekenda, iðnsveinaráðs Alþýðusambandsins og fræðslumálastjórnarinnar. Í nál. stendur: „Að fengnum þeim upplýsingum, sem fengizt hafa í fyrrnefndum umsögnum og viðtölum, þykir meiri hl. rétt að leggja til, að gerðar verði verulegar breytingar á frv." Það er hér um harla einkennilega niðurstöðu að ræða, að það skuli þykja endilega rétt að gera allvíðtæka breytingu á frv. eftir að hafa rætt við þessa aðila, sem hafa staðfest það og óska eindregið eftir því, að frv. verði samþykkt óbreytt. En það var einn aðili, sem óskaði eftir, að frv. væri breytt verulega, og það var Iðnnemasambandið. Skal ég ekki gera lítið úr því, að taka megi nokkurt tillit til óska Iðnnemasambandsins, en ég ætla þó, að fáir muni þeir hv. þm. vera, sem telja, að það sé eðlilegast, að nemendurnir hafi mest að segja um fyrirkomulag kennslu í skólum. Ég hygg, að mönnum muni frekar finnast eðlilegt, að kennararnir, skólanefndirnar og aðrir, sem meiri þekkingu hafa á þessum málum en nemendurnir, hafi þar nokkuð að segja, en það eru þeir aðilar, sem vilja fá frv. fram óbreytt og eru á móti breytingum meiri hl. Það er Iðnnemasambandið, sem vill fá frv. breytt og er með breytingum meiri hl. Það er á þessum forsendum, sem nál. meiri hl. og brtt. eru byggðar, og eru þær harla einkennilegar og munu ábyggilega lengi verða í minnum hafðar. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé eðlilegt að taka meira tillit til, hvað kennarar, skólastjóri og fyrrverandi skólastjóri og skólanefnd leggja til þessara mála, svo og Landssamband iðnaðarmanna og iðnaðarmennirnir sjálfir, sem hafa nú um áratugi haldið skóla og haft forustu um iðn-

menntunina í landinu til þessa dags. Ég verð að segja, að það er mikið vanþakklæti, sem hv. Ed. Alþ. ætlar að sýna iðnaðarmannastéttinni í dag, ef hún ætlar ekki á neinn hátt að taka tillit til þeirrar reynslu, sem þessir aðilar hafa fengið á s. l. 50 árum í rekstri iðnskóla í landinu og iðnaðarmenntun, og byggja skólalöggjöfina á því, sem Iðnnemasambandið sérstaklega óskar eftir. Það er ekki sæmandi fyrir hv. Alþ. að afgr. löggjöf á þeim forsendum.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp nokkur ummæli aðila, sem ég tel að hafi meira að segja í löggjöf um iðnskóla á Íslandi en Iðnnemasambandið, þótt ég vilji vitanlega taka nokkurt tillit til þess. Hvað segir t. d. iðnfræðsluráðið, með leyfi hæstv. forseta? Formaður iðnfræðsluráðs skrifar svo hljóðandi:

„Ég hef átt þess kost að sjá brtt. iðnn. efri deildar á þskj. nr. 609 við frv. til laga um iðnskóla. Mér virðist í fljótu bragði, að sumar tillögurnar séu þýðingarlitlar, aðrar ótímabærar og enn aðrar til hins verra frá því, sem er í frumvarpinu.

Þá eru í tillögunum ákvæði, sem vægast sagt er hæpið að staðizt geti að setja inn í lög um iðnskóla, en ættu frekar heima í lögum um iðnfræðslu, og er þar einkum átt við tillögu nr. 2.

Þá verður það að teljast óeðlilegt að setja iðnskóla undir menntmrn.“ — Ég fyrir mitt leyti hef nú ekkert við það að athuga. Ef það er stefna þingsins, að allir skólar eigi að vera undir menntmrn., þá er það frá mínu sjónarmiði algert aukaatriði. Hitt er vitanlega aðalatriðið, hvernig löggjöfin er í sjálfu sér, en ekki það, hvort það er í dag Ingólfur Jónsson eða Bjarni Benediktsson, sem hefur yfir skólunum að segja. Ég ætla þess vegna ekki að gera þá till. að neinu umræðuefni í sambandi við þetta mál. „— — setja iðnskóla undir menntmrn., m. a. frá því sjónarmiði, að bændaskólar, sjómannaskóli og fleiri slíkir sérskólar heyra undir ráðuneyti viðkomandi atvinnugreina“. — Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. sagði, að allir nm. í meiri hl. væru þeirrar skoðunar, að stefna bæri að því að koma öllum skólum í landinu undir menntmrn. Þá ber að skilja það svo, að búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. N-M., vilji, að bændaskólarnir komist undir menntmrn., en verði ekki lengur í landbrn., ef ummæli frsm. eru rétt. Það getur vel verið, að það reyni á það seinna. — „Margt fleira hef ég við brtt. þessar að athuga, en vegna naums tíma skal ekki farið út í það nú.

Vegna framgangs málsins á þessu þingi teldi ég æskilegt, að núverandi till. yrðu allar felldar í Ed., þar sem afgreiðslu málsins yrði annars teflt í tvísýnu, því að iðnskólunum er alveg nauðsynlegt að fá nú þegar löggjöf um starfsemi sína, þó að hún geti að sjálfsögðu síðar staðið til bóta.“

Þetta segir nú iðnfræðsluráðið.

Þá er hér bréf frá Vinnuveitendasambandinu í sambandi við fyrirspurnir formanns, og eru þær, eins og hv. frsm. meiri hl. lýsti hér í umræðunum á föstudaginn, að Vinnuveitendasambandið telur eðlilegt, að frv. verði samþykkt óbreytt, þótt það gæti fallizt á brtt. að einhverju leyti, þó að þeim spurningum, sem hv. meiri hl. bar fram, hafi verið svarað þar algerlega neitandi. Ég tel ekki ástæðu til þess að lesa þetta svar upp, vegna þess að formaður meiri hl. gerði það í framsöguræðu sinni.

Þá er skólastjóri iðnskólans í Reykjavík. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa hér upp ummæli hans um frv.:

„Skólanefnd iðnskólans í Reykjavík hefur kynnt sér brtt. þær við frv. til laga um iðnskóla, er meiri hl. iðnn. efri deildar Alþingis hefur borið fram. Einnig hefur nefndin kynnt sér greinargerð Landssambands iðnaðarmanna varðandi þessar tillögur og telur, að þar komi í meginatriðum fram þau rök, sem mæla gegn tillögunum. Nefndin telur, að ef tillögur þessar yrðu samþ., væri frv. þar með mjög spillt, og beinir því hér með þeirri áskorun til hins háa Alþingis, að það felli þessar tillögur og samþykki frv. til laga um iðnskóla óbreytt eins og það nú liggur fyrir á þingskjali 460.“

Fyrrverandi skólastjóri iðnskólans, Helgi Hermann Eiríksson, er ekki í landinu núna, en hann talaði við mig, áður en hann fór, og hann sagði: „Ég vil heldur, að frumvarpið verði ekki að lögum á þessu þingi, en að það verði samþykkt með þessum tillögum.“ Hann með sína löngu reynslu að baki telur, að lögin væru óframkvæmanleg eins og þau yrðu, ef brtt. yrðu samþykktar, — óframkvæmanleg kostnaðarins vegna og af mörgum öðrum ástæðum.

Þá er það iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands. Hér eru ummæli þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands hefur kynnt sér nál. meiri hl. iðnn. efri deildar, þskj. 609, um frv. til laga um iðnskóla á þskj. 460. Þar sem skilja má nál. meiri hl. svo, að brtt. hans séu byggðar á tillögum og ábendingum þeirra aðila, er nefndin leitaði til og tilgreindir eru í álitinu, þ. á m. iðnsveinaráðsins, viljum vér ekki láta hjá líða að mótmæla þessu að því er oss varðar. Brtt. meiri hl. styðjast ekki á nokkurn hátt við þá umsögn, er vér létum hv. iðnn. í té, en ganga í veigamiklum atriðum í bága við álit vort, auk þess sem gengið er gersamlega fram hjá því, er vér lögðum megináherzlu á, sem sé því, að ekkert það yrði gert, er teflt gæti afgreiðslu frv. í hættu á yfirstandandi þingi. Þvert á móti sýnist oss afgreiðslu frv. stefnt í beinan voða, þar sem óhugsandi er, að samkomulag náist um frv. í þeirri mynd, er meiri hl. leggur til.

Þá virðist augljóst af brtt. meiri hl. nefndarinnar, að ekki sé að því stefnt að efla iðnfræðsluna og auka iðnmennt í landinu, svo sem fullkomin þörf er á. Þvert á móti er ekki annað sjáanlegt en fyrir honum (meiri hlutanum) vaki að drepa iðnfræðslunni á dreif, þenja verksvið iðnskólanna langt út yfir skynsamleg takmörk og brjóta niður þann grundvöll, er iðnfræðslan í landinu hefur hvílt á og markaður er í lögum nr. 46/1949. En í veigamiklum atriðum brjóta brtt. meiri hl. gersamlega í bága við ákvæði *nefndra laga, auk þess sem ýmis atriði þeirra* eru lítt skiljanleg, svo sem það að iðjuverkafólk fái sveinsbréf, og fleira í líkum dúr.

Iðnsveinaráðið leyfir sér því að mótmæla brtt. meiri hl. iðnn. í heild, en sérstaka áherzlu leggj-

um vér á mótmæli vor gegn 1., 2., 3. og 4. brtt. meiri hl., af eftirgreindum ástæðum sér í lagi:

1) Fyrst og fremst verður að gera þær kröfur til iðnskólanna, að þeir veiti verðandi iðnaðarmönnum fullnægjandi fræðslu. Það verkefni, ef rækt væri sem skyldi, er það umfangsmikið, að ekki er líklegt, að iðnskólarnir geti á næstunni sinnt öðrum verkefnum. Hlýtur því að vera mjög varhugavert að skylda þá til þess að láta fjarskyldum starfsgreinum í té þjónustu, auk þess sem allan grundvöll vantar fyrir slíka fræðslu, þar sem íslenzk löggjöf krefst ekki sérmenntunar fyrir iðjuverkafólk. Ef hins vegar þætti ástæða til að taka upp slík ákvæði, eiga þau að sjálfsögðu heima í lögum um iðju og iðnað, en ekki í lögum um iðnskóla.

2) Verklegt og bóklegt nám iðnnema er svo náskylt, að óhugsandi er að slíta það í sundur eða telja þann, er lokið hefur öðru hvoru, fullgildan iðnaðarmann. Auk þess er lítt hugsandi og mjög varhugavert að gera aðrar kröfur til þeirra, er nám stunda í iðnskóla, en hinna, er stunda það samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1949, enda hljóta allir að sjá, hve ranglátt væri að skylda þann, er réðist til náms samkvæmt nefndum lögum, til þess að vera við verklegt nám í 3—5 ár, áður en hann fengi að ganga undir sveinspróf, en leyfa hinum, er eingöngu stundaði bóklegt nám í iðnskóla, að ganga undir próf, er veitti sömu réttindi, án þess að einu sinni sé tryggt, að síðarnefnda prófið sé samsvarandi við sveinspróf þau, sem ákveðin eru í lögum 1949, enda mun það óþekkt á öðrum sviðum, svo sem hjá vélstjórum og lögfræðingum, svo að dæmi séu tekin, að menn fái að ganga undir próf í þessum sérgreinum, þótt þeir hafi stundað hluta námsins. Stefna ber að því að fella niður í iðnskólunum kennslu í almennum námsgreinum, en miða kennsluna í þess stað við það sérnám, er hentar hverri iðngrein. Af þessum sökum er sjálfsagt, að miðskólapróf verði inntökuskilyrði í iðnskólana, svo að tryggt sé, að nemendur hafi áður hlotið nauðsynlega kennslu í hinum almennu námsgreinum.

Vér sjáum ekki ástæðu til á þessu stigi að gera ýtarlegri grein fyrir mótmælum vorum gegn brtt. meiri hl. iðnn., en vísum að öðru leyti til umsagnar þeirrar, er vér létum hv. iðnaðarnefnd í té um frv. eins og það kom frá hv. neðri deild.

Að lokum leyfum vér oss að skora á hv. þd. að samþykkja frv. óbreytt í meginatriðum eins og neðri deild gekk frá því og minni hl. iðnaðarnefndar leggur til og alveg sérstaklega að gera ekki á frv. neinar þær breytingar, er raskað geti þeim grundvelli, er iðnfræðslan er byggð á samkv. lögum nr. 46/1949, sem byggt er á víðtæku samkomulagi, sem náðist í milliþn., er það frv. sendi frá sér."

Þetta eru ummæli og athugasemdir iðnsveinaráðsins við frv.

Þá er Landssamband iðnaðarmanna. Það sendir langt og ýtarlegt bréf. En vegna þess að ég tel, að þessir aðilar með sinni reynslu um iðnaðarmenntun hafi nokkuð að segja og það sé skylt að taka tillit til þeirra að nokkru, vil ég eigi að síður lesa a. m. k. kafla upp úr þessu bréfi frá Landssambandi iðnaðarmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Oss hefur borizt í hendur nál. frá meiri hl. iðnn. efri deildar Alþingis um frv. til laga um iðnskóla ásamt brtt. þeim, er meiri hl. n. ber fram við frv. Varðandi brtt. þessar viljum vér taka fram eftirfarandi:

Í nál. er tekið fram, að brtt. miði að því að gera fyrirmæli laganna skýrari og ákveðnari, en þessar brtt. stefna þó í þveröfuga átt. Má þó greina þær tvær breytingar frá frv., að ætlazt er til þess, að skólarnir taki að sér að annast þá verklegu kennslu, sem iðnmeistarar hafa hingað til annazt, og einnig, að iðnskólarnir séu opnaðir fyrir iðnverkafólki því, sem hingað til hefur eigi verið krafizt sérnáms af.

Iðnskólarnir hafa engin tök á því að taka að sér kennsluhlutverk iðnmeistara í náinni framtíð. Iðnnemar eru nú um 1300 að tölu samkvæmt upplýsingum iðnfræðsluráðs, og eru þeir við nám í nær 50 iðngreinum af þeim 60, sem hér eru löggiltar. Stofnkostnaður við að byggja vinnustofur og kaupa allar nauðsynlegar vélar og kennslutæki mundi fremur nema hundruðum en tugum milljóna. Kennarar við verknámið þyrftu að skipta hundruðum. Til þess að tryggja nemendum nægilegt námsefni þyrfti ríkið að gerast mjög umsvifamikill verktaki í iðnaði og þyrfti þá einnig að hafa þúsundir verkamanna í sinni þjónustu. Þyddi það raunverulega, að ríkisrekstur yrði á verulegum hluta iðnaðarins í landinu. Er vægast sagt full ástæða til þess að hugsa sig tvisvar um, áður en flanað er að nokkru í þessu efni.

Iðnrekendur eru nú farnir að tala um nauðsyn þess, að iðnverkafólkið þurfi að fá sérmenntun í skóla. Annars hefur það eitt með öðru verið til þessa talið verksmiðjuframleiðslunni til gildis, að við hana væri hægt að nota ólært verkafólk, sem væri miklu ódýrara vinnuafl en lærðir iðnaðarmenn, og yrði framleiðslan því miklu ódýrari. Hlýtur hið sama að verða upp á á teningnum framvegis, að verksmiðjuframleiðslan verði að byggja á mikilli verkaskiptingu og geri kleift að nota ódýrt vinnuafl. Hins vegar geta iðnrekendur fengið nóg af iðnaðarmönnum til þess að vinna hin vandasamari störf. Vissulega þarf svo iðnverkafólkið að fá nokkra æfingu við störf sín, en hana verður það að fá í verksmiðjunum sjálfum, nema menn vilji láta ríkið setja upp sérstakar skólaverksmiðjur og hefja þar með verksmiðjurekstur í stórum stíl, en það á ekki að vera og getur ekki verið í neinu sambandi við iðnskólana. Fjögurra ára iðnaðarnám á enga samleið með fárra mánaða námskeiðum, þar sem kennd eru óskyld eða ólík störf. Þannig er engu nær að fela iðnskólum að annast kennslu iðnverkafólks en t. d. að fela vélstjóraskólanum að annast kennslu til meira prófs bifreiðarstjóra eða annað þess háttar. Verkleg hæfnispróf fyrir hina svonefndu „fúskara" eða „gervimenn" eru af fróðustu mönnum talin nær eða alveg óframkvæmanleg, þar sem prófun í verkkunnáttu þeirra yrði að vera mjög svo víðtæk til þess að vera viðunandi. Þess ber að gæta, að menn geta ekki stundað verklegt nám án tilsagnar, þótt þeir geti þannig numið hin

bóklegu fræði. Því fylgir og veruleg þjóðfélagsleg áhætta að veita mönnum rétt til þess að stunda ýmis vandasöm og veigamikil störf án þess að hafa tryggingu fyrir, að þeir kunni að leysa þau af hendi. Vegna þjóðfélagslegs öryggis er talið nauðsynlegt að veita mönnum eigi réttindi til skipstjórnar, vélstjórnar, flugstjórnar eða bílstjórnar, svo að nokkur dæmi séu nefnd, án þess að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi sínu með eðlilegum hætti. Engu síður er af öryggisástæðum nauðsynlegt að tryggja, að menn fái eigi rétt til þess að byggja hús, nema þeir kunni það, svo að fullnægi þeim öryggiskröfum, sem gerðar eru, eða að menn fái eigi rétt til þess að setja niður og ganga frá vélum í verksmiðjum, nema þeir kunni það, svo að eigi valdi stórslysum, svo að dæmi séu nefnd úr iðnaðinum. Ef till. þessi yrði samþ., mundu menn og hætta að nema iðn samkv. námssamningi, en reyna í þess stað að öðlast með sem hægustu móti einhverja hálfkunnáttu, ef þeir gætu með því slampazt í gegnum próf. Er ljóst, að samþykkt till. mundi brátt rýra verulega verkþekkinguna í landinu. Iðnskólarnir hafa enga aðstöðu til þess að framkvæma verkleg hæfnispróf, og samkv. ákvæðum iðnfræðslulaganna eiga prófnefndirnar að annast framkvæmd verklegra prófa. Umrædd till. kollvarpar einnig ýmsum öðrum ákvæðum iðnfræðslulaganna, og er furðulegt, að hún skuli koma fram í sambandi við frv. til l. um iðnskóla, þar sem hún á alls ekki heima, heldur hefði átt að bera hana fram sem brtt. við iðnfræðslulögin.

Oss virðist engin ástæða til þess að fella niður úr frv. heimildina til þess að koma á hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnnám, enda teljum vér, að þau geti verði æskileg. Í 1. og 2. bekk iðnskólanna eru kenndar undirbúningsteikningar, teikniskrift og fleira, sem nemendur verða að hafa lært undir 3. bekk. Þessar námsgreinar eru ekki kenndar í öðrum skólum, og er því ekki hægt að taka nemendur úr þeim, jafnvel ekki menntaskólum eða háskólum, í hvaða bekk sem er. Hitt hefur verið venja, að nemendur hafa ekki þurft að sitja í tímum í þeim námsgreinum, sem þeir hafa lært og kunna. Fyrirmæli um þetta eru því óþörf í lögum og eiga þar ekki heima, heldur ætti þá að setja þau í reglugerð með öðrum námsreglum, ef þess yrði talin einhver þörf.

Vér teljum nauðsynlegt að hafa ákvæði 4. gr. frv. í lögunum, og því leggjum vér á móti því, að greinin verði felld burt."

Svo tala þeir hér um, hvort skólinn skuli heyra undir iðnmrh. eða menntmrh. Þeir vilja heldur, að hann heyri undir iðnmrh. áfram. Eins og ég sagði áðan, finnst mér það ekki neitt aðalatriði, hvort sú till. er samþ. eða felld, því að það hefur ekki nein áhrif á heildarlöggjöfina eða framkvæmd skólans, og geri ég það ekki frekar að umtalsefni.

„Iðnaðarmannafélögin hafa haft forgöngu um stofnun þeirra iðnskóla, sem hér hafa verið settir á stofn, og þau hafa haft með höndum stjórn þeirra og annazt rekstur þeirra. Iðnaðarmenn hafa og borið allverulegan hluta rekstrarkostnaðar skólanna með skólagjöldum þeim, er iðnmeistarar hafa greitt og þeim er ætlað að halda áfram að greiða. Í frv. er og iðnaðarmannafélögunum tryggður áframhaldandi réttur til þess að geta haft forgöngu um stofnun iðnskóla. Flutningsmenn till. viðurkenna að rétt sé, að iðnaðarmenn eigi sæti í skólanefndunum, en nefndir aðilar hafi betri aðstöðu og kunnugleika til þess en iðnaðarmannafélögin að velja þar til hæfa menn. Vér teljum að öllu athuguðu bæði mjög óviðurkvæmilegt og rangt að svipta iðnaðarmannafélögin þeim rétti til að kjósa fulltrúa í skólanefndir, sem þau eiga að hafa samkv. frv.

Framhaldsnám það, er um ræðir í IV. kafla frv., er aðeins ætlað þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni, sbr. 12. gr., en til slíkrar verkstjórnar þarf meistararéttindi. Meistararéttindi geta engir fengið, nema þeir hafi áður sveinsréttindi og séu því iðnaðarmenn. Till. þessi fellur því um sjálfa sig. En vér leggjum einnig gegn öllum tilraunum til þess að veita öðrum en iðnaðarmönnum aðgang að þessu framhaldsnámi.

Réttinda þeirra, er iðnskólakennurunum á að tryggja með 15. gr. frv., njóta allir aðrir kennarar" — þ. e. frí eftir tíu ára kennslustörf — „í þjónustu íslenzka ríkisins, sbr. að gr. þessi er samhljóða 23. gr. laga nr. 34 frá 29. apríl 1946, 39. gr. laga nr. 48 frá 7. maí 1946" — og fleiri lög vitna þeir í. „Og það má segja, að ef kennarar við aðra skóla fá þessi réttindi, þá sé eðlilegt, að kennarar við iðnskólann fái þau líka. Hins vegar er það kannske óeðlilegt, að nokkrir kennarar fái þessi réttindi. En það er eðlilegt, að það sé haft samræmi í þessu hvað iðnskólann snertir, miðað við aðra skóla.

Vér höfum þá gert grein fyrir afstöðu vorri til þeirra brtt., er fylgdu fyrrgreindu nál. og vér teljum máli skipta. Leggjum vér eindregið á móti því, að tillögur þessar verði samþykktar, og teljum vér, að ef þær næðu fram að ganga, þá væri frv. þar með spillt svo mjög, að vér óskum þess eindregið, að frv. verði stöðvað, ef þessar tillögur reynast hafa nægilegt þingfylgi."

Það eru þá sömu ummæli frá Landssambandi iðnaðarmanna og hv. fyrrverandi skólastjóra iðnskólans í Reykjavík, að ef þessar till. frá meiri hl. iðnn. efri deildar verða samþykktar, þá vilja þeir ekki fá frv. fram í þeirri mynd, og verður þá að sjálfsögðu orðið við ósk iðnaðarmannanna í landinu um að stöðva málið. En við skulum vona, að það komi ekki til. Við skulum vona, að þó að meiri hl. iðnn. í þessari hv. d. hafi borið fram brtt. á þskj. 609, sem miða að því að spilla frv. að áliti allra þeirra, sem þessum málum eru kunnugastir, að hv. d. felli þessar till. og að frv. verði samþ. með litlum eða engum breytingum. Mér þótti líka vænt um að heyra það hjá hv. frsm. meiri hl., að hann taldi, að þetta væru smávægilegar breytingar, sem meiri hl. flytur, og hann lýsti því yfir, að hann mundi fylgja frv. út úr d., þótt þessar till. hans og meiri hlutans væru allar felldar. Mér þótti vænt um þessi ummæli, vegna þess að það gefur til kynna, að meiri hl. leggur ekki eins mikið kapp á þessar till. og ætla mætti.

Fyrst þegar þetta frv. kom hér í Ed. nú í vetur, þá kölluðu hv. þm. Barð. og hv. þm. Str.

mig á sinn fund til þess að ræða um frv. Mér heyrðist á þeim þá, að þeir teldu nauðsynlegt að gerbylta frv., eins og hv. þm. Barð. orðaði það, því að það væru mörg atriði í því, sem væru þannig vaxin, að það þyrfti alveg gerbreytingar við, enda var ákveðið frá hans hendi í byrjun að flytja miklu víðtækari brtt. en hann hefur nú flutt. Og ég hygg, að við umræður um málið og nánari athugun eigi hv. þm. Barð. eftir að sannfærast um það, að eins og hann hefur dregið úr sínum upphaflegu till., sem hann ætlaði sér að flytja, þegar hann talaði um að gerbylta frv., eins muni hann nú draga úr ummælum sínum um frv. eins og það kom frá Nd. og jafnvel fallast á, eins og hann reyndar lýsti hér yfir s. l. föstudag, að hann mundi samþykkja frv. óbreytt og sætta sig við það, ef brtt. yrðu felldar. Þetta þykir mér sérstaklega vænt um, því að það er alveg augljóst mál, að hv. þm. hefur kynnt sér frv. um iðnskóla, sem hér liggur fyrir til umr., allýtarlega og þekkir það nú miklu betur en fyrst þegar það kom hér í hv. d., þegar hann viðhafði hin stóru orðin um frv. Ég veit líka, að hv. þm. Barð. er það sanngjarn, að þegar hann setur sig inn í eitthvert mál, þá vill hann hafa það, sem bezt reynist og réttast er að athuguðu máli. Hitt kom mér svo alveg á óvart, að hv. þm. Str. og hv. þm. N-M. skyldu velja hv. þm. Barð. fyrir trúnaðarmann sinn í þessu máli, því að það er ekki annað að sjá en að þeir hafi falið honum alla forustu í málinu. Hann talaði við nokkra aðila um frv., ekki í umboði sínu, heldur í umboði nefndarinnar, og það er ekki nema eðlilegt, að mér kæmi á óvart, að hv. þm. Barð. hefði svona mikið traust hjá þessum hv. þm. En það er mér sannarlega gleðiefni, að svo er komið, að þeir hv. þm. Str. og hv. þm. N-M. gefa sig algerlega á vald ekki verri manni en hv. þm. Barð. Ég tel, að það geti verið til mikilla bóta fyrir framtíðina hér í þessari hv. d., ef það gæti orðið þannig áfram.

Það hefur verið vikið að því hér í þeim umsögnum, sem ég hef lesið upp hér, að ýmislegt af þessum till. frá meiri hl. n. ætti betur heima í iðnlöggjöfinni en í lögum um iðnskóla, og það er alveg rétt. Einnig af þeim ástæðum er síður ástæða til þess að samþykkja brtt. meiri hl., vegna þess að flestar af þeim kæmu betur heim við iðnaðarlöggjöfina í heild en við frv. um iðnskóla. Hv. þm. Barð. gæti beitt sinni atorku og sínum áhuga að því að endurskoða iðnaðarlöggjöfina í heild frekar en að vera að koma með svona víðtækar brtt. við frv. um iðnskóla.

Hv. þm. Barð. sagði í framsöguræðu sinni, að þessar brtt. væru ekki veigamiklar. En það er nú ekki rétt, þær eru veigamiklar. Og án þess að ég sé að væna hann um tvöfeldni í þessu efni, þá verður að álykta, að ef till. væru eins veigalitlar að hans áliti og hann vildi vera láta í sinni ræðu, þá hefði tæplega verið ástæða fyrir hann að vera að halda hér klukkutíma ræðu eða meira um þessar brtt.

Ég álít, að þessar brtt. séu veigamiklar, og þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að þær verði ekki samþ. Ég er sammála þeim aðilum, sem ég hef lesið hér umsagnir eftir, um það, að till. spilla frv. og gera frv. það erfitt í framkvæmd, að það verður kannske ekki hægt að framkvæma lögin, og ég vil láta hv. Ed. vita það, að þegar þetta frv. var flutt á s. l. hausti sem stjórnarfrv., þá var það samkomulag innan ríkisstj., að frv. mætti ekki vera í því formi, að það hefði meiri útgjöld í för með sér en hér er um að ræða. Ef 1. gr. frv. verður breytt eins og hv. meiri hl. vill, þá er ekki um annað að ræða en að það er komin skylda á iðnskólana að halda uppi kennslu í skólunum sjálfum og láta kennsluna fara fram að deginum til, en eins og frv. er núna, þá er þetta í heimildarformi, og eins og frv. er núna, þá þarf ekki að hafa kennsluna að deginum til í ríkari mæli en mögulegt er og fjárhagur leyfir og það þarf ekki að láta kennsluna fara meira fram í skólunum en ástæða er til hverju sinni og fjárhagur og geta leyfir. Verði hins vegar brtt. hv. meiri hl. samþ., þá er búið að færa þetta úr heimild í skyldu, og ég er dálítið undrandi yfir því, að fulltrúar úr flokki hæstv. fjmrh. skuli standa að svona brtt.

Einnig af þeirri ástæðu, að brtt. gera frv. of kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð, eins og nú standa sakir, er ekki unnt að leiða það í lög í þessu formi, þótt einhverjir segðu, að það væri ekki ástæða til þess að taka tillit til leiðbeininga, óska og ráðlegginga þeirra aðila, sem ég hef lesið hér umsagnir frá í dag. Þótt einhverjir vildu nú sleppa því, þá verður ekki hjá því komizt að taka tillit til þess, hvað ríkiskassinn þolir.

Ég held, að þegar þetta mál er athugað alveg rólega og alveg hlutdrægnislaust, þá verði niðurstaðan þessi, eins og hún varð hjá hv. þm. Barð., þegar hann talaði hér síðast, að menn geta a. m. k. sætt sig við frv. eins og það er, og þá er mikið fengið, vegna þess að það hefur verið erfitt að fá lög um iðnskóla á Íslandi, og það segir nú hér í nál. frá meiri hl.: „Frumvörp um iðnskóla hafa hvað eftir annað verið borin fram í Nd. Alþ. allt frá árinu 1942, en aldrei náð samþykki þar fyrr en nú, að d. hefur samþ. stjórnarfrv. það, er borið er fram á þessu þingi.“ Og hvers vegna skyldi Nd. fyrst nú, eftir 13—14 ár, samþykkja frv. um iðnskóla, sem borið er fram? Það er vegna þess, að þetta frv. var betur undirbúið en nokkur önnur frv., sem borin hafa verið fram áður um iðnskóla. Það er vegna þess, að d. sannfærðist um það, að iðnaðarmannastéttirnar stóðu að þessu frv. og voru ánægðar með það, og það var búið þeim búningi, að það var kleift fyrir ríkissjóð að standa undir kostnaðaraukanum, sem það hefur í för með sér.

Þetta frv. markar nýjar leiðir og nýjar stefnur, sem ber að fara og byrja að fara núna, en auka við og bæta í framtíðinni, t. d. að láta kennslu fara fram að deginum til, eftir því sem unnt er, og auka við það, eftir því sem unnt er; að láta kennslu fara a. m. k. að einhverju leyti fram í skólunum, en þessu er ekki hægt að breyta á svipstundu, því að eins og segir í bréfi Landssambands iðnaðarmanna, þá mundi ekki kosta hundruð þúsunda, heldur milljónir króna að koma þessu kerfi af stað, hvað þá að framkvæma það um allt land. Og ég er dálítið hissa á því, ef hv. alþm. í Ed. geta samþykkt frv., sem hefur slíkar afleiðingar fyrir ríkissjóð, þegar

á sömu þingum er verið að rífast um það, hvort hægt sé að láta 10 þús. eða 100 þús. til framkvæmda, sem við allir teljum nauðsynlegar og óskum eftir að fáist. Ég býst við því, að menn verði að sætta sig við um iðnskólana eins og annað að taka sporin stig af stigi og láta sér lynda, þótt ekki fáist í dag það, sem framtíðin ber í skauti sínu, og það, sem æskilegast mætti telja að hafa.

Ég hef, eins og ég sagði áðan, lesið hér upp vitnisburði. Þið hafið vitnisburðinn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, sem ekki hefur fyrr verið spurt um, hvernig lög um iðnskóla skuli vera, en Vinnuveitendasamband Íslands getur sætt sig við frv. eins og það er. Þið hafið heyrt, hvað Landssamband iðnaðarmanna segir um þetta frv. og hvað það segir um brtt. meiri hl. Ég þarf ekki að lýsa því meir. Þið hafið heyrt, hvað iðnsveinaráð Alþýðusambandsins hefur um málið að segja. Þið hafið líka heyrt, hvað iðnfræðsluráðið hefur um þetta að segja. Þið hafið einnig heyrt, hvað skólastjóri og skólanefnd iðnskólans í Reykjavík segja um málið. Þið hafið kannske ekki heyrt, hvað Helgi Hermann Eiríksson, fyrrverandi skólastjóri iðnskólans, segir um málið, en hann er áreiðanlega tilbúinn að standa við það, að hann sagðist ekki vilja frv. fram, ef það yrði samþ. með breytingum meiri hl., heldur fá frv. óbreytt. En þið hafið líka heyrt, hvað Iðnnemasamband Íslands segir um frv., og það las hv. frsm. meiri hl. hér upp s. l. föstudag. Iðnnemasambandið vill fá frv. breytt og fá till. meiri hl. samþykktar. Með allri virðingu fyrir Iðnnemasambandinu vil ég segja það, að ekki er unnt að láta nemendurna ráða því, hvernig á að byggja upp skólafræðsluna. Það hlýtur að vera eðlilegra, að skólanefndirnar, skólastjórarnir og aðrir, sem reynslu hafa í þessum efnum, hafi eitthvað um það að segja, og það er það, sem ég er hér að tala um, að láta þá, sem hafa reynslu og þekkingu á þessum málum, ráða meiru en nemendurna, þótt þeir séu efnilegir, uppvaxandi og eigi eftir að verða ráðandi í þjóðfélaginu.

Það var líka einn aðili enn, sem vitnað var í áðan og hv. frsm. meiri hl. talaði nokkuð um hér s. l. föstudag, og það var Félag íslenzkra iðnrekenda. En eins og rétt er, þá er Félag íslenzkra iðnrekenda þannig sett, að það er verksmiðjuiðnaður, sem það hefur með höndum, og þar starfar svokallað iðjufólk, sem er ófaglært. Ég man, að hv. frsm. sagði hér í ræðu sinni eða gerði fyrirspurn um það, hver væri munur á því, sem smíðað væri í iðjuveri eða verksmiðju eða á verkstæðum; það væri faglært fólk á verkstæðinu hjá meistaranum, en ófaglært í iðjuverinu, og samt væri enginn munur á því, sem væri smíðað eða skapað á þessum stöðum. En ég verð nú að segja: Þetta er ákaflega mikill munur. Það er ákaflega mikill munur á klæðskerasaumuðum fötum eða hraðsaumuðum fötum t. d. í verksmiðju. Í verksmiðju, þar sem eru hraðsaumuð föt, er ófaglært fólk, en hjá klæðskerunum eru faglærðir menn, sem máta og sjá um, hvernig fötin fara. Ég veit líka um t. d. hurðir og annað þess konar, að það er ákaflega mikill munur á því, hvort það er fjöldaframleiðsla, smíðuð í verksmiðjum, eða einstakar hurðir, smíðaðar á verkstæði af iðnaðarmönnum. Þær eru áreiðanlega vandaðri en hurðir, sem eru smíðaðar í verksmiðjum. Og þannig mætti vitanlega lengi telja. Verksmiðjurnar eru reknar með það fyrir augum að skapa ódýra fjöldaframleiðslu og byggja sinn tilverurétt á því að hafa ódýrt vinnuafl. En það hefur verið fram að þessu ódýrara vinnuafl hjá því fólki, sem hefur ekki lagt í kostnað við nám.

Hv. frsm. talaði um það, að iðnstéttirnar væru lokaðar og faglærðir menn væru þess vegna of fáir í landinu og vitnaði í stríðsárin, að það hefði vantað iðnaðarmenn á stríðsárunum. Ég spyr nú: Hvernig er að búast við öðru en að það hafi vantað iðnaðarmenn á stríðsárunum í því algerlega „ónormala“ ástandi, sem þá skapaðist, þegar farið var að byggja fyrir setuliðið? Hvernig er hægt að hugsa sér, að iðnaðarmenn hefðu haft atvinnu fyrir stríð hér í landinu nógu margir til að taka á móti allri þeirri vinnu, sem bauðst í stríðinu, eftir að setuliðið kom? Það er vitanlega fjarstæða að hugsa sér það, að iðnaðarmennirnir geti verið það margir, að þeir geti fullnægt eftirspurninni í slíku ástandi. En iðnaðarstéttirnar hafa ekki verið lokaðar. Það hefur alltaf verið opið. Meistarar hafa tekið iðnnema til náms, og ég hygg, að í mörgum iðnaðarstéttum séu iðnaðarmennirnir nægilega margir og það væri jafnvel hætta á atvinnuleysi innan stéttarinnar, ef þeir yrðu allmiklu fleiri.

Hv. frsm. talaði um, að það væri sérstaklega mikil hætta í sveitum landsins og þær væru illa settar með faglærða menn. Ég þekki nú nokkuð líka til í sveitum, og það má kannske segja, að fram til þessa hafi verið nokkru minna um faglærða menn í sveitum en annars staðar, en þetta frv. gerir ráð fyrir að bæta nokkuð úr þessu með þeirri heimild að stofnsetja iðnskóladeild innan gagnfræðaskólanna, sem eru nú, að ég ætla, í flestum héruðum landsins. Og það er nú sem betur fer þannig orðið í flestum byggðarlögum landsins, að kaupfélög eða aðrir atvinnurekendur hafa margs konar verkstæði og iðnrekstur með höndum og meistara í sinni þjónustu, og þeir taka síðan nemendur. Þannig er það í þeim sveitum, þar sem ég þekki, og ég er ekkert kvíðandi um, að iðnaðarmenn á þann hátt verði ekki til í sveitum landsins.

Hins vegar, ef sú hugsun hefði fengið byr, sem hlýtur að hafa komið fram hjá hv. meiri hl. iðnn. Ed., að hafa aðeins einn iðnskóla á landinu, þá var stórkostleg hætta á ferðum fyrir sveitirnar og dreifbýlið. Sú hugsun hlýtur að hafa fæðzt hjá n., vegna þess að hún sendi nokkrum aðilum fyrirspurnir um það, hvað þeir segðu um að hafa aðeins einn iðnskóla. Ég er satt að segja dálítið undrandi yfir því að láta sér detta í hug, að slíkt væri framkvæmanlegt eða bjóðandi nokkrum manni eða þjóðfélaginu. Það væri að stíga spor aftur á bak, það væri sannarlega í áttina til þess að skapa vandræði í dreifbýlinu og sveitum landsins, og sem betur fer sögðu allir aðilar nei við því, enda kemur náttúrlega slíkt ekki til greina.

Ég veit ekki, hvort það er yfirleitt ástæða til þess að vera nú að fjölyrða öllu meira um frv. Ég vænti þess, að hv. þdm., sem hafa hugsað um

málið og sett sig inn í það, felli brtt. meiri hl. og stuðli að því, að á þessu þingi verði samin löggjöf um iðnskóla á Íslandi, sem ekki hefur tekizt síðan 1942, að það var reynt í fyrsta sinn. Þetta frv. er komið það áleiðis, að það hefur verið samþ. við fjórar umr. í þinginu. Og þetta frv. er það vel undirbúið, að það er ekki ástæða til þess að breyta því í neinum aðalatriðum. Það er miklu frekar ástæða til þess að fagna því, hversu víðtækt samkomulag hefur fengizt um frv. Og þegar þetta er athugað, að frv. verður að stöðvast, ef till. meiri hl. verða samþ., bæði vegna útgjaldaauka fyrir ríkissjóð og vegna eindreginna og ákveðinna óska iðnaðarsamtakanna í landinu, þá veit ég, að hv. þdm. hugsa sig vel um, áður en þeir stuðla að því, og ég vil þá segja: Ef einhverjir hv. þdm. hafa ekki enn skoðað þetta mál nægilega mikið, þá er þó engin hætta að láta málið fara til 3. umr. og skoða það nánar fyrir 3. umr.

Ég held, að það væru góð vinnubrögð, ef einhverjir hér í d. vildu gefa sér tíma til þess að kynna sér málið eitthvað nánar, ef það lægi ekki alveg ljóst fyrir enn, að afgr. málið til 3. umr., skoða það betur, áður en atkvgr. fer fram við 3. umr., og fella þá hinn endanlega dóm. Ég þekki svo vel hv. þm., að þeir vilja kveða upp réttan dóm, og þess vegna hef ég aðeins eina ósk og eina bón til d., að athuga þetta mál vel og rækilega, áður en till. meiri hl. eru greidd atkvæði.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú haldið hér allskörulega ræðu í sambandi við till. meiri hl. Áður en ég kem að þeim atriðum, er hann minntist á, vildi ég leyfa mér að benda á, að mjög mikið af þeim aths., sem hann gerði hér, er byggt á hreinum misskilningi, sem að líkindum stafar af því, að hann hefur ekki gefið sér tíma til að athuga málið.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh. í tilefni af síðustu orðum hans, þ. e., hvort hv. þm. vildu ekki athuga vel þetta mál og geyma að fella endanlegan dóm um það, þar til þeir hefðu athugað það gaumgæfilega, hvort hann mundi vilja lýsa því yfir, að hann muni ekki beita neitt sínum áhrifum sem ráðh., áður en atkvgr. fer fram, til að hafa áhrif á þann dóm, sem felldur verður. Ég vildi gjarnan heyra það, því að mér er alveg ljóst, að ef hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. beitir ekki sínum áhrifum í sambandi við atkvgr., m. a. með því að hóta því, eins og hæstv. ráðh. sagði hér í sinni ræðu, að þetta mál yrði dregið til baka, ef frv. yrði nokkuð breytt í þessari hv. deild, verða till. þessar, sem hér liggja fyrir, samþ., en að öðru leyti kunna þær að verða felldar, vegna þess að hæstv. ráðh. heimti af ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, að annaðhvort verði léð nægilega mörg atkv. til þess að setja málið í gegn eða frv. verði stöðvað. — Ég vildi því gjarnan spyrja hæstv. ráðh.: Vill hann lofa því hér að hafa engin afskipti af því, hvernig þessi atkvgr. fer fram, svo að menn geti þá greitt atkv. eftir sinni dómgreind einni? Ég vildi gjarnan heyra svör hæstv. ráðh. við því, en skal svo koma síðar að hinum einstöku atriðum.

Ég skal þá fyrst leyfa mér að ræða örlítið ræðu hv. frsm. minni hl. Hv. frsm. sagði, að hann áliti, að efnislega séu brtt. við 1. gr., — og vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. athugaði vel einmitt það, sem hann segir um þetta atriði, — að efnislega séu brtt. við 1. gr., þ. e. brtt. frá meiri hl., þær sömu og nú eru í frv. Ég harma það, að hæstv. ráðh. skyldi ekki gefa sér tíma til að athuga frv. á þskj. 460 efnislega og alveg sjálfstætt án þess að vera háður skoðunum annarra manna, og ég vænti þess, að áður en þessari umr. er lokið, gefi hann hér í d. skýra yfirlýsingu um það, hvernig hann skilur 1. gr. frv. á þskj. 460, því að á því byggjast allar þessar umr. og allar þær till., sem fram eru komnar. Hv. minni hl. álítur, að hér sé ekki um neinar verulegar efnislegar breytingar að ræða, sem þá hvorki gefa tilefni til þess að auka útgjöld ríkissjóðs né til þess mótþróa, sem myndaður er sem blokk utan þingsins móti þessum till. Á þessu veltur allt málið. En hvers vegna ræddi hæstv. ráðh. ekki þetta atriði?

Nú vil ég gjarnan lesa, með leyfi hæstv. forseta, 1. gr. frv. Þar stendur:

„Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnaðarfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á."

Hér er gert fullkomlega ráð fyrir því, að þessum vinnustofum sé komið upp við skólana. Það er ekki meiri hl. þessarar hv. d., sem hefur sett þetta ákvæði inn. Það er sumpart hæstv. ráðh. sjálfur og sumpart Nd. Þessi stefna er mörkuð í frv., og það er út frá því sjónarmiði, að við höfum borið brtt. fram til þess að gera fyrirmælin skiljanlegri en gert er í frv. af hæði hæstv. ráðh. og hv. Nd. Ef hæstv. ráðh. ætlar að komast fyrir allar þær hættur, sem hann var að lýsa hér áðan, m. a. milljóna útgjöld fyrir ríkissjóðinn, ef þetta frv. verður samþ., þá verður hann að fá samþykktar brtt. við 1. gr. frv., því að efnislega er sú stefna mörkuð hér í frv., að í skólanum skuli koma upp verklegri kennslu og að sú fræðsla skuli opin öllum aðilum, sem vilja sækja hana, og þetta hefur hv. minni hl. viðurkennt. Fram hjá þessu verður ekki gengið. En ég vildi gjarnan, að hæstv. ráðh. gæfi álit sitt á skilningi á þessari grein, áður en þessum umr. lýkur, og ef hann ekki treystir sér til þess að gera það, leiti hann lögfræðilegs álits á greininni. Það gæti gerbreytt öllu málinu og einnig afstöðu hans til þess.

En sé því slegið föstu, að það sé rétt skoðun, ekki einasta hv. meiri hl., heldur og hv. minni hl. n., að þetta sé réttur skilningur, þá eru allar mótbárur hæstv. ráðh., sem hann hefur fært hér fram, tóm fjarstæða. Þá var ekki nokkur grundvöllur fyrir allri þeirri ræðu, sem hann hélt. Þess vegna hefði hann átt að gefa sér tíma til að athuga þetta grundvallaratriði frv., áður en hann hélt ræðu sína.

Hér er og í frv. sagt: „Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi."

Hv. minni hl. segir, að það sé réttara að hafa

ákvæðið svo loðið sem það sé í 1. gr. Það sé ekki eins mikill sársauki fyrir þá menn, sem verða að beygja sig undir hina nýju stefnu, að það sé svo óákveðið eins og það er í greininni, í staðinn fyrir að hafa það hreint og ákveðið, eins og meiri hl. vill orða það. Það yrði hægara fyrir viðkomandi aðila að þokast af hinni gömlu braut og inn á nýjar leiðir samkv. hinum óákveðnu og loðnu fyrirmælum frv.

Þetta var í höfuðatriðum innihaldið í ræðu hv. frsm. minni hl., og segir þar enn fremur, að það sé rétt að vera ekkert að skýra þetta nánar; það sé ekki rétt að vera að halda þennan fyrirlestur um skilning greinarinnar, sem kynni að leiða til þess, að andstæðingar þessarar stefnu vöknuðu með fullri andstöðu gegn greininni eins og hún er nú og eins og þeir hafa sjálfir samið hana. Og það er af þeirri ástæðu, að hann vill ekki láta breyta greininni, því að hann telur, að það stofni málinu í hættu, ef greinin yrði skýrð svo, að þeir menn, sem standa á móti málinu, skilji hana fullkomlega. Þetta eru hans rök, og þess vegna gat hann ekki verið með meiri hl. En mér skilst, að hæstv. ráðh. vilji nú hjálpa þessum mönnum til þess að skilja greinina á allt annan hátt en hún gefur tilefni til og á allt annan hátt en bæði þingnefndin og aðrir hv. alþm. hafa skilið hana.

Ég get svo sagt hæstv. ráðh. það, að ef frv. er samþ. eins og það er hér á þskj. 460, þá hefur hann enga möguleika til þess að stöðva menn almennt, sem fara vilja í skólann, þó að þeir hafi ekki námssamning. Hann hefur enga möguleika til þess, og það er þess vegna, sem ég er með frv., þó að þessar leiðréttingar fáist ekki. Þegar svo er komið, getur hver sem er átt aðgang að skólanum, hvort sem hann hefur nokkurn námssamning eða ekki, og ráðh. getur ekki stöðvað það á nokkurn hátt.

Ég tel einmitt, að þessi yfirlýsing, sem kom fram hjá hv. frsm. minni hl., sé ákaflega mikils virði. Hún er til þess að styrkja skoðun meiri hl. og skapar sterkari baráttugrundvöll til þess að koma málinu í það horf, sem það þarf að komast í og verður að komast í og þróunin mun heimta að það komist í.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að það yrði að varast að draga úr menntun iðnaðarmanna. Till. meiri hl. eru sannarlega ekki til þess að draga úr menntun iðnaðarmanna, nema síður sé. Það er ekki á einn eða annan hátt gerð nokkur tilraun til þess að draga úr menntun iðnaðarmanna. Hún er sannarlega ekki of góð í dag, og meiri hl. hefur enga minnstu löngun til þess að fara þá leið. Hins vegar hefur meiri hl. löngun til að taka upp baráttu fyrir því, að engir menn í landinu geti stöðvað aðra menn á námsbraut bara af þeirri einföldu ástæðu, að þeir vilja ekki binda sig við 4 ára námssamninga, og það er það, sem deilan stendur um. En sem sagt, það hafa verið nægilega margir víðsýnir menn í hv. Nd. til þess að brjóta einmitt þessa stefnu niður og opna nýjar leiðir fyrir þessa menn, eins og ég hef þegar lýst.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að ekki væri tímabært að bera fram brtt. í því formi, sem gert er nú, og til sönnunar því, að iðnaðarmenn sem stétt ættu að halda sínum gömlu réttindum, að ráða eingöngu þessum málum, benti hann á aðra löggjöf, sem hér hefði nýlega verið samþ., um bílstjórana, þ. e. a. s. um það að takmarka aðganginn að bílstjórastéttinni hér í landinu. En það er engan veginn hliðstætt. Það var ekkert í þeirri löggjöf, sem bannaði, að menn í landinu mættu læra að verða bílstjórar. Það er ekki eitt einasta atriði þar, sem segir, að menn megi ekki fara og læra að verða bílstjórar og taka bílstjórapróf. Það var aðeins sagt í þeim lögum, að menn mættu ekki stunda ótakmarkað atvinnu sem bifreiðarstjórar á vissum stöðum. Í sambandi við þessa löggjöf er eingöngu talað um það, hverjir mega læra til ákveðins starfa, en ekki hverjir eigi að starfa í stéttinni, svo að hér blandar hv. frsm. saman alveg óskyldum atriðum.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á aðra deilu, sem var hér í þessari hv. deild fyrir nokkrum árum, þegar var verið að ræða um frv. til laga um kennaraskólann. Þá var sett inn í það frv. af miklum spekingum hér, að enginn nemandi, sem hefði líkamslýti, gæti fengið inngöngu í kennaraskólann. Ég man eftir þeirri rimmu, sem hér var um það atriði. Það mátti enginn maður með líkamslýti fara í kennaraskólann sem nemandi. En hann mátti hafa eins miklar andlegar veilur og guði hafði þóknazt að gefa honum — bara að ekki væri hægt að sjá þær á líkamanum. En líkamslýti mátti hann ekki hafa. Hann mátti ekki hafa kryppu upp úr bakinu, og höfðu menn þá gleymt alveg starfi Mortens sáluga Hansens, sem hefur verið einhver bezti kennari hér í landinu og var kryplingur. En sem betur fer hafði þessi hv. deild skilning á því, að svona löggjöf á ekki að setja frekar en það eigi að setja löggjöf um það, að snillingur, sem getur innt af hendi meðalnám á miklu skemmri tíma en meðalnámsmaður, geti ekki fengið aðgang að fræðslu. Það á ekki að setja fyrir slíka menn fótinn, bara af því, að það sé hagsmunamál einhverra ákveðinna stétta. Sá tími er alveg liðinn, þegar slíkur hugsunarháttur var ráðandi.

Hv. frsm. sagði einnig, að það væri ekki eðlilegt á þessu stigi málsins — ég bið ykkur að taka eftir því — að veita fulltrúum iðjurekenda þátttöku í stjórn skólanna, heldur eigi það að bíða síðari tíma. Ég skil það ákaflega vel. Sannleikurinn er, að hv. frsm. minni hl. hefur nákvæmlega sama skilning á þessu máli og meiri hlutinn. En jafnframt viðurkennir hann þá þröngsýni, sem ríkir hér í iðnaðarstéttinni. Hann viðurkennir þetta alveg með opnum augum og telur, að þess vegna sé ótímabært að ráðast á þetta virki og þess vegna sé heppilegra að láta frv. fara óbreytt í gegnum þingið og fá lögin síðan löguð smátt og smátt. Annað var ekki unnt að skilja af hans ræðu. Andinn er að sönnu reiðubúinn, en holdið er veikt, — það er allt og sumt, sem hægt er að álykta af ræðu hans.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða nánar við hv. minni hl., en vildi svo gera nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. ráðh.

Mér þykir þá rétt, áður en ég fer inn í sjálft málið, að leiðrétta hér misskilning hjá hæstv. ráðh., sem kemur ekki efnislega málinu við, en

hann af einhverjum ástæðum hafði mjög gaman af að setja hér fram. Hann sagði, að það hefði komið sér á óvart, að hv. þm. Str. og hv. þm. N-M. skyldu fela þm. Barð. svona ótakmarkað umboð til þess að fara með þessi mál. Var það ekki svona nokkurn veginn þetta, sem hæstv. ráðh. meinti? — Ég vil nú minna hæstv. ráðh. á, að hann sat í hv. fjvn. með mér sem formanni í allmörg ár. Og ég held, að við höfum notað alveg nákvæmlega sömu vinnuaðferðir þar eins og hér. Ég veit ekki betur en að form. fjvn. þá, — og hann mun sjálfsagt halda þeirri reglu enn, — hafi haldið fjöldamarga viðræðufundi við ýmsa menn, sem áttu erindi við nefndina, og leitað sjálfur ýmissa upplýsinga hjá mönnum úti í bæ í stað þess að hafa 9 menn á þeim fundum, og ég veit ekki til þess, að hæstv. ráðh. vefengdi nokkru sinni það, sem fram fór á þeim fundum. Í fjvn. voru þá framsóknarmenn, alveg eins og nú, og ég veit ekki til þess, að þeir vefengdu í eitt einasta skipti þau verk, sem form. gerði þá á nákvæmlega sama hátt og hér er gert. Mér er ekki kunnugt um það. Hæstv. ráðh. vill kannske upplýsa það, ef það væri. Hér er ekki um annað en skynsamlega vinnuaðferð að ræða. Og ef ég hefði verið að flytja nefndinni, hvort heldur sem var hv. framsóknarmönnum eða hv. Alþýðuflokksfulltrúum, annað en það, sem fór fram í þessum viðtölum, þá áttu þeir sannarlega allan aðgang að þessum aðilum til þess að fullvissa sig um það. Það er af þessum ástæðum, að ég tók að mér það verk einn, einnig fyrir hæstv. ráðh. til þess að flýta fyrir málunum, af því að ég vissi, að honum var annt um að fá frv. fram, og ég hafði lofað því og mun standa við það að tefja það ekki að óþörfu. Þetta er ástæðan fyrir því, að hæstv. framsóknar-þm. í þetta skipti hafa veitt mér fullan trúnað.

Þá sagði hæstv. ráðh., að frv. þetta hefði verið undirbúið betur en nokkurt annað frv., sem hefði verið lagt fram um þetta mál. Hér held ég að hæstv. ráðh. mæli kannske fullmikið. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur kynnt sér, hvaða undirbúningur hefur farið fram í þessum málum undanfarið. Ég get bent hæstv. ráðh. á, að þetta mál er fyrst flutt í Nd. 1941. Þá var það ýtarlega undirbúið af þeim mönnum, sem mæla gegn því. Ég er ekkert að lasta undirbúning hæstv. ráðh. nú, síður en svo, en vildi hins vegar, að þetta kæmi fram. Síðan flutti iðnaðarnefnd frv. sem þskj. 442 árið 1942. Nú skulum við athuga, hvað þessir menn, sem þá stóðu að frv., þ. e. iðnaðarmennirnir, segja um málið. Þeir segja í 1. gr. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnskólar kallast einu nafni allir þeir skólar, sem veita fræðslu í iðju og iðnaði og námsgreinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings iðnaðarvinnu og iðnfræðilegum störfum.“

Þetta eru ekki mín orð. Þetta eru orð fulltrúa stéttarinnar sjálfrar. Hvers vegna eru þessir fulltrúar allt í einu komnir á allt aðra skoðun nú? Þá töldu þeir alveg sjálfsagðan hlut, að iðnskólarnir væru til þess að veita fræðslu öllum þessum sömu aðilum sem við erum að fara fram á í meiri hl. nú. Hvað hefur skeð í málinu? Ég skal segja hæstv. ráðh., hvað hefur skeð. Það hefur skeð það í málinu, að nú hafa þessar stéttir, iðjan annars vegar og iðnaðarstéttin hins vegar, unnið að því að auka fjandskap á milli stéttanna, sem báðum er til tjóns. Það er þetta, sem hefur skeð. Og vill hæstv. ráðh. leggja lóð á þá vogarskál? Telur hann, að það sé þjóðinni fyrir bestu? Nei, ég er alveg viss um, að hann telur það ekki. Og hann bregzt skyldu sinni sem ráðherra, ef hann skarar á einn eða annan hátt að þeim glæðum, sem auka þessa óvild á milli þessara stétta. Ég vil gjarnan leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að ef hann vill lesa grg. fyrir því frv., sem þá var lagt fram á Alþ., mun hann sjá, að þá voru þessi ákvæði samþ. á öllum stéttarfundum iðnaðarmanna, landssambandsfundum, landsþingum og í öllum þeirra félögum. Þeir samþykktu einmitt þá, að það frv. skyldi ná fram að ganga. Og þeir menn, sem töluðu þá fyrir því frv., m. a. Emil Jónsson fyrrv. þm. Hafnf., börðust mjög fyrir því, að það frv. næði þá fram að ganga með þessu orðalagi, sem hér er á tillögu meiri hlutans.

Þetta frv. er svo flutt hvað eftir annað á Alþ., jafnan í hv. Nd., og nær ekki fram að ganga. Og það er ekki fyrir þetta orðalag, að það nær ekki fram að ganga. Það er fyrir það, að þá var ekkert samkomulag um, að ríki og bæjarfélög skyldu taka að sér allan kostnaðinn. Við skulum ekki gleyma því. Nú er komið svo, að um það er samkomulag, og það er ekki sérstaklega fyrir baráttu iðnaðarmannastéttarinnar, heldur fyrir þróun skólalöggjafarinnar yfirleitt. Það var mþn. í skólamálum, sem undirbjó það frv., sem borið var fram 1948 og er í höfuðatriðum sama og það frv., sem nú er hér borið fram. Það var hún, sem breytti frv. í það horf, sem það er nú í.

1948 ber menntmn. Nd. fram frv. til laga um iðnskóla. Eins og að framan greinir, hafði mþn. undirbúið breytingar á löggjöfinni í heild, og þá færir hún frv. einmitt í það form, sem það nú er í. Þó er 1. gr. breytt nokkuð frá því, sem hún er í þessu frv., sem ég var að lesa upp áðan, og þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnaðarfyrirtæki hafa tekið til náms samkv. lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á.“

Þetta eru nákvæmlega sömu orðin og nú eru í frv. frá hæstv. ráðh., eftir að Nd. er búin að breyta því. Og þetta er ekki verk iðnaðarmannanna. Þetta er verk fræðslumálastjórans og þeirrar mþn., sem þá sat til þess að endurskoða fræðslulöggjöfina í heild. Og síðan er síðari hluti greinarinnar nákvæmlega eins og mþn. orðaði hana. Ég sé ekki, ef lesin eru saman þskj. á 460 og frv. til l. um iðnskóla, eins og það var borið fram á þingi 1948 og ekki náði fram að ganga, annað en að hér sé svo að segja alveg um sama frv. að ræða, að öðru leyti en því, að ákvæðin eru allmiklu skýrari í frv. mþn., og þær breytingar, sem meiri hl. hefur gert, eru byggðar á því. Ég verð því að segja, að undirbúningur undir málið hefur engu síður verið gerður af öðrum aðilum og það jafnvel betur en af ráðherra, og segi ég það sannarlega ekki til hnjóðs hæstv. ráðh., síður en svo.

Þá skulum við athuga, hvað fræðslumála-

stjórnin segir um þetta mál. En ég hefði búizt við því, að hæstv. ráðh. hefði viljað hafa eitthvert samráð við fræðslumálastjóra um málið — það hefði ekki verið óeðlilegt — eða lesið eitthvað upp af því, sem hann hefur viljað segja um það. Hann sendir hér langt erindi um þetta mál. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að lesa það hér allt upp; það fellur mjög saman við ýmislegt annað, sem sagt hefur verið, en hann segir svo um 14. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í 14. gr. frv. á þskj. 460 segir, að iðnmrh. skipi skólastjóra og fasta kennara. Er ekki gengið út frá því, að ráðherra setji menn í stöðu, eins og venja er í öðrum skólaflokkum. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta mætti upphaf umræddrar greinar frv. hljóða svo: „Iðnaðarmálaráðherra setur eða skipar.“ — Þetta er nú ein af þeim till., sem meiri hl. hefur tekið upp og ekki eru veigamiklar, en aðeins ábending frá þessari stofnun.

Þá segir hann enn fremur:

„Þá teldi ég rétt, að sett yrðu ákvæði í frv. um það, að tala fastra kennara skuli fara eftir ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð, svo og heimild um greiðslu á stundakennslu, er væri hliðstæð 3. málsgr. í 55. gr. núgildandi laga um gagnfræðanám. Hinum fámennari iðnskólum gæti það orðið til hagræðis.“ — Þetta hefur meiri hl. líka tekið upp, og þessar greinar sýna, að þrátt fyrir hinn góða undirbúning var þó hægt að gera betur.

Hér stendur einnig:

„Á það má benda, að í frv. á þskj. 460 eru engin ákvæði um það, hvaða menntun iðnskólakennarar skuli hafa.“ Till. um þetta er einnig borin fram af meiri hlutanum.

Svo segir fræðslumálastjóri, og það þætti mér nú rétt að hæstv. ráðh. kynnti sér:

„Samkv. ákvæðum 1. gr. frv. á þskj. 460 fæ ég ekki betur séð en að opnuð sé leiðin til þess, að menn geti numið iðn til sveinsprófs án þess að stunda venjulegt iðnnám hjá meistara.“ Þetta er hans skoðun. „Vinnustöðvar skólanna eiga að geta séð fyrir því. Þetta er markvert nýmæli hér í landi, en allalgengt víða erlendis.“

Hann segir enn fremur:

„Ég hef m. a. komið í iðnskóla í Ameríku, þar sem menn gátu komið, lagt fram gögn um kunnáttu í sinni iðngrein, ef þeir vildu fá iðnréttindi, og gengið undir ýmiss konar próf, m. a. hæfnispróf, og var námsefni og námstími þeirra í iðnskólanum svo ákveðinn í samræmi við fengna niðurstöðu prófa í bóklegum og verklegum efnum, er við kom iðngreininni. Í skólum þessum var lögð höfuðáherzla á að kenna og leiðbeina nemendum, og þeir voru þráfaldlega prófaðir, á meðan á námstímanum stóð. Ég tel auðsætt, að taka eigi upp svipaðan hátt í iðnnámi hér, í nokkrum iðngreinum.“ Þetta er álit fræðslumálastjóra, en hann er, eins og kunnugt er, ekki stéttbundinn. Hann er bara maður eins og við. Hann á að geta skilið þetta alveg hlutlaust, rétt eins og við. Ef við værum báðir hlutlausir í málinu, þá ættum við að geta skilið það alveg eins og hann. Það er sannleikurinn í þessu máli.

„Vart yrði það framkvæmanlegt nema í iðnskólanum í Reykjavík,“ segir hann hér. „Mundu t. d. ekki allmargir gervismiðir, múrarar, málarar og bílaviðgerðarmenn, sem hafa á sér ágætt orð fyrir störf sín, geta orðið fyrirmyndar iðnaðarmenn í greinum sínum, ef þeir fengju t. d. ársnám í skólavinnustöðvum, er iðnskólinn í Reykjavík hefði til umráða?“

Þetta eru hans ummæli um þetta mál.

Út af þessu vildi ég nú gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Er hann persónulega þeirrar skoðunar, — ef hann er ekki undir áhrifum einhverra annarra manna, — að piltur, sem er fjögur ár að læra í einhverri iðn samkv. námssamningi og fær ekki allar stundir tilsögn, — því að ég þekki vel, hvernig hagað er kennslu iðnsveina yfirleitt, — sé betur undirbúinn í iðn sinni eftir fjögur ár heldur en t. d. maður, sem hefur unnið í jafnlangan tíma eða tvöfalt langan tíma með sama iðnmeistara og sömu nemendum og við sömu vinnu og fengið sömu tilsögn, þó að hann hafi ekki verið á samningi, en þannig er ástatt með fjöldamarga menn í landinu? Það eru fjöldamargir menn hér í landinu núna, sem eru búnir að stunda þessa vinnu, ekki með námssamningi, heldur með verkamannakaupi, í fjöldamörg ár og eru orðnir miklu betur að sér að verklagni og verkkunnáttu en meðaliðnaðarmaður eftir fjögurra ára nám. Hvers vegna á svo að útiloka þessa menn frá því að fá sveinsbréf, ef þeir hafa innt af hendi sama skólanám og aðrir? En út af fyrir sig er það ekki það atriði, sem deilt er um hér eingöngu, heldur hitt, hvort skólinn á að vera opinn öllum, sem vilja nema, eða aðeins fyrir einhverja ákveðna menn.

Ég þykist hafa sannað, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er ekkert betur undirbúið en þau önnur frv., sem hafa legið fyrir þinginu áður um sama efni. Hins vegar hefur frv. aldrei komið til hv. Ed. Það hefur alltaf stöðvazt í Nd., og því á þessi hv. deild ekki neina sök á fyrri afgreiðslu málsins. En þegar loksins frv. kemur til Ed., eftir að það er búið að þvælast í Nd. í fjöldamörg ár, eða meira en 10 ár, er þá nokkurt vit í því að vera að krefjast þess, að þetta mál fái ekki þinglega meðferð hér í þessari hv. deild? Ég hefði nú satt að segja búizt við því, að hæstv. ráðh. annaðhvort byrjaði eða endaði ræðu sína með því að þakka hv. iðnn. Ed. fyrir, hversu mikla vinnu hún hefur lagt í þetta mál á skömmum tíma, því að þótt eitthvað mætti finna að þeim till., sem hv. n. gerir í þessu máli, þá er hitt alveg víst, að þær till. og þær umræður, sem hafa farið fram um þetta mál, bæði í nefndinni, utan n. og hér í þessari hv. deild, eru málinu til framdráttar, og það jafnvel þó að till. verði felldar, svo að mér fannst það skorta á hjá hæstv. ráðherra að kunna að meta það starf hjá þingnefndinni. Þingnefndinni hefði verið að sönnu miklu minni sómi, ef hún hefði bara gefið út næsta dag álit um það, að hún legði til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En slíka viðurkenningu datt ekki hæstv. ráðh. í hug að láta í té; hann hefur kannske hugsað það, ég veit það ekki, en honum datt ekki í hug að láta það í ljós. Ég tek það svo sem ekkert illa upp, en mér finnst, að það hefði ekki verið óviðeigandi af hæstv. ráðh., ef hann sem hæstv. iðnmrh. hefði metið það starf nokkuð, sem lagt var í þetta mál af nefndinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði verið undrandi yfir afgreiðslu meiri hlutans, hvernig hann hefði komizt að niðurstöðu, og að meiri hlutinn hefði dregið alskakkar ályktanir af þeim gögnum, sem fyrir lágu. Ég verð að segja það, að ég skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefur kynnt sér þessi gögn eða hvernig hann hefur hlustað á framsöguræðuna, sem flutt var hér. Það er eins og allt annað hafi komizt inn í höfuðið á hæstv. ráðh. en það, sem meiri hl. n. hefur verið að boða. Hann hefur haldið fram, eins og ég margsinnis hef tekið hér fram, að stefnan sé mörkuð í 1. gr. frv. á þskj. 460 og að till. séu byggðar á því, sem hljóti að vera afleiðing af þeirri stefnu, svo að það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra, að meiri hl. dragi ályktanir af umsögn frá ákveðnum aðila, Iðnnemasambandinu. Till. meiri hl. eru alls ekki byggðar á því. Ég veit ekki, hvaðan það er komið inn í huga hæstv. ráðherra. Það er alls ekki byggt á því, síður en svo. Benti ég einmitt á, að þessir aðilar leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt fremur en að láta það falla, og ég leyndi því ekki neitt. Þeir bentu hins vegar á, að þeir óskuðu eftir ýmsum breytingum. Eru þær breytingar sumar teknar upp í þær brtt., sem meiri hl. gerir, og sumar ekki.

Þá sagði hæstv. ráðh., að meiri hl. hefði orðið að hverfa frá þeirri hugsun að ætla að koma upp einum skóla. Hvar hefur hann fundið það út, að meiri hl. legði til að koma upp einum skóla? Það er hvergi nokkurs staðar hægt að finna það út úr tillögunum. Meiri hl. leitaði aðeins upplýsinga um það hjá aðilum, hvort þeir vildu hafa einn eða fleiri skóla í landinu, af því að það hafði komið fram í umræðum annars staðar og ekki af neinu öðru. En hvers vegna er hæstv. ráðherra að gera meiri hl. upp þær getsakir að vilja hafa einn skóla í landinu, þegar honum hefur aldrei komið slíkt til hugar? Ef aðrir hefðu borið fram slíka tillögu, hefði meiri hl. n. lagzt gegn henni, því að hann álítur það góða hugmynd, sem komin var inn í frv., áður en það kom til þessarar hv. deildar, að hafa iðnskólana í sameiningu við gagnfræðaskólana, og þá gat ekki verið lengur um neinn einn skóla að ræða. Virði ég hæstv. ráðh. fyrir að hafa tekið þá stefnu upp, en hæstv. ráðh. á ekki að vera að útiloka alla samvinnu við þingnefnd og hlaupa svo eftir einhverjum orðum eða einhverjum getgátum frá einhverjum og einhverjum mönnum úti í bæ. Honum væri miklu nær að hafa nánara samstarf við nefndina um þetta mál til þess að opinbera ekki hér, að hann vissi ekkert um málið annað en það, sem spýtt er í hann annars staðar frá. Þá hefði hann komizt alveg hjá því að fá áminningu út af þessum ummælum sínum. Ég vísa þeim fullyrðingum hæstv. ráðh. gersamlega til baka, að nefndin hafi gert nokkra tilraun til þess eða sett nokkuð það fram, er bendi til þess, að hún ætli sér að knýja fram einn iðnskóla í landinu. Og ég er ekki einn um það. Hann getur fengið einnig umsögn annarra hv. nm. um það atriði.

Þá var hæstv. ráðh. að leggja hér út af nál. Ég verð að segja, að það lítur helzt út fyrir, að hæstv. ráðh. hafi alls ekki hlustað á ræðu mína í gær. Þar tók ég einmitt nákvæmlega fram, að n. hefði átt samtal við alla þessa menn, sem hann minntist á hér áðan, og að Nd. hefði átt samtal við þá menn og enga aðra. Það kom ekkert nýtt fram hjá hæstv. ráðh. frá því, sem ég hafði sagt. Það var ekkert misfarið með frá mér, hvorki í nál. né annars staðar. Hitt stendur enn, að iðnn. Nd. leitaði ekki neinna umsagna til þeirra manna, sem við leituðum hjá, og við leituðum ekki umsagna hjá þeim mönnum, sem hún var búin að tala við, annað en að ég sem form. talaði við þessa sömu aðila. Við vorum ekki að fara í neitt pukur með það mál, það er síður en svo, svo að hæstv. ráðh. hefði getað sparað sér allan þann lestur, ef hann hefði viljað vita það rétta um málið.

Þá segir hæstv. ráðherra, að það sé nýmæli að senda frv. til umsagnar til Vinnuveitendasambands Íslands. Er hæstv. ráðh. hræddur við öll nýmæli? Hugsar hann sér, að það sé sterkasta aðstaðan fyrir hann í ráðherrasessi að loka augunum fyrir öllum nýmælum? Þá fer nú margt að verða einkennilegt. Ég hélt einmitt, að maður í slíkri stöðu ætti að hafa augun opin fyrir öllum nýmælum. Svo er það ekki úrslitaatriði, hvort hér er um nýmæli að ræða. Hitt er úrslitaatriði, hvort það var eðlilegt að senda þessum mönnum málið til umsagnar. Ef iðnskólinn er eingöngu fyrir þá menn, sem búnir eru að læra iðnað hjá iðnmeistara, og það virðist mér að sé höfuðatriði hjá hæstv. ráðh., að skólinn eigi eingöngu að vera stofnun, sem sé merkt iðnaðarmannastéttinni í landinu, og þar eigi engir aðrir aðilar að hafa nein ráð, þá er goðgá að vera að spyrja aðra aðila. En er það meining hæstv. ráðherra, að þessi stofnun, sem kostar yfir 10 millj. kr., eigi eingöngu að vera fyrir iðnaðarmannastéttina og að gætt sé eingöngu þeirra hagsmuna, en engra annarra? Og ef það er ekki meiningin, þá getur hæstv. ráðh. ekki haldið því fram, sem hann hefur haldið hér fram í sinni ræðu. Ég vildi gjarnan fá þessu svarað af hæstv. ráðherra. Það var allt annað viðhorf með iðnskólann, á meðan iðnaðarmannastéttin sýndi þá miklu fórnarlund að halda honum uppi árum saman, að mestu á sinn kostnað, og byggja upp iðnaðarfræðsluna eins og hún gerði fyrir sitt fé, eða hvort hún kastar öllum þessum skyldum af sínum herðum og heimtar, að það sé nú gert af allt öðrum aðilum. En þegar byrðinni er kastað frá sér, eins og hér er gert, er ekki hægt að halda áfram öllum réttindunum. Þegar skyldurnar eru settar á aðra menn, þá verða líka réttindin að einhverju leyti að vera hjá þeim sömu mönnum. Það er það, sem hv. Alþingi hefur viðurkennt, að það sé ekki sanngjarnt að láta iðnaðarmannastéttina halda uppi iðnfræðslunni; það sé sanngjarnt að láta ríkissjóðinn og sveitarsjóðinn eða bæjarsjóðinn bera kostnaðinn, en þá líka jafnsjálfsagt, að þeir hafi réttindin samfara skyldunum, því að það eigi ekki að aðskilja. Vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðherra vildi reyna að skilja þetta, sem hverju fermingarbarni á að vera auðvelt að skilja, hvað þá hæstv. ráðherra.

Það er sannarlega ekki óviðkomandi þjóðinni, hvort hægt er að halda uppi iðnfræðslu í þessu landi þannig, að einnig aðrar stéttir þjóðfélagsins hafi eitthvert gagn af því samfara iðnaðar-

mönnunum. Það er sannarlega ekki óviðkomandi þjóðinni. Ég vil aðeins benda á, að þeir menn, sem eru útilokaðir frá slíkri menntastofnun sem hér um ræðir og eins og iðnaðarmannastéttin og hæstv. ráðh. hugsa sér, þó að það sé gagnstætt ákvæðum laganna, því að þar er allt önnur stefna ákveðin, munu rísa upp og neita að taka á sig í nokkurri mynd þá fjárhagslegu byrði, sem af slíkri stofnun leiðir. Ætti þá að halda þeirri stofnun uppi af öðrum aðilum. Verzlunarmenn halda hér enn uppi skólum fyrir sína stétt, og það er enginn að fárast yfir því, hvaða reglur þeir setja um inntöku þar. Þeir fá aðeins styrk á hvern nemanda. En ef þeir kæmu í dag til ríkisins eða til Alþingis og segðu: Nú viljum við kasta frá okkur þeim skyldum að halda uppi þessari fræðslu — mundi svarið væntanlega verða, að þá yrði stjórn skólanna jafnframt að fara í hendur þeirra aðila, sem tækju að sér að halda uppi fræðslunni. Og ég ætla, að það væri enginn vansi fyrir hv. Alþ. að ganga svo frá skipun þessara mála, að kosningu í skólastjórn verði þannig fyrir komið sem lagt er til í tillögu meiri hl. Með því móti réðu sveitastjórnir, sem bera mikinn hluta af kostnaðinum, 2—4 mönnum í stjórn, og oddamanninn skipaði ríkisstj., þar sem ríkissjóður ber einnig mikinn hluta af kostnaðinum, en iðnaðarmennirnir fá 2 fulltrúa af 5 örugga í stjórnina til þess að koma að sínum sjónarmiðum og gæta þar hagsmuna stéttarinnar. Ég held, að þetta sé ekki ósanngirni. Hitt er ósanngirni, að halda því fram, að þetta sé ósvifni og að þetta sé vanmat á þeirri þjónustu, sem iðnaðarmennirnir hafa gefið í landinu undanfarin ár.

Þá sagði hæstv. ráðh., að verksmiðjuiðnaðurinn ætti ekki að hafa neinn fulltrúa í stjórn iðnskólanna. Meiri hl. n. hefur ekki einu sinni gert till. um það og hvergi minnzt á það að gefa þessum aðila neina þátttöku í sjálfri skólastjórninni, en hins vegar leggur hann til, að skólinn sé ekki lokaður fyrir þessum mönnum frekar en öðrum mönnum á landinu. Annað eða meira hefur hann ekki sagt. Og þegar hæstv. ráðh. var hér að lýsa því áðan, að það væri allt annað iðja og iðnaður í landinu, gat ég ekki varizt brosi. Ég skal ekki þreyta mikið hv. deild með að endurtaka það, sem ég sagði um það atriði í gær, en aðeins benda á, að línurnar á milli iðju og iðnaðar eru svo óskýrar á mörgum sviðum í þjóðlífinu og verða því óskýrari sem tímarnir líða, að það væri ekkert vit í því að ætla sér að útiloka þá fjölmennu stétt, sem iðju stundar, frá iðnfræðslu í landinu, og þá er ekki nein leið önnur en sú að ætla sér að byggja yfir þá aðila annað menntamusteri, sem kostar aðrar 10 millj. kr. Og ef hæstv. ráðh. telur, að það sé betra fyrir ríkissjóðinn, þá er ég hættur að skilja hann og afstöðu hans í þessu máli. Það mundi kosta ríkissjóð mörgum sinnum meiri fórnir, ef ætti að fara að byggja einhverja aðra menntastofnun yfir þá menn, sem hugsað er að útiloka frá þessum skóla, eftir því sem frv. er túlkað af hæstv. ráðh. Hitt er alveg víst, að það verður ekki stætt á því árum saman að neita þeim mönnum um fræðslu í landinu, sem vilja nema einhver vísindi um iðnað, þó að þeir ekki á sama tíma skuldbindi sig til þess að stunda fjögurra ára nám hjá einhverjum iðnmeistara. Á móti slíkum kröfum verður ekki staðið lengi, og þá er, eins og ég segi, ekki annað að gera en að horfast í augu við það að eiga að fara að byggja annað menntamusteri, og slíku er ég ekki sammála, því að á því er engin þörf. Það er hægt að koma þessu öllu fyrir í þeim glæsilega skóla, sem hefur verið byggður hér upp af ríki og bæ með mjög miklum og góðum tillögum frá iðnaðarmannastéttinni, sem ég met að fullu, og sá skóli er nægilega stór um langan aldur án þess að þurfa að fara að bæta þar við öðrum 10 millj. kr. í byggingarkostnað.

Þá sagði hæstv. ráðh., að nefndin hefði engan fund haldið með iðnaðarmönnum um þetta mál. Ég skýrði það fyrir honum áðan, þegar hann var að tala um traust framsóknarmanna á mér, að það var eingöngu vegna þess, að mér sem form. var falið að ræða við þessa aðila, og ég tel, að það hafi fengizt engu síður út úr þeim umræðum þær niðurstöður, sem þeir létu mér í té, enda vildi ég gjarnan heyra frá hæstv. ráðh., hvort þeir aðilar hafa haldið því fram, að ég muni ekki hafa borið til n. rétt ummæli þeirra eða hvort hann sjálfur hafi orðið var við það, að ég hafi ekki flutt til n. réttilega það, sem á milli fór á þeim fundum, sem ég átti með þessum mönnum. Ef slík ásökun liggur ekki fyrir, þá er engan veginn frambærilegt að vera að gera það að umræðuefni hér í deildinni, hvaða vinnuaðferðir voru hafðar í n., því að eins og ég sagði áðan, kannast hæstv. ráðh. bezt við þær frá samvinnu okkar í fjvn.

Þá minntist hæstv. ráðh. hér á umsögn skólastjórans. Ég verð nú að segja, að skólastjórinn hefði náttúrlega vel getað sent nefndinni sína umsögn um tillögurnar, ef hann hefði talið ástæðu til. Hann hefur ekki gert það, og ég misvirði það ekkert við hann. Mér var alveg ljós hans afstaða, og það kemur ekkert fram í umsögninni hjá honum annað en það, sem hann tjáði mér í umræðum og nefndin vissi um. Ég vissi einnig um afstöðu fyrrverandi skólastjóra um málið. Hins vegar er ég eins viss um það, að afstaða fyrrverandi skólastjóra, eins og hún kom fram hjá hæstv. ráðh., er ekki hans persónulega skoðun á málinu. Hún er túlkuð fyrir hönd ákveðinna hópa manna, því að hann margviðurkenndi við mig, að mest af því, sem er í till. meiri hl., er framkvæmt í skólunum þegar, og annað má þegar framkvæma með reglugerð. Samþykkt tillagna meiri hl. gefur því ekkert tilefni til þess að stöðva frv. Hitt er svo annað atriði, að í þessum till. meiri hl. eru nokkur atriði, sem ekki er unnt að framkvæma með reglugerð og stéttin vill ekki að verði framkvæmd, og skal ég koma að því nokkuð síðar.

Hvað snertir umsögn iðnsveinaráðsins, þá hefur hún ekki heldur verið send nefndinni. Hún hefur verið send hæstv. ráðh., en ekkert af þessu verið sent nefndinni. Engar þessara umsagna, sem hæstv. ráðh. las hér upp, eftir að tillögurnar komu fram, hafa verið sendar n., nema frá iðnfræðsluráði. Það er eini aðilinn, sem hefur virt n. svo mikils að senda henni umsögn sína, eftir að till. komu fram. Einmitt vegna þess vildi

ég fara hér nokkrum orðum um þessa umsögn. Þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér virðist í fljótu bragði, að sumar till. séu þýðingarlitlar, aðrar ótímabærar“ — þetta kemur hvort tveggja heim við það, sem hv. frsm. minni hl. hélt fram — „og enn aðrar til hins verra frá því, sem er í frv.“

Þetta er hans skoðun, og nú skulum við athuga, hvaða rök hann færir fyrir þessari skoðun sinni, en hún er sú og sú ein, að tillagan eigi ekki heima í þessum lögum, því að hann segir svo:

„Þá eru í till. ákvæði, sem vægast sagt er hæpið að staðizt geti að setja inn í lög um iðnskóla, en ættu frekar heima í lögum um iðnfræðslu, og er þar einkum átt við till. nr. 2.“

Nú er það svo, að ef hæstv. ráðh. álitur, að þessi till. eigi ekki heima í þessum lögum og það sé óþinglegt að setja hana inn í þessi lög, þá hefur hann möguleika til að óska þess, að hæstv. forseti vísi henni frá af þeim sérstöku ástæðum, og ég skal lýsa því hér yfir, að komi slík ósk fram frá hæstv. ráðherra, þá skal ég ekki sitja í forsetastól til að úrskurða það atriði, heldur láta það koma undir einhvern annan hæstv. forseta deildarinnar. En ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til þess að fá slíkan úrskurð, þá fellur þessi umsögn um sjálfa sig og er einskis virði. Þessu vildi ég aðeins svara þessari umsögn hér. (**Forseti:** Ég held, að þetta sé misskilningur.) Ég held, að það sé ekki neinn misskilningur. Það er síður en svo. Ég segi, að ef hæstv. forseti treystir sér ekki til að vísa henni frá, af því að hún eigi ekki heima í þessum lögum, þá er það vitanlega fullkomlega þinglegt að setja þessa till. fram og leita um hana atkvæða d. Hún kann hins vegar að eiga betur heima í öðrum lögum; það er svo allt annað atriði. (**Forseti:** Forseti getur ekki vísað frá, nema um sé að ræða brot á stjórnarskránni.) Forseti getur vísað till. frá, ef meðferð málsins er óþingleg á einn eða annan hátt. Hæstv. ráðh. er vel kunnugt um, að það hafa fjöldamörg ákvæði verið sett í lög, sem ættu betur heima í öðrum lögum. En svo er það ekki eingöngu þetta, heldur líka og annað, að till. nr. 2 er bein afleiðing af því, sem búið er að setja inn í frv. nú þegar. Það dettur engum manni í hug, að það sé ætlazt til þess, að nokkur nemandi stundi nám í einum eða öðrum skóla, nema hann fái einhver réttindi út á sitt próf, og ég veit að hæstv. ráðh. ætlast ekki til þess heldur. Hann verður að fá viðurkenningu fyrir sínu námi, viðurkenningu fyrir sínu prófi og síðan réttindi, sem eru samsvarandi prófinu, hvort sem hann tekur það á þennan veg eða annan. Þetta er það eina, sem verið er að tryggja, og ekkert annað. Hitt er svo allt annað atriði, að ég veit ekki nema að um það hefði getað orðið samkomulag, og það gæti e. t. v. orðið um það samkomulag enn, ef hæstv. ráðh. vildi beita sér fyrir nokkru samkomulagi í þessu máli, en það er ekki það, sem hann vill. Hann vill ekki beita sér fyrir neinu samkomulagi í málinu um að fella þessa till. niður eða að taka hana aftur til síðari umr., ef nokkur von er til samkomulags. Og það er m. a. með tilliti til þess, að ég sem form. n. setti þetta inn sem sérstaka lagagrein, en ekki sem málsgr. í 1. gr. frv., til þess að það væri hægt að bera þetta ákvæði upp sérstaklega og til þess að það væri hægt að fá um þetta samkomulag, ef það væri frekar hægt að fá samkomulag um frv. í heild, eftir að þetta væri fellt niður. En einmitt þetta ákvæði virðist vera stærsti þyrnirinn í augum þeirra manna, sem setja sig upp á móti tillögunum.

Hér er enn fremur sagt:

„Þá verður það að teljast óeðlilegt að setja iðnskóla undir menntmrn., m. a. frá því sjónarmiði, að bændaskólar, sjómannaskóli og fleiri slíkir sérskólar heyra undir ráðuneyti viðkomandi atvinnugreina.“

Ég hef rætt þetta atriði áður, og það, að till. er komin fram um það, er byggt á þessu tvennu: Í fyrsta lagi, að það er skoðun meiri hl., að framkvæmdirnar á fræðslulögunum eigi að vera undir einu og sama rn., en ekki skipta þeim á milli annarra ráðuneyta, og ef sett eru ný lög, eins og hér er verið að gera, þar sem haldið er áfram að skipta þessu á milli ýmissa rn., þá sé því torveldara að fá þessu breytt með hina aðra skóla. Þetta veit ég að hæstv. ráðh. sér. Þetta er önnur ástæðan. Hin ástæðan, sem er ekkert veigalítil, er einmitt sú, að hluti af þessari kennslu er ætlazt til þess að fari fram í gagnfræðaskólunum, sem eru undir menntmrn. Það er svo veigamikil ástæða, að það verður erfitt að mótmæla henni. Það gæti vel verið, ef slíkt ákvæði væri ekki í frv., að þá hefði þessi till. aldrei komið fram.

Síðan gefst form. iðnfræðsluráðs alveg upp við að tefla fram frekari rökum. Hann segir að vísu: Margt fleira hef ég við brtt. þessar að athuga, en þar sem það er naumur tími, skal ég ekki fara út í það nú. Hann treystir sér ekki til að færa nokkur rök fyrir því, að brtt. séu til hins verra í frv., annað en þetta, að till. nr. 2 á við önnur lög. En ég hef lýst yfir því, að ég sé tilbúinn til þess að ræða um að taka hana aftur, ef samkomulag næst um frv. að öðru leyti. Ég verð því að segja, að þessi umsögn er ekki ákaflega veigamikil.

Landssamband iðnaðarmanna hefur ekki séð ástæðu til að sýna nefndinni þá kurteisi að senda henni umsögn sína, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að vera að ræða sérstaklega þau atriði, en vísa til þess, sem ég hef sagt áður, og bendi á, að þessar umsagnir eru fram komnar af misskildum stéttarhagsmunum og misskilningi á frv. eins og það er á þskj. 460.

Hæstv. ráðh. sagði, að iðnsveinaráðið hefði að síðustu óskað mjög eftir því — og það væri einnig í samræmi við óskir Landssambandsins — að gera engar þær breytingar, sem raska þeim grundvelli, sem iðnfræðslulögin eru byggð á. Engar af þeim till., sem eru á þskj. 609, raska að einu eða öðru leyti grundvallaratriðunum í sjálfu frv. eins og það er nú, eins og ég hef marglýst, svo að frv. þarf ekki af þeim ástæðum að mæta neinni mótstöðu eða nauðsynlegt sé þess vegna að koma á fundarhöldum til mótmæla.

Þá sagði hæstv. ráðh., að Landssambandið héldi því fram, að prófin væru óframkvæmanleg. Það hefur ekki verið sannað hér, heldur eru um þetta bornar fram fullyrðingar án nokkurra

raka. Ég er nýbúinn að lesa hér upp umsögn frá fræðslumálastjóra, þar sem hann sannar það, að prófin eru mjög framkvæmanleg. Og ég hef í minni fyrri ræðu hér bent á, að það hafa engin rök verið færð fyrir því, að það sé ekki hægt að framkvæma prófin. Og sjálfur fyrrverandi skólastjóri iðnskólans hefur margsinnis viðurkennt, að það væri engum vandkvæðum bundið að framkvæma prófin. Það eina, sem væri ekki hægt að sannprófa, væri vinnuhraði viðkomandi aðila, en það er allt annars eðlis. Það væri fullkomlega hægt að sannprófa kunnáttuna, aðeins ekki hægt að sannprófa vinnuhraðann.

Landssambandið segir einnig, að það sé ekki hægt að kenna verklegt nám nema með tilsögn. Það væri ákaflega fróðlegt að sjá skýrslu yfir það, hvað margar stundir af þeim fjórum árum, sem nemendurnir eru að jafnaði bundnir með samningi, eru í verklegri tilsögn hjá iðnmeistaranum sjálfum. Ég þekki ákaflega vel, hvernig þessu er háttað. Venjulega eru þessir menn, og það alveg sérstaklega nú í seinni tíð, þar sem teknir eru tugir eða hundruð nemenda í stór verkstæði, látnir sjálfráðir um að læra það verklega. Það eru ekki meistararnir, sem verja mjög miklum tíma til þess að kenna þeim, hvernig handtökin eigi að vera. Þeir tímar eru áreiðanlega teljandi, sem fara í það, og er áreiðanlega hægt að framkvæma kennslu í verklegu námi á annan hátt en þar er gert á miklu styttri tíma. En um það er raunverulega ekki hér að ræða í þessu máli, því að það er ekki verið að tala um það hér, hvort það eigi að hætta við fjögurra ára samningsbundið nám. Hitt vil ég svo leiðrétta hjá hæstv. ráðh., sem hann hélt fram, að ef tillögur meiri hl. við 1. gr. yrðu samþykktar, þá mundi þetta kosta milljónaútgjöld fyrir ríkissjóð. Hvað meinar hæstv. ráðherra? Honum er alveg ljóst af minni framsöguræðu og af öllu því, sem komið er fram, og af till., að þar hvílir ekkert meiri skylda á skólanum að taka nemendur í verklegt nám en er í frv. eins og það er nú. Það er allt undir skólastjórninni komið og þeim aðilum, sem eiga að greiða kostnaðinn. Þetta er hreinn misskilningur hjá hæstv. ráðh. og aðeins gert til þess að slá ryki í augun á hv. dm. í von um, að þeir breyti um skoðun við þessar fullyrðingar, að hér sé um óskapleg fjárútlát að ræða. En ráðh. veit, að þetta er byggt á misskilningi.

Þá segir hæstv. ráðh. eftir Landssambandinu, að það sé alveg óþarfi að hafa í frv. undanþágu um það, að menn þurfi ekki að sitja í öllum námsgreinum í bekkjum, þetta megi setja með reglugerð. En ef það má setja þetta með reglugerð, hvers vegna má það þá ekki vera í l.? Og er það ekki miklu eðlilegra og þinglegra, að það, sem má setja með reglugerð, sé að minnsta kosti markað í stórum dráttum í l. sjálfum. Núverandi skólastjóri og fyrrverandi skólastjóri sögðu einmitt, að þetta væri framkvæmt eins og meiri hl. gerir till. um. En ef það er þannig í framkvæmdinni, þá sé ég ekki, hvaða goðgá er að setja það inn í l., og þá sé ég ekki, hvaða grundvöllur er fyrir þá menn, sem ekki vilja taka á móti l., að neita því, ef sett er inn í l. ákvæði, sem þeir framkvæma daglega og hugsa sér að halda áfram að framkvæma. Hvaða rök eru í svona löguðum málaflutningi?

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði ákveðið að flytja miklu víðtækari brtt. en gert er. Ég vil nú spyrja: Hvaðan hefur hæstv. ráðh. þessa umsögn? Á hann einhverja draumkonu, sem er að segja honum þetta? Ég lagði sjálfur fyrir ráðh. allar þær brtt. skriflegar, sem hafði komið til mála að bera fram á fyrsta stigi málsins, og ég held, að við höfum verið báðir sammála um, ég og hv. þm. Str. (HermJ), að ræða þessar till. við hæstv. ráðh. Þær brtt. voru ekkert víðtækari en þær till., sem eru fram bornar. Ég sé ekki annað en það séu nákvæmlega sömu till., nokkuð heflaðar til, eins og gengur og gerist, þegar á að fá samkomulag um orðalag í einni n., án þess að nokkru hafi efnislega verið við bætt, svo að ég hef ekkert hopað af vellinum, síður en svo. Annaðhvort hafa þeir menn, sem vinna með hæstv. ráðh. utan þings að þessum málum, sagt honum allt annað en sannleikann eða, eins og ég segi, að hann hefur draumkonu til þess að segja sér ýmsa hluti, sem ekki hafa skeð. En það er alveg áreiðanlegt, að það er röng ályktun, þegar hæstv. ráðh. heldur því fram, að ég hafi ætlað að bera fram miklu víðtækari brtt. við frv. þetta.

Þá sagði hæstv. ráðh., að iðnaðarstéttirnar hefðu ekki verið lokaðar. Hvaða stéttir hafa verið lokaðar hér á Íslandi, ef það hafa ekki verið einmitt iðnaðarstéttirnar? Þær hafa verið lokaðar öll þessi ár, sem ég þekki til, og eru lokaðar enn í dag. Það er ákveðið með samningum, hve marga iðnnema hver meistari megi taka, byggt á því, hvað marga kennara, að mér skilst, hann hafi. Og það þekkja allir menn, sem hafa þurft á því að halda að reyna að koma fyrir mönnum til náms í einni eða annarri iðngrein, að þessar dyr hafa verið harðlokaðar, og hefur það verið þjóðinni til mjög mikils óhagnaðar.

Ég hef nú skýrt þessi mál nokkuð, eftir því sem tilefni gafst til, og ég vil endurtaka það að síðustu, að ég tel, að það sé af skammsýni, ef þær till., sem hér eru fram bornar af hv. meiri hl., eru felldar. En það væri þó enn meiri skammsýni, ef þær skyldu verða samþ. af þessari hv. d., að fella þá frv. í hv. Nd. eða draga frv. til baka, eins og hæstv. ráðh. hefur hótað.

Ég tel hins vegar, að það sé svo mikils virði og svo sjálfsagt að fá löggjöf um iðnskóla, að ég vil fylgja því frv., sem hér er á þskj. 460, þó að engar umbætur verði gerðar á því. Ég er ekki svo hörundssár að fyrtast nokkurn hlut yfir því, þó að till., sem frá mér koma eða ég fylgi, nái ekki fram að ganga. Það er síður en svo. Sú skylda var jafnþung á mér að brjóta þetta mál til mergjar, koma fram með brtt., sem voru til bóta, láta ræða þær hér, og ég tel, að þetta mál hafi haft mjög gott af því, að till. hafa komið fram og verið ræddar ásamt málinu í heild.

Ég mun því fylgja frv. Ég mun ekki beita neinum áróðri hér í þessari hv. d. og læt því hv. þm. um það, hvort þeir samþ. brtt. eða ekki. Ég hef aldrei lagt það í vana minn að beita áróðri við atkvgr. og mun ekki byrja á því nú. Ég mun því

fylgja frv., þótt ekkert af brtt. verði samþ. En það verður sannarlega tekin upp barátta fyrir því, að haldið verði áfram á þeirri braut, sem hér er mörkuð með 1. gr. frv., því að þar er um mjög merkilegt nýmæli í iðnaðarlöggjöfinni að ræða, og það verður áreiðanlega haldið uppi baráttu fyrir því, að það verði farið lengra inn á þá braut en þeir menn hugsa sér að fara, sem loka augunum fyrir kjarnanum í þeirri 1. gr., því að það er sýnilegt af þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar af hæstv. ráðh. og eru bergmál af forustumönnum iðnaðarstéttarinnar, að þeir ætla sér allt annað með löggjöfinni en hún gefur tilefni til, og það verður aldrei þolað.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 460, n. 609 og 622, 664).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 664. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Það getur nú ekki talizt neitt undarlegt, þó að ég taki til máls í þessu máli, því að það liggur við, að það hafi verið skorað á mig að gera það og það hvað eftir annað. Það hefur a. m. k. verið látin í ljós næstum því undrun yfir því, að ég og hv. 1. þm. N-M. (PZ) hafi falið hv. þm. Barð. (GíslJ) að tala í þessu máli og falið honum umboð til þess. Þetta er nú ekkert óeðlilegt, að það séu kosnir frsm. í máli, og gegnir furðu, að menn skuli taka sér slíkt í munn, enda virðist mér nú satt að segja, að frsm. hafi haldið þannig á málinu, að andstæðingar þess sjónarmiðs, sem komið hefur fram hjá okkur í meiri hl. n., hafi ekki sótt neitt gull í greipar hans. En sleppum því. Það, sem hefur verið deilt um í þessu máli og er raunverulega deilt um, er hægt að ræða um í tiltölulega stuttu máli.

Það er deilt um það, hvort meistararnir skuli ráða því, hverjir fá að stunda iðnnám á Íslandi, svo sem tíðkazt hefur fram til þessa, gagnstætt því, sem tíðkast nú með öðrum þjóðum mjög víða.

Það hefur verið svo, að íslenzka þjóðin hefur orðið að koma þessari kennslu þannig fyrir, að iðnmeistararnir hafa séð fyrir kennslunni. Um annað fyrirkomulag hefur undanfarinn langan tíma ekki verið að ræða. Ég er einn af þeim, sem fyllilega taka undir það, að þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld við iðnaðarstéttina íslenzku, því að iðnaðarstéttin hefur með þessu innt af höndum mjög mikilsvert starf, og raunar hefur iðnaðarstéttin sýnt það löngum á undanförnum árum, að hún hefur staðið ákaflega framarlega, staðið framar en margar aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi, án þess að farið sé í meting um það. Sést það greinilega á því, að þó að ríkið telji sig sýna mikinn stórhug og geri það með því að byggja hið myndarlega hús, sem byggt er nú fyrir iðnskóla, þá hefur iðnaðarmannastéttin raunverulega sýnt á þeim tíma, sem hún byggði sín húsakynni hér, iðnskólann og samkomuhúsið, stórhug, sem er engu minni, og þannig hafa yfirleitt verk þessarar stéttar verið á marga lund. Iðnaðarstéttin hefur um margt verið til mikillar fyrirmyndar, og meðan þjóðfélagið hafði ekki efni á að kosta nám fyrir þá, sem vildu búa sig undir þetta starf, hefur iðnaðarstéttin tekið að sér að sjá nemendunum fyrir kennslu.

Ég efast ekkert um það, að það verður áframhald á því, að kennslunni verður fyrir komið á þann hátt, sem verið hefur til þessa. Það verður áframhald á því, að menn kjósa að nema hjá meisturum, sem eru framúrskarandi, eins og margir þeirra eru, og það er alveg tvímælalaust, að nám hjá góðum meisturum fer þannig úr hendi, að nemandinn nýtur þess á marga lund, ekki aðeins að því er snertir kennslu í hans grein, heldur nýtur hann þess á marga lund að hafa haft handleiðslu slíkra manna. Við sjáum mörg dæmi þess, og þau dæmi eru til víða enn í dag.

En þessi stétt, sem hefur verið svo víðsýn, verður að gæta þess, að nýju tímarnir krefjast nýrra vinnuaðferða og þar af leiðandi nýrra kennsluaðferða í iðngreinum. Það er alveg tvímælalaust, að um leið og þetta kennslufyrirkomulag helzt sem sá aðalháttur, sem hafður verður á kennslu á næstunni, þá þróast þetta samt sem áður smátt og smátt yfir í það, að við tökum upp hér á þessu landi skóla, sem kenna ekki aðeins það bóklega, eins og núna er í aðalatriðum gert, ásamt teikningu, heldur verður jafnframt það verklega kennt á verkstæðum, eins og annars staðar er gert. Eftir því sem nemendafjöldinn verður meiri, margfalt meiri en hann var áður, þá er alveg gefið mál, að það er útilokað, að einstakir meistarar geti séð öllum þeim fjölda fyrir nægilegri kennslu, og þess gætir nú þegar á sumum stöðum, að á því er mikill misbrestur, ekki vegna þess, að þeir vilji ekki rækja þetta starf, heldur vegna þess, að það er sums staðar lítt hugsanlegt, að yfir það verði komizt.

Ég hef minnzt á það áður og skal ekki fara um það mörgum orðum hér, að ég álít, að það hefði verið eðlilegast að taka upp kennslu í sérstökum skóla um þessi mál, og hef flutt frv. um það hér á Alþ. oftar en einu sinni. Ég finn, að það er ekki jarðvegur fyrir það mál fullkomlega nú í dag. Ég er jafnviss um það, að allir telja það sjálfsagt eftir stuttan tíma. Ég er alveg viss um það, því að við getum ekki staðið á móti þeirri þróun, sem alls staðar hefur orðið í þessum málum annars staðar með aukinni véltækni. Við verðum að opna allar dyr fyrir kennslu í þessum málum. Við verðum að skilja það, að vélaöldin er komin til Íslands, en vélamenningin er ekki komin til Íslands. Það er alveg óreiknað dæmi, en við vitum samt sem áður, að niðurstaðan er milljónir, sem þjóðin tapar á því að hafa tileinkað sér vélaöld án þess að hafa jafnframt náð því að hafa tileinkað sér vélamenninguna.

Við þurfum þess vegna á öllum sviðum af þessum ástæðum og svo mörgum öðrum, sem mætti rekja, að hafa augun opin fyrir því, á hvern hátt ungir menn og konur geta bezt tileinkað sér vinnutækni, á hvern hátt hún verður bezt kennd, þannig að við getum eignazt sem

flest af fólki, sem hefur sem fullkomnasta þekkingu á því sviði. Á því byggist raunverulega framtíð íslenzku þjóðarinnar að mjög miklu leyti. Það er alveg útilokað, að iðnaðarstéttin, að meistararnir geti innt af höndum alla þá kennslu, sem þjóðin þarf á að halda handa ungum mönnum og konum, sem vilja nema ýmsar iðnir. Þess vegna verður ríkið að koma til hér með verklega kennslu.

Nú er það svo, að í hv. Nd. hefur þessu verið breytt í þetta horf. Því er breytt í það horf, að gert er ráð fyrir því, eins og stendur í 1. gr., að fleiri geti komizt að sem nemendur í iðnskóla en þeir, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkv. lögum um iðnfræðslu.

Ég verð að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að deilt er um það, hvort þetta sé efni frv. eins og það kemur frá hv. Nd. Ég held, að enginn maður, hvort sem hann er löglærður eða ólöglærður, geti komizt hjá því að skilja 1. gr. á þennan hátt, því að þar stendur skýrum stöfum, eftir að taldir hafa verið þeir, sem hafa samning við meistara, að nemendur geti komizt inn í skólann, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Ég vek athygli á því, að þarna stendur: til sveinsprófs, og þess vegna á þetta ekkert skylt að þessu leyti við ákvæði 13. gr. þessa frv. um framhaldsnám á verkstæðum, því að þar er talað um framhaldsnám fyrir þá, sem þegar hafa lokið sveinsprófi, til þess að læra að verða meistarar eða verkstjórar. Fyrirsögn þessa kafla, „hlutverk og inntökuskilyrði", sýnir greinilega ásamt efni kaflans, að hér er að ræða um nám til sveinsprófs, eins og stendur þar með skýrum stöfum; það verður ekki þurrkað þarna út. Þess vegna er reglan alveg tvímælalaust viðurkennd, sú sem við ýmsir höfum barizt fyrir, að skólinn á að taka sem nemendur ekki aðeins þá, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkv. lögum um iðnfræðslu, heldur og þá, sem vilja nema á verkstæðum skólans og fá bæði verklega og bóklega fræðslu í skólanum.

Þau rök hafa stundum verið borin á borð gegn því að taka upp þá reglu að kenna verklegt nám á verkstæðum og vinnustofum, að kennslan yrði ekki jafnfullkomin með því móti eins og ef nemandinn lærði hjá meistara og ynni með honum. Þetta hafa oftast verið meginrökin, sem hafa verið færð fram gegn því að breyta til í þá átt, sem við í meiri hl. þeirrar n., sem fjallað hefur um þetta mál, leggjum til. Þetta hafa verið þau rök, sem hafa verið borin á borð hvað eftir annað, þegar þetta mál hefur verið rætt. En þessi rök eru orðin dálítið brosleg, svo sem við líka vitum að er í alla staði eðlilegt, þegar þess er gætt, að fullkomin kennsla fer fram á verkstæðum í ýmsum löndum, og þegar þess er gætt, að hér eru reglur um framhaldsnám, eins og stendur í 12. gr.: „Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni." Það er sú alfullkomnasta menntun, sem hægt er að ná hér á landi í hverri grein. Svo er tekið fram, hvað eigi að kenna af bóklegu, og síðan sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Verklega kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis."

Þá alfullkomnustu kennslu, sem hægt er að veita hér á landi og á að veita þeim einum, sem ætla sér verkstjórn eða að ná meistaraprófi, á að veita á þann hátt, sem fram til þessa hefur verið borið á borð fyrir almenning að væri kennsluaðferð, sem væri ekki nothæf fyrir þá, sem ætluðu að taka sveinsprófið eitt.

Ég veit, að með þessu frv., eins og það liggur fyrir, er ekki öllu náð. Þó er þarna í 1. gr. viðurkennd þessi regla, sem við ýmsir höfum barizt fyrir og tryggir betur en áður hefur verið gert, að ýmsir þeir, sem e. t. v. mundu ekki ella eiga kost á því að stunda þetta nám, fá að stunda það. Þó verður að viðurkenna, að ýmislegt skortir á, að sú viðurkenning sé nægilega fullkomin. Það þarf vitanlega fjármuni til þess að framkvæma þetta og fleira. Og ég er sérstaklega ánægður yfir þeirri viðurkenningu, sem kemur fram á verklegu námi í vinnustofum og á verkstæðum í 13. gr. Þar með er ísinn algerlega brotinn í þessu máli, og þýðir ekkert að vera að bera þau rök á borð, sem borin hafa verið á borð hingað til gegn þeim, sem barizt hafa fyrir þessari breytingu. Ég álít, að það sé ekki þörf á því að gera þessa breytingu skyndilega, og þess vegna er það, að ég er meðmæltur öllu því, sem gæti orðið til samkomulags um, að þessi breyting, sem ætlazt er til að gerð verði á iðnaðarmálunum eins og frv. er og þó enn þá greinilegar eins og meiri hl. n. hefur lagt til, gerist með eðlilegum hraða. Það er nú einu sinni þannig, að oftast verða breytingarnar farsælastar, ef þær eru gerðar með þeim hætti, og það af mörgum ástæðum. Menn hafa átt erfitt með að átta sig á þeirri breytingu, sem hér er í aðsigi og er raunverulega fulltryggð með þessu frv., ef það verður að lögum, en ég er ekki í neinum vafa um það, að iðnaðarmennirnir margir, þeir viðsýnustu þeirra, og það er mikill hluti stéttarinnar, munu fagna því sem miklu umbótamáli, áður en langt um líður.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vona, að það geti í því formi eða eitthvað svipað því, sem það liggur núna fyrir frá meiri hl. n., orðið að lögum.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Ég hef nú talað hér tvisvar í þessu máli og skal því mjög stytta mál mitt, en það er einkum vegna þeirrar brtt., sem meiri hl. ber hér fram á þskj. 664, að ég vil aðeins segja hér nokkur orð.

Þegar umr. um þetta mál var frestað síðast, þá var það m. a. gert til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að komast að einhverju samkomulagi milli meiri hl. iðnn. og annarra, sem hafa ekki getað fellt sig við að samþykkja þær till., sem koma fram frá n. á þskj. 609. Út af þessu hef ég rætt um þetta mál nokkuð við hæstv. iðnmrh. Það hefur ekki tekizt að sameina að fullu hans skoðun á málinu og skoðun meiri hl. nefndarinnar, en þó vill n. gera till., sem miða nokkuð í áttina til samkomulags, eins og ég mun nú skýra frá.

Það er einkum tvennt, sem hefur verið deilt

um hér í sambandi við þetta mál. Annað er, að það sé ekki rétt að íþyngja svo skólunum um nemendur, að hætta sé á því, að þeir menn, sem hafa námssamninga, geti ekki fengið aðgang að skólunum; það séu engin takmörk sett í till. meiri hl. n. í sambandi við þetta atriði. Það gæti farið svo, ef skólinn væri opinn öllum, sem þar vilja nema, eins og sagt er í 1. gr. í till., að þá gætu þeir menn, sem hafa námssamninga, orðið að þoka í burtu frá kennslu. Til þess að fyrirbyggja þetta leggur meiri hlutinn til, að teknar séu upp nokkrar breytingar á frv., sem eru fólgnar í því að leyfa 4. gr. frv., eins og hún er í frv. á þskj. 460, að standa með örlitilli breytingu, og er þá 1. till. hér, að aftan við 4. gr. í frv. bætist, með leyfi hæstv. forseta: „og skulu þeir hafa forgangsrétt um inntöku í skólann, ef hann getur ekki veitt öllum þeim nemendum viðtöku, sem sækja þar um fræðslu."

Mundi þá gr. koma til þess að hljóða þannig:

„Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, og skulu þeir hafa forgangsrétt um inngöngu í skólann, ef hann getur ekki veitt öllum þeim nemendum viðtöku, sem sækja þar um fræðslu."

Þá er þessum mönnum tryggður forgangsréttur að skólanum, og það telur meiri hl. mjög eðlilegt, m. a. með tilvísun til þess þáttar, sem þessi stétt hefur átt í því að byggja upp iðnaðinn í landinu.

Þá er og eðlilegt, að aðrir málsliðir í gr., eins og hún er núna, standi, vegna þess að þeir eru um það, að iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skuli tilkynna hlutaðeigandi skólum, þegar samningar hafa verið gerðir, og einnig, þegar þeir falla úr gildi. Ætti þá greinin að standa öll, ef frv. yrði samþ., og þá mundi að sjálfsögðu meiri hluti n. taka aftur 4. till. í sínum brtt. um það, að 4. gr. falli niður. Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða það atriði nánar.

Þá hefur hæstv. ráðh. einnig lagt mjög mikla áherzlu á, að það væri ekki hægt að fullnægja því, sem hugsað er að gera í sambandi við 1. gr., ef brtt. meiri hl. yrðu samþ., vegna þess, hvað það mundi kosta mikið fé. Út af því vill meiri hl. n. leggja til, að á eftir 17. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

„Bókleg og verkleg fræðsla samkv. fyrirmælum þessara l. er háð þeim fjárframlögum, sem lögð eru til iðnfræðslunnar á hverjum tíma."

Þá er sýnilegt, að Alþ. annars vegar og sveitarsjóðirnir eða bæjarsjóðirnir hins vegar ásamt þeim aðilum, sem greiða gjöld til skólanna, ráða hraða framkvæmdanna í framtíðinni. Það kann vel að vera, að einhver aðili, t. d. einhver af hinum nýju aðilum í sambandi við iðnrekendur, vildi leggja eitthvað af mörkum til þess að geta tekið upp sérstaka deild, ef húsrúm leyfir, og þá ætti ekki undir neinum kringumstæðum að útiloka, að það yrði gert. Með því að samþ. þessa brtt., sem ég hef lýst, tel ég, að gengið sé ákaflega mikið á móti óskum þeirra manna, sem vilja ekki samþ. till. óbreyttar, og að þá sé málið komið í fullkomlega öruggt form um það, að skólinn geti starfað fyrst og fremst fyrir iðnaðarmennina og jafnframt fyrir aðra aðila eins og til er ætlazt. Þetta vildi ég láta koma fram hér í sambandi við brtt.

Hæstv. ráðh. hefur látið orð um það falla hér, að ef þessar brtt. yrðu samþ., fyrst hér í þessari d. og þá ef til vill síðar í hv. Nd., þá mundi hann draga frv. til baka, — mér skildist, að það væri hans hugsun, — vegna þess að iðnaðarmannastéttirnar væru svo óánægðar með frv., að hann treysti sér ekki til að láta gera það að lögum. Í sambandi við það vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hugsar hann sér þá í sambandi við rekstur skólans? Eins og nú standa sakir, eru engin lög um skólann. Hann var áður í höndum iðnaðarmanna, sem báru kostnaðinn af rekstri hans, nema hvað þeir fengu styrk til þess frá ríki og bæ. Nú er hugsað, að skólanum sé algerlega komið yfir á ríkið og sveitarsjóðina, — og hvernig hugsar hann sér þá, að skólinn verði rekinn, á hvers ábyrgð og fyrir hvaða fé, ef ekki verður nein löggjöf sett um skólann? Ég teldi það vera mjög illa farið, ef svo skyldi fara, og hef þess vegna lýst því yfir, að ég mundi fylgja frv., jafnvel þótt engar breytingar yrðu gerðar á því. Vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. vildi athuga það, hvort ekki væri mjög misráðið að draga málið til baka úr því formi, sem meiri hluti Alþ., hvernig sem það verður, óskar að hafa það, bara fyrir það, að einhver ákveðin stétt, sem þó lætur ekkert fé til skólans, vill hafa það einhvern veginn öðruvísi.

Að síðustu vildi ég leyfa mér, einnig út af ummælum, sem féllu hjá hæstv. ráðh., að það væri allt annað atriði iðnaðurinn í landinu eða verksmiðjuiðnaðurinn, þetta væru tvö óskyld atriði, sem ég hef hins vegar haldið fram að væru mjög fléttuð saman, að benda hæstv. ráðh. á hans eigin ummæli í sambandi við þetta atriði á öðrum stað. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta, í kveðju til iðnrekenda á árshátíð þeirra:

„Iðnaðurinn skipar veglegt sæti í íslenzku þjóðlífi. Þótt þannig hafi skipazt, eru verkefni óleyst og miklir möguleikar ónotaðir. Forustumenn íslenzks iðnaðar hafa sýnt stórhug, karlmennsku og víðsýni í athöfnum. Um leið og rétt er að gleðjast yfir og þakka unna sigra, vil ég óska þess, að stórhugur og hugsjónaeldur frumherjans Skúla Magnússonar megi verma og lýsa, auka þrek og vísa veginn þeim, sem vinna að eflingu iðnaðarins og fjölbreytni í atvinnulífi."

Ég tek mjög undir þessi ágætu orð og þessa ágætu kveðju hæstv. ráðh., og ég vil benda honum á, að þetta er sent til þeirrar stéttar í landinu, sem hann vill ekki leyfa aðgang að þessum skóla. Ég tel einmitt, að hann hafi mælt hér mjög viturlega, eins og var að vænta af hans hálfu.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á að síðustu, að mér skilst, að nú séu hér á vegum Iðnaðarmálastofnunarinnar fulltrúar frá alþjóðaiðnaðarmálastofnuninni til þess að gera till. um stórkostlegar endurbætur í húsagerð, og einnig það er fléttað inn í verksmiðjuiðnaðinn engu síður en í verksvið iðnaðarmannastéttarinnar sjálfrar. Og það er sannarlega mikilsvert atriði, ef orðið gætu einhverjar endurbætur á þeim málum.

Ég mun svo ekki taka hér til máls undir þessum umr. meira, nema alveg sérstaklega gefist til-

efni til, en vildi óska gjarnan, að hægt væri að ljúka þessu hér í dag, svo að sjá mætti, hvernig frv. kemur til að líta út eftir 2. umr. Mætti þá taka til athugunar þær breytingar, sem nauðsynlegar kynnu að verða, ef nokkrar breytingar verða gerðar við þessa umræðu.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé þörf á því að halda langa ræðu hér í dag út af þessu máli. Það hefur verið nokkra daga hér í deiglunni og umr. töluverðar orðnar um það. Veit ég því, að hv. þdm. hafa þegar gert sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, og að þeir þarfnast ekki nýrra raka frá mér um það, að frv. í heild er bezt í því formi, sem það er, og miklu hagkvæmara en ef till. meiri hl. væru samþykktar.

Fyrst þegar þetta mál var til 2. umr., var eins og það væri einhver fjarstæða, sem ég hélt hér fram, að það væri meginmunur á brtt. meiri hlutans og á frv. Þá vildu forsvarsmenn meiri hlutans halda því fram, að munur væri í raun-inni sáralítill á frv. og brtt. og þess vegna væri hættulaust að samþykkja brtt., en stór kostur að fá þær inn í frv., af því að þær væru skýrari, betur orðaðar og næðu betur þeim tilgangi, sem ætlazt væri til. En brtt. á þskj. 664 virðast sannfæra mig og aðra um það, að umr. hafi þó orðið til nokkurs árangurs og að meiri hlutinn hafi sannfærzt um eftir þessar umræður, að það var þörf á því að gera hér nokkrar umbætur á og breytingar, og gleður það mig sannarlega, að meiri hl. hefur þó viðurkennt þetta og talið ástæðu til að koma á móti þeim, sem vildu hafa frv. óbreytt, eins og hv. frsm. meiri hl. komst hér að orði áðan. Ég er þakklátur frsm. meiri hl. fyrir að hafa viljað ræða við mig um þetta mál í bróðerni og hafa viljað sýna nokkurn samstarfsvilja í þessu máli og ganga nokkuð á móti mér og öðrum, sem vilja hafa frv. með sem minnstum breytingum. En ég verð þó að segja, að brtt. á þskj. 664 er ekki nóg fyrir mig og minn málstað og hún nær ekki, þótt hún verði samþykkt, því, sem ég vil ná og hafa í löggjöf um iðnskóla, og ég skal í eins stuttu máli og ég kemst af með færa nokkur rök fyrir því.

Hv. þm. Str. talaði hér áðan og ræddi um 1. gr. frv. og brtt. meiri hl. og taldi, að eins og 1. gr. frv. væri, þá væri ákveðið það, sem hann og meiri hl. n. vildi fá, það væri að gera öðrum en þeim, sem eru á námssamningi hjá meisturum, kleift að hefja iðnaðarnám og fá sveinsbréf. Ég *hef aldrei neitað því*, að eins og 1. gr. frv. er, þá væri þessi möguleiki fyrir hendi. En það er sá reginmunur á 1. gr. frv. og brtt. meiri hl., að eins og 1. gr. frv. er, þá er þetta í heimildarformi, en eins og brtt. er, þá er það gert að skyldu, og þetta hefur meiri hl. viðurkennt með því að flytja hér till. um bráðabirgðaákvæði, sem kveða svo á, að bókleg og verkleg kennsla í skólunum skuli miðuð við það, hvað veitt er til þessa á fjárlögum hverju sinni. Verði 1. gr. frv. samþ. í því formi, sem hún er, þá er engin þörf fyrir þetta bráðabirgðaákvæði, því að þá hafa þeir, sem stjórna þessum málum, það í sinni hendi, hversu miklu þeir vilja kosta til iðnfræðslunnar í þessu skyni. Verði till. meiri hl. samþ., þá er skylt að koma upp verkstæðum og vinnustofum í skólunum og taka þar upp verklega kennslu í stórum stíl, og hefði það í för með sér óbærilegan kostnað, ef það ætti að bera jafnört að og ákveðið er í þessum till. Eins og 4. gr. frv. ber með sér, þá er sagt þar: „Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum.“ En það er einnig heimilt og mögulegt að taka við öðrum nemendum, sem vilja hefja iðnnám til sveinsprófs á vinnustöðvum, sem skólarnir hafa ráð á.

Það er þetta, sem er meginmunurinn, og ég er ánægður með það, að hv. meiri hl. hefur viðurkennt það með flutningi sinnar brtt. um bráðabirgðaákvæði. En það segir sig sjálft, hvort það er ekki betra að sníða löggjöfina þannig, að með reglugerð sé mögulegt fyrir þá, sem stjórna skólanum og iðnfræðslu í landinu, að sníða sér stakk eftir vexti hverju sinni, heldur en að þurfa að vera að klína aftan við bráðabirgðaákvæði, sem ég verð að segja að er vægast sagt ósmekklegt. Bráðabirgðaákvæðið segir vitanlega ekkert til um það, hvar eða hvernig niðurskurðurinn eigi að fara fram, og hlýtur það í alla staði að vera dálítið vandaverk, sem þeir, sem stjórna þessum málum, vildu gjarnan vera lausir við með því að skapa löggjöfina þannig, að menn viti hverju sinni, að hverju þeir eigi að ganga.

Ég hygg, að hv. þdm. hafi gert sér fulla grein fyrir þessu og það sé þess vegna óþarft fyrir mig að vera að fjölyrða mikið um þetta atriði.

Þá er önnur brtt. meiri hl., sem ég ræddi allýtarlega við hv. frsm., og satt að segja gerði ég mér vonir um, þegar hann fór frá mér, að hann mundi a. m. k. beita áhrifum sínum til þess, að hún yrði felld niður eða dregin til baka. En það er ekki að sjá eftir þeirri brtt., sem meiri hl. hefur flutt, að samkomulag hafi fengizt um það, enda veit ég ekki heldur, hvort hv. frsm. hefur þeitt sér fyrir því. En sú till. á að mínum dómi ekki þarna heima, og eins og áður hefur verið vikið að, þá ætti hún og fleiri brtt. meiri hl. frekar heima í iðnlöggjöfinni en í þessu frv.

Hv. frsm. sagði hér síðast þegar rætt var um þessi mál, að ef hæstv. forseti úrskurðaði ekki, að þessar brtt. gætu ekki átt heima í lögum um iðnskóla, þá væri það sönnun fyrir því, að till. gætu verið þannig. Nú hefur hæstv. þáverandi forseti, sem er hæstaréttarlögmaður og þekkir *því þingsköpin, lögin og stjórnarskrána, sagt* það alveg skýrt og ákveðið, að það væri ekki unnt fyrir forseta að kveða upp úrskurð í þessu efni, og þess vegna er það óhrakið, sem ég sagði hér áður, að þessar brtt. eiga betur heima í iðnlöggjöfinni, ef Alþingi vildi fá þetta fram, en í lögum um iðnskóla.

Það, sem hér er um að ræða, er það, að brtt. meiri hl. eru vægast sagt óþarfar frá sjónarmiði þeirra, sem vilja líta á brtt. með þeim velvilja, sem sjálfsagt er. En af þeim, sem annars hafa gert sér grein fyrir meiningu þeirra og borið þær saman við frv. sjálft, verður ekki hjá því komizt að úrskurða, að brtt. eru mjög vafasamar, hæpnar og óheppilegar í iðnskólalöggjöfina eins

og nú standa sakir. Og eftir því sem hv. þm. Str. talaði hér áðan, sem taldi, að það væri hyggilegt að fara sér hægt og rólega í þessum málum og farsælla væri og bezt reyndist það, sem þroskaðist tiltölulega hægt, þá ætti hann að geta verið ánægður með 1. gr. frv. eins og hún er og þá möguleika, sem í henni felast, að veita öðrum en þeim, sem eru á ráðningarsamningi hjá iðnmeisturunum, fræðslu, eftir því sem mögulegt er, eftir því sem rúm er fyrir slíka menn í skólunum, eftir því sem fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi hverju sinni. Þess vegna er það ekki einungis óþarft að vera að koma með brtt. við 1. gr., það er óhyggilegt að þessu sinni, og þm. Str. raunverulega viðurkenndi það hér áðan. Hann talaði um, að eins og 1. gr. væri, fælust í henni möguleikar til þess að kenna öðrum en þeim, sem eru hjá meisturum, en 1. gr. er þannig, að það er ekki skylt að ganga lengra í þessu efni en hyggilegt er fjárhagsins og annarra möguleika vegna.

Um aðrar brtt. er raunverulega óþarfi að ræða meira núna, því að hv. frsm. kom ekki að þeim í sinni ræðu. Hv. þm. Str. hélt sér aðallega við 1. gr. frv., og ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu meira um hinar aðrar brtt. meiri hl. en gert var hér síðast.

*Ég er samþykkur því, sem sagt var hér áðan*, að íslenzkir iðnaðarmenn eru vel að sér í sínu fagi, vel færir, og ég hygg, að þeir þoli fyllilega samanburð við iðnaðarmenn nágrannalandanna. En hvers vegna er það? Það er vegna þess, að þeir hafa notið góðrar tilsagnar, ekki aðeins í skólunum, heldur einnig hjá meisturunum. Ég hygg, að það hafi nokkuð mikil þroskandi og bætandi áhrif á unglinga, sem hefja iðnaðarnám, að vera undir stjórn og handleiðslu góðs meistara, það geti haft ákaflega þýðingarmikil uppeldisleg áhrif á þessa menn, og ég hef tekið eftir því, að einmitt margir iðnaðarmenn, sem hafa eytt fjórum árum í iðnaðarnám, eru þannig að mörgu leyti í framkomu, sjálfstjórn og öðru slíku, að þeir skara fram úr ýmsum öðrum, sem hafa ekki átt þess kost að stunda slíkt nám. Þetta er ekki aðeins hin bóklega fræðsla, sem menn njóta, það er sú reynsla og handleiðsla, sem unglingarnir hafa fengið undir stjórn góðra, vel færra manna. Þess vegna ætla ég, að það sé hollt að halda sig í meginatriðum við þetta fyrirkomulag í iðnaðarkennslunni. En eins og frv. er núna, þá er ekki ætlazt til þess, að það sé gert endilega í öllum atriðum, en það er ætlazt til, að það sé gert í meginatriðum.

Hv. þm. Str. minntist hér áðan á iðnskóla í sveit, sem hann hefur flutt frv. um áður. Það er mál út af fyrir sig, og ég ætla ekki að ræða það mál hér að þessu sinni, enda á það ekki heima við þetta frv. En ég vil þó segja það, jafnvel þó að sá skóli væri settur á fót og gæti gert nokkurt gagn, — og ég efast ekkert um, að ef þeim skóla væri stjórnað vel, þá gæti hann gert nokkurt gagn, — að þá mundi hann tæplega fullnægja þeim kröfum, sem nauðsynlegar væru til þess, að iðnaðarmenn um land allt gætu notið kennslu frá honum, því að mér hefur skilizt á því frv., sem þessi hv. þm. flutti, að það væri gert ráð fyrir að stofna aðeins einn iðnskóla. Það er ekki við því að búast, að menn af öllu landinu gætu sótt hann og notið þar nauðsynlegrar kennslu. Hitt er svo annað mál, að sá skóli gæti gert gagn, það sem hann nær, en væri náttúrlega á engan hátt fullnægjandi.

Ég get nú stytt mál mitt og stuðlað þannig að því að verða við óskum hæstv. forseta, að umr. um þetta mál, a. m. k. 2. umr., verði lokið í dag.

Hv. frsm. varpaði nokkrum fyrirspurnum fram til mín í ræðulokin og spurði mig um það, hvort ég mundi vilja draga frv. til baka, eins og ég hefði haft orð á, ef það yrði samþ. í því formi, að brtt. meiri hl. yrðu felldar inn í frv. Ég sagði hér, þegar þetta frv. var til umr. síðast, að ég teldi þessar brtt. þannig vaxnar, að þær mundu spilla frv. það mikið, ef þær væru settar inn í það, að ég teldi ólíklegt, að frv. yrði þá að l. á þessu þingi. Ég sagði þá einnig, að ég byggist við, að ég mundi ekki stuðla að því, að það næði fram að ganga. Hins vegar vil ég segja það, að ég vona, að þessi hv. d. afgr. frv. í því formi, að það sé talið eðlilegt og æskilegt, að frv. verði að lögum. Og ég vil enn fremur segja það við hv. frsm., að ef svo illa fer, að þessi d. samþykkir brtt. við frv., sem ég tel og iðnaðarmenn og aðrir, sem stjórna iðnskólanum og iðnfræðslunni, óheppilega, þá mun ég vitanlega *reyna að beita mér fyrir því, að frv. verði aftur* breytt í Nd. í líkingu við það, sem það er nú, og koma frv. í gegn á þessu þingi, þótt fáir dagar séu eftir, í því formi, að þeir, sem eiga að njóta laganna, geti við það unað. — Það er þetta, sem ég vil segja, en ég ber svo mikið traust til hv. Ed., að til þess þurfi ekki að koma, að endilega þurfi að festa allt sitt traust á Nd.

Þá var önnur spurning, hvernig yrði um rekstur nýja iðnskólans, ef ekki yrði neitt úr lagasetningu að þessu sinni. Ég geri ráð fyrir því, að það færi nú einhvern veginn, jafnvel þó að ekki yrðu sett lög á þessu þingi, en áreiðanlega yrði það slæmt. Og ég er samþykkur hv. frsm., hæstv. forseta, að það væri mjög slæmt, ef frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. En samt yrði við það að una og reyna svo á næsta þingi að flytja frv. á ný og fá það fram í því formi, sem viðunandi er. En ég vil ekki hugsa á þá leið, að frv. verði spillt svo mjög, að ekki verði við það unað. Ég vil alls ekki reikna með því, og ég hef ekki ástæðu til þess að reikna með því. Ég hef miklu frekar ástæðu til þess, eftir að frv. hefur verið hér til umr. og athugunar í þessari d. nú í meira en mánuð, að hv. þdm. hafi gert sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, og ég veit, að ég þarf ekkert að vera að leiðbeina hv. Ed. í þessu efni meira, og þess vegna skal ég verða við óskum hæstv. forseta og ljúka máli mínu.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir, hvað það er, sem gerir það að verkum, að ég vil fá frv. samþ. í líku formi og okkar brtt. segja til um. Þetta þarf ég reyndar ekki að gera fyrir þá menn, sem hér hafa verið áður í d., t. d. þegar iðnlögin voru rædd, þá kom þetta mjög greinilega fram.

Ég lít þannig á iðnaðarnámið eins og allt annað nám, að mennirnir, sem það stunda, séu

misjafnir, og eins og maður fær í öðrum skólum að vera færður upp og stunda sitt skólanám á skemmri tíma en tilskilinn er fyrir meðalmanninn, eins eigi það að vera í iðnaðinum; eins og Leifur Ásgeirsson gat orðið prófessor án þess nokkurn tíma að sitja vetrarpart í menntaskólanum og ekki nema lítinn part í háskólanum, en stundað sitt nám þar fyrir utan, eins eigi þeir menn, sem hafa þann dugnað og eru af guði þannig gerðir, að þeir geta tekið sitt iðnaðarnám á skömmum tíma, ekki að þurfa að vera fjögur ár að læra að raka mann eða svipaða iðn, heldur geti þeir fengið að ganga undir próf í sinni námsgrein, þegar þeir eru búnir að afla sér þeirrar menntunar, hvort sem það er hjá meisturum í iðninni, sem oft nota þá til ýmislegs annars þau fjögur ár en alltaf að vera að halda ræður yfir þeim um það, hvernig þeir eigi að rækja sitt starf, til þess að bezt sé, þó að þeir sjálfsagt geri það eitthvað, og þess vegna vil ég fá það fram, að þeir menn, sem afla sér þeirrar þekkingar, sem þarf til að stunda sína iðn, á hvern hátt sem þeir gera það, megi ganga undir próf og fá sín réttindi eins og aðrir menn, standist þeir það.

Þessari skoðun hélt ég fram, þegar iðnlögin voru hér seinast til umr., ásamt fleirum, og þá þótti alveg sjálfsagt og það m. a. af bæði kommúnistum og jafnaðarmönnum, að lofa meisturunum að arðræna nemendurna sem lengst; þeir hafa fylgt því og gera það kannske enn. Ég er ekki með því, hvorki á þessu sviði né öðru, og þess vegna vil ég hafa þetta svo frjálslegt, að þeir menn, sem telja sig vera orðna færa um það að taka sitt próf og fá sín réttindi, megi gera það, hvernig svo sem þeir hafi aflað sér sinnar menntunar. Þetta er aðalatriðið fyrir mér, og breytingarnar, sem lagt er til af meiri hl. n. að gerðar séu, ganga allar í þessa átt, og þær ganga það lengra, að þær ætlast til þess, að í skólunum, þegar frá líði, sé komið upp verklegri kennslu, svo að þeir geti þar fengið það, sem þá kann að vanta og vilja fá og geta ekki fengið annars staðar. Mér er ljóst, að til þessa þarf verkstæði og fé, og þess vegna höfum við komið með þá brtt. til samkomulags, þar sem okkur skildist, að ráðh. hefði talið það einn höfuðannmarkann, að ekki væri hægt að framfylgja þessu nú þegar, af því að fé væri ekki veitt til þess á fjárl., að ákvæðið komi ekki til framkvæmda fyrr en fé væri veitt til þess í fjárlögum. Þá er búið að slá stefnunni fastri og að hverju beri að stefna, eins og oft er gert hér í mörgum málum á Alþ., framkvæmdin bíður svo þess, að fjárhagurinn leyfi, að það sé gert. Það er þá Alþingis seinna meir að dæma um, hvenær það er þannig komið, að þeir telja rétt að framkvæma þetta atriði. Þetta gerir það að verkum, að ég tel, að þessar breytingar séu sjálfsagðar, og ég held nú, **að þeir menn, sem alltaf stöðugt hafa í munni sér arðrán á verkamönnunum frá** höndum þeirra, sem atvinnu veita, geti ekki verið þekktir fyrir annað en afnema það arðrán, sem a. m. k. góðir iðnnemar, sem á tiltölulega skömmum tíma eru orðnir fullfærir í sinni grein, eru beittir með því að hafa þá í fjögur ár á broti úr kaupi sæmilegra manna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 609,1 felld með 8:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 609,2 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngF, KK, PZ, VH, AE, GíslJ.
nei: FRV, KGunn, HG, JK, LJóh, SÓÓ, BBen, BrB.
BSt greiddi ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að opna vel færum mönnum í ýmsum iðngreinum, sem ekki hafa réttindi, möguleika til þess að fá þau. En þessi brtt. er svo orðuð og borin fram og vafasamt, að hún sé borin fram hér réttilega við þetta frv., að ég treysti mér ekki til að greiða henni atkv. eins og hún er orðuð og segi því nei.

**Lárus Jóhannesson:** Ég er að miklu leyti sammála hv. 6. landsk. þm., að iðnlögin þurfi að taka til endurskoðunar og að þetta **ákvæði eigi** heima þar, og segi því nei.

Brtt. 609,3.a felld með 8:6 atkv.
— 609,3.b felld með 8:6 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 609,4 og 664,1 teknar aftur.
— 609,5 samþ. með 9:5 atkv.
4. gr. og 5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 609,6 (ný 6. gr.) samþ. með 8:6 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 609,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 609,8 samþ. með 8:6 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 609,9 samþ. með 9:1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 609,10 felld með 8:5 atkv.
15. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Brtt. 609,11 samþ. með 8:5 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 664,2 tekin aftur.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 686, 712).

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Þegar þetta mál var hér á dagskrá á síðasta

fundi, þá var því veitt eftirtekt, eftir að þskj. 686 hafði verið útbýtt, að niður hefði fallið ein málsgr. úr 6. gr. frv. eins og það kom upphaflega frá Nd. á þskj. 460. Ástæðan fyrir því var sú, að þessi málsgr. var tekin af meiri hluta iðnn. upp í fyrstu till., en sú brtt. var felld, og þar með var þessi grein einnig felld niður úr frv. í því formi sameiginlega með hinum öðrum till.

Nú má segja, að það sé vafasamt, hvort það sé hægt að bera upp þessa brtt. aftur hér í d., vegna þess að hún hefur raunverulega verið felld, og kemur þá þessi till. til úrskurðar hæstv. forseta, en hún hafði að sjálfsögðu verið felld í sambandi við önnur ákvæði. Ég læt þetta á vald hæstv. forseta, hvort hann vill vísa till. frá, en iðnn. þykir rétt að bera fram þessa brtt., til þess að það ákvæði standi enn í frv., sem var í því upphaflega og ætlazt var til að stæði í frv. áfram, að iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skuli vera dagskólar, þó megi nokkuð af kennslunni fara fram á kvöldin, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar geri það nauðsynlegt.

N. hefur því orðið sammála um að bera fram þessa brtt. við 6. gr., en eins og kunnugt er, þá var 6. gr. orðuð um samkv. till. meiri hl. nefndarinnar og samþ. þannig, án þess að þetta ákvæði stæði í henni, sem hafði að till. n. verið flutt yfir í aðra grein.

Ég legg það því í úrskurð hæstv. forseta, hvort hann treysti sér að bera upp þessa brtt., eftir að ég hef skýrt málið. Vísi hann till. frá, verður sjálfsagt að gera tilraun til þess í Nd. að fá ákvæðið sett inn þar og því þá síðar vísað til þessarar hv. deildar.

**Forseti (BSt):** Hv. frsm. óskar úrskurðar um það, hvort brtt. á þskj. 712 megi berast undir atkv., þar sem sams konar ákvæði hafi verið felld áður hér í hv. deild.

Þessi ákvæði, sem í till. eru, hafa aldrei verið felld sérstaklega, heldur voru svipuð ákvæði í brtt., sem fjallaði um margt fleira. Þar af leiðandi tel ég, að till. geti borizt undir atkvæði, og verður svo gert.

ATKVGR.

Brtt. 712 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 726).

Á 84. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég bjóst nú við, að það yrði eitthvað um þetta frv. sagt hér af hálfu hæstv. ríkisstj. eða flutningsmanna, þar sem það er aftur til þessarar d. komið frá Ed. og hefur tekið nokkrum breytingum í þeirri d., þó að þær séu ekki í sjálfu sér mjög stórvægilegar. Meginbreytingin þar mun vera sú, að iðnskólinn skuli nú heyra undir menntmrh., en ekki iðnmrh., eins og þessi d. hafði samþykkt.

Eins og menn muna, þá urðu nokkrar umræður um það hér í þessari hv. d., þegar málið var hér, hvort iðnskólar skyldu reknir sem dagskólar eða ekki. Greindi menn nokkuð á í því efni, og voru ýmsar till. uppi, en loks var það samþykkt, að iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skyldu vera dagskólar, þó að nokkuð af kennslunni mætti fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gerðu það nauðsynlegt.

Við umræður um þetta mál í þessari hv. d. talaði hér einna síðastur hv. 5. landsk. þm. og lýsti því sem sinni skoðun, að hann skildi það svo, að þrátt fyrir þessi ákvæði frv. væri þó ætlunin og tilgangurinn með frv. sá, að iðnskólinn í Reykjavík skyldi verða dagskóli. Það var þó alveg tvímælalaust, að til þess er ekki ætlazt samkv. þessu orðalagi frv., enda er þessi breyting sett inn í frv. fyrst og fremst að tilhlutun skólastjórnar iðnskólans í Reykjavík, og er því ljóst, að ætlunin er, að iðnskólinn í Reykjavík verði rekinn með nokkuð svipuðu sniði hér eftir sem hingað til.

Nú voru bornar fram hér í þessari hv. d., bæði af mér og hv. 7. landsk. þm., óskir iðnnemanna sjálfra í þessu efni, þar sem þeir létu ótvírætt í ljós, að til þess að bæta iðnnámið og fullkomna það teldu þeir nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, að iðnskólar, helzt allir, en alveg sérstaklega iðnskólinn í Reykjavík, yrðu gerðir að dagskóla. Þessa máls og þessara óska iðnnemanna reyndi þessi hv. d. að skjóta sér undan að taka afstöðu til með þessu orðalagi á upphafi 6. gr.

Nú skal ég ekki að þessu sinni fjölyrða um þetta mál hér. Það var rætt allýtarlega, þegar frv. var hér til umr., og þess vegna óþarft að endurtaka það, sem þá var sagt. En ég vil leyfa mér að bera hér fram eina brtt. við þetta frv. Hún er að sjálfsögðu skrifleg og of seint fram komin, og vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þessari till. Tillagan er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að upphaf 6. gr. orðist svo: „Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar.“ Þetta er nákvæmlega eins og segir í frv. núna. En síðan komi: „Utan Reykjavíkur má þó nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.“

Þessi till. felur það í sér, eins og hv. þm. sjá, að með henni er ákveðið, að iðnskólinn í Reykjavík skuli vera dagskóli, en öðrum iðnskólum og iðnnámsdeildum gagnfræðaskóla gefin heimild til að láta nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt og óhjákvæmilegt.

Ég vænti þess fastlega, að þessi hv. d. geti fallizt á þessa málamiðlunartillögu, þar sem svo mikið er slegið af óskum iðnnema í þessu sambandi, að þess er aðeins farið á leit, að iðnskólinn í Reykjavík verði dagskóli, en allir aðrir iðnskólar og iðnnámsdeildir hafi heimild til að láta eitthvað af kennslunni fara fram að kvöldinu, ef öðru verður ekki við komið. — Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 760) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta um iðnskóla er komið frá Ed. eftir örlitlar breytingar, sem þar voru gerðar á frv., en engar eru veigamiklar. Frv. er því í aðalatriðum eins og það fór héðan eftir þá endurskoðun, sem frv. fékk í þessari hv. deild.

Hv. síðasti ræðumaður minntist hér aðeins á eina breytingu, sem var samþ. í Ed., en er að vísu ekki veigamikil, að iðnskólar skuli heyra undir menntmrn., en ekki iðnmrn., og það kemur til af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að það virðist vera stefnt að því að hafa allt skólakerfið undir menntmrn., og ég hygg, að það sé skynsamleg ráðstöfun. Í öðru lagi vegna þess, að iðnskólum er ætlað að vera deildir innan gagnfræðaskólanna, og þegar svo er komið, þá væri sama skólanum ætlað að heyra undir tvö rn. Það út af fyrir sig hlyti að fara illa og ekki eiga vel saman. Þessi breyting er sem sagt til komin af þessum ástæðum og hefur ekkert að segja í sambandi við lög um iðnskóla. Ég tel því, að frv. hafi í Ed. ekki á neinn hátt verið spillt og ekki breytt þar að neinu verulegu leyti frá því, sem þessi hv. d. vildi hafa það, þegar það var afgr. héðan.

Eins og hv. þm. muna, var frv. breytt nokkuð hér í d. frá því, sem það var, þegar það var fyrst lagt fram, og var komið til móts við vilja þeirra hv. þm., sem vildu stuðla að því, að iðnskólarnir væru gerðir að dagskólum. Það má því segja, að stefna frv. sé sú að gera iðnskólana að dagskólum. Og í 6. gr. segir beinlínis:

„Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt."

Með öðrum orðum: dagskólakennslan er orðin aðalatriðið, en kvöldkennslan er í heimildarformi, þar sem því verður ekki við komið að láta kennsluna fara fram að deginum til.

Hver vill nú afnema þessa heimild? Hver vill ekki hafa heimild til þess að láta kennsluna fara fram að kvöldinu, ef allar ástæður og aðstæður gera ómögulegt að láta kennsluna fara fram að öllu leyti að deginum? Og það er dálitið einkennileg sú till., sem hv. 8. landsk. flutti hér áðan. Hann vill hafa þessa heimild fyrir alla skóla utan Reykjavíkur, en hann vill ekki, að heimildin nái til iðnskólans í Reykjavík, enda þótt það sé vitað, að ekki er mögulegt að breyta þar um frekar en annars staðar alveg fyrirvaralaust, — eða hver heldur, að það væri mögulegt að breyta þannig um alveg fyrirvaralaust, að öll kennsla gæti farið fram að deginum til í iðnskólanum í Reykjavík næsta vetur? Þó að kennarar og skólastjóri og skólanefnd vildu allt gera, sem í þeirra valdi stæði í þessu efni, þá er áreiðanlegt, að það þyrfti lengri aðdraganda til að gera svo stóra breytingu. Það þarf að koma upp vinnustöðvum og verkstæðum í skólanum og þeim ekki litlum, ef öll kennsla ætti að fara þar fram að deginum til. Þetta er augljós staðreynd og þess vegna undarlegt, að hv. 8. landsk. þm. skuli ekki vilja lofa iðnskólanum í Reykjavík að hafa þessa sjálfsögðu og nauðsynlegu heimild eins og öðrum iðnskólum á landinu. Hvers vegna lætur ekki hv. þm. sér nægja, að það er stefna frv. — stefna laganna — að gera iðnskólana að dagskólum svo fljótt sem verða má, en að það er heimilt að láta kennsluna fara fram að kvöldinu, þar sem ekki eru mögulegar á því, að kennslan fari aðeins fram að deginum?

Ég veit, að þessi hv. d. hefur ekki skipt um skoðun í þær þrjár vikur, sem liðnar eru síðan frv. fór héðan, og vænti þess vegna, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. viðskmrh. Ráðherrann hélt því fram, að það væri stefna frv. að gera iðnskólana að dagskólum. Það er ágætt, að þessi hæstv. ráðh. skuli lýsa yfir, að þetta sé stefna frv. En við höfum engar sannanir fyrir því, að svo verði í framkvæmd, og ekkert öryggi. Skólastjórn iðnskólanna ákveður það, hvort kennslan skuli fara fram að kvöldinu til og að hve miklu leyti, en ekki nemendurnir sjálfir. Þeir hafa engin áhrif og enga aðstöðu til að ráða neinu um það. Og hverjir eru það, sem ákveða það, hvort einhverjar ástæður eða aðstæður séu þannig, að kennslan þurfi að fara fram að kvöldinu til? Það er skólastjórn iðnskólanna líka, sem ákveður það. Þannig gæti hún til eilífðar stefnt að því, að iðnskólar yrðu gerðir að dagskólum, án þess að þeir yrðu nokkurn tíma raunverulega gerðir að dagskólum. Þetta er því alls ekki nóg.

Í sambandi við það, sem ráðh. sagði, að það væri óeðlilegt af mér að vilja afnema heimild til handa iðnskólanum í Reykjavík að ráða þessu, hvort kennslu skyldi haldið áfram eins og verið hefur eða iðnskólanum breytt í dagskóla, og taldi tormerki á því, að það væru tök á því á næstunni að breyta iðnskóla Reykjavíkur í dagskóla, þá vil ég taka fram, að iðnnemarnir sjálfir, sem gerst þekkja þessi mál, miklu betur en bæði ég og hæstv. viðskmrh., telja á því að breyta iðnskólanum í Reykjavík í dagskóla engin þau tormerki, sem valdið gætu því, að ekki mætti ákveða það nú þegar í þessu frv., að iðnskólinn í Reykjavík skyldi gerður að dagskóla. Og ég sé ekki betur en að þetta frv. geti nægilega stefnt að því að gera iðnnám að dagnámi áfram, þó að sú undantekning yrði ger, að það yrði ákveðið, að iðnskólinn í Reykjavík skyldi vera dagskóli, eins og ég hef lagt til í brtt. minni. Þá eru eftir allir aðrir iðnskólar landsins, allar iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla, sem væntanlega rísa upp mjög margar, og enn þá er þess vegna nægilega mikið til að stefna að fyrir hæstv. viðskmrh. og iðnmrh. í þessum efnum.

ATKVGR.
Brtt. 760 felld með 14:6 atkv.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 762).

## 37. Ræktunarsjóður Íslands (vaxtahækkun o. fl.).

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands** [191. mál] (stjfrv., A. 584).

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til fjhn. með 16:9 atkv.

---

Á 77. og 78. fundi í Nd., 25. og 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 584, n. 611, 618 og 623, 641).

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. um Ræktunarsjóð Íslands. Efni þess er, að vextir af lánum úr sjóðnum skuli hækka úr 2½% í 4%.

Ræktunarsjóðurinn er 55 ára gamall, stofnaður með l. 2. marz árið 1900. Lögum sjóðsins hefur verið breytt nokkrum sinnum, sem eðlilegt er, til samræmis við breyttar aðstæður. Breytingar voru gerðar á lögunum árin 1905 og 1917. Ný lög um sjóðinn voru sett árið 1925, aftur 1935 og síðast árið 1947.

Ræktunarsjóðurinn hefur gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki í þágu landbúnaðarins. Þær miklu umbætur, sem orðið hafa í sveitunum á síðari árum, hefðu ekki verið framkvæmanlegar án lánsfjár. Jarðræktin hefur aukizt mjög, síðan nýju ræktunarvélarnar komu til sögunnar, og fer vaxandi með ári hverju. Árlega eru þurrkuð stór svæði af mýrlendi og túnin stækkuð. Einnig er mikið byggt af útihúsum í sveitunum á þessum árum, og verkefnin, sem fram undan eru á sviði landbúnaðarins, munu seint þrjóta.

Þeir fjármunir, sem lagðir eru í ræktun landsins, eru örugglega geymdir og munu skila góðum arði á komandi tímum, en mikill gróði er þar ekki gripinn upp í einu vetfangi. Því þurfa lánin, sem veitt eru til þessara framkvæmda, að vera til nokkuð margra ára. Að sjálfsögðu hefur það verulega þýðingu, hvað háa vexti þarf að borga af lánsfénu. Hitt er þó aðalatriðið, að lánin séu fáanleg og til hæfilega langs tíma. Á því veltur það algerlega, hvort ræktun landsins getur haldið áfram með eðlilegum hætti eða ekki.

Vöxtum af lánum úr ræktunarsjóði var síðast breytt í nóvember 1947. Áður voru þeir 4½% á ári, en hafa síðan verið 2½%.

Ég vek athygli á því, sem bent er á í athugasemdum með frv. og einnig í nál. meiri hl., að síðan 1947, þegar vextirnir af lánum úr ræktunarsjóði voru ákveðnir 2½%, hefur orðið mikil hækkun á vöxtum yfirleitt, bæði innláns- og útlánsvöxtum, svo að fé er nú ekki fáanlegt nema gegn miklu hærri vöxtum en þá voru reiknaðir. Árið 1947 voru innlánsvextir í bönkunum ekki nema 2%, en eru nú 5—7%, og síðan hafa útlánsvextir bankanna hækkað um 2%. Af þessu sést, að þó að vextir af lánum úr sjóðum Búnaðarbankans verði nú hækkaðir um 1½%, verða þeir sízt óhagstæðari fyrir lántakendur í samanburði við vaxtagreiðslur yfirleitt heldur en þeir voru 1947.

Eins og tekið er fram í nál., kemur vaxtahækkunin ekki á ógreiddar eftirstöðvar þeirra lána, sem áður hafa verið veitt, heldur aðeins á þau lán, sem veitt verða, eftir að frv. þetta er orðið að lögum.

Samhliða þessu frv. var lagt fyrir þingið annað frv. um jafnmikla hækkun á vöxtum af lánum úr byggingarsjóði sveitanna, og mun það nú hafa verið afgreitt héðan frá þessari d. til hv. Ed.

Í nál. okkar í meiri hluta fjhn. um það frv., sem hér er til umr., er skýrt frá útreikningum, sem gerðir hafa verið um vaxtahalla sjóðanna, og sést á því, að í ófæru er stefnt, ef vextirnir haldast óbreyttir af lánunum. Í þessum útreikningum kemur fram, að af þeim 38 millj. kr., sem fyrir skömmu voru teknar að láni hjá Alþjóðabankanum og lánaðar út aftur frá ræktunarsjóði og byggingarsjóði, verður tap sjóðanna fast að 10 millj. kr. vegna vaxtamunar, og vextir hafa hækkað síðan þessi lán voru tekin. Eftirspurn lána úr sjóðunum fer stöðugt vaxandi, og til þess að geta fullnægt henni þurfa þeir aukið lánsfé. Ef fé sjóðanna eyðist framvegis í vaxtahalla í líkingu við það, sem hér hefur verið nefnt dæmi um, hlýtur það að verða starfsemi þeirra til hnekkis og leiða til stöðvunar, þegar fram líða stundir, en slíkt má ekki verða.

Þá veldur líka erfiðleikum við rekstur þessara sjóða, að lánin, sem þeir veita, einkum byggingarsjóðurinn, eru til miklu lengri tíma en þau lán, sem sjóðirnir geta fengið. Af þeim sökum er verulegur greiðsluhalli hjá sjóðunum vegna lánanna, meðan þeir eru að endurgreiða þau.

Fjhn. varð ekki alveg sammála um afgreiðslu frv. Minni hlutinn, hv. 1. landsk. þm. (GÞG) og hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), mælir gegn frv. í sérstökum nál.

Sú skoðun hefur skotið upp kolli hér í hv. þd., að með samþykkt þessara tveggja frv. varðandi sjóði Búnaðarbankans væri unnið gegn hagsmunum bænda og þeim gert erfiðara fyrir með búreksturinn. Þetta er ekki rétt. Það er þvert á móti hagsmunamál bændastéttarinnar, að gerðar séu þær ráðstafanir, sem óhjákvæmilegar eru til þess, að sjóðirnir geti haldið áfram að taka fé að láni og veita það til landbúnaðarins, svo að framfarirnar í sveitunum þurfi ekki að stöðvast. Þetta er eitt af mestu hagsmunamálum bændastéttarinnar og raunar má segja þjóðarinnar yfirleitt.

Vaxtahalli ræktunarsjóðs verður allmikill, þó að þessi breyting verði gerð, en að sjálfsögðu miklu minni en nú er. Og það er von manna, að sjóðurinn geti að minnsta kosti fyrst um sinn tekið á sig þennan vaxtamun, án þess að starf-

semi hans þurfi að dragast saman af þeim sökum.

Ég vil að öðru leyti vísa til nál. meiri hl. á þskj. 623, en eins og þar kemur fram, er það till. meiri hluta fjhn., að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Ein brtt. liggur hér fyrir frá hv. 11. landsk. þm. (LJós). Ég skal geta þess strax, að meiri hluti n. telur ekki hægt á hana að fallast. Ég get gjarnan í því sambandi skýrt frá því, að mér er kunnugt um það, að það hefur verið til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., hvort hægt mundi að auka eitthvað fjárframlög þess opinbera til sjóða Búnaðarbankans, en jafnvel þó að fært þætti að gera það, áður en langt líður, þá breytir það ekki því, að við teljum óhjákvæmilegt að hækka vextina eins og nú er lagt til hér á Alþ., því þó að hægt væri að fá hækkun á opinberum framlögum til sjóðanna, þá er full þörf fyrir það fé til útlána, en það getur að sjálfsögðu ekki farið til lánveitinga handa bændum, ef það eyðist jafnóðum í sívaxandi vaxtahalla hjá sjóðunum.

**Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég gat ekki stutt framgang þessa máls, þegar það var til umr. í hv. fjhn., og hef gefið út sérstakt nál., þar sem ég legg til, að frv. verði fellt.

Ég tók það fram við meðferð málsins í n., að í sjálfu sér væri hækkun á hinum mjög svo lágu vöxtum, sem ræktunarsjóður hefði lánað við undanfarið, engin frágangssök, ef þessi vaxtahækkun væri liður í almennri viðleitni hæstv. ríkisstj. til þess að bæta hag ræktunarsjóðsins og gera honum kleifara en ella að gegna því hlutverki sínu að stuðla að aukinni ræktun í sveitum landsins.

Það má auðvitað um það deila, hversu æskilegt sé að haga stuðningi við landbúnaðinn að mjög verulegu leyti á þann hátt að veita honum lán við vöxtum, sem eru miklu lægri en almennir markaðsvextir. Það má með nokkrum rökum halda því fram, að aðrar leiðir væru fullt eins vel til þess fallnar að efla landbúnaðinn og stuðla að ræktun í sveitum og sú að veita honum lán með vöxtum, sem séu langt undir markaðsvöxtum. En meðan engar slíkar ráðstafanir eru gerðar, meðan ekki bólar af hálfu hæstv. ríkisstj. á neinni viðleitni í þá átt, hvorki að gera aðrar almennar ráðstafanir til þess að efla ræktunina í sveitum landsins né heldur að auka lánsfé sjóðsins, þá sé ég, að þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig að hækka vextina getur ekki verið til góðs. Legg ég því gegn henni.

Þess má og geta, að liggi sú hugsun að baki þessu frv., að það sé varhugavert að fylgja þeirri stefnu að ívilna landbúnaðinum með vöxtum, sem séu langt undir markaðsvöxtum, þá er auðvitað ekki horfið frá þessari stefnu með þessu frv., því að 4% vextir eru enn langt undir almennum markaðsvöxtum. Hér er því haldið áfram þeirri grundvallarstefnu að styrkja landbúnaðinn með lánveitingum, sem af séu greiddir vextir, sem eru lægri en þeir annars ganga og gerast í landinu, en landbúnaðinum í raun og veru aðeins gert erfiðara fyrir en áður var með því, að þessir vextir eru hækkaðir nokkuð, án þess þó að vera færðir upp í almenna markaðsvexti. Hér er því í raun og veru ekki um framkvæmd á neinu stefnumáli að ræða. Hér er ekki um að ræða neina allsherjar stefnubreytingu í málefnum landbúnaðarins, að því er snertir stuðning hins opinbera við ræktun, heldur einvörðungu um ráðstöfun að ræða, sem auðvitað mun í framtíðinni gera ræktun torveldari en ella, að öllu öðru óbreyttu, án þess þó að tekin sé upp sú regla, sem mér skilst þó vera grundvallarregla hæstv. ríkisstj. á ýmsum öðrum sviðum, að lögmál markaðsins skuli fá að ráða, og skilyrði til þess að standa undir markaðsvöxtum ættu þá væntanlega að segja til um það, í hvaða framkvæmdir í landbúnaðinum skyldi ráðizt.

Það, sem hér er um að ræða, er því í raun og veru hvorki fugl né fiskur. Það er ekki brotið blað í þessum efnum, ekki tekin upp sú stefna að láta framkvæmdirnar standa undir markaðsvöxtum, en styðja þær með öðrum hætti. Það er horfið frá þeirri stefnu að styðja framkvæmdirnar mjög ríflega með því að hafa markaðsvexti sérlega lága, og niðurstaðan er eins konar millibilsástand. Það eru greiddir einhvers konar meðalvextir, sem eru nokkur stuðningur, en þó ekki eins mikill og sá, sem þessi starfsgrein hefur áður notið.

Ég sé því ekki annað en að þessi ráðstöfun, sem er í samræmi við aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í vaxtamálum samkv. öðrum frv., sé spor aftur á bak, meðan ekki er samhliða gripið til annarra ráðstafana, sem bæta þessum atvinnuvegi upp það tjón, sem hann hlýtur að hafa af því að þurfa í framtíðinni að standa undir 1½% hærri vöxtum en hann hefur þurft mörg undanfarin ár.

Með tilliti til þessara raka mun ég greiða atkv. gegn frv.

**Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson):** Herra forseti. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að útlánsvextir ræktunarsjóðs séu hækkaðir úr 2½% í 4%.

Ef litið er á það, hvert hlutverk ræktunarsjóðs er, liggur það í augum uppi, að það er mjög örlagarík spor, sem hér á að stíga, að hækka útlánsvexti þessa sjóðs. Við búum í víðlendu og lítt ræktuðu landi, en hlutverk þessa sjóðs á að vera það að stuðla að ræktun landsins og afkomu þess fólks, sem leggur vinnu sína í það að rækta okkar land.

Löggjöfin um vexti sjóðsins var samin fyrir atbeina nýsköpunarstj., og vegna þessarar löggjafar hefur komizt verulegur skriður á ræktunarmál Íslendinga. Nýbyggðir hafa risið upp, og þetta hefur fært að vissu marki töluvert líf í íslenzkan landbúnað. Þess vegna er mér það mikil ráðgáta, hvernig þeir fulltrúar á Alþ., sem telja sig fyrst og fremst vera fulltrúa bændastéttarinnar, geta með köldu blóði lagt til, að svona vaxtahækkun sé samþ. Ég hef að vísu hlýtt á rök hv. frsm. meiri hl. fjhn., þm. V-Húnv. (SkG), þar sem hann heldur því fram, að þessi vaxtahækkun geri búreksturinn ekki erfiðari, heldur þvert á móti, og hans rök eru þau, að enn þá verra mundi vera, ef sjóður þessi eyddist upp í vaxtatap.

Nú get ég að sjálfsögðu fallizt á það, að það má ekki ske, að ræktunarsjóður eyðist upp og verði að engu fyrir vaxtatöp. En ég sé alls ekki, að af hálfu ríkisstj., sem flytur þetta frv., hafi verið gerð gangskör að því að finna aðrar leiðir til þess, að sjóðurinn geti starfað og sinnt sínu hlutverki.

Ég vil benda á það, að í grg. með frv. liggur að vísu fyrir útreikningur á því, að sjóðurinn ber þegar nokkurt vaxtatap, og líkur eru til þess, að það vaxtatap fari hækkandi, eftir því sem sjóðurinn kann að þurfa að taka meira af lánum. En það er fleira, sem þarf að reikna út í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það þarf að reikna út, hvaða vexti þeir geta borið, sem taka lán úr sjóðnum. Sá meiri hl. hv. fjhn., sem mælir með afgreiðslu þessa frv., er skipaður þannig, að í honum eru tveir bændur og einn bankastjóri. Nú er það út af fyrir sig ekki nema tiltölulega eðlilegt mál, að bankastjóri, sem eyðir sínum lífdögum í að fylgjast með talnadálkum og reikna út tap og gróða af vöxtum, finni út, að einfaldasta ráðið sé að hækka útlánsvexti sjóðsins, en það er ekki jafnauðvelt að sjá, í hverju það liggur, að bændurnir í n. skuli kingja þessu bankasjónarmiði án þess að gera nokkra tilraun til þess að leita annarra og raunhæfari ráða til þess að koma landbúnaðinum að haldi.

Ég skal benda á það, að einmitt þessir sömu hv. þm. og bændur sem hér eiga hlut að máli, þm. Húnv., hafa tekið þátt í því nú síðast hér áðan fyrir fáum mínútum að samþ., að hlutafélag eitt, sem á s. l. ári hafði 12 millj. kr. gróða á sínum reikningum, eftir að það var búið að draga af sínum tekjum og afskrifa eins og lög frekast leyfa, skyldi vera undanþegið skattgreiðslum. Það virðist nú ekki liggja langt undan að láta sér detta í hug, að það væri hægt að láta slíkt félag borga eðlilegan skatt til ríkissjóðs og að ríkissjóður greiddi síðan nokkuð aukið framlag til dæmis til ræktunarsjóðs, til þess að sá sjóður þurfi ekki að gufa upp í vaxtatöpum. Þetta virðast hv. samnefndarmenn mínir ekki hafa komið auga á.

Ég vil einnig benda á, að þeir eru einnig nýbúnir í þessari hv. d. að taka þátt í lagasetningu um það, að gróðafélögum landsins sé yfirleitt gefinn 20% afsláttur af skatti. Það þarf nú ekki heldur ákaflega mikið ímyndunarafl til þess að láta sér detta í hug, að hægt hefði verið að skatta þessi félög eftir skattalögum, gera ekki frávik frá skattalögum þeim til hagræðis, heldur nota þann skatt, sem þeim verður nú gefinn eftir, til þess að ræktun landsins geti gengið greiðlega. En þessir hv. bændafulltrúar virðast ekki hafa komið auga á þessa möguleika né heldur neina aðra, sem ég þó ekki dreg í efa að hljóti að vera margir og margvíslegir, og vilja nú ganga að því að hækka útlánsvexti ræktunarsjóðs. Á þetta höfum við tveir nm. ekki getað fallizt.

Við hv. 1. landsk. (GÞG) höfum lagt til, að frv. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, verði fellt. Við leggjum sem sagt til, að Alþ. reyni nú að koma vitinu fyrir þá, sem annars hefðu reyndar átt að hafa vit fyrir sér sjálfir, um það að traðka ekki þannig á lífsmöguleikum bændastéttarinnar og standa ekki þannig í vegi fyrir ræktun íslenzks lands eins og þeir eru að gera með framferði sínu í þessu máli og stuðningi sínum við vaxtahækkun ræktunarsjóðs.

Hv. 11. landsk. þm. (LJós) hefur borið fram brtt. við þetta frv., sem gerbreytir efni þess og mundi, ef samþ. yrði, koma í veg fyrir vaxtahækkun á útlánsvöxtum ræktunarsjóðs, en sjá sjóðnum hins vegar fyrir fé til þess að mæta vaxtatöpum með auknu framlagi úr ríkissjóði. Í þessari brtt. á þskj. 641 er lagt til, að framlag ríkisins til ræktunarsjóðs verði hækkað úr ½ millj. í 1½ millj. Þessari till. er ég algerlega samþykkur og sé ekki annað en að sá ríkissjóður, sem hefur efni á því að gefa eftir hluta af skatti helztu gróðafélaga landsins, hefur efni á því að láta félag eins og Eimskipafélag Íslands vera undanþegið skatti, geti vel þolað slíka aukna fjárveitingu til ræktunarsjóðs.

Ég vil einnig benda á það, að ríkissjóður hefur að undanförnu komið út með allverulegan greiðsluafgang. Samt sem áður virðist það ekki vera ríkjandi skoðun hjá þeim, sem að þessu frv. standa, að neitt af gróða ríkisins megi fara til þess að efla þann sjóð, sem þetta frv. er um, Ræktunarsjóð Íslands.

Ég vil að lokum taka fram, að ég er samþykkur og mun greiða atkv. með brtt. hv. 11. landsk. þm., en náist ekki fram breytingar á frv. frá því, sem það nú er, hef ég lagt til, að það verði fellt.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það hafa verið til meðferðar hér í hv. d. þrjú frv. hliðstæð. Það er það frv., sem hér liggur fyrir til umr., um breyt. á l. um Ræktunarsjóð Íslands, breyt. á l. um verkamannabústaði eða verkamannabústaðasjóði og breyt. á l. um landnám og nýbyggðir. Öll eru þessi frv., eins og ég tók hér fram við 1. umr. þeirra, samhljóða um það, að hækkaðir eru nokkuð vextir af lánum þeirra sjóða, sem þarna eiga hlut að máli. Tvö þessi frv. munu nú vera komin til Ed. og vera til meðferðar þar, og þetta er síðasta frv., sem fer hér út úr hv. Nd. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um hin frv., en tel rétt að segja hér aðeins örfá orð um þetta frv., um leið og það fer hér út úr d., en það, sem ég í raun og veru segi um þetta frv., gildir jafnt um hin tvö frv.

Ég skal taka fram, að ég er meiri hl. fjhn. þakklátur fyrir afgreiðslu hans á frv. þessum og tel það nál., sem meiri hl. fjhn. hefur birt á þskj. 623, vera svo glögg rök í þessu máli, að við það þurfi á engan hátt að bæta, auk þess sem framsöguræða hv. frsm. fjhn., þm. V-Húnv. (SkG), skýrði þetta enn betur áðan.

Ég ætti náttúrlega að vera þakklátur sem landbrh. þeim hv. þm., sem hér hafa talað, 1. landsk. þm. (GÞG) og 9. landsk þm. (KGuðj), fyrir þeirra miklu umhyggju fyrir velferð landbúnaðarins og allt, er það snertir. Það lá við, að a. m. k. í ummælum hv. 9. landsk. kæmi fram klökkvi — ég veit ekki, hvort hann hefur beint tárazt, ég held, að það hafi jafnvel nálgazt það — yfir því, hve við, t. d. ég sem landbrh. og aðrir fulltrúar sveitakjördæma, værum slæmir og illir og nú værum við að svíkja, eins og ég

held að hann hafi orðað það eða gefið a. m. k. mjög rækilega í skyn, sveitabúa. (Gripið fram í.) Nei, ég segi það ekki, en gefið það í skyn; það er ekki of mikið sagt. Ég býst nú kannske ekki við, að þessir góðu þm., sem ég met mikils báða tvo eins og alla hv. þm., væru svo mjög óánægðir yfir því, ef þeir héldu, að við værum hér að gera eitthvert herhlaup á sveitirnar og ætluðum að eyðileggja aðstöðu þeirra, sem byggð hefur verið upp á undanförnum árum.

Það var nú að öllu leyti óþarft fyrir hv. 9. landsk. að tala um það, að ræktunarsjóður hefði eiginlega fyrst orðið til á dögum nýsköpunarstjórnarinnar, vegna þess að hv. frsm. meiri hl. fjhn. hafði lýst því réttilega áður, að þessi sjóður er jafngamall og öldin okkar er gömul nú í dag. En á honum hafa verið gerðar breytingar oft, og það er rétt, að það voru gerðar breytingar og það mikilvægar breytingar á lögum ræktunarsjóðs 1947, og skal ég ekkert úr því draga, að þar hafi verið byggt ofan á þá undirstöðu, sem áður var búið að gera um að byggja upp þessa lánsstofnun. En það hafa verið mjög breytileg vaxtakjör í þessari lánsstofnun frá upphafi eins og gefur að skilja. Ég leyfi mér að leggja áherzlu á það sama og hv. frsm. meiri hl. fjhn. gerði, að það, sem sveitamönnunum, bændum landsins, ræktunarmönnunum, ríður mest á, er, að þeir geti fengið fé til þess að leggja í nauðsynlegar ræktunarframkvæmdir, í nauðsynlegar byggingar og annað slíkt. Vitanlega er gott og ágætt, að slíkt fé sé sem vaxtalægst. En ef um það er að ræða, að hægt sé að fá nokkru hærri upphæð til slíkra framkvæmda með eitthvað hærri vöxtum frekar en lægri upphæð með lægri vöxtum, þá þori ég að fullyrða fyrir hönd bændastéttar landsins og ég skal mæta þar hverjum sem er og hvar sem er, að bændur væru fljótir að velja um, hvort þeir vildu heldur. Þeir vilja hærri upphæðina, þó að vextirnir séu eitthvað hærri.

Það er auðfundið, að þessir hv. þm., sem hér hafa talað áður um þessi mál og tekið að sér málstað bændastéttarinnar og talið, að hér væri verið að vega að henni með einhverjum ráðum, eru að einhverju leyti utanveltu við það líf, sem lifað er í sveitunum. Kemur mér það í raun og veru ekki á óvart, og ég segi það ekki á neinn hátt til þess að hallmæla þeim. Hver maður er í sínu umhverfi og hlýtur að meta hlutina fyrst og fremst eftir því. En mér fannst, að þau ákveðnu ummæli, sem hv. 9. landsk. hafði um það, hvað þetta væri fráleitt og til trafala fyrir áframhaldandi framkvæmdir í sveitum, væri gott sýnishorn af því, hve illa hann þekkti til innan landbúnaðarins hvað þetta atriði snerti. Það var eins og það hefði komið honum alveg á óvart, að fulltrúar landbúnaðarins gætu sætt sig við þetta, sem fljótt á litið getur litið út þannig, að þarna sé verið að þrengja kjör bændastéttarinnar um lánsmöguleika og lánskjör. En ég vil aðeins taka fram, að ég hef alltaf í mínu starfi, frá því að ég hóf pólitíska starfsemi, leitazt við, eftir því sem mín litla skynsemi hefur leyft, að fylgja hverju máli eftir því, sem ég hef talið að bezt mundi henta þeim umbjóðendum, sem ég er umboðsmaður fyrir hér á Alþ., og það hef ég gert einnig í þessu máli. Ég mun ábyggilega gera þeim grein fyrir því, hvers vegna ég hef borið þetta mál hér fram á Alþ. og hvers vegna ég tel það rétt og sjálfsagt og hvers vegna það muni verða bændastéttinni bezt að taka við því eins og það nú er og fylgja því eftir. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? **(Gripið fram í:** Ég sagði, að það væri þá sýnilega bezt fyrir bændur að beygja sig.) Það er ekki að beygja sig. Þetta er gert í samráði við bændastéttina, eins og hv. þm. mun áreiðanlega reka sig á síðar meir. Hún mun skilja það, hvað liggur til grundvallar fyrir því, sem hér er verið að gera.

Það voru aðeins þessi atriði, sem ég vildi leyfa mér að taka hér fram, um leið og þetta síðasta frv. af þessum þremur fer út úr deildinni, um leið og ég vil leyfa mér að þakka aftur hv. meiri hl. fjhn. fyrir hans afgreiðslu og sömuleiðis, ef ég væri alveg viss um, að það væri mælt af heilum huga, þann áhuga, sem ég hef orðið var við frá öðrum hv. þm. um það að samþykkja ekki frv. eins og það liggur fyrir.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. landbrh., að nægileg rök fyrir þessu frv. hafi verið flutt í nál. okkar í meiri hl. fjhn. og framsöguræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG). En vegna þeirra ásakana, sem hér hafa komið fram frá þeim, sem eru í minni hl. fjhn., þá þykir mér ástæða til að bæta hér við örfáum orðum.

Starfsemi ræktunarsjóðs og hans verkefni er mikið mál, — svo mikið mál, að ég efast um, að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir, hvað þar er um að ræða. Eftirsókn eftir lánum úr þessum sjóði hefur farið stórkostlega hraðvaxandi, og stafar það eðlilega af því, að það er meiri og meiri áhugi frá hálfu bændastéttarinnar fyrir því að tryggja varnir sínar gegn aðkomandi vandræðum með því að koma því til leiðar, að þeir geti stundað heyskap eingöngu á vélafæru, ræktuðu landi.

Síðastliðið ár voru veittar úr þessum sjóði milli 20 og 30 millj. kr., og á áramótum lágu óafgreidd lán upp á nokkrar milljónir. Hér er þess vegna um það stóra mál að ræða að útvega fé til þess, að þessi sjóður geti fullnægt þeirri þörf, sem um er að ræða. Og það verð ég að segja, að mér þykir það mjög ánægjulegt, ef fulltrúar stjórnarandstöðunnar hér á hv. Alþ. verða jafnöruggir í liðsinni við að útvega fé til þessa sjóðs eins og þeir nú láta, þegar um er að ræða vextina. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að ég tel það miklu meira virði, að það sé hægt að fullnægja lánsþörfinni, heldur en það, að vextirnir séu hækkaðir eins og hér er gert ráð fyrir, um 1½%, og er ég lít hér á till. frá hv. 11. landsk. (LJós) um milljónarhækkun frá ríkissjóði í ræktunarsjóð til þess að mæta vaxtahallanum, þá efast ég ekkert um, að sú till. er flutt af fullum velvilja; ég þekki þann hv. þm. það. En þó að þessi till. væri samþykkt og kæmi í staðinn fyrir vaxtahækkunina, þá skapar það ekki að neinu leyti aukið fjármagn í sjóðinn, og ég tel, að það sé þess vegna miklu meira virði að tryggja aukið fjármagn í sjóðinn heldur en hitt, þó að vextirnir séu þetta hækk-

aðir. Í þessu sambandi þykir mér ástæða til nú, þegar þessi frv. eru hér afgreidd, að minna á það, sem í mínum augum er miklu meira virði, en það er, að fyrr á þessu yfirstandandi Alþ. voru samþ. tvö frv. og lögð fram af hæstv. landbrh. um að framlengja tímann, sem ríkissjóður leggi til byggingarsjóðs, nýbýlasjóðs og ræktunarsjóðs, úr 10 árum upp í 20 ár. Þessi ákvörðun var mjög þýðingarmikil fyrir þessa sjóði og fyrir landbúnaðinn í heild og miklu áhrifameiri en það, þó að það skilyrði fylgi nú, að vextirnir séu þetta hækkaðir. En vegna þess að á þessu ári eru horfurnar þannig, að það þarf að gera alveg sérstakar ráðstafanir, þó að þetta frv. verði samþykkt, til að útvega fjármagn, einkanlega í ræktunarsjóðinn, til þess að hann geti fullnægt sínu hlutverki, þá vil ég nú taka það fram, að ég samþykki þetta frv. alveg hiklaust og er ekkert hræddur við neinar ásakanir frá neinum mönnum um það, að ég sem bændafulltrúi sé að svíkja mína umbjóðendur, því að það óttast ég ekki neitt. Ég samþykki það hiklaust, en ég samþykki það í trausti þess, að hv. Alþ. allt og hæstv. ríkisstj. sjái um það, að á þessu ári og framvegis verði ræktunarsjóðnum útvegað það fjármagn, sem hann þarf til þess að geta annað því hlutverki, sem fyrir honum liggur. — Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða meira um þetta mál.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Í tilefni af síðustu ummælum hv. þm. A-Húnv. (JPálm) þykir mér sýnilegt, að stuðningur hans við þetta frv., sem hér er til umr., byggist á algerlega fölskum forsendum, þar sem hann sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að hann væri þessu frv. fylgjandi í trausti þess, að fé ræktunarsjóðs yrði aukið nú á þessu ári og að hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því. En það er alveg sýnilegt, a. m. k. nú í dag, að svo mun ekki verða, því að engar till. hafa enn þá heyrzt um það atriði hér.

Ég hef áður bent á leið til að koma í veg fyrir þá vaxtahækkun, sem hér er farið fram á og þessum sjóði og tveim öðrum er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir vaxtatöp. Ég ræddi þá nokkuð nauðsyn þess að halda þessum vöxtum lágum og reyna að grípa til einhverra annarra úrræða til að bæta vaxtatöp sjóðanna.

Síðar fluttum við hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) till. hér við annað mál, þó nokkuð skylt, sem hefði haft í för með sér, ef hún hefði verið samþykkt, að vaxtatöp þessara sjóða var hægt að bæta án þess að grípa til vaxtahækkunar. Þó að það sé alveg rétt hjá hv. þm., sem um þessi mál hafa talað hér, að sú till. eða aðrar slíkar mundu ekki hafa í för með sér í sjálfu sér, að þessir sjóðir ykjust að neinu leyti, þá er nákvæmlega það sama að segja um till. um vaxtahækkunina. Till. um að hækka útlánsvexti sjóðanna er ekki till. um það frekar en okkar till. að auka fjármagn sjóðanna. Munurinn á þessum tveimur leiðum er aðeins sá, að önnur leiðin gerir ráð fyrir að leggja nýjar og allverulega þungar byrðar á bændur og verkamenn; hin leiðin var að losa bændur og verkamenn við þessar auknu byrðar, en láta þær koma niður á herðum, sem betur gátu borið þær uppi.

Hv. 1. landsk. þm. (GÞG) talaði um það hér áðan og taldi vafasamt, að það væri heppilegt að veita bændum lán með vöxtum, sem væru langt undir markaðsvöxtum. Þessi ummæli eru frá ákveðnu sjónarmiði í sjálfu sér réttlætanleg. En ef tekið er tillit til allra aðstæðna, sem nú eru fyrir hendi, þá er þetta sjónarmið ekki rétt. Við skulum fyrst líta á það, að hér er um að ræða lán til framleiðslu. Lán þau, sem bændur fá úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði og verkamenn úr byggingarsjóði verkamanna, eru annað tveggja til að auka framleiðslutækin og bæta framleiðsluskilyrðin eða hins vegar til að byggja upp yfir bæði þá, sem nú lifa, og eins yfir komandi kynslóðir í landinu.

Í fyrsta lagi er mjög eðlilegt, að þeim, sem að þessum störfum vinna, sé gert það eins auðvelt og nokkur kostur er á.

Í öðru lagi væri eðlilegt og sjálfsagt, að því er snertir þann hluta lána, sem fer til framleiðslu, að vextir af þeim lánum, sem bændur taka til að auka sína framleiðslu, fengjust reiknaðir inn í framleiðsluverð vörunnar. Ef það væri, þá mætti segja, að það væri óeðlilegt, að vextir af lánum bænda væru langt undir markaðsvöxtum. Við vitum það, að t. d. verzlanir hér á landi fá að reikna vexti af lánum, sem þær taka til sinna þarfa, inn í vöruverðið. Þess vegna mætti e. t. v. segja, að það væri óeðlilegt, að þessir vextir væru lægri en aðrir vextir. En með bændur gildir nokkuð öðru máli í þessu efni. Þeir fá ekki að reikna alla vexti af lánum, sem þeir taka til þess að byggja upp í sveitunum og rækta þær og bæta og auka skilyrði til sinnar framleiðslu, inn í framleiðsluverðið, heldur verða þeir að borga verulegan hluta af þessum vöxtum af sínum persónulegu tekjum. En þeirra persónulegu tekjur eru, eins og hv. þm. vita, í framkvæmd reiknaðar kaup Dagsbrúnarverkamanns í Reykjavík. Ég býst við því, að verkalýðsstéttirnar yrðu ekki hrifnar af því, ef þeim væri gert að skyldu að leggja sér til tæki, vélar og áhöld til sinnar vinnu, eiga þau sjálf, en fá ekki neina borgun fyrir fjármagn það, sem hefði farið til að kaupa þessi tæki, og alls ekki, ef þær hefðu tekið lán til þess að kaupa áhöldin. Að þessu leyti og af þessum sökum er þess vegna vaxtahækkun sú, sem hér er farið fram á, mjög ranglát og kemur mjög illa og óeðlilega niður. Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er reiknað með fastri upphæð sem vöxtum. Ég man ekki nákvæmlega, hver hún er, en minnir, að hún sé um 900 kr. á ári. Hitt veit ég, að upphæðin, sem reiknað er með, er langt fyrir neðan það, sem bændur raunverulega borga í vexti, og það hefur verið eitt af aðaláhugamálum bænda í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða á undanförnum árum að fá þessa upphæð hækkaða mjög verulega eða til einhvers samræmis við það, sem bændur raunverulega borguðu í vexti. Það hafa þeir ekki fengið, vegna þess að þeir eru ekki einráðir um að verðleggja sína vinnu, sem er verðlögð með þeirra framleiðsluvörum, heldur verða að hlíta gerðardómi í þeim efnum. Þeir hafa aldrei fengið að reikna eyri inn í verðlag landbúnaðarafurða vegna vaxta af því fé, sem þeir hafa lagt frá sjálfum sér til framleiðslunnar, og ekki nema

lítinn hluta af vöxtum, sem þeir hafa orðið að greiða af lánsfé. Nú kemur hæstv. ríkisstj. og eykur stórlega þessi útgjöld bænda, án þess að enn sé sýnilegt, að þeir fái það uppborið eða bætt í verðlagi á framleiðslu sinni. Svo kemur hv. þm. V-Húnv. og kórónar þetta með því að halda hér fram, að það sé verið að bæta hag og kjör bænda stórlega með þessari vaxtahækkun. Þetta er sem sagt, eins og upplýst hefur verið hér í umræðunum, hálfrar aldar afmælishátíð ræktunarsjóðsins. Og þannig halda hv. stjórnarflokkar upp á þetta hálfrar aldar afmæli. Maður skyldi halda, þar sem stjórnarflokkarnir eiga báðir verulega gengi sitt og velferð undir sveitunum komið og vald sitt, að þeim hefði dottið í hug að halda með einhverjum öðrum hætti upp á þetta sögulega og merka afmæli. En reynslan er ólygnust. Hún sýnir afstöðu þessara flokka og vilja þeirra í garð bændastéttarinnar í dag. Ég hef áður sagt, að þessi frv. um vaxtahækkun úr þessum sjóðum sýndu betur en nokkurt annað mál, sem borið hefur verið fram hér á Alþ., hvaða öfl það væru í þessu þjóðfélagi, sem stæðu á bak við núverandi hæstv. ríkisstj. og hvaða fólki í þessu landi hún teldi sér skylt að þjóna. Ég hygg, að þessar umræður hafi leitt í ljós, svo að ekki verði um villzt, að þessi ummæli voru réttmæt.

Hæstv. landbrh. og hv. þm. A-Húnv. hafa reynt að drepa þessu máli nokkuð á dreif og rugla eða villa um fyrir mönnum í því, hvað hér er raunverulega til umræðu. Þeir hafa báðir blandað inn í þessa umræðu um hækkun vaxta á lánum úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði og byggingarsjóði verkamanna því atriði, að það væri meginnauðsyn fyrir þessa sjóði að fá aukið fjármagn. Það er annað mál og alls óskylt því að hækka vexti. Hækkun á vöxtum hefur ekki í för með sér nokkra aukningu á lánsfé sjóðanna umfram það, sem tilsvarandi greiðsla á vaxtatöpum sjóðanna hefði haft í för með sér. Það var líka auðheyrt á ræðu hv. þm. A-Húnv., að hann skildi þetta, þó að hann vildi reyna að véla nokkuð um í málinu. Hann sagði sem sagt, að hann treysti því, að fjármagn ræktunarsjóðs yrði aukið á þessu ári, og ætlaðist til, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, og í trausti þess greiddi hann þessu frv., sem hér er til umræðu um að hækka vextina, atkvæði. Með þessu lét hann auðvitað í ljós, að hér væri um tvö og allóskyld mál að ræða, enda er það svo.

Jafnvel þótt þeir vilji nú, t. d. hv. þm. V-Húnv. eða aðrir, halda því fram, að ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitanna og byggingarsjóði verkamanna yrði auðvelduð lántaka núna með því að hækka vextina úr 2½% upp í 4% eða úr 2% upp í 3½%, þá er það líka algerlega rangt. Þegar vaxtamarkaðurinn er yfirleitt þannig, að lánin fást ekki fyrir minna en 6½—7—7½%, þá er það engin aðstoð og engin auðveldun, þó að útlánsvextir þessara sjóða séu hækkaðir um 1½%. Þeim er ekkert auðveldara um að útvega sér lán til endurlána, alls ekkert auðveldara en með því móti að samþykkja t. d. till. þá, sem við þm. Þjóðvfl. bárum hér fram um að greiða vaxtatöp þessara sjóða á sérstakan hátt.

Þetta verða menn að hafa í huga, þegar þeir greiða atkvæði um þetta mál. Í fyrsta lagi það, að til eru ýmsar leiðir til að greiða vaxtatöp þessara sjóða, aðrar en þær að hækka útlánsvexti þeirra. Í öðru lagi, að aukning útlánsvaxta kemur beint niður á bændum sjálfum. Þeir verða að borga þessa vaxtaaukningu, þennan vaxtamismun af sínum persónulegu tekjum, sem, eins og ég sagði áðan, eru miðaðar við tekjur Dagsbrúnarverkamanns, sem hefur fulla vinnu 300 daga ársins. Og í þriðja lagi eru þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, ekki fyrst og fremst að búa í haginn fyrir sjálfa sig, heldur fyrir eftirkomendur sína, fyrir komandi kynslóðir, sem munu njóta góðs af verkum þeirra áratugi og jafnvel aldir. Menn verða að hafa einhver veigamikil rök, ef þeir vilja lýsa því yfir, að það sé sanngjarnt, réttlátt og nauðsynlegt að torvelda þessu fólki þau störf, sem það er að vinna.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Hv. 1. landsk. þm. (GÞG), sem hefur skilað sérstöku áliti um þetta frv., sagði hér áðan í ræðu sinni, að hann teldi ekki rétt að samþykkja þessa vaxtahækkun, meðan engar ráðstafanir væru gerðar til eflingar ræktun landsins og til að bæta landbúnaðinum upp það tjón, sem vaxtahækkunin veldur honum. Ég segi ekki, að þetta sé alveg orðrétt eftir haft, en þetta mun hafa verið efnið í því, sem hann sagði. Út af því vil ég aðeins benda á það, að á síðasta fundi þessarar hv. d. var verið að afgreiða sem lög breytingar á jarðræktarlögunum. Samkvæmt þeim lögum er jarðræktarframlag ríkisins hækkað verulega. Ég held það sé rétt með farið, að framlag ríkisins til landþurrkunar hafi verið hækkað með þessari lagabreytingu um 30% og framlag ríkisins til annarra jarðabóta yfirleitt um 15%. Það er því ekki rétt, sem virtist koma fram hjá hv. þm., að þingið hafi ekkert gert til þess að styðja að aukinni ræktun landsins.

Annar meðnm. minn í fjhn., hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), flutti einnig sérálit um málið og gerði grein fyrir skoðunum sínum á málinu í ræðu hér áðan. Hann talaði í því sambandi m. a. um skattamál félaga, og virtist koma fram sú skoðun hjá honum, að réttara hefði verið að fella niður þá 20% lækkun á félagasköttum, sem samþykkt var á síðasta þingi, láta þá lækkun ekki gilda fyrir þetta ár, m. a., skildist mér, til þess að ríkið væri færara um að auka framlög sín til sjóða Búnaðarbankans. Og hann nefndi Eimskipafélagið í þessu sambandi, sem mætti heimta skatt af og verja því, sem þannig kæmi inn til ríkisins, einnig til stuðnings sjóðum Búnaðarbankans.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða hér um þessi skattamál félaga, þau mál voru hér nýlega til umræðu, og menn gerðu þá grein fyrir áliti sínu á þeim málum. Það er vissulega sanngirnismál, að félög njóti þessa afsláttar af sköttum, sem þeim var veittur í fyrra, þegar litið er á þá skattalækkun, sem aðrir gjaldendur fengu þá. Um Eimskipafélagið vil ég segja, eins og hér hefur verið tekið fram, þegar rætt var um það mál, að þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, að framlengja óbreytt ástand fyrir þetta ár að því er það félag snertir eins og önnur félög,

meðan verið er að vinna áfram að endurskoðun skattalaganna að því er félögin varðar.

Mér kemur nú einnig í hug, að þó að þetta félag færi innan skamms að borga skatta, þá mundi takast að ráðstafa því fé, sem þannig kæmi inn, til einhverra gagnlegra hluta, þó að því sé ekki blandað saman við þetta mál. Blöðin skýra okkur t. d. frá því nú í morgun, að í sambandi við lausn vinnudeilunnar hafi verið ákveðið, að hér skuli á næsta þingi setja lög um atvinnuleysistryggingar, *og mér skilst, að ríkissjóður* eigi að leggja fram verulegt fé til þeirra mála. Þannig er það, að það eru alltaf fyrirliggjandi verkefni, sem ríkið þarf að styrkja. En mér virðist oft vera svo með hv. stjórnarandstæðinga, að það komi fram hjá þeim, að ef þeir koma einhvers staðar auga á möguleika til að afla viðbótartekna, þá vilja þeir nota þær þennan daginn í þessa framkvæmd og hinn daginn til annarra hluta, en það er nú ekki svo auðvelt að nota sömu krónuna mörgum sinnum, eða menn hafa ekki komizt upp á lag með það enn þá.

Hv. 9. landsk. sagði einnig, að löggjöfin um ræktunarsjóð hefði verið samin fyrir atbeina nýsköpunarstjórnarinnar. Ég gat þess hér áður, hvað ræktunarsjóðurinn væri gamall, hann er jafngamall öldinni, og lögum um ræktunarsjóð hefur verið breytt mörgum sinnum. Það mun rétt vera, að breytingin, sem gerð var á ræktunarsjóðslögunum 1947, í eitt skipti af 6 eða 7, ef ég man rétt, mun hafa verið undirbúin á þeim tíma, sem nýsköpunarstjórnin var hér við völd, en lög um þessa breytingu voru ekki samþykkt á Alþ. fyrr en eftir að sú stjórn var farin frá. En af því að hv. 9. landsk. þm. var að minnast á þá ríkisstjórn, sem hann og margir fleiri telja verið hafa mjög góða stjórn, þá vil ég, án þess að fara í nokkurn meting um þessi efni, þó benda á það, að allan þann tíma, sem sú stjórn sat að völdum hér á voru landi, voru vextir af lánum til bænda úr sjóðum Búnaðarbankans, bæði byggingarsjóði og ræktunarsjóði, nokkru hærri en þeir verða, þó að þau frv., sem hér liggja fyrir þinginu um hækkun vaxta, verði samþykkt. Þegar á þetta er litið, geri ég ráð fyrir því, að meðnm. minn, hv. 9. landsk., geti verið mér sammála um það, að ekki sé nú sérlega illa búið að bændastéttinni, þó að þessi frv. verði afgreidd eins og þau eru, úr því að vextirnir verða þó eftirleiðis hagstæðari en þeir voru á því tímabili, sem sú stjórn, sem við höfum minnzt á, sat hér að völdum.

Hv. 8. landsk. þm. (BergS) kom hér fram í umræðum áðan. Nokkur stóryrði féllu af munni hans, en fátt annað fannst mér athygli vert í ræðu hans. Það er rétt hjá honum, eftir því sem ég bezt veit, að við útreikninga á verðlagi landbúnaðarafurða munu vextir, sem bændur þurfa að greiða, ekki hafa verið teknir til greina að öllu leyti, a. m. k. hefur mér skilizt, að þeir hafi ekki fengið viðurkennda vexti af eigin eign í búinu. En ég vil nú vænta þess, að þetta fáist lagfært innan skamms. Mér þykir ólíklegt annað en að þeir aðilar, sem um þau mál fjalla, hljóti að fallast bráðlega á þá sanngirniskröfu bænda, að vaxtagreiðslur þeirra séu þarna teknar til greina.

Hv. þm. sagði, að ég og fleiri vildum halda upp á hálfrar aldar afmæli ræktunarsjóðs með þessari vaxtahækkun. Sjóðurinn er að vísu nokkru meira en hálfrar aldar, hann er nú 55 ára; það skiptir ekki miklu máli. Eins og ég hef áður tekið fram í þessum umræðum og fleiri hafa tekið undir, þá skiptir það vitanlega þó nokkru máli fyrir bændur, hvað háa vexti þeir þurfa að greiða, en hitt er þó tvímælalaust miklu mikilsverðara fyrir þá, að þeir *geti fengið lán til hæfilega langs tíma til sinna* framkvæmda, og það verður vitanlega miklu auðveldara að útvega þeim þetta lánsfé, ef breyting verður gerð á vöxtunum. Vitanlega fer það svo, ef engin breyting verður gerð, en sífellt þarf aukið lánsfé til sjóðanna og auknar lánveitingar, að þá verður vaxtahallinn óviðráðanlegur fyrir sjóðina og eignir þeirra étast upp með þeim hætti og starfsemin bíður hnekki og stöðvast.

Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa fleiri orð hér út af því, sem komið hefur fram í ræðum manna, taldi aðeins rétt að gera þessar athugasemdir við það, sem frá þeim hefur komið.

**Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson):** Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á allmargar ræður um málið, og ég vil þakka m. a. mínum hv. andstæðingum í málinu fyrir það, að þeir hafa rætt hér málið og lagt fram það, sem þeir telja rök, enda þótt ég geti ekki á það allt fallizt. En það er í alla staði gagnlegt að fá umræður í öllu bróðerni um eðli máls sem þessa.

Ég skal aðeins víkja að ummælum hæstv. landbrh. um málið, að því leyti sem hann telur, að þessar breytingar séu lagðar til hér í samráði við bændastéttina. Þetta leyfi ég mér að draga í efa. Það hlýtur a. m. k. að vera ákaflega lauslegt samráð, sem við bændastéttina hefur verið haft um þetta, og þætti mér æskilegt, að ráðherra skýrði nánar frá því, með hverjum hætti það samráð hefur verið. Annars er víst hæstv. ráðh. farinn héðan úr d., en mér hefði þótt mjög æskilegt, ef tök hefðu verið á því, að við alþm. fengjum að heyra það, með hverjum hætti slíkt samráð við bændastéttina er haft. Er þetta rætt á almennum bændafundum úti um sveitir? Eða hefur hæstv. landbrh. talað við einhverja sína flokksmenn og framámenn í sínu kjördæmi um þetta og telur það vera fulltrúa bændastéttarinnar? Ég get líka aðeins að því vikið, að hann dregur í efa, að við hv. 1. landsk. þm. höfum nema mjög takmarkað samband við bændastéttina. Þetta er alveg rétt hjá honum. En þó geri ég ráð fyrir því, að svo sé komið málum, að okkar samband við bændastéttina sé nú kannske ekki öllu minna en hans. Þar af leiðandi verð ég að láta í ljós þá skoðun mína, að það sé alls ekki einhlítt, sem hann heldur fram, að slíkt frv. sé borið fram í samráði við bændastéttina. Að svo miklu leyti sem mín takmörkuðu sambönd við bændastéttina gefa mér hugmyndir um, þá mun slíkt samráð ekki hafa verið haft við hana og efni frv. vera í andstöðu við það, sem er álit bænda.

Bæði hæstv. landbrh. og einnig hv. þm. A-Húnv. víku hér mjög að því, að í nál. hv. meiri hl. fjhn.

væru færð svo ýtarleg rök fyrir því, að nauðsyn væri á að samþykkja þetta frv., að fleiri orð þyrfti ekki þar um. Það er einmitt þetta, sem ég kom að í minni fyrri ræðu, að þeir hafa fært að vissu marki rök fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt, þ. e. a. s., þeir hafa fært þau rök, sem eru sjónarmið lánsstofnunar, bankasjónarmið. Ég gat mér þess líka til, að það væri ekki ólíklegt, að þessi sjónarmið væru ekki runnin frá bændafulltrúunum í nefndinni, heldur frá bankastjóra þeim, sem í n. á sæti. Ég hefði talið miklu eðlilegra, að bændafulltrúarnir hefðu lagt fram allt önnur rök í málinu, þeir hefðu gert útreikninga á því, hvað kostar að rækta svo eða svo marga hektara lands, hvað viðkomandi bóndi þarf mikið fé til þess að gera það, hvað hann fær mikinn afrakstur af landinu og hvað hann er efnahagslega maður til að standa undir miklum vöxtum af sínum lánum. Ekkert af þessu kemur fram í nál. hv. meiri hl. fjhn. Mér þætti ekki ólíklegt, að hefðu bændafulltrúarnir í n. gert slíkan útreikning, þá hefðu þeir getað sýnt sinni virðulegu ríkisstjórn, sem ber fram þetta frv., fram á það, að hér væri um að ræða hærri vexti en hægt væri að greiða af ræktun á Íslandi. Og hefðu þeir nú gert þetta og ekki látið ánetjast af bankasjónarmiðunum, heldur haldið sínum bændasjónarmiðum, þá tel ég ekkert líklegra en að sú hæstv. ríkisstj., sem þetta frv. flytur, hefði orðið að beygja sig fyrir þeim rökum og leita annarra ráða, til þess að ræktunarsjóður gæti haldið áfram eðlilegri starfsemi sinni, heldur en þeirra að hækka útlánsvexti sjóðsins. (Gripið fram í.) Það gleður mig, að ráðh. skuli ekki vera alveg áhugalausir um málið, og það er sannast að segja ekki svo lítils virði fyrir okkur hér, óbrotna þm. í d., að heyra þann tón úr ráðherrastólum, að það mundi e. t. v. verða tekið eitthvert tillit til þess, ef við færðum fram töluleg rök fyrir okkar máli. En þetta er hins vegar alveg nýtt sjónarmið, því að hingað til höfum við átt því að venjast, að hversu glöggar tölur og hversu skýr rök sem við höfum fært fram fyrir okkar máli, þá hefur ríkisstjórn Íslands blásið á það og ekki talið sér að skyldara að fara eftir því, þótt sannað væri. Ég fagna því sem sagt, ef hæstv. forsrh. tekur framvegis upp þau vinnubrögð að meta rök, einnig þótt þau komi frá stjórnarandstöðunni. Ég skal játa það, að stundum spörum við okkur — a. m. k. ég, og ég geri ráð fyrir, að gegni svipuðu máli um ýmsa fleiri í stjórnarandstöðunni — e. t. v. um of að leggja vinnu í að gera útreikninga um hluti, sem við höfum hingað til getað talið nokkurn veginn víst að ekki yrði á hlýtt af hv. stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, þó að lagðir væru fram. Verði reynslan hins vegar önnur í framtíðinni, þá vil ég fyrir mína hönd heita því, að ég mun leggja meiri vinnu í það en ég hef hingað til gert að leggja fram þau rök, sem t. d. hefði verið eðlilegt að í þessu máli væri gert. Ég vil hins vegar leiðrétta þann misskilning hæstv. forsrh., að ég telji mig hafa betri sambönd við bændur en t. d. landbrh., en ég hef dregið í efa, að hans sambönd séu betri, og á því er nokkur eðlismunur.

Ég vil einnig koma að því, sem hæstv. landbrh. og hv. þm. V-Húnv. héldu fram eða létu a. m. k. í skína, að það væri nokkuð í efa dragandi, hver heilindi lægju á bak við það, sem við 1. landsk., sem skipum minni hl. í þessu máli, höfum sagt. Ég skal heita þessum hæstv. ráðh. og þessum hv. þm. því, að því er snertir atvinnuvegi Íslendinga, þá sem eru undirstaða okkar þjóðfélags, að framkoma mín gagnvart þeim muni ekki verða sú, að þeir hafi neina ástæðu til þess að draga í efa heilindi mín við það, að þeir atvinnuvegir verði studdir með ráðum og dáðum. Og af þeirri meginröksemd eru þær ályktanir, sem ég hef dregið um þetta frv., fram komnar. Ég leyfi mér þar á móti að halda því fram, að hv. meiri hl. fjhn. og hæstv. landbrh. hafi nokkuð glapizt af réttri leið í þessum efnum. Ég hef ekki haldið því fram, að þeir hafi framið svik við bændastéttina; þeir hafa að vísu haft frammi hugleiðingar um það héðan úr ræðustóli, en það eru sjálfsagt fremur raddir þeirra eigin samvizku en mín orð. Hins vegar vil ég benda þeim á það, án þess að það þurfi að teljast svik að yfirlögðu ráði, að hugsazt gæti, að þeir hefðu velt öllu meira fyrir sér og fært öllu hærra til reiknings sjónarmið annarra aðila en bænda í þessum málum, og það þykist ég hafa bent hér á, að í þeirra röksemdum gæti meira bankaútreiknings á því, hvað séu hæfilegir vextir, heldur en að þeir hafi gert sjónarmið bænda og möguleika bændastéttarinnar til ræktunar að sínum sjónarmiðum og lagt þau til grundvallar sínum útreikningum.

Hv. frsm. meiri hl., þm. V-Húnv., hefur nokkuð gert að umtalsefni það, sem ég sagði hér um skattgreiðslu Eimskipafélagsins og eftirgjöf af skatti félaga í sambandi við þetta mál, þar sem ég hélt því fram, að hugsanlegt hefði verið að nota eitthvað af því fé, sem ríkissjóður hefði fengið, hefði hann ekki undanþegið Eimskipafélagið skatti og hefði hann ekki gefið 20% afslátt af skatti félaga í ár, til þess að greiða upp vaxtatöp ræktunarsjóðs. Í þessu sambandi finnst honum, að við stjórnarandstæðingar gerum stundum margar till. um að ráðstafa sömu krónunni.

Þetta getur vel verið rétt hjá honum. En það er á engan hátt óeðlilegt, að við gerum till. um, að fé ríkissjóðs sé varið á þennan hátt í dag, og þegar stjórnarliðið er búið að fella að gera þetta, þá getum við gert aðrar till. um ráðstöfun á fé ríkisins. Það er þess vegna ekki alveg áfellislaust að flytja mál sitt á þann hátt, sem hv. frsm. gerði. Það er ekkert slæmt við það eða óeðlilegt, þótt gerðar séu margar till. um ráðstafanir á sama fé, þegar hin fyrri till. hefur verið felld, áður en hin síðari kemur fram, og þannig er ekki óhugsandi, að við gerum till. um að ráðstafa fé á einn hátt í dag og á annan hátt á morgun. En hitt held ég að hv. fylgjendur ríkisstj. þurfi ekki að saka okkur um, að við raunverulega leggjum til, að sömu krónunni sé varið til tveggja hluta.

Í sambandi við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um nýsköpunarstjórnina og vaxtakjör í ræktunarsjóði, þá er það rétt hjá honum, að í tíð nýsköpunarstjórnarinnar voru vextirnir nokkru hærri en þeir nú eru samkv. lögum, en

það var sá arfur, sem nýsköpunarstjórnin tók við af þeirri stjórn, sem á undan henni sat, og raunar ekki þeirri, er síðast sat á undan henni, — en sem sagt, sá arfur um hærri vexti í sjóðnum er kominn frá stjórnartíð flokksmanna þessa hv. þm. Það má ef til vill segja, að nýsköpunarstj. hefði átt að vera dálítið viðbragðsfljótari um að reyna að leiðrétta þau vaxtakjör og lækka þau til hagræðis fyrir bændur landsins. En það var nú svo, að hún var ekki búin að koma þeirri löggjöf í kring á sínum fáu árum, en sú löggjöf tók hins vegar gildi sama árið og nýsköpunarstjórnin lagði niður völd. Ég leyfi mér þess vegna að halda virðingu minni fyrir nýsköpunarstjórninni gersamlega óskertri þrátt fyrir þau ummæli, sem hv. frsm. meiri hl. hefur viðhaft í þessu máli, og bendi honum á, að einmitt hans ummæli gætu verið nokkurt umhugsunarefni í hans flokki, ekki sízt nú, þegar hann og fleiri góðir menn, sem ég efast ekkert um að vilja bændastéttinni vel, hafa glapizt til þess að flytja frv. og styðja frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Ég vil í fullri vinsemd benda bæði hv. frsm. meiri hl. og þeim öðrum, sem að þessu frv. standa, á það, að ekki er nema mannlegt að gera þá yfirsjón að leggja það bankalega sjónarmið, sem hér kemur fram í frv., til grundvallar, áður en aðrar hliðar málsins hafa verið athugaðar. Enn fremur bendi ég þeim á það, að málið er enn á því stigi, að þeir hafa á því fullkomin tök, ef vilji væri fyrir hendi, að endurskoða afstöðu sína til málsins eftir þær glöggu umr., sem hér hafa fram farið, og væri þá vel, ef þeir vildu taka hið raunverulega sjónarmið bændastéttarinnar til athugunar í þessu máli svo og það, hvað íslenzku þjóðfélagi er fyrir beztu. Ætla ég, að þeir muni, þegar þeir hugleiða þau mál alvarlega, komast að raun um, að íslenzku þjóðfélagi er það meira virði, að íslenzkt land sé brotið til ræktunar, heldur en hitt, að talnadálkar í bönkum og sjóðum, hvort heldur er um að ræða ræktunarsjóðinn sjálfan eða ríkissjóð, séu endilega með þeim hætti, sem yfirmönnum þeirra stofnana þykir ákjósanlegast.

ATKVGR.
Brtt. 641 felld með 14:9 atkv.
1. gr. samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JPálm, GGísl, JörB, KJJ, MJ, PÞ, SÁ, SkG, ÁB, EI, EirÞ, SB.
nei: GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, GMM, BergS, EOl.
10 þm. (EmJ, EystJ, GíslG, JóhH, JR, ÓTh, PO, StgrSt, BÓ, EggÞ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

*Jón Pálmason:* Herra forseti. Fyrr á þessu þingi voru samþ. lög um breyt. á l. um Ræktunarsjóð Íslands, og í þeim lögum voru, eins og hv. þm. muna, tvö ákvæði, annað það að lengja úr 10 upp í 20 ár ákvæðið um framlag úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs, hitt var að ákveða, að þar sem styrkur eða framlag ríkisins væri lægra en sem svaraði 30%, þá væri heimilt að lána úr ræktunarsjóði þannig, að lán og styrkur væru samtals 60%. Hv. landbn. rak sig á það, að með því að samþ. jarðræktarlögin eins og þau eru, þá er þar breytt ákvæðinu um framlag til vélgrafinna skurða úr 50% upp í 65%, og það þýðir, ef lögin eru óbreytt, að þá er ekki heimild til að lána neitt út á vélgrafna skurði úr ræktunarsjóði. Landbn. leggur því til, að inn í þetta frv., sem hér liggur fyrir, séu tekin lögin, sem samþ. voru í vetur, með þeirri breyt., að það sé heimilt að lán og styrkur út á vélgrafna skurði séu upp í 85%. Ég vil þess vegna hér með f. h. landbn. leggja fram skriflega þessar brtt., sem þýða það, að lög þessi eru færð saman í eina heild, og séu þá um leið lög nr. 101 10. des. 1954, um breyt. á l. um Ræktunarsjóð Íslands, úr gildi felld.

Ég vil mega vona, að hv. þingmenn geti fallizt á þetta með landbn., og óska, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessum brtt., sem ég hér með afhendi honum skriflega, en landbn. stendur öll að þessum brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 695) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 695,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 695,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 696).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 696, n. 728).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Við getum sagt, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, séu fjórar breytingar á því fyrirkomulagi, sem aðallega gilti áður.

Fyrsta breytingin er sú, að breytingin, sem við gerðum í vetur á lögunum um ræktunarsjóðinn og voru lög nr. 101 frá 10. des. 1954, hefur verið tekin upp í þetta frv. Þetta hefur verið gert í Nd., og við erum samþykkir þessu hér í Ed. Ég hef oft áður látið það álit mitt í ljós, að ég teldi mjög óheppilegt, að sama þingið samþykkti með tveimur lögum breyt. á sömu eldri lögum. Hér verður það ekki, lögin verða aðeins ein; þau fyrri eru hér með felld úr gildi. Önnur breytingin er sú, að í frv. í vetur var gert ráð fyrir því, að lán og styrkur úr ræktunarsjóði mættu vera allt að 60% af kostnaðarverði viðkom-

andi jarðarbótar. Síðan hefur það skeð, að hækkaður hefur verið styrkurinn á skurðgröfuskurðina sérstaklega og þeir þar með ekki getað komið til greina til lántöku við Búnaðarbankann. Þessu er þarna breytt og leyft, að þegar skurðgrafnir skurðir eiga í hlut, megi lánin vera allt að 85% af kostnaðarverðinu, sem þýðir, að þá yrði lánið raunverulega 20%.

Þriðja breyt. er sú, að útlánsvextir úr sjóðnum eru hækkaðir úr 2½% í 4%, og er það gert af tveimur ástæðum, þeirri annarri, að vaxtafótur í landinu er gerbreyttur frá því, sem hann var, þegar þessir 2½% vextir voru ákveðnir, og hins vegar, að ræktunarsjóðurinn hefur orðið að taka lán til að fullnægja lánsþörfinni nokkurn veginn, og það eru lán með miklu hærri vöxtum. Til þess þess vegna að reyna að stuðla að því, að vaxtamismunurinn verði ekki eins mikill, eru vextir hækkaðir.

Þrátt fyrir það eru þau lán, sem ræktunarsjóðurinn hefur orðið að taka og lánað síðan aftur út með 2½%, það há, að ekki eru neinar líkur til þess nú þegar og enn þá síður þegar lengra líður, að hann geti greitt vaxtamismuninn af eigin fé. Þess vegna er það framlag, sem ríkissjóði er ætlað að leggja bankanum, sem var ½ millj. á ári, hækkað upp í 1.6 millj. Með því er nokkurn veginn sýnt, að bankinn fyrst um sinn og eitthvað næstu árin getur staðið undir vaxtamismuninum.

Þetta eru þær breytingar, sem í þessu frv. felast, og n. er öll sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 728 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 85. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. og 3. umr. í Ed. (A. 853).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 769).

---

## 38. Almenningsbókasöfn.

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um almenningsbókasöfn** [143. mál] (stjfrv., A. 338).

Á 44. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Fátt er nytsamlegra þeim, er mennta vill sjálfan sig, en góður bókakostur. Til skamms tíma varð allur almenningur hér á landi að mestu að afla sér menntunar með sjálfsnámi og þá að sækja hana í þær bækur, sem til náðist og oft voru eigi um of fjölbreyttar. Íslendingar hafa því löngum verið bókelskir.

Á síðustu árum hafa skólarnir að verulegu leyti komið í stað sjálfsnámsins, og er því nú meira á lofti haldið, að við höfum of marga skóla en of fáa. Hvað sem þeirri deilu líður, er oft kvartað undan því, að skólunum takist ekki að auka lestrarfýsn nemenda sinna, heldur deyfi þeir hana. Auðvitað er nú margt, sem dregur hugann frá bókalestri frekar en áður var. Einn aðaltilgangur skólanáms hlýtur þó að vera sá að kenna mönnum að læra sjálfir. Svo lengi lærir sem lifir, segir máltækið, og vissulega má læra með mörgum öðrum hætti en af bókunum einum. Flestum verða þær þó handhægasta leiðin til þess að afla sér margs konar fróðleiks og skemmtunar. Sá, sem les góða bók og kann að meta hana, lætur sér ekki leiðast og hefur litla löngun í fánýtan og óhollan félagsskap.

Flestum einstaklingum er það hins vegar ofvaxið að koma sér upp fullkomnu bókasafni. Þess vegna tíðkast almenningsbókasöfn, og eru þau hvarvetna talin þýðingarmikill þáttur menntamála og almenningsfræðslu. Af bókasöfnum hér er landsbókasafnið elzt og mest. Segja má, að um langt skeið hafi það verið eins konar almenningsbókasafn, jafnframt því sem það sinnti öðrum verkefnum. En frá upphafi var því fyrst og fremst ætlað að vera vísindabókasafn, og er starfræksla þess einkum miðuð við þann tilgang.

Á seinni árum hafa verið sett upp önnur vísindabókasöfn eða sérfræðibókasöfn, og ber þar fyrst að nefna háskólabókasafnið, auk ýmissa stofnana, er kaupa sérfræðibækur fyrir sig.

Það er íhugunarefni út af fyrir sig, hvort hyggilegt sé að dreifa þeim takmarkaða sérfræðibókakosti, sem við höfum efni á að kaupa til landsins, með þeim hætti, sem nú er gert, milli sérfræðisafna. Væri a. m. k. mikið hagræði að því, ef komið yrði upp í landsbókasafninu skrá yfir allar bækur, sem hingað eru keyptar fyrir ríkisfé, og þess getið, hvar þær er að finna. Þessi og önnur fleiri atriði varðandi rekstur landsbókasafnsins þarf að athuga frekar og þá ekki síst, hvort nægilegu fé sé nú varið til viðunandi viðhalds þess og nýrra bókakaupa.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar ekki um þau efni, heldur einungis um almenningsbókasöfn. Nokkur slík söfn voru stofnuð á síðustu öld, og er þar einkum að geta amtsbókasafnanna svokölluðu. Síðar voru mynduð hin svo-

nefndu lestrarfélög og bæjarbókasöfn auk einstakra sýslu- og sveitarbókasafna. Öll þessi starfræksla er þó mjög í molum, enda styrkir til annarra safna en lestrarfélaganna harla litlir og mjög af handahófi.

Á síðasta ári lét ég kanna nokkuð starfrækslu og bókakaup ýmissa þessara safna, og reyndist hvort tveggja mjög á ringulreið. Í framhaldi af þeirri athugun skipaði ég þá Guðmund G. Hagalín rithöfund, sem er gamall bókavörður bæjarbókasafns á Ísafirði og þessum málum nákunnugur, séra Helga Konráðsson prófast, sem hefur unnið merkilegt brautryðjandastarf í þessum efnum á Sauðárkróki í Skagafjarðarsýslu, og dr. Þorkel Jóhannesson prófessor, sem er fyrrverandi landsbókavörður og áhugamaður mikill í þessum efnum, í nefnd til þess að athuga þessi efni og gera tillögur um þau. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ávöxtur þess starfs, og er það flutt eins og n. lagði til, með þeim breytingum, að samkomulag varð um að draga nokkuð úr styrkjum samkv. frv. og þar með kostnaðinum.

Meginatriði frv. er, að nú á að koma fastri, samfelldri skipan á bókasöfn um land allt, enda styðji þau hvert annað með samvinnu í starfi sín á milli. Landinu skal skipta í 29 bókasafnshverfi, og í hverju þessara hverfa á að vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn, er starfi hvort tveggja með innbyrðis samvinnu og í samvinnu við sveitarbókasöfnin, sem ætlazt er til að séu í hverjum hreppi og ýmist starfrækt af hreppsfélaginu sjálfu eða lestrarfélagi. Þó er fleiri hreppsfélögum heimilt að sameinast um eitt sveitarbókasafn, og einnig getur hreppsfélag ákveðið að fela héraðsbókasafni verkefni sitt. Af hálfu ríkisvaldsins er ætlazt til að skipaður verði sérstakur bókafulltrúi, er starfi í fræðslumálaskrifstofunni til leiðbeiningar og yfirumsjónar með öllum þessum söfnum. Öll fái þau eftir ákveðnum allflóknum reglum nokkurn styrk úr ríkissjóði til starfrækslu sinnar, og er þar reynt að styrkja þá mest, sem verst eru settir. Auk þessara safna á ríkið einnig að styrkja heimavistarskóla, sjúkrahús og fangelsi til að koma upp og starfrækja bókasafn.

Fjárframlög þau, sem almenningsbókasöfn mundu fá samkv. frv. þessu, yrðu allmiklu hærri en þau hafa nú. Úr ríkissjóði yrði aukningin hér um bil 640 þús. kr. á ári, og er þá framlag það, sem lestrarfélögin njóta nú af skemmtanaskatti, en fellur niður samkv. frv., talið með framlögum ríkisins. Bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir þyrftu að greiða hér um bil 260 þús. kr. meira en þeir gera nú, og munar þar mestu aukið framlag þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn verða staðsett, og tillag sýslusjóða. Hækkun heiman að til annarra sveitarbókasafna er sáralítil og einnig hlutfallslega lítil hækkun frá bæjunum. Þess er að geta, að af hækkun ríkisframlagsins er greiddur styrkurinn til skólabókasafna og annarra slíkra safna samkv. III. kafla frv. og laun bókafulltrúa, en starf hans á að verða almenningsbókasöfnunum að margvíslegum notum. Söfnin eiga ekki einungis að hafa gagn af hinum auknu fjárframlögum, heldur á betri skipun á starfi þeirra og samvinna þeirra í milli að geta orðið þeim til mikils góðs.

Svo sem menn sjá, er frv. þetta allmikill lagabálkur, fimm kaflar og samtals 30 greinar. Vera kann, að mönnum sýnist sitt hverjum um einstök ákvæði. Slíkt er ekki tiltökumál. T. d. veit ég ekki, hversu auðvelt verður að setja sanngjarnar reglur um stjórnarkosningu bæjar- og héraðsbókasafna samkv. 8. gr., einkum þar sem mikill er stærðarmunur bæjarfélags og aðliggjandi héraðs, er samvinnu eiga að hafa í þessum efnum. Þetta og önnur einstök atriði frv. verða að sjálfsögðu athuguð við meðferð frv. á Alþingi. En hvað sem einstökum atriðum líður, er það von mín, að hv. Alþingi sé samþykkt meginstefnu frv. Það fjallar um mikilsverðan þátt í fræðslukerfi þjóðarinnar og mun stuðla að því að gera almenningi auðveldara um að afla sér þekkingar og hollrar skemmtunar.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. að lokinni þessari 1. umr. fari til 2. umr. og verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 338, n. 419).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, verður heilmikill lagabálkur, ef það öðlast samþykki þingsins, og væri auðvitað hægt að flytja alllanga ræðu til skýringar hinum einstöku greinum og efni frv. yfirleitt, en ég tel alveg óþarft að tefja tímann með slíku. Hæstv. menntmrh. skýrði málið nokkuð, þegar hann lagði það hér fyrir hv. d., og auk þess fylgja frv. mjög ýtarlegar athugasemdir, sem eru frá þeirri n., sem samdi frv., og finnst mér, að um almennar ástæður fyrir frv. og einstök atriði, sem n. sér ekki sérstaka ástæðu til að gera athugasemd við, nægi að vísa til þessa.

Eins og kunnugt er, var það svo áður fyrr, a. m. k. eftir að kom fram á síðari hluta 18. aldar, að þó að skólar væru ekki til í landinu, aðrir en þeir, sem nú er kallað menntaskólar, þá er þó talið, að alþýðumenntun hafi verið a. m. k. eins mikil og í flestum öðrum löndum, og er enginn vafi á því, að orsök þess er sú, að Íslendingar voru bókhneigð þjóð og margir sóttu mikinn fróðleik og menntun í bækur.

Tilgangur þessa frv. er auðsjáanlega sá, að allir landsmenn geti haft aðgang að verulegum bókakosti, þó að ástæður þeirra séu þannig, að þeir sjái sér ekki fært að kaupa mikið af bókum. Og þrátt fyrir alla skóla, sem nú eru komnir, þá mun það vera áreiðanlegt, að menn njóta ekki skólalærdómsins lengi. Hann vill gleymast, ef andinn er ekki smám saman auðgaður með bókalestri. Þess vegna er það, að menntmn., sem þessu frv. var vísað til, vill mæla með því með lítils háttar breytingu.

Undir meðferð málsins í menntmn. ræddi hún m. a. við fræðslumálastjóra og Guðmund Gíslason Hagalín prófessor, sem var formaður þeirrar n., sem undirbjó málið, og fékk hjá þeim ýmsar upplýsingar.

Það mun leiða nokkurn kostnað af samþykkt þessa frv., og því miður get ég ekki alveg sagt um það og sennilega enginn upp á krónu, hvað sá kostnaður verður mikill, en þegar þess er gætt, að styrkir, sem einstök bókasöfn hafa nú á fjárlögum, ættu að falla niður, þegar þetta frv. er samþykkt, þá mun mega gera ráð fyrir því, að árlegur kostnaður af samþykkt þessa frv. verði fyrst um sinn alls ekki yfir ½ millj. kr.

N. gerir 3 brtt. við frv., en þær eru ekki stórvægilegar, og tvær af þeim mega hreint og beint skoðast sem leiðréttingar.

1. brtt. n. á þskj. 419 er leiðrétting við 2. gr. frv. Þar stendur undir 4. tölul., þegar bókasafnshverfin eru talin upp: Akranes og þrír syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu. Nú eru fjórir hreppar í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar, sem munu hafa miklu meiri samgöngur við Akranes en Borgarnes, og þess vegna leggur n. til, að í staðinn fyrir „þrjá“ í þessum lið komi fjórir og svo tilsvarandi orðabreyting í næsta lið.

2. brtt. n. er einnig aðeins leiðrétting. Henni virtist tilvitnun í 11. gr., sem er þar innan sviga, vera röng. Þar er vitnað til 13. gr., en n. virtist, að þar ætti að vitna til 12. gr.

Síðustu brtt., við 27. gr., má frekast skoða sem efnislega till., þó að hún sé ekki heldur neitt stórvægileg.

Í 27. gr. frv. er svo ákveðið, að það opinbera láti hverju bæjar- og héraðsbókasafni í té eitt eintak af ýmiss konar opinberum ritum, eins og Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, lagasafni, hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum nál. mþn. og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríkið og stofnanir þess gefa út. Síðar í gr. er svo sú skylda lögð á bókasöfnin að láta binda öll þessi rit.

Fyrr í frv. er minnzt á bókband og bókasöfnunum ætlað yfirleitt að láta binda bækur þær, sem þau fá, en þó ekki svo tvímælalaus og undantekningalaus skylda lögð á þau í því efni eins og er um hin opinberu rit í 27. gr.

N. sér ekki ástæðu til þess að leggja svo ríka skyldu á um að binda öll þessi rit, og leggur því til, að á eftir orðunum í 27. gr. „Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, en skylt er að láta binda öll slík rit“ verði bætt inn í: „eftir því sem við verður komið“. Sum af þessum ritum eru heft inn í allgóðar kápur, svo er t. d. um skýrslur hagstofunnar ýmsar, en á hinn bóginn nota þær mjög fáir, það er óhætt að fullyrða, og telur n., að það mundi vera alveg óhætt, a. m. k. ef fjárþröng væri, að geyma slík rit í heftunum. Ýmislegt fleira af þessu er þannig, að mjög er vafasamt, hvort leggjandi er í kostnað við að binda. Mér dettur í hug Lögbirtingablaðið í því sambandi. Lögbirtingablaðið er auðvitað góð heimild um ýmislegt. En ég veit ekki, hvort hefur verulega þýðingu, að það sé til bundið í hverju héraðsbókasafni, því að vitanlega tapar Lögbirtingablaðið gildi sínu eins og önnur blöð fyrir almenning jafnóðum.

Þessar breytingar einar leggur n. til að gerðar séu á frv. við þessa umr.

Þá vil ég gera fáeinar athugasemdir út af frv. enn, þó að n. beri þar ekki fram neinar brtt.

Í 18. gr. frv. segir svo: „Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr.“ — þ. e. a. s. lestrarfélög og önnur félög, sem hafa bókasafn — „að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögum þessum.“ N. telur ekki annað en sjálfsagt, ef þetta kemur fyrir, að t. d. lestrarfélag hættir að starfa, að þá sé sveitarstjórninni út af fyrir sig skylt að taka við bókasafninu, ef henni er afhent það. En hún vill ekki leggja þann skilning í þessa gr., og það vil ég taka skýrt fram, að þessu fylgi skylda lestrarfélags eða annars félagsskapar, sem hefur haft sveitarbókasafn, að afhenda það sveitarstjórn, þó að félagið leggist niður, og ég er ekki alveg sannfærður um, nema slíkt kunni jafnvel að koma í bága við sjálfa stjórnarskrána, því að vitanlega er sveitarbókasafn, sem rekið er og rekið hefur verið af lestrarfélagi eða öðrum slíkum félagssamtökum, eign þessa félags og þar með einstaklinganna, sem í félaginu eru, og félagið kann að vilja ráðstafa bókasafninu á annan hátt en þennan. Það getur meira að segja verið ákveðið svo í lögum slíks félags, hvað við bókasafnið skuli gera, ef félagið leggst niður. Verði ekki þessum skilningi n. neitt mótmælt, þá tel ég og n. ekki neina ástæðu til að bera fram brtt. út af þessu.

Á nokkrum stöðum er minnzt á bókafulltrúa og honum ætluð ýmis störf, án þess að nánar sé tiltekið, hvers konar embættismaður þetta sé, fyrr en í 29. gr. frv., og þar er sérstakur kafli um bókafulltrúa, sem þó er ekki nema ein gr.

N. er ekki fyllilega ljóst, hvernig starfi þessa bókafulltrúa á að vera háttað. Í frv.-greinunum, þar sem hann er nefndur fram að V. kafla, er ekki annað hægt að sjá en að hér sé talað um sérstakan embættismann, sem ber titilinn bókafulltrúi. En í gr., sem sérstaklega fjallar um hann, segir, að menntmrh. skuli skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra. Virðist n. það dálítið óákveðið, hvort heldur hér er um sérstakan embættismann að ræða eða aðeins fulltrúa fræðslumálastjóra, og vildi ég beina fyrirspurn um það til hæstv. menntmrh., hvernig beri að skilja þetta. Sé átt við, að þessi starfsmaður eigi að vera fulltrúi fræðslumálastjóra og þá væntanlega vinna ýmis störf önnur í fræðslumálaskrifstofunni, sem sennilega væri hægt að koma við, þá virðist vafamál, hvort í frvgr., þar sem bókafulltrúi er nefndur, ætti ekki að standa: fræðslumálastjóri eða fulltrúi í umboði hans. En ef á að líta á þetta þannig, að um sérstakan embættismann sé að ræða, þá er dálítið einkennilegt ákvæðið um það, að hann skuli starfa í skrifstofu fræðslumálastjóra. Er hér aðeins átt við húsnæði, eða hvernig á samband fræðslumálastjóra og bókafulltrúa að vera? Að fengnum svörum við þessu getur vel verið, að n. taki þetta til athugunar.

Í frv. er ekki ákveðið um það, hvenær l. eigi að taka gildi, en þó er gert ráð fyrir aðgerðum samkvæmt þeim fyrir júnílok 1955. Það er venja að setja í l., hvenær þau öðlist gildi, þó að þess þurfi ekki, því að það eru ákveðnar reglur um það, hvenær l. öðlast gildi eftir staðfestingu, en oftast mun það sett í l. sjálf. Auk þess kynnu

að vera fleiri ástæður til þess að ákveða það í þessu frv. N. mun því taka það atriði til athugunar fyrir 3. umr., þó að hér liggi engin brtt. fyrir um þetta.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég vekja athygli á fskj. með nál. á þskj. 419, þar sem menntmrn. leiðréttir eitt atriði í greinargerð frumvarpsins.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég sé, að hv. menntmn. hefur skilað hér allýtarlegu nál. á þskj. 419 um þann mikla lagabálk, sem hér er nú til umr., og leggur til í höfuðatriðum, að frv. sé samþ. með sáralitlum breytingum. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda hér aðeins á einstök atriði og spyrjast fyrir um það, hvort hv. n. og hæstv. ráðh. hafa athugað þau atriði, sem ég mun minnast hér á og hafa þær afleiðingar, sem ég mun benda á.

Í 3. gr. frv. eru teknir upp þeir staðir, þar sem héraðsbókasöfn eiga að vera. Einn af þeim er Reykhólar. Hér er þó ekki fylgt þeirri reglu, sem gert er ráð fyrir í 7. gr., að það séu aðeins staðir, sem teljast kaupstaðir eða kauptún. Á Reykhólum er ekkert kauptún og engin líkindi til þess, að það verði þar fyrst um sinn. Enn fremur má segja það sama um Búðardal. Er því vafasamt, hvort þessir tveir staðir hefðu ekki átt að flokkast undir II. kafla, þ. e. undir ákvæði um sveitarbókasöfn og lestrarfélög, með tilliti til þess fjölda, sem er í viðkomandi hreppum. Hvað Reykhóla snertir, þá er sýnilegt, að af þessu bókasafni geta ekki aðrir haft not, fremur en af öðrum sveitabókasöfnum, en þeir fáu menn, sem á Reykhólum búa, sem er ekki yfir 100 manns, og þykir mér óeðlilegt, að af þeim hreppi sé tekið 15 kr. framlag á hvern íbúa, eins og ætlazt er til með 7. gr. Sama mætti og segja um Búðardal. Vildi ég aðeins með þessu benda á, að mér finnst vera hér ósamræmi, því að það kemur sýnilega fram í 7. gr., að ætlazt er til, að sett verði upp héraðsbókasöfn einungis þar, sem um kauptún er að ræða. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að t. d. í Suðurfjarðahreppi er kauptún, sem í er nærri 400 manns. Þar er ekki sett upp neitt héraðsbókasafn, og hafa þó bæði Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur miklu betri aðgang að bókasafni á Bíldudal en Reykhólahreppur gæti haft að bókasafni á Reykhólum.

Þá vildi ég einnig spyrja, hvort það hefði verið athugað gaumgæfilega, hvort rétt sé að ákveða 15 kr. á íbúa, án þess að vita um vilja þeirra manna, sem eiga að greiða þetta gjald, þar sem hér er um að ræða allverulegan nýjan skatt á sveitarsjóðina, sem kvarta þó mjög undan því, að Alþingi sé jafnan að leggja á sveitarfélögin nýja skatta án þess samtímis að gera þeim kleift að fá nýja tekjustofna. Þarf ég ekki að ræða það mál ýtarlega, því að hv. þm. er mjög kunnugt um þau atriði. Ég hef sem umboðsmaður þessara aðila, sem hér um ræðir, ekki haft neitt tækifæri til þess að ræða um það við þá, sem nú eru settir í þá aðstöðu að verða að innheimta 15 kr. á hvern íbúa, gamlan og ungan, og þykist því ekki hafa umboð til þess að segja um á þessari stundu, hvort ég vil vera með að samþ. þennan nýja skatt, nema því aðeins að það séu gerðar einhverjar ráðstafanir til þess, að þeir geti fengið tekjustofn á móti. Þetta er vitanlega ekki stór fjárupphæð, en það nemur þó upp undir 15 þús. kr. nýjum útgjaldalið á stað eins og Patreksfirði. Þetta vildi ég einnig benda á, og ég vildi þá um leið biðja n. að athuga og einkum og sérlega hæstv. ráðherra, hvort það sé gerlegt að lækka þessa upphæð á þessu stigi eða hvort það sé haldið fast við það, að hún sé sett inn í lögin eins og hún nú er í 7. gr.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að benda á, að í Flateyjarhreppi er nú eitthvert elzta og merkasta bókasafn landsins. Þar mun vera einhver bezti bókakostur af öllum þeim lestrarfélögum, sem eru a. m. k. í sveitahéruðum. Þetta safn hefur haft styrk úr ríkissjóði undanfarin ár, ákveðna upphæð, sem er eitthvað um 1250 kr. Eftir ummælum hv. frsm. geri ég ráð fyrir, að þetta falli niður. Þó er það ekki beinlínis tekið fram í frv., og er að sjálfsögðu heimild fyrir hv. Alþingi að ákveða að halda áfram öllum þeim styrkjum á fjárl. eins og gert er nú, jafnvel þó að þessi lög gangi í gildi.

Ég var að bera saman, hvernig þetta mundi koma út hjá þessum hreppi, ef lögin yrðu samþ. Sýnist mér, að með þeirri fólkstölu, sem er í hreppnum nú, mundi styrkurinn frá ríkissjóði verða nokkurn veginn sá sami, ef þeir væru látnir greiða 5 kr. á mann, með þeirri tölu íbúa, sem þar er. Hins vegar er hin nýja kvöð sett á, að þeir greiði á móti jafnháan styrk og látinn er frá Alþingi, sem aldrei hefur verið fyrr, og ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, vegna þess að upphæðin er ekki svo há, þar sem aðeins er um 5 kr. að ræða á hvern íbúa, þótt ástandið þar sé slíkt, að íbúarnir séu Alþingi ekki neitt þakklátir fyrir nýjar álögur. Hér flytur fólk burt í hrönnum úr hreppnum. Þar sem áður var um 500 manns, er nú aðeins um 200, og ef það heldur áfram, m. a. vegna tregðu hv. Alþingis um að stöðva þann flutning, þá er sýnilegt, að einnig framlagið til þessarar stofnunar þar, sem er eitt af elztu og merkustu bókasöfnum í landinu, muni alveg hverfa eða svo að segja hverfa. Munu þá þeir, sem eftir kunna að verða, varla megna að starfrækja það hús, sem þeir nú hafa byggt fyrir safnið og er mjög myndarlegt og vel frá gengið að öllu leyti. Þetta vildi ég aðeins biðja hv. n. að athuga.

Ég skal svo ekki að öðru leyti ræða þetta mál. Ég mun fylgja málinu til 3. umr., jafnvel þó að ekki verði gerðar neinar breytingar á því, en hins vegar geyma mér rétt til þess að bera fram brtt. um þessi atriði, ef ekki skyldu koma um það brtt. frá n. Ég sé, að á fjárl. á yfirstandandi ári eru 346300 kr. veittar til hinna einstöku bókasafna í landinu. Það hefði verið fróðlegt að sjálfsögðu fyrir hv. þd. að fá nánari upplýsingar um það, hversu mikið fé þetta frv., ef að lögum verður, kemur til að kosta ríkissjóð fram yfir þær 346 þús. kr., sem nú eru á fjárl., og þá einnig, hvort hugsað er að láta þá upphæð falla niður.

Skal ég svo að öðru leyti ekki ræða málið meira á þessu stigi.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. fyrir vinsamlegar undirtektir undir frv. og góðan skilning á mikilvægi þess. Það er eðlilegt, að einstakar athugasemdir komi fram, og eru þær þó fæstar, a. m. k. af nefndarinnar hálfu, varðandi úrslitaákvæði frumvarpsins.

Ég er alveg sammála þeim brtt. n., sem nánast má telja leiðréttingu.

Varðandi aftur á móti brtt. um að breyta bókbandsskyldunni á þeim bókum, sem eru taldar í 27. gr., vil ég geta þess, að ég er sammála því, að í frv. nú sé sú skylda of fortakslaus. Hins vegar vildi ég skjóta því til hv. n., að hún athugaði það fyrir 3. umr., hvort ekki væri rétt að greina hér nokkuð á milli. Ég er því sammála, að það er reyndar þýðingarlítið að vera að binda skólaskýrslur, Lögbirtingablað, sum prentuð álit mþn., sem bundin eru við efni, er ekki hafa kannske mikla þýðingu, jafnvel skýrslur hagstofunnar, og er þar þó strax öðru máli að gegna. En ég vil leggja áherzlu á, að mér sýnist mjög eðlilegt, að úr því að send eru í þessi söfn eintök af Alþingistíðindum og Stjórnartíðindum, þá sé lögð skylda á bókasöfnin að hafa þessar bækur til bundnar, þannig að sæmilega öruggt sé, að þær varðveitist, og mundi ég telja rétt, að skýrslur hagstofunnar ættu að koma í þann sama flokk. Það má naumast minna vera en að í hverju héraðsbókasafni sé örugglega hægt að ganga að þessum heimildum, og ef menn telja t. d. Alþingistíðindi ekki þess virði, að þau séu til bundin a. m. k. á einum stað í hverju héraði, þá fer nú að verða hæpin ástæða til að gefa þau yfirleitt út. Ég mundi þess vegna telja eðlilegra, að í 27. gr. væri greint á milli, þar væri beint lögð skylda á héraðsbókasöfnin að láta binda Alþingistíðindin og Stjórnartíðindin og skýrslur hagstofunnar, lagasafn er nú sent bundið, en önnur rit ætti einungis að binda eftir því, sem efni standa til, eins og brtt. n. gefur til kynna. Til þess að greiða fyrir þessu og svo að ekki yrði óbærilegur kostnaður þessu samfara, þá væri hugsanlegt að koma svipaðri aðferð við band á þessum ritum eins og er t. d. víða á safnritum erlendis, að kápur eða spjöld eru límd upp og send eða undirbúin undir band frá bókaútgefandanum, og þarf ekki annað en að festa hin einstöku hefti inn í af manni, sem kann með það að fara. Það væri eðlilegt, að Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi væru bundin í þvílíkt „standard"-band, og þá þyrfti það ekki að kosta mikið fé. Það er kannske of mikið sagt, en ég hygg það þó vera rétt, að það sé nánast menningaratriði, að þessar höfuðheimildir um stjórnarfarið séu til bundnar og heillegar í a. m. k. einu eintaki í hverju héraði.

Ég vil þess vegna beina því til hv. n. að athuga þetta nokkru nánar, og ég veit, að svo glöggskyggn og margreyndur maður eins og hv. frsm. n., 1. þm. Eyf., veit, að það er auðvitað tiltölulega þýðingarlítið að vera að senda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi í mörgum einstökum heftum út í héruð, ef þetta er látið liggja þar í heftum, því að þá verður þetta engum manni að gagni. Það er því aðeins að ráðstöfun sé gerð til þess, að þetta sé bundið, að hugsanlegt er, að einhver maður líti í það og hafi raunverulegt gagn af því. Við verðum að meta þessi rit svo mikils að ætlast til, að þau geti a. m. k. verið þannig til í handhægu formi fyrir þá, sem óska eftir að nota þau. — Skal ég svo ekki meira segja um það að þessu sinni, en vildi beina því til hv. n. að athuga til 3. umr., hvort ekki væri rétt að greina hér á milli, eins og ég skaut fram.

Varðandi athugasemd hv. frsm. út af 18. gr., þá er það rétt, að þar er eftir orðalaginu skyldan einungis lögð á sveitarstjórnina að taka að sér reksturinn. Ef aðili neitar að afhenda safnið og verður talinn hafa eignarrétt á því, þá sýnist mér eftir orðanna hljóðan ekki hægt að knýja þann félagsskap til að afhenda það. Ég vil þó benda á, að það er auðvitað ekki alveg ljóst, að þetta hljóti ætíð að vera rétt, vegna þess að það mætti einnig líta þannig á, að ef lestrarfélag hefur komið upp bókasafni með verulegum styrk af hálfu almannavaldsins, hvort heldur ríkis eða sveitarfélags, þá sé safnið ekki óskoruð eign félagsins, þá sé því ekki heimilt að fella reksturinn niður og t. d. selja bækurnar og skipta eignunum upp eða láta bækurnar týnast í vanhirðu, heldur eigi það að afhenda sveitarfélaginu bækurnar samkv. 18. gr.

Ég fellst á það með hv. þm., að eins og 18. gr. er nú, þá finnst mér skylda ekki hvíla á lestrarfélögum í þessum efnum, en vildi biðja hv. n. að athuga það fyrir 3. umr., hvort ekki væri rétt að herða hér á um skyldu lestrarfélagsins. Það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, a. m. k. varðandi þann tíma, sem héðan í frá líður, að ef menn vilja taka við styrk samkv. þessum lögum, þá sé það gert gegn slíku skilorði. Annars geri ég ráð fyrir, að naumast komi til mikils ágreinings um þessi efni, svo að þess vegna þurfum við ekki að bera mikinn kvíðboga út af því, en segja má, að allur varinn sé góður.

Varðandi bókafulltrúann hafði hv. frsm. réttilega séð, að í frv. er nokkur tviskinnungur varðandi stöðu þessa manns. Upphaflega var það sem sé ætlan n. að stofna hér alveg sjálfstætt embætti, sem væri ekki í neinum tengslum við fræðslumálaskrifstofuna. Þegar málið kom til athugunar í ríkisstj., þá þótti okkur hins vegar hæpið að setja hér upp alveg sjálfstætt embætti, sem þá mundi krefjast sérstaks skrifstofuhalds, húsrúms og skrifstofustúlku, a. m. k. einnar, og annars kostnaðar, sem slíku er samfara. Þess vegna varð það samkomulag hjá okkur að láta þennan embættismann taka stöðu á fræðslumálaskrifstofunni. N., sem undirbjó frv., hafði ekkert við það að athuga og féllst á þá breytingu og hafði raunar frá upphafi öðrum þræði hugsað sér, að til slíks gæti vel komið. Það má auðvitað segja, eins og hv. frsm. sagði, að nú sé spurning um það, hvort þessi embættismaður eigi að vera alveg sjálfstæður eða vera venjulegur starfsmaður fræðslumálastjóra. Ég hef ekki borið það saman sjálfur, en að því er ég hygg, þá eru nú þegar í lögum fyrirmæli, sem eru hliðstæð þessu, sem sé varðandi íþróttafulltrúa ríkisins. Hann er um margt sjálfstæður embættismaður og nýtur frelsis í störfum að ýmsu leyti sem óháður embættismaður, en á þó að starfa á fræðslumálaskrifstofunni og er að því

leyti bundinn yfirstjórn fræðslumálastjóra. Ég hygg, að þessi nýja staða yrði mjög svipuð að fyrirkomulagi, að þessi embættismaður yrði um sín störf að langsamlega mestu leyti sjálfstæður, en hefði á þessari skrifstofu bækistöð sína og fræðslumálastjóra væri skyldugt að fylgjast með því, að hann gegndi sínum störfum eins og lög ákveða. Hins vegar væri bókafulltrúanum heimilt, svipað og íþróttafulltrúa ríkisins, að hafa beint samband við þær stofnanir úti um land eða í héruðunum, sem honum er ætlað að starfa með, og eins við menntmrn., eftir því sem atvik standa til. Þannig hefur þetta verið með íþróttafulltrúann og ekki orðið til neins áreksturs, og ég tel, að það ætti ekki frekar að þurfa að verða með bókafulltrúann. Ástæðan til þess, að hann var tengdur fræðslumálaskrifstofunni, er sem sagt þessi, að menn vildu losna við sérstakt skrifstofuhald fyrst og fremst, ef svo má segja. Að öðru leyti er auðvitað ekki alveg ljóst á þessu stigi málsins, hversu mikið starf er hér um að ræða, enda er ekki í frv. kveðið á um laun mannsins, og ég tel, að það verði nokkuð að fara eftir því, sem reynslan sýnir, hvað verði kveðið á um launakjörin og aðra starfshætti. Maður gæti hugsað sér, að sá maður, sem til þessa starfs yrði valinn, gæti einnig gegnt öðrum störfum, en yrði ekki að öllu leyti bundinn sem skrifstofumaður, og ég lít þannig á, að hann eigi ekki að sinna venjulegum fulltrúastörfum á fræðslumálaskrifstofunni, þannig að ef ekki eru not fyrir hans fullu starfskrafta við það sérstaka verkefni, sem honum er fengið, þá eigi það að koma fram í ákvörðun launakjaranna, annaðhvort um það, í hvaða flokk honum yrði skipað, eða þá að hann yrði talinn gegna starfinu einungis að nokkru leyti og þá dregið frá laununum sem því svarar, sem vitanlega eru fordæmi fyrir, að menn gegna starfi að hálfu eða eitthvað þess háttar.

Ég vonast til þess, að ekki þurfi að verða ágreiningur út af þessu eða vandræði, en vitanlega verður þetta að ýmsu leyti að lagast í hendi eins og margt annað og ekki hægt að sjá alveg fyrir, hvernig eigi að kveða á um hvert og eitt.

Um það verður hins vegar ekki deilt, að þörf er á slíkri sameiginlegri yfirstjórn eða eftirliti. Sú athugun, sem hefur átt sér stað um störf bókasafnanna nú, sýnir, að mörg þeirra eru í ótrúlegri vanhirðu og mikið sundurleysi í þeirra starfi. Bókafulltrúi gæti áreiðanlega miklu góðu til vegar komið, ef hann gæfi skynsamlegar leiðbeiningar og fylgdist í raun og veru og af alvöru með hinum einstöku söfnum. Það yrði auðvitað ekki gert nema með því, að maðurinn ferðaðist um öðru hverju, skoðaði söfnin, talaði við forstöðumenn þeirra og gæfi þeim leiðbeiningar.

Hv. þm. Barð. (GíslJ) gerði hér nokkrar athugasemdir. Varðandi kostnaðinn af frv., þá er í grg. þess á síðu 13 og 14 gerð grein fyrir kostnaðinum að verulegu leyti, og eins gerði ég í minni framsöguræðu á dögunum einnig grein fyrir kostnaðinum, sumpart frá dálítið öðru sjónarmiði en gert er í sjálfri grg. frv., og hygg ég, að með því að bera þetta hvort tveggja saman og svo einnig þær upplýsingar, sem hv. frsm. gaf hér áðan, þá ætti að vera hægt að gera sér sæmilega grein fyrir þessu, eftir því sem unnt er að sjá það fyrir fram. Hitt er svo annað, að Alþingi hefur það auðvitað í hendi sér, hver sérbókasöfn það vill styrkja, eftir að búið er að setja þessi l., og spádómar um það fyrir fram, hvað Alþingi samþykki í þeim efnum, eru auðvitað jafnlítið á færi mínu og hv. frsm. sem á færi hv. þm. Barð. En yfirgengilegur á nú kostnaðurinn ekki að verða, og miðað við það mikla gagn, sem áreiðanlega verður að þessu frv., ef það nær tilgangi sínum, þá held ég, að ekki sé horfandi í kostnaðinn. Ég vil sérstaklega taka fram út af kvíðboga þeim, sem hv. þm. Barð. ber vegna mikilla álagna, sem þetta geri á einstök sveitarfélög eða sveitarsjóði, að þá fá þau auðvitað mjög mikið í aðra hönd fyrir það fé, sem þau reiða þarna fram. Þau fá raunveruleg verðmæti og styrk frá ríkinu, þannig að ómögulegt er að segja, að það sé verið að taka út úr héraðinu eða til annarlegra þarfa fé, heldur er einungis verið að hlutast til um að koma hvarvetna á í landinu jafngóðri skipan og nú er komin á einstaka stað.

Það er ljóst, að sum héruð, sbr. t. d. Norður-Þingeyjarsýslu, Skagafjarðarsýslu og fleiri héruð, hafa nú þegar lagt svo mikið fram í þessu skyni, að segja má, að þau séu til fyrirmyndar. Og ég tel það alls ekki eftir stærri héruðum og að sumu leyti mjög vel stæðum, eins og Patreksfirði, með mikla atvinnu, þó að þau þurfi að leggja fram af útsvörum þá fjárhæð, sem hér er um að ræða, gegn þeim miklu hlunnindum, sem koma eiga í staðinn, enda er það í raun og veru alls ekki vansalaust, að ekki séu til skapleg bókasöfn í öllum helztu byggðarlögum landsins, og getur orðið til meiri menningarauka og blessunar en menn jafnvel í fljótu bragði gera sér grein fyrir.

Ég tel þess vegna með öllu ástæðulaust, þar sem ekki er um hærri fjárhæðir að ræða en þó er í þessu frv. og búið er að lækka þær nokkuð frá því n. í upphafi gerði sínar till., að fara nú að fresta samþykkt málsins, ef menn á annað borð eru meginstefnu þess samþykkir, til þess að spyrja sveitarstjórnirnar um þeirra álit í þessum efnum. Ég segi það alveg hiklaust, að ef einhver sveitarstjórn væri svo þröngsýn að vilja neita um það litla fé, sem hér er farið fram á, þá mundi ég eindregið leggja til, að hennar mótmæli yrðu að engu höfð, og telja það vera til vanvirðu fyrir það sveitarfélag, sem slíka stefnu tæki.

Ég legg ekki mikið upp úr því, hvenær ákveðið verður að frv. taki lagagildi. Það fer, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði, eftir ákveðnum lagareglum, hvenær l. taka gildi, ef ekki verða um það sett sérstök ákvæði í frv. E. t. v. mætti segja, að varðandi fjárveitingar frá ríki og sveitarfélögum væri eðlilegast, að frv. tæki ekki gildi fyrr en á næstu áramótum; ég játa það. Hins vegar varðandi undirbúning og t. d. starf bókafulltrúa, sem yrði að vera til leiðbeiningar mönnum, áður en l. fara að verka, þá væri æskilegast, að hann gæti tekið sem fyrst til starfa. Hvort n. vill hafa á þessu slíka skipan, að þetta yrði mögulegt, skal ég ekki segja. Hún gæti þá athugað það einnig og við í sameiningu til 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, en ég þakka mönnum fyrir vinsamlegar undirtektir og vonast til þess, að frv. án verulegra breytinga nái góðu samþykki Alþingis.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Ég tel, að hér sé merkilegt mál á ferð og í aðalatriðum mörkuð rétt stefna. Samt sem áður hafði ég búizt við því, af því að málið er á frumstigi, að því mundi verða vísað til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin, ekki vegna þess endilega, að gert sé ráð fyrir svo miklum útgjöldum af hendi þessara aðila, heldur miklu frekar vegna þess, að skipun í bókasafnshverfi getur mjög orkað tvímælis á sumum stöðum og það væri æskilegt, að heima fyrir gæfist ráðrúm til að ákveða hverfin. Þannig stendur á í mínu kjördæmi, Suður-Þingeyjarsýslu. Þar eru 12 sveitarfélög. Þrjú þeirra eru þannig sett, að viðskipti þeirra öll hníga frá Húsavík til Eyjafjarðar. Í frv. er gert ráð fyrir því, að héraðsbókasafn sé í Húsavík, og er það að öllu leyti eðlilegt, að þeir, sem frv. hafa samið, geri þá till., vegna þess t. d., að í Húsavík er allmikið safn, gamalt og merkilegt, og því góður stofn að héraðsbókasafni. En ég geri ráð fyrir því, að svo geti farið, að innhrepparnir, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur, vilji hafa sérstakt héraðsbókasafn heldur en greiða tillag til Húsavíkur, vegna þess að í Húsavík geta þeir ekki eins vel notið slíks miðstöðvarsafns og heima fyrir hjá sér. Þá kæmi til athugunar, hvort það safn ætti að vera á Svalbarðseyri eða í Grenivík, en á báðum stöðum eru þorpsmyndanir og á báðum stöðum kauptún.

Ég fyrir mitt leyti vil ekki á þessu stigi taka þá ákvörðun að leggja fram brtt. um það, að héraðsbókasafn skuli vera sérstakt fyrir þessa þrjá hreppa, því að með þeirri kvöð, sem lögð er á þann hrepp, sem héraðsbókasafnið á að vera í, eru töluverð útgjöld ákveðin. Ég vil ekki að óræddu máli við hlutaðeigendur leggja það til, t. d., að Grýtubakkahreppur þurfi að leggja fram til héraðsbókasafns, sem þar yrði staðsett, 6—8 þús. kr. En ég get búizt við því og vil taka það fram hér, að fljótlega komi fram, ef þetta frv. verður nú að l., till. frá fulltrúa héraðsins á Alþ. um breytingu í þessa átt, en jafnframt þeirri yfirlýsingu vil ég þó segja það, að ég tel málið svo merkilegt og stefnuna svo rétta, að ég mun styðja frv. eins og það er með atkv. mínu.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég þarf nú fátt fram að taka, því að ekki hafa komið fram aðfinningar við störf n., a. m. k. ekki svo að neinu nemi. Þarf ég því ekki beinlínis að svara, þó að ég vilji aðeins minnast á aths., sem hér hafa fram komið.

Hv. þm. Barð. (GíslJ) minntist fyrst á það, að honum þótti ekki Reykhólar eiga að vera staður fyrir héraðsbókasafn Vestur-Barðastrandarsýslu, að mér skildist. Þetta kann að vera, ég er ekki svo nákunnugur í Barðastrandarsýslu, að ég geti sagt um það. Hitt er þó kunnugt, að það eru fleiri opinberar stofnanir á Reykhólum og mikil byggð, og vel er það í sveit sett þar að því er þetta sýslufélag snertir. En ég hygg, að ég geti lofað því f. h. nefndarinnar að ræða þetta nánar við hv. þm., og það mun áreiðanlega verða mikið tillit tekið til þess, ef hann hefur annan heppilegan stað í huga sem aðsetur héraðsbókasafns í þessari sýslu.

Hv. þm. sagði, að hér væri um nýjan skatt að ræða á sveitarfélögin. Er það sjálfsagt rétt að því er sum þeirra snertir, en alls ekki önnur, því að það eru mörg sveitarfélög, sem nú þegar leggja fram fé til bókasafna og sum eins mikið og mundi verða samkvæmt þessu frv., þótt að lögum yrði. Þegar svo stendur á, er vitanlega ekki um neinn nýjan skatt að ræða. Það bæjarfélag, sem ég tilheyri, mundi ekki þurfa að leggja á neinn nýjan skatt, og í því sýslufélagi, sem ég er fulltrúi fyrir, mundu að vísu aukast nokkuð gjöld til héraðsbókasafnsins, en svo lítið, að ég tel það ekki muna neinu verulegu.

Um sveitirnar — sveitarfélögin er aftur það að segja, að jafnvel þó að sveitarsjóður sjálfur leggi ekki fram fé til bókasafns í sveitinni, þá eru viðast lestrarfélög og árstillög í lestrarfélögunum það há, að það mun yfirleitt svara til þess, sem sveitin þarf að borga til sveitarbókasafns. Ég tek dæmi af því, þar sem ég er kunnugastur. Ég býst við, að þetta sé svo víðs vegar um land, þó að það kunni að vera til einhverjar undantekningar frá því.

Þá minntist hv. þm. á bókasafnið í Flatey og tók það réttilega fram, að þar er þegar til merkilegt bókasafn, sem stofnað var fyrir mjög löngu. Eins og þm. tók fram, ætti ekki að skaða það neitt, þó að þessi l. yrðu samþykkt, aðeins leggur þessi litlu gjöld á íbúa Flateyjarhrepps, en hann tók fram, að styrkurinn samkvæmt núverandi fólkstölu þar mundi vera ákaflega svipaður samkvæmt frv. og þetta bókasafn hefur nú á fjárl. Hann tók það fram í þessu sambandi, að það mundi vera heimilt að halda áfram að styrkja bókasöfn á fjárl., þó að þessi l. yrðu samþykkt. Ég tel víst, að það sé heimilt. Það er vitanlega ekkert, sem bannar Alþingi að samþykkja það, sem því kann að þykja hæfilegt og heppilegt, bæði um fjárveitingar og annað. En hitt verð ég að segja, að ég tel óeðlilegt, eftir að þetta frv. er orðið að l., að einstök bókasöfn haldi áfram að fá styrk.

Í þessu sambandi vil ég þá víkja að því, sem hv. þm. Barð. minntist á kostnaðinn af allri þessari framkvæmd, að það væri ekki vel ljóst, hvað hann yrði mikill. Hæstv. menntmrh. gaf nokkrar skýringar á því og vísaði bæði til sinnar ræðu og þeirrar grg. um kostnaðinn, sem er í athugasemdum við frv. Þar er gert ráð fyrir því, að heildarkostnaðurinn af þessari framkvæmd verði um 800 þús. kr., en þessi kostnaðaráætlun mun nú vera samin áður en farið var yfir frv. á nýjan leik og nokkuð dregið úr öllum kostnaði, og auk þess má gera ráð fyrir því, að mér finnst, að styrkir þeir, sem hingað til hafa verið veittir einstökum bókasöfnum, falli niður, og þegar þetta tvennt er dregið frá, þá hygg ég og hef dálítið athugað það, að það muni næstum mega fullyrða, að kostnaður ríkissjóðs af breytingunni fari ekki fram úr ½ millj. kr.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær skýringar, sem hann hefur hér gefið að minni beiðni.

Út af bókbandsskyldunni í 27. gr. frv. sagði hann, að honum fyndist rétt að greina á milli, — gera að skyldu að binda sumar af þeim bókum, sem hið opinbera sendir, en gefa tilslökun um aðrar. Þetta kom að nokkru leyti til orða í n., þ. e. a. s. ekki beinlínis á þann veg, heldur að fækka þeim ritum, sem skylt væri að senda bókasöfnunum. En það, sem hæstv. ráðh. sagði, er mjög athugandi, og er sjálfsagt að taka það til athugunar.

Ég er því alveg sammála, að þær bækur, sem á annað borð má gera ráð fyrir að séu lesnar, er ekkert vit að hafa í slíkum bókasöfnum öðruvísi en að þær séu bundnar, og ég vil gera ráð fyrir því, að Alþingistíðindin verði lesin af mörgum, og það þyrfti svo að vera. Eiginlega ætti það að vera skylda allra alþingiskjósenda í landinu að kynna sér frumheimildirnar, en hlaupa ekki eftir því, sem misjafnlega sannorð blöð segja um það, hvað gerzt hafi á Alþingi og hvernig afstaða einstakra þm. hefur verið. Og í gamla daga man ég eftir því, að Alþingistíðindin voru töluvert lesin, a. m. k. í minni sveit. Þau voru alltaf keypt í lestrarfélaginu, auk þess sem hreppstjórinn og oddvitinn fengu þau, og þau voru mikið lesin — ég held af flestum bændum í minni sveit, þegar ég var á mínum yngri árum þar, og þetta þyrfti að komast á aftur. Stjórnartíðindin lesa auðvitað miklu færri og ekki aðrir en þeir, sem einhverra hluta vegna af sérstökum ástæðum þurfa að kynna sér lög. Samt tel ég alveg sjálfsagt að binda Stjórnartíðindin. En ég er hræddur um, að skýrslur hagstofunnar lesi fáir, ákaflega fáir, og í annan stað, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá eru þær sendar í töluvert sterkum kápum, og ég teldi alveg skaðlaust að geyma þær þannig og gætu orðið þeim fáu mönnum, sem vildu glugga í þær, að notum fyrir því. En ég skal lofa því að bera upp í n. einmitt þetta, sem hæstv. ráðh. benti á, að skipta þessu nokkuð eða greina þarna á milli bókanna, hvort ekki sé ástæða til að breyta þar um.

Hæstv. ráðh. sagðist vera mér sammála um skilning á 18. gr. frv., að í henni væri aðeins lögð skylda á sveitarstjórnina til þess að taka við bókasafni, en ekki lögð skylda á lestrarfélag eða annan aðila, sem bókasafn á, til þess að afhenda það. En svo lét hann þá skoðun í ljós, sem ég get alveg fallizt á, að annað ætti að sjálfsögðu að gilda frá þessum tíma, ef lestrarfélag rekur sveitarbókasafn samkvæmt þessum l. og hættir svo einhvern tíma síðar. Eins get ég fallizt á það, að ef lestrarfélag hefur haft opinberan styrk til starfrækslu sinnar, þá mætti leggja á það skyldu í hlutfalli við þann styrk, samanborið við það, sem félagsmennirnir sjálfir hafa lagt fram. En sum lestrarfélög eru gömul. Í minni sveit var lestrarfélag stofnað 1884, það starfar enn, og það er stytzt af þeim tíma, sem það hefur notið nokkurs opinbers styrks. Þar af leiðandi er það auðvitað, að félagið á með öllum rétti flestar þær bækur, sem eru í þess bókasafni. Það er ekki nema lítill hluti bókanna, sem hefur verið keyptur að nokkru með opinberum styrk. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé ekki „praktískt“ atriði, ef svo má að orði kveða, því að sennilega kemur aldrei til nein deila um þetta. En ef það kæmi fyrir, að t. d. í lögum lestrarfélags væri ákvæði um það, hvað skyldi gera við bækurnar, þá finnst mér það þó alveg tvímælalaust, að það eigi ekki að leggja skyldu á gamalt lestrarfélag til að afhenda allar sínar bækur, t. d. frá þeim tíma, þegar það naut einskis styrks af opinberu fé. Ef til vill væri rétt að athuga nánar 18. gr., og það getur n. að sjálfsögðu gert.

Hæstv. ráðh. gaf skýringu á því, hvers eðlis þetta bókafulltrúastarf ætti að vera, það ætti að vera hliðstætt íþróttafulltrúanum og undir yfirstjórn fræðslumálastjóra. Þar með er skorið úr því, að þó að þessi embættismaður eigi að hafa sjálfstæði í ýmsum greinum og standa beint undir ráðh. að sumu leyti, þá verð ég að líta svo á, að hann sé undirmaður fræðslumálastjóra. Það er ekki ósvipað því eins og ráðuneytin skiptast í deildir, og mér skilst, að hann verði þá svipað settur og deildarstjórar í ráðuneytunum, sem a. m. k. að forminu til heyra undir skrifstofustjórana. En þó að ég treysti mér ekki til að segja um það, hvort þetta starf, bókafulltrúastarfið, verður fullt starf, sem ástæða er til að launa með fullum starfslaunum, þá finnst mér svona í fljótu bragði, að það mundi ekki verða fullt starf, og þá held ég, að hentugt væri, úr því að þessi embættismaður á að vera undirmaður fræðslumálastjóra, að hann ynni á fræðslumálaskrifstofunni að almennum fræðslumálum, að svo miklu leyti sem hann þyrfti ekki að verja tímanum í þetta sérstaka starf.

Ég minntist á gildistöku l. og það, að ekki er ákveðið í frv., hvenær þau öðlist gildi, og mundi það þá fara eftir almennum ákvæðum um það, hvenær l. öðlast gildi. En eins og hæstv. ráðh. sjálfur vék að, þá hafði ég í huga, að það kynni að vera óhentugt að láta þetta frv. öðlast gildi á miðju ári, einmitt vegna þess, að sveitarfélög og sýslu- og bæjarfélög hafa þegar gert sínar fjárhagsáætlanir og þá vitanlega ekki tekið tillit til þessara greiðslna, þar sem þær breytast, — og ekki einasta sveitarfélögin, heldur má segja það sama um ríkissjóð. Af þessu verða aukin útgjöld, sem ég er búinn að segja mína skoðun um, hvað há verði, og þá kynni að vera líka hentugt að taka tillit til þess, að það er ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum í núgildandi fjárlögum. Finnst mér þetta vera til athugunar. En viðvíkjandi því, að þetta mál þurfi að undirbúa og jafnvel þó að lögin að öðru leyti öðluðust ekki gildi, þá kynni að vera nauðsynlegt, að ákvæðið um bókafulltrúann öðlaðist með einhverjum hætti gildi, þá kann það að vera rétt út af fyrir sig, og sé ég ekki annað en að því mætti koma fyrir í frumvarpinu. Um þetta efni get ég nú ekkert sagt fyrir hönd n. Þetta hefur ekki komið svo til tals í n. Þetta eru aðeins mínar eigin hugleiðingar. En það er sjálfsagt, að þetta atriði verði tekið nánar til athugunar í n., að því er mér finnst.

Við hv. þm. S-Þ. (KK) get ég sagt svipað og hv. þm. Barð. um það, að sjálfsagt er að ræða við hann og taka mikið tillit til hans till. um það, ef hann vill fá einhverjar breytingar á

skipun svæða, bókasafnshverfa, eins og það heitir í frv. Það er alveg rétt athugasemd hans, að þrír hreppar Suður-Þingeyjarsýslu sækja miklu meira til Akureyrar en Húsavíkur, og er í raun og veru óeðlilegt, a. m. k. með tvo af þessum hreppum, að þeir skuli vera í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessir tveir hreppar, sem liggja við Eyjafjörð, ættu auðvitað að vera í Eyjafjarðarsýslu, því að það eru alls konar óþægindi, sem þessir menn hafa af því að þurfa að leita til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu í staðinn fyrir að bregða sér yfir pollinn, t. d. á Svalbarðsströnd, og finna sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu. *Veit ég ekki, hvort* þetta með bókasafnið er nokkuð verra en ýmisleg önnur óþægindi, sem af þessu stafa. En þetta mun nú vera í frv. svona vegna þess, að yfirleitt er hér miðað við sýslur í frv. með mjög fáum undantekningum.

Ég veit ekki, hvort það hentaði, skal þó ekkert fullyrða um það, að fara að ákveða sérstakt héraðsbókasafn á Grenivík eða á Svalbarðseyri. Ég hygg, að slíkt bókasafn hefði fremur lágar tekjur og yrði ekki umfangsmikið. En mér fyndist það vel athugandi, að þessir hreppar, a. m. k. tveir þeirra, væru látnir tilheyra Akureyri að þessu leyti, og væri hliðstætt því, að Borgarfjarðarsýslu er skipt samkvæmt frv. á milli Borgarness og Akraness.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. *Ég hafði nú ekki* ætlað mér að taka hér til máls aftur, en út af einstökum atriðum, sem komu hér fram, þykir mér rétt að segja hér nokkur orð.

Hæstv. dómsmrh. gat þess, að það væri engin ástæða til þess að fresta samþykkt þessa máls vegna þess gjalds, sem ákveðið er í frv. og ég ræddi um. Út af þessu vil ég segja, að það var ekki till. mín út af fyrir sig, að málinu yrði frestað og sent til umsagnar þess vegna. Ég benti aðeins á, að á þessu stigi málsins væri ég ekki fær um að taka afstöðu til þess, fyrr en ég hefði rætt við viðkomandi aðila.

En í sambandi við þetta vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., af því að ég sé ekki, að það sé tekið ákveðið fram í frv.: Hvaða viðurlög liggja við því hjá hreppsnefnd eða hreppsnefndum að *greiða ekki það gjald, sem innt er hér af* hendi? Ég sé ekki annað en að það geti verið þau einu viðurlög, að þeir aðilar fái ekki styrkinn. Ég sé ekki, að það sé neitt ákvæði um það í frv. hér, á hvern hátt ríkissjóður ætlar sér að innkalla þessi gjöld, eða hvaða viðurlög eru við því, ef þetta er ekki framkvæmt eins og l. ákveða. *Sé það rétt skilið hjá mér, að það verði* einu viðurlögin, að þeir fái ekki styrkinn úr ríkissjóði, þá er það á þeirra valdi sjálfra síðar meir, hvort þeir vilja nota þennan rétt, sem þeim er gefinn með 3. og 7. gr. laganna.

Mér finnst einnig, að það ætti vel að geta komið til greina, að í staðinn fyrir að fyrirskipa um þetta hér sé gefin heimild til þess að stofna héraðsbókasöfn, eins og hér er talað um, en það sé ekki fyrirskipun; þá ráða mennirnir því sjálfir.

Mér finnst einnig, að í II. kafla ætti að vera heimild til þess, að tveir hreppar mættu sameinast um eitt bókasafn. Ég skal koma með dæmi. (Gripið fram í.) Jú, það er rétt, enda er það alveg nauðsynlegt, vegna þess að það getur risið svo mikill kostnaður í sambandi við svona stofnanir, að ekki sé hægt fyrir fátæka hreppa að standa undir því.

En sé það réttur skilningur minn, að engin viðurlög séu önnur en þau, sem ég hef þegar minnzt á, að það sé hætta á því, að þeir geti ekki fengið styrkinn, þá geta þeir náttúrlega sjálfir ráðið því, hvort þeir kjósa heldur að setja upp bókasafn, eins og ákveðið er í l., eða þá að missa framlagið úr ríkissjóði.

*Hvað snertir þá athugasemd, sem hv. frsm.* gerði um Reykhóla, þá vil ég leyfa mér að benda honum á, að í 7. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði kauptúns, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar 15 kr. á íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.“

Nú er það vitanlegt, að Reykhólar eru ekki kaupstaður og ekki heldur kauptún. Ef þar verður sett niður héraðsbókasafn samkvæmt 3. gr., verður þá þetta gjald, 15 kr., látið gilda fyrir þann stað? Ef það er hugsunin, þá er æskilegt, að það kæmi beint fram í frv., að þetta gilti um hvern þann stað, þar sem héraðsbókasafn er sett niður, hvort sem það stendur í sveit eða í kaupstað eða kauptúni. Eins og gr. er ákveðin *nú, mætti kannske skilja*, að það ætti að setja upp héraðsbókasafn á Reykhólum, en það safn fengi þó engan veginn rétt samkv. 7. gr., enda mætti ekki leggja önnur gjöld á íbúana en samkvæmt II. kafla.

Einnig segir í 11. gr.:

„Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasafn er starfandi, skal vera sveitarbókasafn.“

Mér finnst, að hér rekist á nokkuð í þessum tveimur gr., og vildi ég einmitt hafa bent á þetta atriði, og það þóttist ég hafa gert í minni fyrri ræðu, þó að það hafi þá ekki verið það skýrt, að hv. frsm. hafi skilið það.

Ég vil síður en svo hafa nokkuð á móti því, að héraðsbókasafn sé sett upp á Reykhólum, en ég vil, að þessi ákvæði séu alveg skýr. Ég hygg, að þetta gildi einnig um Búðardal og kannske einhverja aðra staði á landinu, en það gildir a. m. k. um Reykhóla. Mér sýnist ekki, að það sé nægilega skýrt í frv., eins og það er nú, hvaða gjald slíkur staður ætti að greiða, fyrr en hann er orðinn það fjölmennur, að hann geti talizt kauptún.

*Þá vildi ég einnig spyrja hv. frsm.* að því, hvernig skilja beri 22. gr. Þar stendur: „Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðsbókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum.“ Ber þetta að skilja svo, að ef heimavistarskóli er á stað, þar sem er annaðhvort sveitarbókasafn eða héraðsbókasafn, þá fái ekki sá skóli neinn styrk til síns bókasafns? Nú er það alveg vitað, að fjöldamargir skólar hafa bókasöfn, þó að bókasafn sé í hreppnum. Ég geri t. d. ráð fyrir því, að húsmæðraskólinn á Staðarfelli eigi eitthvert bókasafn og haldi því

áfram, jafnvel einnig í Hrútafirði. Er þá hugsað, að þessir skólar fái ekki neinn styrk fyrir sín bókasöfn, eftir að l. eru komin í gildi og bókasafn hefur verið sett upp í héraðinu, annaðhvort sem héraðsbókasafn eða sveitarbókasafn? Þetta fyndist mér að væri rétt að athuga.

Þá er einnig sagt hér í 25. gr., að „öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum". Ég veit ekki, nema það sé eðlilegt, að þessi krafa sé gerð, en þessi krafa hlýtur að hafa allmikil útgjöld í för með sér. Mér er það alveg ljóst, að í langflestum sveitarhéruðum á landinu eru þessi bókasöfn ekki geymd á stöðum, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem hér er sagt í þessari gr., og mundi tvímælalaust kosta allmikið fé að koma bókasafninu í þau húsakynni, sem l. ákveða, auk þess sem mér finnst ekki óeðlilegt, að það væri gert líka að skilyrði, að bókasafnið skyldi vátryggt, en um það er ekkert sett í frv. Þetta eru nokkrar ábendingar, er ég vildi skýra frá, úr því að ég tók til máls á annað borð.

Hvað snertir 3. brtt. á þskj. 419, við 27. gr., þá sýnist mér, að athuguðu máli, að hún sé alveg óþörf; ef gerðar eru á annað borð nokkrar breytingar á 27. gr., þá sé alveg óþarft að gera hana eins og n. leggur til, því að í 2. málsgr. 25. gr. stendur alveg ákveðið: „Allar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum sem því verður við komið." Og það er nákvæmlega sama fyrirskipunin og nú er lagt til að verði í 27. gr. samkvæmt þingskjalinu. Ég vildi aðeins benda á þetta, úr því að ég fór að ræða frv. almennt.

Það er sýnilegt, að hæstv. ráðh. hefur ætlazt til þess með 27. gr., að það væri skylt að láta binda öll slík rit og varðveita þau, þ. e. a. s. þessi ákveðnu rit, sem þar er um rætt, og er það alveg óháð ákvæðum 25. gr. En þegar búið er að breyta því svo sem n. leggur til, þá er það orðið sama ákvæðið og kveðið er á um í 25. gr., og falla þá alveg eins þessar sérstöku bækur undir það ákvæði og aðrar bækur, sem safnið á, svo að mér sýnist, að það sé alveg óþarfi að samþ. till. eins og hún liggur fyrir hér frá nefndinni.

Ég vil svo að síðustu mega spyrja hæstv. ráðh. að, hvort það sé ekki eðlilegra, að bókafulltrúi og þessi nýja stofnun heyri undir landsbókasafnið en undir fræðslumálastjóra, og hvort það sé ekki hægt að sameina þetta starf meira og betur í sambandi við þá starfsemi, sem þar er rekin, og með minni kostnaði fyrir ríkissjóð en að fara að stofna hér nýtt embætti við fræðslumálaskrifstofuna. Mér finnst það vera skyldara þeirri stofnun. Þetta er að vísu aukaatriði, en ég vildi þó hafa bent á, að það sé skyldara þeirri stofnun en fræðslumálaskrifstofunni.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða frekar um málið, en er að sjálfsögðu þakklátur hv. frsm. n. fyrir að vilja ræða við mig um hin einstöku atriði, sem við koma Barðastrandarsýslu.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ástæðan til þess, að bókafulltrúinn er tengdur við starf fræðslumálastjóra eða skrifstofu, er sú, að í núgildandi lögum eru lestrarfélögin lögð undir eftirlit og stjórn fræðslumálastjóra, að svo miklu leyti sem ríkisvaldið hefur afskipti af þeim, og er það því í beztu samræmi við það, sem verið hefur, að halda þeim hætti, enda er þess að gæta, að landsbókasafnið er í eðli sínu töluvert öðruvísi en þessi almenningsbókasöfn. Það er annars eðlis, það er vísindabókasafn og geymslubókasafn miklu meira en þau söfn, sem hér er um að ræða.

Það er ástæðulaust að vera að deila frekar um þetta með bandið á bókunum. Það er rétt, sem hv. þm. Barð. segir, að eftir brtt. n. er ákvæði í 27. gr. gert hliðstætt ákvæði í 25. gr. En ef n. vildi breyta því, sem var í frv., þá þurfti að flytja um það brtt. Það má segja, að það hefði mátt alveg eins fella niður sérákvæðið um bandið, eins og það er, en það er nú samkomulag um að endurskoða það atriði nánar, og þarf þá ekki frekar um það að ræða.

Vera má, að það sé erfitt að koma því fram, að söfnin verði geymd í góðum, rakalausum húsakynnum, en vitanlega verður að gera þá kröfu til safnanna. Það er krafa, sem verður að framfylgja, eftir því sem færi er á. Hitt er annað mál, að þetta fer allt eftir því, hvað mögulegt er og hvers konar húsakynni eru til á hverjum stað, og verður að beita því með skynsemi.

Ég tel hins vegar mjög koma til athugunar, hvort eigi að bæta því inn, að söfnin skuli vátryggja, og treysti því, að hv. n. athugi það.

Varðandi fsp. hv. þm. Barð. út af 22. gr., þá sýnist mér hann eiginlega hafa misskilið þá grein nokkuð. Ætlunin er sú, að það á ekki að styrkja heimavistarskóla til að koma upp bókasafni, ef á sama stað er til eitt af þeim söfnum, sem talin eru á eftir. Við skulum segja, ef héraðs- eða sveitarbókasafn væri á Staðarfelli eða í Reykjaskóla, þá er ekki ætlunin, að þar verði einnig veittur styrkur til þess að koma upp sérstöku safni í heimavistarskólanum. En þó að væri til héraðsbókasafn í Dalasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu og sveitarbókasafn í hlutaðeigandi hreppum, þá er auðvitað heimilt að styrkja safn í þessum heimavistarskólum, ef ekkert af söfnunum er staðsett í skólunum, því að það er auðvitað ástæðulaust að vera að koma upp tveimur söfnum á sama staðnum. Vonast ég til, að það liggi ljóst fyrir.

Ég tel það rétta ábendingu hjá hv. þm. Barð., að þarna er gert ráð fyrir kauptúni í hreppum, þar sem ekki er víst, að kauptún sé fyrir hendi. Ég vildi beina því til hv. n. að athuga það. Það sýnist vera eins konar yfirsjón hjá n. að hafa gert ráð fyrir þessu.

Loksins beindi hv. þm. því til mín, hvort ég teldi, að viðurlög eða hvaða viðurlög væru við því, ef ekki væru stofnuð þau söfn, sem lögin ákveða, hvort nokkuð væri þá við því að gera. Eftir lögunum er tvímælalaust, að það er skylt fyrir sýslufélögin að eiga hlut að stofnun slíks safns, og það er embættisvanræksla hjá sýslunefndarmönnum, ef þeir fullnægja ekki þessum lögum. Það fer þá sama veg og ef þeir með öðru móti vanrækja sína skyldu, að þá baka þeir sér ábyrgð að lögum fyrir það, og það er þá skylda rn. að hlutast til um, að viðeigandi refsiákvörðunum verði beitt, svo að ég tel, að sýslufélögin eða hlutaðeigandi hreppsfélög eftir atvikum megi

ekki telja sér trú um, að þau geti bara sloppið með það að fá ekki opinbera styrkinn. Þar sem sagt er, að þetta sé skylt, þá er það skylda. Og ég legg áherzlu á, að það er mikilsvert að hafa um þetta skyldu, en ekki heimild, því að ef það væri einungis heimild, þá er í sjálfu sér mjög lítið breytt frá því, sem verið hefur, því að eins og hv. frsm., hv. 1. þm. Eyf., réttilega tók fram, þá eru ýmsir staðir á landinu, sem nú þegar gera jafnmikið, ef ekki meira en lögin segja, að gera skuli. Lögin beinast ekki fyrst og fremst að þessum aðilum, sem hafa sýnt sinn góða vilja og skilning, heldur að því að knýja hina til að feta í þeirra fótspor.

Varðandi kostnaðinn hygg ég, að það hafi verið misskilningur hjá hv. frsm., að í grg. hér í frv. sé ekki tekið tillit til þeirrar lækkunar, sem samkomulag varð við n. um. Ég gerði einmitt ráðstafanir til, að þetta væri reiknað út, eftir að menn voru búnir að koma sér saman um lækkunina, og ég veit ekki betur en að það hafi verið gert. Ég hef ekki reiknað þetta sjálfur og get þess vegna ekki sagt það af eigin raun, en ég ætlaðist til þess, að það væri gert, og sá raunar, að búið var að skrifa nýjar tölur ofan í gamlar, og vona, að það hafi verið gert eftir þeim reglum, sem settar eru í frv.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil taka undir þau orð ýmissa hér, að mér þykir þetta mál merkilegt, og þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa borið það fram.

Ég vildi benda á ákvæði 8. gr., þar sem ákveðið er, að stjórn bókasafna skuli skipuð 5 mönnum. Ég tel, að þetta sé óheppilegt í sveitunum, að það séu hafðir 5 menn. Ég hefði talið nægja að hafa 3 menn. Það getur vel verið, að það sé heppilegt að hafa 5 menn í kaupstöðunum og þar sem kaupstaðir og sveitir eiga saman safn, en þar sem sveit er eingöngu, mundi ég telja heppilegra, að stjórn safnsins væri skipuð þrem mönnum í staðinn fyrir fimm. Þetta vildi ég biðja n. að athuga fyrir 3. umr.

Það þarf náttúrlega ekki að spyrjast fyrir um það, hvernig beri að skilja ákvæði 7. gr. varðandi gjaldið, 15 kr. á íbúa; það hlýtur að eiga þar við hreppinn í heild, enda þótt safnið sé staðsett í kauptúni innan hrepps. Ég get bent á ákveðið dæmi, Vík í Mýrdal. Þar er þorp með ákveðna tölu íbúa í þorpinu sjálfu. Það fylgir Hvammshreppi, sem er fjölmennari, en sveitin fylgir þessu kauptúni. Ég skil þetta þannig, að það sé allur hreppurinn, sem á þá að greiða þetta gjald; hygg, að það sé rétt skilið.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka oftar til máls, því að mér fannst hæstv. menntmrh. taka af mér ómakið að svara þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. Barð. beindi til mín, enda skulu það verða aðeins fá orð, sem ég segi.

Ég viðurkenni, að það er galli á frv., úr því að gert er ráð fyrir, að héraðsbókasafn geti verið annars staðar en í kauptúni, að tala þá aðeins um kauptún á öðrum stað í sambandi við kostnað af safninu. En eins og frv. er samið og byggt upp, þá hlýtur það að skiljast þannig, að mér finnst, að sá hreppur, sem Reykhólar eru í, verður að taka á sig sömu gjöld og um kauptún væri að ræða, og lagfæringin, ef ætti að halda hugsun frv., yrði þá aðeins sú að fella úr orðið „kauptún“, því að það er óþarft, en nægir að tala aðeins um bæ eða sveit.

Ég minnist ekki á 22. né 25. gr. frv., því að hæstv. ráðh. skýrði þær alveg nægilega.

Viðvíkjandi brtt. n. við 27. gr. vil ég undirstrika það, sem hæstv. ráðh. hér sagði, að brtt. er ekki óþörf hjá n., vegna þess að í þeirri gr. er lögð ríkari skylda á um það að binda þessar bækur, sem hið opinbera sendir, heldur en aðrar bækur. Það er almenn skylda að binda bækur, eftir því sem við verður komið, og brtt. n. er í raun og veru ekki um annað en að hafa hliðstætt ákvæði um bækur, sem sendar eru af opinberri hálfu.

Það kann vel að vera, sem hæstv. ráðh. segir, að ég hafi misskilið það viðvíkjandi kostnaðinum, hvenær hann sé reiknaður. Ég hef nú eiginlega hvorki skilið né misskilið, að því er þetta snertir, en ég þóttist fá upplýsingar um hitt og byggði á því. Ekki hef ég rannsakað það svo ýtarlega, hvort réttara er, en þar sem ekki var dregið mjög mikið úr kostnaði við nýja yfirferð frv., áður en það var lagt fram, þá skiptir þetta ekki mjög miklu máli. Hitt er vitanlegt, að það er miðað við allan kostnaðinn. Kostnaðaráætlunin er miðuð við allan kostnað af þessum framkvæmdum, og þá er auðvitað rétt að draga það frá, sem hingað til hefur verið veitt á fjárl. til einstakra bókasafna og lestrarfélaga. Þá hygg ég, að það láti mjög nærri, sem ég sagði í minni fyrstu ræðu um kostnaðarauka ríkissjóðs af þessum lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 419 tekin aftur til 3. umr.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

22.—24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

25.—26. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

27.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

29.—30. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 338, 437).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls komu fram nokkrar óskir frá hv. dm. um smábreytingar á þessu frv. og nánari skilgreiningu á sumum atriðum. Nefndin hefur athugað þetta og vildi verða sem mest við þeim óskum, sem fram komu um þetta efni, því að hún taldi þær réttmætar, a. m. k. allar skaðlausar. N. ber því fram brtt. á þskj. 437, en þar í eru innifaldar tvær af þeim brtt., sem n. bar fram við 2. umr. og tók þá aftur. 3. brtt., sem n. bar þá fram, er hér aftur í nokkuð breyttri mynd.

Um 1. brtt. á þskj. 437 þarf ég ekkert fram að taka. Hún er aðeins leiðrétting á því, hvaða hreppar í Borgarfjarðarsýslu eigi að vera þátttakendur í héraðsbókasafni á Akranesi.

Hv. þm. Barð. vék að því við 2. umr., að í 3. gr. frv. væru Reykhólar taldir sem einn af þeim stöðum, þar sem héraðsbókasafn ætti að vera, en í frv. er að öðru leyti gert ráð fyrir því, að héraðsbókasöfnin séu í kaupstöðum eða kauptúnum, og orðalag frv. miðað við það. Nefndin taldi því rétt að breyta þessu, því að það er óþarft að tiltaka það, að hreppurinn sé í kauptúni, því að ef kauptún er ekki kaupstaður, þá er það hreppur eða hluti af hrepp. N. leggur því til í 2. brtt. sinni og 3. brtt., að þar sem stendur „kauptún" í frv. í þessu sambandi komi: hreppur, þannig að hreppur sá, sem héraðsbókasafn er staðsett í, á að greiða til þess alveg eins og áður var tiltekið um kauptún. Telur n. þetta sanngjarnt, því að vitanlegt er, að næsta nágrenni héraðsbókasafns hefur miklu meira gagn af því en þær sveitir, sem fjær liggja.

Hv. þm. V-Sk. óskaði eftir því, að stjórn héraðsbókasafna væri ekki skipuð fimm mönnum, taldi nægilegt, að það væru 3 menn. N. hefur í 4. till. sinni farið hér millileið og lagt til, að stjórn bókasafns sé skipuð 3—5 mönnum, en það fer að öðru leyti þá eftir reglugerð eða ákvörðun ráðh., hvar n. er skipuð 5 mönnum og hvar 3 mönnum. Ég geri ráð fyrir, að það muni þykja eðlilegt, að þar sem kaupstaður og sýsla eru saman um héraðsbókasafn, þá sé stjórnin skipuð 5 mönnum, en þar sem ekki er um kaupstað að ræða, þá sé hún skipuð 3 mönnum. Þetta fyndist mér eðlilegt, en annars er það á valdi ráðh. að fyrirskipa um það, ef þetta verður samþykkt.

5. brtt. n. var flutt við 2. umr. málsins og þá tekin aftur. Þarf ekki að gera grein fyrir henni. Það er aðeins leiðrétting.

Þá kem ég að 6. brtt., sem er við 27. gr. frv. Nefndin hafði flutt brtt. við þessa gr. við 2. umr. málsins, en tók hana þá aftur. Nú ber hún hana fram í dálítið breyttri mynd. Það er út af skyldu til að binda þær bækur, sem hið opinbera sendir bókasöfnunum. Eins og menn muna, stóð í frv. í þessari grein ákvæði um það, að öll þessi rit, sem hið opinbera sendir, skuli binda. Vék ég að því við 2. umr., að þetta ákvæði væri nokkuð hart að því er sum þessi rit snertir. Lét þá hæstv. menntmrh. í ljós, að rétt væri að flokka þessi rit og leggja skilyrðislausa skyldu um að binda sum þeirra, en ekki önnur. Hér leggur n. til að setja skilyrðislausa skyldu til að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi, en vitanlega er eftir sem áður skylda til þess að binda hin önnur rit, samkv. 25. gr. frv., eftir hentugleikum eða eftir því, sem við verður komið.

Þá er 7. brtt. Þar gerir n. till. um að bæta nýrri grein við frv. á eftir 28. gr. Er það í samræmi við ábendingu hæstv. menntmrh. við 2. umr. hér. Hún er um það, að skylt sé að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til. Hygg ég, að ekki þurfi að fara um það frekari orðum. Mér sýnist það svo augljóst og sjálfsagt mál, að verðmæti eins og bókasöfn verður að vátryggja.

Þá vék ég að því við 2. umr. málsins, að mér þætti vafasamt um gildistöku laganna, að láta þau öðlast gildi á miðju ári í ár, þar sem þau gera þó ráð fyrir útgjöldum, bæði úr ríkissjóði og bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðum, en allir þessir aðilar eða flestir hafa gengið frá fjárhagsáætlunum sínum fyrir yfirstandandi ár, ríkið t. d. frá fjárlögunum og bæjarfélög flest frá fjárhagsáætlunum. Sveitir munu ekki eins vera búnar að því. Hins vegar var bent á það við umr., að það kynni að vera hentugt, að sum ákvæði frv. kæmu þó til framkvæmda fyrr en á áramótum, t. d. ákvæðið um bókafulltrúa, og ég vil þar bæta við jafnvel ákvæðunum um kosningu bókasafnsstjórnar. Þess vegna leggur n. til, að á eftir 29. gr., sem verður 30. gr., ef tillagan næst áður verður samþ., komi ný gr., svo hljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956."

Með öðrum orðum: ríki, bæir, sýslur og sveitir eru ekki skyldugar fyrr en frá áramótum að veita fé til þeirra framkvæmda, sem um ræðir í frv. Ég skal taka það fram, að þó að ríkisstjórnin eða fræðslumálastjórnin réði bókafulltrúa fyrr á árinu, þá er það ekki meira en ríkisstj. gerir ákaflega oft, að ráða sér aðstoðarmann til að undirbúa ýmsar framkvæmdir. Teldi ég það algerlega heimilt, þó að þessi brtt. verði samþ., að ríkisstj. réði bókafulltrúa, því að laun hans eru ekki framlag til bókasafns. Hér er aðeins sagt, að ákvæði um framlög til bókasafna taki ekki gildi fyrr en 1. janúar.

ATKVGR.

Brtt. 437,1 samþ. án atkvgr.
— 437,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 437,3 samþ. án atkvgr.
— 437,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 437,5 samþ. án atkvgr.
— 437,6 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 437,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 437,8 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 44. fundi í Sþ., 9. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 439).

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. þetta hefur nú þegar verið afgreitt í hv. Ed. og var samþ. þar með tiltölulega litlum breytingum. Frv., eins og ég lagði það fyrir hv. Alþ., var samið af nefnd fróðra manna um þessi efni, er ég kvaddi til þess starfs á s. l. ári, en það voru þeir Guðmundur Hagalín rithöfundur, sem er gamall bókavörður og gerþekkir þessi mál, séra Helgi Konráðsson prófastur, sem stendur fyrir bókasafni í Skagafirði, sem er talið eitt mesta fyrirmyndar héraðsbókasafn hér á landi, og loksins dr. Þorkell Jóhannesson, sem um skeið var landsbókavörður og þekkir mjög vel til bókavörzlu og bókasafnsmála. Ég hygg því, að til undirbúnings frv. hafi verið vandað eftir föngum, og frá þessum mönnum kom ýtar-

leg grg. með frv., þar sem bæði var gerð grein fyrir málinu í heild og einstökum greinum, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það hér, enda hefur það ýtarlega verið gert í hv. Ed.

Ætlunin er að koma starfi almenningsbókasafna um land allt í betra horf en verið hefur og eina samfellda heild og verja til þess nokkuð auknu fé úr ríkissjóði annars vegar og eins að fá til þess meiri framlög úr héruðum en verið hefur. Þ. e. a. s. þau héruð, sem bezt hafa búið að þessum málum, þurfa sum ekkert, önnur lítið að borga til viðbótar; einungis þau, sem verulega hafa verið aftur úr, þurfa að greiða fjárhæðir slíkar, að muni nokkuð um. Það er ekki aðeins aukið fé, sem á að koma til þessarar starfrækslu, heldur einnig betri skipun að öðru leyti og aukið samstarf safnanna sín á milli og leiðbeiningar frá heildarmiðstöð þeirra, sem yrði í Reykjavík í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Ég tel ekki ástæðu að fjölyrða meir um málið á þessu stigi, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar d. og það fái hér greiðan framgang.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 439, n. 607, 628).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Með frv. þessu er stefnt að því að koma á heildarskipulagi um starfsemi bókasafna í landinu.

Bókasöfnum hefur að undanförnu verið veittur nokkur fjárhagslegur stuðningur, bæði með hluta af skemmtanaskatti, sem varið hefur verið til þess að styrkja lestrarfélög og hreppabókasöfn í sveitum, og enn fremur með nokkrum fjárveitingum í 15. gr. fjárl. til héraðsbókasafna.

Sú starfsemi, sem lestrarfélögin hafa haft með höndum, hefur á undanförnum árum fylgt ákveðnum reglum, þar sem sett voru lög um þau efni á árinu 1937, að ég ætla, og þeim lögum hefur verið fylgt hátt á annan áratug. En þegar litið er til héraðsbókasafnanna, þá gegnir öðru máli, að um starfsemi þeirra og skipan hefur ekki verið heildarlöggjöf, og er nú stefnt að því með þessu frv. að setja slíka löggjöf.

Íslenzka þjóðin hefur öldum saman verið bókhneigð, og arfleifð þjóðarinnar er að miklu leyti bundin við bóklega menningu. Það getur því ekki leikið á tveim tungum, að það sé rétt stefna að hlynna að starfsemi bókasafna í landinu og efla þau, og að því leyti stefnir frv. í rétta átt. En með þessu frv. er um nýtt skipulag að ræða, þar sem landinu er skipt í ákveðin bókasafnshverfi, og um einstök atriði málsins getur vitanlega orkað tvímælis, hvort rétt er að fylgja nákvæmlega ákvæðum frv. eða haga þeim nokkuð á annan veg.

Fram kom í n. það sjónarmið, að einstök atriði í 2. gr. frv. um skiptingu landsins í bókasafnshverfi kynnu að orka tvímælis. Til dæmis kom sú skoðun fram hjá borgarstjóranum í Reykjavík, á meðan hann gat tekið þátt í störfum n., að Reykjavík væri svo stór kaupstaður, að það væri mikið álitamál, hvort það væri rétt að hafa Kjósarsýslu í sama bókasafnshverfi. Það getur líka verið álitamál, hvort Seyðisfjörður, Vopnafjörður og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu eiga alls kostar samleið í þessum efnum vegna þess, hve sú byggð er viðáttumikil og samgöngur þar á milli ekki svo góðar sem æskilegt væri, a. m. k. þegar litið er til samgangna á landi.

Í annan stað eru með þessu frv. lagðar nýjar skyldur á hreppsfélögin, bæjarfélögin og sýslurnar um nokkru hærri fjárframlög til bókasafna en verið hefur. Sá munur er þó ekki mjög mikill, að því leyti sem tekur til lestrarfélaganna í sveitunum, en munurinn á útgjaldaaukningunni er mestur í kauptúnum og öðrum hreppum, þar sem héraðsbókasöfn eiga að vera staðsett.

Í þriðja lagi má á það benda, að með þessu frv. er gert ráð fyrir breytingu á eignaryfirráðum safnanna, bæjarbóka- og héraðsbókasafnanna. Það mun vera svo nú, að bæjarbókasöfnin eru eign bæjarfélagsins, sem í hlut á, og lúta beint stjórn bæjarstjórnarinnar, en í 6. gr. þessa frv. er ákveðið, að hvert bæjar- og héraðsbókasafn skuli vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar, en sérstök stjórn, sem kosin er fyrir safnið, skal þó sjá um málefni þess.

Enn má á það benda, að þrátt fyrir þann stuðning, sem veittur hefur verið samkvæmt l. um lestrarfélög, hafa ekki öll hreppsfélög í landinu sett á stofn sveitarbókasöfn. Hreppsfélögunum hefur verið það í sjálfsvald sett, hvort þau hafa komið upp slíkum söfnum eða ekki. Þeim hefur verið veittur rétturinn til hins fjárhagslega stuðnings samkvæmt lögum, en á þeirra herðar hefur ekki verið lögð skylda til þess að setja á stofn slík söfn. Með þessu frv. er ætlazt til þess, að hverjum hreppi verði lögð skylda á herðar í þessu efni. Nú munu vera 29 hreppsfélög, sem þannig er ástatt um, að þau hafa ekki enn þá komið á fót sveitarbókasafni, en hljóta að gera það samkvæmt þeim l., sem á að setja samkvæmt þessu frv. Þessir hreppar eru dreifðir um landið, en í Árnessýslu munu þó vera 6 hreppar, sem þannig er ástatt um, og í Snæfellsnessýslu 5 hreppar.

Út af þessum atriðum kom það sjónarmið fram í n., að ástæða væri til þess að senda þetta mál til umsagnar heim í bæjarfélögin og sýslurnar, áður en það yrði endanlega lögfest á Alþ., og virtist n., að hægt væri að koma því við án þess að valda tilfinnanlegum töfum um afgreiðslu málsins á þann hátt, að málið hefði verið sent til umsagnar nú í vor og sumar og síðan tekið upp í haust að þeim umsögnum fengnum og lögfest á þinginu í haust, og hefðu lögin getað öðlazt gildi um n. k. áramót, eins og ætlazt er til með þessu frv.

Þó að þetta sjónarmið kæmi fram og væri nokkuð rætt í n., þá varð þó niðurstaðan sú, að n. ákvað að mæla með því, að frv. yrði samþykkt með breytingum til lagfæringar, sem prentaðar eru á þskj. 607.

21. tölul. í 2. gr. frv. hljóðar svo, þar sem rætt er um skiptingu landsins í bókasafnshverfi: „Fljótsdalshérað, Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur.“ Þessi upptalning mun stafa af því, að þeir, sem frv. sömdu, hafa ekki verið nægilega kunnugir staðháttum og málvenju á Austurlandi, en það er talið af kunnugustu mönnum, að þessir hreppar, sem tilgreindir eru, teljist til Fljótsdalshéraðs, og þess vegna sé þeim orðum ofaukið að telja upp sérstaklega nokkurn hluta Fljótsdalshéraðs, og leggur n. til, að þessi orð verði niður felld.

Í 5. gr. frv. er svo fyrir mælt, að bókavörðum skuli skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi. Greinin ákveður ekki, eins og hún er orðuð, hver eigi að meta það í hvert sinn, hvort um skynsamlegan tilgang sé að ræða eða ekki. N. finnst sjálfsagt að kveða nánar á um þetta og leggur til, að við gr. bætist: „að dómi bókavarðar“.

8. gr. frv. mælir fyrir um það, hvernig stjórn bókasafns skuli skipuð og hve margir menn skuli eiga sæti í stjórn safnsins, en það kemur ekki fram í orðalagi gr., hverjir eigi að ákveða það, hvort stjórn safnsins er skipuð 3 mönnum eða 5. N. virðist skýrara að orða þetta eins og hún leggur til í 3. brtt. sinni.

9. gr. ákveður, hvaða aðilar velji bókavörð fyrir safnið. Það er stjórn bókasafns. En til þess þarf að leita samþykkis hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar og bókafulltrúa. N. leggur til, að orðin „og bókafulltrúa“ séu felld niður, en það sé eingöngu á valdi héraðsstjórnanna að velja bókaverði fyrir söfnin.

Þar sem lestrarfélög starfa eða bókasöfn eru rekin á vegum annarra félagssamtaka, þá er það venja, að slík félagssamtök setja sér starfsreglur, þó að þau lög séu vitanlega ekki staðfest af forseta. Eitt meginatriði í þeim starfsreglum er að jafnaði það, að halda skuli aðalfund í hverju félagi og nánar kveðið á um helztu störf aðalfundar, m. a. það, að á hverjum aðalfundi skuli kjósa stjórn fyrir félagið, annaðhvort alla í einu eða einhverja stjórnarmenn í hvert sinn. N. virðist ástæðulaust að breyta þessu með lagaboði, en í frv. er gert ráð fyrir því, að slík félagssamtök kjósi stjórnarnefndarmenn til 4 ára í senn. N. leggur til, að lestrarfélögunum sé leyft að haga þeirri starfsemi á sama hátt og verið hefur, að kosning þessara manna fari fram á hverjum aðalfundi félags.

6. og 7. brtt. n. eru leiðréttingar, önnur um nýja kaflafyrirsögn, en hin um að breyta orði í ákvæðum til bráðabirgða. Frv. þetta var samið á síðastliðnu hausti og lagt fyrir þingið allsnemma í vetur, og var þá gert ráð fyrir því, að hægt yrði að kjósa stjórn bókasafna fyrir júnílok 1955. Nú hefur afgreiðsla þessa máls dregizt svo, að vafasamt er, að l. um þetta efni verði staðfest fyrr en í maímánuði, og er þá enginn tími til þess að senda lögin út um allt land og láta kjósa stjórnir bókasafna fyrir júnílok þessa árs. Nefndin leggur því til, að hér verði sú breyting á gerð, að í staðinn fyrir „júnílok“ komi: árslok.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Frv. um almenningsbókasöfn, sem hér er til 2. umr., hefur verið athugað í menntmn. þessarar d., og hefur frsm. n. um málið nú skýrt frá því, hverjar breytingar n. leggur til að gerðar verði á frv., og get ég tekið undir hans mál í einu og öllu. En í nál. er það fram tekið, að einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma, og þennan rétt hef ég nú notað mér og flutt hér eina brtt. við málið. Ég skal taka það fram, að þótt málið sé í heild nokkurt framfaraspor, þá hefur mér frá öndverðu fundizt það orka tvímælis, hvort það sé rétt að hnýta aftan í málið þeim ákvæðum, að stofnað skuli til nýs embættis í sambandi við rekstur bókasafna í landinu, en frv. gerir ráð fyrir því, að svo verði gert, það verði skipaður sérstakur bókafulltrúi í skrifstofu fræðslumálastjóra og eigi það að vera fast embætti.

Þegar menntmn. ræddi við ýmsa forráðamenn í menntamálum, t. d. fræðslumálastjóra, svo og formann þeirrar n., sem frv. þetta hefur samið, þá kom í ljós, að þeir litu báðir svo á, að í sambandi við framkvæmd þessa frv., ef að l. verður, mundi liggja fyrir starf á fræðslumálaskrifstofunni, sem yrði að fela einhverjum manni. Það yrði sem sagt að leggja fræðslumálaskrifstofunni til aukastarfsmann, meðan verið væri að koma þessari skipan málanna í framkvæmd. Hitt var þeirra beggja álit, að mjög vafasamt væri, að hér væri um fullt starf að ræða þegar frá liði.

Ég hef þess vegna haft mikla tilhneigingu til þess að líta svo á, að þarna væri um óþarfa embættisstofnun að ræða. En að svo stöddu máli hef ég ekki viljað hafa á móti því, að greitt yrði fyrir því, að lögin gætu komizt í kring, með því að bókafulltrúi yrði skipaður til að byrja með, en tel eðlilegast, að það verði þá gert með sama hætti og íþróttafulltrúi er skipaður, þannig að hann verði aðeins ráðinn til ákveðins tímabils, til þriggja ára, og síðan að því tímabili liðnu verði athugað, hvort enn er þörf á að hafa fast embætti í sambandi við framkvæmd þessara laga, og menntmrn. geti á hverjum tíma metið það, hvort þörf er þessa embættismanns eða ekki. Þessi l. eru að sumu leyti hliðstæð því, sem gildir um íþróttamál, og væri í alla staði eðlilegt, að bókafulltrúi væri ráðinn á sama hátt og íþróttafulltrúi, enda var það álit ýmissa fleiri meðnm. minna, enda þótt ekki yrði af því, að n. flytti þessa brtt. sem heild.

Ég skal taka fram, að ýmislegt fleira í frv. getur orkað tvímælis, hvort rétt er, eins og hv. frsm. n. gat um, og á ég þar einkum við skiptingu í bókasafnshéruð og svo um það, hvernig skipa skuli yfirstjórn bókasafna. En með því að ég hef ekki mikla þekkingu á staðháttum, þar sem slíks ágreinings kæmi frekast til með að gæta, hef ég ekki gert neinar brtt. um þau efni, en er að sjálfsögðu til með að athuga afstöðu til allra slíkra till., sem fram kynnu að koma frá staðkunnugum mönnum á hverjum stað, svo og um heildarskipun þessara mála.

Brtt. mín, sem prentuð er á þskj. 628, felur í sér þá breytingu við bókafulltrúaembættið, að í það sé einungis ráðinn til þriggja ára í senn sérstakur bókafulltrúi, sem starfi í skrifstofu

fræðslumálastjóra, svo og það, að ef til þess kæmi, að menntmrn. sæi ekki ástæðu til þess að ráða í þetta embætti, þá falli það hlutverk, sem í lögunum er ætlað bókafulltrúa, undir fræðslumálaskrifstofuna.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 2. umr., um almenningsbókasöfn, er um nauðsynlegt mál. Það er á margan hátt mjög til bóta í sambandi við það skipulag, sem ríkt hefur um starfsemi bókasafna. Mörg ákvæði frv. eru þess eðlis, að þau mundu heldur bæta um í þessum efnum og styrkja bókasöfnin til bókakaupa og starfsemi bókalána allverulega. Hins vegar er það, að ýmis ákvæði í frv. eru þess eðlis, að mér þykir ástæða til þess að gera hér nokkrar aths. um málið og beina um það fyrirspurnum til hv. n. og þeirra, sem kynnt hafa sér málið betur en ég kann nú að hafa gert.

Það var svo sem við að búast, þegar semja á heildarlöggjöf um bókasöfn á öllu landinu og fella þetta saman í fast kerfi, að þá mundu koma í ljós ýmsir samræmingarerfiðleikar í þessum efnum, þar sem erfitt væri í rauninni að yfirstíga ýmsa erfiðleika, og mér sýnist, eins og málið liggur nú fyrir, komið frá Ed., að þá séu ýmsir örðugleikar enn í vegi og að það þurfi að reyna að yfirstíga þá, áður en þetta verður gert að lögum.

Það er þá fyrsta atriðið, sem ég tek eftir í sambandi við þetta frv., að í rauninni er ekkert skýrt ákvæði um það til í frv., hvernig skuli farið með eignarrétt á þeim bókasöfnum, sem nú eru fyrir í landinu.

Dæmi um þetta skal ég taka til frekari skýringar þaðan, sem ég er kunnugastur, en ætti að vera auðvelt fyrir menn að átta sig á eigi að síður, að í minu byggðarlagi er búið að byggja upp bókasafn með margra ára starfsemi. Ég get trúað því, að bókasafnið sé nú talið að verðmætum í kringum 100 þús. kr. Nú er ákveðið í þessu frv., að tveir nálægir hreppar við Neskaupstað skuli verða saman um héraðsbókasafn með bókasafninu í Neskaupstað, þeir skuli greiða árlegt gjald, miðað við sína íbúa, til þessa komandi bókasafns og þeir skuli síðan hafa nokkra samstjórn á bókasafninu.

Nú vaknar eðlilega sú spurning, hvernig á að fara með þessa eign, sem Neskaupstaður á alveg tvímælalaust, og hvernig á að fara með þessa eign, sem þarna kann að verða fyrir í bókasafnsformi eftir 5 eða 10 ár. Það er ekki hægt að setja löggjöf um það svona skyndilega — og það án þess að hafa nokkur samráð við viðkomandi aðila — að taka algerlega eignir þeirra, sem byggðar hafa verið upp á þennan hátt, og slengja þeim saman við aðra, kannske talsvert óviðkomandi aðila, án þess að gera fulla grein fyrir því, hvernig með eignahlutföll í þessum efnum skuli farið.

Það er líka alveg augljóst á frv., að það er ekki aðeins þannig í þessu eina tilfelli, sem við kemur Neskaupstað og nálægum sveitum. Hér er talað um, að saman í bókasafnshverfi skuli vera Reykjavík og Kjósarsýsla. Reykjavík á bókasafn. Ég veit ekki, hvort hrepparnir í Kjósarsýslu allir eiga bókasöfn og hvort þá er ætlazt til þess að slengja þessu að verulegu leyti saman og hvaða eignahlutföll skuli síðan ríkja á milli þessara aðila.

Svipað er ástatt með Hafnarfjörð. Með Hafnarfirði verða saman í bókasafnshverfi Garðahreppur og Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu.

Með Keflavík eru líka fleiri hreppar, og eins er það með Akranes og á fleiri stöðum.

Enn fremur er það, að af þessu leiðir svo líka hitt, að það eru afar óljós ákvæði í frv. um það, hvernig skuli farið raunverulega með stjórn á þessum sameiginlegu eignum, sem síðan koma til með að verða. Það er að vísu sagt, t. d. viðvíkjandi bókasafnshverfinu í Neskaupstað, að yfirstjórn þessa bókasafns skuli vera í höndum „bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar". Mundi það þá þýða, — um það vildi ég beina fyrirspurn minni til hv. n., sem með þetta mál hefur haft að gera, — t. d. í tilfellinu í sambandi við Neskaupstað, að það væri sýslunefndin í Suður-Múlasýslu, sem ætti að kjósa í bókasafnsstjórn ásamt bæjarstjórninni í Neskaupstað, vegna þess að tveir hreppar úr Suður-Múlasýslu, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur, eiga þarna að leggjast saman um bókasafn með Neskaupstað? Mér fyndist, að það væri miklu eðlilegra, að þessir tveir hreppar út af fyrir sig, Mjóifjörður og Norðfjörður í þessu tilfelli, ættu sína hlutdeild beint að því að kjósa í bókasafnsstjórnina með bæjarstjórninni í Neskaupstað, vegna þess að sýslunefndin í Suður-Múlasýslu á samkvæmt frv. að taka þátt að sínu leyti í kosningu bókasafnsnefndar annars staðar í sýslunni. Aðalbókasafnið fyrir Suður-Múlasýslu mundi samkvæmt frv. verða staðsett á Eskifirði, og mestur hluti af Suður-Múlasýslu mundi lúta undir það héraðsbókasafn.

Þessi ákvæði í frv. eru mjög óljós og þannig, að ég er afar hræddur um, að það yrði strax togstreita um það, hvernig skilja bæri þessi ákvæði, auk þess sem þau hljóta vegna eignarréttarins á þessum söfnum að verða nokkuð viðkvæm í hverju tilfelli um sig.

Þá hef ég veitt því athygli, að í þessu frv., sem gerir ráð fyrir því að byggja upp bókasafnskost manna í landinu, skipuleggja þetta og auka mjög fjárframlög í þessu skyni, er þó ekki gert ráð fyrir því, að ríkið leggi neitt fé fram til þess að byggja yfir bókasöfn, engan byggingarstyrk eða neina aðra fyrirgreiðslu í sambandi við byggingar. Þetta voru mér nokkur vonbrigði og það með sérstöku tilliti til þess, að Alþ. hefur áður gengið nokkuð til móts við byggingu bókasafna á hinum ýmsu stöðum. Ég hygg meira að segja, að á seinustu fjárl., sem voru afgr., hafi verið gert ráð fyrir nokkrum byggingarstyrk til bókasafnsbyggingar í Hafnarfirði, en áður hafa smástyrkir verið veittir sem byggingarframlög til bókasafna. Þetta væri líka í fullu samræmi við það, sem er frá hálfu ríkisins í alveg hliðstæðum málum, þar sem er verið að byggja skóla, íþróttamannvirki og annað, sem virðist vera skipulagt nokkuð svipað og hér er gert ráð fyrir með bókasöfnin. Þetta vantar með öllu í frv. Um leið og þær skyldur eru lagðar á sveitarfélögin og bæjarfélögin að reka jafnumfangsmikla bókasafnsstarfsemi og gert er ráð fyrir í frv. með les-

stofum víðast hvar, þar sem héraðsbókasöfn eru, þá er alveg gefið mál, að það þarf að byggja yfir söfnin, það þarf að veita þeim miklu betra húsnæði en þau búa almennt við núna, og það væri því ákaflega eðlilegt, að ríkið legði fram ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði bókasafna.

Þá er svo hitt atriðið, sem snýr að þessari samræmingu, sem hér er verið að taka upp, þar sem ákveðin umdæmi eru sett saman í héraðsbókasafnshverfi eða bæjarbókasafnshverfi. Mér sýnist, miðað við þær aðstæður, þar sem ég er kunnugastur, að á frv. séu mjög verulegir gallar í þessum efnum og það sé afar hæpið, að frv. fái staðizt í framkvæmd í þeim búningi, sem það er.

Ég vil þá enn taka dæmi úr minni sýslu. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því að byggja upp aðalbókasafn fyrir Suður-Múlasýslu á Eskifirði. Hins vegar er svo vitanlega gert ráð fyrir því, að það verði sérstök sveitarbókasöfn í öllum hreppum sýslunnar; t. d. syðst í Suður-Múlasýslu, suður í Geithellnahreppi og suður á Djúpavogi, verða starfandi sérstök sveitarbókasöfn. Þar eiga sveitarfélögin að leggja fram 5 kr. á hvern íbúa sinn sem fast framlag til bókasafnanna og eiga að fá aftur á móti frá ríkissjóði 5 kr. á hvern íbúa, en auk þess eiga svo þessi sveitarfélög að leggja fram 3 kr. á hvern íbúa í framlag til sýslubókasafnsins, sem verður staðsett á Eskifirði, og ríkið á aftur að leggja fram á móti kr. 2.50 á hvern íbúa þessara hreppa sem framlag til sýslubókasafnsins á Eskifirði. Bókasafn það, sem staðsett verður á Eskifirði, kemur því til með að fá kr. 5.50 fyrir hvern íbúa í Geithellnahreppi og á Djúpavogi og frá öðrum hreppum sunnan til í Suður-Múlasýslu. Nú er svo háttað málum í þessari sýslu um samgöngur frá suðurhluta sýslunnar til Eskifjarðar, að það er sízt betra samgöngukerfi t. d. á milli Djúpavogs og Eskifjarðar heldur en á milli Djúpavogs og Reykjavíkur; ferðirnar eru ekki fleiri. Það eru ekki einu sinni bílasamgöngur yfir sumarið, og það er nokkurn veginn útilokað, að þeir suður á Djúpavogi eða suður í Geithellnahreppi geti út af fyrir sig notað bókasafn það, sem byggt verður upp á Eskifirði. Fyrst stefna á að því að byggja upp bókasafn í þeirra hreppi eða þeirra hreppum þar suður frá, þá virðist vera miklu eðlilegra, að allt þetta framlag gangi til þeirra og það sé ekki verið að setja þá með í bókasafnshverfi, þar sem þeir eiga nærri að segja engan aðgang að.

Ég held, að ef á að fara inn á þá braut að byggja upp í tilteknu umdæmi aðalbókasafn, sem fær allmiklu meiri fjárframlög en sveitarbókasöfnin, og er ráðgert að hafa þetta aðalbókasafn miklu víðtækara og meira, þá verði þetta aðalbókasafn að liggja þannig við samgöngum, að það nái auðveldlega til alls þess svæðis, sem á að taka þátt í greiðslum til þessa aðalbókasafns, og það eigi ekki að leggja greiðsluskyldu á herðar öðrum en þeim í námunda við þetta aðalbókasafn, sem þangað ná sæmilega greiðlega eftir eðlilegum samgönguleiðum. En eins og frv. er upp byggt, þá er það verulega fjarri lagi.

Ég á líka ákaflega bágt með að trúa því, að það geti verið til frambúðar eða þótt þægilegt, að þeir í Skeggjastaðahreppi á Langanesi sæki aðalbókasafn suður á Seyðisfjörð. Ég held, að þeir hljóti að leggja til, að það sé miklu sæmra, að þeir fái sjálfir til þess að byggja upp sitt sveitarbókasafn allt það fé, sem þeir annars eiga að leggja á sig og ríkissjóður ætlar að greiða á móti þeirra eigin framlagi, en ekki að það verði af þeim tekið og sett í uppbyggingu bókasafns á þeim stað, sem þeir eiga mjög óhægt um samgöngur við.

Svona er þessu ábyggilega varið víða um landið, að fyrst á að leggja fram verulega orku í það að byggja upp sjálfstæð bókasöfn í sveitum og í kauptúnum, þá held ég, að það ætti ekki að láta þær sveitir eða þau kauptún taka þátt í uppbyggingu þessara aðalbókasafna, nema hægt sé að sýna það með sanni, að þessi kauptún eða þessar sveitir eigi sæmilega greiða aðgöngu að aðalbókasöfnunum.

Það hefur komið í ljós hér í umr. um þetta frv., að það hefur ekki verið leitað eftir samráðum við sveitarstjórnir landsins. Þau bæjarfélög, sem nú eiga allt í einu að slengja saman bókasöfnum sínum við ákveðin sveitarfélög og taka upp sameiginlegan bókasafnsrekstur og hafa að verulegu leyti sameiginleg fjármál, hafa ekki verið um þetta spurð, álits þeirra hefur ekki verið leitað. Þetta er verulegur galli.

Þó að ég sé að öðru leyti með þessu máli, því að mér sýnist, að hér sé verið að fjalla um nauðsynjaefni, og hér er beinlínis komið inn á að skipuleggja þessa starfsemi betur en áður hefur verið, og hér er einnig lagt til að verja talsvert meira fé af hálfu hins opinbera til þess að efla bókasafnastarfsemina í landinu en hingað til hefur verið, og að því leyti til er ég með þessu máli og vildi ógjarnan þurfa að tefja málið í sjálfu sér, þá teldi ég þó miklu eðlilegra og betra að leita umsagnar sveitarfélaganna um fyrirkomulag í þessu efni, sérstaklega ef hægt er að koma því við án þess, að bein framkvæmd málsins þurfi að taka á sig nokkurn frest þess vegna.

Ég held, að það sé nú alveg einsýnt mál, að það verði í allra fyrsta lagi á næsta ári, sem þessi lög geta raunverulega komið til framkvæmda. Því fyndist mér, að það kæmi mjög vel til mála eftir svona almennar góðar undirtektir hér á hv. Alþ. undir þetta mál að vísa frv. og fram komnum till. til sveitarfélaganna til umsagnar og ganga síðan út frá því að lögfesta þetta næsta haust. Ég held, að þá mætti komast fram hjá ýmsum þeim örðugleikum, sem annars yrðu ábyggilega ásteytingsefni, ef það ætti að lögfesta frv. að öllu leyti í þeim búningi, sem það er í nú.

Ég vildi t. d. skjóta því til hv. n., hvort hún gæti athugað það núna fyrir 3. umr., hvort e. t. v. væru möguleikar á því að koma fyrir í frv. ákvæði um það, að þau bæjarfélög, sem óska eftir því að vera ein sér um bókasöfn eða bókasafnsrekstur, hefðu til þessa rétt; að það væri sett inn ákvæði í frv., sem áskildi þeim kaupstöðum landsins, sem hingað til hafa rekið sjálfstæðan bókasafnsrekstur, heimild til þess að vera ein sér um sín bókasöfn áfram, ef þau óskuðu beinlínis eftir því; eins líka, hvort það

væri e. t. v. fært að setja inn svipað ákvæði í sambandi við sveitarfélögin, að þau hefðu líka rétt til þess að velja um það, hvort þau vilja vera með í þessu eða hinu aðalbókasafnshverfinu. Þó hefði ég talið hitt bezt, ef samkomulag hefði getað orðið um það, að málinu hefði beinlínis verið frestað til næsta hausts og í millitíðinni hefði málið verið sent til umsagnar sveitarfélaganna.

Ég vil svo að lokum segja það, að þau ákvæði, sem er að finna í 8. gr. frv. og eins í 6. gr. frv., sem varða stjórn bókasafnanna, eru svo óákveðin, að það er í rauninni alveg óviðunandi á allan hátt að samþykkja þau eins og þau eru. Ég er anzi hræddur um það t. d. með Reykjavík, svo að ég taki það dæmi, en það dæmi er nokkuð stórt í þessum efnum, að þeim meiri hluta í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem nú fer með völd í Reykjavík, þætti nokkuð hart að farið í sambandi við alla bókasafnseign þeirra hér. En vegna ákvæðisins í frv. um það, að Kjósarsýsla skuli vera saman með Reykjavík í bókasafnshverfi, og síðan á Kjósarsýsla að eiga sína hlutdeild í yfirstjórn bókasafnsins hér í Reykjavík, m. ö. o., að bæjarstjórnin hér á að kjósa ákveðna fulltrúa, Kjósarsýsla ákveðna, gæti hæglega farið svo, að bæjarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hætti að hafa yfirráð yfir sínu bókasafni, gæti komizt beinlínis í minni hluta í sambandi við stjórn á sínu stóra og mikla bókasafni.

Ósköp svipað stendur á í mínu byggðarlagi. Ég segi ekki, að þetta yrði, en það er fullkominn möguleiki, að vegna þess að í mínu byggðarlagi yrðum við þeirrar náðar aðnjótandi að geta fengið styrk út á örlitla sveitahreppa í kringum okkur, sem mundu samkv. frv. styrkja bókasafnsreksturinn hjá okkur um rösklega 1000 kr. á ári, þá gæti farið svo, að sá meiri hluti, sem er í bæjarstjórn í Neskaupstað, hætti að ráða yfir öllu sínu bókasafni.

Ég held, að þessi ákvæði um samstjórn aðila, sem hafa ekki einu sinni verið kvaddir til í þessum efnum, en fara að eiga saman eignir eins og bókasöfn, séu svo óljós um það, hvernig skuli fara með samstjórn þeirra og sameign á þessum stofnunum, að það sé ekki hægt að lögfesta þau eins og þau eru í frv.

Ég vildi nú beina þessum orðum til hv. n., hvort hún treysti sér ekki að beita sér fyrir því, án þess að það þyrfti að raska því höfuðefni, að meginefni þessa frv. nái fram að ganga a. m. k. á þessu ári, að taka tillit til þeirra aths., sem ég hef hér gert.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Hv. 11. landsk. (LJós) lét falla nokkrar aths. út frá þessu frv. og bar fram í því sambandi fyrirspurnir til menntmn. um einstök atriði málsins.

Það virðist vera alveg skýrt samkv. frv., að ætlazt er til þess, að þau bæjarbókasöfn, sem nú starfa, verði hér eftir sjálfseignarstofnanir og að þau bókasöfn, sem bæjarfélögin eiga nú og reka, verði stofninn eða fyrsta framlagið til þessara sérstöku bókasafnsstofnana. En jafnframt er reynt með ýmsum ákvæðum frv. og að mínum dómi allvel fyrir því séð að búa svo um hnúta, að bókasöfnin verði til afnota íbúum kaupstaðanna, sem að þeim standa, og þess vegna má segja, að í þessu efni sé ekki mikil hætta á ferðum. Þetta er tryggt með ákvæðum frv. um yfirstjórn safnanna, en stjórn hvers bókasafns á að vera skipuð 3 eða 5 mönnum, og er hún kosin af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem safnið er staðsett, og sýslunefnd.

Þar sem kaupstaður og sýsla standa saman að bókasafni, eins og hv. 11. landsk. gat um að stefnt væri að í hans byggðarlagi, á Norðfirði, þá virðist skipun málsins eiga að vera sú alveg ótvírætt samkvæmt frv., að bæjarstjórnin í Neskaupstað og sýslunefndin í Suður-Múlasýslu kjósi í sameiningu yfirstjórn safnsins. En þar sem svo hagar til, að að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila um sig eftir reglum, sem settar verða af menntmrn.

Það er rétt, að í þessu frv. eru engin ákvæði um styrk vegna byggingar bókasafnshúsa. Slík ákvæði hafa ekki heldur verið í lögum um lestrarfélög. En það hefur komið undir úrskurð Alþ. hverju sinni í sambandi við afgreiðslu fjárl., hvort slíkur styrkur er veittur eða ekki, og yrði það vitanlega á sama hátt eftirleiðis, en ekki lögbundið eða ákveðið með þessum l., hvort slíkur styrkur skyldi veittur eða hve hátt hlutfall af byggingarkostnaði.

Mér virtist það koma fram í ræðu hv. 11. landsk., að hann teldi vafasamt, að rétt væri að stefna að því, að allir hreppar þyrftu að leggja fram skerf til héraðsbókasafna, t. d. mundu syðstu hreppar Suður-Múlasýslu hafa lítil not af safni, sem staðsett væri á Eskifirði. Út af þessu vil ég benda á það, að eðlilegast er að skilja ákvæði frv. um þetta efni svo, að þær 3 kr., sem leggja á fram til héraðsbókasafna af íbúum sýslnanna, séu lagðar fram úr sýslusjóðunum, og í annan stað vil ég benda á það, að ætlazt er til, að nokkur verkaskipting geti verið á milli héraðsbókasafna og sveitarbókasafna, þannig að héraðsbókasöfnin verði stærri og hafi ýmis rit til útlána, sem ekki er hægt að ætlast til að hvert hreppsbókasafn geti aflað sér. Það gæti verið mikilvægt fyrir þá menn, sem vilja leggja stund á einhver fræðistörf, að eiga aðgang að héraðsbókasafni til þess að fá þar bókakost, sem ekki væri völ á heima í þeirra hreppum.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að héraðsbókasafni sé heimilt að setja á stofn bókasafnsútibú, og kemur það vitanlega einkum til framkvæmda þar, sem langt er milli hreppa, og gæti það leyst að nokkru þau vandkvæði, sem væru á því, að allir, sem að héraðsbókasafni stæðu, ættu auðvelt með að nota það, þar sem það er staðsett. En með því að hafa bókasafnsútibú og jafnvel að skipta eitthvað um bækur milli aðalbókasafnsins og útibúsins er fengin nokkur trygging fyrir því, að auðveldara sé en ella að veita mönnum aðgang að bókasafninu í heild.

Ég gat þess í framsöguræðu minni, að það sjónarmið hefði komið fram í menntmn., að ýmis ákvæði frv. væru þess eðlis, að eðlilegt hefði verið að leita um þau umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna, en n. hefur verið skýrt frá því, að ríkisstj. og einkum sá hæstv. ráðh., sem að

þessu máli stendur, leggi nokkra áherzlu á, að málið verði afgr. nú á þessu þingi, og m. a. með tilliti til þess varð sú niðurstaða í n. að leggja til, að frv. yrði afgr. með þeim smávægilegu breytingum, sem ég lýsti. Ég geri því ekki ráð fyrir, að n. sem slík muni breyta afstöðu sinni til málsins í þessu efni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 607,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 607,2 samþ. með 18:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 607,3 samþ. með 19:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 607,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 607,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
17.—21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 628 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, EOl, EirÞ, GilsG, GJóh, HÁ, HV, KGuðj, LJós, PÞ, GMM, SkG, BergS.
nei: EI, EystJ, GíslG, KS, GÞG, IngJ, JóhH, GGísl, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, StgrSt, ÁB, SB.
JPálm greiddi ekki atkv.
4 þm. (BÓ, EmJ, HelgJ, JR) fjarstaddir.
30. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 607,6 (ný kaflafyrirsögn) samþ. án atkvgr.
31.—32. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 607,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 647, 649, 651, 652, 653, 655).

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt. á þskj. 653. Ég get verið fáorður um þessar brtt., ég hafði að nokkru leyti gert grein fyrir þeim hér fyrr í umr. um þetta mál.

Þær breytingar, sem ég legg hér til að gerðar verði á frv., eru í fyrsta lagi fólgnar í því, að tvær nýjar málsgr. bætist við 2. gr. frv.

Fyrri málsgr. felur í sér, að þau bæjarfélög, sem óska eftir því að vera sér um sín bæjarbókasöfn, skuli hafa rétt til þess samkvæmt lögunum, en séu ekki skylduð til þess að hafa rekstur bæjarbókasafns eða héraðsbókasafns sameiginlega með hlutum af sýslufélögum, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég hef þegar bent á það hér í fyrri umr. um málið, að það eru verulega mikil vandkvæði á því með bæjarfélög, sem hafa um margra ára skeið rekið sjálfstæð bókasöfn og eiga orðið stór og mikil bókasöfn, sem kosta talsvert verulegt fé í rekstri, að ætla að skylda þau skyndilega til þess að slengja sínum miklu eignum saman við í rauninni engan eignastofn frá nálægum sveitarhreppum og ætla síðan að gera þessa miklu eign, sem bæjarfélögin eiga nú, að sameign þessara aðila síðar meir og slengja saman stjórninni, þannig að sá, sem á meginstofn eignarinnar, hefur alls ekki fullan yfirráðarétt yfir eigninni, eftir að þessi sameining hefur verið gerð. Ég legg því áherzlu á það, að bætt verði við 2. gr. frv. þeirri málsgr., sem er í a-lið í brtt. minni á þskj. 653, og ég spái því, að verði farin hin leiðin að ætla að samþ. frv. í því formi, sem það er nú, þá hljóti að koma síðar til þess, að þessu verði að breyta, því að bæjarfélögin geta ekki — ýmis þeirra — unað því, að þetta fyrirkomulag verði eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þá er annað atriði, að ég legg til enn fremur, að það verði bætt við annarri nýrri málsgr. aftan við 2. gr., en með þeirri málsgr. yrði sveitarfélögum öllum gefinn réttur til þess að velja um það sjálf, hvort þau vildu byggja einvörðungu upp sín sveitarbókasöfn, en þyrftu ekki að greiða sérstakt gjald, miðað við íbúa sína, til héraðsbókasafns, ef þau óska ekki eftir því að vera í tengslum við héraðsbókasafnið. Það mundi þá auðvitað verða í þeim tilfellum, þar sem sveitarhreppurinn liggur þannig, að hann á óhægt með allt samstarf við héraðsbókasafnið, og vill því ógjarnan þurfa jafnhliða því, sem hann reynir að byggja upp eigið bókasafn, að greiða skatt til nálægs héraðsbókasafns. Mér þykir vel fær sú leið að gefa sveitarfélögunum rétt á því að velja um það, hvort þau vilja einvörðungu byggja upp sín sveitarbókasöfn eða verða þátttakendur í héraðsbókasafni.

2. brtt. mín á þessu sama þskj. er svo um það, að ríkissjóður taki á sig þá skyldu að greiða 40% af byggingarkostnaði bókasafna, þannig að ríkið styrki byggingu bókasafnsbygginga á hliðstæðan hátt og ríkið styrkir nú ýmsar aðrar hliðstæðar stofnanir. Þó yrði þetta framlag ríkisins heldur lægra en nú á sér stað með skólabyggingar, en hliðstætt því, sem er til íþróttamannvirkja og annarra slíkra framkvæmda. Ég held, að það verði alveg óhjákvæmilegt að skipa þessu með föstum reglum, þannig að byggingarstyrkir séu ekki veittir jafnóákveðið og nú hefur verið, heldur takist ríkið, um leið og gert er ráð fyrir að efna til slíkrar almennrar og mikillar umbótastarfsemi með bókasöfn eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, líka á hendur þá skyldu að láta nokkurn hluta af byggingarkostnaði yfir söfnin.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta. Ég er, eins og ég hef skýrt frá áður, hlynntur málinu í sjálfu sér, en tel æskilegt, að þessar breytingar verði gerðar.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. á þskj. 651 við frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 647.

Fyrri brtt. er við 3. gr. frv. Í 3. gr. er mælt fyrir um það, hver skuli vera aðsetur héraðsbókasafna, og eru þau talin í gr. Ég hygg, að það hafi ekki verið athugað til hlítar alls staðar, hvaða staður kynni að vera heppilegast aðsetur fyrir slíkt safn innan héraðs. Þetta kann sums staðar a. m. k. að orka nokkuð tvímælis, og ég held, að það væri æskilegt, að hlutaðeigandi héruð eða þeirra fyrirsvarsmenn í þessu máli hefðu nokkuð frjálsar hendur um að ákveða staðinn. Þess vegna er lagt til hér í brtt. á þskj. 651, að stjórn héraðsbókasafns geti með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfis en mælt er fyrir um í þessari grein.

Þetta þýðir það, að aðsetur héraðsbókasafnanna væru ekki algerlega lögbundin, heldur gæti komið þar til greina breyting, ef stjórn hlutaðeigandi bókasafns telur rétt og bókafulltrúi samþykkir. Ég held, að þetta sé heppileg breyting og geti ekki orðið til skaða.

Mér er kunnugt um, að dæmi er til þess, að sýslubókasafn sé nú á öðrum stað en tilgreindur er í þessu frv., og held ég, að það væri rétt, að héraðsmönnum gæfist kostur á að athuga það mál nánar a. m. k., áður en öðru er slegið föstu til frambúðar.

Hin brtt. er við 7. gr. frv. og er í tveim liðum, en 7. gr. fjallar um fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna. Það er um þessa brtt. eins og hina, að hún snertir eingöngu héraðsbókasöfnin, ekki þau bókasöfn, sem bæir einir standa að.

Í gr. er gert ráð fyrir því, að á þeim stað og í þeim hreppi, þar sem héraðsbókasafn er staðsett, séu greiddar til safnsins 15 kr. á hvern íbúa í hreppnum, auk þess séu greiddar 3 kr. fyrir hvern íbúa í öðrum hreppum bókasafnshverfisins. Það kemur ekki beint fram í sjálfu frv., hver eigi að greiða þetta 3. kr. framlag, en af greinargerð stjfrv. má ráða nokkuð um það, hver hafi verið hugsunin í því efni. Ég hygg samt, að það sé rétt, að það komi beinlínis fram í frv., að þessar 3 kr. eigi að greiðast úr sýslusjóði og þá náttúrlega þannig, að þar sem sýsla skiptist milli bókasafnshverfa, fari greiðslur sýslusjóðsins til tveggja bókasafna eða fleiri samkv. íbúatölu. En sé það nú svo, að sýslusjóðurinn eigi að inna af hendi þessar greiðslur fyrir íbúa hreppanna, alla nema í þeim hreppnum, þar sem bókasafnið er staðsett, þá virðist mér sanngjarnt, að sýslusjóðurinn greiði einnig fyrir þann hrepp jafnhátt framlag og hann greiðir fyrir aðra. Er lagt til, að af þeim 15 kr., sem greiðast eiga úr hlutaðeigandi hreppi, þar sem bókasafnið er staðsett, greiðist 3 kr. úr sýslusjóði. Væri það þá svo, að sýslusjóður greiddi fyrir alla hreppa sýslunnar jafnt, 3 kr. á íbúa, en síðan greiddi sá hreppur, sem hefur bókasafnið, 12 kr. til viðbótar. Þetta er ekki stórmál, en mér virðist það vera sanngirnismál og til lagfæringar.

**Pétur Ottesen:** Ég á hér á þskj. 652 litla brtt. við þetta frv., og lýtur hún að því að rétta nokkuð hlut sveitarbókasafna að því er snertir framlag ríkisins til þeirra. Ég fékk um það bréf heiman úr héraði hjá mér frá mjög skilgóðum manni, sem mjög hefur fengizt við menningarmál í héraðinu og þar á meðal staðið að sveitarbókasafni í þeim hreppi, sem hann nú á heima í. Þessi maður er Ingimundur Ásgeirsson, núverandi bóndi á Hæli í Flókadal. Þegar honum barst frásögn í blöðunum um þetta frv. og hann fór að athuga ákvæði frv. og þá alveg sérstaklega að því leyti, sem þau taka til sveitarbókasafnanna, þá sá hann, að borið saman við aðstæður þess bókasafns, sem hann stendur fyrir, mundi framlag ríkisins samkv. þessu frv. til bókasafna, sem eins stendur á um, verða allmikið skert frá því, sem nú er.

Hann hefur í þessu bréfi skýrt mér frá, að tekjur þessa bókasafns urðu á árinu 1954 3776.00 kr. Bókasafninu koma heima í héraði fjárframlög frá þremur aðilum: frá þeim einstaklingum, sem nota safnið, auk þess frá ungmennafélaginu, sem að safninu stendur, og loks frá hreppsfélaginu, þar sem safnið er. Ríkisstyrkur til þessa safns var á því sama ári 1326.00 kr. Nú hefur hann til samanburðar gert sér grein fyrir, hvernig mundi verða um tekjur þessa safns eða framlag til þess úr ríkissjóði eftir hinum nýju ákvæðum þessa frv. Kemur þá í ljós, að framlag ríkisins til þess mundi lækka um rúmar 700.00 kr. frá því sem nú er.

Hefur bréfritari lagt á það áherzlu við mig, að ég reyndi að beita áhrifum mínum til þess á Alþ., að hlutur sveitarbókasafnanna yrði ekki skertur frá því, sem nú er um fjárframlag frá því opinbera. Í bréfi þessu gerir hann einnig mjög glögga grein fyrir því, hvað þýðingarmikið það er fyrir menningarlíf sveitanna að geta haft ráð á góðum bókakosti og fylgzt með öllum menningarlegum hreyfingum, sem fram koma í rituðu máli, bæði hér á landi og annars staðar, eftir þeirri aðstöðu, sem nú er fyrir hendi fyrir bókafélögin til þess að tileinka sér það.

Ég hef þess vegna leyft mér í þessari litlu brtt. minni að leggja til, að rýmkað yrði nokkuð um fjárframlög til bókasafna, þ. e. a. s. hjá þeim, sem vilja leggja mest af mörkum í þessu efni.

Það er, eins og kunnugt er, í kaflanum um sveitarbókasöfn og lestrarfélög svo ákveðið um sveitarbókasafn, sem rekið er af sveitarstjórn, og það er yfirleitt gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir reki þessi söfn, þó að aðrir aðilar geti lagt þeim lið, að úr sveitarsjóði séu greiddar 5 kr. á hvern íbúa sveitarinnar og ríkissjóður leggi fram jafnháa fjárhæð á móti. Njóti hins vegar sveitarbókasafn hærri styrks úr sveitarsjóði eða félagssjóðum en nemur 5 kr. á hvern íbúa, þá er ríkinu skylt að leggja fram 50% á móti þeirri upphæð, en þó aldrei á móti hærra heildarframlagi en sem nemur 10 kr. á hvern íbúa sveitarinnar.

Hv. þm. A-Sk., sem er frsm. þessa máls og hefur kynnt sér mjög rækilega öll atriði og ákvæði þessa frv. og gert sér grein fyrir því, hvernig þetta mundi verða í framkvæmdinni, hefur við athugun á umgetnu bréfi komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé algerlega rétt með farið, sem þar stendur um skerðingu á framlagi ríkisins til sveitarbókasafna, er nokkuð ríflegar tekjur hafa.

Ég hef þess vegna lagt til að hækka þetta mark, sem hér er 10 kr. á hvern íbúa sveitarinnar, upp í 20 kr., og við hv. þm. A-Sk. höfum reiknað það út, að þessarar hækkunar þyrfti við, til þess að þetta ákveðna sveitarbókasafn og þau önnur, sem eins stendur á um, gætu orðið aðnjótandi svipaðs styrks úr ríkissjóði og þau njóta nú. Tel ég réttmætt og sjálfsagt að mæta þannig áhuga þeirra, sem vilja sameina krafta sína heima í héruðunum til þess að búa vel í haginn fyrir þessa menningarstarfsemi.

Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að hv. deild gæti litið svo á, að eðlilegt væri og sanngjarnt, að sú rýmkun verði gerð í þessu efni, sem í brtt. minni felst.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir töluvert auknum framlögum frá ríkinu og fleiri aðilum til almenningsbókasafna. Er frá þessu skýrt í greinargerð, sem frv. fylgir. Þar kemur fram, að það sé ekki um mikla aukningu að ræða á framlagi bæjarfélaga, en hins vegar verði kauptún, þar sem héraðsbókasöfn verði staðsett samkvæmt frv., að leggja á sig mjög aukin útgjöld og á sýslufélögin yfirleitt séu einnig lagðar allmiklar byrðar samkvæmt frv. Þó er þarna nefnt eitt sýslufélag, sem leggur nú nokkru meira fé til þessara mála en því mundi verða skylt að gera, ef frv. verður að lögum. Og skýrt er frá tveimur öðrum sýslufélögum í greinargerðinni, sem borga litlu minna nú til þessara mála en þeim er ætlað að gera eftir frv. En flest sýslufélögin mundu hins vegar þurfa að leggja á sig mjög aukin útgjöld, ef frv. verður samþ. Hækkun á framlagi ríkisins er einnig talsverð.

Stundum hefur orðið vart við aðfinnslur frá þeim mönnum, sem stjórna málefnum bæjar- og sveitarfélaga, um það, að Alþ. leggi tíðum gjöld á bæjar- og sveitarfélög án þess, að þau mál séu nokkuð borin undir bæjarstjórnir og sveitarstjórnir eða þeim gefinn kostur á að láta uppi álit sitt um þau fjárframlög, sem þar er verið að ákveða. Hygg ég, að þeir menn, sem þetta mæla, hafi nokkuð til síns máls.

Í tilefni af þessu og þeim auknu fjárframlögum frá bæjar- og hreppsfélögum og sýslufélögum, sem hér er gert ráð fyrir, hef ég ásamt hv. þm. A-Húnv. lagt fram brtt. á þskj. 649 um það, að lögin komi ekki til framkvæmda í hverju bókasafnshverfi, fyrr en hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd hefur samþykkt það. Við nánari athugun höfum við flm. till. ákveðið að gera á henni nokkra breytingu, og er hin nýja till. nú í prentun, en þar sem henni hefur ekki verið útbýtt, vil ég fyrir okkar hönd bera hér fram þessa nýju till. skriflega og óska eftir því, að hæstv. forseti leiti afbrigða um hana.

Í frv. eru ákvæði, sem ekki virðist ástæða til að bæjarstjórnir og sýslunefndir segi sitt álit um sérstaklega, áður en þau koma til framkvæmda. T. d. eru hér í II. kafla ákvæði um sveitarbókasöfn og lestrarfélög, og í 32. gr. frv. eru fyrirmæli um það, að með lögum þessum séu ákvæði laga frá 1944 um lestrarfélög numin úr gildi. Gæti því farið svo, ef þessi upphaflega till. okkar yrði samþ., að ekki yrðu í gildi nein ákvæði um lestrarfélög einhvern tíma, og það er vitanlega ekki heppilegt. Við höfum því breytt okkar till. þannig, að hún orðist eins og nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 31. gr. bætist: og ákvæði 7. gr. um fjárframlög bæjar-, hrepps- og sýslufélaga ekki fyrr en hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd hefur samþ., að svo skuli verða.“

Ég held það sé rétt, með leyfi hæstv. forseta, að ég lesi þá 31. gr. eins og hún mundi verða í heild, ef okkar till. verður samþ. En þá mundi hún verða þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956 og ákvæði 7. gr. um fjárframlög bæjar-, hrepps- og sýslufélaga ekki fyrr en hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd hefur samþ., að svo skuli verða.“

Í 7. gr., sem við vitnum þarna til, eru ákvæðin um fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna úr bæjarsjóði kaupstaða eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, og enn fremur eru þar ákvæði um framlög annarra aðila bókasafnshverfa, þ. e. a. s. sýslufélaga eða hluta af sýslufélögum, og greiðir ríkissjóður á móti þessum framlögum. Við teljum, flm. till., að það sé eðlilegt, að bæjarstjórnir og sýslunefndir fái að ákveða, hvenær þessi 7. gr. eða ákvæði hennar um fjárframlög af þeirra hálfu koma til framkvæmda. Vitanlega leggur ekki ríkissjóður fram samkvæmt greininni neitt til bókasafna í einstökum héruðum, fyrr en framlög koma þaðan á móti.

Í 7. gr. eru, eins og ég áður gat um, einnig ákvæði um framlög úr hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett. Við teljum þó ekki ástæðu til, að hreppsnefndir geri samþykktir um þetta, áður en til framkvæmda kemur, það mundi gera málið nokkru flóknara, og við teljum ekki þörf á því, þegar litið er til þess, að allir hreppar hafa fulltrúa í sýslunefndum og geta komið þar að sínum sjónarmiðum.

Við væntum þess, að hv. þd. geti á það fallizt, að það sé ekki óeðlilegt að veita héruðunum þannig rétt til þess að ákveða, hvenær lögin að þessu leyti komi til framkvæmda hjá þeim. Líklegt má telja, þótt þetta verði samþ., að ákvæðin um fjárframlög til héraðsbókasafnanna komi til framkvæmda allvíða um landið strax á næstu áramótum, þar sem allvíða, eins og getið er um í greinargerð frv., er þannig ástatt nú í þessum efnum, að bæjarfélögin leggja fram jafnmikið og sum meira til bókasafna en þeim verður gert skylt að leggja fram samkvæmt þessu frv., ef það verður að lögum.

Ég vil svo afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. okkar, og kemur hún í stað þeirrar, sem prentuð er á þskj. 649.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að leggja fram brtt. skriflega við 2. og 3. gr. frv. frá okkur hv. 8. þm. Reykv. og mér. Sú brtt. gengur út á það, að breytt sé 1. liðnum í 2. gr. um bókasafnshverfin. Þar

er ákveðið, að Reykjavík og Kjósarsýsla skuli vera eitt bókasafnshverfi. Það virðist nú svo sem Reykjavík ætti að standa undir því að vera bókasafnshverfi út af fyrir sig, og fæ ég ekki séð, hvaða rök mæli með því, að Kjósarsýsla sé þarna með. Það mundi þýða m. a., að eðlilega ætti Kjósarsýsla að fá að hafa þátt í stjórn þess bókasafns, sem væri fyrir Reykjavík, núverandi bæjarbókasafns, og ég býst við, að það mundi bæjarstjórn Reykjavíkur og Reykvíkingum þykja að ýmsu leyti undarlegt, að þeirra afskipta þyrfti við. Ef Kjósarsýsla væri gerð að sérstöku bókasafnshverfi, þá þyrfti hún að vísu að eiga einhverja miðstöð, hins vegar munu þar vera allmörg bókasöfn. Það munu vera bókasöfn bæði í Kópavogi og uppi í Kjós og vafalaust víðar. Nú virðist vera ákaflega mikill áhugi hér á Alþ. fyrir að gera Kópavogshrepp að sérstökum kaupstað, og það virðist þá máske ekki óeðlilegt, að miðstöðin fyrir Kjósarsýslu sé Kópavogur. Við höfum þess vegna leyft okkur að leggja til í fyrsta lagi, að sú breyting yrði gerð á 2. gr., að í stað þess, sem nú er nr. 1, Reykjavík og Kjósarsýsla, kæmi nr. 1: Reykjavík, nr. 2: Kjósarsýsla, og í 3. gr., þar sem miðstöðvar bókasafnshverfanna eru taldar upp, komi fyrst Reykjavík og nr. 2 verði svo Kópavogur. Ég fæ ekki betur séð en að öll rök mæli með því, að þetta verði þannig, og ég held líka, að mér sé óhætt að fullyrða, að þó að við séum ekki fleiri af þingmönnum Reykvíkinga þarna flm., þá muni flestir þeirra vera þessu hlynntir.

Ég vil nú segja það viðvíkjandi þessu frv. í heild frá eigin brjósti, að ég held, að það sé yfirleitt ekki rétt með svona umfangsmikið frv., þó að það sé ákaflega margt, sem er til framfara í því, að afgreiða það á fyrsta þinginu, sem það liggur fyrir. Ég álít, að þetta frv. hefði átt að sendast til hinna ýmsu aðila, sem þarna hafa hagsmuna að gæta, og þeir hefðu átt að fá að segja sitt álit á þessu. Mér finnst líka og það bara við fljótlegan yfirlestur á þessu frv., að það þurfi að laga þarna ýmislegt um orðalag og jafnvel stefnu.

Í 4. gr. t. d., þar sem er verið að ákveða með lögum, hvert skuli vera hlutverk þessara bókasafna og hvaða bóka skuli aflað til hvers bókasafns, — það hefur aldrei verið sett í lög áður á Íslandi, hvaða bóka skuli aflað til bókasafns, — þá er mælt svo fyrir, þegar búið er að tala um innlendu bækurnar: „Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og einkum þeirra, sem varða atvinnulíf og almenna menntun.“ Hver er meiningin með þessu orðalagi? Það mundi þýða, eins og það er skrifað, að það ættu að vera bækur, sem eru um atvinnulíf og um almenna menntun, sem sagt um skólafyrirkomulag og uppeldismál og annað slíkt. Ég býst alls ekki við, að það sé meiningin með þessu orðalagi. Ég býst við, að meiningin hljóti að vera sú: og þá einkum þeirra, sem varða atvinnulíf, og bóka, sem verða til þess að auka almenna menntun. — Eitthvað slíkt. (**Gripið fram í:** Og varðar það þá ekki almenna menntun?) Jú, þær varða það. En mér finnst þessi orð gefa svo skakka hugmynd að segja: „þeirra, sem varða atvinnulíf og almenna menntun.“ Mér finnst, að meiningin, sem þarna hafi hlotið að vaka fyrir, hafi verið sú, að þetta væru bækur, sem væru annars vegar um atvinnulíf og hins vegar bækur, sem yrðu almennt til þess að efla almenna menntun, en meiningin geti ekki verið, að það séu bækur sérstaklega um skólamál eða uppeldismál eða annað slíkt. Það er bara sjálft orðalagið á þessu, sem ég held að gefi ranga hugmynd af því, sem hlýtur að hafa vakað fyrir þeim, sem þetta sömdu.

En þá kemur þarna sú spurning inn í: Eigum við að setja svona ákveðin fyrirmæli viðvíkjandi því, hvaða tegunda bóka skuli aflað? Upprunalega þegar bókasöfnin eru mynduð hér á landi, þá er það fyrir forgöngu mikilla áhugamanna, og þessi bókasöfn í upphafi — ég tala nú ekki um brautryðjendabókasöfn eins og þessi gömlu í Flatey, Stykkishólmi, Húsavík — mótast allmikið af áhugamálum þeirra manna, sem gangast fyrir því að mynda þessi söfn. Og það skapast þó nokkur fjölbreytni um þessi söfn, — fjölbreytni, sem mér finnst satt að segja vera skemmtileg. Ég er ekki ákaflega hrifinn af því að ætla að steypa allt endilega í sama mót með svona löggjöf. Ég skal taka sem dæmi bókasafnið á Húsavík, það bókasafn, sem Benedikt á Auðnum fyrst og fremst hefur forgöngu um, safnar til og mótar mikið af sínum persónulegu áhugamálum. Það, sem fyrst og fremst er í þessu bókasafni, eru skáldrit, alveg sérstaklega Norðurlandaskáldritin, þau róttæku skáldrit realistanna frá síðustu áratugum 19. aldarinnar, og enn fremur ákaflega mikill og merkilegur bókakostur um þjóðfélagsmál. Að minnsta kosti þegar ég fyrir ég held eitthvað tveim áratugum athugaði bókasafnið á Húsavík, þá var það hvað snerti þjóðfélagsmál og félagsmálastefnur bókasafn, sem hafði meira til að bera en jafnvel sjálft landsbókasafnið í Reykjavík. Ég álít það vera slæmt, að það eigi nú of mikið að fara að steypa þetta í sama mót með lagafyrirmælum um, hvers þarna skuli aflað. Og hvað snertir útlendu bækurnar, þá er ég alls ekki viss í, að þetta sé það, sem við ættum að leggja höfuðáherzluna á. Ég held, að það, sem mundu vera aðaláhugamálin hjá almenningi eftir mínum kynnum hvað útlendu bækurnar snertir, — og þetta er allt takmarkað, eins og þarna stendur, við öflun merkra erlendra bóka, — mundi vera fyrst og fremst skáldrit; enn fremur alls konar sagnrit. Það hefur alltaf verið við bókasöfn mikill áhugi fyrir slíku, ævisögum, ég tala nú ekki um ferðabókum og ekki beint kannske sagnfræðilegum ritum, en ritum, sem eru allt að því. Og þá fyrst kæmu raunverulega rit um atvinnulíf. Ég hefði álitið heppilegt að orða seinni hlutann í 4. gr. í 2. málsl. 2. mgr. þannig, að á eftir orðunum þarna: „Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á“ — þá kæmi: og þó einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun. — Ég held, að þetta hefði verið bæði réttara orðalag og líka efnislega nær því, sem áhugi alþýðumanna mundi vera í þessum efnum, og raunar líka í meira samræmi við það, sem tekið er fram viðvíkjandi íslenzku bókunum. Þar eru tekin

sérstaklega þau þjóðlegu fræði, skáldrit og annað slíkt, og ég held það mætti vera dálitið samsvarandi um þetta.

Ég skal gera hlé á minni ræðu. Ég á aðeins eftir að mæla með einni till., sem ég hef flutt, en um þessar tvær þyrfti að leita afbrigða. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 2. mai, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 647, 649, 651, 652, 653, 655, 680, 681, 682).

**Einar Olgeirsson** [frh.]: Herra forseti. Ég hafði rætt nokkuð um brtt., sem ég flutti við 4. gr., sem sumpart var umorðun, en sumpart nokkur merkingarbreyting, og ég var yfirleitt mjög efins í því, hvort rétt væri að setja þessa gr. inn, og hafði bent á, að þar sem það hefur hingað til verið frjálst fyrir bókasöfnin, hvers konar bóka væri til þeirra aflað, þá hafa bókasöfnin víða um land borið nokkurn blæ af þeim áhugamönnum, sem hafa beitt sér fyrir þeim, og ég hafði sérstaklega minnzt á bókasafnið í Húsavík og þann svip, sem Benedikt á Auðnum hafði á það sett. Ég álít það dálitið varasamt, eins og þarna er gert, að vera að binda í lögum þessi allströngu fyrirmæli um, hvers konar bóka eigi að afla, gera það að skyldu svo að segja fyrir bókasöfnin og reyna þannig að skapa ákveðna stefnu um slíkt í staðinn fyrir að lofa því að vera nokkru frjálsara. Það er náttúrlega gott að segja, að það eigi að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, en það er nú eins og einn karl sagði einu sinni: Góðar bækur eru góðar, þegar þær eru góðar. — Menn eru nú kannske ekki alveg sammála um alltaf, hvað sé gott. Til er bókasafn á landinu, þar sem forráðamennirnir hafa hælt sér af því, að aldrei hafi nokkur bók eftir Halldór Kiljan Laxness komið inn á það safn. Og svo eru aftur sumir, sem álíta hann góðan rithöfund. Þannig getur þetta verið með bækur, svo að það er ákaflega varasamt að ætla að móta slíka stefnu sem þarna er gert, og ég held, að þessi litla till. mín, þó að hún breyti ekki miklu, sé þó í rétta átt.

Ég verð að segja það almennt viðvíkjandi þessu frv., að ég álít, að það hefði verið miklu betra, ef það hefði verið sent til umsagnar hinna ýmsu forráðamanna bókasafna úti um land og hreppsnefnda og hefði fengið að bíða næsta þings, ekki sízt af því, að mikið af þessu frv. á nú hvort sem er ekki að koma í framkvæmd fyrr en um næstu áramót. Það hefur oft verið hafður sá háttur á áður, þegar hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram frumvörp, sem fela í sér allmiklar kerfisbreytingar eða skapa nýtt kerfi, þar sem kerfi hefur ekki verið fyrir, að slík frv. hafa ekki verið afgreidd á fyrsta þingi, sem þau hafa verið lögð fyrir, heldur hefur almenningi og fulltrúum hans úti um land gefizt tækifæri til þess að athuga þessi mál nánar. Ég álít, að það hefði verið ákaflega gott, ef þannig hefði líka verið farið að við þennan lagabálk, ekki sízt vegna þess, að það er margt, sem til framfara horfir í honum, og þess vegna alveg óþarfi að flaustra of mikið af, þannig að annað fari með, sem er ekki eins nauðsynlegt.

Ég man eftir, að t. d. lagabálkur mikill og merkilegur, sem að flestu leyti horfði til mikilla framfara, lá hér fyrir okkur ein tvö eða þrjú þing, — það var lagabálkurinn um hegningarlögin og breytinguna á þeim, — áður en hann væri afgreiddur. Þá var í þeim bálki, eins og hann var upprunalega lagður fyrir, ákvæðið um opinberan ákæranda, sem mætti nokkurri mótspyrnu, þó að yfirgnæfandi meiri hluti þings og ég held bara svo að segja allt þingið væri sammála um allar þær breytingar í frjálslyndara horf, sem fólust í hegningarlagabálknum. Síðast lagði hæstv. dómsmrh. lagabálkinn um hegningarlögin fyrir þannig, að hann tók út kaflann um opinbera ákærandann, og þá gekk frv. mjög greiðlega í gegnum þingið.

Ég held, að það ákvæði, sem er í þessu frv. um bókasöfnin viðvíkjandi bókafulltrúa hjá fræðslumálastjóra, sé misráðið og hefði ekki átt að vera í því, og ég fæ ekki séð, að fræðslumálastjórnin gæti ekki rækt það, sem falið væri með þessu frv., án bókafulltrúans. En svo fremi sem bókafulltrúi eigi að vera, þá álít ég, að það, sem hann eigi fyrst og fremst að vinna fyrir bókasöfnin í landinu, sé að geta leiðbeint þeim í bókasafnsmálum. Við þurfum ekki sérstaklega mann til þess að leiðbeina um bókaval. Það er ekki það, sem við erum fyrst og fremst að óska eftir. Við álítum, að fólkið og forráðamenn safnanna um land allt hafi almennt nokkurt vit á því að velja sér bækur, og það verður hver að fá að velja nokkuð eftir sínum smekk og eftir óskum fólksins í þessu sambandi og eftir því viti, sem forráðamennirnir hafa á því að velja góðar bækur, hvað sem þeim kann nú að finnast góðar bækur. Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt stefna að ætla að fara að setja það í fræðslumálaskrifstofuna í hendi eins manns fyrst og fremst að eiga að leiðbeina um bókavalið. Hitt aftur á móti, ef það á endilega að vera embættismaður í skrifstofu fræðslumálastjóra, sem sér um þessa hluti, þá álít ég, að hann eigi að hafa vit á því, hvernig eigi að skipuleggja bókasöfn skynsamlega, hvernig sé heppilegt að hafa kerfið í bókasöfnunum, og hann þurfi þess vegna að vera vel að sér um, hvers konar aðgreining sé heppilegust á bókum, hvers konar reglur viðvíkjandi flokkun þeirra, hvers konar reglur viðvíkjandi útlánum og allt mögulegt annað slíkt, og það sé einmitt þeir hlutir, sem bókafulltrúi alveg sérstaklega þyrfti að geta leiðbeint vel með, þ. e. sjálfur rekstur bókasafnanna. Erlendis er þetta ein af sérgreinum. Menn læra á sérstökum stofnunum að vera bókaverðir. Og eigi að vera maður, sem hér á sérstaklega að hafa með þessa hluti að gera, þá álít ég, að hann eigi fyrst og fremst að hafa einhverja sérmenntun hvað snertir rekstur bókasafna. Við erum ekki að biðja um neinn mann, sem eigi að vera einhvers konar forráðamaður um bókavalið og annað slíkt, heldur alveg sérstaklega mann, sem hefði einhverja sérmenntun í því, hvernig eigi að reka bókasöfn, því að það efast ég ekki um að þarf gjarnan að leiðbeina mönnum með, og það eru því miður ekki margir menn í landinu, sem hafa hana. Þess vegna hef ég á þskj. 655 orðað þá brtt. við 30. gr., sem segir, að

menntmrh. skuli skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra, að á eftir þessu komi: „Skal hann hafa sérmenntun hvað snertir rekstur bókasafna.“ Það þótti mér raunverulega vera sú minnsta krafa, sem er hægt að gera, ef þarna á að fara að hafa sérstakan embættismann, sem ég nú hins vegar álít að við hefðum vel getað komizt af án, en um það virðist hins vegar vera mjög ákveðinn meiri hluti hér á Alþ.

Þessa brtt. vildi ég þess vegna vona að menn gætu fallizt á. Hinar brtt., sem ég flyt, aðra með hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) og hina á þskj. 681, vona ég að hv. d. geti líka orðið við að samþ., en ég skal vissulega viðurkenna, að það eru nú komnar svo margar brtt. í sambandi við þetta mál, að það virðist alveg glöggt, að þetta mál hefði átt að fá betri athugun en það þegar hefur fengið, en við það verður máske ekki ráðið héðan af. Það hefði þó verið bezta meðferð málsins. En ef ekki fæst að fresta samþykkt þess, þá álít ég þó, að þessar brtt., sem ég þarna hef flutt ásamt öðrum, mundu bæta nokkuð úr þeim göllum, sem eru á þessu frv., og hjálpa þannig til þess að gera það, sem annars hvað stefnu þess snertir er gott frv., mun betra en það ella hefði orðið.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Síðan 2. umr. um þetta mál fór fram, hafa verið fluttar við það allmargar brtt. Menntmn. hefur komið saman á fund á milli umr. og athugað þessar brtt., og vil ég með fáum orðum gera grein fyrir því, hvernig n. lítur á efni þessara till.

Brtt. á þskj. 649, sem flutt var af þm. V-Húnv. (SkG) og þm. A-Húnv. (JPálm), verður tekin aftur samkvæmt því, sem frá hefur verið skýrt.

Á þskj. 651 eru brtt. frá þm. N-Þ. (GíslG). 1. till. er við 3. gr. frv. og er um það, að stjórn bókasafns geti með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfis en mælt er fyrir í þessari gr. Í 3. gr. frv. eru nefndir ákveðnir staðir, þar sem aðsetur héraðs- og bæjarbókasafna á að vera, en n. hefur fengið vitneskju um það, að það muni vera dæmi þess, að sýslubókasafn er nú staðsett annars staðar í hreppi en gert er ráð fyrir í 3. gr. frv. Ef ekkert frávik væri leyft frá ákvæðum 3. gr. frv. eins og þau eru nú, þá mundi leiða af því, að það þyrfti að færa bókasafn til innan hreppsins á þann stað, sem frvgr. ákveður. Þessi till. frá þm. N-Þ. miðar að því að veita nokkurt frjálsræði í þessu efni um stað innan sama hrepps, og er það eðlilegt að dómi nefndarinnar.

2. brtt. á þessu sama þskj. er við 7. gr. frv., um greiðslu kostnaðar til héraðsbókasafna. Gert er ráð fyrir því, að greiddar séu 3 kr. af hverjum íbúa í bókasafnshverfi, sem búsettur er utan þess hrepps, þar sem bókasafnið er staðsett. Þetta 3 kr. gjald á að greiðast úr sýslusjóði. Till. miðar að því, að þetta 3 kr. gjald, sem greitt er úr sýslusjóði, sé miðað við alla íbúa bókasafnshverfisins, eins þá, sem búsettir eru í hreppnum, þar sem bókasafnið er staðsett, eins og hina, og að gjaldið, sem þeir íbúar þess hrepps greiða sérstaklega, lækki að sama skapi. Þetta virðist vera eðlilegt með tilliti til þess, að inn í sýslusjóðinn greiða allir hreppar sýslunnar, einnig sá hreppurinn, þar sem bókasafnið er staðsett. Þetta hefur ekki nein áhrif á heildarútgjöld til safnsins, hvorki framlög úr héraði í heild né framlög frá ríkissjóði, en breytir aðeins skiptingu útgjaldanna, og má telja það eðlilegt.

Við 2. umr. frv. kom fram sú skoðun, að það væri alls ekki skýrt samkvæmt orðalagi 7. gr. frv., hvaða aðili í bókasafnshverfi ætti að greiða þetta 3 kr. gjald. Það má til sanns vegar færa, að orðalag frvgr. eins og hún er nú sé ekki ótvírætt í þessu efni. En grg. sú, sem fylgdi frv., tekur af öll tvímæli um þetta. Á bls. 13 í þskj. segir berum orðum, hvernig gert er ráð fyrir, að heildarframlög samkvæmt I. og II. kafla frv. muni verða, og þar er talað um framlög frá bæjum og kauptúnum og framlög úr sýslusjóðum, og til frekari skýringar þessu segir, þar sem borinn er saman kostnaður sá, sem sýslusjóðirnir hafa áður innt af hendi í þessu skyni, og sá kostnaður, sem falla mundi á þá samkv. þessu frv., svo í grg.:

„Sýslufélögunum eru í frv. lagðar á herðar allmiklar byrðar, en sum þeirra hafa þegar séð sér fært að leggja ríflegan skerf til þessara mála.“

Þetta verður ekki skilið öðruvísi, þar sem talað er um, að *sýslufélögin eigi að standa straum af* þessu gjaldi, en að átt sé við sýslusjóðina, enda er það þá borið saman við samsvarandi gjöld, sem nú eru innt af hendi úr sýslusjóðunum í svipuðu skyni.

B-liður brtt. á þskj. 651 miðar að því að gera orðalagið í þessu efni skýrara, taka af öll tvímæli um, að þetta gjald eigi að greiðast úr sýslusjóðum, og er það eðlilegt.

Niðurstaðan er því sú, að menntmn. vill mæla með því, að brtt. á þskj. 651 verði samþ.

Á þskj. 652 er brtt. frá þm. Borgf. (PO) um það, að í staðinn fyrir 10 kr. komi 20 kr. Þegar hv. þm. gerði grein fyrir þessari till., þá skýrði hann frá ákveðnu dæmi um það, að eins og ákvæði frv. væru nú, mundi geta átt sér stað, að framlag til lestrarfélags eða sveitarbókasafns lækkaði að nokkrum mun frá því, sem verið hefur. Ég hef átt þess kost að athuga það bréf, sem hv. þm. vitnaði til, og er þar farið rétt með af hans hálfu í öllum greinum. Í einstöku tilfelli gæti það átt sér stað, að framlag til sveitarbókasafns lækkaði. Eins og styrk til lestrarfélaga hefur verið háttað, er hann greiddur í tvennu lagi, annars vegar fastur styrkur, miðaður við fjölda þeirra heimila, sem bókasafnið nota, og hins vegar aukastyrkur, sem er miðaður við fjárhæð þeirra framlaga, sem fást til bókasafnsins heima í hreppnum. En með þessu frv. er gert ráð fyrir því að binda framlögin einhliða við íbúafjölda í hverjum hreppi um sig. Þau sveitarfélög, sem hafa sýnt sérstakan áhuga á því að leggja fram aukaframlag og fá svonefndan aukastyrk á móti því, gætu því lækkað dálítið samkv. ákvæðum frv.

Nú er það meginstefna þessa frv. að skerða í engu þau hlunnindi, sem áður hafa verið veitt, heldur miða að því að bæta við og efla bókasöfnin og gera þessa starfsemi að því leyti aðgengilegri eftirleiðis en verið hefur. Þegar á það

er litið, er eðlilegt, að till. hv. þm. Borgf. verði samþ. Þess ber einnig að gæta, að þar sem ákvæði frv. miða framlögin einhliða við íbúafjölda í hverjum hreppi, þá verða fjárframlögin til fámennustu hreppanna mjög lág, og er því eðlilegt, að á það sé litið, ef íbúar þeirra sýna sérstakan áhuga um aukin framlög.

Ég vil benda á það, að þó að till. hv. þm. Borgf. verði samþ., þá getur framlag ríkissjóðs samkv. henni til sveitarbókasafns ekki numið meiru en 1250 krónum í 100 manna hrepp, og það er ekki gífurleg fjárhæð, þegar miðað er við það verðlag, sem nú er á bókum. Menntmn. vill því fyrir sitt leyti mæla með því, að till. á þskj. 652 verði samþ.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 653, sem fluttar eru af hv. 11. landsk. (LJós). Fyrri brtt. á því þskj., sem er í tveim liðum, er um það, að hvert bæjarfélag megi ráða því sjálft, hvort það verður eitt sér um bókasafn eða í félagi með fleiri hreppum eða fleiri sveitarfélögum, og að hvert sveitarfélag skuli hafa rétt til þess að velja sjálft um það, hvort það vilji vera þátttakandi í héraðsbókasafni eða aðeins byggja upp sitt sveitarbókasafn. Þessar till., ef samþ. yrðu, mundu raska stefnu frv. og byggingu þess allverulega, því að það er eitt meginatriði frv. að ákveða bókasafnshverfi og mæla fyrir um það, að enginn hreppur á landinu standi utan við bæjar- eða héraðsbókasafn. Menntmn. getur því ekki fyrir sitt leyti mælt með því, að þessar till. verði samþ., en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur við atkvgr. um málið.

Um 2. brtt. á þskj. 653 er hið sama að segja. Hún hnígur að því að lögfesta, að 40% skuli lagt fram af ríkissjóðs hálfu til bókasafnsbygginga. Menntmn. telur sér ekki fært að mæla með því, að þetta verði fellt inn í frv.

Á þskj. 655 er brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl) við 30. gr. frv. um það, að bókafulltrúinn skuli hafa sérmenntun hvað snertir rekstur bókasafna. Það má vitanlega um það ræða fram og aftur, hvort ástæða er til að setja inn í l. einhver ákveðin skilyrði að þessu leyti, en menntmn. hefur ekki talið ástæðu til þess og treystir sér því ekki til að mæla með samþykkt þessarar till., en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur við atkvgr.

Á þskj. 680 eru enn fremur till. við 2. gr. og 3. gr. frv. frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) um, að sérstakt bókasafnshverfi verði myndað í Kópavogi.

2. gr. frv. er algert nýmæli um skiptingu landsins í heild í bókasafnshverfi, og eins og ég gat um við 2. umr. málsins, þá er því svo háttað, að á nokkrum stöðum orkar það tvímælis, hvort sú skipting, sem ákveðin er í frvgr., er nákvæmlega sú eina rétta. En yrði farið inn á þá braut nú að breyta frvgr. frá því, sem hún er, þá er ekki ólíklegt, að fram kæmu í kjölfar þess fleiri brtt., og gæti það orðið til þess að raska þessu máli allverulega. Menntmn. vill því ekki fyrir sitt leyti mæla með því, að till. á þskj. 680 verði samþ.

Þá er brtt. á þskj. 681 frá hv. 2. þm. Reykv. Hún er um breytingu á orðalagi við 4. gr. frv. Í sjálfu sér skiptir það ekki höfuðmáli, hvort orðalagið stendur í l., það, sem í frv. er, eða það, sem í brtt. er. Menntmn. lítur þó svo á, að orðalag brtt. sé mun skýrara, og telur fyrir sitt leyti eðlilegt, að sú till. verði samþ.

Þá kem ég loks að brtt. á þskj. 682 frá þm. V-Húnv. (SkG) og þm. A-Húnv. (JPálm). Hún er um það, að við 31. gr. bætist það ákvæði, að framlaga, sem tilskilið er í frv. að greidd verði úr bæjar- og sýslusjóðum, verði ekki krafizt, fyrr en sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþ., að svo skuli vera. Mjög líklegt er, að sýslunefndir taki þessu máli vel og vilji veita þá fjárupphæð til bókasafna, sem gert er ráð fyrir, enda hafa margar sýslur lagt töluvert af mörkum í þessu skyni að undanförnu. En menntmn. telur ekki óeðlilegt, að sýslunefndir fái um þetta að fjalla, áður en slík framlög eru innheimt, og er þess vegna meðmælt því, að brtt. á 682 verði samþ.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Mér hefur verið bent á það, að nauðsynlegt væri að gera nokkra breytingu á þeirri brtt., sem ég hafði hér lagt fram á þskj. 653, b-lið fyrri till., en till. mín hljóðar á þessa leið: „Hvert sveitarfélag skal hafa rétt til þess að velja sjálft um það, hvort það vill vera þátttakandi í héraðsbókasafni eða vill aðeins byggja upp sitt sveitarbókasafn."

Mér hefur verið bent á, að réttara mundi vera, að þarna standi: „hvort það vill vera þátttakandi í bæjar- eða héraðsbókasafni", þar sem frv. gerir nokkurn mun á héraðsbókasafni og bæjarbókasafni, en það var fyllilega meining mín, að þau sveitarfélög, sem þarna ættu val um það, hvort þau vildu vera með í héraðsbókasafni, gætu einnig átt val um það að vera með í viðkomandi bæjarbókasafni. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. við þessa brtt. mína, fyrst og fremst til þess að leiðrétta þetta, en hún kemur að sjálfsögðu svo seint fram, að ég þarf að leggja hana fram hér skriflega, og vil ég því biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Að öðru leyti get ég verið fáorður um þetta mál. Það hefur þegar verið rætt allmikið. Ég vildi þó segja það, að mér þykir nokkuð miður, að hv. menntmn. hefur ekki treyst sér til þess að fallast á mína till., þar sem gert var ráð fyrir því, að bæjarfélög hefðu rétt til þess að vera ein sér um sín bókasöfn, en væru ekki neydd til þess að vera saman í bókasafnshverfi með hlutum úr nálægum sýslufélögum þrátt fyrir vilja kannske beggja aðila, og ég er ákaflega hræddur um, að það eigi eftir að koma í ljós, að það verði einhver dráttur á því, að sum bæjarfélög eða sum sveitarfélög vilji gangast undir löggjöfina eins og hún er, ef hún verður samþ. í því formi, sem hún liggur hér fyrir.

Á sama tíma sem hv. menntmn. treystir sér ekki til þess að veita bæjar- og sveitarfélögum þennan rétt, að þau megi velja um það, hvort þau vilja vera með í tilteknu bókasafnshverfi eða vera ein sér, þá fellst n. þó á, að samþ. verði brtt. á þskj. 682, þar sem l. eiga ekki að koma til framkvæmda á hinum einstöku stöðum, fyrr en bæjar- og sveitarfélög og sýslufélög hafa fallizt á ákvæði laganna. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé að vísu rétt að samþ. þessa till., en ég

hefði talið miklu eðlilegra, um leið og þessi till. er samþ., að þá væri þó gert ráð fyrir því í l., að heimilt væri að víkja frá þeim reglum, sem eru alveg fastskorðaðar í 2. gr. frv. um bókasafnshverfi. Nú mundi framkvæmdin verða sú, ef einstakur kaupstaður eða hluti af sýslufélagi felldi sig á engan hátt við þá skipan, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir og frsm. menntmn. sagði að mundi í ýmsum tilfellum mjög geta orkað tvímælis að skipta landinu niður á þennan hátt, að þó að þessir aðilar féllust engan veginn á þessa skipan, sem lögð er til í frv., og vildu þar af leiðandi ekki ganga undir löggjöfina, þá yrðu þau áfram að standa fyrir utan, því að það yrði að gera hér lagabreytingu á Alþ. á þessari skipan. Miklu réttlátara hefði verið og hentugra að gera ráð fyrir því, að sveitarfélögin sjálf, bæjar- og sýslufélög, fengju að hafa eðlilegan tillögurétt um það, hvort þau vilja vera í þessu eða hinu bókasafnshverfinu.

Það er líka alveg augljóst mál um bæjarfélög, sem búin eru að reka sjálfstæð bókasöfn um margra ára skeið, byggja þau upp og festa rekstur þeirra í formi og eiga þarna mikil verðmæti, að það er ákaflega eðlilegt, að það þurfi til þeirra aðila að leita, ef á nú allt í einu að fara að breyta þessu formi öllu og að slengja þeim saman við óviðkomandi aðila að meira eða minna leyti um samrekstur á þessu bókasafni. En það verður auðvitað að gerast, sem meiri hluti hv. d. vill í þessu efni. Mín till. er skýr. Ég legg til, að bæjarfélögin og sveitarfélögin megi ráða nokkru um þessa skipan, en þessu verði ekki slegið algerlega föstu, eins og frv. gerir ráð fyrir.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst dálítið einkennileg afstaða hv. menntmn. í sambandi við þá till., sem við flytjum hér, tveir þm. Reykv., segir frsm. hv. n., að það mundi raska kerfinu, sem væri í 2. gr.

Nú virðist — eftir ræðu hans að dæma — hv. n. ekki hafa skilið alveg rétt, hvað það var, sem við fórum fram á. Hann talaði um, að við færum fram á, að Kópavogur yrði gerður að sérstöku bókasafnshverfi. Svo er ekki. Það, sem okkar brtt. fer fram á, er, að Reykjavík sé gerð að sérstöku bókasafnshverfi og að Kjósarsýsla sé gerð að sérstöku bókasafnshverfi, en aðsetur safnsins í því hverfi, sem yrði Kjósarsýsla, væri Kópavogur. Ég fæ ekki séð, hvaða rök það eru, sem mæla með því, að Reykjavíkurbær sé ekki fær um að vera eitt bókasafnshverfi. Ég hélt, að Reykjavík með sína 60 þúsund íbúa stæði undir slíku, og ég a. m. k. vildi sem fulltrúi Reykjavíkur alveg frábiðja mér það, að litið væri þannig á Reykjavík, að hún gæti ekki staðið undir því að vera sérstakt bókasafnshverfi út af fyrir sig og þyrfti endilega þess vegna að fá einhverja aðstoð frá Kjósarsýslu til þess að ráða sínu eigin bókasafni. Ég held, að ef það væri nokkur fulltrúi fyrir Kjósarsýslu hér, þá mundi hann segja það sama, að þeir væru alveg færir um það sjálfir í sýslunni að ráða sínu bókasafni, enda hafa þeir ýmis myndarleg bókasöfn nú þegar.

Ég fæ þess vegna ekki séð, að þessi till. raski þessu kerfi, sem hér er; hún bara bætir þetta kerfi, sem þarna er lagt til. Og ég held, að þegar einhverjir embættismenn í stjórnarráðinu útbúa hluti um, hvernig eigi að kerfisbinda, hvort heldur það eru læknishéruð eða bókasafnshverfi eða annað slíkt, þá verði þeir að sætta sig við, að það sé Alþ., sem ræður þessu, og að það sé ekki til neins að koma með svona röksemdir við okkur, að einhverju, sem einhver maður, einhver embættismaður eða kannske ekki einu sinni embættismaður, hefur úthugsað í sambandi við einhverja stofnun, megi ekki raska hér á Alþ. Við erum til þess hér að ákveða, hvernig þetta eigi að vera, og það, sem við gerum, er ekki röskun; það, sem við gerum, er að ákveða þetta, setja þetta í lög. Þess vegna vil ég alveg frábiðja mér svona röksemdir. Þær eiga ekki við, og ég sé ekki, að hvaða leyti er einhver röskun á þessu. Ég sé ekki annað en að þetta sé bein endurbót á þessu. Svona rök á ekki að bera á borð.

En svo segir sama hv. menntmn. í sambandi við þá till., sem er á þskj. 682, að ákvæði 7. gr. um fjárframlög þurfi ekki að koma í framkvæmd, fyrr en viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd hefur samþykkt það. M. ö. o.: ef helmingurinn af öllum sýslunefndum eða bæjarstjórnum landsins ákveður, að þær ætli nú ekki að byrja á þessum framlögum, þá má það bíða í það endalausa. Það er engin röskun. Mér skilst þó, að það sé einmitt einn af þeim virkilega góða tilgangi með þessu frv. að reyna að tryggja, að þessi framlög séu gerð af öllum aðilum til þessa ágæta máls. Það á ekki að vera röskun, en hitt á að vera röskun að ákveða, að Reykjavík megi vera út af fyrir sig og Kjósarsýsla út af fyrir sig. Ég fæ ekki skilið þessa röksemdafærslu. Ég held þess vegna, að þessi brtt. okkar um, að Reykjavík fái að vera út af fyrir sig og Kjósarsýsla sérstök, eigi að samþykkjast, enda skildist mér nú á hv. frsm. n., að það mundu ýmsir menn í hv. menntmn. vera með slíku.

Þá er spursmálið um sérmenntunina. Ef það hefði verið landbn., sem hefði átt að fjalla um þetta, það hefði verið landbúnaðarmál og það væri búnaðarráðunautur, sem hefði verið rætt um, þá hefði þótt sjálfsagt að gera að skilyrði, að hann hefði sérmenntun, en fyrst það eru hin svokölluðu andlegu mál, þá er kannske ekki nauðsyn á því. Ég held þess vegna, að sú till. mín eigi fullan rétt á sér.

En höfuðáherzlu vil ég þó leggja á, að það sé leyfilegt fyrir Reykjavík að fá að vera sérstakt bókasafnshverfi. Fæ ég alls ekki skilið, að hægt sé að hafa á móti því. Ég man ekki eftir, í fljótu bragði a. m. k., neinni kerfaskiptingu í landinu, viðvíkjandi læknishéruðum eða slíku, að Reykjavík sé þó yfirleitt ekki höfð þar út af fyrir sig. Ég vil aðeins benda á, að þetta mundi þýða m. a. að svipta eðlilegan meiri hluta í bæjarstjórn Reykjavíkur yfirráðum yfir bókasafni Reykjavíkur, því að Kjósarsýsla er þarna með og hlýtur að hafa þarna einhvern fulltrúa. Við skulum segja, að það væru 5 fulltrúar og væru kosnir 4 frá Reykjavík og einn frá Kjósarsýslu. Það þýðir, að sá meiri hluti, sem væri t. d. í Reykjavík, við skulum segja eins og nú er, hefur þarna 2 fulltrúa, og það þýðir, að fulltrúinn frá

Kjósarsýslu getur myndað þarna meiri hluta. Ég held, að þetta sé alls ekki viðkunnanlegt.

Svo vil ég aðeins benda á: Ef það væri nú t. d. samþykkt af hálfu Reykjavíkurbæjar að fresta því að taka þátt í þessu, en Kjósarsýsla ákvæði hins vegar að taka þátt í því, hvernig verður þetta þá? Ég held, að þetta ætti að athugast betur hjá hv. n.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 694) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 680,1 samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GilsG, GíslG, GJóh, KS, GÞG, HelgJ, KGuðj, LJós, MJ, GMM, BergS, BÓ.

nei: EI, HÁ, IngJ, JPálm, GGísl, JörB, KJJ, PÞ, PO, SB.

SkG, StgrSt greiddu ekki atkv.

10 þm. (EggÞ, EirÞ, EmJ, EystJ, HV, JóhH, JR, ÓTh, SÁ, ÁB) fjarstaddir.

Brtt. 694 samþ. með 17:1 atkv.

— 653,1 felld með 13:10 atkv.

— 680,2 samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HelgJ, IngJ, JPálm, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, PO, GMM, BergS.

nei: EirÞ, HÁ, SB.

EI, KS, GGísl, JörB, PÞ, SkG, StgrSt, BÓ greiddu ekki atkv.

9 þm. (EggÞ, EmJ, EystJ, HV, JóhH, JR, ÓTh, SÁ, ÁB) fjarstaddir.

Brtt. 651,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 681 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 651,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 652 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 653,2 felld með 16:9 atkv.

— 655 felld með 14:7 atkv.

— 649 tekin aftur.

— 682 felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KS, HÁ, HelgJ, JPálm, KGuðj, LJós, PÞ, PO, GMM, SkG, EirÞ, GJóh.

nei: GÞG, GGísl, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, SÁ, StgrSt, BergS, BÓ, EI, GilsG, GíslG, SB.

IngJ, EOl greiddu ekki atkv.

7 þm. (HV, JóhH, JR, ÁB, EggÞ, EmJ, EystJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 708).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 5. mai, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 708, 741).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið nokkrum breytingum í hv. Nd. Tel ég víst, að hv. þm. hér í deild hafi kynnt sér þær breytingar. Skal ég því ekki a. m. k. fara langt út í það, en ef til vill síðar nefna sumar af þeim breytingum. En þess hefur ekki verið gætt, þegar frv. var samþ. í Nd., að það er orðin breyting á héraðaskipun, að Kópavogur eða Kópavogshreppur er orðinn kaupstaður eða Alþingi a. m. k. búið að samþykkja lög um það, að hann skuli verða kaupstaður, og þarf að taka tillit til þess í þessu frv. Þess vegna ber menntmn. fram brtt. á þskj. 741 um að laga þetta, að í staðinn fyrir „Kjósarsýsla", sem er 2. tölul. í 2. gr., komi: Kópavogskaupstaður og Kjósarsýsla, — og svo í 3. gr., þar sem er talað um staðsetningu héraðsbókasafna og stendur „Kópavogur", þá komi í staðinn: Kópavogskaupstaður.

Af nýmælum, sem hv. Nd. hefur sett inn í frv., er helzt að nefna, að ákveðið er, að sýslusjóður greiði til hreppsbókasafna 3 kr. á íbúa hreppsins. Þetta var ekki áður. Og tillag ríkissjóðs, sem ákveðið er í 13. gr., síðari málsgr., er hækkað úr 10 kr. í 20 kr. Smábreytingar eru fleiri, sem ég vil ekki eyða tíma til að minnast á.

Það er því nú till. menntmn., að frv. verði samþ. með breyt. á þskj. 741.

ATKVGR.

Brtt. 741 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 85. fundi í Nd., 6. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 752).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 770).

---

## 39. Ríkisborgararéttur.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar** [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Í frv. það, sem hér liggur fyrir um veitingu ríkisborgararéttar, hafa aðeins verið teknir fjórir umsækjendur. En þannig stendur á, að dómsmrn. tók nú upp þá nýbreytni frá því sem verið hefur, að auglýst var eftir umsækjendum um ríkisborgararétt, og var beint til þeirra, að þeir skyldu hafa gefið sig fram á tilteknum tíma, sem var miðað við, að hægt væri að kynna sér nokkuð umsækjendur með hæfilegum fresti, áður en Alþingi kæmi saman. Þó að tekið væri fram, að auglýst væri eftir endurnýjun umsókna þeirra, sem áður höfðu sótt og ekki fengið réttinn, þá hafa enn aðeins borizt umsóknir frá þremur af þeim sjö, sem voru upphaflega í frv. því, sem lá fyrir síðasta þingi og varð ekki útrætt þá. Og við þessa þrjá, sem dómsmrn. hafði tekið upp í frv. sitt fyrir síðasta þing, hefur aðeins einn umsækjandi bætzt, sem fullnægir hinum ýtrustu

kröfum um dvalartíma hér á landi, en rn. hafði haldið sér við þær kröfur, sem áður hafði verið fylgt frekast í þessum efnum. Hins vegar, eins og þingmenn ef til vill muna, voru komin 37 nöfn á frv., er það dagaði uppi á síðasta þingi, og var verulegur ágreiningur milli hv. Ed. og Nd. um þær meginástæður, sem ættu að ráða því, hvort menn skyldu fá ríkisborgararétt eða ekki. Rn. hefur ekki viljað blanda sér í þessar deilur og þess vegna haldið sér við þessar reglur, sem það áður hefur fylgt um undirbúning frv., og eftir þeim komust ekki fleiri af umsækjendum að en þeir fjórir, sem hér eru taldir. Hins vegar verða auðvitað umsóknirnar allar, sem koma, jafnóðum og þær koma, sendar til nefnda Alþingis, og geta þá nefndirnar tekið til athugunar, hvort þær vilja hvor um sig leggja til, að málið verði afgreitt eins og þær gerðu í fyrra, eða hvort reynt er að fá samkomulag milli deildanna um reglur, er hægt yrði þá að fylgja í framtíðinni og undirbúa slík lög hér eftir með hliðsjón af þeim reglum, sem vitað er að Alþ. muni fylgja, en engar slíkar reglur eru nú fyrir hendi.

Ég kemst svo ekki hjá því að vekja athygli á, að við höfum hér upp í 2. gr. frv. tekið það ákvæði, sem undanfarið hefur verið samþykkt á Alþingi og við töldum rétt að því fylgdi með hér, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt eftir lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkv. lögum o. s. frv. Við framkvæmd þessa ákvæðis mundi hins vegar strax koma verulegt vandamál, þar sem er fyrsta nafnið, sem hér er talið, þar sem er Adolf Björn Petersen, sem hefur að vísu misst íslenzkan ríkisborgararétt, en er fæddur Íslendingur og af íslenzku bergi brotinn mann fram af manni, þó að hann beri þetta nafn með nokkuð erlendum keim. En ég mundi hafa tilhneigingu til að líta svo á, að þótt maður beri slíkt erlent ættarnafn, sem hefur viðgengizt hér áratugum saman, ef ekki lengur, verði það í þessu sambandi að teljast íslenzkt nafn og eins hans fornafn. En það eru mörg vandamálin, sem upp koma við samningu slíkra frv., og ég vildi vekja athygli á því við hv. n., að við athugun málsins sýndist okkur verulegur vafi á, hvernig um þetta atriði mundi fara. — Ég legg svo til, að málið fari til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 472, 473, 474).

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Ég get látið nægja að vísa til nál. allshn., sem er á þskj. 472, þar sem gerð er grein fyrir till. n., sem hún flytur við frv., og færðar fram höfuðástæðurnar fyrir því, að n. leggur til, að menn þeir, er getur um á þskj. 473, fái íslenzkan ríkisborgararétt.

Ég ætla, að hv. þm. geti af nál. séð ástæðurnar fyrir því í grundvallaratriðum, á hverju nefndin byggir þessar till. sínar. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að vera má, að n. hafi ekki borizt allar þær till., sem snerta umsóknir þeirra manna, er í þetta sinn hafa óskað eftir að fá íslenzkan ríkisborgararétt, því að þeir eru miklu fleiri en kemur fram á þskj. 473. Það eru allmargir menn, sem skortir ýmislegt á, að n. gæti tekið tillit til óska þeirra. Ég hef t. d. orðið þess var um eina umsókn, að þau skjöl, sem áttu að fylgja umsókninni, eru nýlega komin fram, og mun n. taka það ásamt öðrum atriðum til frekari íhugunar á milli 2. og 3. umr.

Viðvíkjandi till. n. að öðru leyti, þá eru hér þrír menn, sem eru á þskj. 473 og ekki uppfylla nákvæmlega þau skilyrði, sem n. varð að leggja til grundvallar. En umsóknir þessara manna eru þess eðlis, að n. sýndist sanngjarnt og rétt að verða við óskum þessara þriggja umsækjenda. Ég vil í því sambandi fara um þær nokkrum orðum.

Það er þá tölul. 13. Það er Guðrún Ólafsdóttir, sem er fædd á Íslandi, hefur heimilisfang sitt nú í Reykjavík, er af íslenzku foreldri og hér upp alin. Fór til Ameríku og dvaldi þar afar lengi. Er nú nýlega komin hingað til lands og er hjá venzlafólki sínu eða skyldfólki hér í Reykjavík. Þessi kona er fædd 1879, svo að hún er mjög við aldur, og ætlar sér að dvelja hér heima það sem eftir er ævinnar. N. sýndist, þar sem svona stendur á, að sjálfsagt sé að verða við óskum þessarar konu, og þess vegna leggur n. til, að hún fái hér íslenzkan ríkisborgararétt, því að með dvöl sinni erlendis hafði hún tapað honum.

Þá er tölul. 30. Það er Kolsö, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, sem fæddur er í Noregi 1902. Þessi maður kom hingað til Íslands 1942. Hann kvæntist íslenzkri konu 1943 og hefur átt hér heima síðan, en stundum hefur hann fallið út af manntali, og það er sakir þess, að hann hefur haft sína atvinnu í siglingum á erlendum skipum. Þessi hjón eiga 3 börn, og jafnan þegar hann hefur haft frí, hefur hann komið hér heim til fjölskyldu sinnar og verið á meðan fríið varði. En að því loknu hefur hann aftur farið til atvinnu sinnar, til siglinga. Stundum hefur hann verið sem stýrimaður á skipum, en stundum sem skipstjóri. Hann hefur ekki getað fengið hér þessa atvinnu, sakir þess að hann er ekki íslenzkur ríkisborgari, og hefur því ekki getað stundað sína atvinnu hér og orðið þess vegna að leita í siglingar til annarra landa. N. sýndist, þar sem komið er í ljós um jafnlangan tíma, að maðurinn hefur rækt sínar skyldur við sitt heimili og borið mjög fyrir brjósti hag sinnar fjölskyldu og í hvert sinn, sem eitthvert hlé varð á atvinnu hans eða hann hefur fengið frí frá störfum, þá hefur hann komið heim og verið hjá fjölskyldu sinni, að þar sem svo stæði á, þá væri sjálfsagt að verða við óskum þessa manns og veita honum íslenzkan ríkisborgararétt, þar sem enn fremur maðurinn getur ekki annað vegna starfa síns en leitað í burtu, unz hann fær íslenzkan ríkisborgararétt. Þetta sýndist n. svo ríkar ástæður, að það væri hvorki sanngjarnt né rétt að neita manninum um íslenzkan ríkisborg-

ararétt. Þau meðmælaskjöl, sem hann leggur fram, eru hin ágætustu um framkomu hans og hegðun alla, og sú vitneskja yfir höfuð, sem menn hafa um hann, ber honum gott vitni. Fyrir þessar sakir leggur n. til, að hann fái íslenzkan ríkisborgararétt.

Þá er þriðji maðurinn. Það er töluliður 33 á þessu sama þskj. Það er Kuhn, Dietrich, námsmaður. Móðir þessa pilts er íslenzk, en dvelur erlendis, er með manni sínum þar. Faðir þessa pilts er mikill Íslandsvinur. Pilturinn var hér um nokkurt skeið. Hann kom hingað til lands 1945 og dvaldi hér þar til í október 1949. Þá fór hann heim til foreldra sinna og dvaldi hjá þeim þar til í fyrra, að hann kom aftur hingað til Íslands. Hér gekk hann í skóla, og prófskírteini hans sýnir, að þessi piltur er ágætlega gefinn. Hann hefur í námsgreinum ágætispróf. Og hans meining er að setjast hér að. Honum hefur fallið dvölin svo vel hér heima, að hann hugsar sér að lifa og starfa hér. Undireins og hann kom á s. l. sumri til landsins, fór hann upp í sveit og dvaldi þar fram á haust. Nú mun hann í vetur vera hér hjá frændfólki sínu í bænum við nám, að því er mér er tjáð. Næsta vetur ætlar hann sér á búnaðarskóla hér á landi. Hann hefur í hyggju að gerast bóndi á Íslandi. Honum fellur svo vel við þau störf, að hann kýs sér ekkert annað fremur að ævistarfi. Þar sem svona er nú ástatt um þennan unga mann, öll vitneskja, sem fyrir liggur um hann, er með ágætum, hann er í aðra ætt af íslenzku bergi brotinn, og loks, að faðir hans er mikill Íslandsvinur, þá sýndist nefndinni, að það væri rétt að verða við óskum þessa unga manns. Af þessum ástæðum leggur n. til, að honum verði nú veittur ríkisborgararéttur. Hann er fæddur, þessi piltur, 1934, svo að hann er nú rétt tvítugur að aldri.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar af hálfu nefndarinnar. Ég ætla mér sé óhætt að taka fram, að það muni ekki vera innan n. neinn ágreiningur um þær tillögur, sem n. flytur og eru á þskj. 473. Á þskj. 474 liggur hér fyrir brtt., en hv. flm. hennar hefur ekki gert grein fyrir henni enn, og ég læt bíða að gera hana að umtalsefni.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Í þessu frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að þeir nýju ríkisborgarar, sem fá ríkisborgararétt með frv., ef að lögum verður, skuli fyrir það greiða það gjald að skipta um nafn og taka upp íslenzkt heiti. Sá háttur hefur verið hafður á nú í nokkur skipti um þetta efni, að slíkt skilyrði hefur verið sett fyrir veitingu ríkisborgararéttarins. Ég hef flutt brtt. um þetta atriði og þá við þau tækifæri flutt þau rök, sem ég hef talið vera gegn þessari ráðstöfun. Ég skal að þessu sinni ekki rekja þau rök öll, því að ég hygg, að hv. alþm. séu þau kunn í aðalatriðum, frá því að mál þetta hefur verið áður til umr. hér í þessari hv. deild.

Ég skal láta mér nægja í þetta skipti að benda á, að það mun vera einsdæmi meðal nágrannaþjóða a. m. k., að slíkt skilyrði sé sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, að menn verði að segja skilið við fyrra nafn sitt og taka upp nýtt. Ég tel, að engin löggjafarsamkoma geti í raun og veru sóma síns vegna sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar skilyrði, sem snerta svo náið persónuleg réttindi manna eins og það hlýtur að teljast að fá að bera til æviloka það nafn, sem manni hefur verið gefið í skírninni. Hitt er annað mál, að ég viðurkenni fúslega, að sökum þess, hve íslenzkt mál er sérstætt og lýtur að ýmsu leyti sérstökum reglum, er Íslendingum í þessum efnum nokkur vandi á höndum. Ég viðurkenni fúslega, að það er ekki æskilegt, að í málinu festist erlend nöfn. Þess vegna tel ég réttmætt og sjálfsagt að ganga eins langt og unnt er til móts við það sjónarmið, en án þess þó að skerða þein persónuleg réttindi manna, eins og ég tel að gert verði, ef fullorðinn maður er skyldaður til að leggja til hliðar nafn sitt.

Í þessu sambandi vil ég einnig á það minna og undirstrika, að þegar löggjafarsamkoman veitir erlendum mönnum ríkisborgararétt, þá er hún engan veginn að gera ráðstöfun, sem sé þeim mönnum einum í hag, þannig að ástæða sé til þess að láta þá greiða gjald fyrir, heldur eru það eða ættu að vera einnig íslenzkir hagsmunir að fá nýja og nýta ríkisborgara til starfs í þágu hins íslenzka samfélags. Ég teldi sem sagt mjög æskilegt, ef hægt væri að sameina þetta tvennt, það, að komandi kynslóðir beri sem minnst af erlendum nöfnum, og hitt, að ganga ekki á persónulegan rétt manna með þeim hætti að gera þeim á fullorðinsárum skylt að segja skilið við nafn það, sem þeir hafa borið frá barnæsku. Þetta er hægt að gera með þeim ofur einfalda hætti að leyfa þeim mönnum, sem nú er gert ráð fyrir að verði ríkisborgarar, að halda hinu erlenda ættarnafni sínu, en skylda þá til að taka upp íslenzkt fornafn, en láta síðan börn þessara aðila, þ. e. a. s. alla niðja þeirra, kenna sig við föður sinn með sama hætti og venja er að íslenzkum lögum. Með því móti er hvort tveggja fengið, það er tryggt, að erlend ættarnöfn festist ekki hér á Íslandi, en hitt er líka fengið, að fullorðnum mönnum er ekki lögð á herðar sú skylda að segja skilið við nafn sitt. Hér er um að ræða málamiðlun, sem ég hygg að sanngjarnir menn hljóti við athugun að fallast á að er skynsamleg, og ég skil ekki, að þeir geti haft á móti því, sem hafa haft það sem aðalröksemd, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir, að óbornar kynslóðir hér á Íslandi beri erlend nöfn. Það er tryggt, ef þessi hugmynd nær fram að ganga, og þá hitt jafnframt, að þau skilyrði, sem ég tel að séu vansæmandi og sett hafa verið nú í nokkur skipti, verði felld niður.

Í framhaldi af þessu ætlum við fimm þm. að leyfa okkur að flytja skriflega brtt., sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Flm. eru auk mín Helgi Jónasson, Jónas Rafnar, Gils Guðmundsson og Karl Guðjónsson. Till. hljóðar svo:

„2. gr. orðist svo:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn. Sama skal gilda um barn, sem fær ríkisfang samkvæmt lögum þessum með foreldri sínu, en kenna skal það sig við

föður, móður eða kjörföður samkv. lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laga þessara, skulu á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður."

Ef þessi till. nær fram að ganga, þá tel ég, að þeir, sem á undanförnum þingum hafa lagt höfuðáherzlu á að koma í veg fyrir, að erlend nöfn skjóti rótum hér á Íslandi, hafi fengið sitt mál fram. Jafnframt er það tryggt, að enginn fullorðinn maður þarf að greiða fyrir ríkisborgararéttinn íslenzka með því að segja skilið við nafn sitt. Mér er persónulega kunnugt um, að fjölmörgum mönnum, sem þessi regla hefur verið látin ná til undanfarið, hefur verið þetta mikið tilfinninga- og sársaukamál. Þeim hefur verið það mjög nauðugt að þurfa að greiða þetta verð fyrir að fá ríkisborgararéttinn. Þess vegna er mikilvægt, að snúið verði nú við á þessari braut. Ég endurtek það enn, að ég ber fulla virðingu fyrir því sjónarmiði, sem flutt hefur verið í þessu máli á undanförnum þingum, að rétt sé að halda tungunni sem hreinastri af erlendum nöfnum, sem ekki lúta íslenzkum lögmálum. Ég tel, að í þessari till. sé þessu sjónarmiði full virðing og viðurkenning sýnd, en hinn mikla kost hennar þann, að með því móti yrði ekki gengið svo mjög á persónulegan rétt nokkurs manns eins og gert mundi vera, ef frv. næði fram að ganga óbreytt.

Umr. frestað.

Á 65., 66., 67., 68., 69. og 71. fundi í Nd., 25., 28., 29. og 31. marz, 4. og 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 3, n. 472, 473, 474, 495, 498, 509).

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að hv. þm., sem lagt hafa fram brtt. við frv. á þskj. 474, 495, 498 og 509, tækju þær aftur til 3. umr., og mun þá n. taka till. til athugunar og gera sínar till. í sambandi við þessar brtt., ef henni finnst ástæða til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 474, 495, 498, 509 teknar aftur til 3. umr.
— 473 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 601, 474, 495, 498, 509, 602, 603, 606, 619, 621).

Afbrigði um brtt. 619 og 621, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta mál milli umræðna, 2. og 3. umr.

Fram á síðustu stundu hafa verið að berast óskir um ríkisborgararétt og það fleiri en n. hefur treyst sér til að mæla með.

N. leggur til, að til viðbótar þeim till., sem hún gerði fyrir 2. umr., verði 10 mönnum veittur ríkisborgararéttur, og réttur þeirra til þess kemur heim við þær reglur, er n. lagði til grundvallar fyrir till. sínum fyrir 2. umr.

Síðasta till., b-liður á þskj. 606, er um, að fellt verði niður síðasta nafnið í brtt., sem n. gerði fyrir 2. umr. Það er sakir þess, að sú kona, sem hafði óskað eftir ríkisborgararétti, hefur nú flutt úr landinu, flutt til útlanda, og þess vegna gerir nefndin að tillögu sinni, að nafn hennar verði fellt niður.

Um einstakar till., sem n. leggur til, þarf ég ekki að fjölyrða, en eina af þeim till., sem fyrir lágu við 2. umr. og er á þskj. 474, hefur n. tekið til greina. Aðrar till., sem fyrir lágu við 2. umr. og voru teknar aftur til 3. umr., þ. e. till. á þskj. 495 og á þskj. 509, svo og brtt. á þskj. 602 og á þskj. 603, getur n. ekki fallizt á, og það er sakir þess, að það fólk, sem þær fjalla um, skortir nokkuð upp á, að það fullnægi þeim skilyrðum, sem n. lagði til grundvallar fyrir till. sínum, og ég ætla, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. Alþ. að taka upp einhverjar fastar reglur í þessu efni, að fólkið sé búið að dvelja og kynna sig hér um nokkurra ára skeið, áður en það öðlast ríkisborgararétt. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að þingið taki þar upp fasta reglu, til þess að ekki sé stefnt í óefni. Ríkisborgararétturinn er það mikilvægur fyrir hvern þegn, að þegar um útlending er að ræða, má ekki minna vera en menn hafi haft um nokkurt skeið kynni af manninum og hátterni hans, áður en hann fær þennan rétt. Undir þeim kynnum á það svo að vera komið, hvort hann öðlast þennan rétt eða ekki. En þegar menn hafa dvalið tilskilinn tíma og sýnt með hérveru sinni, að um góða menn og gegna er að ræða, þá álít ég, að eigi að veita slíku fólki þennan rétt.

Ég vil vísa hv. þm. til nál., sem n. gaf út fyrir 2. umr. og er á þskj. 472. Þar geta menn séð, hver eru þau almennu skilyrði, sem n. hefur lagt til grundvallar. Það gat ég um við 2. umr., og ég fer ekki að endurtaka það.

Svo eru till. á þskj. 619 og 621 frá nokkrum hv. þm. N. vannst ekki tími til þess að athuga þessar till. Ég held, að ég kannist við þau nöfn, sem á þessum brtt. eru, og að það skorti upp á, að þeir uppfylli þau skilyrði, sem n. lagði til grundvallar fyrir till. sínum. Ég held, að það sé rétt, en ég vil þó ekki staðhæfa það, af því að við höfum ekki getað athugað skjölin, sem fyrir þinginu liggja um þessar umsóknir, en hv. þm., sem að þessum till. standa, hafa vafalaust kynnt sér það, hvort þeir uppfylla þau skilyrði, sem n. hafði fyrir till. sínum. Ég vil því mega vænta þess, að hv. flm. haldi þessum till. ekki mjög fram, ef þessa menn skortir eitthvað upp á, að þeir fullnægi skilyrðunum. Þeir fá vafalaust þennan rétt, ef þeir dvelja hér áfram og kynna sig vel, og mér finnst, að þeir verði að láta sér

það lynda eins og aðrir að bíða þennan tilskilda tíma eftir þessum réttindum.

Þá er hér brtt. á þskj. 498, sem varðar nöfnin. Eins og hv. þm. vita, hefur nú um nokkurra ára skeið verið gert að skilyrði, að þeir menn, sem vildu öðlast íslenzkan ríkisborgararétt og hétu erlendum nöfnum, tækju sér ný heiti, íslenzk nöfn, sem lytu lögmálum íslenzkrar tungu. Þingið hefur fyrir nokkrum árum tekið ákvörðun um þetta og haldið fast við þessa ákvörðun, eins og sjálfsagt er. Mér finnst, að það eigi illa við fyrir Alþ. að láta eitt gilda í dag og annað á morgun um slíkt atriði sem þetta. Það benti til fullmikils festuleysis og hringlandaháttur af hálfu Alþ., ef það færi að gera breytingu á þessu, það væri engan veginn viðkunnanlegt, og það er ekki hægt að segja það, að það væri fullkomlega réttlátt gagnvart þeim mönnum, sem búnir eru að fá íslenzkan ríkisborgararétt og uppfylla þau skilyrði um þetta efni, sem Alþ. hefur sett. En þó er engan veginn hægt að segja, að það sé aðalatriðið í þessu máli. Aðalatriðið er, hvort menn vilja vera á verði um íslenzka tungu og íslenzkt mál, og ég verð að segja, að mér þykir mikið miður að sjá nöfn þeirra flm. á þessari till., sem að henni standa.

Ég ætla, að sagan sýni, að hver sú þjóð, sem er nokkurs nýt, metur sína tungu, sýnir ræktarsemi fortíð sinni og forfeðrum. Tvær þjóðir hafa verið tilnefndar sem dæmi um mikla menningu og þroska í þessum efnum. Önnur þjóðin er Hellenar hinir grísku, en hin þjóðin Íslendingar. Mér segja málfróðir menn, að í hellenskri tungu sé mjög lítið af útlendum orðum og þar hafi Hellenar verið mjög á verði að taka ekki upp í sitt móðurmál útlend heiti nema mjög lítið. Þó er það þessi þjóð frá fortíðinni, sem mestur ljómi er yfir um bókmenntaleg afrek og bókmenntalega menningu, og af þeim brunni hafa menn fyrr og síðar ausið í þessum efnum. Hin þjóðin, eins og ég minntist á áðan, sem hefur verið mjög á verði um þetta, er Íslendingar. Andleg afrek hinna fornu Íslendinga hafa verið gullnáma, ekki eingöngu okkar, heldur og allra Norðurlanda og germanskra þjóða.

Íslendingar hafa að vísu tekið upp allmörg orð í sína tungu, en þeir hafa samt sem áður reynt að vera á verði fyrir því, að málið spilltist ekki.

Þegar aðrar þjóðir suður í álfunni tóku upp í sín mál erlend orð og erlend heiti, leiddu latneskuna til öndvegis, eins og margar þjóðir suður í Evrópu gerðu, var það byrjunin til þess, að tunga þeirra brjálaðist og breyttist, og að lokum varð hún lítt þekkjanleg. Fyrir þessar sakir týndist þeirra tunga að miklu leyti. Hjá Norðurlandaþjóðunum, þó að það væri ekki af sömu rót runnið, fór á sama veg. Það var að vísu ekki latneskan ein, sem eyðilagði málin á Norðurlöndum, en móti tungumálum Mið-Evrópuþjóðanna var tekið af Norðurlandaþjóðunum, og þeirra tungur breyttust það mikið, að lítt urðu þær þekkjanlegar, miðað við það, er áður var. Þegar þessar þjóðir voru að týna sínum tungum, þá var það, að Íslendingar mótuðu og festu gullaldarmál vort.

Einn hluti tungunnar er eiginnöfnin. Hver maður hét sínu nafni og kenndur við föður sinn. Karlmenn kölluðust synir feðra sinna, en konur dætur þeirra. Nöfnin, þ. e. nafnorðin, eru sá þáttur tungunnar, sem er einna langminnugastur á sögu þjóðarinnar. Þarf ég ekki annað í því efni en benda hv. þm. á nöfnin í okkar máli, hvaða upplýsingar þau gefa um uppruna vorn, trú og búsetu. Hið sama má og segja um bæjarnöfnin. Þau tala sínu máli um það, hvernig útlit lands okkar hefur verið, þegar Íslendingar námu hér land í fornöld.

Þá er og annað atriði, sem gerir viðhald réttra nafna mikilsvert fyrir viðhald tungunnar. Þau eru allra orða geymnust á beygingar og réttar orðmyndir, öfugt við það, sem hinn nýi nafnasiður gerir, þar sem tekin eru upp óbeygjanleg orð. Beygingar hverfa úr málinu við töku slíkra heita, og þá ætla ég, að hraðinn verði nokkur til þess, að við týnum okkar máli.

Eiginnöfnin hafa því verið í þjónustu íslenzks þjóðernis, og þau munu verða það áfram, ef við ekki brjálum þau.

Nafnasiður vor er merki hins mikla einstaklingsfrelsis og einstaklingsfrjálsræðis, sem einkennir þjóð vora og er skuggsjá þeirrar virðingar, sem vér og forfeður vorir höfum jafnan borið fyrir konum og rétti þeirra. Rómverski nafnasiðurinn er aftur skuggsjá þess ófrelsis og ójafnaðar, sem ríkti hjá Rómverjum.

Geymni vor á tunguna hefur því gert þjóð vora mikilsmetna meðal þjóðanna og hefur vafalaust orkað að gera okkur aftur að frjálsri þjóð.

Mér sýnist, að okkur sé skylt að feta í fótspor feðra vorra um ræktarsemi og tryggð við tungu vora og þjóðerni.

Ekki þarf um það mikið að fjölyrða, hvernig fer um ættfræðina, þegar búið væri að innleiða hinn nýja nafnasið.

Í þeim till., sem fyrir liggja nú, er ætlazt til, að veittur verði 66 mönnum íslenzkur ríkisborgararéttur. Flest eru þetta útlendingar. Hvernig lízt mönnum nú á, þegar fram líða stundir, ef sá nafnasiður ætti að haldast hjá því fólki, sem ríkisborgararéttinn fær, og niðjum þess? Gera menn sér ekkert í hugarlund, hvernig málið mundi líta út eftir nokkra áratugi?

Nú veit ég, að einhver af þessum hv. flm. kann að segja, að það sé ekki meiningin, að börn þessa fólks haldi alltaf nafninu; það séu aðeins þeir, sem nú sé ríkisborgararéttinn veittur.

En ef við nú höfum ekki neina staðfestu í þessum efnum og höldum ekki betur þær ákvarðanir í þessu efni, sem við höfum gert, heldur en þetta, að við breytum nú undireins til, hvaða tryggingu höfum við þá fyrir því, að gengið verði eftir því, að börnin leggi niður ættarnafnið eða hin erlendu nöfn og taki upp íslenzk heiti? Því held ég að menn geti ekki gert mikið úr.

Nú ber þess líka að gæta, að miðað við það, sem áður var, eru samgöngur svo miklar nú og samband vort við aðrar þjóðir, að ósambærilegt er við það, er áður var. Þess vegna verðum við að vera enn betur og meira á verði en nokkru sinni áður um að gæta okkar tungu.

Hv. 1. flm. þessarar brtt., hv. 1. landsk., og ég verð að segja að mér þykir miður að sjá hans góða nafn þarna á þessari till., lét þess getið

sem meðmæla með þessari till., að það væri nokkurs virði fyrir okkur að fá þessa nýju þegna og það væri hálfgert harðræði gagnvart þeim að heimta, að þeir skiptu um nafn. En má ég spyrja: Hvað verða Íslendingar að gera, þegar þeir eru komnir til annarra þjóða og dvelja hjá þeim? Þeir verða að gera svo vel að láta sér lynda að skipta um nafn og taka upp heiti að meira eða minna leyti að háttum og lögmálum tungunnar í því landi, þar sem þeir dvelja.

Hvað er þetta svo mikill hluti af okkar þjóð, ef miðað er við tölu þjóðarinnar, sem hér er um að ræða? Það er sennilega ekki meira en 2 eða 3%, kannske ekki það, sem hér ræðir um. Getum við ætlazt til þess, að 97 eða 98% af þjóðinni setji tungu sína í hættu fyrir það að geta látið að óskum þessara manna?

Ég vil vona, að þetta fólk hugleiði það, um leið og það vill gerast íslenzkir þegnar, að þá sé það ekki að sækjast aðeins eftir réttindunum, heldur ætli það sér líka að uppfylla þær skyldur, sem því er samfara að fá íslenzkan ríkisborgararétt. Ég þykist þess fullviss, að það geri það, þegar það íhugar, hve mikilvægt þetta atriði kann að vera fyrir okkur og okkar þjóð.

Það er ekki svo að skilja, að ekki hafi það komið fyrir áður hjá okkur, að tekin hafi verið inn í tunguna erlend heiti, þó að hún hafi ekki beðið nein veruleg skakkaföll við það. En líka hefur það komið fyrir áður, að menn hafa verið misvel á verði um þetta atriði. Lærðu mennirnir hjá okkur höfðu það fyrir nokkru á orði, — síðan er að vísu liðin alllöng stund, — að það væri síður en svo á móti því að taka upp erlend orð í tunguna. Samt sem áður varð þetta ekki neitt verulegt. Og hverjir voru það þá, sem voru á verði um það, að þetta næði ekki fótfestu hér hjá okkur? Það var á þeirri tíð ómenntaða fólkið, sem kallað var. Það var alþýða landsins, sem var á verði og hélt fast við tungu feðra sinna, sýndi henni ræktarsemi og trú. Og ekki get ég neitað því, að einkennilegt finnst mér, þegar ég lít á, hverjir flytja þessa till., að það skuli þá að mestu leyti, ef ekki öllu, vera menn úr hópi þeirra manna, sem mundu vera kallaðir „lærðir menn“. Erum við þá ekki enn þá lausir við þennan vanþroska? Ég vil skírskota til alþýðu manna, að hún reynist eins og áður sjálfri sér trú, sýni fulla trúmennsku og ræktarsemi fortíð sinni og forfeðrum og sinni tungu og láti engum manni, sem stefnir að því að brjála okkar mál, heppnast það eða haldast það uppi.

Frændur vorir, Norðmenn, gripu til þess nokkru eftir aldamótin síðustu að setja löggjöf um nöfnin hjá sér. Það mikil ásókn var hjá þeim á að koma upp alls konar heitum og orðskrípum í sambandi við eiginheiti, að þeir sáu sig knúða til þess með löggjöf að koma í veg fyrir slíkt.

Því miður áttuðu þeir sig ekki nógu fljótt á því að gera það í tæka tíð, á meðan mál þeirra var óskemmt, en vafalaust hefur þetta gert sitt gagn, og efalaust hefur þeim heppnazt að sporna á móti því, að það héldi áfram að spillast.

Ég vil nú mega vænta þess, að hv. d. verði á verði um þetta mál og láti þá ákvörðun, sem Alþ. tók fyrir nokkrum árum, gilda áfram og að íslenzki nafnasiðurinn haldist. Nær væri fyrir okkur að fara fram á það, að farið væri að framkvæma betur en gert hefur verið hingað til nafnalögin frá 1925. Með þessum hv. flm. eða einhverjum öðrum, hverjum sem væri, vildi ég gjarnan ljá lið til þess að ganga eftir því, að þeirri löggjöf yrði vel framfylgt, því að það væri spor í rétta átt og það, sem við ættum að gera, en ekki að gera slíka undanþágu sem þessa eftir þeirri brtt., sem hér liggur fyrir. Það er spor í öfuga átt. Það er okkur einmitt sízt nú sæmandi að gera slíkt.

Ég vil nú mega vænta þess og beina þeirri ósk til þeirra hv. flm., sem að þessari brtt. standa, að þeir taki hana aftur, hún komi hér ekki til atkv. Það væri langsamlega skemmtilegasta afgreiðslan á þessari till. En geti þeir ekki orðið við þeirri ósk, þá skora ég á hv. d., að hún greiði þannig atkv. um þessa till., að slíkri till. skjóti hér aldrei upp oftar á Alþingi.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég harma að þurfa að eiga í útistöðum við jafnmætan mann og hinn virðulega alþingisforseta, hv. 1. þm. Árn. (JörB). Ég harma það þeim mun meir, þar sem okkur ber í raun og veru ekkert á milli um það, sem við báðir teljum þó kjarna málsins. Hv. þm. lýsti því með mörgum vel sömdum og ágætum orðum í ræðu sinni áðan, hvílíkt meginatriði það væri og hlyti að vera í þjóðernisbaráttu okkar Íslendinga að standa trúan vörð um tunguna. Hann lagði á það mikla áherzlu, að okkur bæri að meta málið mikils og sýna ræktarsemi sögu okkar og forfeðrum. Um þetta allt saman er ég honum fyllilega sammála. Ég er þess fullviss, að ég get sagt það sama um hina fjóra aðra alþm., sem flytja till. á þskj. 498 með mér. En sannleikurinn er sá, og fyrir því tel ég hægt að færa óyggjandi rök, að efni þeirrar till. er fullkomlega samrýmanlegt því að vilja vera á verði um íslenzka tungu, meta hana og gildi hennar fyrir þjóðernið og sýna sögu Íslendinga og minningu forfeðranna ræktarsemi.

Hv. þm. byggði alla ræðu sína á því, að hér væri uppi till. um það, að hinir fjölmörgu nýju ríkisborgarar haldi hinum erlendu nöfnum sínum. Öll röksemdafærsla hans snerist um það, hvílík skaðsemd það væri, ef inn í málið kæmust og festust þar fjölmörg erlend nöfn, sem lytu ekki eða gætu lotið beygingarlögmálum íslenzkrar tungu. Engin slík till. er hér uppi. Engin slík till. hefur verið lögð fram.

Það, sem er kjarni málsins í þeirri till., sem við höfum lagt fram, er, að hinir nýju ríkisborgarar skuli, meðan þeir lifa, fá að halda ættarnafni sínu, en breyta fornafni sínu, þ. e. a. s. taka upp íslenzkt fornafn, og síðan skuli börn þessara ríkisborgara lúta ákvæðum íslenzkra nafnalaga, þannig að þau kenni sig við föður sinn. Börnin eiga að taka upp íslenzk fornöfn og kenna sig við hið íslenzka fornafn föður síns. Þannig skulu allir niðjar þessara ríkisborgara nefna sig samkvæmt íslenzkum nafnalögum upp frá því. Einmitt með ákvæðum þessarar till. er því fullkomlega tryggt, að erlend nöfn festast ekki í málinu. Þau verða ekki talin festast í málinu, þó að fólk, sem búið er að búa hér í mörg ár, áratug, kannske meira, og er orðið fullorðið,

fái að bera til dauðadags það nafn, sem það hefur borið meginhluta ævi sinnar, ef tryggt er, að yngri kynslóðin og allir afkomendur þess lúti íslenzkum reglum um nafngift.

Ég sé því ekki annað en að hið ágæta mál hv. þm. um nauðsyn þess að koma í veg fyrir, að erlend nöfn festist í málinu, eigi alls ekki við þessa till. Það ætti við, ef till. væri uppi um að taka upp aftur þá skipan, sem var fyrir nokkrum árum, að hinir nýju ríkisborgarar og afkomendur þeirra halda nöfnum sínum áfram um aldur og ævi.

Vegna þess að við erum í raun og veru sammála um kjarna málsins og till. okkar tryggir þann höfuðtilgang, sem hv. þm. gerði svo glögga grein fyrir í ræðu sinni, þá sé ég satt að segja ekki, hvílíkt feikikapp er lagt á það, að sú hugmynd, sem í þessari till. felst, nái ekki fram að ganga.

Ég skal ekki endurtaka það, sem ég hef áður sagt við fyrri umr. þessa máls, hver ég tel höfuðrök gegn því að fylgja þeim sið, sem hv. allshn. leggur til í þessu efni, að skylda hina nýju ríkisborgara til algerrar nafnbreytingar. Við flm. álítum, að nafn manns sé svo ríkur þáttur af persónu hans, sé í raun og veru svo óaðskiljanlegur hluti af honum, að það sé ekki sæmandi að svipta hann því nokkurn tíma. Þetta er mörgum mönnum viðkvæmt mál. Það er eðlilegt, að það sé mönnum viðkvæmt mál að þurfa á fullorðinsaldri að höggva á tengslin við forfeður sína, fortíð sína, sögu sína og arferni sitt, eins og menn eru í raun og veru skyldaðir til að gera, ef þeir á fullorðinsárum þurfa að taka upp algerlega nýtt nafn. Börnum og unglingum er það ekki sársaukaefni með sama hætti og fullorðnu fólki. Til þess verður ætlazt af þeim, en til þess verður ekki ætlazt að mínu viti af fullorðnum mönnum, kannske gömlum mönnum og konum.

Á það mætti einnig benda í þessu sambandi, að vissir beinir hagsmunir geta verið tengdir nafni manns. Við skulum taka útlendan mann, sem hér hefði starfað á einhverju tilteknu sviði, sem t. d. læknir, vísindamaður eða viðskiptafrömuður, og ætti mikla fjárhagslega hagsmuni tengda nafni sínu. Mér dettur t. d. í hug nafn kunns þýzks læknis, sem var hér um langt skeið og naut mikils álits sem slíkur og varð síðar ríkisborgari. Það væri mjög mikil skerðing á hagsmunum hans, ef hann við það að verða ríkisborgari, eftir að hafa verið hér í fjöldamörg ár, hefði orðið að taka upp algerlega nýtt nafn. Það gæti skert „goodwill" hans sem læknis, ef svo mætti segja, að þurfa allt í einu að taka upp starf undir nýju nafni. Hið sama mundi eiga við, þó að maðurinn starfaði á öðru sviði. Ég hef ekki kynnt mér, hvort um þetta er að ræða hjá einhverjum af þeim mönnum, sem þetta frv. fjallar um, og þó gæti það vel verið. En menningarhliðina á málinu tel ég þó enn þá þýðingarmeiri, sem sagt þá að ætla engum manni að segja á fullorðinsárum skilið við þann þátt persónugerðar sinnar, sem nafn hans hlýtur að teljast.

Hv. þm. vék í aðeins einni eða tveimur setningum að aðalefni þessarar till., sem er það, að reglurnar um íslenzk mannanöfn skuli gilda um börn ríkisborgaranna og svo niðja þeirra upp frá því, og sagði, að það vantaði tryggingu fyrir, að gengið yrði eftir því, að börnin tækju upp íslenzkt nafn og íslenzka nafngjafarsiði. Ef það vantar tryggingu fyrir því, að börnin taki upp íslenzkt nafn og hlýði íslenzkum nafnalögum, vantar þá ekki nákvæmlega á sama hátt trygginguna fyrir því, að hinir nýju ríkisborgarar taki upp íslenzkt nafn og íslenzka nafngjafarsiði? Ég vil í þessu sambandi skýra frá því, að mér hefur skilizt, að talsvert bresti á, að þeim lögum, sem um þetta hafa gilt nokkur undanfarin ár, hafi verið hlýtt, þ. e. a. s., að ýmsir af hinum nýju ríkisborgurum hafi að vísu látið skrá sig á hinu nýja íslenzka nafni, en noti það ekki, og kunningjar þeirra og vinir, jafnvel fjölskylda þeirra, fáist ekki til þess að nota það.

Ég vil að vísu ekki mæla lögbrotum bót, en þó finnst mér, að segja megi, að þessu fólki sé nokkur vorkunn, þó að það hlýði ekki jafnósanngjörnum ákvæðum og hér er um að ræða. Það á hér við eins og alls staðar, að það er betra að hafa í gildi sanngjörn ákvæði, sem eru haldin, en ranglát ákvæði, sem eru brotin. Ég tel vera meiri líkur fyrir því, að sú skipan mála verði haldin, sem við fimmmenningarnir leggjum til með brtt. á þskj. 498, heldur en sú skipan, sem hv. allshn. leggur til. Það er erfitt að framfylgja þeim reglum, sem hv. allshn. aðhyllist að enn verði hafðar í þessum efnum, en það er auðvelt að framfylgja þeim reglum, sem við leggjum til að teknar verði upp, af því að þær eru sanngjarnari og réttlátari en hinar.

Hv. þm. sagði, að Íslendingar yrðu að fara þannig að, þegar þeir tækju sér bólfestu erlendis, eins og hv. n. leggur til að þessir nýju ríkisborgarar skuli fara að, þ. e. a. s., að Íslendingar verði að taka upp nafnasiði erlendra þjóða, þegar þeir flytjast til þeirra. Þetta er mjög ofmælt hjá hv. þm., a. m. k. er það áreiðanlegt, að í engu landi, sem Íslendingar hafa flutzt til eða flytja nú til, gilda þær reglur, að þeim skuli skylt að taka upp nöfn þeirra þjóða, sem þeir taka sér bólfestu hjá.

Íslendingar hafa aðallega tekið sér bólfestu í tveim löndum öðrum, þ. e. a. s. í Kanada og Danmörku, allmikið líka í Bandaríkjunum. Veit ég með vissu, að í þessum þremur löndum er ekki ætlazt til þess, að landnemar af erlendu bergi brotnir séu skyldir til þess að breyta nafni sínu og þýða það á tungu þeirrar þjóðar, sem þeir taka að búa hjá. Það vel þekki ég Íslendinga, og það gerir hv. 1. þm. Árn. áreiðanlega ekki síður, að það vitum við báðir, að íslenzku landnemarnir í Kanada hefðu ekki tekið því með þökkum, ef Kanadastjórn hefði lögleitt varðandi þá sams konar reglur og hv. allshn. nú leggur til að lögleiddar verði fyrir útlenda menn, sem hún vill láta veita ríkisborgararétt. (Gripið fram í.) Nú nefndi hv. þm. einmitt dæmi, sem ég ætlaði að fara að nefna. Hvað segja menn um það, ef t. d. skáldjöfurinn Stephan G. Stephansson hefði verið skyldaður til þess að taka upp enskt nafn og orðið að kalla sig, svo sem legið hefði beinast við, Steve G. Stevenson? Hvað segja menn um það, ef við ættum að varðveita í íslenzkum bókmenntum Andvökur eftir Steve G. Stevenson? (Gripið fram í.) Hv. þm.

Reykv. skaut því fram, hvort Stephan G. Stephansson hefði skrifað nafn sitt eftir íslenzkum hætti. Það er rétt, að hann breytti rithætti á nafni sínu að nokkru, en þó þannig, að hann gætti þess, að það gat engan veginn sært íslenzka máltilfinningu eða íslenzkan málsmekk, og það er mergurinn málsins. Sá kostur, sem hann valdi, var einmitt að fara skynsamlegan meðalveg í máli, sem er viðkvæmt og vandasamt, með alveg sama hætti og við fimmmenningarnir leggjum til á þskj. 498. Hann vildi gera þeirri þjóð, sem hann bjó með, auðveldara að lesa nafn sitt og bera það fram, án þess þó að segja með nokkru móti skilið við tungu og arferni þeirrar þjóðar, sem hann taldi sig til, þótt hann byggi í öðru landi og hefði annarrar þjóðar ríkisborgararétt.

Ég hygg, að þetta dæmi sanni glöggt, að við eigum ekki að ætla öðrum að gera það, sem við mundum aldrei vilja gera sjálfir eða láta gera við þjóð okkar. Það þarf ekki að orðlengja, að slíku hefðu hvorki landnemarnir né við unað. Það fordæmi eigum við að láta verða okkur til fyrirmyndar í breytni okkar gagnvart öðrum.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég vænti, að öllum hv. þm. sé orðið alveg ljóst, hver er kjarni þess, og undirstrika enn að síðustu, að málefnaágreiningur milli okkar flm. og hv. allshn. um nauðsyn þess, að erlend nöfn festist ekki til frambúðar í málinu, er enginn. Ágreiningurinn er um það eitt, hvort það eigi að gerast með þeim hætti, að fulltíða menn séu látnir skipta um nafn, eða með hinum hættinum, að sú skylda sé ekki lögð nema á börnin og síðan áfram á alla niðja þeirra.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Það hafa orðið talsverðar umr. um till. þá, sem hv. 1. landsk. þm. (GÞG) flutti hér um breytingu á nöfnunum. Þetta er sama till. sem hv. þm. flutti á þinginu í fyrra og var þá felld hér með talsverðum atkvæðamun.

Ég gerði mér von um eftir ákvörðun þingsins í fyrra og eftir að menn í nokkur ár hafa orðið að sæta því ákvæði að þurfa að skipta um nöfn og taka upp íslenzk nöfn, að þessi till. mundi ekki fram koma öðru sinni. En hv. þm. vill sýnilega reyna til þrautar, hvort hægt er að koma inn þessari hugmynd sinni og valda með því skemmdum á nafnaskrám Íslendinga um ófyrirsjáanlega framtíð.

Menn verða að gæta þess, þegar um þetta er rætt, að þeim, sem nú sækja um ríkisborgararétt, er öllum ljóst, hvaða skilyrðum þeir verða að hlíta með nafngiftirnar. Það er því á engan hátt komið aftan að þessum mönnum og þeir vilja sýnilega fúslega öðlast þennan rétt, þó að þeir þurfi að taka á sig þá þungu byrði, sem hv. 1. landsk. þm. telur vera, að þurfa að taka upp íslenzkt nafn og verða þá íslenzkir ríkisborgarar að nafninu til einnig.

Ég verð að segja það, að mér finnst með öllu óskiljanleg sú viðkvæmni, sem kemur hér fram hjá hv. þm. gagnvart þeim, sem sækja um borgararétt, og ég trúi ekki öðru en það sé með öllu misskilin góðgerðarstarfsemi frá hálfu hv. þm. að hefja þessa baráttu þeirra vegna. Ég segi: það er misskilin góðgerðarstarfsemi gagnvart þeim, því að þeirra er þægðin fyrst og fremst að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt. Ríkisborgararéttur hér á landi er ef til vill meira virði en í mörgum öðrum löndum, m. a. vegna þess, að menn með íslenzkan ríkisborgararétt eiga hægara en flestar aðrar þjóðir með inngöngu í Kanada og Bandaríkin. Í Evrópu yfirleitt er það talið mjög mikils virði að geta haft inngöngurétt í þessi lönd. Þess vegna verðum við líka að vara okkur á því, að um íslenzkan ríkisborgararétt sé ekki sótt undir því yfirskini, að menn vilji gerast borgarar í öðru landi.

Hv. þm. minntist m. a. á þýzkan lækni, sem hér dvaldist um nokkurt skeið og fékk íslenzkan ríkisborgararétt, og hann segir: Þessi góði maður þurfti ekki að breyta um nafn, hann þurfti ekki að taka upp íslenzkt nafn til þess að fá ríkisborgararétt. — Nei, það er alveg rétt, maðurinn skipti ekki um nafn, en maðurinn skipti um borgararétt. Hann fór úr landi, þegar hann var búinn að öðlast þann dýrmæta íslenzka borgararétt, sem gat veitt honum mjög greiðan aðgang að borgararétti í öðru landi. Sá góði maður fór. Hann varð aldrei íslenzkur, enda tók hann aldrei íslenzkt nafn, og líklega hefur hann aldrei ætlað sér að verða lengi borgari í þessu landi. Við munum líka eftir öðrum manni, sem var þýzkur, að vísu var hann ekki læknir. Hann var talinn vísindamaður, mjög mikill vísindamaður og átti að gera stóra hluti hér á landi. (**Gripið fram í:** Það var heil hersing með honum.) Já, heil hersing með honum. Þeir fengu borgararétt á einni nóttu í þeirri trú, ég segi: í þeirri „góðu trú“ hjá þm., að þeir væru að vinna verk, sem gæti komið landi þeirra að gagni. En hvað gerði svo þessi maður? Hann þurfti ekki að taka íslenzkt nafn. Það er alveg rétt. Hann varð heldur aldrei Íslendingur. Þegar hann hafði fengið hinn íslenzka borgararétt, sem veitti honum mjög greiðan aðgang að borgararétti í Vesturheimi, fór hann þangað. Hann hefur ekki sézt síðan.

Mér kemur ekki í hug að halda fram, að allir mundu verða kyrrir, sem taka íslenzkt nafn, en hitt vil ég segja, eins og ég gat um áðan, að gjalda verður varhuga við því, hverjum og hvernig borgararétturinn er veittur. Það á ekki að veita íslenzkan borgararétt allt of auðveldlega.

Ég efast ekki um, að nöfnin á þeim mörgu mönnum, sem hér er nú lagt til að fái borgararétt, séu góð og gild erlend nöfn, en á íslenzku verða þetta hrein orðskrípi. Ég efast ekki um, að hv. þm. hafi lesið þennan lista. Nöfnin eru m. a. Arge, Beth, Doretz, Gazeley, Gærdbo, Kuhn, May, Moravek, Münch, Ward, Wind, svo að eitthvað sé nefnt. Halda menn ekki, að þessi nöfn sómi sér vel innan um góð og gild íslenzk nöfn? Ég efast ekki um, að hv. flm. þessarar till. séu alveg á sama máli, að móðurmálið sé verndað, enda varði flm. talsverðum tíma í það að reyna að sannfæra menn um, að þeir, sem till. fluttu, og við, sem erum á móti því, að menn fái að halda sínum erlendu nöfnum, værum í raun og veru alveg á sama máli. En mig furðar mjög mikið á jafngreindum mönnum og hv. flm., að þeir skuli láta sér detta í hug, að með því að hafa það form,

sem þeir leggja til, að þessir menn taki íslenzkt fornafn og börnin kenni sig svo við föður sinn, en þeir haldi sínu ættarnafni, muni þessi ættarnöfn falla niður, muni hverfa, þegar viðkomandi maður fellur frá. Hv. þm. sagði þó, að það væri nú svo, að þeir menn, sem hafa fengið borgararétt með því að taka íslenzk nöfn, hafi haldið áfram að nota sín erlendu nöfn. En hvernig haldið þið að það yrði þá með samvizkuna hjá börnum þessara manna? Ætli þau teldu sig hafa nokkra skyldu til að skipta um nöfn?

Það má kannske segja, að þetta sé ekki mikill ágreiningur, en ekki vil ég viðurkenna það, að við séum sammála. Við viljum ekki, að asninn sé leiddur inn í herbúðirnar. Ágreiningurinn er þess vegna sá, hvort eigi að leiða þennan asna inn í herbúðirnar eða hvort ekki eigi að gera það. Við segjum: Það á ekki að gera það — vegna þess að þær vonir, sem hv. flm. gera sér um meðferð þessara nafna, munu aldrei rætast. Við sjáum, hvernig það er með íslenzku ættarnöfnin. Samkvæmt nafnalögunum mega börn ekki taka sér ættarnafn foreldra sinna, en ég efast um, að til sé nokkur undantekning, þar sem börn hafa ekki tekið sér ættarnafn foreldra sinna, þó að það sé bannað með lögum. Dettur nokkrum mönnum í hug, að þetta verði öðruvísi með erlendu ættarnöfnin? Dettur nokkrum í hug, að ekki verði fylgt sömu reglunni, ef mönnum er heimilað nokkurn tíma að gerast ríkisborgarar með sínu erlenda nafni?

Ef þeir menn, sem nú hafa fengið borgararétt með því skilyrði að taka sér íslenzkt nafn, hafa samt sem áður ekki farið eftir því skilyrði og halda sínu erlenda nafni, þá geta menn gert sér ljóst, hvernig eftirleikurinn verður. Þó skulum við gera okkur grein fyrir því, að með því að nota sín erlendu nöfn brjóta þessir menn lög. Þeir geta ekki skrifað undir neitt löglegt plagg í þessu landi með sínu erlenda nafni. Þeir lifa undir fölsku flaggi. Þeir verða vafalaust að skrifa sitt íslenzka nafn í manntalið. En ef þeir ætla að nota sitt erlenda nafn einhvers staðar annars staðar, þá er það fals. Ég hef ekki trú á því, að margir af þessum mönnum, þó að hv. flm. vilji halda því fram, leyfi sér slíkt.

Það var tekið mjög greinilega fram af hv. 1. þm. Árn. í framsöguræðu hans, hvílíka sérstöðu Ísland hefur í þessu máli vegna hinnar ævafornu venju, sem enn er haldin með því, að börn kenni sig við föður. Erlendu nöfnin eru gagnstæð íslenzkri venju, þau samrýmast ekki íslenzku máli, og þau stríða á móti íslenzkum l. Það hefur mikil hreinsun farið fram í nöfnum þjóðarinnar á síðustu áratugum, og mikið af þeim nafnaskrípum, sem tíðkuðust hér áður, er horfið með öllu. Þess vegna væri það að færa enn á ný niðurlægingu yfir íslenzkar nafnaskrár, ef nú ætti enn að fara að innleiða erlendu nöfnin. Það yrði þjóðinni bæði til auðmýkingar og skapraunar.

Ég ætla að vona, að hv. þd. gangi þannig frá þessu máli, að engin hætta verði á, að erlend ættarnöfn verði innleidd hér í framtíðinni. Og ég vil taka undir orð hv. 1. þm. Árn., er hann sagði, að hann vænti þess, að frá till. yrði nú gengið þannig í þessari hv. d., að hún skyti ekki upp kollinum hér eftir.

**Gunnar Gíslason:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Á þskj. 603 flyt ég ásamt hæstv. landbrh. (StgrSt) brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. Brtt. okkar fer fram á það, að maður nokkur, að nafni Karl Helmuth Simmroth, sem nú er búsettur á Sauðárkróki, fái ríkisborgararétt.

Maður þessi er þýzkur að þjóðerni. Fæddur í Querfurt á Þýzkalandi árið 1929. Einhverra hluta vegna undi hann ekki búsetu í heimabyggð sinni og fluttist hingað til Íslands árið 1949, og hér hefur hann dvalizt síðan, utan þess að hann fór skyndiför til Þýzkalands 1953. Hann hefur dvalizt austur í Mýrdal í Skaftafellssýslu, hér í Reykjavík og nú síðastliðin 2½ ár norður á Sauðárkróki, og hefur hann starfað bæði hér í Reykjavík og þar norður frá sem bifvélavirki, en þá iðn hafði hann lært í heimalandi sínu. Ég hef átt þó nokkur viðskipti við bifvélaverkstæði það, sem þessi maður hefur verið meðeigandi í og starfað við, og get því af eigin raun borið vitni um það, að maðurinn er mjög vel dugandi og fær í þessu starfi sínu.

Hv. frsm., hv. 1. þm. Árn., hvatti okkur þm. í framsöguræðu sinni til þess að athuga vel þau skilyrði, sem hv. allshn. hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar og birt eru á þskj. 472. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að maður sá, sem um getur í brtt. okkar þm. Skagf., fullnægi þeim skilyrðum í nál., þar sem um það er að ræða, að umsækjandi hafi á sér gott orð um hegðun og framkomu að áliti valinkunnra manna, eins og það er þar orðað. Í þeim efnum læt ég mér nægja að vitna til þeirra meðmæla, sem fylgja umsókn þessa manns. Þau eru öll lofsamleg. Meðal þessara meðmæla eru meðmæli frá prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi, bæjarfógetanum á Sauðárkróki svo og bæjarstjóranum þar á staðnum, sem allir bera umsækjandanum gott orð og mæla með umsókn hans.

Ég held því, að hv. dm. þurfi ekki að hafa neitt samvizkubit út af því, þó að þeir samþykki þessa brtt. Hins vegar vil ég taka fram, að ég ber engan kala til hv. n., þó að hún hafi ekki séð sér fært að mæla með brtt. Ég skil það ofboð vel, að í þessum efnum þarf að fara eftir ákveðnum reglum.

Ég hafði hugsað mér svo sem í leiðinni að fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 498, sem hv. 1. landsk. þm. (GÞG) flytur ásamt nokkrum öðrum hv. þm., en þess gerist nú ekki lengur þörf. Hv. frsm. (JörB) svo og nú síðast hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) eru nú búnir að gera þessari till. þau skil, sem hún þurfti að fá, og verður þar ekki um bætt, þó að fleiri orð séu sögð.

Ég er á móti þessari brtt. og mun samþykkja 2. gr. frv. eins og hún liggur fyrir. Ég fæ með engu móti séð, að það þurfi að vera nein frágangssök því fólki, sem þeirra hlunninda verður aðnjótandi að fá ríkisborgararétt hér á landi, þó að það þurfi að hlíta þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. gr. frv.

Í fjölmörgum tilfellum er meira að segja ekki um það að ræða, að fólk þetta þurfi að skipta um nafn, heldur að breyta nafni sínu til samræmis við íslenzkt mál, íslenzka málvenju og

íslenzkan rithátt. Glöggt dæmi um það er einmitt maður sá, sem ég sæki nú um ríkisborgararétt fyrir. Hann heitir Karl, og því nafni getur hann að sjálfsögðu haldið áfram. Faðir hans heitir að fornafni nafni, sem mjög er algengt á Íslandi, að sjálfsögðu með íslenzkum framburði og íslenzkum rithætti. Ég fæ með engu móti séð, að það þurfi að vera nein nauðung þessum manni að kenna sig við fornafn föður síns, svo sem siðvenja er í landi okkar, en ekki við ættarnafn, sem fæstir skilja og fjöldinn allur fær ekki fram borið né ritað með réttum hætti.

Ég vil svo að lokum þakka hv. framsögumanni fyrir þá áminningu, sem hann flutti hér, að nafnalögin frá 1925 verði betur framkvæmd en oft hefur átt sér stað. Sem prestur í íslenzku þjóðkirkjunni og þá um leið einn þeirra manna, sem eiga að gæta þess, að þessum l. sé hlýtt, vil ég með ljúfu geði taka þessa áminningu hans mér til góða.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Ég get nú í raun og veru látið mér nægja að segja hér örfá orð.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur drepið á nokkur atriði til andsvara þeirri ræðu, er hv. 1. landsk. hélt hér um réttmæti þess, að ekki væri gert að skyldu, að þeir, sem ríkisborgararétt fengju, tækju upp íslenzk heiti. Enn fremur hefur hv. 2. þm. Skagf. (GGísl) tekið mjög í sama streng, og það gladdi mig að heyra þennan hv. nýja þm. hér taka þá afstöðu til þessa máls, sem hann hefur gert. Þar ásannast það, sem því betur hefur nú verið hjá okkur áður, að líka meðal lærðra manna eru menn, sem vilja vera á verði fyrir íslenzkri tungu og íslenzkri menningu.

Hv. 1. landsk. þm. sagði, að hann liti nákvæmlega eins á þetta mál og kom fram í ræðu minni. En hann er svo trúaður á það, að ef þessum útlendingum, sem ríkisborgararétt fá, verður leyft að halda ættarnöfnum sínum, þá vari þau ekki lengur en meðan þeir eru lífs og börn þeirra eða niðjar taki þau ekki upp. Hvernig stendur nú á, að hv. þm. getur verið svona bjartsýnn í þessu efni? Þó lét hann þess getið, að þrátt fyrir þau skilyrði, sem Alþ. hefur sett um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, gangi nokkrir þeirra útlendinga, er ríkisborgararéttinn hafa fengið, undir hinu erlenda ættarnafni. Mér skilst, að afstaða hans til þessa máls ætti þá og að byggjast einmitt á þessum röksemdum, að af því að einhver þeirra eða máske einhverjir hafi ekki haldið þá skilmála, sem þeim voru settir fyrir því, að þeir öðluðust ríkisborgararéttinn, væri rétt að leyfa mönnum að halda hinu útlenda heiti. En hvernig getur hann þá hugsað sér, að það verði látið þar við sitja, að þessi nöfn deyi út með þeim mönnum, sem ríkisborgararéttinn fá? Einmitt hans röksemdafærsla og rökstuðningur í þessu efni fyrir sínu máli sannaði alveg það gagnstæða. Þess vegna er það, að það er langtum nær fyrir bæði hann og okkur aðra að brýna það fyrir stjórnarvöldunum að gefa því glöggar gætur, að menn haldi þeim íslenzku nöfnum, sem þeir taka sér um leið og þeir fá ríkisborgararéttinn. — Hann taldi, að þetta væru harðari kostir en nokkur þjóð önnur setti þeim mönnum, er fengju ríkisborgararétt. Þetta er nú hans fullyrðing. Um það treysti ég mér ekki að dæma. En þó að svo væri, er þá svo mikið að athuga við það? Hvernig hefur farið með tungur annarra þjóða? Mundi byrjunin ekki hafa verið þessi, sumpart hringlandaháttur, uppskafningsháttur, aðgæzluleysi og undirlægjuháttur hjá þjóðunum í þessum efnum, þegar þær voru að taka upp þessi erlendu nöfn, sem varð fyrsta sporið til þess að gerbreyta þjóðtungum þeirra? Einmitt vegna þess höfum við enn meiri skyldur. Af því að við höfum verið svo vel á verði, allra þjóða bezt á verði, næst Hellenum, um verndun okkar máls, eigum við að halda því áfram. Hv. 1. landsk. er það vel mennt-aður, að ég vil vona, að hann sjái, að við höfum skyldur gagnvart framtíðinni að móta það gull, sem okkur hefur verið lagt í hendur, og afhenda það okkar niðjum, og dýrasti gimsteinninn í þessu er okkar móðurmál.

Hv. 1. landsk. þm., sem hefur haft orð fyrir flm. þessarar till., verður að gæta þess, hve við erum fámenn þjóð, hvað náið samband okkar er orðið við erlendar þjóðir, hvað margir menn með erlendum nöfnum sækja um ríkisborgararétt og hvað miklar horfur eru á því innan skamms tíma, að hér verði mjög margt fólk af erlendu bergi brotið búsett í okkar landi og búið að fá þegnrétt. Ef við nú rennum augum yfir þingskjölin tvö, þar sem líkur eru til, að þeir, sem á þeim till. standa, þskj. 601 og 606, fái íslenzkan ríkisborgararétt, þá er vorkunnarlaust að sjá, hvernig málið mundi verða þegar stundir líða, ef mönnum ætti að vera veitt leyfi til þess að hafa þessi nöfn. Hér eru á þskj. 601 ættarnöfnin Arge, Bakker, Ballering, Gazeley, Holz, Knippen, fyrir utan alla Jensena og Larsena og þess konar, Krogh, Mikson, Moravek, Niclasen og náttúrlega Nielsen og Petersen, Petty, Ransyn, Wesseling, Wind, de Zeeuw. Þetta er nokkurt sýnishorn, hvernig málið mundi verða þegar fram líða stundir. Ég skal ekki telja upp fleira. Hv. þm. geta rennt augum yfir þessi nöfn, og þá sjá þeir, hvernig það mundi líta út þegar fram líða stundir.

Það var seinheppilegt hjá hv. 1. landsk., þegar hann fór að minnast á Stephan G. sem sýnishorn þess, hvernig Íslendingum lánaðist að halda nafni sínu meðal erlendra þjóða. Stephan G. Stephansson er okkur Íslendingum, sem þakkarlaust er, það kær, að við mundum sízt verða til þess að kasta að minningu hans steini fyrir það, þó að hann skipti um nafn. Hvar fyrirfinnst nú það heiti eins og hann skrifaði sitt nafn, eftir að hann kom til Ameríku? Það er rétt að gefa því gætur. Í Þýzkalandi finnst nafnið á sama hátt skrifað, Austurríki, Hollandi, Danmörku og vafalaust miklu víðar. Þessi lönd komu mér í huga, af því að ég þekki til þess. Í Englandi eða enskri tungu er munurinn ekki mikill. Það er skrifað Stephens, sem er sama nafn. Það mundi vafalaust fljótlega verða Stevenson, ef það færi að festast í málinu. Þannig er það skrifað í ensku máli. Á Írlandi er það skrifað á sama veg. Maður, sem hefur kveðið og verið jafnmikill ættjarðarvinur og Stephan G. Stephansson, — ja, ég skal skjóta því hér inn í, svo að mér gleymist það

ekki, að nafn hans, eins og hann varð að skrifa það, er skrifað í fjölda þjóðtungum, en ekki íslenzku, það er sá mikli munur, — það var seinheppilegt að fara að vitna til hans einmitt í þessu efni. Ég ætla að leyfa mér, af því að svona stendur sérstaklega á, að fara með nokkrar ljóðlínur eftir þennan mikla andans mann og heita, íslenzka ættjarðarvin:

„Þó þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalands mót,
frænka eldfjalls og ishafs,
sifji árfoss og hvers,
dóttir langholts og lyngmós,
sonur landvers og skers.

Yfir heim eða himin
hvort sem hugar þín önd,
skreyta fossar og fjallshlíð
öll þín framtíðar lönd.
Fjarst í eilífðar útsæ
vakir eylendan þín:
nóttlaus voraldar veröld,
þar sem víðsýnið skín."

Nærri má nú geta, hvort haft hafi tilfinningu fyrir sinni feðratungu og því, sem íslenzkt er, sá maður, sem kveður svona, og þó er af mörgu að taka, eins og allir þekkja. En þrátt fyrir allt þetta verður hann að breyta nafni sínu á útlenzka vísu á þann hátt, að það fyrirfinnst hjá mörgum erlendum þjóðum, en alls ekki á Íslandi eða í íslenzku máli. Fremur ætti einmitt aðstaða hans að verða okkur hvöt til þess að vera á verði um okkar tungu og hleypa ekki inn í málið erlendum heitum. Það var gott, að stuðningsmenn þessarar till. minntust einmitt á Stephan G. Stephansson.

Ég ætla nú ekki að þreyta hæstv. forseta með lengra skrafi. Ég treysti því og enda veit, að hv. þm. Nd. eru það íslenzkir í anda, að þeir fara ekki að samþykkja þessa brtt. um nýjar nafngiftir og útlenzkan svip, sem yrði, áður en löng stund er liðin, til stórspjalla á tungunni.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Við höfum átt þess kost að hlýða hér á nokkrar skeleggar ræður hv. þdm. um brtt. eina á þskj. 498, viðkomandi nöfnum þeirra manna, sem lagt er til að fái hér ríkisborgararétt. Við, sem sátum á síðasta þingi, heyrðum nokkrar svipaðar ræður um þetta efni, og ég hygg því, að við höfum fengið það staðgóða fræðslu um þetta atriði frá báðum hliðum, að við ættum að vera nokkurn veginn færir um að greiða atkv. um till. án frekari upplýsinga, enda er dagur nú að kvöldi kominn.

En það er annað viðkomandi þessu frv., sem ég tel að hafi ekki verið upplýst sem skyldi, og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs. Í nál. hv. allshn. á þskj. 472 kemur fram, að hv. n. hefur í samráði við menn úr allshn. hv. Ed. reynt að skapa reglu, sem farið yrði eftir við veitingu ríkisborgararéttar. Ég tel þetta gott. Ég hef lesið þessar reglur yfir, eins og þær birtast í nál., og ég tel nú, að dyrnar að okkar landi séu opnaðar þar það mikið, að ekki sé ástæða til að opna þær enn meira, a. m. k. að svo stöddu. Ég geri ráð fyrir því, að hv. nefndarmenn hafi miðað sínar till., sem þeir hafa hér borið fram, einmitt við þessar reglur. En hér liggja nú fyrir á nokkrum þskj. brtt. frá einstökum hv. þdm. um það að taka inn til viðbótar allmarga menn víðs vegar að. Ég tel, að það sé erfitt fyrir okkur að greiða atkv. um þetta, fyrr en liggur alveg greinilega fyrir frá hv. allshn., hvað af þessu samrýmist þeim reglum, sem hún hefur sett, ef eitthvað af því gerir það, sem sagt, hverju hv. n. getur mælt með og hverju ekki af þessu, sem fyrir liggur. Ég vil því mjög fara fram á það við hv. n., að hún gefi okkur upplýsingar um, hvort það er samrýmanlegt hennar reglum að samþykkja eitthvað af þessum brtt. frá einstökum þm. eða ekki. Sé n. ekki við því búin að gefa þessar upplýsingar nú, þá vil ég mjög ákveðið fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti umr., þar til þessar upplýsingar liggja ljóst fyrir. Verði tilviljun ein látin ráða, hvað samþ. verður, þá getur farið eins og á síðasta þingi, að málið dagi uppi. Vera má, að það sé ekki stórskaði fyrir þjóðina. Þó hygg ég, að þarna séu í frv. eins og það nú liggur fyrir tillögur um ríkisborgararétt handa ýmsum mönnum, sem eðlilegt væri að fengju hann.

Ég hef verið beðinn að flytja till. um ríkisborgararétt handa þýzkri konu, sem er búin að vera hér nokkur ár, ekki tíu ár. Hún er gift íslenzkum manni fyrir — ég held tæpum tveimur árum, en eftir þeim reglum, sem n. vill fylgja, eiga þær konur, sem giftast hér íslenzkum mönnum, að hafa verið þrjú ár í hjónabandi, skilst mér, þangað til þær geta fengið réttinn. Ég hef því ekki flutt þessa till., því að ég vil fylgja n. að málum að reyna að hafa þann hátt á afgreiðslu málsins, sem n. leggur til í sínu nál. En fari það hins vegar svo, að n. láti afskiptalausar þær till., sem hér liggja fyrir, og gefi engar bendingar um það, áður en til atkvæða kemur, hvað af því er samrýmanlegt hennar reglum, þá getur vel verið, að ég, áður en umr. verður slitið, beri fram þessa till., sem ég hef verið beðinn að flytja. Ég hef ekki viljað gera það, eins og ég sagði áðan, vegna þess að ég tel, að það sé skynsamlegt af deildinni að aðstoða nefndina við það, að þessar reglur verði upp teknar og þeim fylgt.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Það er í alla staði eðlileg fyrirspurnin, sem hv. þm. V-Húnv. bar fram. Ég ætla, að ég hafi sagt í byrjun míns máls í dag, að það fólk, sem farið er fram á að verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur í brtt. á þskj. 495, 509, 602 og 603, uppfylli ekki þau skilyrði, sem n. hefur lagt til grundvallar í sínu starfi. Það hefur m. a. búið hér skemmri tíma en við höfum fylgt í þessu efni, miðað við þjóðerni. En svo eru þrjú ný þskj., sem komu í dag, og ég hef ekki haft neitt tækifæri til að athuga, hvort það eru nýjar umsóknir; ég þori ekki að staðhæfa og treysta minni mínu, hvort ég hef aðgætt þessi nöfn. Það eru till. á þskj. 603, 619 og 621, ef hv. þm. vilja skrifa það hjá sér. Hafi umsóknirnar legið fyrir n. og við gengið fram hjá þeim, þá uppfyllir þetta fólk ekki skilyrðin, en sé hér um nýjar umsóknir að

ræða að einhverju leyti, eina eða fleiri, þá get ég ekki staðhæft neitt um það. Mér dettur í hug í tilefni af þessu, hvort hv. þingmenn geti ekki á það fallizt, ef hæstv. forseti vildi nú ljúka umr., sem ég get mjög vel skilið að hann óski eftir, að við *létum honum í té upplýsingar um* þessi atriði, áður en til atkv. verður gengið, hvort mennirnir, sem eru á þessum þremur þskj., uppfylla þau skilyrði, sem n. hefur lagt til grundvallar í sínu starfi. Geri þau það ekki, þá vona ég, að hv. dm. verði á verði með n. um það, að slíkt verði ekki samþykkt. Uppfylli þeir hins vegar þau skilyrði, sem við höfum sett, þá er ekki nema sjálfsagt að verða við þeim óskum, því að það efast ég ekkert um, eins og komið hefur fram t. d. hjá hv. 2. þm. Skagf., að það, að hv. þingmenn flytja þessar till., er trygging fyrir því, eftir því sem þeir vita bezt, að um gott fólk er að ræða. Það efast ég ekkert um. Frekar get ég ekki svarað þessu atriði, af því að við höfum ekki getað athugað þessar brtt. á þremur þskj., sem ég taldi nú upp.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. hefur flutt hér mjög svo skeleggar og skörulegar ræður, þar sem hann leggur á það mikla áherzlu, að menn skuli sýna íslenzkri tungu ræktarsemi og virða gamlar erfðir í þeim efnum. Ég virði fullkomlega áhuga hv. þm. í þessu sambandi, og það var í sjálfu sér ekkert ofmælt af því, sem hann sagði almennt um þau efni. Það er vitanlega alveg rétt, að við eigum að sýna gamalli arfleifð ræktarsemi og þá ekki síður nafnaarfleifð Íslendinga en öðru. Um þetta get *ég verið hv. þm., frsm. n., algerlega sammála.* En að öðru leyti eru skoðanir dálítið skiptar og þó aðallega um það, hvort sú till., sem hv. 1. landsk. og við nokkrir aðrir þm. flytjum hér til breytingar á frv. og prentuð er á þskj. 498, muni verða, eins og hér hefur verið haldið fram, til þess að brjóta niður, að því er manni skilst, alla góða og gamla siði um íslenzkar nafngiftir. Ég held, að það, sem hv. 1. þm. Árn. hefur um þetta sagt og sömuleiðis hv. 3. þm. Reykv., sé mjög svo ofmælt og á þeirri staðhæfingu þeirra einni byggt, að það sé ekki hægt að framfylgja ákvæðum þeirra l., sem sett yrðu, ef þessi brtt. yrði samþ.

Þeir tala stöðugt um það, þessir hv. þm., að hér eigi um aldur og ævi að innleiða þessi nöfn, sem þeir hafa verið að vitna til og eru á þeim útlendu mönnum, sem nú sækja um íslenzkan ríkisborgararétt. En eins og stendur skýrt og greinilega í brtt., þá er fyrst og fremst til þess ætlazt, að þessir menn allir breyti um fornafn, en fái að halda ættarnafni sínu til æviloka. Síðan er mjög skýrt tekið fram, að börn þeirra skuli *algerlega lúta íslenzkum nafnasiðum. Ég hygg,* að það verði erfitt að færa rök að því, að það sé ekki hægt að framkvæma þetta ákvæði, en það muni vera hægt að framkvæma það lagaákvæði til fulls, að þessir menn raunverulega skipti um nöfn nú þegar. Ég sé ekki, að það verði á neinn hátt auðveldara að koma því í framkvæmd, að þessir nýju ríkisborgarar breyti raunverulega um nafn, heldur en að koma hinu í framkvæmd, að börn þeirra verði skírð samkvæmt íslenzkri nafnvenju.

Í sambandi við þetta mál vil ég lítillega minnast á nafnalöggjöfina frá 1925. Hv. 1. þm. Árn. kom aðeins inn á það og sagði, að hann vildi gera sitt til þess, að þeirri löggjöf yrði betur framfylgt en verið hefur. Þetta er nú gott og *blessað, og ég held,* að þeir hv. þm., sem eru að berjast fyrir því, að menn, sem hafa um langan aldur gengið undir nafni sínu, því nafni, sem þeir hafa verið skírðir, en eru nú að sækja um íslenzkan ríkisborgararétt, þurfi nú að kasta því, ættu að beita áhrifum sínum og dugnaði í þá átt, að lögin um mannanöfn verði framkvæmd að því er varðar þá íslenzka ríkisborgara, sem hér eru bornir og barnfæddir. Það virðist ekki vera bein ástæða til þess að gera strangari kröfur til manna, þó að þeir séu fæddir erlendis, heldur en til þeirra, sem hér eru bornir og barnfæddir. En til þess að skýra lítillega það, sem ég á hér við, vil ég minnast á nokkur atriði varðandi lög um mannanöfn og hvernig þeim er framfylgt. Ég gerði þetta mál lítils háttar að umtalsefni hér á þingi í fyrra í fsp. og skal nú ekki endurtaka nema fátt eitt af því, sem ég þá sagði, en vil þó aðeins minnast á þessi atriði:

Í lögum um mannanöfn frá 1925 er svo ákveðið í fyrsta lagi, að hver maður skuli heita einu íslenzku nafni eða tveim. Hvernig er þetta nú framkvæmt í voru ágæta þjóðfélagi? Þetta ákvæði 1. gr. nafnalaganna er brotið á tvennan hátt: það er oft skírt algerlega óíslenzkum nöfnum og í öðru lagi er stundum skírt mörgum nöfnum. Ég nefndi hér í fyrra dæmi um, að sumir ríkisborgarar bera allt upp í 6 nöfn.

Annað ákvæði nafnalaganna frá 1925 segir: „Hver maður skal kenna sig við föður, móður eða kjörföður.“ Hvernig er nú þetta framkvæmt? Ég hygg, að allir viti mýmörg dæmi þess, að þetta ákvæði er brotið.

Þá er í þriðja lagi í nafnalögunum þetta ákvæði: „Ættarnafn má enginn taka sér hér eftir“ — þ. e. eftir að lögin tóku gildi fyrir 30 árum. Það mun vera farið nokkuð í kringum þetta. Ég veit ekki, hversu mikil brögð eru að því, en þó mun mega finna þess allmörg dæmi.

Þá eru í þessum lögum ákvæði um þá menn, sem búnir voru að taka ættarnöfn, og segir í því sambandi, að þeir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, eldri en frá 1913, megi halda þeim framvegis, en þeir, sem tekið hafa upp ættarnöfn á tímabilinu 1913—1925, megi halda sínum ættarnöfnum ævilangt, en niðjar þeirra mega hins vegar ekki taka þau upp. Þetta er áreiðanlega brotið allmikið.

Þá er enn fremur tekið fram í nafnalöggjöfinni frá 1925, að enginn megi bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu. Ég staðhæfi, að *þessi regla er enn í dag* mjög oft og freklega brotin. Ég hirði ekki að nefna ný dæmi þessa, en hef þau þó á takteinum, ef þetta skyldi verða vefengt. Það vita margir, að jafnvel sum þau nöfn, sem nú er verið að vitna til og þeir útlendu menn bera, sem nú er verið að sækja um ríkisborgararétt fyrir, eru alls ekkert óalgeng á íslenzkum mönnum, og það virðist ekki vera brýn þörf á því að banna þessum mönnum, þó að þeir fengju ríkisborgararétt, að halda slíkum nöfnum, meðan það er látið, að því er virðist,

óátalið af þeim, sem eiga að framfylgja nafnalöggjöfinni, að íslenzkir menn, bornir hér og barnfæddir, beri þessi nöfn.

Enn er þess getið í lögunum um mannanöfn, í 6. gr., ef ég man rétt, að stjórnarráðið skuli gefa út skrá eftir till. heimspekisdeildar háskólans yfir þau mannanöfn, sem uppi eru á hverjum tíma og bönnuð skuli samkvæmt þessum lögum um mannanöfn. „Skráin skal gefin út," segir í lögunum, „á hverjum 10 ára fresti að lokinni útgáfu hins almenna manntals." Þetta atriði mannanafnalaganna hefur aldrei verið framkvæmt. Ég hygg, að það hafi ekki verið sýndir neinir tilburðir til þess, og er það ábyggilega miður farið, því að ég hygg að með útgáfu slíkrar skrár á 10 ára fresti mætti lítils háttar halda því í skefjum, að sá ósiður að skíra erlendum og ambögulegum nöfnum festi rætur í landinu; það væri heldur til þess að útrýma honum.

Ég held, að það sé fremur erfitt að færa að því fullgild rök, að það sé íslenzkri tungu eitthvað hættulegra, að fullorðnir og jafnvel rosknir menn af útlendum uppruna fái að halda ættar- eða kenningarnafni sínu til æviloka, heldur en hitt, að það sé látið viðgangast hér óátalið og það jafnvel í stórum stíl, að börn fædd á Íslandi beri óþjóðleg og alútlend nöfn og það jafnvel sömu nöfnin sem á að svipta þessa tilvonandi íslenzku ríkisborgara.

Hv. 1. landsk. gerði hér ljósa grein fyrir því, hvað vakir fyrir okkur, sem flytjum hina umdeildu brtt., hvaða rök það eru frá okkar sjónarmiði, sem gera eðlilegt, að þessi tilhliðrun eða miðlunarstefna, ef svo mætti segja, sem við leggjum til í þessum málum, verði upp tekin. Ég hef þar í sjálfu sér engu við að bæta. Ég hygg, að það standi allt enn óhrakið, sem hann sagði um það efni, og annað, sem hann tók hér til meðferðar.

Hv. 1. þm. Árn. ræddi hér í sinni síðari ræðu dálítið um Stephan G. Stephansson, og var það að vísu að gefnu tilefni frá hv. 1. landsk., og hv. 1. þm. Árn. las hér upp fagurt ættjarðarkvæði eftir þetta ágæta og snjalla skáld okkar. Það fór ekki hjá því, að þegar ég hlustaði á þennan upplestur þm., þá datt mér í hug, að þó að það væri gott að hlusta á þetta kvæði núna í sambandi við þær umræður, sem hér fara fram, þá hefði hann nú kannske og fleiri félagar hans í þessu máli og öðrum mátt muna eftir þessu kvæði við fyrri tækifæri og hafa það þá yfir, þegar ef til vill stóð þannig á, að það var um meiri hættu að ræða, sem steðjaði að íslenzku þjóðerni, heldur en af þessari litlu till., sem hér var flutt. Ég man ekki til þess, að hv. 1. þm. Árn. færi með þetta kvæði hér á Alþ. 30. marz 1949. Hann mun ekki hafa farið með það hér við umræður um herstöðvasamninginn, sem gerður var 1951; ekki minnist ég þess að minnsta kosti. En ég vil nú vona, að sú þjóðerniskennd, sem nú kom fram hjá honum og ég virði og þakka vissulega, eigi eftir að brjótast út oftar og við þau tækifæri, þegar mest er þörfin á.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég þarf ekki að segja nema fáein orð og einkum til þess að svara fáeinum atriðum í ræðu hv. 1. þm. Árn. og hv. 3. þm. Reykv.

Hv. 3. þm. Reykv. gat þess í sinni ræðu alveg réttilega, að íslenzku nafnalögin væru brotin. Það er hverju orði sannara. Það hefur allt of lítið verið að því gert að halda fast í þær reglur, sem þar eru settar um nafngiftir íslenzkra manna. Hann taldi, að þess mundu varla finnast dæmi, að börn manna, sem hafa ættarnöfn, sem skráð eru löglega á tímabilinu 1913—1925, noti ekki þessi ættarnöfn. Ég get skýrt frá því, að ég þekki þess dæmi, að þessum ákvæðum er hlýtt út í æsar, svo að ekki er það alveg dæmalaust, að þessum ákvæðum sé fylgt.

Hv. 1. þm. Árn. sagði í ræðu sinni, að Stephan G. Stephansson hafi orðið að breyta rithætti nafns síns. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það gerði Stephan G. Stephansson af frjálsum vilja, og skulum við hafa það hugfast, með hverjum hætti hann gerði þessa breytingu. Hann samræmdi aðeins rithátt nafns síns rithætti tungu þeirrar þjóðar, sem hann bjó með, vitandi þó vel, að íslenzk tunga mundi eftir sem áður bera hans nafn fram með sama hætti og áður fyrr. Á þeim árum, sem hann gerði þetta, var og breytingin miklu minni en hún er í augum okkar Íslendinga í dag, þar sem það tíðkaðist mjög, bæði hér og um Íslendinga t. d. í Danmörku, að þeir vikju við rithætti á íslenzkum nöfnum til samræmis við erlenda málvenju. Mergurinn málsins er þó sá, að Stephan G. Stephansson var hvorki knúinn til þessarar lítilfjörlegu breytingar né heldur til þess að taka sér enskt nafn, en það er það, sem hv. þm. ætlar nú að gera gagnvart hinum væntanlegu íslenzku ríkisborgurum.

Ég fæ ekki skilið, hvernig hv. 1. þm. Árn. og aðrir forsvarsmenn allshn. í þessu máli geta talið íslenzkri tungu standa feiknavoða af því, að nokkrir erlendir menn fái til dauðadags að bera það nafn, sem þeir hafa borið, ef það er tryggt, að niðjarnir beri íslenzkt nafn samkvæmt íslenzkum nafnalögum. Þessi viðkvæmni er þeim mun undarlegri, þegar það er vitað, að þessi sömu nöfn eru nú borin af fjölmörgum Íslendingum án þess að amazt sé við því, að niðjar þeirra ætli að bera þau áfram. Hér eru t. d. tveir menn í tillögu hv. allshn., sem heita að eftirnafni Hansen. Hvernig getur nú nafnið Hansen á þessum tveimur mönnum, sem báðir eru miðaldra, verið líklegt til að spilla íslenzkri tungu, þegar hér eru tugir manna í landinu, sem heita Hansen og hv. þm. sér engan ótta stafa af því? Hvernig geta þessir menn verið með sínu Hansensnafni svona miklu stórkostlegri en allir hinir? Enn þá óskiljanlegra verður mér þetta málaþref allt saman, þegar hv. þm. og skoðanabræður hans í n. gera enga till. og hafa enga till. gert um það að koma í veg fyrir, að niðjar allra hinna hundrað Hansenanna kalli sig Hansen. Það gæti ég þó skilið. Þá gæti ég satt að segja tekið öll orðin, sem þeir segja um ást sína eða umhyggju fyrir málinu á þessu sviði, fullkomlega gild. En það setur að mér svolitinn efa, og hann situr í mér, meðan ég sé ekki till. frá þessum hv. þm. um að hreinsa öll útlend nöfn af Íslendingum. — Hér eru t. d. tveir Jacobsenar; til eru margir íslenzkir ríkisborgarar, sem heita Jacobsen og fá

að bera það nafn alveg óáreittir. Hér sé ég enn fremur tvo Jensena og einn Jörgensen, einn Nielsen, og hér eru tveir Petersenar. Ég les ekki lengra, en sjá menn í raun og veru ekki það hlægilega í því að skylda þetta fólk, sem heitir Hansen, Jacobsen, Nielsen, Petersen, til þess að skipta um nafn, af því að það sé stórhættulegt íslenzkri tungu, að hér heiti einhver maður Jensen eða Petersen í nokkra áratugi, þegar allir hinir hundrað fá að gera þetta alveg óátalið og niðjar þeirra? Ég segi nú í fyllstu alvöru: Sjá menn ekki, að hér er hálfgerður skripaleikur á ferðinni? Menn verða þó að vera sjálfum sér samkvæmir að vissu marki í málflutningi.

Það er annars ekki aðeins þetta, sem er ábótavant um íslenzkar nafngiftir, eins og þær eru núna, og fær að vera óátalið af hálfu þessara ágætu manna. Annar ræðumannanna áðan, hv. 3. þm. Reykv., Björn Ólafsson, var menntmrh. í nokkur ár og hafði þá auðvitað sem sá aðili, sem á að sjá um framkvæmd nafnalaganna, ágæta aðstöðu til þess að hreinsa til á þessu sviði. Ef hann ber svo mikla umhyggju fyrir íslenzkri tungu sem hann segir og telur henni stafa svo gífurlega hættu af, að þetta fólk, sem hér er um að ræða og flest er komið yfir miðjan aldur, fái að halda til æviloka því nafni, sem það hefur borið frá skírn, hvers vegna var þá vitund hans um þetta ekki jafnvökul, meðan hann var menntmrh.? Hvers vegna gekkst hann þá ekki fyrir því, að þeim útlendu nöfnum, sem úir og grúir af á íslenzkum ríkisborgurum, verði breytt eða a. m. k. tryggt, að nafnalögunum verði hlýtt þannig, að menn bæru ekki ólögleg útlend nöfn? Hann gat þess áðan, að ýmsir niðjar þessa fólks með ættarnöfn bæru ættarnöfnin ólöglega. Mætti kannske segja, að undirskriftir þeirra með ólöglegum nöfnum væru hæpnar. Þarna hefði hann haft tilvalið tækifæri til þess að láta verulega að sér kveða sem menntmrh.

Ég skal segja það hiklaust, að ef till. kemur fram um að banna erlend nöfn á íslenzkum ríkisborgurum, banna þau hreinlega, þá skal ég ekki hafa neitt við það að athuga, að slíkt ákvæði sem þetta væri sett sem skilyrði gagnvart nýjum ríkisborgurum. Þá lúta þeir alveg sömu lögum og þeir, sem fyrir eru í landinu. En þetta er að gera upp á milli manna, þetta er að gera menn misjafna fyrir lögunum, að banna nýjum íslenzkum ríkisborgara að kalla sig áfram til dauðadags því nafni, sem öðrum íslenzkum ríkisborgara er leyft að kalla sig.

Ég hefði óskað þess, að hinn nýi prestvígði þingmaður, hv. 2. þm. Skagf. (GGísl), hefði borið gæfu til þess að flytja í jómfrúrræðu sinni betra mál en hann flutti í þeim fáu orðum, sem hann sagði um þessa brtt., sem umræðurnar snúast nú aðallega um. Ég óska honum sem ungum þingmanni alls góðs á þingmannsferli sínum og hefði einmitt þess vegna gjarnan viljað, að afstaða hans til þessa fyrsta máls, sem hann ræðir, hefði verið með öðrum hætti en hún í raun og veru varð. Þó að ég hafi enga sérstaka löngun til þess að hefja deilur við nýkjörinn þingmann, þá get ég þó að gefnu þessu tilefni ekki stillt mig um að benda á, að mér hefði fundizt hann gjarnan mega vera svolítið hófsamari í dómi sínum, þegar þess er gætt, að hann tilheyrir þeirri stétt landsins, sem ber fyrst og fremst ábyrgð á því, að nafnalögin eru brotin, því að það gera prestar íslenzku þjóðkirkjunnar. Höfuðástæða þess, hversu hörmulega illa íslenzku nafnalögin hafa verið haldin, er sú, að íslenzkir prestar hafa ekki reynzt þeim vanda vaxnir að framfylgja þessum lögum, þó að einföld séu. Það er hart að þurfa að segja þetta, en það er satt samt sem áður og verður því að segjast. Ég er í þessu sambandi ekki að staðhæfa neitt um það, að þessi ungi prestur muni á sínum fáu prestsskaparárum hafa átt þátt í því, að nafnalögin væru brotin, en þessi brot eru svo algeng, að það verður að tala um þetta sem alveg sérstaka sekt íslenzkrar prestastéttar. Það er ekki aðeins, að menn haldi áfram erlendum ættarnöfnum, erlendum nöfnum og erlendum og íslenzkum ónöfnum, orðskrípum, sem enn þá er skírt hér í stórum stíl, heldur er enn fremur margt fleira við framkvæmd nafnahátta okkar að athuga. Meðan t. d. kona má óáreitt vera Magnússon þrátt fyrir skýlaus ákvæði nafnalaganna um þetta og enginn segir neitt við þessu, þá finnst mér viðkvæmnin, sem hér gætir hjá ýmsum gagnvart útlendum nöfnum, undarleg, því að í sjálfu sér særir þetta máltilfinningu manna ekkert minna en það, að maður heiti Jensen.

Ég skal svo láta máli mínu um þetta efni lokið, skal raunar taka undir það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði áðan í ræðu sinni, að ég er þess fullviss, að hv. þdm. eru málavextir orðnir svo ljósir, að engin líkindi eru til þess, að nokkur ný rök komi fram í málinu, sem líkleg mundu verða til þess að hafa áhrif á skoðanir nokkurs manns um málið, úr því sem komið er. Máli mínu vil ég þó ljúka með því að víkja aftur að því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um Stephan G. Stephansson. Í tilefni af því, að hv. þm. las kvæði eftir Stephan G. Stephansson, vildi ég aðeins honum og öðrum til hugleiðingar varpa fram spurningu um það, hvernig menn halda, að Stephan G. Stephansson hefði ort um þá kanadíska þingmenn, sem hefðu lagt fram frv. um, að hann skyldi taka upp enskt nafn og. t. d. nefna sig, eins og ég sagði í dag, Steve G. Stevenson. Að einu leyti má hv. þm. Árn. þakka fyrir það, að Stephan G. Stephansson skuli kominn undir græna torfu, því að annars væri hætt við, að hann mundi yrkja kvæði og það mergjað um þá íslenzka alþingismenn, sem vilja neita erlendum mönnum um þann rétt, sem Stephan G. Stephansson taldi sér heilagan.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Þessar umræður eru nú af eðlilegum orsökum að fjara út. Það var heldur lítið í ræðum hv. tveggja þingmanna, er síðast töluðu, sem ástæða er að svara. Þó verð ég að geta þess, að mér fundust heldur ósmekkleg þau orð, sem hv. 1. landsk. lét falla í garð þingmanns, sem nýlega hefur tekið sæti á Alþingi, hv. 2. þm. Skagf. Lítur helzt út fyrir, að hv. 1. landsk. líti svo á, að nýir þingmenn megi ekki hafa sjálfstæðar skoðanir, ef þær fara í bága við tillögur hans.

Ég hygg, að þær staðhæfingar, sem hv. 1.

landsk. hefur borið hér fram í sambandi við þetta mál, hafi oft verið hraktar, og skal ég því ekki fara langt út í það. Hann minntist á nöfn eins og Hansen, Jacobsen og önnur slík. Það er alveg rétt; við höfum því miður allt of mikið af þessum nöfnum, og við hefðum átt að vera búnir að koma í veg fyrir það fyrir löngu, að þessi nöfn festust í nafnaskrám okkar og í málinu. Ég sé ekki, að við séum bættari með því, þó að við nú höfum talsvert af hvimleiðum nöfnum í málinu, að við bætum við fleirum þess háttar hvimleiðum nöfnum.

Ég vil gjarnan leiðrétta einn misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ég efast ekki um, að það hefur verið af misskilningi hjá honum, er hann gat þess, að þegar ég var menntmrh., hefði ég átt að gera gangskör að því, að nafnalögunum væri betur framfylgt en nú er. Nafnalögin heyra undir dómsmrh., en ekki undir menntmrh. Þess vegna var mér ekki í lófa lagið að framfylgja lögunum. Hins vegar tek ég fúslega undir það með þeim mönnum, sem hér hafa talað, að þessum lögum hefur ekki verið nógu vel framfylgt, og það skal ekki standa á minu liðsinni, að þeim lögum sé betur framfylgt en nú er gert, því að það er kannske ein aðalundirstaðan fyrir því, að við getum haldið nöfnum okkar óspilltum.

Hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) talaði um það, að með afstöðu okkar, sem erum á móti till., séu gerðar strangari kröfur til útlendinga en Íslendinga sjálfra. Ég skil ekki, hvað hv. þm. á við með þessari fullyrðingu. Ég get ekki séð annað en að þetta sé algert ranghermi.

Samkv. till. flm. fá útlendingar, nýir borgarar, sem að vísu fæðast ekki hér, heldur koma hingað inn í landið, að halda erlendum ættarnöfnum. Íslendingar sjálfir mega ekki taka ættarnöfn, og samkv. þeim lögum um mannanöfn, sem hér hefur verið vitnað í, hafa ekki aðrir leyfi til að hafa ættarnöfn en þeir, sem höfðu þau, þegar lögin voru sett. Nafnalögin gera því greinilega ráð fyrir því, að ættarnöfnum fjölgi ekki í landinu. En út á hvað gengur till. hv. flm.? Hún gengur út á það, að ættarnöfnum sé fjölgað í landinu, en því miður ekki íslenzkum ættarnöfnum og ekki ættarnöfnum, sem samræmast íslenzkri tungu og íslenzkum málsmekk, heldur ættarnöfnum, sem jafnvel Íslendingar geta ekki borið fram, eins og hv. 2. þm. Skagf. (GGísl) gat um. Það er þetta, sem á að neyða upp á okkur vegna þess, að við ætlum að gefa þessum mönnum þann mikilsverða rétt að verða þegnar í þessu landi, og þessir menn mega ekki leggja það á sig að taka sér nöfn eins og Íslendingar og verða Íslendingar líka að nafninu til og lúta þeim lögum, sem Íslendingar verða að lúta í þessum sökum. Því verður aldrei hægt að mæla í gegn, að þessi útlendu ættarnöfn væru beint brot á íslenzku nafnalögunum, ef till. yrði samþykkt.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Þau fáu orð, sem ég sagði hér áðan viðvíkjandi fyrirspurninni frá hv. þm. V-Húnv. (SkG), vil ég mega ætla að hæstv. forseti telji sem stutta aths. aðeins og ég eigi því fullkominn ræðurétt; hann ætla ég að vísu ekki að nota mér, því að ég tel, að það sé búið að svara því, sem svara þarf hjá þeim hv. þm., sem vilja nú, að útlend ættarnöfn heimilist þessum nýju ríkisborgurum, sem kunna að verða samþykktir.

Ég gat ekki svarað fyrirspurn hv. þm. V-Húnv. áðan, af því að mér hafði ekki gefizt kostur á að athuga það nógu gaumgæfilega. Ég þorði ekki að treysta minninu. Mér fannst ég kannast við þessi nöfn öll, sem eru á brtt. 603, 619 og 621. Nú hef ég athugað þetta, og þá kemur í ljós, að þessir menn eru ekki búnir að eiga heima hér nógu lengi eftir þeirri reglu, sem nefndin hefur lagt til grundvallar fyrir tillögum sínum. Ég vil mjög eindregið beina því til hv. dm., að þeir standi með n. að till. hennar og samþykki það eitt, sem n. leggur til að samþykkt verði, en láti ekki aðrar till. komast að. Við verðum, þar sem svo mikið er sótzt eftir þessum mikilsverða þegnrétti okkar, að taka upp einhverjar reglur og hafa hóf á því, hvað mörgum við veitum hann ár hvert. Það getur orðið innan skamms tíma allmargt samt, þó að hófs sé gætt í þessum efnum. Þær till., sem fyrir liggja, fullnægja ekki neinar nema till. n. einnar þeim grundvallarreglum, sem n. lagði, þegar hún gerði sínar till. Þetta vil ég vona að hv. þm. taki til góðviljaðrar athugunar, því að það getur verið, að ef við höfum ekki einhverja fasta reglu til þess að fara eftir og sköpum okkur þar, þá stefnum við þessum málum í hreint óefni. Veit ég, að hv. þm. vilja hafa á því góðar gætur, að fyllstu varfærni sé gætt.

Ég ætla nú ekki að fara að fjölyrða mikið um það, sem fram hefur komið síðan ég talaði áðan; þess gerist ekki þörf. Hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) hefur svarað því, sem máli skiptir.

Ég er hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) sammála um það, að við ættum að vinna að því, að farið væri að framkvæma betur nafnalögin, og gefa þessum málum einmitt góðar gætur, en það er ekki stefnt í rétta átt að innleiða fjölda erlendra ættarnafna og kemur hálfhlálega við. Annars byggjast röksemdir þessara tveggja hv. flm. till., sem talað hafa, aðallega á því, að þau skilyrði, sem sett hafa verið gagnvart útlendingunum, sem fengið hafa ríkisborgararétt, séu ekki nógu vel haldin, í málinu séu jafnvel á íslenzkum mönnum hálfgerð ónefni og það sé látið viðgangast, þess vegna sé ekki um svo mikla sök að ræða, þó að útlendingar, sem þegnrétt fá, fái að halda sínum erlendu ættarnöfnum. Maður skyldi nú ætla, að það lægi nær að rökstyðja sitt mál með því, að af því að áfátt er í þessum efnum, þurfi að koma í veg fyrir, að við bætist, og er þá nær að grípa til þess ráðs, sem hér líka hefur verið haft á orði, að hreinsa málið af þessu. Um þetta ætla ég svo ekki að fara frekari orðum.

Ég kunni ekki við það hjá hv. 1. landsk. þegar hann átelur hv. 2. þm. Skagf. (GGísl) fyrir afstöðu hans til þessa máls. Þetta er nýr þm., og sem betur fer kemur í ljós hjá honum einlægur vilji og skoðun um það, að við eigum að vera vel á verði um það, sem þessari þjóð er dýrmætast, og það er hennar tunga. Ég ætla, að þetta hljóti að vera af athugaleysi hv. 1. landsk. Hann átelur þetta hjá hv. 2. þm. Skagf. Ég tel það lofsvert, að hann tekur þessa afstöðu, og vil þakka honum fyrir það.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að þingmenn, sem

hefðu verið hér undanfarið og hefðu staðið að meðferð mála hér áður, þjóðlegra mála og annars, m. a. er hervarnarsamningurinn hefði verið samþykktur, hefðu gjarnan mátt hafa í huga Stephan G. Stephansson. Ég skal aldrei mæla því í gegn, að menn hafi hann í huga. Hv. 8. þm. Reykv. var þá ekki kominn á þing til að taka afstöðu til þess máls, svo að maður getur lítið um það sagt, hvaða afstöðu hann hefði valið sér. Nú er hann kominn, og þetta er fyrsta prófmálið, sem reynir á hans þegnskap um það sem þjóðinni er dýrmætast af öllu, sem hún á, og það er hennar tunga. (**BergS**: En sjálfstæði hennar?) Við öðluðumst sjálfstæði við það, að við vorum geymnir og okkar forfeður á tunguna. Þessi hv. þm. þarf ekki að vera að minna á þetta. Nú hefur hann gefið þessa raun, hv. 8. þm. Reykv. Um það, sem síðar kann að verða, vil ég gjarnan óska honum þess til handa, að hann velji sér betri málstað en í þetta sinn, og þá er vel.

**Sigurður Ágústsson**: Herra forseti. Ég hef á þskj. 509 leyft mér að bera fram brtt. við það frv., sem hér er til meðferðar, og óskað eftir, að ein kona og tveir menn fengju íslenzkan ríkisborgararétt.

Hér er um að ræða frú Maríu Fich í Hrísdal í Miklaholtshreppi, sem hefur dvalizt hér í tæp sex ár. Hún er gift Kristjáni bónda í Hrísdal, og eru rúm tvö ár síðan þau gengu í hjónaband. Ef þær reglur, sem hv. allshn. setti sér á s. l. ári í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar, hefðu gilt, eða verið þær sömu nú og á s. l. ári, hefði þessi kona skilyrðislaust átt að öðlast ríkisborgararétt að þessu sinni, því að eftir upplýsingum hv. n. á s. l. ári var talið rétt að mæla með því, að konur, sem hefðu gifzt íslenzkum ríkisborgurum fyrir tveim árum, fengju ríkisborgararétt, en nú mun þetta hafa verið fært upp í þrjú ár.

Viðvíkjandi tveimur karlmönnum, sem ég óskaði ríkisborgararéttar fyrir, vil ég segja þetta: Klaus Levermann er trésmiður í Reykjavík og er búinn að dveljast hér á landi í nær sex ár. Þetta er ungur maður og efnilegur og ætlar sér að dvelja áfram hér á landi.

Þá er í þriðja lagi Mikulcak, tékkneskur maður, sem er búinn að dveljast hér á landi í rúm 8 ár, er giftur íslenzkri konu, og vantar aðeins tæpa tvo mánuði í það, að þau hafi verið gift í þrjú ár.

Ég tel ákaflega eðlilegt og sjálfsagt, að hv. n. setji sér reglur til að fara eftir, og það hefur sannarlega komið hér fram í umræðunum, að hún leggur mjög hart að hv. þm. að hlýða því kalli, sem hún gefur, og þeim reglum, sem hún hefur sett. Þess vegna mun ég í þetta sinn, þar sem ég veit, að þetta góða fólk, sem ég hef óskað eftir að öðlaðist ríkisborgararétt, uppfyllir ekki þau skilyrði, sem n. hefur sett í sambandi við dvöl þess hér á landi, taka þessar brtt. mínar við frv. aftur. En annað vil ég minna hv. n. á með þær reglur, sem hún setur og krefst að aðrir hv. þm. fylgi, að hún reyni að gera sér far um að fylgja þeim settu reglum og sníði sínar brtt. í samræmi við þær. Á það hefur brostið í þetta sinn.

**Gylfi Þ. Gíslason**: Herra forseti. Ég vil ekki láta þessari umræðu ljúka án þess, að ég með örfáum orðum leiðrétti þann misskilning tveggja hv. þm., hv. 1. þm. Árn. og hv. 3. þm. Reykv., að ég hafi með orðum mínum áðan ætlað að ávíta með einhverjum hætti hv. 2. þm. Skagf., nýsetztan á þing. Það var mjög fjarri, að það væri tilætlun mín, að hann eða nokkur annar skildi orð mín þannig, enda tók ég það fram, að mér væri það í sjálfu sér ekkert ánægjuefni að þurfa að gagnrýna mál hans. Kom fram að öðru leyti, að ég ætlaðist til þess, að ekki yrði misskilið, þótt ég notaði tækifærið til að minna á, að sú stétt, sem hann tilheyrir, hefði ekki staðið svo vel á þjóðernisverðinum sem ástæða væri til. Mér fannst raunar, að hinir ræðumennirnir hefðu átt að benda á þetta, svo miklir áhugamenn sem þeir hafa sýnt sig um viðhald íslenzkrar nafngiftar.

Með þessum fáu orðum mínum vil ég aðeins undirstrika, að ég var ekki að gagnrýna það, að hv. 2. þm. Skagf. hefði sjálfstæða skoðun á þessu máli og lýsti henni vel og skörulega, heldur fannst mér ég ekki geta neitað mér um að benda á þátt prestanna í málinu. Ég vildi gjarnan mega vænta þess, að áhrifa hans á stéttarbræður sína mætti framvegis gæta vel og myndarlega og enn betur og enn myndarlegar, eftir að hann er kominn í hóp þingmanna, svo að nafnalögin verði framvegis betur í heiðri höfð en hingað til.

**Gils Guðmundsson**: Herra forseti. Ég skal ekki bæta við þetta mörgum orðum. Það var aðeins örstutt orðsending til míns góða kunningja, hv. 1. þm. Árn., í sambandi við þau orð, sem hann mælti í lok ræðu sinnar hér áðan. Ég hygg, að enginn okkar komi nú fram með nein veigamikil ný rök í þessu máli, sem hér hefur verið deilt um, þó að við körpum um það áfram.

Mér virðist, að það, sem hv. 1. þm. Árn. setur mest fyrir sig, þegar hann er að halda því fram, að tungunni stafi gífurleg hætta af till. okkar, ef hún yrði samþykkt, sé byggt á þeim reginmisskilningi, að það sé ætlunin að halda þessum ættarnöfnum í málinu um alla framtíð. Eins og greinilega segir í till., þá er alls ekki til þess ætlazt, heldur eiga þeir menn, sem nú fá ríkisborgararétt, að fá að bera ættarnafn sitt til æviloka, en síðan á það nafn að falla niður og ekki sjást á íslenzkum ríkisborgara eftir það. En ef það er nú allt í einu orðið stórhættulegt, að þessir menn, sem — eins og sagt hefur verið — eru margir orðnir miðaldra og sumir jafnvel aldraðir, fái að halda nöfnum sínum til æviloka, er það þá ekki alveg eins hættulegt íslenzkri tungu, að hér dvelja fjölmargir erlendir menn með erlendum nöfnum, jafnvel þó að þeir hafi ekki íslenzkan ríkisborgararétt? Ættum við þá að fara að stefna að því að neita um landvistarleyfi mönnum, sem skipta ekki um nafn?

Ég skal taka undir það, að ég vil gjarnan, að hér ríki strangar reglur um mannanöfn, og ég hef skýrt frá því, að ég tel það gersamlega óviðunandi, að lögin um þau frá 1925 skuli ekki vera betur í heiðri höfð en þau hafa verið. En mér finnst ekki rikust ástæða til þess að byrja á því að setja um þetta efni strangari reglur um þá

menn, sem nú fá ríkisfang hér, heldur en þá, sem fyrir eru í landinu.

Að síðustu vildi ég aðeins segja hv. 1. þm. Árn., að ég ætla ekki að fara á þessari stundu að ræða við hann almennt um þjóðernismál, enda er hann nú dauður í þessu máli. En ég vil óska honum þess, að hann megi í hverju máli, sem snertir íslenzka menningu og þjóðerni, rísa upp tvíefldur, og þá skulum við sjá, hvort við getum ekki orðið samherjar oftar hér eftir en hingað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 474 tekin aftur.
— 495 felld með 15:9 atkv.
— 509 tekin aftur.
— 602 felld með 19:5 atkv.
— 603 felld með 18:4 atkv.
— 606 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 619 tekin aftur.
— 621 felld með 17:7 atkv.
— 498 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÓTh, SÁ, GMM, BergS, GilsG, GÞG, HV, HelgJ, JóhH, JPálm, JR, KGuðj, KJJ.

**nei:** PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EOl, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, KS, HÁ, GGísl, JörB, LJós, SB.

MJ greiddi ekki atkv.

3 þm. (EggÞ, EmJ, IngJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 74. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 644).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 644, n. 735).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Lög um veitingu ríkisborgararéttar hafa í þau tæp 13 ár, sem liðin eru síðan ég kom hingað fyrst á þing, oft lent í hinu mesta öngþveiti, og ég man a. m. k. 3 þing, þar sem frv. hafa annaðhvort dagað uppi eða verið felld, vegna þess að deildirnar gátu ekki komið sér saman um reglur, sem skyldi fara eftir í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar. Hv. Ed. hefur alltaf verið miklu íhaldssamari í þeim efnum en hv. Nd., og ég tel það rétt, því að ég álít, að ríkisborgararétturinn sé einhver dýrmætasta eignin, sem við Íslendingar eigum, og við eigum ekki að láta hann til annarra þjóða manna, nema þeir hafi sýnt, að þeir séu verðir þess.

Ef maður líkir þjóðinni við stórt heimili, þá var það síður, a. m. k. í gamla daga, á góðum heimilum að taka fósturbörn. Það var látið vel að þeim, þeim var veitt atvinna og hinn bezti viðurgerningur. En það var undantekning, ef þau voru gerð að kjörbörnum. Ég skoða það, ef þessari samlíkingu er haldið, að veita manni ríkisborgararétt sama og að gera hann að kjörbarni íslenzka þjóðfélagsins, og vil ég þess vegna gera talsvert miklar kröfur til þess manns.

Á þessu þingi hefur samizt svo um milli hv. allshn. Nd. og hv. allshn. Ed., að n. hafa komið sér saman um sameiginlegar reglur, sem ég að vísu álít ekki nægilega strangar, en get þó eftir atvikum sætt mig við. Þær eru teknar upp í nál. allshn. Nd. á þskj. 472, og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að telja höfuðatriðin úr þeim upp. Þar segir:

„Var talið æskilegt, að þær yrðu á þessa leið:

Það skyldi ófrávíkjanlegt skilyrði, að umsækjandi hafi gott orð um alla hegðun og framkomu að áliti valinkunnra manna. Einhleypir menn hafi átt hér lögheimili í 5—10 ár, og fari um árafjöldann nokkuð eftir þjóðerni umsækjanda (Norðurlandabúar 5 ár).

Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið, fær borgararétt, þegar hún hefur öðlazt hér á landi heimili og ákveður að vera hér áfram.

Erlendur ríkisborgari af íslenzku foreldri, sérstaklega ef hann á Norðurlandabúa að öðru foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu.

Maður (eða kona), sem kvænist (eða giftist) íslenzkum ríkisborgara, fái borgararétt eftir 3 ár frá giftingu, þó þannig, að sá, sem borgararéttinn hefur fyrir, hafi haft hann a. m. k. í 3 ár.“

Þetta eru þær reglur, sem nefndirnar hafa myndað sér til að fara eftir núna, en auðvitað er Alþ. heimilt hvenær sem er að víkja frá þessum reglum, því að þær eru ekki lögbundnar, hafa þær strangari eða draga úr þeim, en það vona ég að ekki verði.

Hv. Nd. hefur farið nákvæmlega eftir þessum reglum í frv. sínu. Þar hafa þó slæðzt inn tvær villur. Önnur er sú, að nr. 57 í frv., eins og það kemur frá Nd., Bernadotte van der Poel, karmelnunna í Hafnarfirði, er farin af landi burt og kemur því ekki til greina lengur. En af misskilningi féll aftur niður úr frv. önnur karmelnunna, de Zeeuw, sem tekin er í stað hennar. Þetta er ekki annað en leiðrétting. Í öðru lagi hafði fallið niður hjá hv. Nd. Færeyingur, Tórbjörn Andreasen, sem uppfyllir öll þau skilyrði, sem nefndirnar hafa sett, og hefur því aðeins fallið niður af misgáningi.

Af þessum ástæðum verður að senda frv. aftur til Nd. En úr því að það verður gert, þótti okkur rétt að taka inn í það hjón, þar sem ungverskur maður er giftur íslenzkri konu. Þau uppfylla sömu skilyrðin, en umsóknirnar bárust ekki fyrr en eftir að málið fór úr Nd. En ég vil taka það skýrt fram, að n. er mjög á móti skapi og mun ekki framvegis sætta sig við það, að verið sé að dengja umsóknum um ríkisborgararétt inn til hennar alveg til síðustu stundar. Það þarf að gera mönnum það ljóst, sem vilja sækja um

ríkisborgararétt, að umsóknir séu komnar til dómsmrn. áður en Alþ. kemur saman eða a. m. k. áður en ríkisborgararéttarfrv. fer úr fyrri deildinni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Allir nm. eru sammála, og ég vil leyfa mér að leggja til, að hv. d. samþykki frv. með þeim breytingum, sem n. stingur upp á.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Í nál. hv. allshn. stendur:

„Ýmsir nefndarmenn hefðu viljað gera breytingu á 2. gr. frv. í samræmi við brtt. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. á þskj. 498, en vilja ekki tefla frv. í tvísýnu með því að bera hana fram nú, þar eð mikill ágreiningur er um hana í hv. Nd."

Ég verð að lýsa óánægju minni yfir því, að þeir nm., sem álitu þessa brtt. réttmæta, skyldu ekki taka hana upp, og mér finnst það ekki vera frambærileg ástæða, úr því að frv. er sent til hv. Nd. hvort sem er, að bera við ótta við þá deild. Ed. hefur alveg fullan rétt til þess að láta skoðun sína koma fram, og þá er alveg eins mikil ástæða fyrir Nd. til þess að tefla frv. ekki í tvísýnu, ef slík till. hefði verið samþ. hér, með því að senda það aftur hingað. Ég sé ekki, að hv. Ed. þurfi ætíð að láta í minni pokann eða móta afstöðu sína af því, hvað Nd. vill vera láta.

Ég álít, að þessi brtt. Gylfa Þ. Gíslasonar sé ákaflega sanngjörn. Eins og menn kannske muna, er hún aðeins um það, að þeir útlendingar, sem öðlast ríkisborgararétt, fái að halda nöfnum sínum sjálfir, en að börn þeirra verði að taka upp íslenzk heiti. Ég er ekki við því búinn að samþykkja 2. gr. frv., býst við, að ég nú við þessa umr. greiði atkvæði á móti henni, en geri jafnvel við 3. umr. tilraun með svipaða brtt. og þá, sem er á þskj. 498.

Mér finnst ákaflega hart aðgöngu fyrir þessa menn að þurfa að breyta nafni sínu, kannske rosknir. Nafn mannsins er svo að segja hluti af honum sjálfum, og það er eiginlega eins og að týna sjálfum sér að þurfa að breyta nafni sínu. Mér finnst það ekki, eins og hv. frsm. (LJóh) var að tala um, að þjóðin gerði þessa menn að kjörbörnum sínum, — mér finnst ekki neitt sérstaklega vel tekið á móti þeim með því að kúga þá til að breyta nafni sínu. Það er undarlegt, að það skuli þá ekki fylgja að banna ættarnöfn á Íslandi. Nú sitja hér menn á Alþ., sem bera ættarnöfn, og það hefur enginn neitt við það að athuga, og meira að segja sá maður, sem mest mun berjast fyrir þessu í þinginu, notar ættarnafn. Ég held, að ef menn vilja halda svo fast í þetta, þá ætti að banna ættarnöfn á Íslandi alveg. Það er ekkert meira fyrir Íslendinga að leggja niður ættarnafn heldur en þá, sem öðlast ríkisborgararétt.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. þetta hefur tekið allmiklum breytingum, frá því að það var lagt fyrir hv. Alþ., og hef ég út af fyrir sig ekki mikið við þær breytingar að athuga. Mér er ljóst, að það hlýtur ætíð að verða álitamál, hvaða reglur skuli gilda um veitingu ríkisborgararéttar, og fellst á, að það er vinningur út af fyrir sig, ef allshn. beggja deilda koma sér þó saman um einhverjar reglur, þó að mér sé hitt ljóst, að fastmótaðar reglur í þessum efnum eiga ekki við til hlítar, vegna þess að hér hljóta ætíð að verða mörg áhorfsmál. Einmitt þess vegna eru ekki settar almennar reglur í lögum, og stjórnarskráin mælir fyrir um, að Alþ. eigi að taka um þetta ákvörðun hverju sinni, vegna þess að það er talið svo mikilsvert, hverjir fái réttinn, að Alþ. eigi sjálfstætt að gera upp hug sinn um hvern einstakan umsækjanda. Það breytir ekki því, að það er mikill kostur og enda nauðsynlegt að hafa reglur til þess að styðjast við í því mati.

Ég verð þó að varpa fram þeirri spurningu, hvort nefndirnar hafi raunverulega kannað það, sem fram kom hjá hv. frsm., að allir þeir menn, sem hér eru taldir, hafi gott orð. (Gripið fram í.) Ja, vottorð frá hverjum? (Gripið fram í.) Nei, vottorðin eru ekki um það út af fyrir sig; það er alger misskilningur. Vottorðin fjalla alls ekki um það. Ég held, að ef sú er meiningin, að það sé kannað, þá þurfi aðra meðferð en höfð hefur verið á þessu máli nú.

Ég gerði tilraun um það í samræmi við umræður, sem höfðu farið fram á Alþ. áður, að láta auglýsa á s. l. sumri, að þeir, sem vildu koma til greina um það að verða að tillögum ríkisstj. ríkisborgarar með lögum, sem sett yrðu á því þingi, sem nú stendur, yrðu að hafa gefið sig fram fyrir tiltekinn tíma. Það voru ekki mjög margir, sem sóttu innan þess tíma, og ég hef grun um, að hv. nefndir hafi tekið menn alveg án tillits til þess, hvort þeir höfðu sótt fyrir þann tíma eða ekki, og í raun og veru alveg sleppt fram af sér athugun á einstökum umsækjendum umfram það, að hin formlegu vottorð séu í lagi, sem alls ekki segja það, sem hv. frsm. skaut hér fram í og virtist ætla að þau segðu. En ég játa, að í mörgum tilfellum þekkja einstakir þm. meira og minna til þessa fólks, svo að þeirra umsagnir og þekking er alveg eins góð og vottorðagjafir einhverra manna úti í bæ, ef svo mætti segja. En þó er ég hræddur um, að hér sem of oft ella komi töluvert áróður til greina, en ekki hlutlaus athugun.

Þessum almennu athugasemdum vildi ég nú varpa fram. Ég er ekki að leggjast á móti þeim breytingum, sem frv. hefur tekið, og eftir því sem á stendur, er enginn maður í þessu frv. nú, sem ég mundi telja frágangssök að veita ríkisborgararéttinn. Til flestra þeirra þekki ég alls ekki og get ekki gert mér neina grein fyrir þeim. En ég vildi þó benda á þessi atriði, úr því að ég tók hér til máls, og ég verð að játa, að mér finnst það vera nokkuð ríflegt, ef 70 manns ættu árlega að fá ríkisborgararétt. (Gripið fram í.) Rétt kann það að vera. Ég hef ekki tekið jafnaðartölur um þetta, enda er ég ekki svo glöggur stærðfræðingur sem hv. 1. þm. N-M. (PZ). Ég efast þó um, að það sé hyggilegt að taka jafnstóran hóp inn í einu, nema þá að það hafi verið kannað rækilega, og það er ánægjulegt, ef n. hafa gert það. Þetta eru almennar aths. og beinast ekki að einstökum mönnum. Ég vil taka það alveg skýrt fram.

Það, sem kom mér sérstaklega til að tala, voru ummæli hv. 1. þm. Eyf. (BSt) út af 2. gr. frv. Ég get tekið undir það með honum, að ég tel

það óviðurkvæmilegt, að þessi hv. d. lúti ráðum hv. Nd. og láti hana, ef svo má segja, setja stólinn fyrir dyrnar um afgreiðslu mála, þó að fram hjá hinu verði aldrei komizt, að menn hafi það nokkuð í huga varðandi aðgerðir sínar og breytingar, hvað líklegt sé til framgangs, og nenni ekki að vera í deilum út af minni háttar atriðum, ef þau eru vonlaus um framgang. Um þá breytingu, sem hann ræddi, veit ég ekkert, hvort þannig stendur á, og er því ókunnugur. Hins vegar verð ég að segja, að ef menn á annað borð vilja láta gera slíka nafnabreytingu sem hér um ræðir, þá finnst mér sjálfsagt, að hún komi til greina strax, en ekki bara í öðrum lið.

Ég heyrði það, að mjög hefði verið haft á orði í hv. Nd., að óviðurkvæmilegt þætti okkur, ef maður eins og Stephan G. Stephansson hefði verið látinn breyta um nafn, þegar hann varð ríkisborgari í öðru landi. Nú stendur einmitt þannig á, að þessi maður breytti sínu gamla íslenzka nafni. Hann breytti því að vísu ekki á þann veg, sem var talað um í Nd., en hann breytti því og færði það til landssiðar í því landi, þar sem hann settist að, svo að þar var nákvæmlega það sama á ferðum, að vísu lögþvingunarlaust, eins og menn hér hafa talið rétt að gera með lagaboði. Sú röksemd er því einna hlálegust af öllum röksemdum, sem ég hef heyrt, vegna þess að hún snýst beint á móti þeim málstað, sem hún var færð með.

Það er alkunnugt, að ef menn setjast að í öðrum þjóðlöndum en þeir hafa verið í, verða þeir, áður en langar stundir líða, yfirleitt að færa nöfn sín til þess, sem siður er í því landi. Við Íslendingar vitum, ef við förum með konum okkar úr landi, að það er enginn okkar, sem hefur kjark til þess, þegar komið er út fyrir landsteinana, að láta konuna halda sínu rétta nafni þar, heldur verður að færa það til þess siðar, sem þar tíðkast, að kenna hana við föðurnafn okkar. (Gripið fram í.) Ja, það kann að vera, að hv. þm. hafi verið svo djarfur að skjóta sér undan því, enda hefur hann þá verið — — (BSt: Eins og nafn Dóru Þórhallsdóttur.) Já, það kann nú að vera með svo mjög háttsettar persónur, en „quod licet jovi non licet bovi", sögðu latínumenn, að það, sem hentar drottnaranum, hentar ekki þursanum, og þannig kann það nú einnig að vera í því tilfelli. Við vitum það, að þjóðhöfðingjar hafa víða sérstakan nafnasið, þótt það sé að vísu ekki um forseta yfirleitt.

Reglan er samt þessi óumdeilanlega, og mér fannst hv. frsm., sem annars taldi þessa reglu, sem sett hefur verið, heldur óheppilega, þó að hann vildi ekki leggja í að breyta henni, alveg sanna það, að hún væri nauðsynleg, með því að hann var að reyna að lesa hér upp nafn á einum hinna væntanlegu ríkisborgara og gat ekki gert það betur en með því að stafa nafnið, því að hann gat ekki með nokkru móti komið því saman eða komið því út fyrir sinn tungubrodd, sem ræður við íslenzkt mál, en ekki erlent. Ætli það sé ekki svo með einhverja fleiri hér? Einhverja Ungverja virtist mér ég sjá, sem ég veit ekki alveg hvernig til tækist að nefna á íslenzku.

Ég vil þess vegna efnislega, ekki fyrst og fremst af tilliti til hv. Nd., heldur efnislega, mæla á móti þeirri breytingu, sem hv. 1. þm. Eyf. vildi fram koma. Mér finnst, að hún sé til ills. Það er líka alger misskilningur hjá honum, að hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), sem hefur haft forustu um að koma þessu máli í skaplegt horf í Nd., hafi ættarnafn. (Gripið fram í.) Nú, jæja, ég hafði heyrt hans áður getið í því sambandi, en það er ljóst, að hann hefur ekki slíkt nafn.

Hitt verðum við svo að játa, að nafnalögin íslenzku eru að ýmsu leyti orðin úrelt og eru ekki framkvæmanleg, vegna þess að það mundi vera talið óviðurkvæmilegt að beita refsingum til þess að svipta suma þá menn ættarnöfnum, sem þau hafa tekið upp í bága við lögin. En það er sitt hvað í raun og veru, hvort menn hafa ættarnöfn, sem eru með íslenzku sniði, eða hvort menn halda þeim útlendu ónöfnum, sem við sjáum, þegar við lesum þennan lista. Það er alveg sitt hvað.

Einmitt vegna þess, að nafnalögin eru orðin úrelt og lítt framkvæmanleg, hef ég fengið nokkra lærða og hæfa menn til þess að taka að sér að endurskoða þau lög og vonast til þess að geta lagt fram frv. um ný nafnalög fyrir næsta Alþingi. Gæti það þá vonandi, ef það verður slíkt, að menn geti fellt sig við það, sem ég þori auðvitað ekki að segja, orðið leiðbeining og til stoðar um afgreiðslu slíkra mála sem þessa í framtíðinni. En úr því að Alþ. er búið að taka upp þennan hátt, sem í 2. gr. þessa frv. segir, nú um nokkurra ára bil, þá finnst mér með öllu ástæðulaust að hverfa frá þeim sið, eins og nú standa sakir.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Ég verð að biðja deildina afsökunar á því, að ég gleymdi í framsögu minni að minnast á 2. gr., sem aths. var gerð við í nál. okkar á þskj. 735.

Eins og sást á ræðu hæstv. dómsmrh., eru hér skiptar skoðanir um þetta. Hann vill halda þessari reglu, sem verið hefur. Hv. 1. þm. Eyf. vildi aftur á móti eins og sumir nm. færa þetta í annað horf og þá í meira samræmi við brtt. í Nd. á þskj. 498. Ég átti tal um þetta við frsm. allshn. Nd., hv. 1. þm. Árn. (JörB), að við hefðum e. t. v. hug á að breyta þessu, og ég er alveg sammála báðum hv. ræðumönnum um það, að auðvitað á þessi d. að fara sínu fram og hefur gert það og er alls óhrædd við að gera það, en það geta verið ástæður til að víkja frá smáatriðum, ef hætta er á að setja höfuðatriði máls í hættu.

Till. Gylfa Þ. Gíslasonar og fleiri í Nd. var felld þar við nafnakalli með 18 atkv. gegn 13, og frsm. n. sagði mér, að ef við breyttum þessu í Ed., þá mundi það leiða til þess, að frv. færi ekki í gegnum d., og þá yrði það annað árið, sem engin lög um veitingu ríkisborgararéttar yrðu samþ.

Ég álít því, þar sem ekki var upplýst um skoðun d. í þessum efnum, að ekki væri rétt að stofna höfuðatriði málsins í hættu, að veita mönnunum þessi réttindi, út af atriði, sem að vísu er nokkuð mikilvægt, en er þó aukaatriði í því sambandi.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að 70 manns væru í frv., þá vildi ég benda á það, sem einhver skaut fram í ræðuna, að það kemur auðvitað til af því, að í fyrra var engum veittur

ríkisborgararéttur vegna ágreinings milli d. En ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það og ég vildi óska þess, að sú regla kæmist á, að menn yrðu að sækja um ríkisborgararétt til dómsmrn. Ég játa það, að við höfum í flestum tilfellum látið okkur nægja umsögn sakadómara og umsögn bæjaryfirvalda um, að umsækjandinn hefði hvorki orðið fyrir því að lenda undir manna höndum né sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, og um það, að hann hefði ekki orðið til byrðar fyrir sveitarfélagið. Í mörgum tilfellum eru þó meðmæli frá ýmsum mönnum, sem við þekkjum meira eða minna. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að það ætti ekki að veita þessi réttindi mönnum, nema þeir hefðu sérstaklega gott orð á sér og þá væri búið að sannprófa í þessum efnum, því að við erum ekki einungis að veita þeim meiri rétt en þeir fá í flestum öðrum löndum vegna okkar þroskuðu tryggingalöggjafar, heldur getum við átt á hættu, að þessir menn fari til annarra landa sem íslenzkir ríkisborgarar. T. d. í Bandaríkjunum mun lítil fyrirstaða á því, að Íslendingur fái landvistarleyfi. Það kom fyrir hér fyrir nokkrum árum, að þýzk kona, sem hafði dvalið hér, sótti um íslenzkan ríkisborgararétt og lét þess jafnframt getið, að hún gerði það ekki til að setjast hér að og væri því engin hætta á að veita henni hann; hún mundi ekki verða þjóðinni til byrðar, heldur væri ætlunin eingöngu að komast til Bandaríkjanna á íslenzkum kvóta. Auðvitað fékk hún ekki ríkisborgararétt.

Viðvíkjandi nöfnunum skal ég rétt taka það fram út af ræðu hv. 1. þm. Eyf., að það var ekki heppileg samlíkingin hjá honum, eins og hæstv. dómsmrh. raunar tók fram, því að einmitt þegar maður gerist kjörbarn einhvers, þá tekur hann upp nafn hans, en ekki fyrri foreldra sinna. Annars eru skiptar skoðanir um þetta, og við hugsuðum okkur vegna þess, hve áliðið væri þingtímans, að taka þetta mál upp á næsta þingi, og ef meiri hluti þm. væri fyrir því að breyta 2. gr. frv. á einhvern hátt, þá væri hægt að láta þau lög verka aftur fyrir sig, því að það er ekki svo mikið, sem í húfi er.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, því að mjög er liðið á fundartímann.

ATKVGR.
Brtt. 735,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 735,2.a—c samþ. með 12:1 atkv.
— 735,2.d samþ. með 11:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 13:1 atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 757).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þar sem liggur á að ljúka þessum fundi, mun ég neita mér um að svara hæstv. dómsmrh. að nokkru ráði út af ræðu hans, sem hann flutti við 2. umr. málsins. En þar sem hann nefndi Stephan G. Stephansson sem dæmi um það, að Íslendingar neyddust til að breyta nafni sínu, þegar þeir settust að í útlöndum oft og tíðum, þá er það nú að segja, að sú breyting, sem hann gerði á sínu nafni, er tæplega teljandi nokkur breyting. Við berum nafnið fram alveg nákvæmlega á sama hátt, Stefán G. Stefánsson, eins og hann hefði ekki sett ph í staðinn fyrir f í nöfnunum, og ég hef séð menn búsetta hér á Íslandi, sem heita Stefán eða eru Stefánssynir, skrifa nafnið á þann hátt eins og Stephan G. Stephansson gerði. Ef það dygði fyrir þessa útlendinga, sem fá ríkisborgararétt, að breyta nafninu svo lítilfjörlega eins og Stephan G. Stephansson gerði, þá hygg ég, að enginn mundi hrófla við því.

Þar sem 3. umr. málsins er háð þegar eftir 2. umr., hefur mér ekki gefizt tími til þess að semja brtt. við frv., eins og ég hefði viljað hafa hana. Ég tek því upp brtt., sem upprunalega var á þskj. 498, og ber hana fram sem skrifl. till., þó að ég játi, að mér líkar hún ekki að öllu leyti, því að ég sé ekki ástæðu til þess að skylda þessa útlendinga til þess að taka upp íslenzk fornöfn. En vitanlega eru þeir því vanir að vera kallaðir aðallega ættarnafninu, og sú till., sem Gylfi Þ. Gíslason bar fram ásamt fleirum, mundi mikið bæta úr, þó að betur mætti vera.

Ég leyfi mér því án þess að orðlengja þetta frekar að bera fram svo hljóðandi brtt., sem verður að teljast skrifleg:

„2. gr. orðist svo:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn. Sama skal gilda um barn, sem fær ríkisfang samkv. lögum þessum með foreldri sínu, en kenna skal það sig við föður, móður eða kjörföður samkv. lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laga þessara, skulu á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður."

Hæstv. ráðh. gat um það, að hann mundi bera fram á næsta þingi frv. um mannanöfn, og hv. frsm. n. minntist á það fyrirheit og taldi, að þá mætti láta ákvæði þeirra laga verka aftur fyrir sig. Nú vil ég spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. dómsmrh. hefur ráðið svo efni þessa frv., að það sé ákveðið, hvernig verður um ættarnöfn og upptöku þeirra. Ef svar hans verður það, að samkv. því frv. verði möguleiki fyrir þessa menn til þess að taka sín fyrri nöfn, við skulum segja þó að einhverjar takmarkanir séu á því, ef varla er hægt að bera nafnið fram t. d. í íslenzku máli, þá mun ég taka aftur þessa till. Ég vildi gjarnan heyra svar um þetta.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Svar við fsp. hv. 1. þm. Eyf. hljóðar á þann veg, að efni þessa frv. er enn þá ekki ráðið. Ég hef fengið hæfa menn til þess að taka að sér að semja það. Það er engan veginn víst, að þeim komi saman, enn þá síður víst, að mér lítist á till. þeirra, þegar þær liggja fyrir, og get ég því ekki sagt neitt nú um það, hvers efnis frv. verður. En ég mun leggja áherzlu á, að það

verði a. m. k. framkvæmanlegt, sem ekki er hægt að segja um lögin eins og þau nú eru.

En úr því að hv. þm. bar þessa fsp. fram við mig, þá vildi ég spyrja hann í fyrsta lagi: Hvert var föðurnafn Stephans G. Stephanssonar? Í öðru lagi vildi ég biðja hann um að lesa fyrir mig nöfnin hér í nál. undir stafl. 2, b og c. Að þeim lestri loknum ættum við betra með að dæma um, hvort við viljum halda þeim nöfnum sem nöfnum á íslenzkum borgurum eða ekki.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 759) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. þingdeild á það og álít mig þá tala f. h. allrar nefndarinnar, að ef þessi till. hv. 1. þm. Eyf. verður samþ., þá er málinu stefnt í voða og litlar líkur fyrir því, að þetta frv. gangi í gegnum þingið að þessu sinni. Það kemur mjög hart niður á ýmsum, sem þarna eru, vegna þess að það væri þá í annað skipti, sem mönnum, sem fullan rétt hafa samkvæmt þeim reglum, sem hafa verið settar, yrði neitað um íslenzkan ríkisborgararétt.

Ég er hér ekki með neina undansláttarsemi við hv. Nd. Ég álít, að hv. Ed. hafi sýnt það oft áður, að hún heldur sínu striki án tillits til þess, hvað hin deildin gerir, enda á svo að vera og til þess er deildaskipting Alþingis. En stundum kemur það fyrir, að sá verður að vægja, sem vitið hefur meira.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Það er aðeins út af fyrirspurnum hæstv. dómsmrh., sem ég kvaddi mér hljóðs. Mér er vel kunnugt um það, að Stephan G. Stephansson var ekki Stefánsson, þó að hann skrifaði sig það, en Gylfi Þ. Gíslason alþm. er ekki Gíslason, heldur Þorsteinsson, og svo er um fleiri menn búsetta á Íslandi. Ég veit ekki, hvort það er nokkur afleiðing þess, að Stephan G. Stephansson flutti til Ameríku, að hann skrifaði sig á þann veg, sem hann gerði, því að menn hafa gert alveg nákvæmlega það sama heima á Íslandi og það miklu fleiri menn en Gylfi Þ. Gíslason. — Að fara að lesa upp hér þau nöfn, sem hæstv. ráðh. nefndi og ég er nú búinn að gleyma, hvaða liðir voru, á ég ekki við. Ég er ekki lærður í tungumálum. Á hinn bóginn efast ég ekkert um það, að hæstv. ráðh. getur lesið þetta.

ATKVGR.

Brtt. 759 felld með 9:3 atkv.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 85. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. og 3. umr. í Ed. (A. 757).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 771).

---

## 40. Togarakaup fyrir Neskaupstað.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað** [186. mál] (stjfrv., A. 568).

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og hv. þm. er kunnugt, þá skeði sá hörmulegi atburður í vetur, að togarinn Egill rauði fórst. Fyrir utan sorglegt manntjón, sem varð í þessu sambandi, varð Neskaupstaður fyrir þungu áfalli atvinnulega séð. Það má nærri geta, hver áhrif það hefur í 1300—1400 manna kaupstað, þegar burt hverfur slíkt atvinnutæki.

Nú er það ætlun manna í byggðarlaginu að fá annað skip í staðinn fyrir það, sem fórst, og hafa verið gerð um það allöflug samtök á staðnum. Er verið að gera ráðstafanir heima fyrir til þess að safna saman fé til að leggja fram til togarakaupanna og horfur á því, að um það verði góð samtök.

Enn fremur kann svo að fara, að eitthvað verði afgangs af vátryggingarfé Egils rauða til þess að leggja í hið nýja fyrirtæki, en eins og gefur að skilja, fer mestur hluti vátryggingarfjárins til þess að greiða áhvílandi skuldir.

Forráðamenn í byggðarlaginu hafa snúið sér til ríkisstj. og óskað eftir því, að hún hefði forustu um það, að ríkið veitti stuðning til þess, að hægt væri að fá nýtt skip í staðinn fyrir það, sem fórst, og hefur verið farið fram á ríkisábyrgð í þessu skyni.

Eftir að hafa íhugað þetta mál og haft samband við heimafólk í Neskaupstað hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að leggja til, að ríkisábyrgð verði veitt á þann hátt, sem greinir í því frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., veitt verði ábyrgð fyrir allt að 85% af andvirði nýs skips. Þetta er gert í því trausti, að það muni þá takast að útvega lánsfé til að kaupa nýtt skip í staðinn fyrir það, sem hvarf.

Ég hygg, að ekki ætti að vera þörf að hafa um þetta fleiri orð, vegna þess að ég veit, að hv. þdm. er þetta mál talsvert kunnugt, þó að það hafi ekki verið lagt fyrir Alþ. Vil ég að lokum stinga upp á því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 76., 77., 78. og 80. fundi í Nd., 22., 25., 26. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 568, n. 596, 608).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. Í því er farið fram á heimild stjórninni til handa til þess að ábyrgjast lán til kaupa á nýjum diesel-

togara fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður þar í kaupstaðnum um rekstur togarans. Ábyrgðin má vera fyrir allt að 85% af kostnaðarverði skipsins, þó eigi fyrir meiri fjárhæð en 8½ millj. kr. Tekið er fram í frvgr., að ef bæjarsjóður verður ekki kaupandi skipsins, heldur sérstakt félag, þá skuli bæjarsjóður vera í sjálfskuldarábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir þeim skuldbindingum, sem ríkið tekur á sig fyrir félagið í sambandi við kaupin á skipinu. Auk þess er tekið fram í frv., að ábyrgðin sé háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstj. setur, þ. á m. um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

Fjhn. fékk þetta mál til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 596, eru allir nm. sammála um að mæla með frv.

Síðan nál. var gefið út, hefur hæstv. fjmrh. lagt fram brtt. um það, að ábyrgðin megi nema allt að 9 millj. kr. Þetta hefur ekki verið rætt sérstaklega í nefndinni, en ég þykist mega fullyrða, að fjhn. geti á það fallizt, að þessi hækkun verði gerð á ábyrgðinni, því að mér skilst, að eftir standi sem áður það ákvæði í frvgr., að ábyrgðin verði takmörkuð við 85% af kostnaðarverði skipsins.

Fleira sé ég ekki að ástæða sé til að segja um málið, en vænti þess, að það verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 608 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 690).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 690, n. 751).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Öllum hv. þm. munu vera vel kunnar ástæðurnar til þess, að þetta frv. er borið fram, en þær eru, eins og menn vita, þær, að togari bæjarútgerðarinnar í Neskaupstað fórst í vetur. Er frv. um það að veita ríkisábyrgð fyrir láni til þess að fá nýjan togara í staðinn, og er farið fram á allt að 9 millj. kr. ríkisábyrgð.

Það segir sig sjálft, að missir togarans í vetur hefur verið atvinnulífinu í Neskaupstað mikill hnekkir, og þess vegna er það sjálfsagt mjög eðlilegt, að þangað þurfi að koma nýr togari eða annar togari.

Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og leggur til, að frv. verði samþ. En efasemdir komu fram í n. um það, að frv., eins og það liggur fyrir, gæti komið Neskaupstað og íbúum hans að fullu gagni, og þess vegna er komizt svo að orði í nál. fjhn. á þskj. 751, að n. muni taka til athugunar fyrir 3. umr., hvort þörf muni vera að gera breytingar á frv. Síðan hef ég talað við 1. þm. S-M., hæstv. fjmrh. (EystJ), og telur hann, að frv., eins og það liggur fyrir, geti náð tilgangi sínum, sem er sá, að Neskaupstaður geti fengið nýjan togara, ef frv. verður samþ.

Ég geri því frekar ráð fyrir, að það verði horfið frá því ráði í n. að bera fram nokkrar brtt. við 3. umr. vegna þessarar skoðunar hans. Annars er nú hv. 2. þm. S-M. (VH) hér og getur þá sagt sína skoðun um það, hvort það sé nægileg hjálp að samþ. þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 776).

---

## 41. Togarinn Vilborg Herjólfsdóttir.

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur** [187. mál] (stjfrv., A. 573).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ríkisstj. réðst í það um jólaleytið í vetur í samráði við þá flokka, sem hana styðja, að festa kaup á togaranum Vilborgu Herjólfsdóttur, sem Vestmannaeyingar vildu selja. Þetta var gert í því skyni, að togarinn yrði seldur aftur nokkrum byggðarlögum á Norðurlandi.

Þessi viðskipti hafa nú farið fram, og staðirnir, sem hafa fengið skipið sameiginlega, eru Ólafsfjörður, Sauðárkrókur og Húsavík. Það leikur ekki á tveim tungum, að það er mjög mikil

þörf fyrir þessi byggðarlög að fá aukin atvinnutæki, og þess vegna var í þetta ráðizt.

Ég hygg, að þetta mál sé talsvert kunnugt hv. þm., og fjölyrði því ekki meira um það, en leyfi mér að óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 76., 77., 78. og 80. fundi í Nd., 22., 25., 26. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 573, n. 599).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem er að finna á þskj. 573, er stjórnarfrv. og felur í sér að heimila ríkisstj. að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur og lána í því skyni allt að 450 þús. kr. og ábyrgjast lán allt að 2 millj. 750 þús. kr., hvort tveggja gegn tryggingum, sem stjórnin tekur gildar. Það er ákveðið, að þetta skip sé keypt til handa 3 kaupstöðum norðanlands, og hefur þegar verið gengið frá félagsstofnun um það, en þeir kaustaðir eru Sauðárkrókskaupstaður, Húsavíkurkaupstaður og Ólafsfjarðarkaupstaður.

Fjhn. hefur rætt þetta mál og mælir með því einróma, að það verði samþ. eins og frv. liggur fyrir.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum nefndarmönnum í hv. fjhn. þessarar deildar lagt til, að þetta frv. verði samþ. En eins og getið er um á nál., hef ég nokkrar aths. að gera við þau vinnubrögð, sem fram hafa farið um sölu þessa skips.

Í fyrsta lagi má upplýsa það, að þetta skip hætti veiðum í nóvembermánuði s. l., fór þá í viðgerð til Reykjavíkur, kom úr viðgerðinni í desembermánuði, lá síðan fullbúið til veiða að kalla má í eitthvað á fjórða mánuð, og það er ekki fyrr en seinustu dagana í marzmánuði, sem skipið fer úr höfn hér í Reykjavík til hinna nýju eigenda á Norðurlandi. Allan þann tíma, sem skipið liggur og er í fullkomnu standi til þess að hefja veiðar, byggist kyrrstaða þess á því einu, að eigendaskipti á skipinu voru í vændum eða höfðu farið fram.

Ríkisstjórn á Íslandi ætti að hafa það að markmiði, að framleiðsla íslenzkra atvinnutækja gæti orðið sem mest, en ég sé ekki annað en að ríkisstj. hafi með vinnubrögðum sínum í þessu máli farið alveg öfugt að, hún hafi tekið þetta skip, en eins og við vitum, eru togararnir einhver afkastamestu framleiðslutæki, sem Íslendingar eiga, úr umferð svo mánuðum skiptir og það á þeirri árstíð, sem mest er aflavon. Þar af leiðandi hlýtur það að þýða, að íslenzkur þjóðarbúskapur hefur orðið fyrir búsifjum, sem eru þungar, að þannig skuli hafa verið farið með þetta ágæta framleiðslutæki, að það hefur ekki getað starfað.

Þá vil ég einnig vekja athygli hv. þd. á því í sambandi við meðferð þessa máls, að að því er kemur til löggjafar fer ríkisstj. eins að og hún gerir í mörgum málum og ég tel mjög ámælisvert. Hún ber ekki málin undir Alþingi, fyrr en Alþingi á þess kost eingöngu að samþ. eða hafna hlut, sem þegar hefur gerzt. Nú liggur þetta frv. fyrir til afgreiðslu, enda þótt málið sé afgreitt fyrir mánuði. Þætti mér vænt um, ef sá hæstv. ráðherra, sem hér er staddur í deildinni, fjmrh., vildi gefa þingdeildinni skýringu á því, hvernig á því stendur, að þetta lagafrv. kemur fram svona seint, og sömuleiðis, ef hann vildi gefa Alþingi skýringu á því, hvernig á því stendur, að ríkisstj. og flokksbræður hennar, sem fara með stjórn bæjarmála í Vestmannaeyjum, voru svo ákaflega seinir að semja um kaup á skipinu, og hvaða nauðsyn kunni að hafa borið til þess, að skipið stundaði ekki veiðar svo langan tíma sem ég hef áður greint. Ég álít, að Alþingi eigi að gera þá kröfu til ríkisstj. fyrst og fremst, að hún liðki til og leggi sig fram um það, að íslenzk framleiðsla geti orðið sem mest má verða á hverjum tíma, en ekki hitt, að hún geri sér leik að því að taka íslenzk stórvirk framleiðslutæki úr umferð svo og svo lengi, eins og hér hefur raun á orðið.

Ég tjái frv. sem slíku samþykki, enda þótt það sé vafasamt, að ríkisstj. flytji þannig framleiðslutæki til í landinu eins og hér hefur gert verið. Hitt væri miklu eðlilegra, að þegar byggðarlög þurfa á því að halda að fá togara, þá gengist ríkisstj. fyrir því, að byggt yrði nýtt skip til þeirra þarfa, heldur en að svo sé að farið sem hér er gert. Ég tel, að á þessu stigi málsins sé ekki fært annað en samþ. þau kaup, sem fram hafa farið í þessum efnum, og mun ekki standa gegn því, að frv. verði samþ. En ég leyfi mér að óska skýringar ríkisstj. á þeim vinnubrögðum, sem hér hafa farið fram, og sömuleiðis leyfi ég mér sem alþm. að mótmæla því, að slík vinnubrögð verði í framtíðinni viðhöfð, heldur óska ég þess, að ríkisstj. leggi sig fram um það, að íslenzk framleiðsla geti á hverjum tíma orðið sem mest.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta mál er ekki flókið. Rétt fyrir jólin lá þetta mál þannig fyrir, að togarinn Vilborg Herjólfsdóttir var til sölu. Það varð að svara því þá strax, hvort við vorum kaupendur að skipinu eða ekki. Þeir staðir, sem áhuga höfðu fyrir málinu, höfðu þá ekki skilyrði til þess að játa kaupunum. Ríkisstj. tók sig þá til og tók það á sig að kaupa skipið til bráðabirgða, upp á það að fá heimild Alþingis eftir á fyrir því. Það var ekki hægt að haga þessu öðruvísi, vegna þess að alþm. voru farnir í jólafrí um þessar mundir.

Nú hefur komið í ljós, að þessi ráðstöfun ríkisstj., sem mátti að vísu teljast nokkuð djörf, hefur mælzt vel fyrir, og allir hv. þm., að því er ég bezt veit, hafa eftir á látið í ljós það álit, að hér hafi verið rétt að farið að kaupa skipið og ráðstafa því á þann hátt, sem gert var.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri æskilegt, að fram kæmu skýringar á því, hvers vegna skipið hafi legið í Reykjavíkurhöfn frá því um jól, að viðgerð var lokið og kaup fóru fram, og þangað til í marz, að skipið fór norður til hinna nýju eigenda. Ástæðan var einfaldlega

sú, að hinir nýju kaupendur höfðu ekki aðstöðu til þess að eignast skipið fyrr en þetta. Þeir höfðu ekki komið sér fyrir með útvegun á þeim fjármunum, sem til þess þurfti að eignast skipið, fyrr en þetta. Þá var ekki um annað að gera en geyma skipið, þangað til þeir voru reiðubúnir að taka við því.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Hér liggur fyrir frv., sem hefst á þeim orðum: „Ríkisstj. er heimilt að kaupa togara.“ Það er mjög ánægjulegt, að ríkisstj. skuli þó vera komin inn á þá braut og hafa þannig stigið sitt fyrsta spor í því að bæta úr atvinnuleysisástandi vissra staða úti á landi með þeim hætti að aðstoða þá við að kaupa mikilvirkt atvinnutæki eins og togara.

Þó verður að segja, að þrátt fyrir það að þetta er lofsvert, þá hefur þetta framtak hæstv. ríkisstj. strax miklu minna gildi en ella fyrir það, að hér er aðeins um það að ræða að taka togara frá einum stað og flytja hann á annan. Þetta hefði haft meira innihald, ef hæstv. ríkisstj. hefði keypt nýtt skip í togaraflotann, átt frumkvæðið að því og aðstoðað t. d. þessa 3 kaupstaði, sem hér er um að ræða, til þess að eignast slíkt skip. Þá hefði það verið viðbót við atvinnulífið í landinu og efling framleiðslunnar og gefið aukið fé áreiðanlega bæði fólkinu á þessum stöðum og einnig í ríkiskassann til hæstv. fjmrh.

En þetta frv. sýnir þó, að hæstv. ríkisstj. hefur nú opnað augun fyrir því, að það er þörf á að hjálpa vissum stöðum úti á landi, einkanlega ef þeir eru í stjórnarkjördæmum, til þess að eignast ný atvinnutæki. Hér verða fyrir náðinni 3 tiltölulega litlir kaupstaðir, Húsavíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður og Sauðárkrókskaupstaður, en það er alveg áreiðanlegt og hlýtur að vera hæstv. ríkisstj. kunnugt, að það eru margir fleiri kaupstaðir og kauptún, sem þyrftu að fá sams konar aðstoð.

Til þessarar tilfærslu á togara milli staða útvegar hæstv. ríkisstj. fé með lánum og ábyrgð, að upphæð 3 millj. og 200 þús. kr. Það er vafalaust, að fleiri staðir munu óska eftir slíkri aðstoð, og á ég erfitt með að sjá, hvernig hæstv. ríkisstj. gæti synjað öðrum stöðum, sem hefðu sams konar atvinnuþörf, um einhverja hliðstæða aðstoð í þessu. Það getur áreiðanlega ekki verið neitt „prinsip“-mál fyrir ríkisstj. að kaupa einungis togara innanlands. Hún getur auðvitað alveg eins keypt ný skip, og það hefði miklu meira gildi.

Ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur brotið ísinn með þessu, og vil vona, að hún stígi fleiri spor í þá átt að byggja upp atvinnulífið úti um land, því að áreiðanlega er það virkasta ráðið til þess að draga úr þeim fólksstraum, sem sífellt er af Austur-, Norður- og Vesturlandi til Suðvesturlandsins. Hins vegar finnst mér það undarlegt, úr því að hæstv. ríkisstj. virðist nú hafa öðlazt nýjan skilning á þessum málum, að stjórnarflokkarnir skuli ekki enn þá hafa fengið leyfi til þess að hleypa úr nefnd því frv., sem hér liggur fyrir um ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar, því að með því að samþykkja það frv. og framkvæma síðan togarakaup á grundvelli þess, kæmu togarar, sem væru ekki bundnir við neina ákveðna, nafngreinda staði, heldur gætu orðið til atvinnueflingar, þar sem þörfin væri mest á hverjum tíma, og þannig miklu betur leyst úr þeim vanda, sem hvílir á ríkisstj. á hverjum tíma að koma atvinnulífinu til aðstoðar, þar sem vanda ber að höndum hverju sinni. Ég harma þetta og tel, að hæstv. ríkisstj. ætti nú að gefa sínum fylgismönnum bendingu um það, að þeim væri nú óhætt að lofa frv. að koma úr nefnd og til umræðu í þinginu, og hefði verið eðlilegt, að það frv. hefði komið hér til umr. fljótlega eftir þessi ríkiskaupafrv. á togurum, því að það mun áreiðanlega verða fastar kallað eftir því, að stjórnin geri það frv. að lögum, eftir að hún er búin að bæta úr þörf nokkurra einstakra staða með því að aðstoða þá við togarakaup.

Ég fyrir mitt leyti óttast, að sú verði reynslan, að það, að ríkið kaupi togara og selji einum eða tveimur kaupstöðum eða kauptúnum, sé ekki framtíðarskipulag. Ég er hræddur um, að það geti farið svo, að slíkir staðir geti sligazt undir slíkri togaraútgerð og hún þannig orðið skammgóður vermir atvinnulífinu. Stundum eru þeir atvinnutæki í þjónustu þessara staða, þegar ekki hefði kannske verið þörf á, að þeir þjónuðu þeim, og meiri þörf á, að þeir þjónuðu öðrum stöðum, og koma þannig ekki að því gagni, sem mátt hefði verða með því, að þeir hefðu verið í eign ríkisins og ríkisstj. síðan fært þá til, látið þá leggja upp afla eftir því, sem þörfin heimtaði á hverjum stað og tíma. Það, vill svo vel til, að í hinu nýafstaðna verkfalli örlaði í fyrsta sinn dálítið á því, að til væri skilningur á því að leggja upp aflann hér og þar úti um land, og eins og það væri svona vaxandi skilningur á því, að það væri framkvæmanlegt, að sama skipið legði upp á Vestfjörðum í einni veiðiför, á Norðurlandi í annarri og í þeirri þriðju við Breiðafjörð. Mætti það verða okkur líka til íhugunar eftir verkfallið, að þetta er vel framkvæmanlegt og þetta er ekki afleit hugmynd, en því miður fer það líklega svo, að áhuginn fyrir þessari atvinnujöfnunarstarfsemi dvínar nú þegar verkfallið er búið. En það væri ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. myndi eftir því, hversu vel þetta var þegið á ýmsum stöðum núna meðan á verkfallinu stóð, og áreiðanlega vakna vonir um, að þeirri atvinnujöfnunarstarfsemi ljúki ekki með lausn verkfallsins.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustólinn áðan og gaf okkur svör um það, hvernig á því stæði, að togari var af ríkisvaldinu tekinn úr umferð eitthvað dálítið á fjórða mánuð á hávertíðinni, og svör hans voru efnislega eitthvað á þessa leið: Eigendurnir vildu selja í desember. Það varð að svara því þá þegar, en kaupendur, sem áttu að fá skipið, voru ekki tilbúnir að taka við því fyrr en í marz, og þá var ekki um annað að ræða en að geyma skipið. — Mér skilst, að þetta sé það, sem hæstv. ráðh. vildi upplýsa okkur um í þessu máli. En ég vildi nú benda þessum hæstv. ráðh. á það, að þetta köllum við í stjórnarandstöðunni mikið úrræðaleysi og teljum lítinn glæsibrag á þeirri íslenzku ríkisstjórn, sem telur sig það eitt hafa að gera

við íslenzka skipaflotann, ef hún á einhvern umráðarétt yfir honum, að geyma hann — að geyma stórvirkustu fiskiskipin yfir vertíðina.

Það kann vel að vera, að þetta telji ríkisstjórnin vera fullkomna afsökun fyrir öllu sínu framferði í málinu. Ég get ekki talið, að svo sé, og ég tel, að hún ætti að fara öðruvísi að næst, þegar hún verður eitthvað við slíkt mál riðin. Það væri það minnsta, sem hún gæti gert, að gera fyrri eigendum skipsins að skyldu að gera það út, þar til kaupin hefðu farið fram, eða ef það væri ekki fyrir hendi, þá ætti nú ríkisstj. að geta ráðizt í það að taka þann þátt í höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar að gera út einn togara á hávertíð um þriggja mánaða tíma fyrir ríkisins reikning. Á hvorugan þennan möguleika virðist ríkisstj. hafa komið auga, og ráðh. svarar fyrir hönd allrar ríkisstj., að ekki hafi verið um annað að ræða en að geyma skipið. Ekki get ég nú tekið aftur mótmæli mín gegn svona vinnubrögðum þrátt fyrir þessar upplýsingar ráðh., en ég skal ekki segja um það, hvort allir hans samstarfsmenn telja þetta vera fullnægjandi afsökun fyrir því framferði, sem ríkisstj. hefur viðhaft í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 750).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Það er öllum kunnugt, hvílík vandræði hafa orðið við sjávarsíðuna í þrem landsfjórðungum nú á síðari árum vegna aflabrests og atvinnuleysis að vetrinum, og margir hafa haft þá skoðun, að helzta ráðið til að bæta úr þessu væri, að staðir úti um land gætu eignazt togara eða haft gagn af togaraútgerð.

Af þeim ástæðum var það, að snemma á þessu þingi bárum við 3 þm. hér í hv. d., hv. þm. S-Þ. (KK), ég og hv. 2. þm. S-M. (VH), fram frv. um útgerð togara til þess að koma á og viðhalda jafnvægi í byggðum landsins, þar sem gert er ráð fyrir, að stofnað verði félag fleiri staða til togaraútgerðar og ríkissjóður verði þátttakandi í því.

Þetta frv. hefur ekki verið afgr. í fjhn., þar sem ég er þó formaður. Er það af ýmsum ástæðum og m. a. sökum þess, að tímanlega í vetur gerði ríkisstj. ráðstafanir í svipaða átt, sem að nokkru leyti geta komið í staðinn fyrir þetta frv. Það voru þær ráðstafanir, að þegar togarinn Vilborg Herjólfsdóttir í Vestmannaeyjum var boðinn til kaups, þá keypti ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs togarann og seldi hann síðan félagi, sem þrír kaupstaðir norðanlands og íbúar þar eru þátttakendur í, þ. e. Húsavík, Ólafsfjörður og Sauðárkrókur.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki um annað en að kvitta ríkisstj. af þessum ráðstöfunum, m. ö. o., að Alþ. leggi eftir á samþykki sitt á gerðir hennar í þessu máli, svipað og gert er með brbl. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft málið til athugunar, og nm. voru vitanlega kunnar allar aðstæður í því máli. Leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 777).

---

## 42. Skólakostnaður.

Á 36. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum** [150. mál] (stjfrv., A. 358).

Á 48. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að síðustu áratugina hefur sótt í það horf, að ríkið hefur tekið meiri og meiri þátt í þeim kostnaði, sem stafar af skólahaldi í landinu. Ríkið og sveitarfélögin, þar með talin bæjar- og sýslufélög, annast nú í sameiningu barnafræðslu, gagnfræðastigsfræðslu og húsmæðrafræðslu. Hluti

ríkisins af rekstrarkostnaði þessara skóla nam árið 1953 hér um bil 38 millj. og 100 þús. kr., og rekstrarkostnaður sveitarfélaganna nam hér um bil 12 millj. og 900 þús. kr. Af þessum tölum er ljóst, að hér er mjög mikilla fjárhagsmuna að gæta, enda er rekstrarkostnaður ríkis og sveitarfélaga af þessu skólahaldi áætlaður samtals nær 55 millj. kr. fyrir árið 1955.

Núgildandi ákvæði um þessi efni eru í fræðslulöggjöfinni frá 1946. Samkv. lagaboðunum er ætlazt til, að um þetta sé nánar kveðið á í reglugerðum. Reglugerðir þessa efnis hafa alllengi verið í undirbúningi í menntmrn., en að athuguðu máli varð ljóst, að sjálf lagaboðin eru að ýmsu svo óskýr, sundurlaus og sjálfum sér ósamþykk, að ekki var ráðlegt að setja reglugerðir samkv. þeim að lögunum óbreyttum. Það er og mjög til óhagræðis að hafa fjármálaákvæðin á víð og dreif innan um önnur ákvæði fræðslulaganna. Á allt þetta sinn þátt í því, að töluvert ósamræmi hefur orðið í framkvæmd l. og hún öll yfirleitt slappari en viðunandi sé. Þegar af þessum ástæðum hef ég látið undirbúa heildarlöggjöf um þessi efni, og er það von mín, að eftir setningu hennar verði skorið úr mörgum vafaatriðum, sem nú þvælast fyrir mönnum, og að meðferð þessara mála verði þá í heild mun yfirlitsbetri en verið hefur fram til þessa.

Mestu varðar þó að leysa þá efnisannmarka, sem fram hafa komið á gildandi lögum. Þar skiptir höfuðmáli, að skýr ákvæði verði sett um stofnkostnaðargreiðslur skólanna. Nú er mjög um það deilt, hverjar reglur gildi. Lögin gera að vísu ráð fyrir skiptingu á milli sveitarfélaganna og ríkisins. Af hálfu sumra er því haldið fram, að hlutföllin, sem nefnd eru í lögum, séu svo ákveðin, að hvorum aðila sé skylt að greiða það fé, sem í hans hluta kemur samkv. þeim reglum, og eigi sveitarfélögin beina lagakröfu á ríkið um þær greiðslur. Forráðamenn ríkissjóðs hafa hins vegar ætíð litið svo á, að hvað sem þessu hlutfalli líður, sé ríkinu ekki skylt að greiða meira fé en hægt er að úthluta af því, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni. Eftir þessu eru reglurnar um hlutfall ríkisins í greiðslum þessum einungis hámarksreglur, og ræður þá fjárveitingavaldið því alveg, að hve miklu leyti það leggur fram fé í þessu skyni, innan þeirra takmarka, sem hámarksreglurnar setja. Ef þetta er rétt, er ljóst, að sveitarfélögin eiga alveg undir högg að sækja hjá fjárveitingavaldinu og geta í raun réttri litlu eða engu treyst um stuðning ríkisvaldsins við að koma skólum upp.

Ég skal ekkert um það segja hér, hvað sé rétt í þessu, hvort sveitarfélögin eigi réttarkröfur á ríkið eða ekki, enda er orðalag ekki allt á einn veg og engan veginn víst, að efni þeirra sé hið sama, þó að sennilega hafi verið til þess ætlazt. Það, sem hér skiptir máli, er, að ríkið hefur hvergi nærri greitt framlög, sem samsvari því hlutfalli, er lögin nefna, og gera sveitarsjóðir nú kröfur á hendur ríkissjóði fyrir barnaskóla 12½ millj. kr., fyrir gagnfræðaskóla 3 millj. 350 þús. kr., fyrir húsmæðraskóla 1¼ millj. kr. Þessum kröfum þarf að fullnægja fyrr en síðar, vegna þess að sveitarfélögin hafa reist skólana í þeirri trú, að greiðslurnar fengjust. Engu að síður hafa þessar skuldir aukizt frá ári til árs og nema nú sem sagt samtals 17 millj. og 100 þús. kr.

Við setningu gildandi fjárlaga fékk ég því áorkað, að í fjárveitingum skyldi greint á milli greiðslna á áföllnum kröfum og þess, er færi beint í skóla, sem verið er að reisa. Upp í þessar rúml. 17 millj. kr. kröfur fékkst ekki nema 1200 þús. kr. fjárveiting, og var þá að vísu ætlunin að veita mun meira í því skyni af tekjuafgangi ársins 1954, hvað sem úr því verður. Hins vegar voru 6 millj. 890 þús. kr. veittar til stofnkostnaðar nýrra skóla, og er það mun meira en nokkru sinni áður, enda vonuðust menn þá til, að skuldirnar mundu ekki vaxa á þessu ári.

Höfuðnauðsyn er að setja um þessi efni ákveðnar reglur, er gildi í framtíðinni, svo að hver og einn viti, að hverju hann eigi að ganga, og ekki sé unnt að ásaka ríkið fyrir vanefndir. Menn verða að gera sér grein fyrir, hverjar byggingarframkvæmdir helzt þarf að ráðast í, og tryggja síðan fyrir fram, að fé til þeirra sé fyrir hendi. Verður þá hvort tveggja að fylgjast að, að Alþ. sjálft ákveði, hvaða skólar skuli reistir með tilstyrk ríkisins og hvenær ríkisframlögin skuli greidd, og að enginn vafi sé á, að þessi framlög verði greidd á tilsettum tíma, enda stofnist ótvíræð réttarkrafa, sem sveitarfélögin geti knúið fram greiðslu á lögum samkvæmt, ef greiðslur dragast úr því, og miða ákvæði frv. að þessu.

Vera kann, að sumum þyki ákvæðin nokkuð flókin og of þung skylda til undirbúnings verði lögð á sveitarstjórnir og menntmrn. ásamt fræðslumálaskrifstofunni. En ég fæ ekki séð, hvernig þetta verður umflúið, ef komast á út úr því öngþveiti, sem nú ríkir. Ef framkvæmd þessa ákvæðis tekst, svo sem vonir standa til, og ef ríkið getur innan hæfilegs tíma greitt þær kröfur, sem nú eru fallnar á í þessum efnum, hefur fengizt mjög mikilsverð réttarbót, er gera mun skólanefndum, sveitarstjórnum, skólastjórum og kennurum og öðrum þeim, er eiga að annast framkvæmd skólamála í landinu, ólíkt léttara að gegna skyldum sínum en nú er. Vona ég, að allir geti orðið sammála um að stuðla að því, að þessi mikilvæga réttarbót nái fram að ganga.

Þá er rétt að vekja athygli á ákvæðunum um skólabíla. Akstur á skólabörnum og unglingum til skóla hefur sums staðar gefið mjög góða raun, einkum í snjóléttari sveitum hér í nágrenninu og á Suðurlandsláglendinu. Með slíku er hægt að spara byggingu sérstakra skóla og heimavista, og liggur sannanlega fyrir, að stundum er það fjárhagslega mun hagkvæmara, jafnvel þótt rekstur skólabílanna sé allkostnaðarsamur. Auk þess vilja flestir foreldrar frekar hafa börn sín heima hjá sér en koma þeim í heimavist, þótt góð sé.

Um stofnkostnaðarákvæði frv. er þess enn fremur að geta, að nákvæmar er nú talið en áður, hvað til stofnkostnaðar skuli telja, og betra samræmi í því en verið hefur. Ákvæðin um rekstrarkostnað eru mörg til samræmingar og skýringar frá því, sem verið hefur. Sérstök ástæða er til að benda á, að samkv. frv. eru látnar gilda tilsvarandi reglur um þátttöku ríkisins í kennaralaunum við gagnfræðaskóla og barnaskóla varð-

andi þann fjölda nemenda, sem þarf að vera fyrir hendi, svo að skóli öðlist rétt til kennara. Undanfarið hafa ákvæðin verið óljós um gagnfræðastigið, og hefur það leitt til þess, að víðs vegar um landið hafa myndazt mjög smáir gagnfræðastigsskólar eða unglingaskólar, en eftir frv. mundi ríkið ekki greiða laun kennara við slíka skóla nema stuttan starfstíma á hverju ári. Leiðir af því, að annaðhvort verða sveitarfélögin að leggja meira fram af sinni hálfu til skólanna en áður eða haga starfi þeirra svo, að það standi þeim mun skemur, er svari til takmörkunarinnar á skyldu ríkissjóðs til greiðslu kennaralauna. Ef sveitarfélögin vilja á hvorugan þennan kost fallast, er það ráð, að þau sameinist um stærri skóla eða noti þá skóla, sem fyrir eru og nú eru lítt sóttir sumir einmitt vegna þessara smáskóla, svo að jafnvel ein slík milljónabygging stendur nú með öllu ónotuð. Sjálfsagt verða ekki allir á eitt sáttir í þessu, en ljóst er þó, að ákveðnar reglur verða að gilda, svo að menn viti, að hverju þeir eiga að ganga, en ekki eins og nú, að allt sé á huldu. Sýnist raunar liggja í augum uppi, að viss hæfilegur lágmarksfjöldi nemenda verði að vera fyrir hendi, til þess að verjanlegt sé að setja upp fullkominn gagnfræðastigsskóla. Hitt er skiljanlegt, að menn greini á um, hvar mörkin skuli setja, og verður það atriði væntanlega athugað í meðferð þingsins á málinu.

Þá er ráðgert að samræma einnig reglurnar um greiðslu viðhaldskostnaðar, og er sjálfsagt að láta sams konar reglur gilda um barnaskóla og gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla í þessum efnum, en svo hefur ekki verið að undanförnu. Í frv. er lagt til, að viðhaldskostnaðurinn verði hvarvetna greiddur í sama hlutfalli og stofnkostnaður er ákveðinn.

Skal ég ekki rekja frekar kostnaðarákvæði í frv., en benda á, að mörg ákvæði þess eru allflókin við skjótan yfirlestur, þó að töluverð vinna hafi verið lögð í að gera þetta allt eins einfalt og unnt er. En málið sjálft er flókið og erfitt viðureignar, og verður því að virða það til vorkunnar, að nokkra yfirlegu þarf til að átta sig á sumum ákvæðunum.

Loks eru í frv. fyrirmæli um reikningshald, endurskoðun og eftirlit. Í þessum efnum hefur mjög skort á undanfarið. Er þess dæmi, að ekki hefur verið fylgzt með reikningshaldi skóla, hvorki af hálfu ríkis né sveitarfélags, nokkuð á annan áratug. Sennilega hefur hvor aðili um sig talið, að eftirlitið heyrði undir hinn, og því ekki aðhafzt. Þó að slíkt sé að vísu undantekning, þá er víst, að til skamms tíma var eftirlit af hálfu ríkisins í þessum efnum allsendis ófullnægjandi og miðað við þær háu fjárhæðir, sem hér er um að ræða, með öllu óverjandi. Það var því mikil bót, þegar fyrir nokkrum árum var ráðinn sérstakur námsstjóri, sem m. a. skyldi hafa eftirlit með fjárreiðum gagnfræðaskólanna. Hefur hann unnið hið nytsamasta verk með því að greiða fram úr ýmsum flækjum, sem komnar voru á, og er sjálfsagt að láta hann einnig taka við eftirliti með barnaskólunum, er hann raunar hefur nú þegar sinnt að nokkru, enda njóti hann aðstoðar námsstjóra barnafræðslunnar í þeim efnum. Hafa nú þegar verið leyst sum þeirra vafaatriða, sem fram hafa komið við endurskoðunina, önnur eru enn óleyst, enda er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir sönnu samhengi mörgum árum síðar, þegar nauðsynleg gögn eru ekki lengur fyrir hendi. Fram úr þeim vandamálum verður að ráða eftir því, sem bezt má virðast. Hitt skiptir höfuðmáli, að búa svo um hnútana, að sem fæstar flækjur komi á og allt geti gengið greiðlega í framtíðinni. Ég er ekki í vafa um, að ef frv. þetta nær fram að ganga, verður að því mikil réttarbót og mun auðveldara verður að ráða við fjármál skólanna eftir en áður, en þau eru sú undirstaða, sem ekki má án vera.

Ég leyfi mér svo að vænta þess, að hv. d. samþykki að umræðu lokinni að vísa málinu til 2. umr. og hv. menntmn. deildarinnar.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Ég kvaddi mér nú ekki hljóðs til þess að fara að ræða frv. þetta efnislega á þessu stigi. Það felur í sér fjölmörg atriði, sem þurfa nákvæmrar athugunar og ekki er rétt að festa í lög án mjög gaumgæfilegrar athugunar. Mér virðist það ekki óeðlilegt, að þau atriði, sem frv. þetta fjallar um, séu tekin út úr hinum ýmsu l. um fræðslukerfið og sameinuð í ein lög, eins og hér er lagt til að gert verði. Það hefur a. m. k. þann kost, að það er aðgengilegra og auðveldara að átta sig á löggjöfinni, ef þessi atriði eru tekin út úr og höfð í sérstökum lögum. Það er líka rétt, að þörf er samræmingar í ýmsum efnum og skýrari og fyllri ákvæða í samræmi við fengna reynslu, frá því að fræðslulögin voru sett. En í þessu frv. felast einnig ýmis nýmæli og sum allmikilvæg og þó einkum ákvæðið í 3. málsgr. 2. gr., sem fjallar um ákvörðunarvaldið í sambandi við byggingarframkvæmdir og skyldur ríkissjóðs í sambandi við greiðslur síns hluta af stofnkostnaði skólanna.

Það er ekkert minnzt á það í grg. og var ekki gert í framsöguræðu hæstv. menntmrh., hvaða aðilar hafi unnið að samningu þessa frv. með ráðuneytinu eða hvaða samráð rn. hefur haft við þá, sem hlut eiga að máli. En nú er það mjög nauðsynlegt, að slík lög sem þessi, sem ætlazt er til þess að verði samræmd heildarlöggjöf til frambúðar, séu mjög vandlega undirbúin, og til þess þurfa að koma til ráð og till. þeirra manna og þeirra aðila, sem mesta þekkingu og reynslu hafa í þessum málum og gerst mega um það vita, hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar af hálfu hins opinbera, til þess að fræðslulögin geti náð tilgangi sínum og orðið þjóðinni að sem beztum notum.

Ég vil þess vegna beina því til hv. menntmn., sem nú væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún sendi frv. til umsagnar slíkra aðila sem fræðslumálastjóra, námsstjóra og til fræðsluráða og jafnvel skólanefnda, áður en hún afgr. það af sinni hálfu.

Það var mjög fróðlegt að heyra, hvað skuldir ríkissjóðs eru orðnar miklar í þessu sambandi, að skuldir ríkissjóðs vegna skólabygginga skuli nú vera orðnar yfir 17 millj. kr. Þegar ný löggjöf er sett um þetta efni, þá er alveg nauðsynlegt, að það verði gerðar ráðstafanir til þess,

að þessi lögboðnu framlög verði greidd á eins skömmum tíma og unnt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 358, n. 481).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Þegar fræðslulögin voru sett 1946, höfðu þau í för með sér miklar breytingar frá því, sem áður hafði verið um þessi mál. Lögin voru mikill bálkur og höfðu að geyma mörg nýmæli. Var það því ekki undarlegt, þó að þau yrðu að ýmsu leyti erfið í framkvæmd, enda kom það fljótt í ljós. Ákvæði l. um kostnað ríkisins vegna stofnkostnaðar skóla og rekstrar eru á víð og dreif í þrennum lögum um þessi mál og mörg ekki nægilega skýr eða ákveðin. Hefur af þessum sökum reynzt illframkvæmanlegt að setja fullkomna reglugerð í sambandi við lögin, vegna þess að ýmislegt, sem þar þurfti að ákveða um almenna framkvæmd í þessum efnum, hafði ekki nægilega eða þá vafasama stoð í l., og eftir að frv. að reglugerð hafði verið samið, var sýnt, að ekki varð hjá því komizt að setja ný lagaákvæði, til þess að samræmi næðist um framkvæmd laganna.

Hæstv. menntmrh. beitti sér því fyrir því, að sett yrði heildarlöggjöf um þetta efni, og liggur nú sú löggjöf hér fyrir í frumvarpsformi. Í þessu frv. eru felld saman í eina heild öll hin dreifðu ákvæði fræðslulaganna frá 1946, sem fjalla um kostnað ríkissjóðs af skólum þeim, sem lögin taka til, og ýmis nýmæli, sem sum eru þýðingarmikil.

Þegar frv. þetta var til 1. umr. hér í hv. d., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði með ýtarlegri ræðu. Minntist hann þar á, hvernig þessi mál standa nú, skuldir ríkis við bæjar- og sveitarfélög vegna skólabygginga, skuldir, sem alltaf aukast ár frá ári, eru nú rúmar 17 millj. kr., ýmsa erfiðleika og óvissu, sem þessu ástandi eru samfara, bæði fyrir sveitarfélögin og ríkissjóð, og lýsti, hver nauðsyn væri á að kippa þessu í lag á einhvern hátt. Hæstv. ráðh. tók þetta svo glögglega fram, að ástæðulaust er að fjölyrða um það nú. Ég mun því ekki fara frekara út í málið almennt, en víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu.

Frv. er í fjórum köflum, og fylgja því ýtarlegar athugasemdir. Er I. kaflinn um stofnkostnaðinn. 1. gr. kveður á um, hvernig ákveða skuli fræðsluhéruð, en það gerir menntmrn. að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og hlutaðeigandi fræðsluráðs eða skólanefndar. Á sama hátt er ákveðið, hvort stofna skuli heimavistarskóla eða heimangönguskóla. Ákvæði þessarar gr. svara að mestu til ákvæða í núgildandi lögum um fræðslu barna og lögum um gagnfræðanám, en þó skýrari og ákveðnari.

Með ákvæðum 1. gr. er ætlazt til þess, að unnið verði markvisst að því að koma þeirri skipan á skólahverfi bæði barnafræðslu- og gagnfræðastigsins, að stærð skóla og deildaskipan verði þannig, að fenginn sé sem hagkvæmastur rekstur skólanna, og stefna ákvæði 1. gr. að þessu.

Í 2. gr. segir, að sveitarfélög skuli leggja til lóðir undir allar skólabyggingar, sem tilheyra skólakerfinu og kennslukerfinu. Er ríkisframlag m. a. bundið því skilyrði, að þessu sé framfylgt, og eru þessi ákvæði að mestu samhljóða núgildandi lögum. — Þá segir í 3. mgr. þessarar greinar:

„Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða skólaframkvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþ. slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig greiðslu skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan fimm ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi. Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi."

Þetta eru nýmæli, og segir svo um þessi ákvæði í athugasemdum, sem fylgja frv.:

„Á undanförnum árum hafa ýmsar skólaframkvæmdir haft það í för með sér, að kröfur á hendur ríkissjóði vegna stofnkostnaðar hafa að meira eða minna leyti komið eftir á. Hefur því skort yfirlit um fjárþarfir í þessu skyni, kröfur safnazt saman ár frá ári og mjög verið umdeilt, hvers eðlis þær væru, hvort þær væru eiginlegar réttarkröfur eða ekki. Á þessu verður að ráða bót og viðurkenna, að fjárveitingavaldinu sé skylt að standa við þær skuldbindingar, sem lögboðin fræðsla leggur því á herðar. Með þetta fyrir augum eru sett ákvæðin í 3. mgr. 2. gr. um, að Alþ. ákveði fyrir fram, í hverjar skólaframkvæmdir skuli ráðizt, enda sé ríkissjóður ábyrgur fyrir þeim framlögum og greiðslum, sem af þeim stofnframkvæmdum leiðir."

Í 3. gr. eru ákvæði um ákveðna skiptingu á stofnkostnaði skólabygginga milli bæjar- og sveitarfélaga og ríkissjóðs. Eru ákvæði þessi samhljóða núgildandi lögum, en að ýmsu leyti fyllri og ákveðnari.

Í 4. gr., sem er síðasta greinin í þessum kafla, er svo ákveðið, að þar, sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðaskóla, að akstur nemenda til og frá skólastað geti komið í stað heimavistar eða stuðlað að því að sameina skólahverfi eða fámenna skóla, skuli greiða framlag úr ríkissjóði til kaupa á skólabifreið, er nemi ¾ kostnaðarverðs. Þetta er hvað barnafræðslustigið snertir í samræmi við gildandi lög, en nýmæli að láta ákvæðið ná til gagnfræðastigsins einnig, og þykir það sanngjarnt, þar sem skólaskyldan nær til 1. og 2. deildar þessa skólastigs.

II. kafli frv. er um rekstrarkostnaðinn. Í 5. gr. er ákveðið, að fastir kennarar skuli vera starfsmenn ríkisins, og er samhljóða núgildandi lögum. — 6. gr. er einnig samhljóða núgildandi lögum og fjallar um tölu fastra kennara við barnaskólana. — Í 7. gr. eru settar ákveðnar reglur um, við hvað skuli miðað, þegar ákveðin er tala fastra kennara við skóla gagnfræðastigs-

ins. Er þetta nýmæli að því leyti, því að í gildandi lögum um gagnfræðanám segir aðeins um þetta atriði, að tölu fastra kennara við skóla gagnfræðastigsins skuli miða við það, að 20—30 nemendur komi á hvern kennara, eftir því hvað verknám er mikið. Eins og 7. gr. ber með sér, er þetta tekið allt miklu nánar og skýrar fram en í núgildandi lögum.

8. gr. fjallar um fasta kennara í húsmæðraskólunum. Svara ákvæði gr. til gildandi laga, en nánar útfærð. Nýmæli er það ákvæði, að húsmæðraskóli skuli ekki starfræktur með færri nemendum en 15.

Ákvæði 9. gr. fjalla um nánari útfærslu á ákvæðum 22. gr. um fræðslu barna, hvað snertir sérstörf kennara. Í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæðið taki einnig til gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla.

10. gr. fjallar um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu fyrir stundakennslu og forfallakennslu. Er þar kveðið skýrar á um en í gildandi lögum og stundakennslan ekki greidd ótakmarkað, eins og nú mun vera yfirleitt venja.

Í 12. gr. er ákvæði um, að sé tekið á leigu húsnæði til skólahalds, þá taki ríkissjóður þátt í greiðslu húsaleigu að sama hluta og í stofnkostnaði. Er þetta nýmæli að því leyti, að nú mun það vera svo, að ríkissjóður tekur þátt í húsaleigu, t. d. við barnaskólana, eins og öðrum rekstrarkostnaði að einum fjórða hluta.

Í 13. gr. er ákvæði um, að þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðaskóla, að akstur nemenda til og frá skóla með skólabifreiðum stuðlar að því að sameina smá skólahverfi eða fámenna skóla eða sparist við það rekstur heimavistar, greiði ríkissjóður ¾ hluta flutningskostnaðarins. Í gildandi fræðslulögum nær þetta ákvæði aðeins til barnaskóla, en þá er gert ráð fyrir því í gildandi lögum, að ríkissjóður greiði laun bifreiðarstjóra skólabifreiðar. Þetta hefur aldrei komizt í framkvæmd og virðist ekki heppilegt. Ákvæði þetta er því fellt niður, en greiðsluhlutfall ríkissjóðs hækkað, þegar flutningar á nemendum tryggja hagkvæmari rekstur. Það hefur sýnt sig, þar sem þetta hefur verið framkvæmt, að það getur verið mjög hentugt upp á reksturinn að gera að láta aka nemendum til og frá skóla, heldur en að koma á stofn t. d. heimavistarskóla eða halda við mjög litlum skólum.

Í 16. gr. eru upp tekin ákvæði úr gildandi lögum um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu á öðrum kostnaði skólahaldsins. Er þar ekki um breytingar á greiðslunum að ræða.

III. kafli frv. er um reikningshald, endurskoðun og eftirlit. Segir í 19. gr., að hlutaðeigandi sveitarfélög annist fjármál og reikningshald skóla, og er það eftir núverandi lögum óbreytt.

Í 20. gr. segir, að námsstjórar skuli veita leiðbeiningar um bókhald í skólum, sem umsjón þeirra lúta, og hafa eftirlit með eignum þeirra, fjárreiðum og reikningsfærslu. Þeir skulu framkvæma efnislega og tölulega endurskoðun á bókhaldi skólanna og ársreikningum.

Þá segir í 21. gr., að menntmrn. feli sérstökum reikningsfróðum og skólafróðum manni að hafa yfirumsjón með eftirlitsstarfi og endurskoðunarstarfi þessu og eftirlit með félagslegri framkvæmd þessara ákvæða. Í athugasemdum við frv. segir um kaflann um reikningshald, endurskoðun og eftirlit:

„Með setningu núgildandi fræðslulaga frá 1946 gerðist ríkissjóður hluttakandi í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði skólanna í ákveðnum hlutföllum. Af þessu leiðir, að af hálfu ríkissjóðs verður að vera öruggt eftirlit með fjárhagslegri framkvæmd fræðslulaga, sannprófun á réttmæti greiðslukrafna á hendur ríkissjóði og samskiptum ríkisins og sveitar- og bæjarfélaga í skólamálum. Enn fremur verður að halda uppi fullnægjandi eftirliti með eignum skólanna, meðferð þeirra og viðhaldi.

Fyrir þremur árum gerði menntmrn. þá ráðstöfun að fela sérstökum skólafróðum manni eftirlit þetta, og hefur það gefið góða raun.

Rekstur barnaskóla og gagnfræðastigsskóla fer saman í um 27 skólum. Vart er hægt að fullvissa sig um réttmæti kostnaðar vegna annars skólaflokksins, nema athugaður sé kostnaður hins. Gæti hæglega svo farið, að kostnaður yrði ella tvítalinn. Þá er þess einnig að gæta í þessu sambandi, að sé réttur annars skólaflokksins til fastra kennara ekki sannprófaður, þá er óvíst, að samræmi náist."

Þá segir svo um námsstjóra, að telja megi, að námsstjórar hafi betri aðstöðu en aðrir til þess að rannsaka fjárreiður skólanna, um leið og þeir heimsækja þá í öðrum erindum. Er ófært kostnaðar vegna að senda aðra menn í slóð þeirra til þess að rannsaka fjárreiðurnar.

Þá er nýtt ákvæði um viðhald skólanna. Með ákvæðum fræðslulaganna um hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði skóla, ýmist að helmingi eða ¾ hlutum, hefur ríkið þar mikilla hagsmuna að gæta um það, að allt viðhald eignanna sé í góðu lagi. Kostnaðarsamt hefur það reynzt, þegar þurft hefur að endurbyggja skóla vegna ónógs viðhalds árum saman. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að hvor aðili, ríki og sveitarfélag, viðhaldi sínum hluta í eigninni, þ. e. greiði viðhaldskostnað í sama hlutfalli og stofnkostnað. Þetta er nýtt ákvæði, a. m. k. hvað snertir barnaskólana, því að hingað til hefur viðhaldið verið borgað eins og hver annar rekstrarkostnaður.

Ég vildi svo að síðustu benda á það, að með frv. þessu er ætlazt til, að auðveldara verði að hafa vald á þessum málum, þannig að samskipti ríkis og sveitarfélaga færist í einfaldara og samræmdara horf en verið hefur, að greiðara verði um allt aðhald og eftirlit og að áætlanir til fjárlaga um skólakostnað hverju sinni verði reistar á eins traustum forsendum og við verður komið.

Eins og nál. á þskj. 401 ber með sér, þá hefur þetta mál verið hjá menntmn. til meðferðar. N. hefur haldið fund um málið og kvatt á sinn fund fræðslumálastjóra, sem því miður gat ekki mætt hjá n., og einnig Aðalstein Eiríksson námsstjóra. Hann mætti, og n. átti tal við hann um málið í heild. Einn nm., hv. 1. þm. Eyf. (BSt), var veikur um það leyti sem n. fjallaði um þetta mál og gat þess vegna ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins, en tjáði sig síðar samþykkan málinu óbreyttu eins og meiri hl. n. hafði gengið frá því. En þrír nm., sem voru á öllum fundunum, sem fjölluðu um málið, voru sammála um að leggja

til, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Reykv. (HG), var á fundi n. og tók þátt í afgreiðslu málsins, en síðast, þegar tekin var fullnaðarákvörðun um afgreiðslu þess í n., var hann vikinn af fundi, var kallaður í burtu og gat ekki setið fundinn allan út. Hann hefur því ekki skrifað undir nál., tók sem sagt þátt í nefndarstörfunum um málið, en er samt vitanlega óbundinn af ákvörðun nefndarmeirihlutans. Fjórir nm. í menntmn. leggja sem sagt til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 358.

**Vilhjálmur Hjálmarsson:** Herra forseti. Það voru nú aðeins örfá orð. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort hv. menntmn. hefur rætt við námsstjóra húsmæðraskólanna um ákvæði 8. gr. um kennarafjölda í þeim skólum. Ég skal ekki fara efnislega út í þessa grein, en vil aðeins leyfa mér að beina þessari fyrirspurn til nefndarinnar.

Annað atriði, sem ég vildi minnast á, er viðkomandi 1. gr. frv. Þar er kveðið svo á, að menntmrn. ákveði fræðsluhéruð og skólahverfi *barnafræðslu og gagnfræðastigs. Þetta frv.* tekur annars til þriðja skólaflokksins, húsmæðraskólanna. Nú er þannig ástatt, eins og öllum er vafalaust kunnugt, að það er ekkert ákveðið skipulag um skólahverfi húsmæðraskólanna. Sums staðar stendur einn kaupstaður að húsmæðraskóla, enda þótt sami skóli sé vitanlega sóttur víðs vegar að af landinu, sums staðar fleiri sýslur, en án skipulags. Af þessu leiðir, að kostnaður við stofnun og rekstur húsmæðraskóla kemur ákaflega ójafnt niður á hin ýmsu sveitar- og bæjarfélög landsins. Mér virðist, að full ástæða væri til að taka húsmæðraskólana einnig inn í 1. gr. Ég ætla þó ekki að flytja um þetta brtt. nú við 2. umr., en leyfi mér að beina því til hv. n., hvort hún vildi ekki athuga þetta sérstaka atriði á milli 2. og 3. umr.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að svara þessari fsp. frá hv. 2. þm. S-M. (VH), að við höfum ekki átt viðtal við kennara eða forstöðukonur (**Gripið fram í:** Námsstjóra.) né námsstjóra húsmæðraskólanna um þetta atriði, en það er sjálfsagt og velkomið að leita sér upplýsinga um það atriði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
*Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.*

---

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 358, 487).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. í gær kom fram frá hv. 2. þm. S-M. (VH) athugasemd við 1. gr. En í 1. gr. frv. segir svo, að menntmrn. ákveði fræðsluhérað og skólahverfi barnafræðslustigs og gagnfræðastigs, að fengnum *till. fræðslumálastjóra o. s. frv.*

Hv. þm. benti á, að þarna vantaði húsmæðraskólastigið í, og fór þess á leit, að n. athugaði þetta atriði á milli umr. Nú hefur menntmn. tekið þetta til athugunar og borið sig saman við þá, sem að flutningi frv. þessa hafa staðið, og eftir að hafa kynnt sér málið var menntmn. sammála um að bera fram brtt. við 1. gr. frv. Brtt. er prentuð á þskj. 487, sem hér liggur einnig fyrir. Upphaf 1. gr. hljóðar þá þannig, ef brtt. verður samþ.: „Menntmrn. ákveður fræðsluhérað og skólahverfi barnafræðslu, gagnfræðastigs og húsmæðrafræðslu.“ Með öðrum orðum, húsmæðrafræðslan er tekin þarna inn í 1. gr., og ákveður þá menntmrn., að fengnum venjulegum till., einnig fræðsluhérað og skólahverfi þeirra skóla.

Einn nm., hv. 4. þm. Reykv. (HG), var ekki á fundi n., þegar þessi ákvörðun var tekin, og er hann þess vegna óbundinn af þessari till. En nm. leggja sem sagt til, að þessi brtt. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 487 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 500).

Á 64. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 500, n. 693, 703).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 703. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar nokkra hríð, og leggur n. til, að það verði samþ. með nokkrum breyt., sem prentaðar eru á þskj. 693, og vil ég leyfa mér fyrir hönd n. að fara um þær fáum orðum.

*Í gildandi lögum segir svo um fræðsluhéruð:*
„Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað. Þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja.“

Þessi lög hafa verið í gildi nú um 10 ára skeið, og þessi skipun er þegar orðin föst um skiptingu

landsins í fræðsluhéruð. Ég hef það fyrir satt, að heimildin til þess að sameina sýslur eða hluta úr sýslum í fræðsluhéruð hafi hvergi verið notuð, heldur sé skipting landsins í fræðsluhéruð eingöngu bundin við sýslur landsins og kaupstaði.

Nú er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að þessi gr. standi áfram óbreytt í lögum, en 1. gr. frv. hefst samt sem áður á þeim orðum, að menntmrn. ákveði fræðsluhérað og skólahverfi o. s. frv. Það virðist mjög hæpið, að þetta geti hvort tveggja staðizt, að lög ákveði, að hver sýsla og kaupstaður sé fræðsluhérað, en leggja það jafnframt á vald menntmrn. að kveða á um þetta. En ef litið yrði nú svo á, að þau lög, sem síðar eru sett, ættu að þessu leyti að gilda og hin eldri ákvæði að víkja, þá liggur það ljóst fyrir, að með 1. gr. frv., eins og hún er orðuð, er opnuð leið til þess að raska þeirri skipan um skiptingu landsins í fræðsluhéruð, sem nú er orðin fastmótuð.

Þá er enn fremur kveðið svo á í 1. gr. frv., að þar er talað um, að menntmrn. ákveði fræðsluhérað barnafræðslu, gagnfræðastigs og húsmæðrafræðslu. M. ö. o., að það er gert ráð fyrir því að skipa landinu í fræðsluhéruð fyrir hvert skólastig. Þetta er alger nýjung í íslenzkri skólamálalöggjöf. Fræðsluhéruðin eru föst og ákveðin félagsheild, bundin við sýslur landsins og kaupstaði. Hitt er svo aftur breytilegt, hve margir skólar eru stofnaðir og reknir innan hvers fræðsluhéraðs fyrir sig.

N. hefur verið tjáð, að sú hugsun, sem liggur á bak við þetta orðalag 1. gr., sé að leggja það á vald rn., hvar skólar eru stofnaðir, og það er rétt og sjálfsagt, að menntmrn. hafi úrskurðarvald um það, en í þessu efni gildir ekki hið sama um barnafræðslu, gagnfræðastig eða húsmæðrafræðslu, vegna þess að barnafræðslustigið tekur til skólaskyldunnar, og um leið og ríkisvaldið segir við framfæranda barns: Þú skalt láta barnið þitt í skóla — þá ber ríkisvaldinu jafnframt skylda til að búa svo um hnútana, að hverjum aðila veitist tiltölulega auðvelt að stunda það nám, sem hann er skyldaður til af þjóðfélagsins hálfu. Þess vegna kveða l. svo á, að hverju fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi. Ákvæði l. um þetta efni eru svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna, og í hverju skólahverfi skal vera skólahús á hentugum stað, er fullnægi þörfum fyrir barnaskólahald í hverfinu.“ Um leið og fræðsluhéraði er skipt í skólahverfi, er það þá ákveðið, hvar barnaskóli skuli reistur. Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að þessi ákvæði l. standi óbreytt, og þar með er það lagt á vald fræðslumálastjórnarinnar að kveða á um það, hvar barnaskólar eru reistir, en sú orðalagsbreyting, sem n. leggur til að gera á 1. gr. frv., miðar að því að halda þeirri skipan, sem nú er um skiptingu landsins í fræðsluhéruð, en leggja það aðeins á vald menntmrn., hvar skólar gagnfræðastigs eru reistir.

Víða um land hagar svo til, að það er eðlilegt, að tvö eða jafnvel fleiri fræðsluhéruð standi saman að einum gagnfræðaskóla, og er eðlilegt og sjálfsagt, að menntmrn. kveði á um það, eftir að hafa leitað umsagnar og till. þeirra aðila, sem tekið er fram í frvgr.

Í l. um húsmæðrafræðslu eru alveg sérstök ákvæði um það, hvernig vinna skal að því að stofna húsmæðraskóla. Þau ákvæði eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Till. hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.

2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.

3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.

4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.

5. Fjárveitingu Alþ. til stofnunar skólans.“

Þessi ákvæði eru svo skýr, að samkv. þeim getur enginn vafi leikið á því, hvernig undirbúningi skal háttað um stofnun húsmæðraskóla og hver hefur úrskurðarvald um það; það er að síðustu Alþ. sjálft, sem á að veita fjárveitingu til skólans. Menntmn. telur, að þessi ákvæði eigi að standa óbreytt í l. og þau séu alveg fullnægjandi til að tryggja aðstöðu rn. í þessu efni.

2. brtt. n. er um það að bæta inn í gr. orðunum „að fengnum till. fræðslumálastjóra“. Það er lagt til, að inn í frv. bætist samsvarandi ákvæði á fleiri stöðum, og þarf það ekki skýringa við.

B-liður 2. brtt. er aðeins orðalagsbreyting, en breytir ekki efni frv. á neinn hátt.

4. brtt. kveður á um það, að sett skuli nokkru skýrari ákvæði en nú eru í l. um það, hvað nemendur þurfa að vera margir til þess, að haldið sé uppi gagnfræðaskóla.

Námsstjóri húsmæðrafræðslunnar kom á fund menntmn. og gerði þar grein fyrir þeirri skoðun sinni, að ákvæði 8. gr. um kennara við húsmæðraskóla væru of ströng. Niðurstaðan varð sú, að n. leggur til, að alls staðar sé miðað við lágmarkstölu þeirra nemenda, sem til er tekið í gr., en ekki látið hlaupa á tölum eins og nú er í frv.

6. brtt. er orðalagsbreyting, sem í engu breytir efni frv.

8. brtt. er um það, að þar sem segir, að reikningar skólanna skuli sendir menntmrn., þá leggur n. til, að samrit af reikningunum verði samtímis sent fræðslumálaskrifstofunni.

9. brtt. er aðeins leiðréttingar á ákvæðum um, hvað fellt er úr gildi, í samræmi við þær till., sem ég hef nú gert að umtalsefni.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Við afgreiðslu þessa máls í hv. menntmn. varð n. sammála um þær breytingar, sem hv. frsm., þm. A-Sk. (PÞ), hefur nú flutt, og stendur öll n. að þeim.

Ein var sú till., sem ég freistaði að fá samþykki fyrir í n., en hv. samnm. mínir töldu sig ekki geta fallizt á. Það er sú till., sem ég nú ásamt hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) og hv. 1. landsk. þm. (GÞG) flyt á þskj. 703. Þessi litla till. varðar það atriði frv., að í 2. gr. þess er gert ráð fyrir, að ef einhvers staðar séu hafnar skólabyggingar, án þess að áður hafi verið veitt fé til þeirra frá Alþ., þá skuli slíkar framkvæmdir

ekki koma til greina við úthlutun fjár til skólabygginga af hálfu Alþ.

Nú er því svo háttað, að á undanförnum árum hafa verið nokkuð örar skólabyggingar í landinu, og ríkissjóði ber að greiða þær að vissum hluta. Ríkissjóður hefur ekki haft við að inna af hendi þessar greiðslur, og skuldir hafa myndazt. Af þessum ástæðum verða það skiljanleg rök, að ríkið verði með einhverjum hætti að hafa hönd í bagga um það, hversu mikið er ráðizt í af skólaframkvæmdum á hverjum tíma, þannig að ríkissjóður verði útgjaldaskyldur þeirra vegna. Í frv. eru settar við þessu margháttaðar skorður aðrar en þær, sem ég legg til að numdar verði burt úr frv. Í fyrsta lagi er það gert að skilyrði fyrir ríkisframlagi til skólabygginga, að menntmrn. hafi samþykkt skólastaðinn. Í öðru lagi, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða að afnotaréttur hennar sé tryggður með óuppsegjanlegum samningi. Í þriðja lagi er það gert að skilyrði, að fullnaðarteikning mannvirkjanna og nákvæm kostnaðaráætlun hafi hlotið samþykki menntmrn. og húsameistara ríkisins.

Allt þetta tel ég eðlilegt.

En auk þess er í frv. það ákvæði, að Alþ. skuli hverju sinni ákveða, til hvaða skólaframkvæmda eða skólastofnkostnaðar framlög séu veitt. Ég álít, að það sé alveg óþarfi að hafa það líka í frv., sem segir í 3. mgr. 2. gr.: „og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi".

Ég vil benda á það, að gangur þessara mála er yfirleitt sá, að héraðsstjórnirnar hafa að sjálfsögðu alveg á sama hátt og þeir, sem fara með ríkisvaldið, áhuga fyrir því að eyða ekki meira fé til þessara hluta en nauðsyn krefur, en stundum knýr nauðsyn á af svo miklum þunga, að ekki verður undan skorazt að hefja framkvæmdir. Ég vil nefna það dæmi, að nú að undanförnu hefur íbúum í Vestmannaeyjum verið smám saman að fjölga. Af þessum ástæðum hefur barnaskólahúsið þar á undangengnu tímabili verið að verða meira og meira ófullnægjandi til þeirrar starfsemi, sem þar verður og á að fara fram samkvæmt lögum. Nú var svo komið í byrjun þessa árs, að bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti að hefja undirbúning að viðbótarbyggingu við þetta barnaskólahús. Bæjarstjórnin gekk frá sinni fjárhagsáætlun, að ég ætla frekar síðari hlutann í janúarmánuði en fyrri hlutann í febrúarmánuði, og tók þar upp á fjárhagsáætlun 150 þús. kr. fjárveitingu til þess að standa straum af undirbúningi og byrjunarframkvæmdum við viðbótarbyggingu við barnaskólahúsið. Auðvitað verður bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum að láta gera uppdrátt að húsinu. Hún verður að láta samþykkja hann hjá fræðslumálastjórninni. Hún verður að tryggja það, að lóðarsamningurinn undir húsið sé óuppsegjanlegur, hún verður að fullnægja öllum þeim þrem skilyrðum, sem ég hef hér talið upp, og auk þess á hún ekki von á neinu framlagi til þessarar byggingar, fyrr en Alþ. samþykkir. En ef frv. er samþ. í því formi, sem það nú er í, þá er viðkomandi bæjarstjórn algerlega bannað að láta grafa fyrir húsinu á þessu sumri, þó að hún vilji gera það á sinn kostnað. Ef þessi orð, sem ég legg til að felld verði út úr gr., væru burt úr henni numin, þá gæti hvert það bæjarfélag, sem í hlut ætti, byrjað á framkvæmdinni, en það skuldbindur ríkið á engan hátt til neinnar greiðslu til þeirrar byggingar, fyrr en Alþ. samþykkir.

Ég sé enga ástæðu til þess, að skólaframkvæmdir séu svo torveldaðar sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég bendi á það, að bæjarstjórnir gera yfirleitt sínar fjárhagsáætlanir í byrjun árs. Ríkið gengur frá sínum fjárlögum síðast á ári. Þarna myndast eins árs tímabil, sem óhjákvæmilega heftir allar framkvæmdir og kemur í veg fyrir það, að nokkurt bæjarfélag geti hafizt handa um skólabyggingu, hversu sem á kann að liggja.

Ég vil enn fremur benda á það, að það getur raunar ýmislegt fleira komið fyrir en það, að einn bær stækki hægt og sígandi og þurfi viðbót við sitt skólahúsnæði. Það er deginum ljósara, að skólahús geta fokið. Þau geta brunnið. Það geta orðið margvíslegar ástæður til þess, að skólahúsbyggingu þurfi að hefja, áður en Alþ. hefur samþ. nokkra fjárveitingu til þess, og frá mínu sjónarmiði getur það ekki skoðazt annað en hreint óráð að ganga svo frá l. um þetta mál, að þær byggingarframkvæmdir, sem viðkomandi hérað hefur lagt fé til og byrjað á, áður en Alþ. veitir fé til þess, séu útilokaðar frá því að geta notið styrks samkv. þessum lögum, en þetta er strangt fram tekið í lagafrv., og segir í síðustu mgr. 2. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi." Mér skilst, að þá sé hann ríkissjóði óviðkomandi í bráð og lengd.

Ég tel sjálfsagt að hafa þau skilyrði, sem skynsamleg eru, til þess að reisa skorður við því, að hlaupið sé út í fen um skólahúsbyggingar. Það er að sjálfsögðu hægt að hefja skólahúsbyggingar, sem ekki eru reistar af fullri nauðsyn og ekki er vit í því að framkvæma, en frá því álít ég að sé nægilega tryggilega gengið í frv., að ríkissjóður beri ekki kostnað af slíkum skólabyggingum, þótt út sé strikað það, sem við þremenningarnir í till. á þskj. 703 höfum lagt til.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að þetta atriði var borið undir fjárhagseftirlitsmann skólanna, þegar hann mætti á fundi hjá hv. menntmn., borið undir Aðalstein Eiríksson, og lét hann í ljós þá skoðun, að ekki væri óeðlilegt að strika yfir þau orð í frv., sem ég hef nú lagt til að verði felld niður.

Ég hygg, að þegar hv. alþm. athuga málið nánar, og ég vil sérstaklega skora á menn að skoða þetta hver út frá sjónarmiðum síns héraðs og þar sem hann bezt til þekkir og gera það síðan upp við sig, hvort hann vill með því að láta þetta einkennilega atriði standa eftir í frv. ef til vill verða þess valdandi, að skólamálin í hans héraði dragist úr hömlu fram yfir það, sem hófi getur talizt gegna, og ef menn íhuga þetta rökrænt og láta ekki endilega þær fjárhæðir, sem safnazt hafa sem skuld hjá ríkissjóði

vegna skólabygginga, trufla sig frá rökréttri hugsun, þá trúi ég vart öðru en að brtt. um að fella niður orðin: „og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi“ — verði felld niður úr þessu frv.

ATKVGR.

Brtt. 693,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 693,2.a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 703 felld með 14:10 atkv.
— 693,2.b samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 693,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 693,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 693,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 693,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 693,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 693,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 693,9 samþ. með 24 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 724).

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það er nú varla orðin aðstaða til þess að hefja miklar umr. um þetta mál, og skal ég ekki gera það, en ég vildi þó vekja athygli á einu atriði í sambandi við þessa væntanlegu lagasetningu, sem ég óttast um að verði heldur óþægilegt í framkvæmd. Það er varðandi það, sem fram kemur í 10. gr. frv., en í lok 1. mgr. þeirrar gr. segir, að ríkissjóður taki ekki þátt í greiðslu stundakennslu fram yfir það, sem hér var talið, en þar áður hafði verið greint frá sérstökum reglum, sem við skyldi miðað.

Mér er það alveg ljóst, að eins og þessi ákvörðun er fast bundin þarna, þá mundi hún, miðað við það, sem verið hefur, koma mjög óþægilega við alla hina smærri skóla.

Til þess aðeins að vekja athygli á þessu, ef verða mætti, að það mætti í framkvæmdinni reyna að halla þessu eitthvað til, skal ég nefna dæmi um það, að í skóla, þar sem ég er vel kunnugur, einum af hinum smærri skólum miðskólastigsins, er svo ákveðið samkvæmt stundaskrá, sem viðurkennd er af fræðslumálastjórninni, að í þeim skóla beri skylda til að kenna í þrem bekkjum 104 kennslustundir á viku, og þó að þar séu dregnar frá kennslustundafjöldanum þær kennslustundir, sem geta fallið saman með samkennslu á milli bekkja, mundi samt sem áður vera óumdeilanlegur kennslustundafjöldi í þessum skóla 98 stundir. Hins vegar eru gildandi reglur þannig, að fullt kennaralið við skólann mundi ekki eiga að kenna nema 84 stundir. M. ö. o., þó að farið yrði eftir ýtrustu reglum, þá er ekki leyfilegt að hafa kennara við skólann, sem eiga að kenna meira en 84 stundir, en hins vegar mundi kennslutaflan segja, að við skólann ætti að kenna að minnsta kosti 98 stundir. Þarna væri um að ræða að lágmarki til 14 stundir á hverri viku, sem þessi skóli getur nú ekki fengið neina endurgreiðslu út á, en áður hefur ríkissjóður greitt um helming af þessum kostnaði.

Mér er þó ljóst, að þar sem er um enn þá minni skóla að ræða í minni byggðarlögum en heima hjá mér, yrði þessi útkoma miklum mun óhagstæðari. Aftur á móti mundu þessar reglur, sem hér eru settar fram, ekki koma að neinni teljandi sök og líklega aldrei í stærri skólum landsins. Þetta mundi því ekki saka t. d. Reykjavík, Akureyri og Hafnarfjörð, svo að ég taki dæmi, en þegar verður komið niður í þorpsskólana, þar sem hluti af framhaldskennslunni fer nú fram, eða unglingastigið og miðskólastigið, þá er alveg tvímælalaust um það að ræða, ef á að fara að framkvæma l. eins og segir þarna í 10. gr., að þá verða sveitarsjóðirnir og hinir smærri bæjarsjóðir að leggja fram algerlega mótframlagslaust frá ríkinu alla stundakennslu í þeim skólum.

Ég er á þeirri skoðun, að það sé ekki rétt að ætla að drepa með öllu niður þá starfsemi, sem nú hefur verið tekin upp um skeið víða í hinum stærri þorpum og minni kaupstöðum, að hafa nokkurn hluta af framhaldskennslunni þar heima, en knýja menn ekki til þess að senda unglingana strax frá sér eftir barnaskólalærdóminn. Ef þessi ákvæði eru til þess að skerða þá möguleika, sem þarna hafa verið fyrir hendi, þá álít ég, að illa sé af stað farið.

Ég hef nokkuð rætt þetta við þá menn, sem hafa unnið að því að undirbúa þessa löggjöf, og þeir hafa játað það fyrir mér, að þessu væri svona varið, að þetta mundi geta bitnað nokkuð á hinum smærri skólum. Það yrði þeim kostnaðarsamara en verið hefur fram til þessa. Létu þeir í ljós, að það hefði ekki verið ætlunin, að framkvæmd þessara laga yrði til þess að skerða rétt þessara staða í þessum efnum, heldur fyrst og fremst hefði hitt verið tilgangurinn, að reyna að skapa svolitið meiri festu en verið hefur um það, hvaða rétt hvert og eitt skólahérað á til greiðslu frá ríkinu. Ég fyrir mitt leyti hef ekki á móti því, að reglur verði settar skýrari um þetta en þær hafa verið, en fari reglurnar inn á þær brautir, sem ég óttast samkv. þessu frv., að það verði verulega gengið á rétt hinna smærri staða, þá er illa farið.

Vegna þess, hvað áliðið er þingtímans og hvað þetta frv. er nú komið langt áleiðis, mun ég

samt falla frá því að þessu sinni að flytja sérstaka brtt., en vildi aðeins minnast á þetta og þá að nokkru leyti með þá von, að þeir, sem hér eiga með að fara, gætu hallað þessu til þannig, með hina smærri skóla, sem sannarlega eiga þarna verulegan rétt á sér, að það yrði reynt að framkvæma þetta sem mest þeim í hag og knýja sem allra fæsta til þess að þurfa að leggja niður skóla sína með því að leggja aukinn kostnað á sveitarfélögin sjálf.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég er sannfærður um það, að það atriði, sem hv. 11. landsk. þm. (LJós) drap á núna, mun sýna sig að vera rétt. Ég veit, að það mun verða miklum vandkvæðum bundið í hinum fámennari skólum að koma stundaskrá þannig saman, að aukakennsla verði ekki mun meiri en gert er ráð fyrir í frv., þannig að sveitarfélögin verði eftir lagabókstafnum að bera miklu meira af þeim kostnaði en sanngjarnt er.

En ég er jafnsannfærður um það, að þessi ágalli mun líka koma fram að því er snertir húsmæðraskólana. Það eru líka fámennir skólar, með þetta 36—40 *nemendum, og komast alls ekki* af með það fasta kennaralið, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég er því afar hræddur um, að þar komi þetta sama í ljós.

Í þriðja lagi er ég sannfærður um það, að þetta kemur í ljós í þeim gagnfræða- og héraðsskólum, sem farnir eru að nokkru verulegu ráði að framkvæma nýja og gildandi skólalöggjöf um verknám, því að í verknáminu verður að haga kennslu þannig, að ekki séu nema 10—15 nemendur á hvern kennara í kennslustund, og *þannig verður að heimila miklu ríflegri kennslukrafta* til framkvæmda á þeirri kennslu en í bóklegu greinunum. Ég er þess vegna alveg viss um, að þar sem farið er að framkvæma verknámið á þann hátt, sem til er ætlazt samkvæmt skólalöggjöfinni, þannig að helmingur stundafjöldans sé kennsla í verklegu námi, þá verður ekki hægt að komast hjá því að aukakennsla samkv. ákvæðum þessara laga verður miklu meiri en gert er ráð fyrir, og hlýtur þá kostnaður af henni, ef bókstafnum verður stranglega fylgt, að leggjast á sveitarfélögin. Það er sjálfsagt ekki tími til þess að knýja fram breytingar á þessu nú, en sjálfsagt er þó að vekja athygli á þessu, og það er alveg vitað mál, að á næsta þingi mun koma til breytinga á þessari löggjöf, ef ekki er ætlun ríkisstj. að *ýta nokkrum verulegum hluta af kostnaðinum við þetta skólahald yfir á sveitarfélögin*, þar sem skólarnir eru.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er stjórnarfrv. og var lagt fram í þessari hv. d. snemma á þessu þingi. Það náði hér samþykki með lítilli breytingu, en við meðferð þess í Nd. hefur það tekið nokkrum breytingum. Þær eru yfirleitt ekki veigamiklar, þó að þær séu nokkrar talsins.

Í frv., eins og það var afgr. héðan úr þessari hv. d., var ákveðið í 1. gr., að menntmrn. ákvæði fræðsluhérað og skólahverfi barnafræðslu, gagnfræðastigs og húsmæðrafræðslu, að fengnum till. fræðslumálastjóra, o. s. frv. Þessu var breytt í hv. Nd. á þann hátt, að þetta er aðeins látið ná til gagnfræðastigsins. Húsmæðrafræðslan er tekin þarna í burtu, þannig að menntmrn. hefur *ekki eftir l. eins og þau eru núna heimild til* þess að ákveða skólahverfi húsmæðraskólanna. Þess má geta, að þetta ákvæði var ekki í frv. eins og það var lagt fyrir þessa hv. d. í fyrstu, en sett inn í það við meðferð þess hér.

Nú hefur verið haft samráð við hæstv. menntmrh., sem sá um samningu á þessu frv., um það, hvort ástæða væri til þess að breyta þessu aftur hér, og hefur komið fram, að það er álitið, að ekki sé rétt að gera það, þetta sé ekki svo veigamikil breyting, að ástæða sé til að hrekja frv. aftur í Nd., og óséð þá um það, hvort það nær samþykki þar, eins og nú er orðið stutt til þingslita. En málið er merkilegt og álízt nauðsynlegt, að það verði nú að lögum.

Þetta er þá aðalbreyt., sem hefur verið sett inn í Nd., þó að þær séu nokkru fleiri, þ. á m. afleiðingar af þessari breytingu.

Þá er á nokkrum stöðum sett inn, að leita skuli álits fræðslumálastjóra; t. d. skal ég geta þess, að í 2. gr., í 2. málsl., segir þannig í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisframlög til skóla eru bundin þeim skilyrðum, að menntmrn. hafi samþykkt skólastaðinn“, — og svo er bætt við: „að fengnum till. fræðslumálastjóra“. Þetta er ekki svo sérstætt, að það taki því að vera að stöðva málið þess vegna.

Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir mig að rekja þessar breyt. Þær *eru yfirleitt, eins og ég* segi, ekki svo veigamiklar, að þær skipti máli. Menntmn., sem hefur kynnt sér frv. eins og það liggur nú fyrir, er sammála um að leggja til, að það verði samþ. eins og það liggur nú fyrir á þskj. 724.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 778).

---

## 43. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 11. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands** [78. mál] (stjfrv., A. 103).

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Borið hefur verið fram, eins og kunnugt er, af hendi ríkisstjórnarinnar frv. til l. um Fiskveiðasjóð

Íslands. Það gæti út af fyrir sig verið nokkurt tilefni til fyrir þann mann, sem hefur verið sýndur sá trúnaður að fara með yfirstjórn sjávarútvegsmála hér á landi, að gera nokkra grein fyrir í sambandi við flutning þessa máls, hvílíkur burðarás sjávarútvegurinn er í atvinnulífi þjóðarinnar. Jafnframt gæti einnig verið fróðlegt að víkja nokkuð að því, hversu mjög hafa aukizt vonir manna um arðvænlega afkomu þessa þýðingarmikla atvinnurekstrar vegna þeirrar friðunarráðstöfunar, sem ríkisstjórnin kom í framkvæmd hinn 15. maí 1952. Ég mun hins vegar ekki að þessu sinni víkja að þessum þýðingarmiklu hliðum málsins, vegna þess að mér er alveg ljóst, að hv. alþm. þekkja mjög mikið til þessa máls. Menn vita almennt, að sjávarútvegurinn er hyrningarsteinninn undir atvinnulífi þjóðarinnar, og menn vita líka, að bátaútvegurinn er, a. m. k. í vissum skilningi, þýðingarmesti þáttur í þeim atvinnurekstri. Enn fremur veit ég það, að reyndin er nú búin að kveða upp svo skýran dóm um ágæti þessara umgetnu friðunarráðstafana, að ekki aðeins allir hv. þm. gera sér ljósa grein fyrir, hversu nauðsynlegar þær voru, heldur og þjóðin í heild. Mun þó væntanlega framtíðin skera enn betur úr um ágæti þessara ráðstafana heldur en enn er í ljós komið.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, þá kom mjög til tals innan stjórnarflokkanna að taka ákvæði um eflingu fiskveiðasjóðsins upp sem beinan lið í stjórnarsamningunum. Fyrir því var áhugi í báðum stjórnarflokkunum. Ástæðan til þess, að samt sem áður var ekki hnigið að því ráði, var sumpart sú, að ef hefðu verið tekin upp ákvæði varðandi fiskveiðasjóðinn og eflingu hans, þá hefði þótt eðlilegt, að jafnframt væri gerður sáttmáli um nokkurn styrk til framdráttar landbúnaðinum a. m. k., og jafnframt voru menn á einu máli um það, að stjórnarsamningurinn fjallaði um svo stórvægilegar framkvæmdir og svo fjárfrekar, ef svo mætti að orði kveða, að nokkuð mikið þótti í fang færzt að fara lengra inn á braut ákveðinna fyrirheita og loforða í þessum efnum en gert var. Nægir þar aðeins að minna á tvö atriði af fleirum, annars vegar á rafvæðingu landsins og hins vegar á fyrirheitið um að freista þess að setja löggjöf á kjörtímabilinu um varanlega úrlausn húsnæðisvandræðanna í þéttbýlinu. Menn hafa nú þegar heyrt allmikið um rafvæðinguna, og eins og upplýst hefur verið hér nýlega í hv. d., þá er nú stj. að vinna að því að klæða hina hugmyndina holdi og vonast til, að það megi lánast að leggja fyrir frv. í þeim efnum þegar á þessu þingi, þó að auðvitað stjórnarsáttmálinn bindi stj. ekki við það út af fyrir sig.

Þegar síðasta Alþ. kom saman og nokkuð fór að líða á það, kom í ljós, að þrátt fyrir þessa ákvörðun stjórnarflokkanna, þegar stjórnarsáttmálinn var gerður, var svo ríkur áhugi fyrir þessu máli í báðum stjórnarflokkunum, sjálfsagt líka hjá öðrum á þingi, að ýmsar raddir heyrðust um, að það yrði tæplega hjá því komizt þá þegar á því þingi að gera einhverjar ráðstafanir til eflingar sjávarútveginum og þá fyrst og fremst til þess að efla fiskveiðasjóðinn. Það varð þó að ráði og samkomulagi á milli stjórnarflokkanna að hafast ekki að á því þingi. Ég vil þó segja frá því, að atvmrn. lét undirbúa frumdrög að frv. um eflingu fiskveiðasjóðsins, sem hefði verið auðið að leggja fyrir síðasta þing, ef það hefði þótt tímabært. En úr því varð ekki af þeim ástæðum, sem ég hef greint, en hins vegar komu fram í lok síðasta þings tvær þáltill., önnur frá hv. fjvn. og hin frá hv. sjútvn., sem báðar hnigu að því að fela stj. að undirbúa löggjöf og leggja fyrir næsta þing, þ. e. a. s. það þing, sem nú er saman komið, um eflingu fiskveiðasjóðsins.

Samkv. þessum till. skipaði ég svo nefnd fjögurra þar til hæfra manna til að athuga þetta mál og gera um það tillögur til mín, sem svo yrðu eftir athugun lagðar fyrir Alþ. með þeim breytingum, sem mér mundi þykja nauðsynlegt á þeim að gera. Í þessa n. völdust, eins og ég segi, hinir hæfustu menn, skrifstofustjórarnir í atvmrn. og fjmrn., þeir Gunnlaugur Briem og Sigtryggur Klemenzson, fiskimálastjórinn Davíð Ólafsson, og framkvæmdastjóri fiskveiðasjóðsins, Elías Halldórsson. Við þessa menn ræddi ég um frumdrög slíks frv. og þær hugmyndir, sem vel gætu til greina komið, en n. hefur síðan lagt í það nokkurt verk að semja það frv., sem nú er hér lagt fram með þeim smávægilegu breytingum, sem á því hafa verið gerðar eftir mínum ráðum og ábendingum.

Þetta frv. felur í rauninni meira í sér en menn munu kannske reka augun í við fyrsta yfirlestur. Ég tel, að höfuðatriði frv. séu fjögur og þar af megi kannske segja, að í greinum sjálfs frv. sé aðeins eitt skjalfest. Ég tel, að þessi fjögur meginatriði séu í fyrsta lagi heimild til að hækka lántökur fiskveiðasjóðs með ríkisábyrgð úr 4 milljónum upp í 50 milljónir. Í öðru lagi, að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. frv. um tilgang sjóðsins, þar sem segir í b-lið, að tilgangurinn sé að lána til vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla, hefur n., sem um þetta fjallaði, í samráði við mig rætt við Framkvæmdabankann um það, hvort hann sæi sér ekki fært að verulegu leyti að takast á hendur þær skyldur, sem þarna eru lagðar á herðar sjóðnum. Niðurstaðan af þeim viðræðum hefur orðið sú, að Framkvæmdabankinn hefur, án þess að geta gert um það endanlegar skuldbindingar, lýst því yfir, að hann muni, eftir því sem aðstæður hans leyfa, hafa áhuga á og vilja ljá máls á að veita lán til stærri iðjuvera og þess, sem fjárfrekast er í sambandi við vinnslu sjávarafurðanna.

Það verður að vísu að viðurkenna, að fiskveiðasjóður hefur fram að þessu lítið getað sinnt þessu sérstaka og ákaflega mikilvæga hlutverki. Meiningin var þó, að þegar hann yrði efldur, þá yrði hann að sinna því í miklu ríkari mæli en áður hefur verið. En þegar farið var að athuga um fjáröflunarmöguleika sjóðsins annars vegar og þær skyldur, sem á hans herðar yrðu lagðar varðandi eflingu og viðhald bátaflotans, hins vegar, og svo jafnframt, ef hann ætti að verulegu leyti að sinna hinum síauknu þörfum fyrir iðnaðarfyrirtæki, kom skjótlega í ljós, að fjár-

öflunin yrði að vera miklu róttækari en þetta frv. fer fram á og heldur en aðstæður virðast leyfa í bili, ef frv. á að verða annað en pappírsgagn. Það er auðvitað tilgangur allra, sem að því standa, að reyna að sjá um, að hér verði um framkvæmd að ræða, en ekki aðeins orð innantóm. Af þessum ástæðum, eins og ég segi, hefur nefndin, sem um þetta fjallaði með mér, rætt um þetta við Framkvæmdabankann og fengið þessi loforð, sem ég tel mikils virði og annað aðalatriði málsins.

Þriðja atriðið, sem ég tel mikilvægt, er ekki heldur í sjálfu frv., en er aðeins ábending, sem ég hef leyft mér að bera fram, og hún er um það, hvort auðið þætti, þegar þar að kemur, að láta eitthvað af þeim tekjuafgangi, sem yrði á ríkisrekstrinum 1954, renna til fiskveiðasjóðs sem óafturkræft framlag. Það skal skýrt tekið fram af minni hendi, að þó að ég hafi leyft mér að gera þessa bendingu, þá felst í því engin skuldbinding af hendi míns flokks til þess að fylgja till. um þetta, því að það er beint samkomulag innan ríkisstjórnarinnar, að hvorki einstakir ráðherrar né þingmenn stjórnarflokkanna séu á þessu stigi málsins að bera fram till. um ráðstöfun á tekjuafganginum, heldur verði honum ráðstafað í samráði við Alþingi, eftir að ríkisstj. hefur haft tækifæri til að gera um það sínar till., og málið er ekki komið á það stig enn þá.

Loks er fjórða atriðið, sem er ekki heldur skráð í sjálfu frv., en ég tel einnig þýðingarmikið og kannske ekki þýðingarminnst, nema þýðingarmest væri, og það er sú hugmynd, hvort ekki væri rétt að láta stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem nú er í Landsbankanum, renna inn í fiskveiðasjóð með einum hætti eða öðrum. Það hefur, eins og menn vita, verið svo um þessi stofnlán, sem hófust samkv. till. nýsköpunarstjórnarinnar á árinu 1946, minnir mig, með 100 millj. kr. framlagi frá Landsbankanum, að jafnóðum og þau lán, sem þá voru veitt til eflingar útveginum, hafa verið greidd, afborganir og vextir, hefur bankinn dregið inn það fé, þannig að af þeim 100 millj., sem í öndverðu voru lánaðar út, standa nú eftir aðeins 70 millj., og bankinn mun hafa í hyggju, ef Alþingi gerir ekki um það sérstök fyrirmæli, að halda áfram að draga inn þessi lán. Hins vegar stendur eftir sem áður þörfin fyrir endurnýjun þess flota, sem byggður var fyrir þessi lán í öndverðu. Það er náttúrlega engin fyrirhyggja af löggjafanum að láta það til langframa viðgangast, að lánin séu felld inn í annan rekstur landsmanna, því að skipin eldast og rýrna í verði, og augljóst er, að endurnýja verður flotann. Endurnýjunarþörfin talar kannske lægri rómi nú í bili, en þá því hærri seinna, vegna þess að skipin voru öll byggð nokkurn veginn samtímis eða á mjög stuttu árabili. Það er það, sem hv. Alþingi verður að hafa hugfast, að hinn íslenzki nýi floti er allur byggður á örfáum árum. Hann verður þess vegna allur úreltur á örfáum árum, og endurnýjunarþörfin er þess vegna annars eðlis varðandi þennan flota, togaraflotann, nýsköpunarflotann, heldur en mætti segja, að eðli málsins samkv. ætti að vera um fiskiskipaflota þjóðar, sem að svo verulegu leyti lifir á fiskveiðum. Hið venjulega er, að árlega séu byggð nokkurn veginn jafnmörg skip og þá verða ónothæf, svo og svo mörg á hverju ári. Það óvenjulega er, að allur togaraflotinn okkar er byggður á örfáum árum og verður þess vegna allur úreltur á örfáum árum. Það er þetta, sem verður að hafa hugfast, þegar Alþingi fer að fjalla um þetta mál.

Ég hef þess vegna leyft mér að gera þessa ábendingu til hv. nefndar. Ég hafði ekki séð ástæðu til að ræða þetta mál við stjórn Landsbankans enn þá, líka af því, að ég vildi nú sjá, hvernig tækist um þær fjáraflanir, sem nú er um að ræða til bátaútvegsins, áður en sókn væri hafin í þessu máli. Ég verð einnig að viðurkenna, að hér er um tvö mál að ræða, þótt skyld séu.

Ég endurtek þess vegna, að ég tel, að höfuðatriði þessa frv. séu í rauninni fjögur, þar sem aðeins eitt er skráð í sjálft frv., þ. e. a. s. hin stóraukna lántökuheimild, en hin þrjú liggja falin í þeim ábendingum, sem nefndin, sem hefur samið frv., og ráðuneytið hafa gefið í sambandi við flutning málsins og grg.

Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. muni viðurkenna, að sjávarútvegurinn á þær siðferðislegu kröfur á hendur Alþingi, sem felast í þessu frv., og þó að meira væri. Það er nauðalítið, sem hið opinbera hefur gert til að efla þennan meginatvinnurekstur landsmanna. Ég skal aðeins til fróðleiks minna á það, að fiskveiðasjóðurinn er stofnaður með lögum nr. 52 1905 og hann er settur á laggirnar 1906. Ríkissjóður lagði þá fram 100 þús. kr. Auk þess var árlegt framlag ríkissjóðs, sem var greitt allt til ársins 1931, 6 þús. kr. á ári, eða alls 150 þús. kr. Þá var ríkissjóði með lögum frá 1930 gert að greiða fiskveiðasjóðnum 1 millj. kr., og sú greiðsla var innt af hendi á árunum 1939—41. Loks hefur sjóðurinn fengið af sektarfé fyrir landhelgisbrot á árunum 1907—39 alls 137 þús. kr.

Ríkissjóður hefur þannig lagt fiskveiðasjóði af þeim 76 millj., sem fiskveiðasjóður nú á, aðeins 1288 þús. kr., og er þar með talið það sektarfé, sem ég áðan gat um. Allt fé fiskveiðasjóðs hafa að öðru leyti sjávarútvegsmenn sjálfir greitt með útflutningsgjöldum af afurðum sínum. Það er þess vegna sízt ofmælt, þó að staðhæft sé, að ríkið hefur ekki verið stórtækt í þessum efnum. Það hefur verið mikið sinnuleysi um það að leggja eitthvert fé af mörkum frá því opinbera þessum þýðingarmikla atvinnuvegi til framdráttar, og er fyllilega tími til kominn, að einhver tilraun sé gerð til þess að bæta úr því. Í sjálfri grg. er sýnt fram á, hversu rík þörf sjóðsins er fyrir aukið lánsfé, — rík og vaxandi.

Í áætlunum um tekjuöflun sjóðsins og hugleiðingum um það, hvernig tekjurnar fái risið undir útgjaldaþörfinni, er ekki tekið tillit til annars en þess, sem Fiskifélag Íslands hefur talið að mundi nægja sem eðlilegt viðhald á bátaflotanum með einhverri smávægilegri aukningu. En það er langt frá því, að tekjurnar séu miðaðar við þá þörf, sem er fyrir hendi í dag vegna síaukinnar eftirspurnar eftir lánum og vaxandi óska landsmanna eftir að kaupa báta í trausti þess, að þeir fái nú betur risið undir kostnaði við reksturinn vegna aukinnar friðun-

ar á fiskimiðunum. En þó að miðað sé við aðeins þessa lágmarksþörf, þá er samt, eins og skýrslur á bls. 5 í grg. bera með sér, nauðsynlegt, að fiskveiðasjóður fái annaðhvort sem lán eða sem óafturkræft framlag eða hvort tveggja rúmar 50 millj. á næstu fimm árum. En fái hann það fé, þá er einnig hægt að auka útlán sjóðsins úr 60 millj., sem þau voru 30. sept. s. l., upp í 181 millj. í árslok 1959. M. ö. o., á fimm árum ætti að vera hægt að auka útlánin um 121 millj., þ. e. a. s. þrefalda þau frá því, sem þau voru 30. sept. Ég veit, að menn hafa veitt því athygli, að í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir, að sjóðurinn láni neitt verulega til iðnfyrirtækja útvegsins. Hins vegar er gert ráð fyrir, að endurnýjun bátaflotans muni kosta 17 millj. á ári og að til vélakaupa eða nýrra véla þurfi auk þess 7 millj., en til verbúða og fiskhúsa muni þurfa 4 millj. Þetta er með hliðsjón af því, sem ég áður gat um, að vonir standa til, að hægt verði að leggja vissan hluta þeirra skyldna, sem samkv. beinum ákvæðum frv. ættu að hvíla á fiskveiðasjóði, á herðar Framkvæmdabankanum.

Mér þykir rétt að vekja athygli hv. n. á því, að í útreikningunum, sem ég gat um á bls. 5, eru útgjaldamegin ekki tilgreindir neinir vextir af væntanlegu lánsfé. Það er gert af ásettu ráði. Mönnum er ekki ljóst, hvað lánsféð þarf að vera mikið; það fer að sjálfsögðu eftir því, hvað framlagið af hendi hins opinbera gæti orðið mikið, bæði af tekjuafgangi í ár og eftir öðrum leiðum. Auk þess er það svo, eins og menn munu hafa tekið eftir, að tekjurnar af útflutningsgjaldinu eru áætlaðar 7 millj. öll árin, hvert árið um sig, en það er auðvitað ástæða til að halda, að þær fari hækkandi, og eru kannske líka varlega áætlaðar, miðað við árið í ár. Það hefur þess vegna ekki þótt ástæða til að taka upp gjaldamegin á þessu stigi málsins vextina, sem skera ekki heldur úr um afkomuhorfurnar, þegar þetta tvennt er athugað.

Að öðru leyti vil ég aðeins minna á þær aðalbreytingar, sem eru að forminu til í frv., fyrir utan lántökuheimildina. Ákveðið er að auka hámark lána út á hvern bát úr 750 þús. upp í 1250 þús. og enn fremur, að nú megi lána út á 200 smálesta skip, en áður var hámarkið 150 smálestir. Jafnframt er ákveðið, að hækka megi lán út á fasteignir úr 500 þús. í 600 þús. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að lánað verði meira út á þau skip, sem byggð eru innanlands, þ. e. a. s. út á þau megi lána ¾ hluta kostnaðarverðs, en ekki nema ⅔ hluta kostnaðarverðs út á þau skip, sem keypt eru erlendis frá. Þetta er gert í því skyni að reyna að ýta undir það, að menn byggi að öðru jöfnu fremur innanlands en utanlands. Það er gert til þess að bæta aðstöðu íslenzku byggingarstöðvanna í samkeppni við hinar erlendu. Það hefur komið fram beinn vilji hér á Alþingi, m. a. í annarri þeirri þáltill., sem ég gat um í öndverðu máli mínu, fyrir því, að slíkar tilraunir séu gerðar, og þær eru líka alveg réttmætar. Það er ekki aðeins tillitið til sjálfra þeirra manna, sem eiga þessar stöðvar, eða þeirra, sem þar hafa sína atvinnu, — þetta er auðvitað þýðingarmikill liður í íslenzkum iðnaði, — það er einnig og engu síður hagsmunamál sjálfs útvegsins, að byggingarstöðvarnar hafi nóg við að fást. Íslenzkur útvegur getur ekki komizt af án þess, að hér á landi séu viðgerðarstöðvar, hvað sem líður byggingarstöðvum, en þessar viðgerðarstöðvar geta ekki þrifizt, ef þær hafa ekki möguleika til að byggja báta, samtímis því sem þær stunda viðgerðirnar. Viðgerðirnar yrðu óhóflega dýrar, ef rekstur þessara stöðva ætti eingöngu að byggjast á viðgerðunum og ekki að neinu leyti á þeirri stöðugu vinnu, sem þeir, sem þarna hafa atvinnu, gætu haft við byggingu skipa, a. m. k. þá sem ígripavinnu, eða þá viðgerðirnar sem ígripavinnu eftir því hvernig menn vilja orða það. En það gefur auga leið um það, að ekki er hægt að reka byggingarstöð eða slíka viðgerðarstöð eingöngu byggða á því, að í dag — skulum við segja — strandar bátur, sem þarf að gera við, eða er settur upp annar bátur, sem þarfnast viðgerðar. Svo líða kannske mánuðir án þess, að nokkuð slíkt komi fyrir, og hvað á þá að gera við þá menn, sem þarna hafa haft atvinnu? Ef eigandi stöðvarinnar á að greiða þeim kaup, án þess að þeir hafist að, þá verður auðvitað útvegurinn að borga allan kostnað, og með því verða óhóflega dýrar allar viðgerðir. Þetta er þess vegna sameiginlegt hagsmunamál iðnaðarins og útvegsins og sjálfsagt að efla möguleika hinna íslenzku stöðva eins og auðið er til þess að stunda bátabyggingar.

Mér þykir einnig rétt að segja frá því, að samkv. gildandi lögum munu vextir af lánum, bæði til bátabygginga og til iðnfyrirtækja, hafa verið 4%. Í þessu frv. er ætlazt til, að vextir af bátalánunum verði 4%, en til iðnfyrirtækjanna 6%, og það er ekki óeðlilegt að gera nokkurn mun á þessu. Iðnfyrirtækin standa betur að vígi, a. m. k. eins og sakir standa, og þegar innlánsvextir í landinu eru orðnir upp undir 7%, þá er ekki óeðlilegt, að þessi fyrirtæki borgi 6% og hærra en bátarnir gera. Jafnframt þykir mér rétt að skýra frá því, að samkv. gildandi lögum var ekki ætlazt til, að lánað væri meira en 50% eða helmingur af stofnkostnaði bátanna, að viðbættri heimild til að lána vaxtalaust 25% í viðbót. Þessi vaxtalausu lán hafa verið eins og heiðursgjafir til einstakra fárra manna, sem þeirra hafa notið, og það er náttúrlega alveg ástæðulaust að halda við því ákvæði og miklu meira réttlæti, að eitt gangi þar yfir alla, og að hækka þá heldur þann hundraðshluta, sem lánað er út á hvern bát, eins og hér er gert, þar sem úr 50% er fært almenna ákvæðið upp í 66% annars vegar og 75% hins vegar.

Ég held svo ekki, að í þessu frv. séu nein ákvæði, sem ég þykist þurfa að gera frekari grein fyrir, þegar ég get vísað til hinnar ágætu og greinagóðu grg., sem hv. nefnd kunnáttumanna, sem um þetta fjallaði, hefur látið fylgja frumvarpinu.

Ég vil aðeins að lokum segja, að ég þykist viss um, að þetta frv. verður samþ. í einu formi eða öðru. Ég tek þakksamlega þeim bendingum, sem fram koma um allar frekari úrbætur í þessum efnum og auðið þykir að standa undir. Ég vil taka það fram og leggja á það áherzlu, að það nægir hins vegar ekki að samþ. þetta frv.

Aðalatriðið er, að ákvæði þess komist í framkvæmd. En ef þau komast í framkvæmd, þá er óhætt að staðhæfa, að allveruleg bót er ráðin á mikilli og brýnni þörf bátaútvegsins. Ég segi það einnig og legg áherzlu á, að bátaútvegurinn á siðferðislega kröfu á þeim skilningi af hendi Alþingis, sem frv. lýsir. Alþingi ber í orði og verki að efla aðstöðu bátaútvegsins, bæta úr hinni brýnu lánsþörf, sem lengi hefur þjakað þennan atvinnurekstur. Verði það gert, mun hver eyrir, sem þar er lagður fram, áreiðanlega skila krónu aftur.

Ég skal svo ekki um þetta hafa fleiri orð. Ég veit, að það mun mæta góðum skilningi hér í hv. deild. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 103, n. 515, 519).

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Á síðasta þingi voru samþ. tvær till. til þál. varðandi Fiskveiðasjóð Íslands. Önnur þeirra var áskorun til ríkisstj. um að beita sér fyrir því að afla fiskveiðasjóði viðbótarfjár til stofnlána, endurnýjunar og aukningar fiskiskipaflotanum og til bátasmíði innanlands. Hin till. var áskorun á ríkisstj. um að láta fara fram endurskoðun laga nr. 34 1943, um fiskveiðasjóð. Hæstv. atvmrh. skipaði þá Gunnlaug Briem skrifstofustjóra, Sigtrygg Klemenzson skrifstofustjóra, Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Elías Halldórsson forstjóra til að annast endurskoðun löggjafarinnar. Á þessu þingi var svo lagt fram á þskj. 103 frv. til laga um fiskveiðasjóð, sem hin skipaða nefnd hafði samið. Fylgja frv. ýtarlegar athugasemdir ásamt margvíslegum upplýsingum um starfsemi sjóðsins og áætlun um lánastarfsemi hans á næstu 5 árum. Einnig fylgja frv. athugasemdir frá hæstv. atvmrh. Þar vekur hann athygli Alþ. á þeirri hugmynd að sameina stofnlánadeild sjávarútvegsins og fiskveiðasjóð. Þá bendir hæstv. ráðh. einnig á þann möguleika til að efla starfsemi sjóðsins, að þar sem vitað sé, að allverulegur tekjuafgangur verði á ríkisbúskapnum á árinu 1954, mundi æskilegt, að nokkrum hluta þess fjár yrði varið til að bæta úr brýnni þörf fiskveiðasjóðs fyrir aukið starfsfé og það yrði lagt sjóðnum sem óafturkræft framlag. Hefur hæstv. ríkisstj. þegar afhent fiskveiðasjóði 8 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1954 út á væntanlegt samþykki Alþ. Tel ég æskilegt, að fært þætti að ganga enn lengra í þessum efnum til að auka starfsfé sjóðsins, þar sem vitað er, að mjög hart er sótt á stjórn fiskveiðasjóðs um lánbeiðnir vegna nýsmíði fiskiskipa og til annarra þarfa vegna sjávarútvegsins, sem ég mun koma nánar að í þessari ræðu minni.

Ég vil þá með nokkrum orðum ræða hinar ýmsu greinar frv., sem máli skipta, ásamt þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir að verði á lögunum um fiskveiðasjóð frá 1943, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður lögfest.

Í 1. gr. er kveðið á um, að tilgangur fiskveiðasjóðs sé að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum, sbr. 4. gr.

Í 2. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur fiskveiðasjóðs eru:

1) Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkv. l. nr. 81 5. júní 1947.

2) Vextir."

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá n. í athugasemdum með frv., gerir hún ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður muni hafa í tekjur á yfirstandandi ári af útflutningsgjöldum og vöxtum 9.4 millj. kr. og 3 millj. kr. í afborganir af lánum, eða samtals 12.4 millj. kr. Hins vegar gerir n. ráð fyrir lánveitingum úr sjóðnum til nýsmíði fiskiskipa, endurnýjunar bátavéla, verbúða og fiskhúsa, samtals 28 millj. kr. Eftir þessum upplýsingum n. myndast greiðsluhalli að upphæð 15.6 millj. kr. á þessu eina ári. Sama gildir og um áætlaða vexti sjóðsins næstu 4 ár, eða árin 1956—1959, að gert er ráð fyrir greiðsluhalla öll árin, og mun hann nema samkv. áætlun n. rúmum 53 millj. kr. þessi 5 ár, eins og greint er frá í athugasemdum með frv. Í þessari áætlun n. er ekki gert ráð fyrir lánveitingum af hendi fiskveiðasjóðs til hraðfrystihúsa, fiskimjölsverksmiðja eða annarra fiskiðjuvera, þar sem hún telur, að það muni falla í hlut Framkvæmdabanka Íslands að veita lán til slíkra framkvæmda. Átti n. ýtarlegt tal við bankastjóra Framkvæmdabankans um þessi mál, og eftir þær umr. var henni tjáð, að Framkvæmdabankinn muni í framtíðinni veita lán til bygginga og endurbóta frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva eftir því, sem bankinn hefur fjármagn handbært og samrýmanlegt er öðrum verkefnum hans. Mun Framkvæmdabankinn þegar á þessu ári hafa veitt eða lofað lánum til nokkurra frystihúsa og fiskiðjuvera, og verður að treysta á það, að hann muni á næstu árum fullnægja eðlilegri eftirspurn lána til þessara framkvæmda.

Við síðustu áramót munu hafa legið fyrir umsóknir um lán úr fiskveiðasjóði að fjárhæð 51 millj. kr., aðallega til aukningar fiskibátaflotanum, og hrökkva því skammt tekjur sjóðsins til að fullnægja þeim lánsbeiðnum. Það verður því að teljast mjög aðkallandi að auka starfsfé sjóðsins. Sjútvn. þessarar hv. d. er þeirrar skoðunar, að ekki verði hjá því komizt, að ríkissjóður leggi sjóðnum til árleg fjárframlög. Mun n. við 3. umr. frv. flytja brtt. þar að lútandi.

Til þess að öðru leyti að geta séð fiskveiðasjóði fyrir starfsfé er ákveðið í 3. gr. frv., að sjóðurinn megi taka lán, þegar þörf krefur að áliti hæstv. sjútvmrh., og er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni, allt að 50 millj. kr. Er fyrirsjáanlegt, að nú þegar verði að gera gangskör að því að afla fiskveiðasjóði mikils hluta af umræddum 50 millj. kr., ef hann á þessu og næstu árum á að geta fullnægt

lánsbeiðnum þeim, sem þegar liggja fyrir og vitað er að honum munu berast á næstu 4 árum, ef allt gengur með eðlilegum hætti með aukningu vélbátaflotans, byggingu verbúða og fiskhúsa fyrir útgerðina.

Í athugasemdum við frv. vekur hæstv. atvmrh. athygli Alþ. á þeirri hugmynd, að sameina stofnlánadeild sjávarútvegsins og fiskveiðasjóð. Sjútvn. hefur ekki á þessu stigi málsins séð sér fært að gera till. hér að lútandi, enda telur hún, að það sé fyrst og fremst hlutverk hæstv. ríkisstj. að ræða málið við stjórn Landsbankans. Hins vegar er n. sammála um nauðsyn þess, að það fé, sem stofnlánadeildin hefur enn í lánum hjá sjávarútveginum og í fiskiðjuverum og mun nema um 70—80 millj. kr., verði fest sem stofnfé eða rekstrarfé fyrir sjávarútveginn, og ráðstafanir í því efni verði framkvæmdar af hæstv. ríkisstj. á þessu ári. Tel ég nauðsyn á því, að á þessu þingi verði samþykkt till. til þál. með áskorun á hæstv. ríkisstj. að koma þessu máli í framkvæmd.

Í 4. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

a) Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánum.

b) Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla."

Þessi ákvæði í frv. ganga mun lengra en gildandi lög um fiskveiðasjóð frá 1943 kveða á um. Rúmlestastærð fiskiskipanna, sem sitja eiga fyrir lánum úr sjóðnum, er hækkuð úr 150 rúmlestum í 200 rúmlestir. Telja verður þessa hækkun eðlilega og í samræmi við þá þróun, sem átt hefur sér stað síðasta áratuginn í sambandi við kröfur um stærri og betri fiskiskip fyrir verstöðvarnar. B-liður 4. gr. heimilar nú stjórn fiskveiðasjóðs að lána til vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla. Á þennan hátt hefur stjórn sjóðsins heimild til m. a. að lána til verbúða, fiskhúsa og annarra mannvirkja fyrir sjávarútveginn, sem löggjöfin frá 1943 heimilaði ekki. Eftirspurn eftir slíkum lánum hefur verið og er enn mjög mikil, sérstaklega í sambandi við verbúðabyggingar, fisk- og veiðarfærageymslur. Engin lánsstofnun hefur talið sér skylt að sinna lánbeiðnum útgerðarmanna til að standast kostnað við byggingu á slíkum húsum. Óhætt má fullyrða, að mikið af veiðarfærum útgerðarfyrirtækja fer forgörðum árlega vegna vöntunar á nauðsynlegum veiðarfærageymslum. Sömu sögu má einnig segja um ýmsar sjávarafurðir, eins og t. d. saltfisk og skreið, að þessar afurðir liggja víða undir skemmdum vegna vöntunar á nauðsynlegum fiskgeymslum. Úr þessum vandkvæðum, sem útgerðarmenn og fiskvinnslustöðvar eiga við að búa, má stjórn fiskveiðasjóðs nú bæta með lánveitingu til húsagerða í þessu skyni, ef frv. verður lögfest og sjóðnum séð fyrir nægilegu rekstrarfé.

5. gr. kveður á um, að sjóðurinn láni einungis gegn 1. veðrétti. Mega lán nema alls allt að ⅔ hlutum af kostnaðar- eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅔ hlutum nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán þó nema allt að ¾ hlutum af kostnaðar- eða virðingarverði. Verður að telja þennan mismun, sem gerður er á lánveitingum, annars vegar til skipa, sem smíðuð eru innanlands, og hins vegar til skipa, sem keypt eru erlendis frá, eðlilegan og sjálfsagðan, þar sem hinar innlendu skipasmíðastöðvar eru sjávarútveginum nauðsynlegar og raunar ómissandi. Það leikur ekki heldur á tveim tungum, að fiskibátar, sem byggðir eru innanlands, séu traustari og betur byggðir en þeir erlendu, svo að stefna ber að því, að allir fiskibátar, sem þjóðin þarf með, verði smíðaðir innanlands. Hámark lána til skipa er nú ákveðið í frv. 1 millj. 250 þús. kr., en var áður 750 þús. kr., og til fasteigna 600 þús. kr. í stað 500 þús. kr., sem er í gildandi löggjöf. Hér er um töluverða hækkun að ræða á lánveitingum úr sjóðnum, sérstaklega út á ný fiskiskip. Þegar það er haft í huga, að mikil áhætta er hjá fiskveiðasjóði í sambandi við lánveitingar til fiskiskipaflotans vegna lögveða og sjóveða, sem ganga á undan 1. veðréttar láni sjóðsins, verður ekki annað sagt en að fiskveiðasjóður taki á sig allstóra áhættu með að veita 75% lán af kostnaðarverði nýrra fiskiskipa.

Reynsla síðustu ára hefur fært oss heim sanninn um þá miklu erfiðleika og áhættu, sem er samfara útgerð og rekstri vélbátaflotans. Að sjálfsögðu hefur aflaleysið á síldveiðum fyrir Norðurlandi s. l. 10 ár valdið þar miklu um. Verður því ekki hjá því komizt að veita fiskveiðasjóði árlegt framlag úr ríkissjóði til þess að tryggja rekstur sjóðsins og til að mæta áhættu þeirri, sem lánveitingar hans til fiskiskipaflotans óhjákvæmilega hafa í för með sér, — áhættu, sem engin hliðstæð lánsstofnun býr við.

Í 6. gr. frv. eru ákveðin vaxtakjör sjóðsins. Þar er gert ráð fyrir 4% vöxtum af lánum til skipa, en af öðrum lánum 6%, sem greiðast fyrir fram. Er hér um nokkra hækkun að ræða á vöxtum, sérstaklega þegar þess er gætt, að ⅛ hluti af lánveitingum fiskveiðasjóðs til nýrra fiskiskipa var veittur samkv. ákvæðum 8. gr. gildandi laga vaxtalaus í 10 ár og afborgunarlaus í fimm ár. — Þá er gert ráð fyrir, að öll lán, sem sjóðurinn veitir, önnur en út á skip, beri 6% vexti. Þar sem nú er svo komið, að óhjákvæmilegt er, að fiskveiðasjóður taki veruleg lán til starfsemi sinnar gegn hærri vöxtum en hann tekur sjálfur af sínum lánum, virðist ekki hjá því komizt, að sjóðurinn taki 4% ársvexti af öllum lánum til fiskiskipa. Þegar að öðru leyti eru athuguð almenn vaxtakjör, sem þjóðin býr nú við, bæði hvað snertir vexti á sparifé og vexti af útlánum, verður að teljast eðlilegt, að aðrir útlánsvextir séu ákveðnir 6%.

Aðrar greinar frv. tel ég óþarft að ræða um sérstaklega, enda hefur n., er samdi frv., getið þeirra, að því er máli skiptir, í athugasemdum sínum við frv.

Á árinu 1954 nam útlán fiskveiðasjóðs rúmum 23 millj. kr., að langmestu leyti til fiskiskipaflotans. Af þessari upphæð voru veittar nær 6 millj. kr. til vélakaupa í fiskiskip. Í árslok 1954 voru útlán fiskveiðasjóðs þessi: Opnir vélbátar:

104 lán, rúm 1½ millj. Þiljaðir vélbátar innan 12 rúmlesta: 24 lán, tæp 1 millj. Skip 12 rúmlestir og stærri: 274 lán, rúmar 39 millj. Hraðfrystihús: 31 lán, 6.7 millj. Fiskþurrkunarhús: 28 lán, tæpar 2 millj. Fiskimjölsverksmiðjur: 21 lán, rúmar 4 millj. Fiskvinnslustöðvar: 11 lán, tæpar 3 millj. Lifrarbræðslustöðvar: 5 lán, 270 þús. Olíusamlög: 5 lán, 284 þús. Dráttarbrautir: 3 lán, tæp ½ millj. Aðrar fasteignir: 5 lán, 371 þús. Ríkistryggð vaxtabréf: 11 lán, 3.4 millj.

Eignir fiskveiðasjóðs námu 1. okt. s. l. rúmum 76 millj. kr.

Rétt er, að hv. alþm. geri sér nokkra grein fyrir því, hvaðan fé það er runnið, sem sjóðurinn starfar með. Fiskveiðasjóður var stofnaður með lögum 1905, og tók hann til starfa á árinu 1906. Framlag ríkissjóðs hefur numið 1 millj. 150 þús. kr. til 1. okt. 1954. Er þar með talið sektarfé fyrir landhelgisbrot, sem rann til sjóðsins á árunum 1907—39, alls um 138 þús. kr. Hins vegar hafa runnið til sjóðsins frá sjávarútveginum í útflutningsgjöldum á árunum 1942—54 rúmar 56 millj. kr., svo að þaðan er raunverulega komið að mestu það fé, sem sjóðurinn hefur starfað með til þessa, eða þar til ríkisstj. lagði honum 8 millj. kr. framlag af tekjuafgangi ríkissjóðs á s. l. ári.

Á þskj. 515 hefur sjútvn. lagt fram nál., þar sem hún mælir með því, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Flytur hún á þskj. 519 þrjár brtt.

1. brtt. kveður á um, að fiskveiðasjóður greiði ⅓ hluta láns til skipasmíða þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis kominn á staðinn, ⅓ hluta þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn, og loks ⅓ þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt. Hlýtur þessi tilhögun að hafa í för með sér stórbætta aðstöðu fyrir innlendar skipasmíðastöðvar, sem ætti einnig að verða til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna hefur í bréfi til nefndarinnar lagt mikla áherzlu á þessa fyrirgreiðslu skipasmíðastöðvunum til handa. Þessi ákvæði eru einnig í gildandi lögum fiskveiðasjóðs, en þeim mun lítið hafa verið sinnt í framkvæmd á undanförnum árum.

2. brtt. n. felur í sér sömu ákvæði og nú eru í lögum fiskveiðasjóðs, að stjórn sjóðsins sé heimilað að veita lán til kaupa á bátum eldri en eins árs.

Í 3. brtt. leggur n. til, að fellt verði niður ákvæði 6. gr. frv. um, að vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skuli greiddir fyrir fram. Telur nefndin rétt, að vextir séu greiddir eftir á, eins og tíðkast hjá hliðstæðum stofnunum.

Í áliti n. er þess getið, að hún muni við 3. umr. flytja brtt. um árlegt framlag úr ríkissjóði til fiskveiðasjóðs.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um frv. og nál. á þessu stigi.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Einhvern veginn atvikaðist það svo, þegar þetta mál var hér til 1. umr., að ég var þar ekki nærstaddur og gat ekki sagt um það þau fáu orð, sem ég þess vegna vildi gjarnan segja við þessa umr. Verður það því kannske um málið nokkuð á víð og dreif, og vænti ég, að forseti taki mér það ekki illa upp.

Það hefur verið stöðugt umræðuefni á mörgum undanförnum þingum, hvernig unnt væri að auka starfsemi fiskveiðasjóðs. Síðast man ég eftir því, að á síðasta þingi var rætt um það meir en nokkuð annað, að mig minnir, í hv. sjútvn. þessarar deildar, hvernig unnt væri að ráða bót á þessu, hvernig unnt yrði að afla fiskveiðasjóði meiri tekna, þannig að hann yrði betur en áður fær um að sinna sínum verkefnum. Í lok síðasta þings komu fram tvær þáltill., sem voru samþ. og báðar fóru í þessa átt. Önnur var að efni til frá fjvn. um að skora á ríkisstj. að afla fiskveiðasjóði viðbótarfjár til nauðsynlegra stofnlána vegna endurnýjunar og eðlilegrar aukningar fiskibátaflotans með bátasmíði innanlands. Þetta var, að mér virtist, kjarni till. fjvn., að skora á hæstv. ríkisstj. að efla möguleika sjóðsins til styrktar bátasmíðum innanlands, svo að á þann hátt yrði unnt að sinna eðlilegri endurnýjun bátaflotans. — Frá hv. þm. N-Þ. var samþ. önnur þáltill. um endurskoðun laganna um fiskveiðasjóð, m. a. í því skyni, að starfsfé sjóðsins og starfssvið hans yrði aukið. M. ö. o., báðar þessar till. lögðu áherzlu á það, að starfsfé sjóðsins yrði aukið, önnur aðallega vegna bátasmíða innanlands, en hin — auk sérstakrar áherzlu á aukningu starfsfjárins — lagði áherzlu á, að starfssvið sjóðsins yrði aukið.

Nú langar mig til þess að gera lítils háttar samanburð á því, hvernig þessi endurskoðun laganna um fiskveiðasjóð hefur orðið við þeim tilmælum, sem í þessum þáltill. felast.

Um fyrri till. er það að segja, að ég sé ekki í þessu frv. bætta neitt frá því, sem áður var, aðstöðu innlendra skipasmíðastöðva til þess að smíða báta innanlands. Það er samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir, að sjóðurinn láni til innlendra bátasmíða nákvæmlega sama hundraðshluta og gert var ráð fyrir í gömlu lögunum, eða um 75%. Sá eini munur á lánveitingunum nú og lánveitingunum áður samkvæmt gömlu lögunum er sá, að samkv. lögunum eins og þau eru eða voru, var gert ráð fyrir, að verulegur hluti af þessu lánsfé yrði vaxtalaus um 5 ára skeið og afborgunarlaus um 10 ára skeið. Þessi ákvæði þeirra laga, sem nú eru í gildi, eru afnumin með frv., sem hér liggur fyrir, og varla get ég sagt, að það sé til þess að greiða götu innlendra bátasmíða að nema úr gildi þau vaxtafríðindi og frestun afborgana, sem voru í gildi í núgildandi lögum.

Þá er hin till., sem var frá hv. þm. N-Þ. og m. a. fól í sér, að endurskoðun laganna skyldi miða að því að auka starfssvið sjóðsins. Þetta hefur nú verið gert á þann hátt, að mér virðist, að starfssvið sjóðsins sé frekar dregið saman, þannig að nokkuð af þeim verkefnum, sem hann sinnti áður, er nú hugsað yfirfært til Framkvæmdabankans. Ég er út af fyrir sig ekki að finna að þessu. Það má vel vera, að það sé fullt eins vel og kannske betur séð fyrir þessum málum á þennan hátt, en hitt er vist, að starfssvið sjóðsins er ekki þar með aukið, heldur miklu frekar dregið saman.

En það sem er aðalatriðið, það, sem var „alfa

og omega“ í öllu tali um fiskveiðasjóð áður fyrr og var það líka í öllum umræðum hv. sjútvn. á síðasta þingi, var, á hvern hátt starfsfé sjóðsins yrði aukið. Það er nefnilega gert í frv. á þann hátt að hækka lánsheimild sjóðsins úr 4 og upp í 50 millj. kr., en að öðru leyti engar ráðstafanir gerðar, sem ég get séð í frv., til þess að afla sjóðnum þessara tekna. Ef þessi heimild til handa sjóðnum um að hækka ábyrgðarheimildina upp í 50 millj. á þess vegna að koma að nokkru gagni, þá verður að sjá til þess, að sjóðurinn fái það fé, sem þarna er um að ræða. Í þeim skýrslum, sem fylgja frv. í grg. um lánsfjárþörf hans, kemur greinilega fram, að honum mun sannarlega ekki af veita að fá þetta fé og það jafnvel þótt meira væri en þessar 50 millj., sem ríkisábyrgðin er látin taka til. Því hefur að vísu verið lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að hún hafi þegar greitt sjóðnum af tekjuafgangi ársins 1954 8 millj. kr., og er það vitaskuld nokkur úrbót, þó að ég geti ekki stillt mig um að segja það, að ég kann ekki við þann hátt, hvernig þetta er gert. Hæstv. ríkisstj. kemur til Alþ. og tilkynnir því, að hún hafi ákveðið að leggja í fiskveiðasjóð 8 millj. og í annan sjóð aðrar 8 millj., og það á þeim tíma, sem þing situr og auðvelt er að afla samþykktar þingsins fyrir þessum fjárútlátum. Þetta er í hæsta máta óviðkunnanleg aðferð. Þó að ég sé sízt á móti því, að fénu hafi verið ráðstafað á þennan hátt, þá kann ég ekki við aðferðina. En eigi að síður, þó að þessar 8 millj. komi, er mikið eftir, og það er engin ábending í frv. um það, hvernig þessa fjár skuli aflað. Þess vegna langar mig nú til að spyrja hv. frsm. sjútvn., hv. þm. Snæf. (SÁ), hvernig sé með lánsútvegun til sjóðsins, hvort við séum yfirleitt nokkru nær kjarna málsins með þessu frv. en við vorum í fyrra. Það er að vísu tæpt á því hér í grg. fyrir frv., að það sé möguleiki til þess að innbyrða stofnlánadeild sjávarútvegsins, og væri vissulega vel, ef það væri gert, en það eru engin ákvæði í frv. um, að þetta skuli gert. Mig langar þess vegna til þess að fá upplýsingar frá hv. frsm. um það, hvað hann viti um möguleika til þess að afla þessa fjár og hvaða líkur séu til, að það muni fást. Á því veltur yfirleitt, hvort þetta frv. hefur nokkra þýðingu eða alls enga.

Ég skal svo ekki fara lengra út í að ræða málið, en ég get ekki stillt mig um að benda á, að mér virðist, að það sé smáskekkja í grg. á bls. 5, og vildi ég bera það undir frsm. n., hvort ekki sé rétt. Skekkjan er að vísu ekki stór, hún er ekki nema 10 millj. kr., en það er þó peningur líka, þegar um svo fjárvana sjóð eins og fiskveiðasjóð er að ræða. Á bls. 5 eru þrennar áætlanir. Í fyrsta lagi er áætlun um það, hvernig útlánum fiskveiðasjóðs sé ætlað að aukast á árunum 1955—59, og þar virðist mér vera gert ráð fyrir 38 millj. kr. láni á árinu 1955, eins og líka fram gengur af því, sem á undan er sagt. En neðar á bls., í síðustu áætlununum, er búið að færa þetta niður í 28 millj. í staðinn fyrir 38, sem hlýtur að rugla þann reikning, sem byggist á 38 millj. ofar á bls., og á þann hátt er fengið, að greiðsluhallinn á árinu 1955 verði 15.6 millj. Mér virðist, að hann eigi að vera 25.6, og samtala þess dálks aftast á blaðsíðunni verður þess vegna ekki 53.1 millj., heldur 63.1 millj.

Ég held, að þetta sé fyrst prentvilla, en svo prentvilla, sem gengur í gegnum samtöluna og gerir heildarútkomuna skakka. En það, sem verst er, er að þetta lagar ekki afkomu fiskveiðasjóðsins, heldur aflagar.

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Ég fæ ekki skilið gagnrýni hv. 5. landsk. (EmJ) í sambandi við lánveitingar, sem sjóðurinn á að hafa heimild til að láta í té samkv. 4. gr., að þar sé ekki um töluverða rýmkun á starfssviði sjóðsins að ræða. Hann vildi draga í efa, að verksvið fiskveiðasjóðs yrði meira og víðtækara, ef frv. það til l., sem hér liggur fyrir um fiskveiðasjóð, verður lögfest. Þetta er ekki rétt, því að í b-lið 4. gr. stendur, að fiskveiðasjóður eigi að lána til vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla. Ég sé ekki annað en að með þessu ákvæði megi fiskveiðasjóður lána til þeirra framkvæmda, sem hefur verið óskað eftir á undanförnum þingum og um hafa verið lagðar fram breytingar á l. um fiskveiðasjóð, bæði í sambandi við verbúðir og fiskhús og aðrar framkvæmdir í sambandi við sjávarútveginn. Í öðru lagi er ekki nema eðlilegt, að létt sé á fiskveiðasjóði, þar sem önnur stofnun er nú fyrir hendi, sem á að gegna því hlutverki að lána til fiskvinnslustöðva og annarra slíkra framkvæmda, en stofnun þessi er Framkvæmdabankinn. Ég tel það mjög vel farið, að Framkvæmdabankinn skuli þegar hafa veitt loforð um nokkur lán til fiskvinnslustöðva og heitir aðstoð í því efni í framtíðinni, eftir því sem ástæður leyfa. Ég held því, að með þessu frv., ef að l. verður, megi sjávarútvegurinn vænta meiri hjálpar í sambandi við ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir, sem hann þarf með.

Þá vildi hv. ræðumaður draga í efa, að með þessu frv. væri gengið lengra, heldur skemmra en í l. frá 1942 í sambandi við lánveitingar til skipa, annars vegar þeirra, sem smíðuð eru innanlands, og aftur skipa, sem eru keypt erlendis frá. Í frv. er ákveðið, að skip, sem smíðuð eru innanlands, eiga að fá 75% af kostnaðar- eða virðingarverði, en skip, sem eru keypt erlendis frá, aðeins 67%, svo að hér er um töluverðan mismun að ræða og ætti að veita innlendu skipasmíðastöðvunum nokkra hjálp í samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar.

Hv. þm. gat þess réttilega, að í löggjöfinni, sem nú er í gildi, er kveðið á um, að af 75% láni megi veita 25% úr lána- og styrktarsjóði, sem fiskveiðasjóður hefur undir höndum, og þar er um lán að ræða, sem er vaxtalaust í 10 ár og afborgunarlaust í 5 ár. Ég viðurkenni, að þetta er ákaflega mikill styrkur fyrir útgerðina. En ég bjóst við, að hv. þm. væri um það kunnugt, að erlend skip, sem hafa verið keypt til landsins, hafa notið alveg sömu hlunninda, þannig að í framkvæmdinni hafa hin erlendu skip, sem hingað hafa verið keypt, fengið nákvæmlega sömu lánsmöguleika og þau innlendu, eða í báðum tilfellum 75%. Hér er því um töluverða bót að ræða fyrir innlendar skipasmíðastöðvar, þar

sem eigendur skipa, sem byggð eru erlendis, sitja við óhagstæðari kjör um lán úr sjóðnum en skip, sem smíðuð eru hérlendis.

Hv. þm. ræddi einnig um, að það væri lítið gert ráð fyrir því í frv., hvernig ætti að útvega það fé, sem nauðsynlegt er, til þess að fiskveiðasjóður geti aðstaðið við þær lánveitingar, sem mþn. bendir á að séu nauðsynlegar á næstu 5 árum. Eins og ég hef áður getið um, hefur ríkissjóður þegar lagt fram 8 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1954. Auk þess ræðir hæstv. sjútvmrh. um það í aths. með frv., að mjög komi til álita, hvort ekki sé rétt að festa það fé, sem er í stofnlánadeild sjávarútvegsins og mun nema um 70—80 millj. kr., sem áframhaldandi stofnfé eða rekstrarfé fyrir sjávarútveginn. Ég treysti því, að á þessu þingi verði borin fram till. til þál. eða áskorun til ríkisstj. um að vinna að því, að þetta megi takast.

Í öðru lagi er ákveðið í frv., í 3. gr. þess, að heimila ríkissjóði að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn, allt að 50 millj. kr., sem fiskveiðasjóði er leyft að taka, þegar sjútvmrh. telur þörf fyrir það. Ég er þeirrar skoðunar, að ef við á annað borð getum fengið lán erlendis frá alþjóðabankanum eða öðrum hliðstæðum stofnunum, þá höfum við fyrst og fremst ástæðu til að treysta því, að það sé þó auðveldast að ná lánum, sem eiga að notast í sambandi við nauðsynlega framleiðslu aðalatvinnuvega þjóðarinnar. Ég treysti því, að þessi upphæð eða hluti af henni fáist til handa fiskveiðasjóði á þessu ári. Ég hef fulla ástæðu til að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. takist að ná nauðsynlegu láni, þannig að fiskveiðasjóður geti innt af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað með frv. því, sem hér er til umræðu, ef það verður lögfest.

Ég held, að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. beindi til mín, eftir því sem ég veit bezt og réttast.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 519,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 519,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

7.—18. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 556, 711).

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur lagt fram brtt. á þskj. 711 við frv. það, sem hér er tekið til umr. Brtt. eru þessar:

1) Við 2. gr. Á eftir 1. tölul. bætist nýr tölul., svo hljóðandi: Framlag ríkissjóðs, 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1956.

2) Við 6. gr. Fyrir „6%“ komi: 5½%.

Er frv. þetta var til 2. umr. hér í hv. d., gat ég þess, að sjútvn. mundi við 3. umr. flytja brtt. um, að ríkissjóður legði sjóðnum nokkurt árlegt framlag. Var þessa einnig getið í nál. sjútvn. á þskj. 515. Án efa væri æskilegt, að þessi fjárhæð, sem hér er lagt til, 2 millj. kr. á ári, og ríkissjóður á að leggja fram fiskveiðasjóði til eflingar, hefði getað ákveðizt nokkru hærri, en til þess treysti n. sér ekki að þessu sinni. Það er vitað, að fiskveiðasjóður þarf á miklu fé að halda, ef hann á að geta fullnægt, þótt ekki sé nema að nokkru leyti, þeirri miklu eftirspurn eftir lánum, sem útgerðarmenn og aðrir aðilar beina til sjóðsins í æ ríkara mæli. Þá er og vitað, að eftir að þetta frv. er orðið að lögum, aukast skyldur sjóðsins til útlána í þarfir sjávarútvegsins, eins og kveðið er á um í 4. gr. frv.

Í 3. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjútvmrh. Er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni, allt að 50 millj. kr.“

Það er vitað, að margir útgerðarmenn og ýmis útgerðarfyrirtæki hafa á s. l. ári og það sem af er þessu ári gert samninga um smíði á fiskiskipum í trausti þess, að smíði þeirra verði lokið fyrir næstu vetrarvertíð. Þá treysta þessir aðilar einnig því, að fiskveiðasjóði verði tryggt nægilegt fjármagn til að lána út á þessi nýju fiskiskip eins og heimilað er í frv. því, sem hér er til umr. og væntanlega verður lögfest á þessu þingi.

Hæstv. ríkisstj. mun hafa að undanförnu unnið að útvegun lánsfjár á erlendum vettvangi, fyrst og fremst til að tryggja byggingu sementsverksmiðjunnar og í öðru lagi fyrir fiskveiðasjóð. Ekki veit ég fyllilega um árangurinn af lánsútveguninni, en treysti því hins vegar, að hæstv. ríkisstj. finni leiðir til þess að sjá fiskveiðasjóði fyrir nægilegu starfsfé, svo að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, þurfi ekki að bíða verulegan hnekki vegna skorts á lánsfé til nýsmíði skipa og til annarra framkvæmda í sambandi við hann.

Brtt. sjútvn. á þskj. 711 stendur n. óskipt að. Vænti ég þess, að hv. d. samþ. þær og afgr. þar með frv. til hv. Ed.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Ég vil aðeins láta þess getið hér, að forstjóri fiskveiðasjóðs hefur sent n. till. til breytinga, sem engar hafa verið teknar til greina, og eins sé ég, að n. hefur orðið sammála um að flytja till. um að lækka vexti af öðrum lánum en til fiskiskipa um ½% — niður í 5½%. Það hefur greinilega komið fram hvað eftir annað hér, að fé sjóðsins er mjög lítið og allt of takmarkað eins og er. Það var gerð grein fyrir því af frsm. n., að n. hefði viljað fá miklu hærra árlegt ríkisframlag en hún leggur þó til, en ekki treyst sér til að fara hærra. En till. hníga nú allar samt sem áður, bæði að hætta að taka forvexti af lánum, eins og verið hefur, og eins að lækka vextina, heldur að því að draga úr getu sjóðsins. Ég hef látið þetta liggja á milli hluta þannig, að ég hef ekki viljað taka upp þessar brtt., sem lagðar voru fram af forstjóra sjóðsins. Og um þetta atriði

vildi ég ekki segja annað en að láta þess getið, að þetta er held ég að vissu leyti nokkuð vafasamt, því að mín skoðun er sú, að þeir, sem sækja eftir lánum úr fiskveiðasjóði til annarra hluta en til fiskiskipa, mundu ekki setja það fyrir sig að greiða ½% hærra, ef meira lánsfé væri á milli handa, og miðað við aðrar ráðstafanir, sem hér hafa verið gerðar í vaxtamálum á þinginu, kemur mér slík brtt. eins og þessi alveg á óvart.

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Það gætir nokkurs misskilnings hjá hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) í sambandi við till. þær, sem sjútvn. bárust frá stjórn fiskveiðasjóðs.

Hv. þm. gagnrýndi sjútvn. fyrir það að hafa ekki sinnt óskum þeim, sem stjórn fiskveiðasjóðs færði fram um breytingar á frv. eftir samþykkt þess við 2. umr. hér í hv. deild. Brtt. þrjár voru þess eðlis, að sjútvn. var sammála um það, að þær væru ekki til þess fallnar að bæta frv., heldur hið gagnstæða. Fyrsta og önnur brtt. gengu skemmra og voru óákveðnari hvað orðalag snertir en nú er í frv. — og voru því sízt til bóta. Þriðja brtt. var hins vegar ósk um það, að sami háttur væri á hafður hjá sjóðnum, að vextir væru teknir fyrir fram, eins og frv. gerði ráð fyrir, er það var lagt fram hér í deildinni. Sjútvn. flutti brtt. við 2. umr. frv., að vextir yrðu teknir eftir á, eins og tíðkaðist við sjóðinn á tímabilinu frá 1905 til 1930. Þessi sami háttur um greiðslu vaxta eftir á er einnig viðhafður hjá ræktunarsjóði og byggingarsjóði — og einnig hjá veðdeildum Landsbankans og Búnaðarbankans.

Í frv. er ákveðið, að vextir af lánum, sem veitt eru með veði í fiskiskipum, skuli vera 4%, en af öllum öðrum lánum 6%. Sjútvn. var sammála um að bera fram brtt. við frv., að hærri vextirnir yrðu ákveðnir 5½% í stað 6%.

Ég vona, að hv. d. geti orðið sammála sjútvn., sem stendur einróma að þessum brtt., og geti fallizt á, að þær verði samþ.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að láta í ljós með örfáum orðum undrun mína yfir þeim skorti á stefnufestu, sem virðist ríkja hjá hæstv. ríkisstj., þegar um grundvallarmál er að tefla eins og vaxtapólitíkina í landinu. Hér í þessari hv. d. hefur undanfarið verið til umr. hvert frv. á fætur öðru frá hæstv. ríkisstj., sem í hafa verið fólgnar verulegar vaxtahækkanir, bæði gagnvart landbúnaðinum og þó einkum og sér í lagi gagnvart byggingariðnaðinum eða húsbyggjendum.

Það hefur verið yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., að almennir vextir af byggingarlánum skyldu vera yfir 7%. Raunverulegir vextir í veðlánakerfinu, sem hæstv. ríkisstj. er nú í þann veginn að koma upp, verða hvorki meira né minna en 7.36%.

Nú er hér hins vegar til umr. frv. frá hæstv. ríkisstj. sjálfri um fiskveiðasjóðinn, þar sem gert er ráð fyrir 6% vöxtum af útlánum úr fiskveiðasjóði til annarra þarfa en til fiskiskipasmíða, og þá koma stjórnarflokkarnir sjálfir hér í þessari hv. d. og breyta þessum fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. í þá átt, að þeir gera ráð fyrir lægri vöxtum en hæstv. stjórn hafði gert ráð fyrir í sínu frv.

Nú skal ég í sjálfu sér láta ósagt um það, hvort þessi vaxtahækkun, sem hér er gert ráð fyrir hjá fiskveiðasjóði til annarra þarfa en skipalána, úr 4% upp í 5½%, sé ekki alveg nægilega mikil. Á hinu vil ég vekja athygli, að hæstv. ríkisstj. virðist vera hikandi á þessu sviði og að hv. frsm. sjútvn. gerði engan veginn nægilega grein fyrir því í framsöguræðu sinni, hvaða ástæður lægju til þess, að horfið er frá því marki, sem nefnt var í frv. upphaflega. Sagt var, þegar frv. var lagt fyrir, að það væri ófrávíkjanleg stefna ríkisstj. að hækka þessa vexti upp í 6%, sem jafnvel þá eru meira en 1% undir almennum markaðsvöxtum.

Liggur næst við að ætla, að hrein tilviljun ráði, hvernig afgreiðslu stórmál fá. Annað eins mál og þetta virðist eiga að afgreiða hér á um það bil 10 mínútum, og er hér þó sannarlega ekki aðeins um mikið hagsmunamál sjávarútvegsins að ræða, heldur einnig mikilvægt stefnumál. Hér gerist það sem sagt, eftir að búið er að knýja fram gegn miklum mótmælum stjórnarandstöðunnar mikla vaxtahækkun gagnvart landbúnaðinum og húsbyggjendum, að þá hörfa stjórnarflokkarnir sjálfir um fet aftur á bak, þegar um er að ræða vaxtahækkun gagnvart sjávarútveginum, án þess að það sé stutt með nokkrum frambærilegum rökum. Það er látið duga að segja um þetta örfáar setningar og við það látið sitja.

Ég vildi ekki láta þessari umr. ljúka án þess að vekja athygli á því, að hér eru stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. ekki sjálfum sér samkvæmir í stórmálum. Það ber ekki að skoða þetta sem andmæli gegn þeirri till., að vaxtahækkunin verði aðeins 1½% í stað 2%, og mun ég greiða atkvæði með þessari brtt. hv. sjútvn. En gleggri rök hefði ég viljað fá fyrir því, að í þessu efni virðast hv. stjórnarflokkar hafa aðra afstöðu en þeir hafa haft í hliðstæðum málum, sem verið hafa til meðferðar í þessari hv. d. undanfarið.

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. 1. landsk., að hér sé um nokkra stefnubreytingu að ræða hjá stjórnmálaflokkum þeim, er styðja hæstv. ríkisstj., það er síður en svo. Sjútvn. hefur komið sér saman um að gera till. um það að lækka vextina um ½%. Fiskveiðasjóður hefur frá öndverðu tekið sömu vexti af öllum lánum, sem hann hefur veitt. Í frv. því, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að víkja frá því, eða að taka sömu vexti og áður af skipum, 4%, en 6% af öllum öðrum lánum.

Það er ákaflega einfalt, sem hér hefur skeð. Allir hv. meðlimir sjútvn. eru sammála um það að telja þessa hækkun, 6%, óþarflega háa, eða úr 4% í 6%, og óska eftir, að hækkunin nemi aðeins 1½%, að hún verði sú sama og þegar hefur átt sér stað bæði hjá ræktunarsjóði og byggingarsjóði. Þar hafa vextirnir einnig verið hækkaðir um 1½%. Það er því ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Ég held, að hæstv. ríkisstj. geti vel fallizt á brtt. sjútvn. um vaxtalækkun frá því, sem frv. kveður á um, eða úr 6% í 5½%.

Ég tel, að það sé ekki þörf á því að ræða þetta

miklu frekar. Ég vil bara andmæla því, að hér sé um nokkra breytingu á stefnu ríkisstj. að ræða í þessum málum. Það eru ekki nema ákaflega eðlileg atvik, sem hér hafa skeð um vaxtabreytingu á útlánsvöxtum, bæði hvað snertir sjávarútveginn og landbúnaðinn. Þegar þess er gætt, að bankastofnanir þær, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, sem veita forstöðu sjóðum þeim, er lána til sjávarútvegsins og landbúnaðarins, greiða vexti af innstæðufé upp í 7%, ef upphæðin er bundin í 10 ár, virðist ekki óeðlilegt, að af lánum, sem veitt eru til 42 ára, sbr. lán byggingarsjóðs, séu greiddir vextir, sem nema 3½% á ári.

Það var auðsætt, að í kjölfar þeirra hækkana á innlánsvöxtum, sem átt hafa sér stað hjá öllum bönkum og sparisjóðum, hlaut að sigla hækkun á útlánsvöxtum — og þá einnig af lánum til atvinnuveganna. Hjá vaxtahækkun á útlánum verður ekki komizt vegna hinna háu vaxta af innstæðufé almennt og einnig vegna hækkandi vaxta af lánum, sem þessir sjóðir, fiskveiðasjóður, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, óhjákvæmilega verða að taka til að geta fullnægt eðlilegri lánaþörf atvinnuveganna.

ATKVGR.
Brtt. 711,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 711,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 719).
Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 719, n. 765).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hefur verið þar lengi til meðferðar, eins og kunnugt er, en hér aðeins stutta stund.

Eftir beiðni hæstv. forseta var undinn bráður bugur að því að athuga þetta frv. hér eins og það kom frá hv. Nd. og bera það saman við hið upphaflega stjfrv.

Ég vil strax taka það fram, að í nál. á þskj. 765 hefur slæðzt inn orð, sem ekki átti þar að vera, en þó skiptir allmiklu máli. Þar stendur: „Veigamiklar breytingar hafa eigi verið gerðar í Nd. á stjfrv.“ — en á að standa: „Veigamiklar breytingar hafa verið gerðar í Nd. á stjfrv.“ Ég hef lagt drög fyrir, að nál. verði endurprentað og útbýtt á sínum tíma hér í hv. d. — Ég vildi taka þetta fram til að forða misskilningi.

En þær veigamiklu breytingar, sem átt er við, eru það, að í hv. Nd. var sett inn í 2. gr. frv., að sjóðurinn fengi sem framlag frá ríkissjóði 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1956, og er þetta framlag ótímabundið, sem er allmikil breyting frá því, sem stjfrv. var, eða eiginlega nýmæli. Svo var og vaxtakjörunum dálítið breytt, sem einnig er þýðingarmikil breyting til hagsbóta fyrir lántakendur.

Að öðru leyti er frv., eins og það kom hingað, mjög líkt stjfrv., og má segja, að með þessu frv. er gert stórfellt átak til þess að bæta úr hvað lánveitingar snertir frá Fiskveiðasjóði Íslands frá því, sem verið hefur.

Fiskveiðasjóðurinn er, eins og vitað er, hingað til byggður upp svo að segja af útgerðinni sjálfri eða þeim, sem lánveitinganna njóta og framleiða útflutningsvöruna við sjóinn. Nú hefur aftur á móti verið gerð sú breyting, að í viðbót við þær gömlu tekjulindir, sem fljóta til fiskveiðasjóðsins, koma þessar 2 millj. kr. á ári, sem ég minntist á, og enn fremur er stórfelld lántökuheimild með ríkissjóðsábyrgð, allt að 50 millj. kr., komin inn í þetta frv., og var upphaflega til ætlazt, að það væri svo. Er því ekki að leyna, að þýðing málsins í heild sinni fyrir atvinnuveginn er mjög undir því komin, að hæstv. ríkisstj., sem að málinu hefur unnið, takist sú framhaldsvinna að útvega þessar 50 millj. kr. til sjóðsins á næstu árum. Það ætlast enginn til, geri ég ráð fyrir, að þær fáist allar í einu, en eins og hæstv. ríkisstj. hefur unnið að þessu máli hingað til, er fyllsta von til að ætla, að henni muni takast sá ásetningur að uppfylla þarfir sjóðsins að þessu leyti, eins og frv. gefur fyrirheit um, enda er sjóðnum mjög mikil þörf á auknu fé til þess að lána út. Um áramótin lágu fyrir lánsbeiðnir um 33 millj. kr. umfram það, sem þá var hægt að sinna, og sýnir það, hve þörfin er geysimikil, enda er það ekki að undra, eins og skipakostur landsmanna hefur verið aukinn núna í seinni tíð og líka uppbygging alls konar fiskvinnslustöðva og fiskiðjuvera, sem styðjast við útveginn.

Það er vitanlegt, að hæstv. ríkisstj. hefur til meðferðar að útvega sjóðnum þetta lán, sem fyrirheit er gefið um í frv., og er, eins og ég sagði áður, vonandi, að vel takist, enda ríður svo að segja einna mest á því. Það er heldur ekki nein neyð fyrir fiskveiðasjóð að taka lán að einhverju leyti með hærri vöxtum heldur en hann lánar út fyrir, þegar hann hefur þá árlegu fjárveitingu fram undan, sem ég minntist á áðan, 2 millj. kr., og getur með því jafnað vaxtamismun, ef til kæmi.

Nú hefur það og borið til, eins og kom í ljós, þegar rætt var um það frv., sem hér var á undan, — þó að það komi ekki þessu frv. við, sem hér liggur fyrir, þá kemur það fiskveiðasjóði við, — að af tekjuafgangi ríkissjóðs fyrir árið 1954 er ætlazt til, að fiskveiðasjóður fái 8 millj. kr. af óafturkræfu fé, og er það óneitanlega stór stoð í starfi sjóðsins.

Það höfðu borizt til n. í hv. Ed. nokkrar brtt. frá fiskveiðasjóðsstjórninni, sem n. í Nd. vildi ekki sinna. Þær brtt. lágu líka frammi á nefndarfundi í þessari hv. d., en með því að svo áliðið er þings sem raun ber vitni um og þó að einhverju af þeim brtt. hefði mátt sinna, þá voru

þær að okkar dómi ekki svo þýðingarmiklar, að við tækjum þær upp, því að með því móti hefði aðalmálinu vel getað verið stefnt í hættu eða það hefði þá tafizt afgreiðsla þess ef til vill, ef breytingar í þessari d. yrðu samþykktar.

Sú brtt., sem kannske var þar veigamest, var sú, að sjóðurinn vildi halda áfram þeirri reglu að reikna vexti fyrir fram af lánum sínum, en hv. Nd. hafði snúizt á móti því ákvæði frv., og n. þessarar hv. d. sá ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að blanda sér inn í það mál og leggur því til, að frv. sé samþ. óbreytt. Með því er stigið svo þýðingarmikið og stórt spor undir forustu núverandi hæstv. ríkisstj. til að bæta úr lánsþörf sjávarútvegsins, að það má ekki fyrir smámuni eina hefta för þess á nokkurn hátt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 779).

---

## 44. Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1954.

Á 84. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954** [198. mál] (stjfrv., A. 745).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Ég gaf í vetur yfirlit til bráðabirgða um afkomu ríkissjóðs árið 1954. Áætlað var, að greiðsluafgangur mundi verða 35 millj. kr. Endanlegt uppgjör hefur ekki enn þá farið fram, og það er ekki hægt að fullyrða um það, að þessi áætlun standist, en í trausti þess, að niðurstaðan verði ekki langt frá því, sem áætlað var, hefur ríkisstj. gert frv. það til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954, sem hér liggur fyrir, og er þetta í formi heimildarlaga, eins og hv. þm. sjá.

Í raun réttri hefði þurft að leggja til hliðar talsvert af þessum greiðsluafgangi til þess að auka jöfnuð í þjóðarbúskapnum. Það er mikil þensla í peningakerfinu, eins og við vitum, og hefði við þessar ástæður í raun og veru þurft að safna fyrir fé, sem mætti þá síðar nota, þegar sérstök þörf væri á því að auka framkvæmdir. En vegna þess, hversu mikil þörf er fyrir ýmiss konar framlög af hendi ríkisins, hefur stjórnin ekki séð sér annað fært en að gera till. um að ráðstafa meginhluta þessa afgangs. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því, að þar komi til greina útborganir strax í öllum greinum, þannig að nokkuð af greiðsluafganginum mun hafa áhrif til jöfnunar í þjóðarbúskapnum. Sérstaklega má í því sambandi minna á 9. lið frv., þar sem gert er ráð fyrir að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga 6 millj. kr. Það er sem sé ekki ástæða til að gera ráð fyrir því, að þessu fé þurfi að halda til útborgunar á næstu missirum. Mundi þetta á hinn bóginn verða vísir að þeim sjóði, sem á að koma upp til atvinnuleysistrygginga. Því miður er því hins vegar svo varið um flesta hina liðina, að þeir verða að greiðast strax.

Ég mun fara örfáum orðum um hvern lið fyrir sig.

Fyrst er til ræktunarsjóðs 8 millj. kr. Ég hef ekki á reiðum höndum yfirlit um fjárþörf ræktunarsjóðs, en hún er orðin gífurlega mikil, miðað við að fullnægja eftirspurninni eftir lánum út á ræktun og útihúsabyggingar og raunar önnur þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð. Ég held þó, að það mætti áætla lauslega, að ef vel ætti að vera, þyrfti að útvega þessum sjóði 30 millj. kr. eða meira árlega af nýju fé næstu árin. Undanfarið hefur verið útvegað mikið fé til þessa sjóðs, og á síðastliðnu ári varð að ráði að greiða sjóðnum 8 millj. kr. upp á væntanlegt samþykki Alþ. af fyrirsjáanlegum greiðsluafgangi, og er hér með leitað staðfestingar á þessu framlagi. Þetta var gert í samráði við þann þingmeirihluta, sem stjórnina styður. Það er gert ráð fyrir því, að þetta verði framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðsins, sem ekki verði endurheimt og ekki verði greiddir vextir af. Sumir hefðu kannske viljað, að þetta hefði verið lán og greiddir af því vextir til ríkissjóðs og fé endurheimt smátt og smátt með það fyrir augum, að því gæti þá orðið ráðstafað í öðru skyni. En þegar það liggur fyrir, að ræktunarsjóður hefur svo mikla fjárþörf sem ég var að lýsa, svo og hitt, að það er stórkostlegur vaxtahalli í rekstri ræktunarsjóðsins árlega og fer sífellt vaxandi vegna þess, að hann verður að taka mjög mikið fé að láni með mun hærri vöxtum en hann tekur aftur af þeim lánum, sem hann lánar út, þá verður að láta sjóðinn hafa meiri framlög, meira eigið fé til þess að starfa með en hann hefur haft fram að þessu. Þess vegna er það till. ríkisstj., að sjóðurinn fái þetta sem framlag, en ekki sem lán.

Enn fremur hefur ríkisstj. átt hlut að því, að í hv. Ed. er tekið inn í frv. það um ræktunarsjóð, sem er á leiðinni gegnum þingið, ákvæði um að hækka hið árlega framlag til ræktunarsjóðs úr ríkissjóði um 1 millj. og 100 þús. kr. Mun sízt af öllu þessu veita til þess að styðja sjóðinn, jafnstórfelldur vaxtahalli og hlýtur að verða á viðskiptum hans á næstu árum þrátt fyrir vaxtahækkun þá, sem gert er ráð fyrir að verði á lánum úr sjóðnum, svo sem hv. þm. kannast við.

Þá er það fiskveiðasjóður, hann þarf mjög á fjármagni að halda á næstunni. Bæði er verið að byggja báta hér innanlands, þó nokkuð marga, sem fiskveiðasjóður þarf endilega að lána út á, og enn fremur er gert ráð fyrir að flytja inn

talsvert marga báta á næstunni, sem líka verður að lána út á. Í þessu sambandi er og rétt að minna á, að verið er að setja nýja löggjöf um fiskveiðasjóðinn, þar sem ætlazt er til, að hann hækki útlán sín út á innanlandssmíðaða báta upp í allt að 75% af andvirði þeirra og lán sín út á innflutta báta upp í allt að ⅔ af andvirði þeirra. Sjóðurinn þarf því mjög á fé að halda og verður að fá stórfé að láni á næstunni, ef vel á að fara. Gert er ráð fyrir, að þetta fé verði einnig beint framlag til hans, en ekki lán, og er þar að nokkru leyti um sömu ástæður að ræða og ég rakti um ræktunarsjóðinn, því að búizt er við, að fiskveiðasjóður verði að greiða mun hærri vexti af lánum þeim, sem hann þarf að taka á næstunni, en hann tekur af lánum út á vélbáta. Það kemur því fram mikill vaxtahalli, og því þarf að styrkja sjóðinn sem mest.

Þá er 3. liður, það er lán til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Það hefur verið stórkostlegur skortur á lánsfé til ýmissa framkvæmda í landbúnaðinum, sem ekki falla undir lánareglur byggingarsjóðs eða lánareglur ræktunarsjóðs. Menn kaupa jarðir, stofna til búskapar með margvíslegum kostnaði, sem ekki er lánað beint til úr öðrum deildum bankans. Það hefur skort mjög tilfinnanlega fjármagn í veðdeildina og lítið verið hægt úr þessu að bæta, því að það er takmarkað, sem hægt er að ná saman af lánsfé innanlands, og það eru ekki síður takmörk fyrir því, hvað hægt er að fá af lánum erlendis. Menn hafa haft hug á því undanfarið að leggja veðdeild bankans nokkurt fé af ríkisfé, en aldrei séð sér fært að stíga neitt verulegt spor í því efni. Dálítið spor var þó stigið hér í fyrra, þar sem gert var ráð fyrir að útvega veðdeildinni rúma milljón á ári að láni með vissum hætti, en það er líka það eina, sem Alþingi hefur séð sér fært að aðhafast í þessu nú um sinn. Vegna þess, hve þörfin er hér brýn, gerir ríkisstj. að sinni till., að veðdeildinni verði lánaðar 4 millj. af greiðsluafganginum. Þykir rétt, að hér sé um lán að ræða, en ekki framlag, m. a. byggt á því, að veðdeildin lánar með nokkru hærri vöxtum en byggingarsjóður og ræktunarsjóður og getur því betur staðið undir lánum en þær deildir. Það er sem sé ekki sama þörf til þess að styrkja veðdeildina að eigin fé og hina sjóðina, fiskveiðasjóð og ræktunarsjóð, þótt nauðsynlegt sé að útvega henni lánsfé til þess að starfa með.

Þá er 5. liður: Til greiðslu uppbóta á sparifé. Fyrir löngu — það mun hafa verið árið 1950 — var sett í lög, að bæta skyldi sparifé. Þetta hefur dregizt, vegna þess að flókinn undirbúningur, skilst mér, hefur orðið að eiga sér stað. Í löggjöfinni, sem þá var sett, var gert ráð fyrir að greiða sparifjárbæturnar af stóreignaskatti, en stóreignaskattur var þannig á lagður, að 10% voru innheimt í peningum, en það sem eftir var í skuldabréfum til 20 ára. Ákveðið var, að aflatryggingasjóður skyldi fá fyrstu 5 millj., sem inn kæmu í peningum af stóreignaskatti, og svo varð að greiða kostnaðinn við að leggja skattinn á af þeim peningum, sem inn komu, en síðan var auðvitað meiningin, að til sparifjárbóta gengju þeir peningar, sem þá væru eftir.

Nú hefur niðurstaðan orðið sú, að peningar þeir, sem inn komu, urðu ekki nógir til þess að greiða aflatryggingasjóði, kostnaðinn og allar sparifjárbæturnar, 10 millj. Var raunar sett í lögin frá 1950 heimild til þess að greiða sparifjáruppbæturnar að einhverju eða öllu leyti í ríkisskuldabréfum. Þegar viðskmrn. hafði lokið undirbúningi að greiðslu bótanna, sem var í vetur, kom til að ákveða, hvernig greiða skyldi bæturnar, hvort notfæra ætti sér heimildina til þess að greiða þær að einhverju leyti í skuldabréfum. Sýndist þá ekki réttmætt að greiða bæturnar að einhverju leyti í skuldabréfum, heldur væri einsýnt að keppa að því að greiða þær að öllu leyti í peningum. Mönnum fannst ekki mega minna vera en að menn fengju þessar bætur í peningum, þegar búið var að bíða svo lengi eftir þeim sem raun var á orðin og ég hef lýst. Fannst ekki vera sæmilegt af ríkinu að afhenda mönnum skuldabréf í bæturnar, þegar loks kom að því, að menn skyldu fá þær greiddar út. Þá kom í ljós, að það vantaði 1½ milljón til þess, að hægt væri að borga bæturnar upp af stóreignaskattsfé. Er lagt til, að af greiðsluafgangi nú verði heimiluð 1½ millj. í þessu skyni.

Þá er 6. liður: Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Í löggjöfinni um íbúðamálin, sem er á leiðinni gegnum þingið, er gert ráð fyrir 3 millj. kr. árlegu framlagi af ríkissjóðs hendi til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

Það er búið að ganga frá fjárlögum fyrir þetta ár og að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir þessu framlagi á þeim, þar sem ekki var búið að setja lögin, þegar gengið var frá fjárlögunum. Nú eru horfur ekki svo góðar á þessu ári um afkomu ríkissjóðs, að það þyki rétt að gera ráð fyrir að greiða þessar 3 millj. af tekjum þessa árs, og var því það ráð tekið, til þess að hægt væri að leggja fram þegar á þessu ári fyrstu 3 millj. í þessu skyni, að leggja til, að þær verði teknar af greiðsluafgangi ríkissjóðs fyrir s. l. ár.

Þá er næst lagt til, að lagðar verði til brúasjóðs, til endurbyggingar gamalla stórbrúa, 1½ millj. Brúasjóði er ætlað það hlutverk að standa undir kostnaði við að byggja stórbrýr. Þar eru mörg verkefni framundan. Sumar af hinum eldri stórbrúm eru að verða ónýtar, sérstaklega brúin á Jökulsá í Axarfirði og brúin á Lagarfljóti. Báðar þessar brýr eru alveg að verða ónýtar og ekki hægt að draga lengur að hefjast handa um að endurbyggja þær. Að réttu lagi kemur það í hlut brúasjóðs að standa undir þessum framkvæmdum, en það er augljóst, að hann getur það ekki nógu fljótt, nema hann fái meiri tekjur en hann hefur af benzínskatti. Hann hefur mikil önnur verkefni með höndum. Það er verið að byggja stórbrú á Iðu og búið að ákveða að byggja brú á Hofsá í Álftafirði í sumar, og það er enn þá verið að starfa að brú yfir Skjálfandafljót. Fleira kemur og til hjá brúasjóði. Í vetur var tekinn nýr liður á fjárlög, til endurbyggingar gamalla stórbrúa, 1½ millj., og á það að vera til þess að styðja brúasjóð til að standa undir endurbyggingu stórbrúnna. En vegna þess, hve þörfin er brýn, hefur ríkisstj. ákveðið að leggja til við hv. Alþ., að heimilað verði til viðbótar þessu að leggja 1½ millj. af greiðsluafganginum s. l.

ár til brúasjóðs, til að standa undir endurbyggingu gömlu brúnna.

Þá kemur næst heimild til þess að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði skóla, sem þegar hafa verið byggðir eða eru í byggingu, 2 millj. kr. Það er öllum hv. þm. vel kunnugt, að mjög mikið vantar á, að ríkið hafi getað lagt fram sinn hluta af skólakostnaði undanfarin ár. Á fjárlögum var nú heimiluð nokkur fjárhæð í þessu skyni sérstaklega, að borga upp í áfallnar greiðslur til sveitar- og bæjarfélaga vegna skólabygginga, en ógreiddar fjárhæðir eru svo háar, að ríkisstj. hefur ekki þótt annað fært en að leggja til, að til viðbótar því, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, verði nú heimilað að taka 2 millj. af greiðsluafganginum og verja í sama skyni.

Segja má, að um næsta lið, heimild til þess að greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar, gildi nákvæmlega sama og um skólaliðinn, sem ég var að lýsa. Gert er ráð fyrir, að ríkisstj. verði heimilað að borga 1 millj. upp í greiðslur vegna hafnargerða, sem þegar hafa verið framkvæmdar, en ekki hefur verið hægt að leggja á móti vegna þess, að fjárveitingar hafa ekki hrokkið til.

Loks kem ég að 9. lið, heimild til að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga 6 millj. kr. Eins og hv. þdm. er öllum vel kunnugt, hefur orðið samkomulag um, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar beiti sér fyrir því, að á næsta hausti verði sett löggjöf um atvinnuleysistryggingar, og hefur verið samið um höfuðatriði þeirrar löggjafar. Eitt atriðið er, að frá 1. júní þessa árs skuli greiða í atvinnuleysissjóð. Þarf þá auðvitað að hugsa strax fyrir því, að ríkið hafi sitt framlag tilbúið í sjóðinn. Ómögulegt er að bæta þessu ofan á fjárlögin af ástæðum, sem ég greindi áðan, og vill stjórnin því hafa þann hátt á þessu, að fá heimild Alþ. til þess að leggja þessa fjárhæð til hliðar af greiðsluafgangi s. l. árs.

Ég vil taka það fram til fróðleiks, að mjög lausleg áætlun hefur verið gerð um væntanlegan kostnað ríkissjóðs af löggjöf þeirri, sem heitið hefur verið um atvinnuleysistryggingar. Er þar gert ráð fyrir, að árlegur kostnaður ríkissjóðs verði í kringum 14 millj. Það mætti því gera ráð fyrir, að þessar 6 millj. yrðu hátt upp í það framlag, sem ríkissjóður þarf að greiða á þessu ári. Sá er kostur á þessari ráðstöfun, eins og ég gat um áðan, að þetta fé verður ekki útborgað strax, heldur mun verða geymslufé, sem verkar í jafnvægisátt í þjóðarbúskapnum, og það sama má segja um þessar fyrirhuguðu atvinnuleysistryggingar yfirleitt, að sjóðssöfnun sú, sem gert er ráð fyrir í sambandi við þær, mun áreiðanlega hafa mjög bætandi áhrif á fjármálakerfið. Er gott til þess að vita, að eitt stórt atriði þannig vaxið hefur verið ákveðið í sambandi við þær ráðstafanir, sem annars hafa nú verið gerðar og auðvitað verka í hina áttina margar hverjar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra frv. nánar við þessa umr., en nauðsyn er að ljúka nú málinu, eins og allir hv. þm. sjá sjálfsagt. Vil ég því fara fram á það við hv. fjhn., að hún taki þetta mál fyrir annaðhvort í dag eða í fyrramálið, eins og málið um vísitöluuppbótina, og reyni að skila áliti svo fljótt, að frv. geti orðið afgr. frá hv. d. á morgun. Það ætti nú að vera léttara vegna þess, að sumir liðir frv. eru vel kunnir hér á hv. Alþingi. Sumir hafa verið ræddir hér áður, svo sem framlagið til ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs. Og framlag til atvinnuleysistryggingganna er mönnum vel kunnugt að hlaut að koma samkvæmt því samkomulagi, sem gert hefur verið til lausnar vinnudeilunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 745, n. 763).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem fyrir liggur á þskj. 745, er flutt af hæstv. ríkisstj., og gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því allýtarlega hér við 1. umr.

Fjhn. hefur athugað þetta mál og mælir einróma með því, að það verði samþykkt. Tveir nm., hv. 1. landsk. þm. (GÞG) og hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), áskilja sér rétt til þess að flytja við það brtt.

Í raun og veru má segja, að mikið af þessum ákvæðum, sem frv. hefur að geyma, þýði það að lækka fjáraukalög, sem væntanleg mundu vera fyrir þetta ár, en þessi aðferð er þó öllu viðfelldnari að okkar áliti, að þetta sé ákveðið með sérstöku frv. A. m. k. gildir þetta um þau ákvæði þessa frv., þar sem farið er fram á að borga skuldir, sem ríkið er í, og ég fyrir mitt leyti tel það jafnvel nokkuð vafasamt, hvort verandi ríkisstj., hver sem hún er, þarf fyrir því sérstaka heimild, ef greiðsluafgangur er, að láta eitthvað af þeim greiðsluafgangi í skuldir, sem ríkið er í, enda þótt það sé gott út af fyrir sig að leita sérheimilda fyrir því. En sem sagt, fjhn. væntir þess, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Frv. þetta var rætt í hv. fjhn. í morgun, og skrifuðum við tveir nm., hv. 9. landsk. þm. (KGuðj.) og ég, undir álitið með fyrirvara.

Hvað felst í þessu frv. hæstv. ríkisstj.? Í því felst það, að öllum greiðsluafgangi ríkissjóðs á s. l. ári er ráðstafað til ýmislegra þarfa. Hæstv. ríkisstj. gumar mjög af góðri fjármálastjórn. Hún segist fylgja heilbrigðri fjármálastefnu. Hvað felst í því að fylgja heilbrigðri fjármálastefnu? Í því felst fyrst og fremst það, að á ríkisrekstrinum sé hafður ríflegur greiðsluafgangur undir þeim kringumstæðum, sem nú eru óumdeilanlega í íslenzku efnahagslífi. Hér er góðæri. Hér er full atvinna. Hér er meira að segja þensla í efnahagskerfinu. Það er viðurkennt af öllum, sem nokkra þekkingu hafa á efnahagsmálum þjóðarinnar nú. Á því er enginn efi, að fyrirætlanir um fjárfestingu eru verulega umfram sparnað þjóðfélagsins. Af því leiðir

þrýsting á verðlag og gjaldeyrisaðstöðu. Þrátt fyrir óvenjulegar gjaldeyristekjur söfnum við af þessum ástæðum engum gjaldeyrisvarasjóðum erlendis, og ríkissjóður safnar þrátt fyrir óvenjulegt góðæri engum varasjóðum til erfiðari ára, eða, sem er það sama, grynnir ekki heldur að neinu ráði á lausaskuldum. Ríkisstj. fylgir þeirri grundvallarstefnu í efnahagsmálum að vilja ekki leitast við að samræma fjárfestingu sparnaðinum með neins konar opinberri stjórn á fjárfestingunni. Allt skal vera frjálst eða sem frjálsast, en samtímis eru svo sérfræðingar ríkisstj. látnir prédika það fyrir alþjóð, að beita eigi svonefndum óbeinum aðferðum til þess að koma á jafnvægi í peningakerfinu, þ. e. a. s. beita eigi þeim aðferðum að hafa greiðsluafgang hjá ríkissjóði og hemil á útlánum bankanna. En það er rétt að undirstrika, að annaðhvort verður að gera, annarri hvorri grundvallarstefnunni verður að fylgja. Ef menn vilja þjóðarbúskap með svonefndu peningalegu jafnvægi, en tilhneiging er til röskunar á þessu peningalega jafnvægi af einhverjum ástæðum, þá verður ríkisvaldið annaðhvort að grípa inn í fjárhagskerfið með beinum aðgerðum, þ. e. a. s. með stjórn á fjárfestingu, ákvörðun vaxta og gengis, með stjórn á gjaldeyrisverzlun og innflutningi o. s. frv., eða þá að beita áhrifum sínum óbeint og þá fyrst og fremst með greiðsluafgangi og takmörkuðum útlánum bankanna.

Ég er persónulega þeirrar skoðunar, í samræmi við grundvallarskoðanir mínar í þjóðmálum, að fara eigi fyrri leiðina, þótt ég vilji undirstrika, að ég tel höft aldrei geta verið tilgang í sjálfum sér, heldur alltaf neyðarráðstöfun, — neyðarráðstöfun, sem nauðsynleg sé til þess að leiðrétta misræmi, sem þegar sé komið fram eða yfirvofandi af öðrum ástæðum. Höft eru læknisaðgerð gegn sjúkdómi, og þau geta sem slík auðvitað verið nauðsynleg, en bezt er að vera laus við þau eins og öll lyf. Það er bezt að halda þjóðarlíkamanum heilbrigðum, þannig að á þeim þurfi ekki að halda. — Ég er þeirrar skoðunar, að til þess að það sé hægt, séu hinar svonefndu óbeinu ráðstafanir nauðsynlegar, þ. e. a. s. aðgerðir varðandi fjármál ríkissjóðs og bankanna, en þó ekki nægilegar einar, heldur verði opinber afskipti af fjárfestingu, vöxtum, gengi og gjaldeyrisviðskiptum, jafnvel innflutningi á sumum sviðum, að koma til. En ef hinar óbeinu ráðstafanir, ef hin almenna stefna ríkisvaldsins í fjármálum ríkissjóðs og bankanna er skynsamleg, þá þurfa þessi opinberu afskipti, sem ég nefndi áðan, aldrei að verða að lamandi höftum, heldur geta þau þá alveg eins orðið hvatning til heilbrigðra framkvæmda. Ríkisstj. vill sem minnst vita af opinberri stjórn á atvinnulífinu, þótt hún treysti sér auðvitað ekki til að segja alveg skilið við hana, en hún segist aðallega vilja treysta á hinar óbeinu ráðstafanir til þess að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En hvernig fer hún að því? Hvernig fer hún að því að framkvæma þessar óbeinu ráðstafanir til þess að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum?

Engum, sem hefur minnstu nasasjón af hagfræðilegum málefnum, getur blandazt hugur um, að eigi að treysta á hinar óbeinu aðferðir til þess að koma nú í veg fyrir verðbólgu hjá okkur, þá verður að hafa mjög verulegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Til þess mun íslenzka ríkisstj. og hafa skuldbundið sig í þeim alþjóðasamtökum, sem hún er aðili að, þ. e. a. s. í efnahagssamvinnu Vestur-Evrópulandanna og greiðslubandalagi Evrópu fyrst og fremst. Af því er og gumað, að þessari stefnu sé fylgt, a. m. k. þegar fjárlög eru rædd. Það er jafnvel sagt í skýrslum til útlanda, að þessari stefnu sé fylgt. Ég var nýlega að lesa eina slíka skýrslu, sem tvímælalaust er runnin undan rifjum íslenzka viðskmrn., þar sem því er blákalt haldið fram, að á undanförnum árum hafi það verið stefna ríkisstj., sem þá auðvitað hefur væntanlega verið framfylgt, að hafa mjög ríflegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Þessu er m. ö. o. haldið að útlendingum. En hvað er gert í raun og veru? Það kemur fram í þessu frv., þar sem bókstaflega öllum greiðsluafgangi ríkissjóðsins frá fyrra ári er ráðstafað. Af þessari ráðstöfun greiðsluafgangsins verður í raun og veru aðeins einn liður talinn fela í sér raunverulegan sparnað, þannig að hægt er að tala um greiðsluafgang eftir sem áður þrátt fyrir þá ráðstöfun, en það er 9. liðurinn, þar sem lagðar eru til hliðar upp í framlög ríkisins til atvinnuleysistrygginga 6 millj. kr. (HV: Þar hefur verkfallið komið vitinu fyrir okkur.) Og þar kom verkfallið vitinu fyrir hæstv. ríkisstj.; það er algerlega rétt athugasemd. Er það nú í raun og veru furða, þó að staðreyndin sé sú, svo raunaleg sem hún er, að Ísland njóti lítils lánstrausts erlendis og að íslenzk fjármálastjórn njóti lítillar virðingar erlendis, þegar orðin eru eins og þau eru, en athafnirnar á þann veg sem raun ber vitni? Með tilliti til þessa er í raun og veru engin furða, að þeir erlendir fjármálamenn, sem fylgjast með íslenzkum málum, eigi það til að glotta, þegar minnzt er á Ísland og stjórn efnahagsmálanna þar. Það er óhætt að fullyrða, að allar ríkisstj., vestan járntjaldsins a. m. k., en um hitt er erfiðara að fullyrða, því að skýrslur þaðan liggja ekki eins ljóst fyrir, — að allar ríkisstj. í nágrannalöndum telja rétt, eins og ástand efnahagsmála í heiminum er nú yfirleitt, að hafa greiðsluafgang í ríkisbúskapnum. Athafnir íslenzku ríkisstj. að þessu leyti eru því algert einsdæmi, þegar til nálægra landa er litið. Að vísu er það ekkert nýtt, að hæstv. ríkisstj. hegði sér þannig, að til einsdæma verði að teljast. Þess er skemmst að minnast, að hæstv. ríkisstj. setti fyrir nokkru heimsmet í dýrtíðaraukningu, — heimsmet, sem auglýst var um allar jarðir í skýrslum alþjóðastofnana í mjög greinilegum línuritum, þar sem ekki var um að villast, hver heimsmetið átti. Það var íslenzka ríkisstj.

Þetta vildi ég segja um kjarna málsins, þ. e. a. s. um þá grundvallarstefnu, sem frv. birtir að því er varðar fjármálastjórn ríkisins og stefnuna í efnahagsmálum stj. yfirleitt. En um frv. að öðru leyti er ýmislegt fleira að segja.

Í 1. gr. er ríkisstj. heimilað að verja 35 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs svo sem hér segir: Í fyrsta lagi til ræktunarsjóðs 8 millj. og til fiskveiðasjóðs öðrum 8 millj. Það er m. ö. o. lagt til, að þessi hv. d. samþykki að heimila ríkisstj. að inna af hendi greiðslur, sem hún er búin að inna

af hendi fyrir næstum hálfu ári, því að frá því hefur verið skýrt hér áður á hinu háa Alþ., að ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði hafi verið lofað á þessu hausti þessum upphæðum. Þar var ekki beðið með að standa við loforðin, heldur voru þessar greiðslur inntar af hendi í algeru heimildarleysi. En 6 mánuðum síðar, hálfu ári síðar, er síðan komið til hv. Alþ. og það beðið um að heimila greiðsluna, sem búið er að inna af hendi. Ef Alþ. er með þessum aðgerðum ekki sýnd lítilsvirðing, þá veit ég ekki, hvað það orð þýðir. — Hæstv. ríkisstj. var auðvitað í lófa lagið, ef hún bar nokkurn snefil af virðingu fyrir löggjafarsamkomunni, að leggja fram frumvörp um þessar greiðslur, ef hún taldi þær nauðsynlegar og æskilegar, sem ég skal ekki heldur draga í efa að hafi verið. Á báðum stöðunum hefur vafalaust verið full þörf fyrir fjármagnið, en þá bar hæstv. ríkisstj., vildi hún sýna Alþ. sjálfsagðan sóma, að leggja fram till., frv. eða ályktun um heimild til þessara greiðslna, áður en þær voru inntar af hendi. Ég held, að greiðslurnar hafi verið inntar af hendi skömmu eftir að þing kom saman, þannig að það var enginn vandi að hafa þessa hluti formlega í lagi, en það kaus ríkisstj. ekki að gera, heldur kemur hún nú eftir dúk og disk og biður um heimild fyrir því, sem hún er þegar búin að gera.

Þá er hér enn fremur um að ræða heimild til þess að greiða framlag ríkissjóðs samkvæmt lögum, sem er ekki búið að samþykkja, en verið er á þessari stundu að ræða í hv. Ed.; þar er verið að ræða um húsnæðismálafrv. ríkisstj. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. skuli skylt að leggja fram 3 millj. kr. á ári næstu 5 ár til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Áður en Ed. Alþingis er búin að segja skoðun sína um þetta mál, leggur ríkisstj. fram frv., þar sem á að heimila henni að greiða 3 millj. Sem sagt, í Ed. leggur ríkisstj. til, að henni skuli skylt að borga 3 millj. kr. á ári í 3 ár, og áður en búið er að samþ. það, þá leggur hún til í hinni d., að henni skuli heimilað að borga 3 millj. kr. á ári. Ef þetta er ekki skringilegur skrípaleikur, þá veit ég ekki heldur, hvað þau orð tákna.

Ég skal svo að síðustu láta þess getið, að ég dreg ekki í efa, að fjárþörf sé fyrir hendi á þeim stöðum, sem eiga að veita þessu fé viðtöku, sem hér er verið að ráðstafa, og í samræmi við það hef ég ásamt hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) ekki tekið afstöðu gegn frv. við meðferð þess í hv. fjhn. En ég hef ekki viljað láta hjá líða að benda á þá formslegu galla, sem eru á meðferð málsins, og ég hef ekki heldur viljað láta hjá líða að benda á það, að í þessum ráðstöfunum er fólgið hróplegt ósamræmi við margyfirlýsta og ítrekaða stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar yfirleitt. Ég tel það vera vægast sagt stjórninni til lítils sóma að hafa eina stefnu í orði, en láta svo allar aðgerðir sínar vera í algeru ósamræmi við þessa stefnu.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. landsk. (GÞG) gagnrýndi talsvert þetta frv. og sagði, að það væri í ósamræmi við fjármálastefnu ríkisstj. að leggja til þá ráðstöfun á greiðsluafgangi, sem í frv. fælist.

Ég gat þess í framsöguræðu minni, að frá mínu sjónarmiði hefði verið æskilegast, að hægt hefði verið að leggja þennan greiðsluafgang til hliðar hreinlega til jöfnunar í þjóðarbúskapnum og þá með það fyrir augum, að síðar hefði verið hægt að nota það fé, þegar ástæða hefði verið til þess að auka verklegar framkvæmdir. Ég benti þá um leið á hitt, að þörfin fyrir fjárútlát í því skyni, sem frv. gerir ráð fyrir, væri svo mikil, að ríkisstj. hefði í samráði við stuðningsflokka sína ekki séð sér annað fært en að leggja til, að þessi fjárframlög ættu sér stað.

Hv. 1. landsk. vill gera mikið úr þeim óhagstæðu áhrifum, sem þessi ráðstöfun muni hafa á peningamálin. Það muni leysast hér úr læðingi fjármagn, sem hefði þurft að vera bundið. Ég vil í því sambandi benda á, að af þessum 35 millj., sem hér er gert ráð fyrir að ráðstafa, er um að ræða 16 millj., sem ráðstafað var á s. l. hausti, og við getum því sagt í þessu sambandi, að greiðsluafgangurinn hafi í raun og veru orðið þessum 16 millj. kr. lægri; hann hafi orðið 19 millj. í stað 35 millj. Af þessum 19 millj., sem er þá hinn raunverulegi greiðsluafgangur ársins þannig skoðað, verða svo 6 millj. lagðar til hliðar í atvinnuleysistryggingasjóð. Þannig nemur það fjármagn, sem leysist úr læðingi við þetta frv., 13 millj. kr. og verður þó ekki ráðstafað öllu strax, heldur sumu smátt og smátt. Hér er því ekki um nein stórfelld áhrif á þjóðarbúskapinn að ræða, og hefði hv. 1. landsk. því ekki þurft að vera alveg jafnhátíðlegur og hann var áðan.

Ég kem þá að því, sem þessi hv. þm. sagði um heilbrigða fjármálastefnu og framkvæmdir ríkisstj. í því sambandi. Ríkisstj. hefur undanfarið lýst yfir því, að hún vilji búa við greiðsluhallalausan ríkisbúskap, og það er einn aðalþátturinn í fjármálastefnu hennar. Þessu hefur verið framfylgt bókstaflega. Ef við lítum á tímabilið síðan 1950, er þessi stefna var upp tekin, mun koma í ljós, að öll fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs og allar afborganir fastra lána hafa verið greiddar af tekjum á rekstrarreikningi og að lausaskuldir hafa þar að auki lækkað um milljónatugi. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir, að litið á tímabilið í heild sinni hefur ríkisbúskapurinn verkað stórlega í jafnvægisátt. En hver hefur svo verið afstaða þess flokks, sem hv. 1. landsk. þm. talar fyrir, til þessarar fjármálastefnu? Nú kemur þessi hv. þm. og segir mjög fjálglega: Ríkisstj. þarf að leggja fyrir fé og greiða stórkostlega niður ríkisskuldirnar. — En hver hefur verið afstaða hans flokks? Afstaðan hefur verið sú að ausa mig stóryrðum fyrir það, að ég láti innheimta af landsfólkinu stórfé í sköttum og tollum og leggist á það eins og ormur á gull. Ég hugsaði um það eitt að safna fé í ríkissjóðinn, tæki of mikið. En nú segir þessi hv. þm. allt í einu: Það hefði þurft að safna hér stórkostlegum sjóðum undanfarið. — Það þýðir, að það hefði þurft að taka af mönnum miklu meira fé en gert hefur verið undanfarið til jafnvægis í ríkisbúskapnum. Í þessu er auðvitað ekkert samræmi hjá hv. þm. né þeim flokki, sem hann styður, eins og allir sjá.

Þá segir hv. þm., að það muni vera leitun á nokkurri stjórn vestan járntjalds, sem hefði rekið

jafnábyrgðarlausa fjármálapólitík og íslenzka ríkisstjórnin að þessu leyti. Ég held, að hv. þm. þurfi að endurskoða mjög þessa skoðun. Ég held, að það muni fljótlega koma í ljós, ef hann kíkir í þessa hluti, að það mun vera leit á þeirri ríkisstj. hérna megin járntjaldsins, sem hefur greitt öll fjárfestingarútgjöld ríkisins af rekstrartekjum og þar að auki lækkað lausaskuldir ríkisins. Ég held, að þetta muni hið rétta í þessu máli, því að þegar talað er um afgang á fjárl., eins og t. d. á ensku fjárl., þá er yfirleitt ekki átt við greiðsluafgang í þeim skilningi, sem við notum það orð, því að við tölum aldrei um greiðsluafgang, fyrr en við erum búnir að greiða öll fjárfestingarútgjöld af tekjunum og afborganir fastra lána. Þeir eiga þá fremur við það, sem við köllum tekjuafgang á rekstrarreikningi, og þeir hafa stórkostlegt „kapítal" („budget") þar fyrir utan, sem þeir oft og tíðum afla fjár til með lántökum. (GÞG: Þeir hafa stóran greiðsluafgang.) Stóran greiðsluafgang? Ég var síðast í gærkvöld að lesa í „Economist" um þessi efni og komst að þeirri niðurstöðu, að eins og nú er háttað, mundum við kalla, að verulegur greiðsluhalli væri. Hér ber okkur afar mikið á milli, mér og hv. 1. þm. landsk., og væri því þörf á að athuga þessi mál betur.

Ég held, að endurskoða þurfi fullyrðingu hv. þm. Ég hef oft heyrt talað um, að ríkisstj. hafi mikinn afgang á fjárlögum, en þá er afar oft talað um afgang á rekstrarreikningi. Ég held, að það villi mjög í sambandi við þetta mál. En hvað sem því líður, sem gerist annars staðar í þessum efnum, þá er það alveg víst, að ríkisstj. Íslands hefur fullkomlega staðið við sínar yfirlýsingar í þessum efnum, hefur haft verulegan greiðsluafgang, þegar litið er á tímabilið í heild sinni, og það þótt allar ráðstafanir á greiðsluafgangi séu taldar til útgjalda. Fyrir þetta höfum við hlotið stórfellt ámæli einmitt frá flokki hv. 1. landsk. þm. Ég skil ekki, hvaða vitrun hv. þm. hefur nú allt í einu fengið eða hvað því veldur, að hann nú söðlar svo gersamlega um og fer að krefjast þess af ríkisstj., að hún hafi stórkostlegan afgang, sem hún leggi fyrir og láti óráðstafað. Ég álít, að það væri heilbrigt að hafa afgang, eins og nú standa sakir, sem hægt væri að leggja fyrir, og hef lýst yfir þeirri skoðun minni. Og það er gott að vita, að tæki ríkisstj. nú rögg á sig og vildi stýra sterkara í þessum efnum en hún hefur gert, þá á hún vísan stuðning frá þessum hv. þm., sem sér nú svo glöggt nauðsyn þess að innheimta meira af landsmönnum og hafa meiri afgang en enn þá hefur verið talið mögulegt.

Þá vék hv. 1. landsk. þm. að því, að mjög væri óviðkunnanlegt að vera nú að leita staðfestingar á greiðslum, sem hefðu verið inntar af hendi þegar fyrir jól. Ég gat um það hér í framsöguræðu minni um þetta mál og einnig þegar ég gerði skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1954, að þessar greiðslur væru inntar af höndum í samráði við þingmeirihlutann, sem stjórnina styður, og að stjórnin tryggði sér örugglega, áður en til greina kæmi, að þessar greiðslur yrðu inntar af höndum, að þingmeirihluti væri fyrir þeirri ákvörðun.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Frv. ríkisstj. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954 er raunar eitt af skárri blöðunum, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing, í vissum skilningi þó. Sem sagt, þeim greiðsluafgangi, 35 millj. kr., sem þar er gert ráð fyrir að ráðstafað verði með lögum, er að sumu leyti og að mestu leyti ráðstafað til hluta, sem eru mjög þarflegir. 8 millj. kr. er ráðstafað til ræktunarsjóðs, öðrum 8 millj. til fiskveiðasjóðs, og eru það stærstu liðirnir.

Ég skal taka það fram, að hér er að því leyti vel að verið, að þarna er um að ræða tvo höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sem vert er að styrkja og styðja. En vinnubrögðin, sem ríkisstj. hefur haft á um þessa hluti, eru hins vegar fullkomlega ámælisverð. Það er ekki hægt að taka það sem góða og gilda afgreiðslu mála, að ríkisstj. ráðstafi eigum ríkissjóðs, ráðstafi fé úr ríkissjóði algerlega á bak við Alþ. og það á meðan Alþ. er að störfum. Það ætti að vera ríkisstj. ljóst, að slíkt eru vinnubrögð, sem eru ekki sæmandi, þótt hún hafi viðhaft þau á s. l. vetri hvað eftir annað.

Ég skal líka taka það fram, að það liggja fyrir stjórnarfrumvörp til afgreiðslu á þessu þingi um báða þessa sjóði, þar sem ríkisstj. gerir ráð fyrir því, að þeir hækki útlánsvexti sína svo að verulega um munar. Ég tel, að það hefði verið fullkomlega vert að athuga þá hluti í sambandi hvorn við annan, að um leið og ríkissjóður leggur þessum sjóðum til stórar fjárhæðir, þá hefði það líka átt að geta orðið til þess, að sjóðirnir héldu áfram starfsemi sinni þannig, að þeir þyrftu ekki að láta koma til stórfelldrar vaxtahækkunar á sínum útlánum.

Í sambandi við 5. lið í þessum greiðslum, þ. e. til greiðslu bóta á sparifé, 1½ millj. kr., væri fróðlegt að rifja upp þá forsögu, sem að því máli liggur, en hún er sú, að þegar uppbótargreiðsla á sparifé var upphaflega ákveðin, var gert ráð fyrir, eins og fram hefur verið tekið í umr. um þetta mál, að sú uppbót yrði greidd af stóreignaskatti þeim, sem á pappírnum var lagður á, en í framkvæmd og innheimtu hefur orðið ráðandi stétt á Íslandi og þá fyrst og fremst ríkisstj. hennar til meiri vanvirðu en margt annað, sem hún hefur gert, og er þar þó af ýmsu að taka. Sem sagt, þegar ríkisstj. þóttist vera búin að skattleggja stóreignirnar, sem mynduðust í landinu á vissu tímabili, til þess að bæta þeim upp, sem höfðu orðið fyrir skakkaföllum vegna gengisbreytinga, kemur í ljós, að skattheimta ríkisstj., þegar í hlut á íslenzk yfirstétt, er með þeim hætti, að hún nær hvergi nærri heim. Það vantar fé til þess, að hægt sé að standa við þær greiðslur, sem átti að fá fé til með álagningu stóreignaskattsins, svo að þessi 1½ millj. kr., sem þarna á að greiða úr ríkissjóði, er þess vegna greiðsla, sem ríkisstj. nú tekur að sér að ná út úr íslenzkum almenningi, en hún á sínum tíma hafði gert ráð fyrir og lofað, að íslenzkir stóreignamenn ættu að greiða. Við könnumst við það, hvernig skattinnheimtan á stóreignaskattinum var lögfest og framkvæmd þannig, að stóreignamennirnir þurftu ekki að standa frammi fyrir skattyfirvöldunum á sama

hátt og launþegar og aðrir slíkir verða að láta sér líka, að það sé tekið innbú þeirra og hverjar þær eignir, sem til næst. En stóreignamennirnir fengu að afhenda ríkisstj. aflóga skúra og hvers kyns dót, sem þeir vildu losna við úr sinni eigu, og ríkissjóður hafði af sumu því, er tekið var, ekki annað en kostnaðinn. Þetta er saga, sem rifjast upp við að líta yfir þetta blað, frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs. En með því að ekki er vert að hafa umr. um þetta allt of langar, enda skammt til eldhúsdags, þá mun ég láta nægja að vitna til þess, að ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er í því fólginn, að ég vil nota tækifærið til þess að mótmæla enn einu sinni þeim vinnubrögðum ríkisstj. að framkvæma hluti, sem Alþ. á að ákveða, og stilla síðan Alþ. upp fyrir þeim sem orðnum hlutum, og jafnt í þessu máli sem í nokkrum öðrum hefur ríkisstj. hér gert sínar ráðstafanir einmitt á meðan Alþ. sat og engin ástæða er sýnileg til þess að fara fram hjá Alþ. um ráðstöfun málanna.

Ég vil líka taka það fram, að það væri eðlilegra, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að með lagasetningu væri hlutur sjóða eins og ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs gerður betri en hann er, og hætti því að líta á þessa sjóði sem svo mikið aukaatriði í íslenzkum þjóðarbúskap, að starfsemi þeirra megi ekki styrkja með l. með eðlilegum hætti, heldur skuli þeir einungis koma til álita sem aðilar, sem fengið geti eitthvert fjármagn, ef afgangur verður hjá ríkissjóði, en annars ekki. Ég lít svo á, að hér sé um að ræða sjóði, sem eiga að hafa forgangsrétt að íslenzku fjármagni fram yfir marga aðra, sem nú njóta þess. Þess vegna tel ég, að eðlilegra væri, að þeir fengju fjármagn til starfsemi sinnar tryggt með lögum og þyrftu ekki að bíða eftir því, hvort afgangur verður á greiðslu ríkissjóðs eða ekki.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Ég ætla nú ekki hér að fara að hefja neinar umr. um dýrtíðarmál eða fjármálastefnu eða stefnur, enda þótt ræða hv. 1. landsk. þm. (GÞG) gæfi tilefni til þess, en ég ætla að segja það, að ef meðferð fjármála hjá hæstv. ríkisstj. væri að öllu leyti jafngóð og fram kemur í þessu frv., þá gætum við allir hér á Alþ. verið ánægðir með hennar fjármálastjórn, — því hvað er það, sem hér er verið að gera? Það er verið að ákveða það að borga 6 millj. kr., sem ríkið skuldar. Ég tel, að það sé skuld, sem er til skólabygginga, til hafnarbóta og til brúasjóðs að vissu leyti, og það er líka skuld, sem hér er um að ræða í sparifjáruppbætur. Það er að vísu rétt, sem hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) tók fram, að það var til þess ætlazt, að þessar sparifjáruppbætur væru borgaðar með stóreignaskattinum. En það er nú þannig háttað með þennan stóreignaskatt, að það hefur ekki verið neitt mér vitanlega slakað til á innheimtu á honum, en þær upphæðir, sem frá honum hafa komið, eru ekki í handbæru fé. Sumt af þeim er ekki innheimt, sumt af þeim er í fasteignum, og þessi eign er ekki þannig nema að litlu leyti, að það sé í handbæru fé, og þess vegna er farið fram á það, að þessi upphæð, 1½ millj. kr., sé tekin af þarna handbæru fé til ráðstöfunar í þessu skyni.

Í öðru lagi er svo ákveðið með þessu frv. að láta 3 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, og ásakanir hv. 1. landsk. þm. út af því finnast mér vera alveg út í bláinn. Það er búið að samþ. það frv. með yfirgnæfandi meiri hl. hér í þessari hv. d., og þó að það sé ekki komið í gegnum hv. Ed., þá vita það allir þm., að það verður ekki slitið þessu þingi án þess að það verði að l. Hér er þess vegna verið að ráðstafa peningum í fyrirtæki, sem Alþ. er að samþ. og a. m. k. öllum stjórnarandstæðingum, eftir því sem mér hefur virzt, þykir miklu minna en ætti að vera.

Þá eru það stærstu upphæðirnar, sem eru til ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, hv. 9. landsk. þm., að þessir sjóðir eru það nauðsynlegir sjóðir, að þeir ættu að hafa forgangsrétt fyrir mjög mörgu öðru, til þess að þeim væri gert fært að fullnægja sinni starfsemi, og það, að látin var þessi upphæð í ræktunarsjóð og fiskveiðasjóð, var fyrir kröfur frá þm. stjórnarflokkanna og byggt á því, að það væri nauðsynlegt, að þetta væri greitt, áður en tekin væri ákvörðun um alla úthlutun á tekjuafganginum, sem ekki var heldur hægt á meðan það var ekki vitað, hver tekjuafgangur yrði.

Þriðja upphæðin, sem þarna er um að ræða, er til veðdeildar Búnaðarbankans. Það er nauðsynjamál, sem hefur verið stórkostlega vanrækt í fjölda ára, að sú stofnun fengi starfsfé til þess að geta sinnt því nauðsynlega verkefni að gera ungum mönnum mögulegt að stofna til búskapar í sveitum landsins, og þótt það séu látnar í þetta þessar 4 millj. kr., er það alls ófullnægjandi upphæð til þess að fullnægja því mjög áríðandi verkefni, sem þar er um að ræða.

Þá eru að síðustu þær 6 millj. kr., sem hér eru í 9. lið þessa frv., og má segja, að það sé kannske vafasamasta upphæðin til þess að taka inn í þessi l. Hún er ekki vafasöm að því leyti til, að það er búið að ákveða, að þessar 6 millj. kr. skuli greiddar, en hún er vafasöm að því leyti til, að það hefði ekki verið nauðsynlegt að taka þetta upp í þessi l., því að það mátti alveg eins færa það á næstu fjárlög. En því ættu þeir að mótmæla, að þetta væri tekið upp í þessi l. og geymt, þangað til þarf á því að halda, sem hafa gert harðastar kröfur um það, að þessi leið væri farin og þessir peningar yrðu lagðir fram. Ég held þess vegna, að það sé ástæða til fyrir þá, sem eru óánægðir við hæstv. ríkisstj., að beita spjótum sínum að henni á allt öðrum vettvangi en þeim, sem þetta frv. gefur tilefni til.

Meira skal ég svo ekki um þetta segja fyrir hönd meiri hl. fjhn., ef svo mætti segja. Hún hefur nú að vísu ekki klofnað, en mér þykir mjög undarleg sú ásökun, sem fram kemur hér hjá hv. tveim meðnm. mínum í nefndinni.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það var í rauninni auðheyrt á ræðu hæstv. fjmrh., að hann var mér sammála í grundvallaratriðum um það, hver skyldi vera höfuðkjarninn í fjármálastefnu íslenzka ríkisins á tímum eins og þeim, sem við

lifum núna. Hann tvísagði í ræðu sinni, að það væri mjög æskilegt að hafa greiðsluafgang, að geta nú haft greiðsluafgang. Þegar hann segir þetta ekki einu sinni, heldur tvisvar, þá er það auðvitað af því, að hæstv. ráðh. skilur, eins og ég veit að hann gerir, að allt einkenni tímanna, sem nú eru, er þannig, að það er sjálfsagt, ef menn vilja geta stært sig af heilbrigðri fjármálastefnu, að hafa greiðsluafgang hjá ríkissjóði. (Gripið fram í.) Já, ég skal víkja að því rétt á eftir. En hæstv. fjmrh. sagði, að ríkisstj. hefði haft greiðslujöfnuð og þess vegna með fjármálastefnu sinni ekki stuðlað að nýrri verðbólgu. Það eitt getur hæstv. fjmrh. fært sér til heiðurs á þessu sviði að hafa ekki stuðlað að verðbólgu með því að hafa komið á jöfnuði í greiðslum ríkissjóðs. Það skal ég játa og segja honum til þess heiðurs, sem hann á skilið, að með tilkomu hans í sæti fjmrh. varð á í þessum efnum mikil breyting til batnaðar frá því, sem áður hafði verið. En hinu megum við ekki gleyma, að á tveimur til þremur árum, sérstaklega tveimur undanförnum árum, hafa verið alveg óvenjuleg góðæri hér á Íslandi, — góðæri, sem samkvæmt öllum venjulegum fjármálasjónarmiðum hefðu átt að leiða til þess, að á búskap ríkisins væri verulegur greiðsluafgangur. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. er nákvæmlega jafnvel ljóst og mér, þó að hann reyni að berja svolitið í bakkana, eins og eðlilegt er að hann geri.

Þá er spurningin um það, hvernig koma eigi hagstæðum greiðslujöfnuði á. Í þeim efnum hefur hæstv. fjmrh. engin rök fram að færa nema gagnásakanir á Alþfl. um það, að hann hafi kvartað undan of mikilli skattaálagningu, og að það sé ósamræmi í því að kvarta undan of litlum greiðsluafgangi og of mikilli skattaálagningu.

Í þessu sambandi vil ég, án þess að lengja umr. um þetta, aðeins benda á, að við höfum fyrst og fremst gagnrýnt, að skatta- og tollabyrðin væri orðin of þung á almenningi og að skattabyrðin hvíldi að óeðlilega miklu leyti á launastéttunum, en höfum margbent á og meira að segja flutt um það till., að skattabyrðin væri þyngd tilsvarandi á þeim, sem gjaldgetuna hafa mesta. Það er hins vegar undarlegt, að hæstv. fjmrh. nefnir aldrei möguleikana á sparnaði, þegar hann ræðir um nauðsynina á auknum greiðslujöfnuði. Það er eins og hann geti aldrei hugsað sér, að hægt væri að auka greiðslujöfnuð ríkisins með því að koma á auknum sparnaði hjá ríkinu. Ef talað er um aukinn greiðslujöfnuð, þá segir hann: Með því hljóta menn að meina auknar skattaálögur. — Þetta finnst mér dálítið óeðlilegt að heyra frá hæstv. fjmrh., sem a. m. k. hér áður fyrr — ég vona, að svo sé enn — hafði talsverðan áhuga á því, að sparnaðarandinn væri sem mestur í ríkisbúskapnum. En þegar um þetta er að ræða, er alveg gleymt að minnast á sparnað.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að það væri ósanngjörn gagnrýni hjá mér að bera fjármálastjórn íslenzku ríkisstj. saman við fjármálastjórn nágrannalandanna, og nefndi í því sambandi ríkisstj. Bretlands og fjmrh. þess, Butler. Nú var hæstv. ráðh. mjög óheppinn að því leyti, að ég er sannfærður um, að ef Butler, fjmrh. Breta, heyrði það, að honum væri borið það á brýn, að hann hefði greiðsluhalla á sínum ríkisbúskap, þá brygðist hann hinn versti við. Ég byði ekki í hæstv. fjmrh., ef Mr. Butler hefði heyrt þetta, því að hann er maður málsnjall og hefði vafalaust svarað honum mörgum og hörðum orðum. En sannleikurinn er sá, að það er ein af skrautfjöðrunum í núverandi stjórnarstefnu Bretlands að hafa sem tæki í efnahagspólitíkinni raunverulegan greiðsluafgang á ríkisbúskapnum. Það er eitt af því, sem Mr. Butler stærir sig og getur stært sig af.

Fjmrh. má ekki blanda því saman, — en það hygg ég að valdi misskilningi hans í þessum efnum, — að verulegur hluti af hernaðarútgjöldunum er í Bretlandi kostaður með lántökum á hinum almenna lánamarkaði, á frjálsum lánamarkaði, því að þannig hefur Bretastjórn haldið á fjármálum sínum, að brezka ríkið hefur mjög mikið lánstraust hjá brezkum almenningi og brezkum lánsstofnunum, gagnstætt íslenzku ríkisstj., því að engan hluta af fjárfestingarútgjöldum íslenzka ríkisins hefur verið hægt að kosta með almennum lántökum á lánamarkaði, sem hér á landi er ekki til, einmitt vegna þess, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á þessum málum. Auðvitað má í grundvallaratriðum deila mjög um þá fjármálastefnu, sem brezka íhaldsstjórnin og Mr. Butler hafa fylgt í Bretlandi, en um það verður ekki deilt með sanngirni, að hún framkvæmir þær meginreglur, sem hún hefur lýst yfir. Það er ein meginreglan í stjórnarstefnu brezku íhaldsstjórnarinnar, eins og allra annarra íhaldsstjórna, að beita raunverulegum greiðsluafgangi sem markvissu tæki til þess að halda peningalegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þetta hefur brezka ríkisstj. gert. Um grundvallaratriðin má deila, en ekki hitt, að brezki fjmrh. hefur staðið við orð sín.

Fyrst þessar umr. hafa farið nokkuð á víð og dreif, langar mig til þess að varpa fram spurningu til forsvarsmanna hæstv. ríkisstj. Hún er í sambandi við lausn verkfallsins, sem nú er nýlokið. Meðan á verkfallinu stóð, var því óspart haldið fram af málsvörum hæstv. ríkisstj., bæði stjórnmálamönnum og fræðimönnum hennar, að ef verkfallið leystist með einhverri verulegri kauphækkun, þá mundi allt fjármálakerfið riða, þá væri ný verðbólguskrúfa sett í gang, þá væri jafnvel gengið í hættu. Nú er verkfallið búið, og það var leyst með allverulegri kauphækkun. Nú langar mig til þess að spyrja: Hvað um þessar staðhæfingar hæstv. ríkisstj. og forsvarsmanna hennar allar saman, meðan á verkfallinu stóð? Voru þær allar rangar? Stafar þá engin hætta af þessari grunnkaupshækkun? Stafar engin verðbólguhætta og engin þensluhætta af grunnkaupshækkuninni, sem átti sér stað? Stafar peningalegu jafnvægi engin hætta af henni? Stafar genginu engin hætta af henni? Ef það var rétt, sem þessir menn sögðu, hví er þá ekki gripið til ráðstafana gegn þessari hættu? Hvers vegna líður vika eftir viku eftir lausn verkfallsins, hvers vegna á þinginu að ljúka eftir lausn verkfallsins, án þess að fram komi nokkur till. til þess að sporna gegn henni? Eina málið, sem menn hafa séð síðan verkfallið leystist og gefur tilefni til almennrar umr. um fjárhagsmálin, er þetta frv.,

sem fjallar um ráðstöfun á þeim hluta greiðsluafgangsins, sem óráðstafað var. Ég veit, að hæstv. fjmrh. skilur það mætavel, að þetta er ekki í góðu samræmi við þau varnaðarorð, sem mælt voru um áhrif grunnkaupshækkananna á peningakerfið í heild. Ef hæstv. ríkisstj. í raun og veru trúir á stefnu sína, þá hefði maður búizt við frv., sem gengi í þveröfuga átt við þetta. Nú langar mig því til að spyrja: Hvað um öll alvarlegu orðin, sem sögð voru? Voru þau markleysa, eða ef þau voru ekki markleysa, er þá einhver stór voði fram undan, og sé þessi stórvoði fram undan, er stefna þessa frv. þá ráðið við honum?

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil helzt ekki þreyta hér kappræður um fjármál Breta, fjármálastjórn Butlers. Ég sagði hér áðan, að ég hefði litið svo til, að Bretar greiddu ekki öll ríkisútgjöldin — með ríkisútgjöldum á ég þar við rekstrarútgjöld og fjárfestingarútgjöld — af tekjum ríkissjóðs einum saman, heldur tækju lán til þess að greiða hluta af þeim. Þetta var það, sem ég sagði áðan, og hv. 1. landsk. þm. (GÞG) staðfesti þetta. Ég skal ekkert fara út í það, hvort þetta er kallaður greiðsluhalli eða greiðsluhalli ekki í Bretlandi, en hitt veit ég, að eftir þeirri venju, sem við notum, þá mundum við segja, að það væri greiðsluhalli á okkar ríkisbúskap, ef við fengjum fé til einhvers hluta ríkisútgjaldanna með lánum, og það alveg eins þó að við tækjum þau lán innanlands. Út frá þessu má náttúrlega ræða mikið um þessi mál almennt. Það er auðvitað mjög ólíkt ástand í Bretlandi og hér, þannig að segja má, að þetta hafi ekki stórkostlega þýðingu í sambandi við þessar umræður. En samt vildi ég vekja athygli á þessu, út af ummælum hv. 1. landsk. þm. Það staðfestist, sem ég sagði áðan, að Bretar útvega sér hluta af því fé, sem þeir nota í fjárfestingu ríkissjóðs, með lánum, þeir greiða hluta af ríkisútgjöldum sínum með lánum, og við mundum ekki kalla þetta hér greiðsluhallalausan ríkisbúskap.

Þá vildi hv. 1. landsk. ræða það, hvaða afleiðingar verkfallið kynni að hafa, og minntist í því sambandi á ýmis varnaðarorð, sem féllu um það efni á meðan á verkfallinu stóð. Það leikur enginn vafi á því, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í kaupgjaldsmálum, eiga eftir að hafa geysilega mikil áhrif á allt fjárhagslíf landsins. Það veit hv. 1. landsk. þm., en ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða þau áhrif nú í þessu sambandi og þá ekki heldur, hvaða ráðstafanir koma til greina. Á hinn bóginn mun vafalaust verða rætt eitthvað um þetta, áður en þessu þingi lýkur, því að senn verða almennar stjórnmálaumræður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fyrir nokkuð löngu gerði ég grein fyrir því í Sþ., hvernig horfði um afkomu ríkissjóðs á árinu 1954. Hafði ég þá bráðabirgðauppgjör, sem ég greindi frá. Var áætlað, að greiðsluafgangur mundi verða 35 millj. kr. Uppgjöri er ekki lokið. Ég get því ekki fullyrt, að útkoman verði sú, sem þar var áætlað, en ríkisstj. taldi, að rétt væri, að hv. Alþ. gengi frá því, áður en það hætti störfum, hvernig greiðsluafgangi yrði ráðstafað, í því trausti, að hann yrði ekki fjarri þeirri fjárhæð, sem gert var ráð fyrir í bráðabirgðayfirlitinu.

Þetta frv. gerir ráð fyrir heimildum ríkisstj. til handa í þessu sambandi og fjallar um 35 millj. kr. samtals.

Ég held, að óþarfi sé, að ég fari að setja á ræðu um hvern lið frv., þar sem þau mál, sem þar er gert ráð fyrir að veita fé til, eru hv. þm. mjög vel kunn og hafa öll meira og minna borizt í tal á þessu þingi. Það eina, sem er algert nýmæli í þessu sambandi, mun vera 9. liðurinn í frv. Það er till. um að leggja 6 millj. kr. til hliðar til þess að mæta, þegar þar að kemur, kostnaði við atvinnuleysistryggingar. Hv. þm. er það þó mjög vel kunnugt, að samkomulag hefur orðið um það, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar beiti sér fyrir setningu l. um atvinnuleysistryggingar á næsta hausti, og hv. þm. er vel kunnugt um aðalatriði þess samkomulags, bæði af flokksfundum í stjórnarflokkunum og einnig af því, sem fram hefur komið í heyranda hljóði.

Það er lauslega áætlað, að hlutur ríkissjóðs til þessara atvinnuleysistrygginga verði 14 millj. kr. eða svo á ári. Ég segi lauslega áætlað. Það er gert ráð fyrir, að greitt verði í atvinnuleysissjóðinn frá 1. júní þ. á. Það þótti því ekki annað fært en að fara nú strax að gera ráðstafanir til þess að leggja til hliðar fé í þessu skyni.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, að málinu yrði vísað til hv. fjhn., og biðja n. og hæstv. forseta fyrir málið á þá lund, að því verði örugglega komið í höfn, áður en d. hættir fundarhöldum sínum nú að þessu sinni.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég sé, að fram er tekið í þessu frv., að vextir af lánum til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, samkvæmt 3. tölul., skuli vera 5½% á ári. Þetta gefur mér tilefni til þess að spyrjast fyrir um það, hvort framlagið til ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, samkv. tölulið 1 og 2, sé ekki hugsað sem lán

eða hvort hér sé um að ræða beint framlag óendurkræft; hér sé um gjöf til sjóðanna frá ríkissjóði að ræða. Ég leit svo á fyrst, þegar ég leit á frv., að það mundi vera hugsað að auka starfsfé þessara sjóða með slíkum lánum, en athugasemdir varðandi framlagið til veðdeildar Búnaðarbankans gefa mér tilefni til að spyrjast fyrir um þetta.

Þá vil ég einnig taka það fram, að ég sakna þess mjög, að ég skuli ekki sjá í þessu frv., að einhver upphæð sé ætluð til byggingarsjóðs verkamanna, sem er fullkomlega fjárþrota, eins og kunnugt er, og eðlilegt væri að fengi eitthvað af þessum óvanalega ríflegu umframtekjum, sem ríkissjóður hafði á síðasta ári, og mun ef til vill flytja brtt. um það efni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Að gefnu tilefni frá hv. 4. þm. Reykv. (HG) vil ég taka fram, að það er gert ráð fyrir því, að það fé, sem fiskveiðasjóður og ræktunarsjóður fá, verði framlög til þessara sjóða, ekki lán.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 745, n. 782, 774).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Fyrir mjög skömmu var því frv., sem hér liggur fyrir um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954, vísað til fjhn. d. Eins og nál. fjhn. á þskj. 782 ber með sér, hefur n. afgr. málið og leggur til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 4. þm. Reykv. (HG), áskildi sér rétt til að bera fram brtt., og liggja nú fyrir brtt. frá honum á þskj. 774, sem ég skal ekki gera að umtalsefni að sinni. Annar nm., hv. þm. S-Þ. (KK), var með leyfi forseta kominn burt af Alþ., þegar n. afgr. málið, og tók því að sjálfsögðu ekki þátt í afgreiðslu þess.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessu frv. við 1. umr. þess, og þarf ég ekki við það að bæta og mun því ekki fjölyrða um þetta mál að ráði, en þó vildi ég aðeins taka fram nokkur atriði.

Eins og hæstv. fjmrh. gaf skýrslu um í Alþ. fyrir æði löngu, þá er svo talið, að greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1954 verði um 35 millj. kr., og þetta frv. er um ráðstöfun á öllum þessum greiðsluafgangi. Þegar skýrslan var gefin, gerði ég fyrir mitt leyti mér vonir um það, að þessi upphæð gæti orðið sem eins konar varasjóður til yfirstandandi árs til þess að mæta hugsanlegum halla á fjárl. og öðrum ófyrirséðum útgjöldum. En ýmis atvik hafa valdið því, að þetta getur ekki orðið, heldur er hér gerð till. um, sem sjálfsagt verður samþ. af Alþ., að ráðstafa öllum þessum greiðsluafgangi, og er þá ekki neitt eftir til að hafa sem varasjóð ríkissjóðs fyrir þetta ár.

Ég verð að láta það í ljós, þó að ég hafi mælt með þessu frv., að ég tel neyðarúrræði að ráðstafa þannig hverjum eyri fyrir fram eða nú þegar af greiðsluafgangi ríkissjóðs. En það liggur fyrir, að það var hin brýnasta nauðsyn á því að tryggja ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði aukið starfsfé. Auk þess eru fleiri greiðslur hér, sem verður að telja hina mestu nauðsyn að inna af hendi, og má segja það um alla liðina, sem í frv. eru. En um 9. liðinn, sem er 6 millj. kr. í framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga, er það að segja, að það kann að vísu að vera nauðsynjamál, en þetta er algert nýmæli og stafar frá kjarasamningunum, sem gerðir voru nú fyrir skömmu. Með þessu er gengið inn á þá braut, að ríkissjóði er bundinn alveg nýr baggi, sem mun kosta stórfé árlega í framtíðinni, og þó að hægt sé að inna greiðslu af hendi í þessu skyni nú á þessu ári af tekjuafgangi fyrra árs, þá er óvíst, að svo verði í framtíðinni, og liggur þá fyrir á næsta þingi, þegar fjárlög verða samin, að horfast í augu við það, að þarna eru komin ný útgjöld, sem alveg er óvíst að núverandi tekjur ríkissjóðs hrökkvi til að inna af hendi, og getur orðið til þess ásamt ýmsu öðru, að sjá þurfi ríkissjóði fyrir nýjum tekjum. Með þessu er ég ekki að mæla móti þessu atriði eins og ástatt er, enda er það, eins og ég sagði í upphafi máls míns, einróma till. n., að frv. verði samþ., þó að einn nm. hafi flutt brtt. um nokkuð aðra tilhögun, eða að lækka suma liðina á frv. og í þess stað setja nýjan lið.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Skeð er skeð, og ég sé því ekki annað en að eftir atvikum verði það að teljast eðlilegt að samþ. þetta frv., sem fyrir liggur, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs 1954.

Ef ég man rétt, upplýsti hæstv. fjmrh., þegar hann gaf yfirlitið um afkomu ársins 1954, að umframtekjurnar hefðu orðið kringum 100 millj. kr. Það er býsna mikið fé, eins og þdm. öllum er ljóst. En jafnframt upplýsti hæstv. ráðh., að af þessum umframtekjum væru þá þegar eyddar um 65 millj. kr., þannig að sá greiðsluafgangur, sem hann taldi þá að fyrir hendi mætti teljast, væri rétt um 35 millj. kr. Hæstv. ráðh. gat þess þá einnig, að ríkisstj. hefði gefið fyrirheit um að ráðstafa nokkrum hluta af þessum greiðsluafgangi til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs; ekki man ég, hvort hann nefndi fleira. Og mér er tjáð, að þessar greiðslur muni þegar hafa verið inntar af hendi.

Ég vil alveg taka undir ummæli hv. frsm. n., að það væri mjög æskilegt, þegar slíkan hvalreka ber á fjörur ríkissjóðs sem varð á seinasta ári, 1954, að unnt væri að taka sem mest af umframtekjunum og mynda af þeim eins konar varasjóð til þess að mæta sveiflum næsta eða næstu ára og til þess að geta notað til atvinnujöfnunar, ef ríkissjóður þyrfti að auka sínar framkvæmdir, vegna þess að atvinnulífið, sem er í einstaklinga og fyrirtækja höndum, drægist saman. Og mér skildist á hæstv. fjmrh. þá, að hann teldi þetta mjög æskilegt. Raunin hefur þó orðið sú, að hér er lagt til, að þessum 35 millj. verði úthlutað eins og hér er gert ráð fyrir. Ég skal sem sagt ekki vera meinsmaður frv.; það er komið sem komið er.

En ég tel, að úr því að á annað borð er farið að úthluta greiðsluafganginum, þá sé rétt að gera

nokkra breytingu á þeirri tilhögun, sem í frv. er lagt til að höfð verði, og ber því fram brtt. á þskj. 774. Hún er ósköp smávægileg eða veigalítil, eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) mundi orða það. Hún gengur aðeins í þá átt, að 3 millj. kr. af afganginum verði lagðar fram sem sérstakt framlag til byggingarsjóðs verkamanna, sem ég hef rætt hér um við meðferð annarra mála á þinginu og öllum hv. þdm. er kunnugt um að er í hinu mesta greiðsluþroti. Í frv. er gert ráð fyrir, að lagðar verði fram 4 millj. kr. til veðdeildarinnar, 8 millj. kr. til ræktunarsjóðs og 8 millj. kr. til fiskveiðasjóðs. Nú hafa verið töluvert myndarlegar ráðstafanir gerðar á þessu þingi, sem nú er að ljúka, til þess að tryggja þessum sjóðum öllum starfsfé, sérstaklega bæði ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði, svo að ég tel, að svo mikla þörf sem þeir hafi fyrir að fá nokkra viðbót af þessum greiðsluafgangi, þá sé þörfin hjá byggingarsjóði verkamanna enn þá ríkari og því sé rétt og verjandi að lækka framlagið t. d. til fiskveiðasjóðs um 1 millj., þó að mér sé sárt um það, og um 1 millj. hjá veðdeild Búnaðarbankans og 1 millj. hjá ræktunarsjóði, en verja þessum 3 millj. kr. til þess að leggja sérstakt aukaframlag til byggingarsjóðs verkamanna, sem ég veit að á við hinn allra erfiðasta fjárskort að búa.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn hér inn, og mundi vilja mega vænta stuðnings hans í þessu efni, því að ég veit, að honum er annt um, að þessi sjóður geti að gagni komið, og leyfi mér því að gera mér vonir um, að hv. d. og hæstv. ráðh. geti fallizt á þessa tiltölulega litlu brtt.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) hreyfði því í n., að frv. yrði breytt í þá átt, sem hann hefur nú flutt brtt. um á þskj. 774. Aðrir nm. féllust ekki á það, og þar af leiðir, að ég tel mig geta lýst yfir því fyrir hönd hinna 3 nm., að þeir fallist ekki á þessar brtt.

Það má alltaf benda á ýmislegt, sem þörf sé að veita fé til. Út af fyrir sig skal ég ekkert mótmæla því, að það sé þörf á fé til byggingarsjóðs verkamanna og að honum sé tryggt fé eftir öðrum leiðum. En n. lítur svo á um það, sem hér er ætlað til höfuðatvinnuvega þjóðarinnar eða lánastarfsemi til þeirra, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, sem hv. þm. gerir till. um að lækka um 1 millj. til hvors, að það sé svo aðkallandi þörf að auka fjármagn þessara sjóða, að ekki beri að skerða það framlag, sem hér er lagt til. Og hvað snertir veðdeild Búnaðarbanka Íslands, þá er það svo, að hún hefur alls ekkert fé haft nú undanfarið og ekkert getað lánað nema með því móti að taka það, sem hún hefur lánað, að láni hjá sparisjóðsdeild bankans, og verður því að telja, að veðdeild Búnaðarbankans, ef hún á að starfa á annað borð og vera til, eigi í þessu frv. að ganga fyrir byggingarsjóði verkamanna, sem þegar hefur verið ákvörðuð fjárveiting til.

ATKVGR.
Brtt. 774 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 788).

---

## 45. Verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna (ný ákvæði).

Á 84. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna** [199. mál] (stjfrv., A. 746).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefur verið föst venja nú undanfarin ár að greiða sömu vísitöluuppbót á laun opinberra starfsmanna og greidd er almennt á laun samkvæmt kjarasamningum. Síðast voru sett ákvæði um þetta efni eftir kjarasamninga þá, er gerðir voru í desember 1952, og þá í lög sett, að haga skyldi vísitöluuppbót til opinberra starfsmanna á sama hátt og til annarra. Við þá kjarasamninga, sem gerðir voru nú fyrir skemmstu, hefur vísitölureglunum verið breytt þannig, að sú skerðing, sem var á vísitöluuppbótinni, var felld niður.

Samtök opinberra starfsmanna hafa farið fram á það við ríkisstj., að hún beitti sér fyrir því, að tekin yrði upp sama regla um greiðslu vísitöluuppbótar til opinberra starfsmanna og ofan á varð við samningana, og vísar í því sambandi til þess, að svo hafi ætíð verið undanfarið.

Ríkisstj. hefur tekið þessa málaleitun frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til íhugunar, og hefur orðið ofan á að gera þá till. um þetta mál, sem felst í frv., sem nú er til 1. umr. Þar er gert ráð fyrir að breyta vísitöluuppbótinni frá 1. júlí. Þykir ekki ástæða til þess að gera það fyrr, þó að það hafi áður verið venja að breyta vísitöluuppbót til opinberra starfsmanna strax til samræmis við aðrar uppbætur.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að full vísitöluuppbót verði greidd á þau laun opinberra starfsmanna, sem svara til launa í VII. launaflokki, þ. e. a. s., það eru þau laun, sem eru sem allra næst því hæsta kaupgjaldi, sem um var samið í kjarasamningunum. Á hinn bóginn skuli borga 23% á það, sem fram yfir er. Þess skal þó getið um leið, að þó að stjórnin leggi ekki til núna, að vísitöluskerðingin sé afnumin að fullu, eins og gert var í kjarasamningunum, þá mun stj.

gera það að sinni till. í því launalagafrv., sem lagt verður fyrir í haust, að vísitöluuppbætur verði greiddar eftir alveg sömu reglum til opinberra starfsmanna og annarra, sem sé, að skerðingin verði þá afnumin að fullu. M. ö. o., ríkisstj. hefur hugsað sér að verða í haust við kröfu BSRB um vísitöluuppbótarmálið, en í þetta sinn er till. um nokkra skerðingu, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Þá er þess að geta, að vísitöluskerðingin náði ekki til þeirra lægst launuðu. Ef ekkert annað væri gert nú en það eitt að afnema vísitöluskerðinguna, mundu laun þeirra lægst launuðu ekkert breytast fyrr en nýju launalögin koma. Nú hafa samtök opinberra starfsmanna ekki farið fram á það, að grunnlaun opinberra starfsmanna yrðu hækkuð, þar sem þeim er ljóst, að ný launalög eru í undirbúningi. En við athugun á þessu máli öllu þótti sanngjarnt að setja inn í þetta frv. ákvæði um, að uppbót til opinberra starfsmanna samkvæmt þessum lögum skuli aldrei vera minna en 5% af launum. Þetta þýðir, að ef skerðingin, sem verður afnumin með þessu frv., nemur ekki 5%, þá verði fyllt upp, þannig að hlutaðeigandi fái 5% hækkun á launum sínum frá 1. júlí. Þetta er gert með tilliti til þeirra lægst launuðu og með tilliti til þess, að launalagabreytingar munu ekki eiga sér stað fyrr en um áramót. Hér er því um nokkra fyrir fram lagfæringu að ræða hjá þeim lægst launuðu. — Ég hygg, að þetta ætti að duga til þess að skýra málið til viðbótar því, sem segir í grg.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr. Ég fer fram á það við hv. fjhn., að hún taki þetta mál fyrir annaðhvort í dag eða þá í fyrramálið, þannig að það gæti orðið til 2. umr. á morgun. Eins og menn vita, þá eru þingslit áætluð á miðvikudag, en mál þetta þarf að fá afgreiðslu, og þess vegna þyrfti helzt að vera hægt að afgreiða það hér frá þessari hv. d. á morgun, og það finnst mér satt að segja að ætti að geta tekizt. Málið er í sjálfu sér afar einfalt og menn vafalaust fljótir að átta sig á því, hvort þeir vilja á þetta fallast eða leggja annað til.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég sé, að það stendur ekki á því hjá hæstv. ríkisstj. að koma nú fram með frv. um launahækkun. Ég er hræddur um, að það verði að fara að endurskoða nokkuð þann hátt, sem hafður er á um launakjör og launabætur til starfsmanna ríkisins. Það er orðið nokkuð undarlegur háttur, að við hverja einustu launadeilu, sem nú á sér stað, er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja látinn fara í útvarp og alla mögulega staði til þess að berjast á móti launahækkunum til láglaunaðra verkamanna og annarra verkamanna, og þegar hæstv. ríkisstj. og auðmannastéttin í landinu er að berjast á móti sjálfsögðum og réttlátum kröfum verkamanna um launahækkun, þá er það formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem er settur á oddinn til þess að reyna að hindra, að slíkar launahækkanir fari fram, og látinn bera fram svo kallaðar alls konar vísindalegar vitleysur á borð fyrir þjóðina til þess að reyna að hindra, að slík launahækkun fáist.

Samtímis því svo sem verkamenn berjast fyrir sinni launahækkun og allur almenningur í landinu hefur samúð með þeim og álítur þeirra kröfur réttmætar, þá kemur hæstv. ríkisstj. fram og lætur flytja villandi skýrslu í ríkisútvarpinu um, hvað það muni kosta ríkið, ef verkamenn fái launahækkun. Og þegar farið er að kryfja slíka skýrslu til mergjar hér á Alþ., kemur í ljós, að það, sem hæstv. ríkisstj. meinar með því, er einvörðungu, að svo framarlega sem verkamenn fái launahækkun, muni hún leggja til, að allir starfsmenn ríkisins fái launahækkun líka.

Ég vil segja það, að mér finnst þessi aðferð orðin nokkuð „ómórölsk", að fyrst sé forseti BSRB í bandalagi við ríkisstj. látinn berjast á móti launahækkun verkamanna og síðan, þegar þessar launahækkanir eru komnar fram, kemur hæstv. ríkisstj. og jafnvel þessi forseti og segir: Nú heimtum við launahækkanir. — Ég segi þetta ekki vegna þess, að ákveðinn hluti af starfsmönnum ríkis og bæja þurfi ekki launahækkanir, heldur vegna hins, að það er viðkunnanlegt, að menn vinni fyrir launahækkunum sínum á heiðarlegan hátt. Ef BSRB óskar eftir launahækkunum, á það að láta sína stjórn og sinn forseta segja það skýrt og skorinort, að þeir óski eftir því og að þeir muni styðja verkamenn í því að fá fram launahækkanir, vegna þess að það komi til góða BSRB og þeim starfsmönnum, sem þar í eru. Það á að hafa heiðarlegan hátt á þessu, en ekki koma þannig fram að gera fyrst allt, sem hægt er af hálfu forseta BSRB og ríkisstj. til þess að hindra launahækkanir verkamanna, og koma síðan á eftir og segja: Við heimtum þessar launahækkanir líka.

Ég held, að við verðum alvarlega að athuga það, og þar á ég nú við, að stjórnarliðið ætti sjálft alvarlega að athuga það, því að stjórnarandstæðingar hafa flestir verið með því, að BSRB eða flestar greinar þess bandalags fengju sinn verkfallsrétt, — ég held, að það yrði alvarlega að athuga það, og því vil ég skjóta til þeirrar n., sem á að athuga þessa hluti, hvort það fari ekki að verða nær, að BSRB fái sinn verkfallsrétt, fái sinn rétt, eins og aðrir starfsmenn og verkamenn, til þess að berjast fyrir sínum launahækkunum. Svona ástand eins og nú er getur ekki gengið. Ástandið er orðið þannig, sérstaklega hvað snertir t. d. Dagsbrúnarverkamenn hér í Reykjavík, þegar þeir fara fram á launahækkun, og ég býst við, að t. d. flestar fagstéttirnar mundu fá sínar launahækkanir, þegar þær verða að berjast út af fyrir sig, — þó að stundum sé reynt að misnota þeirra kröfur í áróðrinum, þá er það vitanlegt, að þær mundu fá sínar launahækkanir, þegar þær væru að berjast út af fyrir sig, en slagur er alltaf látinn standa, þegar Dagsbrúnarverkamennirnir, þ. e. lægst launuðu verkamennirnir, leggja til, að þeir fái launahækkun; þá situr ríkisstj. og auðmannastéttin hér í Reykjavík stórastopp á atvinnulífið. Af hverju? M. a. vegna þess, að hún segir: Ja, við erum nú kannske ekki bara að berjast á móti Dagsbrúnarverkamönnunum. Við erum að berjast á móti, að verkamennirnir úti um land fái launahækkun og að starfsmenn ríkis og bæja fái launahækkun, — og setja svo fram þessar villandi upplýsingar,

sem fram komu í útvarpinu í sambandi við þetta frá hæstv. fjmrh., til þess að vinna á móti kröfum Dagsbrúnarmanna. Og svo er ekki nema rétt búið að semja, þá er ríkisstj. komin fram með frv. um ákveðnar bráðabirgðalaunahækkanir.

Ég held, að það verði að fara að hafa aðra aðferð í þessum málum, dálitið „móralskari" aðferð en þá, sem þarna er höfð. Ég held, að það verði ekki heilbrigt fyrir þjóðlífið, þ. e. til frambúðar, að það verði að heyja í sambandi við réttmætar kröfur t. d. Dagsbrúnarverkamanna heildarbaráttu um allt ástandið í þjóðfélaginu. Ég held, að það væri betra, að starfsmenn ríkis og bæja fengju að sínu leyti sinn rétt til þess að gera verkfall og berjast fyrir sínum kauphækkunum.

Ég hefði að sumu leyti dálítið gaman af því að sjá Sjálfstfl. og formanninn, sem hann setur fyrir BSRB, standa hérna verkfallsvörð. Ég hefði gaman af að hlusta á hann tala í útvarpinu um þessar réttmætu kröfur og skora á menn að standa verkfallsvörð við símastöðina og annars staðar til að koma þeim fram. Ég segi þetta alveg sérstaklega vegna þeirrar framkomu, sem formaður BSRB hefur haft á, og ég veit, að flokksbræður hans hér á Alþ., þó að hann eigi ekki sjálfur sæti hér í svipinn, geta fyllilega svarað þeirri ádeilu, sem ég hef á hans háttum í þessum efnum.

Í vetur var rætt hér allmikið um launahækkanir, sem þá voru framkvæmdar. Þá voru framkvæmdar launahækkanir á þann hátt, að hæst launuðu starfsmönnum ríkisins voru greiddar launauppbætur, sem námu 5—6 þús. kr. á þeirra árslaun, en lægst launuðu starfsmönnum ríkisins voru greiddar uppbætur, sem námu máske 5—6 hundruð krónum á þeirra árslaun. Við sósialistar lögðum þá til, að þetta væri haft nokkuð öfugt, lægst launuðu starfsmennirnir fengju hærri uppbót, en dregið væri úr þeirri uppbót, sem hæst launuðu starfsmönnunum væri ætluð. Allar slíkar till. voru felldar, og stjórnarliðinu þótti það þá ekki nein ósköp að samþykkja 12 millj. kr. til starfsmanna ríkisins, sem skiptust á þennan óréttmæta hátt, að hæst launuðu starfsmennirnir fengu jafnvel tíu sinnum hærri fjárupphæð ofan á sín árslaun en þeir lægst launuðu.

Það kom að vísu ekki greinilega fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh., hverju sú hækkun mundi raunverulega nema í krónutölu, sem þeir lægst launuðu mundu fá með þessu móti, en þó skildist mér, að þetta ætti að verða nokkur uppbót til þeirra. E. t. v. sér ríkisstj., þó að seint sé, að með óréttlæti var farið að í vetur, þegar hún með offorsi knúði fram þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar á móti till. stjórnarandstöðunnar, og ætlar nú að bæta nokkuð úr þessu, þegar það hefur sýnt sig, að ekki er hægt að halda niðri kaupi verkamanna þrátt fyrir dýrar tilraunir auðstéttarinnar til þess.

Jafnframt skilst mér, að hærra launuðu starfsmennirnir eigi að fá uppbót, sem nemi 5%. Ef ég man rétt, þá fengu þeir hæst launuðu í vetur grunnlaunauppbót, sem nam 10%, — það verður þá leiðrétt, ef það er skakkt hjá mér, — þannig að nú bætist þarna nokkuð ofan á hjá þeim, og ég vildi gjarnan, af því að ég er ekki nógu vel kunnugur þessum útreikningum, biðja hæstv. fjmrh. um að segja mér, hvað hann áliti að með þessu móti mundi heildarhækkunin verða, bæði með þeirri launahækkun, sem var í vetur, og þeirri, sem yrði samþ., ef þetta frv. yrði samþ., hvað það yrði hjá þeim lægst launuðu og hvað það yrði enn fremur hjá þeim hæst launuðu, sem fengu sína uppbót í vetur. Mér þætti gaman að vita, hvernig grunnlaunahækkunin skiptist á lægst launuðu og hæst launuðu embættismennina með þeim tveimur samþykktum, sem nú á að gera, samþykkt ríkisstj. í vetur í sambandi við fjárl. og með þessu frv. Ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um það í fljótu bragði. Þessu frv. var fyrst útbýtt nú, og á nú að setja það helzt þannig í gegn, að það verði samþ. frá þessari d. á morgun. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um þetta núna, þá vildi ég mjög gjarnan, að sú n., sem þetta fer til, gæti athugað það mál og látið það liggja skýrt fyrir okkur við 2. umr.

Nú skildist mér svo á hæstv. fjmrh., þegar hann gaf sína skýrslu, að á næsta fjárhagsári mundi það kosta ríkissjóð — það var lágmarkið — 12 millj., þó að ekki yrði nema 7% launahækkun hjá verkamönnum. Nú þætti mér gaman að fá frá honum, ef hann gæti gefið þær, ofur litlar upplýsingar um, af því að það var lögð svo gífurleg áherzla á, að það kostaði ríkissjóð mikið, þó að það raunverulega kostaði ríkissjóð sama sem ekki neitt að hækka laun verkamanna, — þá þætti mér gaman að fá vitneskju hjá honum um, hvað hefur kostað ríkissjóð óbeint, það sem af er, sú 6 vikna stöðvun, sem nú hefur orðið vegna verkfallsins. Hvað er um tolltekjur ríkissjóðs í aprílmánuði? Það var flaggað með því í útvarpinu og bókstaflega reynt að blekkja fólk með því í sambandi við þær tölur, sem voru látnar fara frá honum í útvarpið og frá hæstv. ríkisstj., og aldrei tekið fram í yfirlýsingunum í útvarpinu, að það, sem átt væri við, væri, að þetta kostaði ríkissjóð það að hækka laun starfsmanna ríkisins samsvarandi og ef laun verkamanna væru hækkuð um svo og svo mörg prósent.

Nú þætti mér gaman að vita: Hvað kostaði það ríkissjóð að hjálpa auðstéttinni í landinu til að streitast á móti því í 6 vikur, að gengið væri að sanngjörnum kröfum verkamanna? Það væri ekki óeðlilegt, að þær tölur lægju hér fyrir okkur.

Að öðru leyti álít ég, að hinir lágt launuðu starfsmenn ríkisins þurfi á sínum uppbótum að halda, en ég álít, að við meðferð þessa máls eigi d. að reyna að sjá til þess að leiðrétta það óréttlæti, sem gert var í vetur, bæta hinum lágt launuðu starfsmönnum betur upp og draga þá frekar úr hjá þeim hæst launuðu, og þess vegna vildi ég gjarnan fá þessar upplýsingar, sem ég bað um, hverju þessi hækkun mundi nema, líka að viðbættri hækkuninni í vetur, bæði hjá lægst launuðu mönnunum og hjá hæst launuðu starfsmönnunum.

Ég held, að það sé orðið óhjákvæmilegt, að þessi mál séu tekin til nánari og almennari umr. en hingað til hefur verið gert, ekki sízt þegar farið er að gera þau að eins stóru atriði

og gert hefur verið í sambandi við vinnudeilur verkamanna.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Mér þótti miður, að mér fannst kenna í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl) nokkurs kala í garð samtaka opinberra starfsmanna og óska þeirra um að fá nú þegar breytt launakjörum meðlima sinna í framhaldi af þeim breytingum, sem nýlega hafa verið gerðar á launakjörum ýmissa fagfélaga í landinu, svo sem alkunnugt er.

Ég hefði óskað þess, og hafði raunar vænzt þess, að hjá hv. þm. kæmi fram eindregnari stuðningur við þær mjög hófsömu kjarabætur, sem í þessu frv. felast til handa opinberum starfsmönnum. En það hefur stundum borið við áður, að úr þessari átt hefur ekki komið, að því er mér finnst og ýmsum fleiri, nægur skilningur á hagsmunamálum og hagsmunabaráttu opinberra starfsmanna, og þykir mér það miður. Ég skal í þessu sambandi og við þessa 1. umr. málsins ekki ræða þessi mál almennt, en aðeins minna í örfáum orðum á fáeinar meginstaðreyndir í þessu sambandi.

Það hefur verið svo allan þann tíma síðan gildandi launalög voru sett, eða næstum áratug, að opinberir starfsmenn hafa ávallt dregizt verulega aftur úr öðrum starfsstéttum að því er snertir kaupgjaldsmál sín og raunar ýmis önnur réttindamál. Þegar launalögin voru sett 1945, voru þau sett eftir tveggja ára baráttu fyrir þeim, og loksins þegar þau voru sett, voru þau sniðin í form, sem þeim hafði verið valið fyrir hálfu öðru ári, en á þeim tíma voru þau þegar orðin mjög úrelt, því að einmitt á því hálfu öðru ári, sem fór á undan setningu síðustu launalaga, varð veruleg kauphækkun hjá ýmsum öðrum mikilvægum starfsstéttum, sem ekki var tekið tillit til við setningu launalaganna. Það má því segja, að þegar launalögin voru sett, hafi þau verið orðin á eftir tímanum og ekki veitt opinberum starfsmönnum þau kjör, sem viðurkennt hafði verið við undirbúning málsins að þeir ættu að njóta, samanborið við aðrar starfsstéttir. Alkunna er, hvernig þróun níu áranna, sem síðan eru liðin, hefur verið. Á s. l. hausti var gerður samanburður á launauppbótum þeim, sem opinberir starfsmenn nytu, og þeim launauppbótum, sem þær stéttir, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup sín og kjör, höfðu fengið. Það kom í ljós, að uppbætur til opinberra starfsmanna voru 10—17%, — þeim var núna á þessu þingi breytt almennt til 17% hækkunar, — en á sama tíma hafði kauphækkun hjá almennum verkamönnum numið 26%. Taxtar hjá iðnstéttunum höfðu að meðaltali hækkað um 24% og þó raunverulega miklu meira vegna upptöku ákvæðisvinnutaxta, og hjá verkakonum hefur taxtakaup meira að segja hækkað um 37%.

Um það er því engum blöðum að fletta, að á þessu níu ára tímabili, sem liðið er síðan opinberir starfsmenn fengu sín launalög sett, drógust þeir enn verulega aftur úr, jafnvel miðað við þann úrelta grundvöll, sem lagður var 1945. Í raun og veru er það sama enn að gerast núna, því að í þessu frv. er lagt til, að uppbæturnar verði hjá langflestum þeim, sem uppbætur koma til með að fá, aðeins 5%. Það er alkunna, að hinar beinu kauphækkanir, sem samið var um í hinni nýafstöðnu kjaradeilu, voru um 11%, og var það áreiðanlega sízt of mikið miðað við þarfir þeirra stétta, sem háð höfðu langa og harða baráttu. En ég vil á það minna og undirstrika það alveg sérstaklega, að opinberir starfsmenn í lægstu launaflokkunum eru í raun og veru engu betur settir en daglaunamenn, launakjör þeirra eru í raun og veru engu betri. Samt sem áður er nú hér gert ráð fyrir því, þótt að vísu eigi að vera um bráðabirgðalausn að ræða, að launauppbót þeirra verði aðeins 5%. Hér er sem sagt enn vegið í þann sama knérunn að láta þessa starfsstétt sitja við annað og lægra borð en hinar starfsstéttirnar, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör. Ég vil enn fremur taka það fram, og er þar á öðru máli en mér skildist að hv. 2. þm. Reykv. væri, að það væri mjög ranglátt að láta skerðinguna á vísitöluuppbótinni haldast hjá opinberum starfsmönnum, eftir að hún hefur verið afnumin hjá þeim stéttum, sem semja frjálsar um kaup sitt og kjör, þ. e. a. s. iðnstéttunum. Hjá öðrum stéttum hafði hún litla þýðingu. Það teldi ég vera mjög ranglátt, og ef það væri gert, þá væri það mjög ándstætt heildarhagsmunum opinberra starfsmanna. Ég tel það því vera rétt spor, sem stigið er með þessu frv., að afnema vísitöluskerðinguna hjá opinberum starfsmönnum á hliðstæðu launabili og gert var í hinum frjálsu samningum hjá stéttarfélögunum.

Um hitt er ég hv. 2. þm. Reykv. sammála, að fyllsta ástæða væri til þess, að þeir, sem eru meðlimir í bandalagi opinberra starfsmanna, taki starfshætti bandalagsins í framtíðinni til alvarlegrar athugunar. Það er ekki sæmandi fyrir bandalag opinberra starfsmanna, fyrir jafnfjölmenn og voldug launþegasamtök og þar er um að ræða, að láta verkalýðsfélögin og þá sérstaklega félög þeirra manna, sem eru lægst launaðir, hvað eftir annað heyja fyrir sig kjarabaráttu til sigurs og eiga engan þátt í henni annan en þann að hirða ávöxtinn af þeim sigrum, sem þar hefur verið barizt fyrir. Þetta er hlutverk, sem bandalag opinberra starfsmanna getur ekki látið sér lynda til frambúðar og þarf að taka upp til endurskoðunar. Ég tek líka undir það, að það er í hæsta máta óviðkunnanlegt, að forvígismenn opinberra starfsmanna skuli, meðan á kjaradeilunum stendur, hvað eftir annað á opinberum vettvangi leggjast gegn því, að stéttarfélögin eða meðlimir þeirra fái kjör sín bætt, en þegar í stað og sigur er unninn snúa við blaðinu og heimta sama rétt sér til handa. Hið minnsta, sem hægt væri að krefjast af þessum samtökum og forvígismönnum þeirra, væri að lýsa yfir, meðan á kjaradeilunni stendur, að slíkar kröfur muni verða settar fram, ef sigur vinnst. Helzt ætti auðvitað samstaðan að vera alger, ef sú er meiningin, að opinberir starfsmenn fái að njóta sömu sigra og stéttarfélögin vinna. Um það er ég því hv. 2. þm. Reykv. algerlega sammála, að hér þarf að verða breyting á.

Um frv. almennt vil ég á þessu stigi málsins aðeins segja það, að ég fagna því, svo langt sem það nær, tel þau spor, sem í því felast, vera í

rétta átt, þó að ég hefði gjarnan viljað, að sporin hefðu verið myndarlegri og stærri en þau eru. Ég mun í n., sem þetta fer til, leita mér upplýsinga um það, hvort stefna frv. hefur einróma meðmæli þeirra stéttarsamtaka, sem um er að ræða, þ. e. a. s. bandalags opinberra starfsmanna, og ef svo er, þá gjalda því samþykki mitt, en þó aðeins með þeim fyrirvara, að um hreina bráðabirgðalausn sé að ræða og að þegar launalögin verða endanlega endurskoðuð í sumar eða á næsta hausti, þá verði gerðar viðtækari breytingar á launamálum opinberra starfsmanna og gengið lengra í réttlætisátt á móts við óskir þeirra og kröfur en gert er í þessu frv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) bað um upplýsingar. Þessar upplýsingar hef ég ekki við höndina og verð þess vegna að benda honum á að afla þeirra hjá fjmrn., hann getur vafalaust fengið þær þar, eða þá í gegnum n., sem fjallar um málið.

Það voru aðeins örfá orð að öðru leyti út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hann deildi á stjórnina fyrir að koma fram með þetta frv., eða ég gat ekki skilið hann öðruvísi. Hann sagði eitthvað á þá leið, að stj. væri ekki lengi að rjúka fram með frv. um launahækkun, eftir að dýrkeypt kjarabót hefði fengizt. Mér finnst þetta satt að segja vera heldur kuldalegur tónn hjá hv. 2. þm. Reykv. og nánast fjandsamlegur í garð opinberra starfsmanna. Það, sem hér er stungið upp á og þeir hafa farið fram á, er ekkert annað en að fá að búa við sömu vísitölukjör og almennt hefur verið samið um. En þeir hafa ekki farið fram á að fá nú strax grunnlaunahækkanir.

Ýmisleg svigurmæli af hendi hv. 2. þm. Reykv., sem vottaði fyrir líka hjá hv. 1. landsk. þm. (GÞG) í garð forráðamanna opinberra starfsmanna, um, að þeir sýndu frekju og heimtuðu strax það, sem aðrir hefðu fengið með kjarabaráttu, eiga því ekki rétt á sér. Opinberir starfsmenn hafa ekki farið fram á að fá strax grunnlaunahækkanir, heldur einvörðungu, að sama vísitöluregla gildi fyrir þá og aðra, en svo hefur ætíð verið og ætíð ágreiningslaust. Þarna er í leiðinni um nokkra uppbót að ræða fyrir þá allra lægst launuðu, sem kalla mætti grunnlaunauppbót, en eftir því sem hv. 2. þm. Reykv. talaði annað veifið, ætti að mega vænta þess, að það væri ekki það, sem hann var að illskast út af. Annars var ómögulegt að finna, hvort hann er með eða móti málinu, því að hann sló úr og í. Hann deildi á ríkisstjórnina fyrir að koma fram með frv., en tvísteig í kringum það. Kulda kenndi þó mjög greinilega í garð þessara ráðstafana.

Þá lét hv. þm. eitthvað í það skína, að það væri vafasamt mjög að borga fullar vísitöluuppbætur á há laun, en aftur á móti gæti slíkt verið algerlega eðlilegt á lág laun. Það er ekki lengra síðan en í vetur, að hv. 2. þm. Reykv. deildi á stjórnina með einhverjum hörðustu orðum tungunnar fyrir það að gera ekki tafarlaust samninga við verkfræðinga í þjónustu ríkisins um það, sem þeir krefðust, og kröfðust þeir þó launa, sem eru hærri en nokkur maður hefur í þjónustu ríkisins. Það hefur því slegið heldur illilega út í fyrir hv. 2. þm. Reykv. í það skiptið, enda er það ekkert sjaldgæft.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að það hefðu komið fram rangar upplýsingar um afleiðingar kauphækkana fyrir ríkissjóð í áætlun þeirri, sem gerð var um afleiðingar kauphækkana á árinu 1956. Ég hygg, að við ættum að geyma allar deilur um þetta þangað til þar að kemur, að það sýnir sig í reyndinni, hvort sú áætlun var nærri lagi eða ekki. Það er ekki svo langt að þreyja. Það mun sýna sig fyrir næstu áramót, hvernig það fer. En ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er þrátt fyrir allt það raunsær, að hann veit, að það er ekki til lengdar hægt að standa á móti því, að almennar kauphækkanir komi líka fram í launum opinberra starfsmanna. Ég er ekki neinn sérstakur talsmaður þess, að allir rjúki til og hækki laun sín, þó að iðnaðarverkamenn og verkamenn fái laun sín hækkuð. En það er ekki aðeins þetta, sem gerzt hefur, eins og við vitum, heldur hafa ýmsar aðrar stéttir líka fengið hækkuð sín laun og það stéttir, sem höfðu betri eða a. m. k. eins góð kjör og meginþorri opinberra starfsmanna. Þess vegna er þetta mál þannig vaxið allt saman, að það getur auðvitað ekki liðið á löngu, þangað til launahækkunin kemur inn í launagreiðslur opinberra starfsmanna. Og ég á eftir að sjá það, að hv. 2. þm. Reykv. telji sér fært að standa á móti því, þegar endurskoðun launalaganna fari fram, að það verði hækkun á launum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virtist eiga dálítið erfitt með að skilja mínar hugleiðingar og var nú að minnast á, að ég hefði sagt, að það hefði ekki staðið á ríkisstj. að koma fram með þessar tillögur. Ég var nokkuð að reyna að koma með hugleiðingar út af réttlætinu í sambandi við þetta og baráttu verkamanna fyrir sínum kauphækkunum. Ef sú kauphækkun, sem hér á að fara fram til starfsmanna ríkisins, er réttlát nú 5. maí, var hún þá ekki réttlát í marzbyrjun eða í desemberlok? Ef hæstv. ríkisstj. álítur, að starfsmenn ríkisins eigi réttlætiskröfu á að fá uppbót á laun sín nú í dag, 5. maí, frá 1. júlí, hvað er það þá, sem hefur breytt afstöðu ríkisstj. frá því í marzbyrjun, áður en verkfallið hófst, þegar ríkisstj. virtist taka þá afstöðu, að það væri óréttlátt, að verkamenn fengju hækkun, og frá því um miðjan desember, þegar ríkisstj. lagðist á móti þeim tillögum um launahækkun til láglaunaðra starfsmanna ríkisins, sem sósíalistar og aðrir stjórnarandstæðingar voru með? Hvað er það, sem hefur breytzt í mati hæstv. ríkisstj. á réttlætinu? Eða er það svo, að það séu eingöngu Dagsbrúnarmennirnir og aðrir verkamenn í Reykjavík, sem eiga að skapa réttlæti í þjóðfélaginu? Á héðan af að meta allt, t. d. allar kröfur frá starfsmönnum ríkisins, hvort þær séu réttlátar eða réttlátar ekki, hvort það eigi að verða við þeim, við það eitt, hvílíkt vald verkamenn í Reykjavík eru eða hvílíkar fórnir þeir vilja leggja á sig til þess að knýja fram launahækkanir? Á það að vera svo að segja hinn löggilti mælikvarði á réttlætið? Á þá að afhenda verkamannastéttinni í Reykjavík það að skapa þetta réttlæti í þjóð-

félaginu, og eiga starfsmenn hins opinbera enga aðra kröfu á réttlæti en þá, sem þessum verkamönnum tekst að skapa í harðvítugri baráttu við auðmannastéttina?

Við lögðum til í vetur, sósialistar og fleiri stjórnarandstæðingar, að þeim 12 milljónum, sem þá var úthlutað til starfsmanna ríkisins, væri úthlutað öðruvísi en ríkisstjórnin lagði til, að í staðinn fyrir að þeir hæst launuðu fengju t. d. 6 þúsund og þeir lægst launuðu 500, þá væru þeir lægst launuðu látnir fá nokkru meira og þeir hæst launuðu nokkru minna. Þá fannst ríkisstj. það ekki réttlæti að láta þá láglaunuðu fá hærra; nú finnst ríkisstj. það réttlæti. Af hverju? Hvað er það, sem hefur breytzt í áliti ríkisstj. á réttlæti? Er það eina, sem hefur breytzt, það, að verkamenn í Reykjavík hafa orðið að stöðva vinnu hér í 6 vikur og hálfsvelta margir þeirra til þess að skapa nýja réttlætishugmynd hjá ríkisstj.? Ef því þetta er rétt í dag, af hverju var það ekki rétt í marzbyrjun eða um miðjan desember? Það er þetta, sem hæstv. ráðherra virðist eiga erfitt með að skilja, og það er þetta, sem veldur um leið þeim hugleiðingum, sem ég kom með.

Ég gat ekki fengið hjá hæstv. fjmrh. upplýsingarnar. Hann vissi þær ekki og gat ekki látið mér þær í té þess vegna um, hvað þetta raunverulega þýddi hjá láglaunuðu og hálaunuðu mönnunum.

Í vetur varð hjá lægst launuðu mönnunum 3% grunnkaupshækkun. Mér skilst, að hún muni verða einhvers staðar á milli 5% og 8%. Mér skilst hins vegar, að hæst launuðu mennirnir, sem fengu 10% hækkun í vetur, muni þó vera tryggir með að fá a. m. k. 5% hækkun þarna núna, þ. e., allt upp í 15% væri þeirra grunnkaupshækkun, en hinna láglaunuðu kannske ekki meira en 8—10%. Þó væri gott að fá þetta við 2. umr. sæmilega vel reiknað út. En ef svo er, þegar þetta frv. hérna bætist við það, sem ákveðið var í vetur, að grunnkaupshækkunin er minni hjá þeim láglaunuðu en þeim hálaunuðu og krónutalan náttúrlega, sem hálaunamennirnir fá, miklu hærri en láglaunamannanna, þá sýnist mér réttlætishugmyndir ríkisstj. vera enn þá álika bágbornar og í vetur.

Ég fæ ekki betur séð en hæstv. ríkisstj. hefði eins getað fallizt á till. stjórnarandstöðunnar í desember í vetur um hækkun á launum hjá þeim lægst launuðu og dregið þá heldur úr hjá þeim hæst launuðu eins og að koma núna með þetta, nema það sé þá meiningin, að héðan af eigi að láta verkamannastéttina í Reykjavík eina um að heyja baráttu fyrir alla launamenn á landinu, berjast á móti henni eins og hægt sé á meðan hún sé að vinna að kauphækkun, valda ríkinu og þjóðfélaginu stórkostlegum skaða með því að styðja auðmannastéttina í slíku, en koma svo á eftir undireins og segja: Það er sjálfsagt, að allir aðrir fái svona hækkun.

Hv. 1. landsk. (GÞG) sagði, að sér hefði fundizt kenna nokkurs kala í garð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hjá mér. Hann veit ósköp vel, að við höfum hér yfirleitt, stjórnarandstæðingar og sósialistarnir, lagt fram sérstakar till. um það hvað eftir annað að reyna að bæta kjör sérstaklega hinna láglaunuðu starfsmanna ríkisins. En það er ein siðferðisleg krafa, sem verður að gera til hverra þeirra manna, sem sjálfir vilja fá launahækkun, og það er, að þeir hafi dug í sér til þess að berjast fyrir henni. Það fær enginn neitt án þess að hafa vilja til þess að fá það fram. Og það vil ég segja við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og þá, sem því stjórna, að sá vilji, sem ég veit að starfsmenn ríkisins mjög almennt hafa til að fá bætt sín kjör, þarf að koma fram ótvírætt og heiðarlega. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er að verða sér til skammar gagnvart samtökum hins vinnandi fólks í landinu með þeirri framkomu, sem það lætur sinn formann hafa ár eftir ár, þegar jafnvel fátækustu verkamennirnir í landinu verða að leggja það á sig að vera vinnulausir vikum saman, svo að sverfur að þeirra heimilum. Hvað gerir þá formaður Bandalags ríkis og bæja? Hann leggur rýtinginn í bakið á þeim, á meðan þeir berjast. Er von til þess, að þeir verkamenn, sem búið er, eftir því sem mér skilst á hæstv. fjmrh., að afhenda alla baráttu fyrir réttlæti í landinu, réttlæti í launakjörum, horfi upp á slíkt án þess að það gæti nokkurs kala til þeirra manna, sem hinir opinberu starfsmenn hafa valið til þess að koma fram fyrir sig opinberlega? Það gengur svo rammt til, að meira að segja 1. maí, á baráttudegi verkamanna, fá þeir ekki að vera í friði fyrir svívirðingum og rógi þessa formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Verkamenn Reykjavíkur eru ekki fyrr búnir að heyja langa og erfiða baráttu, þar sem þeir m. a. verða að berjast alveg sérstaklega við þennan formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem misnotar sína vísindamannsaðstöðu til þess að reyna að leggja andstæðingum verkamanna og launþega lið, en hann tekur aftur að rægja þá á ný.

Það getur ekki hjá því farið, að það komi upp kali hjá verkamannastéttinni gagnvart stjórn BSRB, ef hún ætlar að láta þetta haldast áfram, og það er eins gott, að það komi alveg greinilega fram. Menn, sem eru að berjast fyrir því að fá hækkuð laun sín, eiga að sýna sig í því og láta stjórn sína og formann samtaka sinna sýna sig í því að berjast fyrir þessu á heiðarlegan hátt. Maður hefði frekar getað búizt við því, þegar verkamenn byrjuðu sína baráttu hér um miðjan marz, að í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefði verið ákveðið að leggja þó ekki væri nema 10% af launum allra starfsmanna ríkisins í verkfallssjóð verkamanna í Reykjavík til þess að gera þeim mögulegt að halda út heldur en að það væri ráðizt aftan að þeim, eins og gert hefur verið. Og það eru margir hinna óbreyttu starfsmanna ríkis og bæja, sem hafa sýnt það, að þeir hafa gert slíkt, en stjórn bandalagsins og formaður þess hafa ekki skipað það.

Það er varla hægt að hugsa sér lúalegri bardagaaðferð en þá af formanni samtaka, sem kalla sig launþegasamtök, að leggjast á móti þeim verkamönnum, sem eru að heyja baráttuna fyrir starfsmenn ríkis og bæja, og koma svo á eftir, þegar þeir þrátt fyrir andúð hans og hjálp hans andstæðinga hafa unnið sigur, og heimta að fá það sama sem þeir hafi fengið í gegn.

Afstaða Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stjórnar þess gagnvart verkamannasamtökunum þarf að breytast. Ef þeir fá ekki sinn verkfallsrétt og fá sjálfir að berjast á þann hátt, sem verkamenn gera fyrir sínum launahækkunum, þá eiga þeir héðan af að taka upp bandalag við verkamennina um að heyja þessa baráttu sameiginlega og leggja þá sitt fram til þess, að þetta geti náðst.

Þetta var það, sem ég vildi láta koma hér fram í sambandi við þessi mál.

Hitt, sem hæstv. ráðh. gat ekki gefið mér upplýsingar um núna, hvernig þessi grunnlaunahækkun kemur út, lögð saman við grunnlaunahækkunina í vetur, eftir launaflokkum, má þá geyma að ræða, þar til þetta kemur til 2. umr. Vona ég, að þar verði þá komnar betri upplýsingar um þetta og eins hitt, sem hann ekki heldur gat gefið neitt svar um, hvaða tekjurýrnun hefur orðið hjá ríkissjóði vegna verkfallsins. En ég held, að það hefði verið heppilegra, að sú afstaða að vilja veita kauphækkanir hjá starfsmönnum ríkis og bæja, sem nú eru lagðar til með þessu frv., hefði komið fram hjá ríkisstj. þegar í upphafi og að orðið hefði verið við þessum till. þá þegar í staðinn fyrir að láta þá leggja út í þá löngu og hörðu baráttu til þess að reyna að brjóta verkamenn á bak aftur, sem háð var nú í 6 vikur.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil taka það fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði, að það er ómögulegt að reikna út, hvað tekjutap ríkissjóðs vegna verkfallsins er mikið. Það hefur auðvitað orðið dráttur á innflutningi vara og þar af leiðandi litlar tolltekjur orðið á meðan skip voru ekki afgreidd, en hversu mikið verður raunverulegt tekjutap, er ómögulegt að segja, eins og allir sjá, sem íhuga málið. Þess vegna verður þetta dæmi aldrei sett upp.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvers vegna menn teldu nú rétt að samþykkja uppbót á laun opinberra starfsmanna, en hefðu ekki talið réttmætt að gera það fyrr í vetur. Það er einfalt svar við þessu, og hv. 2. þm. Reykv. þekkir það vel. Þetta frv., sem hér er rætt, er fram komið vegna afnáms vísitöluskerðingarinnar. Þetta frv., sem hér er fram komið, kemur ekki fram vegna þess, að hækkun varð á Dagsbrúnarkaupi eða kaupi iðnverkamanna. Það stendur ekki í tengslum við það. Frv. er eingöngu fram komið vegna þess, að í samningunum, sem gerðir voru, var vísitöluskerðingin afnumin á kaupi iðnaðarmanna og annarra, sem hún náði til. Ef vísitöluskerðingin hefði ekki verið afnumin og haldið hefði verið áfram að greiða eftir sömu reglu og áður, hefði ríkisstj. að sjálfsögðu ekki lagt neitt frv. fram varðandi laun opinberra starfsmanna fyrr en launalagafrv. það, sem hún er að láta undirbúa og á að leggja fyrir Alþingi í haust.

Ég vil einnig endurtaka, að svigurmæli hv. 2. þm. Reykv. í garð forráðamanna bandalags opinberra starfsmanna um það, að þeir hafi krafizt tafarlaust þess sama sem um samdist í deilunni, eiga engan rétt á sér af þeirri einföldu ástæðu, að forráðamenn opinberra starfsmanna hafa ekki farið fram á neitt annað en það, að borguð yrði sams konar vísitöluuppbót á laun opinberra starfsmanna og laun annarra manna, en alls ekki farið fram á neina grunnlaunahækkun sér til handa nú strax, þótt almenn grunnkaupshækkun hafi átt sér stað við samningana.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Hann réðst hér með miklu offorsi á formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem ekki á hér sæti og hefur þar af leiðandi ekki aðstöðu til þess að bera hér hönd fyrir höfuð sér. Ég verð að mótmæla því, að slíkum árásum skuli vera haldið hér uppi, og tel þær í alla staði ósæmandi, vegna þess að efnislega var þar farið með algerlega rangt mál.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefði vegið aftan að verkalýðssamtökunum og verið jafnan reiðubúinn til að reka í þau rýtinginn í þeirra baráttu og sýnt kjarabaráttu þeirra fjandskap. Það, sem formaður þessa bandalags hefur hvað eftir annað lagt áherzlu á, er það, að það sé ekki einhlítt til kjarabóta að hækka kaup, það sé margt annað, sem komi þar til greina, og ég hygg, að það sé ekki finnanlegt nokkurs staðar í þeim ummælum, sem hann hefur haft í sambandi við þessa kjaradeilu nú, neitt fjandskaparorð í þá átt, að verkamenn bæti kjör sín á þann hátt, að það gefi þeim raunverulegar kjarabætur. Það er því algerlega villandi og ósæmilegt að halda því fram hér á Alþ., að formaður þessara næststærstu launþegasamtaka landsins hafi lagt sig fram um það að vinna gegn því, að verkalýðurinn fengi kjarabætur. Því fer svo víðs fjarri. Hann hefur hvað eftir annað á það áherzlu lagt, að það beri að stefna að því, að launþegar allir geti fengið raunverulegar kjarabætur, sem séu þess eðlis, að þeir tapi þeim ekki aftur í vaxandi verðbólgu og dýrtíð. Þessu tel ég nauðsynlegt að vekja hér athygli á, þótt að vísu öllum hv. þm. sé það kunnugt, en ég tel sérstaka ástæðu til þess að víta það og mótmæla, að slíkum árásum sé haldið hér uppi á jafnómaklegan hátt og hér hefur verið gert.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég hef deilt við hv. formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þegar hann hefur átt sæti hér á þingi, og ég veit ósköp vel, að hann getur líka staðið fyrir því máli, sem hann heldur fram á slíkum stöðum, þannig að það er alveg eins gott fyrir hann, þó að hann sé ekki viðstaddur hér, að láta samþm. sína úr Sjálfstfl. tala fyrir hans hönd.

Hitt, að það sé að einhverju leyti ósæmilegt að deila á hann, það get ég ekki fallizt á. Þessi maður, form. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er látinn koma fram í útvarpinu fyrir hönd ríkisstj. eða sem prófessor jafnvel hvað eftir annað með villandi og ósæmilegar upplýsingar, þar sem hann er að nota sína aðstöðu sem vísindamaður eða sem form. BSRB til þess að blekkja fólkið með þeim kenningum, sem hann þar flytur, og til þess að reyna að vinna þannig á móti réttlátum kröfum, sem verkamenn eru með. Hann kemur þá fram á vettvangi, þar sem

verkamenn fá ekki aðstöðu til þess að ræða við hann um hagfræðikenningar hans og annað slíkt. Við höfum hér aðstöðu til þess að ræða þetta, og það er ekkert óeðlilegt, þó að við notum hana. Sjálfstfl., sem á 21 þm. hér á Alþ., getur sannarlega sjálfur séð um að taka upp málið fyrir hönd þeirra manna, sem hann kýs að tefla fram á eins ósæmilegan hátt og láta flytja eins villandi upplýsingar og Ólafur Björnsson hefur gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 746, n. 764).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 746, er flutt af ríkisstj. Það er um breyt. á l. frá því í des. s. l. um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir efni málsins við 1. umr., sem nýlega fór fram hér í d., og auk þess er frá því skýrt í aths., sem frv. fylgja. — Eins og fram kemur í nál. á þskj. 764, mælir fjhn. með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Einn nm., hv. þm. A-Húnv. (JPálm), hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara, þar sem hann kveðst vera á móti vísitölufyrirkomulaginu yfirleitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Við nánari athugun á þessu frv. hefur komið í ljós, að gera þarf breytingu á 2. gr. þess, til þess að núgildandi ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar falli ekki niður fyrr en hin nýju ákvæði eiga að koma til framkvæmda samkvæmt frv. þessu. Fjhn. flytur hér því skrifl. brtt. um það, að 2. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955", en ekki „nú þegar", eins og stendur í frvgr. Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 772) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 772 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 773).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefur verið venja nú um nokkuð langa hríð, að opinberum starfsmönnum hefur verið greidd verðlagsuppbót eftir sömu reglu og öðrum launþegum. Sú regla, sem um hefur samizt hverju sinni um greiðslu verðlagsuppbótar, hefur verið tafarlaust látin gilda fyrir opinbera starfsmenn. Undanfarið hefur verðlagsuppbót verið skert, sem kallað er, hún hefur ekki verið greidd full eftir að laun hafa náð vissu marki. Í samningum þeim, sem nú er nýlokið, var þessi skerðing á verðlagsuppbótinni afnumin. Bandalag opinberra starfsmanna hefur mjög eindregið farið þess á leit við ríkisstj., að sami háttur verði nú á hafður og áður, þannig að sama regla verði látin gilda þegar um greiðslu verðlagsuppbótar fyrir opinbera starfsmenn og aðra launþega.

Ríkisstj. hefur íhugað þetta mál og vill koma til móts við óskir opinberra starfsmanna á þann hátt, sem greinir í því frv., sem hér liggur fyrir.

Er þá fyrst að greina frá því, að ríkisstj. sér ekki ástæðu til, að nýr háttur verði upp tekinn um greiðslu verðlagsuppbótar fyrr en 1. júlí. Þykir það hæfilega til tekið eftir ástæðum. Enn fremur stingur ríkisstj. upp á, að vísitöluskerðingin sé afnumin að vissu marki, þ. e. a. s. afnumin að fullu á laun, sem svara til VII. launaflokks, en á þann hluta launa, sem fer fram úr launum í VII. launaflokki, verði greidd 23% eins og verið hefur. Þykir ríkisstj. nægilegt að ganga þetta langt núna, en mun á hinn bóginn gera það að till. sinni í sambandi við launalagafrv., sem hún ætlar sér að leggja fyrir næsta þing, að vísitöluskerðingin verði afnumin að fullu.

Nú er þess að geta, að skerðingin á verðlagsuppbótargreiðslum hefur ekki náð til þeirra lægst launuðu. Ef ríkisstj. styngi upp á því einu saman að afnema vísitöluskerðinguna að því marki, sem ég hef lýst, þá mundu engar breytingar verða á launum þeirra lægst launuðu, fyrr en þá væntanlega um næstu áramót, þegar búið væri að setja ný launalög. Að athuguðu máli þykir ríkisstj. þetta ekki sanngjarnt, og með tilliti til þess, að ný launalög munu ekki öðlast gildi fyrr en um næstu áramót, þá leggur ríkisstj. nú til, að þeir lægst launuðu fái nú nokkra aukauppbót í sambandi við þessar fyrirhuguðu breytingar á verðlagsuppbótinni. Ákvæðið er þannig, að nái hækkun verðlagsuppbótar nú ekki 5%, þá verði með sérstakri uppbót fyllt upp í 5%, þannig að enginn fái minni hækkun en 5%.

Það skal tekið fram, að bandalag opinberra starfsmanna hefur ekki farið fram á neina breytingu á grunnlaunum nú, heldur aðeins gert um það eindregna kröfu, að verðlagsuppbót yrði lögleidd hin sama og samið var um nú síðast í kjarasamningunum. Þótt bandalag opinberra starfsmanna hafi ekki óskað eftir neinni breytingu á grunnlaununum, þá er samt í þessum till. ríkisstj. nokkur breyting á grunnlaunum, eins og menn skilja af því, sem ég þegar hef sagt, —

breyting, sem þó nær aðeins til hinna lægst launuðu.

Með þessu hygg ég að gerð hafi verið grein fyrir aðalatriðum frv. Nú er ætlunin að ljúka þingi á miðvikudag, eins og menn vita. Ég geri það að till. minni, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn. Tel ég sjálfsagt, að það fái alla þinglega meðferð, en vil leyfa mér að óska eftir því við n. og hæstv. forseta þessarar d., að þannig verði til stillt, að frv. hljóti fullnaðarafgreiðslu áður en fundum d. lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 773, n. 781).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hafði svo greinilega framsögu á máli þessu við 1. umr., að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem hann þá sagði.

Fjhn. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Ég vil geta þess, að hv. þm. Barð (GíslJ) hefur gert fyrirvara, eins og kemur fram í nál., og að hv. þm. S-Þ. (KK) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins; hann hefur fjarvistarleyfi frá forseta deildarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Ed., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 792).

---

## 46. Húsnæðismál.

Á 67. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða** [183. mál] (stjfrv., A. 522).

Á 68. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér er borið fram á þskj. 522, heitir: Frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Ríkisstj. stendur öll að þessu frv. og hefur undirbúið það, og frv. hefur verið lengi í undirbúningi. Ég tel rétt, þó að frv. fylgi allýtarleg grg., þannig að samkvæmt henni á að vera tiltölulega auðvelt að átta sig á, hvað í frv. felst, að hafa samt nokkra framsögu um þetta mál.

Það er yfirleitt talið svo, að frumþarfir mannfólksins séu þrjár, þ. e. fæði, klæði og húsnæði; það sé ekki hægt að lifa fyrir neinn mann öðruvísi en að þessum frumþörfum sé fullnægt að einhverju lágmarki. Hefur oft veitzt erfitt að fullnægja þessum þörfum, svo að í lagi væri, og það í fjölmörgum þjóðlöndum, jafnvel hjá þeim ríkjum, sem talið er að séu nokkuð þroskuð menningarríki. Hér mun nú aðeins verða rætt nokkuð um eina af þessum frumþörfum mannfólksins, þ. e. húsnæðismálin. Þau eru og verða alltaf sérstaklega erfið fyrir okkur Íslendinga vegna aðstöðu okkar að ýmsu leyti. Loftslagið er hér þannig, rakt, umhleypingasamt og að vissu leyti kalt, þó að það sé ekki það versta í raun og veru, að við þurfum hér að hafa mjög vandaðar byggingar, ef á að vera hægt að segja, að búandi sé í þeim. Og vandaðar byggingar verða vitanlega ævinlega mjög dýrar, eins og gefur að skilja.

Þá er eitt, sem hefur mjög valdið erfiðleikum í byggingarsögu okkar Íslendinga, og það er það, að hér er um lítið og lélegt innlent byggingarefni að ræða. Í raun og veru hefur allt frá landnámi ekki verið um neitt annað að ræða hér en torf og grjót. Allt annað hefur orðið að flytja inn, og þess vegna hefur það verið svo, að við höfum orðið allt fram að þessum tíma að reisa byggingar okkar úr torfi og grjóti, sem að vissu leyti hafa sína kosti, ef rétt er með það farið, en eru þó endingarlitlar og lélegar byggingar yfirleitt, og afleiðingin hefur orðið sú, sem öllum er kunn, að hver kynslóð hefur allt frá landnámi orðið að reisa byggingar yfir sig, og stundum hefur jafnvel orðið að gera það oftar en einu sinni fyrir hverja kynslóð.

Þannig var ástandið fyrir hálfri öld, um og eftir aldamótin, að hér voru ekki neinar aðrar byggingar í þessu landi en torf- og grjótkofar með lélegu upprefti yfirleitt — og svo í þeim litlu þorpum, sem þá voru að myndast sums staðar við sjávarsíðuna, mjög lélegir timburkofar, og voru þó víða þar enn torfhús allmjög ríkjandi. Það er því sannarlega ekkert smáræðis verkefni, sem sú kynslóð, er tók við arfi 19. aldarinnar um síðustu aldamót, hóf þá starf sitt og hefur borið hita og þunga framkvæmdanna í þessu landi fram um þennan tíma að mjög miklu leyti, tók að sér í byggingarmálum þjóðarinnar. Og ég hygg, að hvernig sem á það er nú litið í raun og veru um aðgerðir í þessum málum hjá okkur, þá megi þó alltaf segja, að það sé í sjálfu sér undravert, hvað gert hefur verið í þessum málum á þeirri hálfri öld, sem liðin er síðan, og mundi þó nær að takmarka tímann öllu meir, því að um stórstígar framkvæmdir var ekki að ræða á fyrstu árum aldar-

innar, þó að þá breyttist þetta tiltölulega fljótt. Ég ætla ekki að fara að hafa neinar langar bollaleggingar um þessa hluti, þó að mér virtist, að það væri ekkert á móti því að drepa á það, um leið og þetta frv. er lagt fram.

Það hafa hér á Alþ. með löggjöf á ýmsan hátt verið gerðar ýmsar félagslegar ráðstafanir til þess að greiða fyrir byggingarframkvæmdum í landinu nú á síðustu áratugum, þremur, fjórum síðustu áratugunum. Og því er ekki að leyna, að margar þessar ráðstafanir, eins og um viss réttindi fyrir viss félagsleg samtök í þessu efni og ýmislegt fleira, veðdeildarstarfsemi og margt og margt fleira í löggjöf, hafa vitanlega gert stórmikið gagn. En hinu er ekki heldur að leyna, eins og lætur að líkum hjá þjóð, sem í raun og veru var að byrja á því að hefja baráttu í byggingarmálum á nútímavísu, að ýmis víxlspor hafa verið stigin og það hafa komið fram ýmsar till. og jafnvel settar í löggjöf, sem hafa ekki reynzt raunhæfar og því orðið meir til þess að vekja vonir um stórstígar framkvæmdir í þessum efnum en að það yrði allt að veruleika. En það var í raun og veru ekki við öðru að búast en að svo hlyti að fara í þessum efnum. En hvað sem því öllu líður, þá hygg ég þó, að allir hljóti að vera sammála um það, þótt sjálfsagt séu mjög mismunandi skoðanir um, hvernig taka eigi mál eins og þessi, að undravert sé það, hve langt við höfum þó komizt áleiðis með að gera byggingar á mælikvarða nútímaþjóða í landi okkar síðustu áratugina. Ég held jafnvel, að það sé fátt, sem ýmsir útlendingar, sem hingað koma og í einhverri rómantík hafa heyrt talað um torfbæina gömlu í sveitunum og að hér væri lítið annað en torfbæir, undrast meira, þegar þeir koma hingað, en að sjá reisulegar byggingar, eins og hér í höfuðborginni og fleiri kaupstöðum, og ekki síður þegar þeir koma út í sveitirnar og sjá, að sumar sveitir eru með tiltölulega vönduðum og reisulegum húsum, bæði að því er snertir íbúðarhús og peningshús, sem í engu standa að baki og jafnvel framar ýmsu því, sem þekkist í mörgum þeim ríkjum, sem talin eru með mestu menningarríkjum annars staðar. Þetta á vitanlega að vera mikil hvöt fyrir okkur að stöðvast ekki í þessari viðleitni okkar, heldur halda áfram að gera það, sem unnt er, til þess að gera byggingarstarfsemina hér hjá okkur sem fullkomnasta að öllu leyti. En það, sem við viljum stefna að í þessum efnum, er, að allir íbúar þjóðarinnar geti búið í mannsæmandi íbúðum. Hvað átt er við með mannsæmandi íbúðum, getur kannske að einhverju leyti verið deiluatriði, en ég hygg þó, að ekki sé mikill munur á því, hvað við eigum við í því efni. Og samhliða viljum við stefna að því með félagslegum aðgerðum þjóðfélagsins, löggjöf og öðru slíku, að sem allra flestir geti átt eigið hús eða eigin íbúð. Það tel ég eitt aðalatriðið í húsnæðismálunum, að vitandi vits sé að því stefnt, að byggingarmálin þróist í þá átt, eftir því sem unnt er.

Í málefnasamningi þeirrar ríkisstj., sem tók hér við í sept. 1953, er komizt svo að orði, eins og sagt er hér í athugasemdum um frv., en ég skal þó lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Það var þetta veganesti, sem núverandi ríkisstj. hafði, þegar hún tók við störfum, og hún hefur viljað starfa að þessu, eftir því sem hún hefur haft bæði vit og möguleika til, og reynt að hafa samband við völd í þessu landi eins og bankana, með Landsbanka Íslands í broddi fylkingar, til að leysa þetta mál, eftir því sem hún hefur talið að bezt hentaði eins og sakir stæðu nú. Og þrátt fyrir það að henni sé kannske ljóst að einhverju leyti, að hér sé ekki um neina fullnaðarúrlausn á þessu máli að ræða, þá litur hún þó svo á, eins og ég kem að síðar, að hér sé stigið mjög mikið spor í þá átt að koma byggingarmálum þjóðarinnar, bæði við sjó og í sveit, í það horf, að þau geti gengið nokkurn veginn eðlilega fyrir sig eftir ákveðnum leiðum, en þurfi ekki að vera með jafnmikið fálm og bráðabirgðaráðstafanir ár frá ári og einkennt hefur þessi mál að undanförnu. Ég vil í sambandi við þetta aðeins nefna það, að sú stjórn, sem var hér áður og sat frá ársbyrjun 1950 til sept. 1953, hafði gert ýmsar bráðabirgðaráðstafanir varðandi húsnæðismálin. Það má nefna það, að nokkuð af gengishagnaði 1950, þegar gengið var fellt, rann til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum. Það má nefna það, að nokkur hluti af rekstrarhagnaði ríkisins 1951 fór til hins sama. Í þriðja lagi má og nefna það, að smáíbúðadeild var stofnuð 1952 og veittar til hennar á árunum 1952, 1953 og 1954 rúml. 40 millj. kr. Þetta fé var allt látið sem 2. veðréttar lán í smáskömmtum, ekki nema 30 þús. kr. á hverja íbúð, og þetta var mjög takmarkað við smáíbúðir, eins og kunnugt er. En á þennan hátt hafa þó verið veitt lán til um 1600 íbúða úr þessari deild, og til þeirra hefur verið varið þeirri 41 millj. kr., sem til þess hefur verið varið. Ég skal geta þess um leið, að það lætur mjög nærri, að þetta fé hafi að hálfu gengið til íbúða hér í Reykjavík og að hálfu til íbúða utan Reykjavíkur. Það má heita, að það séu helmingaskipti, hvort sem litið er á heildarlánatöluna eða fénu er skipt. Og það er ekki nokkur minnsti vafi á því, að þetta hefur mjög ýtt undir heilbrigða byggingarstarfsemi á þessum árum. Þarna hafa fjölmargir menn, sem annars hefðu ekki getað hafizt handa, gert það í skjóli þess að hafa þó vissu fyrir jafnlítilli upphæð og þarna er um að ræða og á einn eða annan hátt náð í lán út á 1. veðrétt hússins. Sjálfir unnu þeir meira og minna að húsunum, svo að sumir hafa getað komið þessu upp jafnvel fyrir ótrúlega lítið af aðfengnu fé. Það er því ekki að minum dómi nokkur minnsti vafi á því, að þessi starfsemi hefur gert mikið gagn, þótt ekki væri um meira fé að ræða en hér hefur verið nefnt og vitað sé, að þetta var allsendis ófullnægjandi til þess að þeir, sem ekkert fé höfðu sjálfir eða ekki höfðu möguleika til að leggja fram vinnu sjálfir í þetta að ráði, gætu byggt.

Fyrir s. l. ár, 1954, leysti ríkisstj. þetta, sem

hún tók að sér og yfirlýsti hér á Alþ. í málefnasamningnum og var falið af þeim flokkum, sem hana styðja, á þann hátt, að þá fengust 20 millj. kr. frá Landsbankanum til útlána í *smábýladeildinni*. Það var skoðað sem bráðabirgðaúrræði. En svo var hugmynd ríkisstj. þá strax að láta taka þetta mál fastari tökum og athuga, á hvern hátt væri hægt að veita meiri frambúðarlausn en með þessu.

Í *júní* s. l. skipaði ríkisstj. svo nefnd til þess að taka mál þetta til meðferðar á þeim grundvelli, sem lagður var í stjórnarsamningnum. Í þessa nefnd voru skipaðir, eins og stendur hér í greinargerð frv., Benjamín Eiríksson bankastjóri, *sem var formaður nefndarinnar*, Björn Björnsson hagfræðingur, Hannes Jónsson félagsfræðingur, Hilmar Stefánsson bankastjóri og Jóhann Hafstein bankastjóri. Þessir menn viðuðu svo að sér mjög miklu efni, bæði utanlands og innan, um íbúðarhúsaþörfina, söfnuðu skýrslum og útveguðu sér leiðbeiningar erlendis frá um þessa hluti, eftir því sem tími vannst til. Er ýmislegt frá því sagt hér í grg. frv., *sem* ég mun að sjálfsögðu lítið koma inn á, þar sem hver alþm. getur kynnt sér það þar. Bráðabirgðaáliti skiluðu svo nefndin í okt. í haust til ríkisstj. Þetta var bráðabirgðaálit, ýmsar upplýsingar, *sem nefndin hafði aflað sér, og viss* drög að frv. um þetta mál.

Nú var frá öndverðu vitað, að það erfiðasta í þessum málum væri það, á hvern hátt ætti að tryggja, að fé fengist til eðlilega mikilla *íbúðabygginga árlega næstu árin*. Ríkisstj. tók því upp samninga við Landsbankann um það, á hvern hátt hugsanlegt væri að leysa þetta með hjálp bankanna. Varð þetta til þess, að það varð samkomulag um, að Landsbankinn skipaði 2 menn í þessa nefnd í jan. s. l., þá Gunnar Viðar bankastjóra og Jóhannes Nordal hagfræðing, og störfuðu þeir síðan með nefndinni.

Ég get aðeins nefnt það úr skýrslu þeirri, sem húsnæðismálanefndin skilaði og í raun og veru er birt hér, að hún komst að þeirri niðurstöðu, að þörfin á nýjum íbúðum, þegar miðað væri við þéttbýlið eitt, þ. e. a. s. kaupstaði og kauptún, sem ekki teljast til sveita, væri í kringum 900 íbúðir á ári, og þá með því að taka að nokkru leyti tillit til útrýmingar á því lélegasta húsnæði, sem er í landinu og ætti að *vera fyrir neðan það lágmark*, sem hægt er að hugsa sér að fólk geti notað nokkuð verulega til frambúðar. Nú var inn í þetta kerfi tekið að afla byggingarsjóði sveitanna einnig fjár, til þess að hann gæti starfað áfram, því að það hefur mjög komið í ljós nú hin allra síðustu árin, að fjárráð hans voru á þrotum og ekki sýnilegt, að á annan hátt væri hægt að tryggja starfsemi hans áfram en þannig, að hann fengi fé úr því veðlánakerfi, sem hér er verið að koma upp og reynt er með þessari löggjöf og samningum við Landsbankann að tryggja að fé fáist í nú næstu árin. En segja má, að eðlileg *íbúðarhúsabygging í sveitum sé í kringum* 200 íbúðarhús á ári, sem ég að vísu vildi vona að hækkaði frá því, sem nú er, en hefur þó verið nokkuð neðan við 200 íbúðir á ári flest árin að undanförnu. Það má þá segja, að sæmilega sé séð fyrir því í bili með því, nema þá enn stórstígari ráðstafanir verði gerðar með að byggja nýbýli í sveitum landsins. Ef við bætum 200 íbúðum í sveitum við, þá erum við komnir upp í kringum 1100 íbúðir, sem íbúðaþörfin væri árlega eins og nú er. Er þá reiknað að nokkru leyti með, eins og ég tók fram áðan, að yfirgefið sé allra lélegasta húsnæðið og byggt í þess stað, og eitthvað reiknað með tilflutningum, þ. e. a. s., að stöku býli fari í eyði og ekki verði byggt upp á þeim aftur. Þetta voru í raun og veru þær niðurstöður um þörf íbúðanna í allra stærstu dráttum, sem nefndin byggði sínar till. á.

Það hefur sýnt sig, að síðustu ár hafa byggingarframkvæmdir verið mjög miklar í landinu. Samkvæmt skýrslu nefndarinnar, sem hún safnaði um þetta á s. l. ári, liggur fyrir, að í byggingu, allt frá því að húsin væru komin að því að vera fullgerð og að verið væri að reisa grunn, hafi þá verið alls í kaupstöðum og kauptúnum *rúmlega* 1900 hús og í sveitum alls um 340 — 339 er talið þarna nákvæmlega — eða samtals um landið allt 2250 íbúðir. Þetta er mikið, þó að þess sé vitanlega að gæta, að þarna blandast saman framkvæmdir fleiri ára, eins og *gefur að skilja*, og jafnvel fleiri en tveggja að sumu leyti, þar sem menn eru lengi að koma þessu upp, en hvernig sem á það er litið, þá er hér um mjög miklar framkvæmdir að ræða í þessu efni. Og það er held ég alveg rétt, sem nefndin segir í sínu áliti og er prentað í grg., að hún telur 4 atriði, sem séu sérstaklega athyglisverð eins og nú stendur í byggingarmálunum. Það er í fyrsta lagi, að það ríkir talsverður húsnæðisskortur sums staðar. Í öðru lagi, að það er geysimikið húsnæði í byggingu. Nefndin telur geysimikið húsnæði þessar 2250 íbúðir, sem þarna eru á vegi, eins og allir hljóta að gera, held ég, þegar borið er saman við fólksfjölda og annað. Í þriðja lagi, að það sé mjög mikið skipulagsleysi, sem er ríkjandi í byggingariðnaðinum og í byggingarvöruverzluninni, þannig að sama og engin samhæfing eigi sér stað á *byggingarefni og íbúðahlutum* og að oft tefjist framkvæmdir og byggingarnar verði miklu dýrari af því skipulagsleysi, sem í þessu sé ríkjandi. Og svo í fjórða lagi það, að ekkert almennt veðlánakerfi er til, þannig að menn geti fengið hæfileg lán til að byggja íbúðir eða kaupa íbúðir, sem kynnu að hafa verið byggðar af öðrum til þess að selja þær sanngjörnu verði. Ég hygg, að þessar niðurstöður nefndarinnar séu í öllum meginatriðum réttar, eins og ástandið er nú og var s. l. ár, þegar þetta var samið. En upp úr þeim till. eða frv., sem nefndin gerði, eftir að fulltrúar Landsbankans tóku sæti í henni, er svo það frv. gert, sem hér er lagt fram nú, í öllum meginatriðum. Ég skal taka það fram, að n. gerði að vísu till. um fleiri atriði en eru í þessu frv. og gerði till. um fjárveitingar eða fjáröflun á fleiri vegu en hér er gert ráð fyrir, en það var ekki tekið upp í frv., þegar frá því var gengið. Ég tel rétt að nefna þetta aðeins, án þess að ástæða sé til að koma frekar inn á það í sjálfu sér.

Ég mun þá snúa mér að því að fara örfáum orðum um frv. sjálft. Að sjálfsögðu fer ég ekki að ræða einstakar greinar þess, en aðeins draga fram nokkur meginatriði í frv., sem mér virðast vera burðarás þess og að eftir því fari, hvernig þessi tilraun, sem hér er verið að gera, muni gefast.

Í fyrsta lagi er það, að lagt er til, að sett verði á fót sérstök húsnæðismálastjórn, sem 3 menn eigi sæti í. Þessari húsnæðismálastjórn er ætlað að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu, eins og þetta er orðað í 1. gr. frv. Það mætti segja margt um þetta verkefni húsnæðismálastjórnar, sérstaklega að því er lýtur að umbótum í byggingarmálum, því að það er geysilega stórt mál. Á bls. 11 í álitinu er allýtarlega greint frá því, hvernig það er hugsað. Í raun og veru er hugsunin sú, að sett verði upp sérstök stofnun, sem hafi með þessi mál að gera, að nokkru leyti á svipaðan hátt og teiknistofa landbúnaðarins, sem hefur með höndum leiðbeiningar fyrir þá, er byggja í sveitum. Þó er hugsað, að þetta verkefni geti að vissu leyti orðið nokkru víðtækara, þó að teiknistofan hafi nú á seinni árum í raun og veru farið inn á sumt af því, sem hér er nefnt, en hefur til þessa verið algert nýmæli. En fyrst og fremst á þetta að verða leiðbeiningastofnun fyrir þá, sem byggja, og gera tilraunir m. a. til þess, að íbúðirnar eða húsin geti orðið ódýrari við að „standardisera" vissa hluti í byggingunum, eins og hurðir, glugga o. m. fl., sem hægt væri að hafa fjöldaframleiðslu á og gæti á þann hátt fengizt við töluvert lægra verði en annars mundi vera, ef hver smíðaði aðeins eftir því, sem honum dytti í hug að hafa stærð þessara hluta. Það er svo margt, sem hér kemur til greina og nauðsynlegt væri að taka til rannsóknar. Það er geysilegt verkefni hér um rannsókn á byggingarefni, möl og sandi og öðru slíku. Því miður eru þau mistök ekki fátíð í okkar byggingarsögu, að ýmis hús hafa molnað niður eftir tiltölulega fá ár, vegna þess að það hefur verið ónýtt efni, sem til þeirra hefur verið notað, mölin og sandurinn hafa reynzt óhæf eða þá stundum að sement hafi kannske verið sparað um of, sem þá er ekki heldur það bezta. Þetta er náttúrlega hörmulegt og má ekki eiga sér stað í þjóðfélagi, sem byggir mestmegnis úr sementssteypu, eins og nú er með okkur Íslendinga. Þetta hlýtur því að vera geysistórt verkefni fyrir stofnun eins og þessa. Og það eru vitanlega margvíslegar ráðstafanir og athuganir og vísindalegar rannsóknir, sem hér koma til greina í þessu skyni. Þessi hlið á störfum húsnæðismálanefndar er því að mínum dómi geysilega mikilvæg og vonandi, að hún komi að miklu gagni í framtíðinni. Hinu er vissulega ekki að neita, að þetta getur orðið dýrt og umfangsmikið, en þær krónur, sem þar væri eytt, ættu að vissu leyti að koma aftur, ekki einar, heldur margfaldar, ef það, sem á þennan hátt fengist, væri réttilega notað.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar orðum um húsnæðismálanefndina og hlutverk hennar í þessu sambandi, og kem ég þá að öðru meginatriðinu í þessu frv., og það er, að með því er sett upp almennt veðlánakerfi. Meginatriðið er í því það, að Landsbanka Íslands er heimilað að gefa út bankavaxtabréf, sem geta numið allt að 200 millj. kr. og þar af 40 millj. kr., sem eru vísitölutryggð. Þessari heimild fylgir og heimild til að taka erlend lán til þessara hluta, ef þau fást og ef það þykir hagkvæmt að gera það. Hér er um nýmæli að ræða og algert nýmæli að því er snertir hin vísitölutryggðu bréf, sem hér er reiknað með. Nú er það vitað, að það er nokkur óvissa um það, hvort slík bréf mundu seljast og á þennan hátt fást fé til framkvæmda nú strax. En allir munu sammála um, að það sé nauðsyn að koma á fót slíku veðlánakerfi sem hér er lagt til og á þann hátt fá fé í umferð til nauðsynlegra hluta, — fé, sem að sumu leyti fer nú eftir einhverjum krókaleiðum og á þann hátt, að það kemur almenningi ekki að þeim notum, sem ætti og þyrfti að vera. En til þess að tryggja það, að þetta gæti orðið meira en nafnið tómt, náði ríkisstj. samningum við Landsbanka Íslands um það, að hann tæki að sér að tryggja þetta kerfi fyrstu tvö árin. Og þessi heimild, sem ég nefndi áðan, 200 millj. og þar af 40 millj. vísitölutryggð bréf, þó að það sé ekki tekið fram í löggjöfinni, er að vissu leyti bundin við þetta tímabil, sérstaklega þessar 40 millj. af vísitölutryggðu bréfunum. Ég held, að það sé rétt, að ég lesi hér upp bréf Landsbankans um þetta atriði, þó að það sé nú hér í nefndarálitinu, því að það í raun og veru sýnir greinilega og algerlega, hvað Landsbankinn hefur tekið að sér að gera í þessum efnum, miðað við tvö næstu ár, þ. e. a. s. árið í ár og svo 1956. En þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar þannig:

„Í framhaldi af viðræðum, sem fram hafa farið um lausn húsnæðisvandamálsins, vill stjórn Landsbankans gera grein fyrir afstöðu sinni, sem hér segir:

Til þess að tryggja viðunandi lausn þessa vandamáls, telur stjórn bankans, að nauðsynlegt sé, að gert sé samkomulag milli ríkisstj. og bankans, er nái til eftirtalinna atriða:

1) Landsbankinn tekur að sér að ábyrgjast svo mikla sölu vísitölubundinna bankavaxtabréfa á næstu tveimur árum, að hægt verði að veita hverjum, sem rétt hefur til vísitöluláns samkvæmt hinum nýju lögum, vísitölulán að upphæð minnst 20 þús. kr. Þó ábyrgist bankinn ekki meiri sölu en 20 millj. kr. hvort árið um sig. Ábyrgð sína getur bankinn leyst af hendi, ef heppilegra þykir, með kaupum á almennum bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.

2) Landsbankinn leggur ásamt öðrum bönkum landsins fram 20 millj. kr. á ári næstu tvö ár til íbúðarlána, og skal húsnæðismálastjórn ákveða, til hverra lán af því fé skuli veitt. Landsbankinn hefur þegar átt viðræður um þetta við hina bankana og hlotið góðar undirtektir, en framlög af hans hálfu eru því skilyrði bundin, að allir bankarnir taki þátt í þessum framlögum. Landsbankinn tekur að sér að gera samning um þetta við hina bankana í umboði ríkisstj. Framlögunum fyrir hvern ársfjórðung skal skipt fyrir fram milli bankanna

í hlutfalli við sparisjóðsinnstæður hjá hverjum um sig í byrjun ársfjórðungsins. Verði sparifjáraukning á ársfjórðungnum, skal upphæðinni endurskipt á milli þeirra í hlutfalli við þá aukningu. Að svo miklu leyti sem aukningin hrekkur ekki til, skal upphaflega skiptingin standa óbreytt. Endanlegt uppgjör eftir sömu reglum skal fara fram í lok hvers almanaksárs.

3) Landsbankinn tekur að sér að ábyrgjast, að tryggingarfélög, sem ekki eru í opinberri eign, leggi fram 4 millj. kr. á ári í næstu tvö ár til A-lána.

4) Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbankans verði falin fjáröflun með verðbréfasölu til íbúðarlána innan hins nýja veðlánakerfis, sem ætlunin er að komið verði á fót með lögum. Í lögum þessum verði veðdeild Landsbankans veitt heimild til útgáfu nýrra veðdeildarflokka. Bankavaxtabréfin verði skattfrjáls, og skal heimilt að hafa nokkurn hluta þeirra með vísitölukjörum. Veðdeildin fái einkarétt á útgáfu slíkra bréfa.

5) Ríkisstj. mun sjá svo um, að Landsbankinn eigi ætíð einn fulltrúa í húsnæðismálastjórn, en ekki skal sá fulltrúi þó greiða atkvæði um einstakar lánveitingar.

6) Landsbankinn tekur að sér, ef ríkisstj. óskar, að semja í umboði hennar við sparisjóði, lífeyrissjóði og aðra aðila um þátttöku þeirra í því veðlánakerfi, sem komið yrði á fót."

Þetta er bréf Landsbankans, sem er sá samningur, sem þegar hefur verið gerður milli ríkisstj. og bankans um þessi mál.

Hér hefur í nefndarálitinu verið sett upp yfirlit yfir það, hve mikið fé það er, sem á þennan hátt ætti að verða til ráðstöfunar á hvoru ári þessi tvö næstu ár, og það er rétt um 100 millj. kr. Að vísu þarf ekki að taka það fram, það er skýrt tekið fram í greinargerðinni og vita allir, að hér er ekki nema að nokkru leyti um nýtt fjármagn að ræða. Hér er talið það fé, sem á þennan hátt á að vera tiltækt til íbúðarhúsabygginga í landinu. Sömuleiðis er talið fé, sem áður hefur veitt verið á þennan hátt, eins og íbúðalán lífeyrissjóða og annað slíkt, sem áður hefur verið varið í þessu skyni. En hvað sem þessu öllu líður, þá er hér þó um stórmikla aukningu að ræða frá því, sem áður var, eins og glögglega er tekið fram hér í nál.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að það hefur orðið samkomulag um það, að byggingarsjóður sveitanna fengi 12 millj. kr., í réttum hlutföllum A- og B-lán, þessi tvö næstu ár, sem hér er um að ræða.

Nú verða sjálfsagt einhverjir, sem telja, að það sé mjög ófullnægjandi, að hér sé aðeins um tveggja ára samkomulag að ræða hvað þetta atriði snertir. Það er nú kannske tiltölulega þýðingarlítið í jafnreikulu og fjárhagslega óvissu þjóðfélagi og okkar að vera að gera ákveðna samninga upp á vissar krónur langan tíma fram fyrir sig, og ég hef ekki trú á því. Ég held, að það hafi verið samhljóða álit ríkisstj. og Landsbankans, að þetta tveggja ára tímabil væri ágætur reynslutími til að sjá, hvernig þetta gæfist, og á þann hátt taka eftir því, hvort hér væri ekki um kerfi að ræða, sem virkilega væri lifrænt og ætti framtíð fyrir sér. Við treystum því fyllilega, að þetta geti haldið áfram í svipuðum farvegi og á þennan hátt verði komið hér upp heilbrigðu veðlánakerfi hjá okkur og á þann hátt verði hægt að dæla fé á heilbrigðan hátt til ýmissa aðgerða í þjóðfélaginu og þá fyrst og fremst þess, sem hér er talað um, þ. e. húsnæðismálanna, hæfilegra íbúðarhúsabygginga.

Ég skal geta þess, að hér er reiknað með því, að lán verði aðeins veitt út á hæfilegar íbúðir. Hvað með því sé átt við, er kannske dálítið erfitt að skilgreina. En það er átt við með því, að ekki sé um neins konar óhæfilega stórar íbúðir að ræða fyrir almenning í þessu landi, — íbúðir, sem allir venjulegir menn geti sætt sig við að búa í, en séu alls ekki um óhóf stórar.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þennan aðalkafla frv., I. kafla, sem fjallar um þá starfsemi, sem ég hef farið nokkrum orðum um. En svo er hér II. kafli frv., sem fjallar um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og ég skal aðeins fara örfáum orðum um.

Það er vitað og þarf ekki að hafa um það mörg orð, að mestu erfiðleikar flestra þjóðfélaga nú eru, að innan þeirra er meira og minna af íbúðum, sem eru neðan við það lágmark, að það geti kallazt mannsæmandi að búa í þeim, og því miður erum við Íslendingar ekki lausir við þetta frekar en aðrir, hvort sem ástandið er athugað hér eða úti á landi sums staðar, þótt að sjálfsögðu muni bera mest á því hér í höfuðborginni, þar sem aðstreymi hefur orðið eins ört og mikið og reynslan hefur sýnt að undanförnu, og svo þegar það bætist við, að braggarnir eða herskálarnir stóðu hér auðir og var svo gripið til þess óyndisúrræðis að setja fólk í þá á sínum tíma. Það hafa komið fram ýmsar till. um það fyrr og síðar að útrýma þessu með opinberum ráðstöfunum, en í raun og veru hefur ekki enn þá heppnazt að finna úrræði, sem gagnað hafa í því efni. Ekki skal ég segja um það, að þessar till., sem eru í II. kafla þessa frv., muni gera það, en spor er það þó í þá átt og allverulegt spor að mínum dómi. Ég hygg, að nefndin, sem að þessu starfaði, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að með 5 millj. kr. framlagi í 4 ár ætti að mega takast að útrýma allra lélegasta húsnæðinu. Þá er miðað við það, að sveitarfélög legðu á móti og að venjuleg lánskjör fengjust líka á þessar íbúðir. Þetta yrði svona að einhverju leyti aukaframlag til þeirra.

Hér í þessum kafla um útrýmingu heilsuspillandi íbúða er lagt til, að á næstu 5 árum verði varið 3 millj. kr. úr ríkissjóði í þessu skyni. Það er að vísu nokkru lægri upphæð en n. hafði lagt til í fyrstu, en miðar þó mjög í sömu átt og hún lagði til. Þetta er hugsað þannig, að sveitarfélög, sem vilja útrýma slíkum íbúðum hjá sér og um leið taka á sig það, að þær verði teknar algerlega úr notkun, eyðilagðar, geti fengið á móti því framlagi, sem þær veita úr sveitarsjóði eða fá lán til, jafna

upphæð úr ríkissjóði, þó miðað við, að það sé ekki yfir 3 millj. kr. á ári þessi næstu ár.

Ég sé ekki ástæðu til að fara í raun og veru fleiri orðum um þetta. Þetta mál er margrætt, og vitanlega eru allir sammála um nauðsyn þess að útrýma þessum íbúðum, hvort sem er hér í höfuðborginni, Reykjavík, eða úti á landi, sem eru langt neðan við það, sem mannsæmandi getur talizt. Vil ég vona, að hér sé þó stefnt í þá átt, þannig að nokkuð mikið gagn mætti af því leiða.

Ég mun nú láta þetta nægja að mestu, sem ég hér hef sagt. Í III. kafla eru aðeins venjuleg ákvæði, sem ekki þarf að tala verulega um.

Ég veit, að ýmsum þykir um þetta frv., sem Alþingi hefur raunar vitað um að var á döfinni í vetur, að það hafi dregizt lengi, að það kæmi fram, og skal ég ekkert taka illa upp, þó að það sé sagt. Það er rétt, að þetta hefur dregizt lengur en ríkisstj. ætlaðist til. En það hefur orðið margt til þess að fresta þessu og ýmislegt dálítið erfitt um samninga og annað slíkt í sambandi við þetta frv. og eins við lánsstofnanirnar. En ég sé ástæðu til þess, um leið og ég legg þetta frv. fram, að þakka Landsbanka Íslands og um leið öðrum bönkum hér fyrir ágæta samvinnu í þessu máli. Það hefði ekki verið unnt að koma þessu máli í þá höfn, sem það þó er komið nú, nema það hefði verið góður vilji á móti til þess að reyna að leysa þetta verkefni, og það hefði verið mér og ég held mér sé óhætt að segja allri ríkisstj. mjög ógeðfellt að þurfa að fara með lögum að skylda bankana til að gera einhverja hluti í líkingu við það, sem þeir hafa lofað hér, eða þá kannske eitthvað meira, sem mönnum hefði dottið í hug, og það hefði áreiðanlega á allan hátt gefizt miklu verr. En við vonum, að þessi samvinna, sem hér hefur verið tekin upp milli bankanna annars vegar og ríkisstj. hins vegar, verði til þess, að nokkur lausn fáist á þessu máli.

Ég held ég hafi tekið það fram í upphafi, að mér dytti ekki í hug að halda því fram, að hér væri um alfullkomið frv. að ræða, sem leysti öll þessi mál; það er síður en svo. En ég leyfi mér þó að halda því fram, að hér hafi verið gerð mjög alvarleg tilraun til þess með löggjöf og á félagslegan hátt að leysa vandamál íbúðabyggingganna hér í þessu landi, bæði við sjó og í sveit, og það loforð, sem fengizt hefur í gegnum bankana, fullkomið loforð um allmikil fjárframlög næstu tvö ár, sýni það, að hér er ekki aðeins um orð ein að ræða, heldur eigi að fylgja því eftir, að þetta fé fáist og verði notað á þann hátt, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, þegar þessari umr. er lokið, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þá er komið fram það frv. hæstv. ríkisstj., sem Alþingi nú hefur raunverulega beðið eftir frá því það kom saman aftur í febrúar. Þetta mál hefur í blöðum ríkisstj. verið, meðan það var í undirbúningi, túlkað sem eitt hennar allra þýðingarmesta stefnumál, og í stjórnarsamningnum, sem hæstv. félmrh. vitnaði í, segir, að með slíkum lögum sem hér hafa verið undirbúin hafi verið meiningin að leggja grundvöllinn að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. Nú hefur hæstv. ráðherra lýst því, að að vísu sé þetta tilraun til þess að leysa málið til frambúðar, þótt hins vegar sé aðeins tryggt, að þessi tilraun verði í gangi næstu tvö ár. Það fyrsta, sem er eðlilegt að ræða í sambandi við þetta mikilvæga stefnumál ríkisstj., er þess vegna, hvort rétt sé stefnt, hvort sú stefna og sú tilraun, sem ríkisstj. vill að sínu leyti reyna að gera til þess að leysa úr þessu erfiða viðfangsefni, sé rétt. Ég vil taka undir það, sem hæstv. ráðherra sagði, bæði um það stórvirki, sem unnið hefur verið það sem af er þessari öld hér á Íslandi í að húsa okkar land, og eins hitt, hve brýn þörfin sé til þess, að þarna sé haldið áfram með þeim stórhug og samfelldum átökum sem hafa mest orðið. Það, sem við nú þurfum að gera upp fyrir okkur, er, hvort sú stefna, sem ríkisstj., eftir því sem hér var þegar lýst, eftir mikla samninga og margs konar erfiðleika hefur komið sér niður á, sé rétt.

Ég vil þá í fyrsta lagi koma inn á þá spurningu, þegar afstaða er tekin til stefnu í húsnæðismálunum: Að hverju viljum við stefna í þessum málum? Eigum við að gera húsnæðið og húsaleiguna algerlega háða öllum þeim sveiflum, sem eiga sér stað á peningamarkaðinum, og þar með líka öllu því braski, sem á sér stað í venjulegu auðvaldsskipulagi, eða eigum við að reyna að halda húsnæðismálunum og þar með húsaleigunni utan við allt slíkt brask, utan við allar sveiflur á þeim venjulega efnahagslega markaði með því að búa til með lögum þannig sérstök skilyrði hvað snertir byggingar íbúðarhúsa, meðferð þeirra og leigu, að ríkinu takist þannig að halda þeim utan við allar sveiflur peningamarkaðsins? Mönnum kann máske að finnast, að um þessar tvær stefnur geti ekki verið að ræða. En það er þó svo. Og þessar tvær stefnur hafa raunverulega tekizt á í okkar þjóðfélagi fram að þessu.

Ég ætla að taka það fyrst fyrir, hvað það mundi þýða, ef við gætum haldið húsbyggingum, leiguhúsnæðis eða eigin húsnæðis, utan við allan venjulegan peningamarkað. Það mundi þýða, að við gætum þá haldið húsaleigu almennt lágri, að við gætum á því sviði unnið á móti dýrtíð. Ég skal nefna dæmi, svo að menn skilji betur, hvað ég á við. T. d. hér í Reykjavík hefur verið gerð sú ráðstöfun, að allar lóðir utan Hringbrautar hafa orðið eign bæjarsjóðs Reykjavíkur. Allar þessar lóðir eru leigðar út og leigðar venjulega með tiltölulega vægu verði. Innan Hringbrautar eru mestmegnis einkalóðir í einstaklingseign. Þessar lóðir í einstaklingseign kosta núna svo að skiptir hundruðum millj. kr., þó að raunverulega hafi aldrei verið lögð nein vinna í þessar lóðir, heldur er það braskverðmæti, sem hefur skapazt með þróun bæjarins. Þessar lóðir verða þess vegna, eignarréttur þeirra og afgjaldið til eigendanna, smám saman gífurlegur baggi á sjálfu atvinnulífi þjóðfélagsins. Við höfum haldið lóðunum, sem eru utan Hringbrautar

hér í Reykjavík, utan við braskið, utan við þau venjulegu lögmál efnahagslífsins með því að láta þær vera eign bæjarins. Við höfum hins vegar látið lóðirnar innan Hringbrautar lenda inni í þessu braski, verða lögmálum viðskiptalífsins í auðvaldsskipulaginu að bráð með þeim afleiðingum, sem við öll þekkjum. Það eru möguleikar fyrir ríkisvaldið í þjóðfélaginu að ráða um svona hluti. Ríkisvaldið getur ráðið því, hvort slíkum ákveðnum félagslegum fyrirbrigðum svo að segja er haldið utan við þessa hringiðu eða hvort það er látið lenda inni í henni. Hér á Íslandi hefur á undanfarinni hálfri öld hvað eftir annað verið reynt að gera ráðstafanir til þess að halda íbúðarhúsabyggingunum og þar með lausn húsnæðismálsins utan við þessa hringiðu peninganna og markaðsins. Það var gerð slík tilraun bæði í sambandi við byggingar- og landnámssjóðinn og síðar byggingarsjóð sveitanna og alveg sérstaklega hvað kaupstaðina snertir í sambandi við verkamannabústaðina og löggjöfina þar um. Það var sett löggjöf um, að svo skyldi verða séð um af ríkisins hálfu, að til þess að byggja verkamannabústaðina skyldu fást lán með 2% vöxtum til 42 ára, þ. e. lán, sem raunverulega voru ekki og aldrei hafa verið í samræmi við það lögmál, sem gildir hér á peningamarkaðinum. Það hafa alltaf verið miklu hærri vextir og ekki verið hægt að fá svona löng lán á þeim opinbera peningamarkaði. Ríkisvaldið vildi þannig á sínum tíma, fyrir 25 árum, stuðla að því, að haldið væri utan við sveiflur markaðsins þessari viðleitni til þess að bæta úr húsnæðisþörfinni, húsnæðismálin hvað þetta snerti væru tekin út úr, svo að segja, lögmáli hins kapítaliska þjóðfélags og um þau sköpuð sérstök löggjöf og tryggð framkvæmd þeirrar löggjafar með sérstökum fjárframlögum og sérstökum skilyrðum í lögunum. Samtímis þessu fylgdu svo upphaflega þau skilyrði, að þær íbúðir, sem þannig fengjust til afnota, handa verkamönnum í þessu tilfelli, skyldu ekki mega lenda inni í því venjulega braski, að það skyldi ekki mega selja þær á sama hátt og aðrar íbúðir. Framlag ríkisins og aðstoð ríkisins átti að miða að því að forða þessum íbúðum frá því að lenda nokkurn tíma í allri þeirri hringiðu, sem smám saman hækkar húsaleiguna eins gífurlega og raun ber vitni um. Sömu ráðstafanir var reynt að gera með lögunum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og allri þeirri löggjöf, sem þá var sett í eitt kerfi, með lögunum um verkamannabústaði, samvinnubústaði og önnur lög, sem þá voru gerðir sérstakir kaflar í þeim stóra lagabálki.

Hæstv. félmrh. kom inn á það í sinni ræðu, að þetta hefði ekki verið af raunhyggju gert. Það fer eftir því, hvernig við lítum á þessi mál. Þessi viðleitni, sem kom fram með því að tryggja bændum lán til bygginga með 2% vöxtum og til langs tíma, tryggja verkamönnum lán með 2% vöxtum til langs tíma, tryggja bæjunum lán allt upp í 85% af verðmæti íbúðanna, ef þeir væru að útrýma heilsuspillandi íbúðum, herskálum og slíku, — öll þessi löggjöf studdist við raunhyggju. Og hún studdist við alveg ákveðna stefnu. Hún studdist við þá stefnu, að Alþ. og ríkisstj. ætluðu sér að ráða, hvaða stefna ríkti í þjóðfélaginu á þessu sviði, ætluðu sér að taka íbúðarhúsabyggingarnar út úr hringiðu brasksins og setja á sérstakan grundvöll, sem ríkið skapaði, — grundvöll, sem stæði óhaggaður fyrir hvaða sveiflum og bylgjugangi sem ætti sér stað í þjóðfélaginu fyrir utan. En til þess að slíkt gæti átt sér stað, varð að vernda þessa viðleitni með mjög ströngum lögum. Þessi viðleitni og þessi stefna byggðist á raunhyggju. En hún byggðist á raunhyggju, sem markast af þeirri stefnu, að mennirnir geti sjálfir ráðið yfir fjármagninu og þess sveiflum, að mennirnir geti sjálfir, þjóðfélagið sjálft, í þessu tilfelli Alþ., markað stefnuna í þessum málum og geti beygt fjármagnið undir sinn vilja, a. m. k. hvað snertir þennan hluta af efnahagslífi þjóðfélagsins, hvað snertir íbúðarhúsabyggingar og húsnæðismál.

Hin stefnan, að láta undan þeim kröfum einkafjármagnsins og fjármagnsins almennt í þjóðfélaginu að fá að gína yfir húsnæðismálunum líka, að fá að soga húsabyggingarnar inn í allt sitt brask, — þessar tilhneigingar hafa verið ríkar í þjóðfélaginu í kringum okkur, og þessar tilhneigingar hafa verið í baráttu við þessa heilbrigðu félagsmálastefnu frá upphafi, — baráttu, þar sem braskstefnan eðlilega hefur verið mjög sterk, vegna þess að hún var í samræmi við lögmál þjóðfélags, sem var að komast hér á í ríkari og ríkari mæli með hverjum áratugnum sem leið, í samræmi við auðvaldsþjóðfélagið og allar þess tilhneigingar. Við skulum muna það, að byggingar- og landnámssjóðurinn upphaflega og öll þau lög, sem síðan hafa verið sett viðvíkjandi íbúðunum í sveitunum, nú seinast byggingarsjóður sveitanna, og eins lögin um verkamannabústaði var allt saman framkvæmt af flokkum, sem þá á ýmsan hátt vildu skapa aðstöðu hér í þjóðfélaginu, sem væri óháð lögmálum auðvaldsþjóðfélagsins. Þessi stefna byggðist sem sé á raunhyggni, en hún byggir ekki á því að beygja sig fyrir peningamarkaðinum og beygja sig þar með fyrir peningamönnunum og þeirra vilja. Hins vegar varð alltaf að koma þessari stefnu í gegn í meiri eða minni baráttu við bankana og fjármagnið í þjóðfélaginu, og það var erfitt. Fjármagnið og bankarnir og þeirra stefna hafa unnið á í viðureigninni við þetta. — Ég sá alveg á bak við það, sem hæstv. félmrh. sagði, þegar hann lýsti samningunum við bankana, að ríkisstj. hefði verið óljúft að grípa til nokkurra þvingunarlaga gagnvart bönkunum. Það hefur löngum gengið svo hjá okkur á Alþ., að menn hafa heldur kosið að reyna að semja við þá, og það er ákaflega skiljanlegt. En það vill nú því miður oft verða svo, að við náum ekki árangri í þessum málum án þess að beita allhörðu við fjármagnsstofnanirnar og lögmál fjármálalífsins sjálfs.

Ég vil til þess að benda mönnum á, að sú stefna, sem ég er hér að tala um, sé ekki neitt óraunhæf eða óhugsandi í venjulegu auðvaldsþjóðfélagi, aðeins benda á, hvaða stefna er ofan á sem stendur í Danmörku hvað þetta

snertir. Í Danmörku er sem stendur lánamálum til húsnæðismála háttað á eftirfarandi hátt: Hver sá, sem vill byggja sér hús eða íbúð, getur fengið í hvaða veðlánabanka sem er lánað út á 40% af kostnaðarverði hússins með 4% vöxtum til 40 ára. Þetta fær hann í hvaða banka sem er. Enn fremur getur hann fengið — til viðbótar við þessi lán upp á 40% kostnaðarverðsins — 57% kostnaðarverðsins lánað hjá ríkinu. Og ríkið lánar þessi 57% af kostnaðarverðinu með 2½% vöxtum og það í upp undir 100 ár. Með þessu móti getur hver maður í Danmörku, sem vill byggja, fengið lán, sem nemur 97% af kostnaðarverði íbúðarinnar, með vöxtum, sem eru frá 2½% til 4% og lánstími frá 40 til 100 ár. Eins og menn munu skilja, eru auðvitað þessi lán í algerri andstöðu við venjulegt markaðsverð peninga í Danmörku og venjulega lánsfjárskilmála. Það er verið af hálfu ríkisstjórnarinnar dönsku að reyna að skapa þarna þá aðstöðu, að húsnæðismálin sogist ekki inn í braskið, húsnæðið verði ódýrt fyrir verkamenn og aðra þegna þjóðfélagsins og húsnæðisútgjöldin verði lítill hluti af venjulegum útgjöldum fjölskyldu. Það mun vera í Danmörku um 120 danskar krónur á mánuði, þ. e. upp undir 300 kr. ísl. á mánuði, sem menn þurfa að reikna sér í þessum húsum. En um leið er með þeirri löggjöf, sem tryggir mönnum þessi lán, hindrað, að þessar íbúðir geti farið í brask. Það er hindruð raunveruleg sala á þeim. Það er tryggð eins konar erfðaíbúð, ef svo mætti kalla, í sambandi við þetta fyrirkomulag á húsnæðismálunum. Ég vil aðeins geta þessa — það er svipað fyrirkomulag í Svíþjóð líka — til þess að menn sjái, að það er um það að velja, líka í auðvaldsskipulagi eins og hér hjá okkur, að fara sérstaka leið í húsnæðismálunum með sérstökum og að ýmissa áliti allharðvítugum ráðstöfunum gagnvart fjármálalífinu, en um leið mjög góðum ráðstöfunum gagnvart fólkinu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði nokkuð reynt að skýra þá stefnu, sem ég álít að væri heppilegast að reka viðvíkjandi húsnæðismálunum í þjóðfélaginu, og sýnt fram á, að mögulegt væri að reka hana líka, þótt í auðvaldsþjóðfélagi væri, og nefnt þar sérstaklega dæmi um frá Danmörku og Svíþjóð.

Það er rétt, að við því næst reynum að gera okkur nokkra grein fyrir og komum þá inn á þá efnahagslegu hlið í þessum málum, sem snýr að einstaklingnum, hvað sé eðlilegt að þjóðfélagsþegninn verði að greiða af sínum tekjum í húsaleigu, annaðhvort til sjálfs sín sem eiganda íbúðarinnar eða til annarra, sem hann leigir hjá. Þegar við ætlum, eins og þessu frv. er ætlað af hálfu ríkisstj., að leysa húsnæðisvandamálið til frambúðar, þá verðum við að geta gert okkur nokkra hugmynd um, hvað eðlileg aðstaða einstaklingsins sé í þeim efnum og hvaða kröfur hann megi gera til þjóðarbúsins í þessu efni. Við skulum þá fyrst athuga, hvað okkar þjóðfélagsheild, okkar þjóðarbú þarf að ætla sér mikinn hluta af sínum þjóðartekjum á ári til þess að byggja nýtt íbúðarhúsnæði og til þess að viðhalda því gamla án þess að gjalda nokkurn gróðaskatt til eins eða annars. Ég vil stilla þessum reikningi þannig upp: Ef okkar þjóðarbú ætlar að byggja á ári, eins og ríkisstj. reiknar með í sinni greinargerð, 1050 íbúðir, og við skulum segja, að hver íbúð kosti 150 þús. kr., eins og ríkisstj. reiknar hér með líka, þá mundi það þýða um 157 millj., sem þjóðarbúið þarf að leggja fram á ári til þess að byggja 1050 nýjar íbúðir á 150 þús. kr. hverja. Miða ég þá við það sama sem hæstv. félmrh. talaði um, þ. e. frekar litlar íbúðir, sem sé miðaðar við almenningshæfi. Þá er í öðru lagi rétt að áætla, hvað okkar þjóðarbú þarf að ætla sér á ári í raunverulegt viðhald á öllum húseignum, sem fyrir eru. Ég geng út frá, að ef maður reiknar 1% í viðhald af öllum þeim húseignum, sem fyrir eru, þá sé það mjög hátt. Brunabótamat alls íbúðarhúsnæðis, sem nú er til á Íslandi, mun vera í kringum 4000 millj., eða 4 milljarðar. Það mundi þýða, að 1% í viðhald á öllum þeim húsum, sem nú eru til á Íslandi, mundi vera um 40 millj. kr. Og það er eingöngu þetta tvennt, sem þjóðarbúið þarf að ætla sem sitt framlag til að auka og viðhalda íbúðarhúsnæðinu, annars vegar 157 millj. kr. til þess að byggja 1050 íbúðir á ári og hins vegar 40 millj. kr. til viðhalds. Það þýðir 197 millj. kr., eða við skulum segja um 200 millj. kr.; það, sem okkar þjóðarbú sem ein heild þarf að leggja fram á ári til eins margra íbúða og ríkisstj. reiknar með og til viðhalds á þeim íbúðum, sem fyrir eru, mundi vera um 200 millj. kr. á ári. Ef við reiknum þarna með heldur fleiri íbúðum, að það væri nauðsynlegt að byggja meira en 1050 íbúðir á ári, eins og við sósialistar höfum oft haldið fram, ef við reiknum t. d. með, að það væri nauðsynlegt að byggja 1200 íbúðir á ári á sama verði, þá mundi koma út úr þessari samlagningu 225 millj. kr. Það þýðir með öðrum orðum, að okkar þjóðarbú þarf að leggja fram sem heild 200—225 millj. kr. á ári af sínum sameiginlegu tekjum til þess að byggja nýtt og til þess að viðhalda því gamla. Hvað þýðir þetta í prósentum af okkar þjóðartekjum? Nú eru okkar þjóðartekjur mál, sem nokkuð er deilt um hvað sé, og ég skal ekki staðhæfa hér neitt nákvæmlega um það, það hafa mér fróðari menn ekki orðið sammála um, — en ef við reiknum með t. d. 3000 millj., sem ekki mun vera fjarri lagi, þá mundi það þýða, að með 1050 íbúða byggingu væri það sama sem 6.6% af þjóðartekjunum, eða með 1200 íbúðum væri það sama sem 7.5%. M. ö. o. getur þjóðin sem heild komizt af með til að leggja til nýrra íbúða og viðhalda þeim gömlu 7.5% af sínum þjóðartekjum. Og þó að við vildum gera ráð fyrir, að við þyrftum að byggja fleiri íbúðir og dýrari íbúðir og að okkar þjóðartekjur væru minni en þessar 3000 millj., sem ég hér hef slegið fram, þá þýst ég við, að niðurstaðan af þessu yrði alltaf sú, að um 10% af þjóðartekjunum og alls ekki meira væri nægjanlegt til alls, sem þyrfti að byggja í viðbót af húsum á Íslandi og til þess að viðhalda þeim gömlu. Þetta mundi þýða, að svo framarlega sem íbúðarhúsabyggingar á Íslandi væru framkvæmdar án þess, að í sambandi við þær skapaðist nokkur gróði handa nokkrum manni, enginn gróði handa byggingarvörukaup-

mönnum, enginn gróði handa neinu fyrirtæki, sem tæki að sér að byggja, enginn gróði handa neinum, sem lánuðu fé til slíks, ef þetta væri allt saman rekið með það eitt fyrir augum að vinna þetta sem þjóðarþarfir, þá ætti þjóðfélagið í raunverulegan kostnað ekki að þurfa að reikna sér meira en 10% af þjóðartekjunum til að standa undir hinum nýju íbúðum og viðhalda þeim gömlu. Það ætti jafnframt að þýða, að það eðlilega fyrir hvern og einn verkamann og fyrir hans fjölskyldu að borga í húsaleigu, svo framarlega sem hann borgar ekki gróða til neins aðila, neinnar yfirstéttar í þjóðfélaginu, ætti að vera 10% af launum hans. Og þetta er mjög þýðingarmikið atriði að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um, því að þetta mundi vera sú viðmiðun, sem okkur bæri að miða við, þegar við annars vegar ætluðum að gera mönnum mögulegt að eignast hús sjálfir án þess að vera að láta einhverja aðila græða á þeim eða hins vegar þegar við værum að reyna að finna grundvöll fyrir sanngjarnri og réttri húsaleigu, húsaleigu í húsum, sem byggð væru með því móti, að enginn gróðaskattur væri lagður þar á til neinnar yfirstéttar. En hvert er nú ástandið, sem meginhluti verkamanna á við að búa í dag viðvíkjandi þessum málum? Dagsbrúnarverkamaður, sem hefur 3000 kr. á mánuði fyrir 8 tíma vinnu, þarf í mjög mörgum tilfellum að borga 800 kr., 1000 kr., 1200 kr. jafnvel upp í 1500 og 1600 kr. á mánuði fyrir íbúð og það jafnvel fyrir íbúð, sem er ekki stærri en tveggja eða þriggja herbergja. M. ö. o.: Mjög mikið af verkamönnum verður sem stendur að borga þriðjunginn og upp í helminginn af sínum launum í leigu fyrir íbúð.

Með þeim lánskjörum, sem gengið er út frá í þessu frv. á 150 þús. kr. íbúð og sömu lánskjörin miðuð við alla upphæðina, — það er hægt náttúrlega að reikna það dálítið mismunandi eftir því, hvaða kjör eru á þeim helmingi, sem ekki kæmi undir þetta frv., — þá mundi samt sem áður koma út, að t. d. Dagsbrúnarverkamaður mundi þurfa að greiða með þeim kjörum, sem hér er áætlað, frá þriðjungnum upp í helminginn af sínum tekjum á mánuði í húsaleigu — til sjálfs sín að vísu og með því móti smám saman eignast íbúðina, sem sé á 25 árum. En það er auðséð, að meira að segja það felur í sér, að hann borgar á þeim tíma mjög mikinn gróða til ýmissa aðila, sem fá með núverandi skipulagi tækifæri til þess að græða á því, að verkamaðurinn búi í húsi eða sé að eignast hús, allt frá byggingarvöruverzlunum og til okraranna.

Það hefði verið æskilegast að ráðast á móti þeirri tilhneigingu, sem nú er til staðar í þjóðfélaginu að græða á þeim aðilum, sem eru að koma upp húsi yfir höfuðið á sér, og bannfæra gersamlega gróðamöguleikana af húsnæðismálunum og íbúðarhúsabyggingunum. Þetta er ekki gert með þessu frv. Mér sýnist heildarstefnan í þessu frv. vera raunverulega sú að gefast upp fyrir gróðaþorstanum, sem er að gagnsýra þjóðfélagið, að gefast upp fyrir okrurunum, sem græða á íbúðarhúsabyggingunum, að reyna að blíðka þetta okraravald og elta það, reyna að segja við það: Mínir góðu, kæru okrarar, viljið þið nú ekki heldur láta mig fá peningana ykkar fyrir 7%, og ég skal gefa þér skattfrelsi og ég skal veita þér fleiri hlunnindi, og þú verður góður borgari, ef þú gerir þetta, en hættu nú bara að okra. — Það er auðséð, að sú nefnd, sem hefur undirbúið þetta frv., hefur sjálf gengið út frá því, að það væri mikið um okurkjör í þessum efnum nú sem stendur í þjóðfélaginu. Á sjöttu bls. í greinargerðinni stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Einkaaðilar, sem nú lána til húsbygginga með okurkjörum, eiga þá ekki lengur aðgang að 1. veðrétti. Um leið verða tiltölulega vaxtahá skattfrjáls skuldabréf hagkvæmari kaup fyrir þá en áður, þar sem þeim stendur til boða — í bezta tilfelli — aðeins 2. veðréttur, á eftir tiltölulega háu 1. veðréttar láni.“ M. ö. o.: Nefndin, sem undirbýr málið, gerir sér sjálf ljós hin almennu okurkjör núna og að það þurfi að segja við þessa okrara: Þið getið fengið hérna háa vexti, þið getið fengið hérna skattfrelsi, þið getið fengið að fela peningana ykkar, hví í ósköpunum viljið þið nú heldur vera að okra og eiga jafnvel á hættu að komast undir lögin? Ég held, að það eigi að taka fastari tökum en nefndin leggur til á fjármagninu, ekki sízt vegna þess að allt fjármagn, sem til er í þessu þjóðfélagi, er undir yfirráðum þessarar stofnunar. Það er þessi stofnun, sem ræður öllum bönkum landsins, ræður seðlaútgáfunni og getur sjálf ráðstafað fjármagninu, svo framarlega sem hún gerir sig ekki að leiksopp í hendi fjármagnsins í stað þess að vera herra þess.

Mér sýnist, að með þessu frv. sé gefizt upp fyrir okurstefnunni, fyrir gróðaþorstanum, sé haldið áfram að láta húsnæðismálin sogast inn á þann almenna peningamarkað, verða braskinu að bráð, láta húsleigjendurna og húseigendurna verða að gjalda sinn skatt til gróðans og gróðamyndunarinnar, láta þjóðfélagið líka hvað húsnæðismálin snertir komast inn undir alræði peningavaldsins. Það getur engum blandazt hugur um það, að verð húsnæðis í þjóðfélaginu skapast fyrst og fremst af vaxtagreiðslum. Það eru vaxtagreiðslurnar, sem fyrst og fremst ráða því, hvort húsaleiga í einu þjóðfélagi er lág eða há, og vextirnir, sem ákveðnir eru í þessu frv., sem á að leysa þessi vandamál til frambúðar eða a. m. k. reyna það, eru 7%, — vextir, sem voru fyrir nokkru á Íslandi á takmörkum þess leyfilega.

Ég álít þess vegna, að það sé illa farið, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa treyst sér til þess að halda áfram að reyna að þroska þá vísa, sem fyrir voru og bentu í aðra átt, eins og byggingarsjóði sveitanna og verkamannabústaðanna og lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Ég fagna því hins vegar, að það skuli, hvað það tvennt fyrrnefnda snertir, sem ég minntist á, ekki vera gerð tilraun til þess að eyðileggja það með þessum lögum. En í staðinn fyrir að reyna nú að færa það fyrirkomulag, sem ríkir um verkamannabústaðina og byggingarnar í sveitunum, inn á það almenna fyrirkomulag um íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðunum, er hér farin sú leið að henda húsnæðismálunum svo að segja í heild inn á þann lánsfjármarkað, beygja þessa brýnu þörf manna fyrir húsnæði undir þau lögmál, sem þar eru, og tryggja samt bara næstu

tvö árin heldur skárri, heldur öruggari en það eymdarástand, sem við eigum nú við að búa, — því að það skal ég fyllilega viðurkenna, þótt ég muni gagnrýna margt í þessu frv. og þess stefnu, að þá er ýmislegt í því, sem er stór bót frá því ægilega eymdarástandi, sem almenningur á við að búa í augnablikinu í þessum efnum, þó að ég álíti hins vegar bæði stefnu þess og einstök stór atriði í framkvæmd þess vera röng. Og þá skal ég koma nánar inn á einstök atriði í þessu frv. eftir þennan almenna formála um stefnu þess.

Í I. kaflanum, sem heitir: Um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga, er auðséð, að eitt aðalatriðið í sambandi við þetta mál er þessi húsnæðismálastjórn, sem hér á að setja á laggirnar. Og hvernig er hún nú?

Í 1. gr. er svo mælt fyrir, að í húsnæðismálastjórn skuli sitja 3 menn, sem ríkisstj. skipar til 6 ára. Í 8. gr. er mælt svo fyrir, að húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum veita skuli A-lánin úr veðdeildinni, og það eru aðallánin í þessu efni, því að hver maður, sem fær A-lán, á rétt á að fá B-lán. Í bréfi Landsbankans til ríkisstj., sem hæstv. félmrh. las upp og prentað er í grg., stendur á bls. 10 í grg., 5. tölul. í bréfi Landsbankans, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. mun sjá svo um, að Landsbankinn eigi ætíð einn fulltrúa í húsnæðismálastjórn, en ekki skal sá fulltrúi þó greiða atkvæði um einstakar lánveitingar.“ Í skýringunum við 8. gr. er enn fremur tekið fram, ef þetta skyldi ekki vera nægilega skýrt frá hálfu Landsbankans, með leyfi forseta: „*Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því, að fulltrúi bankans í húsnæðismálastjórn taki þátt í ályktunum hennar um það, hverjir skuli hljóta lán, ef umsóknir eru fleiri en unnt er að sinna.*“ M. ö. o.: Í sambandi við þessa húsnæðismálastjórn rekum við okkur á það, að það eru engar reglur settar í þessum lögum, hverjir skuli ganga fyrir um að fá húsnæði. Það eru engar reglur í þessum lögum um það, að forréttindi hafi t. d. barnmargar fjölskyldur, fjölskyldur, sem hafa búið í herskálum, fjölskyldur, sem að einhverju leyti vegna fátæktar eða slæms efnahags yfirleitt þyrftu sérstaklega á því að halda að njóta þó þess stuðnings, sem þessi lög kynnu að verða fram yfir þau almennu okurkjör, — engar reglur, ekkert eftir þörf, efnahag eða slíku, heldur virðist hér eiga að innleiða í löggjöf beinlínis, *að þetta skuli fara eftir velþóknun valdhafanna.*

Ég hef nokkrum sinnum hér á þessum stað átalið eitt fyrirbrigði, sem tíðkazt hefur undanfarið í sambandi við smáíbúðalánin. Það var sú aðferð, sem tekin var upp af hæstv. ríkisstj. þegar úthluta skyldi smáíbúðalánunum, að fela það ekki bönkunum, heldur útnefna 2 menn, annan þáverandi formann framsóknarfélagsins í Reykjavík og hinn þáverandi formann sjálfstæðisfélagsins í Reykjavík, og það rétt fyrir kosningar, í að úthluta smáíbúðalánunum, og mér er kunnugt um og fleirum er kunnugt um, hvernig þau lán hafa verið notuð, hvernig rekin hefur verið vægðarlaus mútustarfsemi, vægðarlausar tilraunir til kaupa og sölu á mönnum og atkvæðum í sambandi við þau lán. Það hefur þess vegna bæði af mér og öðrum verið deilt harðlega á það skipulag, og ég bjóst satt að segja við, að í frv., sem ríkisstj. legði fram, mundi hún þó reyna að sýna einhvern lit á því að hafa nokkrar réttlátari reglur og reyna einhvers staðar að nálgast eitthvert réttlæti í úthlutuninni á íbúðunum, þegar til kæmi, en ekki gera pólitíska hlutdrægni að lögbundnu kerfi á Íslandi. Ég þyki almennt ekki vera góður í garð Landsbankans, en ég hef þó hvað eftir annað lagt hér til, að Landsbankanum væri falið að sjá um úthlutun lánanna til smáíbúðanna, og ég sé, að nú hefur þó a. m. k. átt að fara inn á það, að Landsbankinn ætti fulltrúa í þeirri nefnd, sem ætti að sjá um húsnæðismálastjórnina, og ég veit, að í þeirri stofnun eru margir menn, sem trúa mætti til algerrar samvizkusemi til að breyta sem heiðarlegir embættismenn í sambandi við eins vandasöm mál og úthlutun íbúðalána, þannig að óhætt væri að fela slíkri stofnun stjórn á þeim málum, sem snerta það, hverjir skuli fá íbúðalán, enda svo til ætlazt með lögum, sem nú eru í gildi um veðdeild Landsbankans, að bankastjórn Landsbankans sjái um slíkt. En ég sé, að hæstv. ríkisstj. hefur frá upphafi viljað setja undir lekann, hún hefur viljað koma til vegar, þó að það væri ekki hægt að útiloka óhlutdræga embættismenn Landsbankans frá því að sitja í húsnæðismálastjórn, að þá mætti það undir engum kringumstæðum koma fyrir, að óhlutdrægur embættismaður gæti skakkað leikinn á milli tveggja pólitískra útsendara, tveggja ólíkra flokksfulltrúa. Þess vegna er Landsbankinn látinn gefa yfirlýsingu um, að *hans fulltrúi skuli ekki taka þátt í* atkvæðagreiðslum um, hverjir skuli fá íbúðalán, og venjan er þó sú, að þegar 3 menn eru í nefnd, þá er þriðji maðurinn hugsaður í nefndinni til þess að hafa oddaatkvæði. Hér er oddaatkvæðið tekið burt, til þess að eingöngu skuli geta ráðið pólitísk hrossakaup.

Þetta á að gerast um lán, sem úthlutað verður 1955, þ. e. á þessu ári, og lán, sem úthlutað verður 1956, þ. e. á næsta ári. Á tveim árum fram að næstu kosningum eiga fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl., tveggja stjórnarflokka, máske áfram fyrrverandi formaður framsóknarfélags í Reykjavík og fyrrverandi formaður sjálfstæðisfélags í Reykjavík, að sjá um þessa hluti. Ég verð að segja það, að mér finnst óskammfeilnin færast upp í bekkinn, þegar á að fara að lögbinda það *spillingarkerfi, sem þessir stjórnarflokkar hafa* verið að innleiða hér á Íslandi að undanförnu, og mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar það eru jafnvel til ráðherrar, sem stundum kunna að minnast á hlutleysi ríkisvaldsins, en eru að gera ríkisvaldið að beinu spillingarkerfi, mútukerfi í þjónustu stjórnarflokkanna í þessu sambandi. Fyrr á tímum þótti sjálfsagt að reyna að halda því fram, að ríkisvaldið væri það vald, sem svifi yfir stéttunum og tæki jafnt tillit til allra og allir skyldu vera jafnir fyrir. Hér eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að menn verði ekki jafnir fyrir þessum lögum, að menn hafi *ekki jafnan rétt til þessara lána, enda* eru dæmin um framkvæmdirnar í þessu efni deginum ljósari. Þetta er þess vegna auðsjáanlega undirbúningur að beinum, stórfelldum kosningamútum, stærri en þeim, sem framkvæmdar

voru í sambandi við smáíbúðalánin við síðustu kosningar. Og ég vil sérstaklega segja það til Framsfl., að ég vil vara hann við að fallast á þessa stefnu og halda henni áfram. Ef hann ætlar að fara að keppa við íhaldið um mútukerfi á Íslandi, þá liggur hann undir í þeirri samkeppni. Hann sér það nú þegar, hvort sem hann vill líta til Vestur-Ísafjarðarsýslu eða hvaða annars staðar sem hann vill, ef á að fara að keppa um mútur og hver getur boðið í, þá er peningavaldið hér í Reykjavík nægilega sterkt til þess að kaupa upp menn og nógu mikið af mönnum, svo framarlega sem það á að fara að verða aðalatriðið í undirbúningi kosninga á Íslandi að múta fólki og gera mönnum mögulegt að ná fram rétti sínum eða hagsmunum einvörðungu með því að sýna pólitíska þægðarsemi eða selja sína sannfæringu. Ef menn ætla að standa á móti því peningavaldi, sem er að gagnsýra þjóðfélagið, þá er í þessu efni það eitt til að þora að berjast fyrir því, að það sé ekki peningavaldið, sem ræður í þessum efnum, og að menn hafi í þjóðfélaginu jafnan rétt án tillits til þess, hver þeirra sannfæring er.

Ég vil alvarlega vonast til þess, að það takist að breyta þessu ákvæði í meðferð þingsins á þessu máli, að það ákvæði verði þó a. m. k. tekið þarna inn, að allir þessir 3 menn greiði atkvæði um, hverjir skuli fá lán, að Landsbankinn eigi þó þarna einn fulltrúa til þess að ákveða um það. Ég veit, að mörgum mun finnast, að það sé ekki farið fram á mikið réttlæti af hálfu stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi, þó að óskað sé eftir því, að Landsbankinn, þar sem allir bankastjórar eru skipaðir af stjórnarflokkunum, fái þó nokkru að ráða um, hverjir skuli fá íbúðalán.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast til þess og hef meðfram þess vegna mælt svo þung orð sem ég hef mælt hér, að þessu atriði fáist breytt og þrátt fyrir það að Landsbankinn hafi verið látinn afsala sér atkvæðisrétti í bréfinu, sem hér er prentað með, þá sé og verði það ákveðið þannig hér í þinginu, að allir þessir þrír menn hafi þar atkvæðisrétt. Mér finnst það vera það allra minnsta, sem stjórnarflokkarnir geta veitt almenningi, að þó að þeir hafi þarna tvo beina pólitíska fulltrúa, þá geti þó Landsbankinn haft þarna þriðja fulltrúa sinn til þess að greiða atkvæði líka til þess að vega salt á milli þeirra. Mér finnst það ekki vera stórt að gera kröfu til þess, að þessi litli snefill af réttlæti fái að koma með inn í þetta frv.

Þá skal ég láta útrætt um húsnæðismálastjórnina og kem nú að því, sem er stærsta efnahagslega atriðið í þessu frv., þ. e. bankavaxtabréfin. Með þessum bankavaxtabréfum er ákveðið hvað A-lánin snertir, að af þeim skuli vera 7% og þau skuli vera til 25 ára. Ég vil aðeins strax taka það fram, að ég álít þessa prósenttölu allt of háa, en ég skil alveg, af hverju hún markast. Hún markast af því, að ríkisstj. vill fara þarna í samkeppni um þann frjálsa peningamarkað. Ég vil hins vegar benda ríkisstj. á, að henni er ekki þörf á þessu, ef hún vill beita sínu valdi. Seðlaútgáfan er léð Landsbankanum af Alþingi. Seðlaútgáfan, þær tvö til þrjú hundruð millj. kr., sem nú eru seðlavelta á Íslandi, er fjármagn, sem Alþingi getur ráðstafað, ef það vill. Alþingi getur sagt við Landsbankann: Af þessum tvö til þrjú hundruð millj. kr., sem ég leyfi þér að hafa í veltunni sem seðlaútgáfu, krefst ég þess, að svona og svona mikið sé notað til þess að lána til íbúðarhúsabygginga. — Ríkið sem slíkt hefur engar tekjur af seðlaútgáfunni sem stendur. Ríkið getur hvenær sem það vill krafizt tekna af seðlaútgáfunni. Það getur hvenær sem er gert ráðstafanir til þess, að t. d. svo og svo mikill hluti af seðlaútgáfunni skuli notast á þann hátt, sem ríkið mælir fyrir, og af seðlaútgáfunni eru nú engir vextir borgaðir, — í hæsta lagi getum við hugsað okkur seðlakostnaðinn, hann svarar kannske ¼% eða eitthvað slíkt, — þannig að ef við aðeins viljum beita því valdi, sem við höfum á Alþingi, þá getum við sett okkar skilyrði þarna, og það hefur verið gert áður, þegar okkur hefur þótt liggja mikið við, var m. a. gert í sambandi við lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Svo er farið inn á nýja leið í íslenzkum efnahagsmálum, eftir því sem mér er bezt kunnugt um, með till. um B-lánin, að B-lánin, sem séu þó ekki yfir 40 millj. kr., skuli vera bankavaxtabréf með visitölukjörum, þannig að binda megi greiðslu afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er mjög merkilegt nýmæli, og það er engum efa bundið, að með því má færa bæði mörg rök og móti því sömuleiðis.

Ég skil vel, hvað vakir fyrir hæstv. ríkisstj. með þessu og ekki að ófyrirsynju. Sparifjáreigendur hafa mikið kvartað undan því gífurlega öryggisleysi, sem þeir hafa átt við að búa, og þarna á sem sé að gera tilraun til þess að verðtryggja það sparifé, sem menn vildu leggja fram til þess að kaupa þessi B-bréf. Hins vegar mundi það þýða, að þeir, sem tækju þessi B-lán, mundu verða að greiða þau aftur þannig, að þau hækkuðu í hlutfalli við vísitölu framfærslukostnaðar. Það þýðir, að maður t. d., sem fyrir 15 árum hefði tekið slíkt 10 þús. kr. lán, yrði að endurgreiða það kannske miðað við tífalt verðmæti nú.

Ég er ekki nógu vel að mér til þess að segja fyrir um, hvernig svona nýmæli mundi verka í okkar þjóðfélagi. Ég skil vel þá löngun ríkisstj. að vilja reyna að skapa sparifjáreigendum nokkru meira öryggi en nú er. En ég vil benda á eina staðreynd í þessu sambandi, sem að vísu er ákaflega grimm og hörð, en mikilvæg. Öll þróun í mannfélaginu, og sérstaklega þróunin síðustu tvö-þrjú hundruð árin, eftir að framfarir mannkynsins fóru að verða örari, hefur hvað efnahagsmálin snertir haft það í för með sér, að skuldaskrár hafa raunverulega meir og meir verið eyðilagðar, að skuldir, sem hafa hvílt á húsum, framleiðslutækjum, jörð eða hvaða verðmæti sem er, hafa smám saman orðið að engu. Þær hafa verið strikaðar út með ýmsu móti. Verðgildi peninganna fellur í gegnum aldirnar. Eyðilegging skuldaskránna er fyrirbrigði, sem gengur fyrir sig með mismunandi hraða í þjóðfélaginu, og þessi hraði stafar að sumu leyti eða stendur að sumu leyti í beinu hlutfalli við framfarir þjóðfélagsins. Örar efnahagslegar framfarir, ör uppbygging í þjóðfélaginu eyðileggur þessar gömlu skuldaskrár. Þetta er raunverulega hart

og grimmt lögmál lífsins, lögmál framkvæmdanna gagnvart þeim kröfum, skuldakröfum, lánardrottnakröfum, sem hvíla á framkvæmdunum og verðmætunum. Ef þetta hefði ekki gengið svona, þá hefðu þær gömlu skuldakröfur orðið þannig þyngsli, að það hefði þjakað allri þróun þjóðfélagsins. Engu að síður er það alveg gefið, að ef þessi þróun er svo ör, að menn fara ekki að þora að eiga peninga vegna þess, þá er þjóðfélagið í vissum voða, og að finna samræmi þarna í, það er sá stóri vandi. Ég sé, að með þessum tillögum, sem hér er verið að gera, á að ganga mjög langt í þessum efnum. Ég veit ekki, hvort þetta heppnast. Ég veit ekki, hvort — þó að það séu kannske margir, sem vildu lána upp á þessi býti — það yrðu eins margir, sem þyrðu að taka þessi lán. Ég efast um það. Hér í þessum lögum er ekkert ákveðið um vextina á B-lánunum, ekki neitt, og það er á vissan hátt illa farið. Ég hafði eiginlega búizt við því, að minnzt yrði að einhverju leyti á, hvað ríkisstj. hefði haldið að þeir vextir mundu verða. Ég skil, að það er dálítið erfitt að ákveða það fyrir fram, en það er alveg gefið, að eigi þetta að koma að nokkru haldi, skapa nokkurt öryggi fyrir lántakendur, þá yrðu þeir að vera mjög lágir, enda skilst mér eftir lögunum, að þeir muni sjálfir líka vera dreifðir í hlutfalli við framfærsluvísitöluna. Og svo kemur eitt atriði í þessu sambandi, sem er allerfitt „júrediskt" atriði, og það er, að þarna er ákveðið að það skuli greiða þetta með vísitölu framfærslukostnaðar. Vísitala framfærslukostnaðar hefur verið ákaflega breytilegt hugtak á síðustu áratugum á Íslandi, og þegar á að gefa út skuldabréf, sem byggja á þeirri vísitölu, þá er ég hræddur um, að það þurfi að taka þetta miklu nákvæmar fram en hérna er gert, ef það á að vera nokkurn veginn öryggi fyrir bæði þá, sem lán veita og lán taka. Við vitum, hvers konar ráðstafanir eru gerðar til þess að gera vísitölu framfærslukostnaðar raunverulega allt aðra en hún yrði, ef þróun þjóðfélagsins væri látin hafa sinn gang, og slíkar ráðstafanir er náttúrlega hægt að gera áfram. Hér er miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, sem byggir á grundvellinum frá 1939. Við skulum bara hugsa okkur, að sá grundvöllur héldist alla næstu áratugi, meðan ætti að borga þessi bréf, en samtímis héldi álíka þróun áfram í þjóðfélaginu og núna hefur verið, en ríkisstj. tæki bara upp á því að borga alltaf niður þessa liði, eins og að sumu leyti hefur verið gert á undanförnum árum Þetta mundi náttúrlega gefa alveg rammskakka mynd af því, sem verið væri að reyna að gefa mönnum núna. Ég gæti trúað og vildi skjóta því að hæstv. ríkisstj. og þeirri n., sem fær þetta til meðferðar, hvort það væri ekki a. m. k. öruggara fyrir báða aðila að miða þarna við vísitölu kaupgjaldsins heldur en framfærsluvísitöluna, en ég mundi gjarnan vilja heyra álit mér fróðari manna um þennan hlut. Ég býst við, að í nokkrum löndum hafi þetta verið prófað, og væri mjög gott að fá að vita nánar, hvernig það hefur þar gefizt.

Í þessari 3. gr. er enn fremur ákveðið, að þessi bankavaxtabréf skuli vera skattfrjáls, þau skuli vera undanþegin eignarskatti, þau skuli vera útsvarsfrjáls, og þannig á að halda áfram að veita lánveitendunum mjög mikil fríðindi. Maður veitir því ósjálfrátt eftirtekt, að eigendum peninganna eru sköpuð fleiri og fleiri fríðindi með hverjum lögum sem nú eru samþykkt, skattfrelsi, háir vextir og annað slíkt, en skapendum verðmætanna, þeim raunverulegu framleiðendum og þá fyrst og fremst verkamönnunum er íþyngt að sama skapi með þeim háu vöxtum, sem verið er að lögleiða, og með þeim fríðindum, sem verið er að veita peningamönnunum.

Þá er í 6. gr. rætt um lánaupphæðina, og það virðist almennt gengið út frá, eins og líka hæstv. félmrh. skýrði frá, að þær íbúðir, sem fyrst og fremst ætti að styðja hér að, að kæmust upp, væru íbúðir, sem kostuðu í kringum 150 þús. kr., og ég er nú hræddur um, að það þurfi að gera allharðvítugar ráðstafanir viðvíkjandi byggingarvörukaupmönnum og fleirum, ef við eigum að fá mjög mikið af góðum, mannsæmandi íbúðum á því verði. Það stendur í b-lið 6. gr., að lánaupphæðin megi nema ⅝ hlutum af verðmæti íbúðarinnar, þó ekki yfir 100 þús. kr. út á hverja íbúð, en í c-liðnum stendur, að lán til hverrar íbúðar skuli að jafnaði vera um 70 þús. kr., A-lánin 50 þús. kr., B-lánin 20 þús., — lántökugjald 1%; það virðist vera að verða alveg fast ákvæði hjá bönkunum og nú vera leidd í lög slík gífurleg „provision" eins og það er. 70 þús. kr. lán yrði þá að öllum líkindum það venjulega í þessum efnum. Ég er hræddur um, að þetta hámark, 100 þús., yrði frekar undantekning. Það þýðir, að menn fá með þessu 70 þús. kr., 50 þús., sem menn eiga að endurgreiða á venjulegan máta, og 20 þús., sem menn verða að endurgreiða með hækkandi vísitölu, og ef það eru eignalausir menn, sem eiga að leggja í þetta, þá vantar menn 80 þús. upp í 150 þús. kr. íbúð. M. ö. o.: Þó að — eins og nefndin kemst að orði — okrararnir séu reknir burt frá 1. og 2. veðréttinum, þá er því miður hætta á, að ýmsir neyddust til að leita til þeirra með þann þriðja og fjórða, ef þeir þá vildu lána út á þann veðrétt. En mér sýnist, að sú nefnd, sem hefur undirbúið þetta mál, og þar með hæstv. ríkisstj. sjálf, hafi gert ráð fyrir þeim undarlega hlut við samningu þessa frv., að menn hefðu sjálfir yfirleitt næga peninga til þess að leggja fram það, sem á vantaði. Í grg. frv. stendur á bls. 5, með leyfi hæstv. forseta:

„Í flestum tilfellum, þar sem húsnæði vantar, er um fólk að ræða, sem getur greitt af tekjum sínum sem svarar húsaleigu af nýju húsnæði. Þar sem svo er ástatt, verður að líta svo á, að um sé að ræða eftirspurn, sem geti greitt fullt verð fyrir þjónustuna. Það, sem vantar, er þá fjármagn, sem hægt sé að festa til langs tíma, en ekki það, að neytandinn þurfi styrks með."

Mér virðist þessi afstaða hafa ákaflega mikið markað þetta frv., að gera ráð fyrir, að menn hafi yfirleitt nægar tekjur til þess að greiða húsaleigu eins og hún yrði með 7% vöxtum, 1% lántökugjaldi, ¼% aukagjöldum og máske að einhverju leyti okurvexti af 80 þús. kr., sem menn yrðu að fá þarna í viðbót, eða þá að menn væru það efnaðir, að þeir gætu lagt slíkt fram. Mér virðist ekki vera hugsað um, að það séu láglaunamenn eða verkamenn a. m. k., láglauna-

menn meðal þeirra, sem geti í ríkum mæli hagnýtt sér þessi þó litlu fríðindi, sem þarna á að veita mönnum. Mér virðist vera gert ráð fyrir því, að það sé betur stæði hlutinn af verkamönnum og millistéttum, sem hér sé fyrst og fremst verið að hugsa um. Við verðum að muna eftir því, eins gott og er að stefna að því, að menn eigi sína eigin íbúð, að það þarf þá líka að miða lánskjörin og lánstímann við það, að menn kikni ekki undir því að eignast eigin íbúð, að menn meira að segja á atvinnuleysistímum og krepputímum þurfi ekki að selja þessar íbúðir jafnvel fyrir „slikk“, vegna þess að í þeim hafi menn fest allt það, sem þeir yfirleitt eiga af sparifé, og geti tapað því með því. Mér finnst of mikið miðað við það, að þessi lög væru ekki fyrst og fremst til að hjálpa þeim, sem fyrst og fremst eru hjálparþurfi.

Þá er II. kafli þessa frv. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Mér sýnist nú satt að segja aðalatriðið í þeim kafla vera afnám laganna, — þó að það standi formlega í næsta kafla á eftir, — afnám á III. kafla laganna frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, — þess kafla, sem fjallar um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Ákvarðanir eða lagafyrirmælin frá 1946 um útrýmingu heilsuspillandi íbúða hafa alltaf verið þyrnir í augum fjármálavaldsins hér í Rvík, og það var þess vegna snemma byrjað á því, strax 1947, að fella þau í framkvæmd úr gildi. Nú á að drepa lagabókstafinn líka. Um leið er svo sagt, að 3 millj. kr. skuli ríkið leggja fram, ef sveitarfélög leggi fram samsvarandi. 3 millj. kr. frá ríkinu er raunverulega allt, sem ríkið ætlar að leggja fram, skilst mér, eftir þessum lagabálki. Það hefur þó ekki þótt mikið, þegar ráðstafanir hafa verið gerðar og ráðstafað hefur verið tekjuafgangi fjárlaga, þó að jafnvel 20 millj. kr. færu í einn stað, eina lánsstofnun eða slíkt. En þegar um það er að ræða að útrýma heilsuspillandi íbúðum, og það sérstaklega íbúðum eins og braggahverfunum, sem hæstv. félmrh. fór hér alveg réttum og vel sögðum orðum um, þá eru 3 millj. látnar duga, 3 millj. frá ríkinu og 3 millj. frá — við skulum segja — Reykjavíkurbæ eða þeim öðrum aðilum, sem þarna gætu lagt fram á móti. Hér í Reykjavík munu vera yfir 500 slíkar íbúðir, sem þyrfti að útrýma og það strax. Það þyrfti að byggja sem sagt yfir 500 fjölskyldur, og við skulum reikna, svo að maður reikni eins og ríkisstj., með næstu fimm árum, þótt það sé alllangur tími, of langur tími. Ef það ætti að byggja 150 þús. kr. íbúðir, 100 íbúðir á ári, þá væri það fyrir 15 millj., sem þyrfti að byggja á ári, en með þessu móti væru ekki til nema 6 millj. upp í það, þannig að það er auðséð, að meira að segja sú litla áætlun, sem þarna virðist felast á bak við, er ekki framkvæmd með þessu móti. Lélegasta húsnæðinu, — húsnæðinu, sem hæstv. ráðh. sagði réttilega að væri okkur til skammar og þeim, sem í því búa, til armæðu og hörmunga, — yrði ekki útrýmt einu sinni á næstu fimm árum með þessu. Ég held, að þarna yrði að gera betur. Ég held, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, ætti í fyrsta lagi að hækka þessa fjárhæð, og hún ætti í öðru lagi að milda ofur lítið ákvæðin. — Ég vil vekja eftirtekt á, hvernig þau eru, með leyfi hæstv. forseta: „Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu fimm árin, að því tilskildu, að sveitarfélagið sjái um, að hið ónothæfa húsnæði verði tekið úr notkun, enda greiði ríkissjóður ekki framlag sitt, fyrr en því ákvæði er fullnægt. Sem sagt, fyrst eftir á, þegar búið sé að byggja þetta allt saman og búið sé að jafna braggana við jörðu, þá greiði ríkissjóður sitt framlag. Það á að lána ríkinu þetta á meðan. Annars er venjulega, meira að segja í þessum lögum, ákvæði um, að jafnóðum sem byggt er, þá skuli þó lagt fram lán í því skyni að gera byggingarnar mögulegar.

Ég hef nú sagt álit mitt á þessu frv., deilt á höfuðstefnu þess, tekið fram, hvað ég áliti hneykslanlegt í því og beinlínis þyrfti að breyta hér í meðförum þingsins. Þótt ég hafi að vísu ekki gert mér miklar vonir um frv. ríkisstj., þá hafði ég samt búizt við skárra en þessu. Engu að síður verð ég að viðurkenna, að miðað við það hrædilega ástand, sem nú er búið við í þessum málum, þá yrði ýmislegt til bóta í þessu frv. Ég vil vonast til þess, að það gæti náðst samkomulag við meðferð málsins í þinginu að gera á því þær endurbætur, að það hneykslanlegasta í því yrði afnumið, nokkuð af því, sem til bóta er, yrði gert betra, þó að ég hins vegar geti ekki gert mér vonir um, að höfuðstefnunni verði breytt. Þeirri höfuðstefnu þess, sem markast af hagsmunum peningavaldsins í Reykjavík, markast af því að draga húsnæðisþörfina inn í allt gróðabrallið, gera nauðsyn manna á því að fá húsnæði að leiksopp fyrir braskið og peningavaldið, verður vafalaust ekki breytt, nema til komi ný stjórn í okkar landi, stjórn, þar sem peningavaldið ræður ekki lengur.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs nú af því, að enginn annar var á mælendaskrá. Það er í raun og veru fátt eitt, sem ég þarf að segja í sambandi við það, sem fram hefur komið. Að vísu hefur hv. 2. þm. Reykv. látið í ljós ýmsar efasemdir og gagnrýni á þessu frv. Það eru atriði, sem sum er rétt að athuga nánar. Annað er minna um vert og kemur til athugunar í meðferð þingnefndar á þessu máli. Ég tel, að það sé þess vegna eðlilegast núna, að málið fái sem skjótasta afgreiðslu til nefndar, og vildi aðeins takmarka mig við örfá atriði úr ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem rétt er að vekja athygli á strax.

Hann talaði um úthlutun lánanna, um það væru engar reglur í lögunum og það væri í raun og veru hneyksli; hér ætti að hefja einhverja ógurlega mútustarfsemi að tilhlutan Sjálfstfl. og Framsfl. Það stendur nú í frv., að þriggja manna húsnæðismálastjórn á að úthluta lánunum, og það er ákveðið í frv. Hins vegar kemur það fram í bréfi frá Landsbankanum, að hann óskar ekki eftir að hlutast til um lánveitingarnar. Engu að síður hafa þessir þrír menn samkv. frv. rétt til úthlutunar lánunum, eins og frv. er. Hvaða reglur

gilda um það í lögum um banka og aðrar peningastofnanir, hvernig úthluta eigi lánunum? Mig undrar það, að hv. þm. skuli furða sig á því, að hér skuli ekki settar nánari reglur um þessi lán, sem húsnæðismálastjórnin á að úthluta. Ekki virðist hann fetta neinn fingur út í það, þó að engar sérstakar reglur séu um það umfram það, sem gengur og gerist, að þau lán, sem t. d. til landbúnaðarins eiga að fara eða byggingarsjóðsins, fari í gegnum Búnaðarbankann. Þar er einn bankastjóri. Hann veitir þessi lán o. s. frv. Hvaða ástæða er til að ætla, að þrír menn í húsnæðismálastjórn séu eitthvað öðruvísi gerðir menn en aðrir forráðamenn peningastofnana, þegar að því kemur, að þeir taki ákvarðanir um þessi lán. — Hann vék dálítið að smáíbúðalánunum og talar um heilmikið hneyksli í sambandi við úthlutun þeirra lána. Ekki eitt einasta dæmi nefndi hv. þm. því til sönnunar. Þetta hafa flokksbræður hans og ýmsir aðrir áður talað um, en það hefur líka verið látið við það sitja, án þess að nokkur rökstudd gagnrýni hafi komið fram á opinberum vettvangi um þau hneyksli og þá mútustarfsemi, eins og hv. þm. orðaði það, sem þar hafi átt að eiga sér stað.

Að vísu er það nú svo, að í reglunum í frv. er beinlínis í 12. gr. tekið fram, að íbúðir þær, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skuli njóta lána samkv. I. kafla, svo að það er beinlínis ákveðið. — Honum fannst kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi íbúða vera rýr að vöxtum, sagði: Ef það þarf að byggja 100 íbúðir til að útrýma bröggum t. d., segjum á 150 þús. kr. hver íbúð, þá eru það 15 millj., sem til þess þarf. Hér eru áætlaðar einar 3 millj. frá ríki, og komi annað eins frá bæjarfélögum, þá eru það 6 millj. — En það er gert ráð fyrir, að lán séu einnig veitt til þessara aðila, og þá um 7 millj., svo að samtals er með lánum og þeim möguleikum, sem felast í framlögum II. kafla, um að ræða 13 millj. kr. Þetta er því ekki eins rýrt og hv. þm. vildi vera láta.

Menn geta harmað það, að numinn sé úr gildi III. kafli laga um opinbera aðstoð við íbúðarhúsnæði frá 1946, sem skyldaði ríkið til þess að lána 85%, held ég, eða 75—85%, ef bæjarfélag byggði til að útrýma heilsuspillandi íbúðum, til 40—50 ára með 2% vöxtum o. s. frv. Þetta leit allt saman vel út á pappírnum. Í eitt ár stóðu þessi lög í framkvæmd og síðan ekki meir. Þó að lögin hafi ekki verið numin úr gildi, þá hefur framkvæmd þeirra verið frestað og þau engum komið að liði til þessa dags. Og ég fyrir mitt leyti legg miklu meira upp úr raunhæfum ákvæðum í löggjöf, sem borgararnir fá notið góðs af, heldur en pappírsákvæðum, sem hafa sýnt sig í framkvæmdinni að vera einskis virði.

Það er rétt, að það er ekki talað um vexti af B-lánunum hér í frv. En það mun hafa verið um það rætt, án þess að það liggi nokkuð fyrir um það, enda er gert ráð fyrir því, að nánari reglur verði settar um það í reglugerð, að það væru lægri vextir, hversu mikið skal ég ekki segja, kannske eitthvað um 5% vextir af þeim. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að hér er um nýjung að ræða, sem kannske er ekki eins auðveld og ekki eins einföld í framkvæmd og menn kunna að hyggja við fyrstu sýn. En aðalatriðið er nú samt sem áður það, að hér er verið að gera tilraun, og það veltur mikið á því, hvernig sú tilraun tekst, hvað verður um áframhald hennar. Það, sem er veigamikið í sambandi við þessi B-lán, er að reyna að örva menn til þess að leggja fé sitt í verðbréfakaup og með þessu móti að tryggja þeim, að peningarnir falli ekki of mikið í gildi. Að vísu kemur á móti sú hætta, sem lántakandinn á þá yfir höfði sér, að verðsveiflurnar verði of miklar og lánin síðar meir honum of dýr. Allt er þetta að sjálfsögðu sjónarmið, sem verðskulda fyllstu athygli og þurfa að takast um miklu nánari ákvarðanir, áður en sett verða ákvæði um það. En það er gert ráð fyrir því, að um það verði sett ákvæði í reglugerð og undir forstjórn og þá einkum og aðallega á ábyrgð þjóðbankans, sem forgöngu hefur í þessu máli.

Lánsupphæðina taldi hv. ræðumaður litla, ¾ miðað við 150 þús. kr. íbúð. Að vísu væri það ekki há upphæð, 150 þús. kr., og sennilega yrðu lánin ekki nema 70—100 þús. kr. til að byrja með, kannske fremur til að byrja með 70 þús. kr. Alveg er það rétt, að þetta eru ekki háar upphæðir, en það er þó réttilega fram tekið af hv. 2. þm. Reykv., að þær eru nokkuð veigamiklar, miðað við það ástand, sem verið hefur og ríkt hefur í þessum efnum, og komizt hér á veðlánakerfi það, sem gert er ráð fyrir og er þá byggt upp og staðið á bak við af Landsbankanum, þá ættu nokkrar vonir að standa til þess, að það gæti sjálft átt fyrir sér að eflast og vaxa, miðað við það, sem gert er ráð fyrir í frv. að sé fyrst í stað. Og það er rétt að hafa það í huga, þegar sagt er, að ekki sé nóg fyrir eignalausa eða eignalitla menn að fá 70—100 þús. kr. út á íbúð með 1. veðrétti, það vantar þá einar 80 þús. kr., ef íbúðin á að kosta 150 þús. kr., hvað hefur gerzt í sambandi við smáíbúðabyggingarnar, og vil ég þar vikja að því, sem hefur gerzt fyrr hér í Reykjavík. Ég man eftir því, þegar Reykjavíkurbær skipulagði smáíbúðahverfið svokallaða og það var gefið frjálst að byggja smáíbúðir innan vissra takmarka, og var þó enginn almennur lánamarkaður, sem viðkomandi húsbyggjendur áttu aðgang að, að þá var því haldið fram af mörgum, að þetta væri ekki nema til að sýnast og hér væri verið að byggja nýtt fátækrahverfi í Reykjavík. En hver hefur svo orðið reyndin? Þetta hverfi hefur byggzt upp með 500—600 íbúum á örskömmum tíma, með undraverðum hraða og ævintýralega mikilli atorku af þeim mönnum, sem að þessu hafa staðið, og sannast að segja eru fjölmörg dæmi til þess og ég þekki þau persónulega, að eignalausum mönnum hefur við þau skilyrði, sem hér hafa ríkt, tekizt með dugnaði sjálfs sín, sinna vina og vandamanna að koma þarna upp mjög sómasamlegum íbúðum yfir höfuðið, sem kosta sennilega meira en hér er um að ræða, áreiðanlega að kostnaðarverði um 200 þús. kr., þegar miðað er við þá, sem þurfa að kaupa bæði alla vinnu og allt efni. Sú reynsla, sem þarna er fengin, gefur vonir um það, að þó að þessi lán séu lægri en æskilegt væri, þá geti þau samt sem áður orðið verulega mikil örvun til nýrra framkvæmda á sviði húsnæðismálanna.

Það eru ekki fleiri atriði, sem gefa mér tilefni til athugasemda nú á því, sem fram hefur komið. Ég tel langveigamesta þáttinn í þessu máli vera þann, að hæstv. ríkisstj. hefur sýnt einlægan hug á því að framkvæma það stefnuskráratriði, sem hún setti sér, þegar stjórnin var mynduð, að leggja grundvöllinn að því að leysa lánsfjármálið til frambúðar. Það eru m. ö. o. tímamót, sem eiga sér stað í peningamálum okkar með framlagningu þessa frv., enda þótt það gangi í veigamiklum atriðum skemmra en menn kunna að óska. Peningastofnanir landsins og bankarnir hafa verið lokaðir fyrir fólki til íbúðalána á undanförnum árum. Nú eru þessar peningastofnanir opnaðar, og það er til þess ætlazt, að þeir, sem vilja og hafa atorku til þess að reyna að byggja yfir sig íbúðir, eigi hæfilegan aðgang að lánum hjá þessum peningastofnunum landsmanna, og þjóðbanki landsins hefur tekið að sér forgönguna, heitið ríkisstj. forustu sinni í þessu efni, og að þessu leyti eru mjög mikil straumhvörf á orðin í þessum málum frá því, sem verið hefur.

Mér er það ljóst, að það veltur að verulegu leyti um framgang þessa máls á forgöngu og atorku Landsbankans, sem hefur samkv. því, sem fram kemur í grg., heitið ríkisstj. sínum fyllsta stuðningi í þessu máli.

Vafalaust eru ýmis atriði, sem þurfa nánari athugun við meðferð málsins hér á þingi, en ég tel fyllstu ástæðu til þess að fagna mjög, að þetta frv. er fram komið, en alveg sér í lagi vegna þess, að mér er kunnugt um það við undirbúning þessa máls að tilhlutun ríkisstj. í húsnæðismálanefnd, að innan hæstv. ríkisstj. hefur ríkt mjög mikill og einlægur áhugi fyrir framgangi þessa máls, og ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti viljað ganga á fremsta hlunn með að bæta úr því, sem aflaga hefur farið í þessu efni á undanförnum árum. Þegar saman fer slík stefna og slíkur samstilltur vilji hæstv. ríkisstj. og sú aðstoð, sem heitið er af þjóðbanka landsins, þá vil ég leyfa mér að gera mér vonir um, að hér sé kannske miklu stærra mál á ferðinni en við fyrstu sýn sýnist.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem segir í grg. þessa frv., að húsnæðismálið er eitt af meiri háttar félagslegum vandamálum þjóðarinnar. Þetta er félagslegt vandamál vegna þess, að það hefur ákaflega mikla þýðingu fyrir alla íbúa þjóðarinnar, hvernig þeirra húsnæðisaðbúð er. Það orkar ekki einasta á þeirra heilsufar og þeirra líkamlegu velliðan, heldur hefur það líka önnur og meiri áhrif. Það orkar á þá, ef ég svo má segja, sálrænt, hvernig þeir búa, hvort þeir búa við algerlega óviðunandi húsnæðisskilyrði eða hvort þeir búa í sæmilegri íbúð. Það er þess vegna vissulega þýðingarmikið atriði, hvernig fyrir þessum málum er séð og hvernig hugsað er af hálfu hins opinbera að leysa þetta vandamál, svo að allir þjóðfélagsþegnarnir geti þar sæmilega við unað.

Þetta húsnæðisvandamál skiptist greinilega í æði marga hluta. Ég vildi fyrir mitt leyti segja, að það skiptist í fyrsta lagi í þrjá mjög aðgreinda og sjálfstæða hluta, sem verður að leysa hvern út af fyrir sig. Fyrsti hlutinn er sá, hvernig byggt skuli, rannsókn byggingarefna, skipulag bæjarhluta, útvegun hagkvæmra íbúðateikninga, endurskoðun byggingarsamþykkta. Í 2. gr. frv. er fram tekið, að allt þetta skuli tekið fyrir til rannsóknar og yfir það skuli vera sett sérstök stjórn, sem hafi með höndum, eins og þar segir, yfirstjórn allrar leiðbeiningarstarfsemi um byggingarmál.

Það er vissulega þýðingarmikið, að byggingarframkvæmdirnar séu gerðar á þann hátt, að þær séu „praktiskar" fyrir þá, sem eiga að nota íbúðirnar, og að þær séu ekki heldur of dýrar og ríði þeirra fjárhag á slig.

Í 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að sett skuli á stofn sérstök húsnæðismálastjórn, sem heyri undir félmrn. Þessi húsnæðismálastjórn á í fyrsta lagi að hafa yfirstjórn þessarar leiðbeiningastarfsemi, eins og ég sagði áðan. Þar fer náttúrlega ákaflega mikið eftir því, hvernig þetta verk fer húsnæðismálastjórninni úr hendi. Það er ekki nóg að setja þetta á pappír, það hefur verið gert áður. Um mörg þessara atriða, sem hér hafa verið nefnd, hafa verið sett l., samþ. um þau þáltill. og ýmislegt fleira, en sannast sagna hefur það, sem út úr því hefur komið, ekki alltaf svarað til óskanna og verið eins og menn höfðu búizt við, þegar ákvæðin voru sett. Það hefur t. d. verið samþ. hér á Alþ., að útvega skuli teikningar af íbúðarhúsum, tæknirannsóknir eru hér hafðar um hönd, byggingarsamþykktir eru undir eftirliti skipulagsnefndar bæja, og ýmislegt annað hefur verið gert af þessum atriðum, sem nefnt er í kaflanum að nú eigi að heyra undir húsnæðismálastjórnina, án þess að það hafi út af fyrir sig valdið nokkurri byltingu í þessum málum. Það má segja það kannske, að nokkuð hafi þokað fram á við í þessum málum öllum, en nokkuð, sem úrslitum hefur valdið, hefur þó ekki komið út úr því.

Ég fyrir mitt leyti er í vafa um það, hvort sú húsnæðismálastjórn, sem hér er gert ráð fyrir að skipa og aðallega á að hafa með höndum lánveitingar samkvæmt síðari greinum þessa frv., sé allra heppilegasti aðilinn til þess að hafa með höndum yfirstjórn þessara mála. Það á einn maður úr þessari húsnæðismálastjórn að vera skipaður af Landsbanka Íslands. Tveir hinir verða vitanlega, eins og nú horfir, skipaðir þannig, að annar verður skipaður af Sjálfstfl. sem hans sérstaki fulltrúi og hinn af Framsfl. sem sérstakur fulltrúi þess flokks. Hvort þessum þrem mönnum, einum frá hvorum flokkanna, pólitísku fulltrúunum og fulltrúa bankanna, tekst að hafa þá yfirstjórn þessara mála, sem æskileg er og nauðsynleg, það leyfi ég mér mjög að efast um. Ég hefði haldið, að yfirstjórn þessara mála, leiðbeiningastarfseminnar fyrir húsbyggjendur, væri betur komin hjá einhverjum öðrum aðila, sem hefði á þeim raunhæfa þekkingu og fullkomna yfirsýn yfir þær þarfir og þá hluti, sem þar þyrfti að gera, heldur en að húsnæðismálastjórninni, eins og hún þarna er hugsuð, verði sett til þess að hafa yfirstjórn málanna. Að vísu sker reynslan náttúrlega úr, hvernig þetta verður, en mér virðist þó, að þetta atriði geti mjög orkað

tvímælis og að því hefði verið betur fyrir komið á annan veg.

Annað atriðið, sem allt veltur eiginlega á í byggingarstarfseminni, er það, hvernig fé er útvegað til byggingannna, hversu greiðan aðgang menn eiga að því fé og með hvaða lánskjörum það er veitt, bæði vaxtafótur og til hve langs tíma og annað slíkt. Það hefur verið tekið fram hér í þessum umræðum og er tekið fram í grg. fyrir frv., að í þessum efnum hafi á undanförnum árum ríkt hin mesta ringulreið, og er það vissulega satt og rétt. Ég álít það vera einn höfuðkost frv. að gera tilraun til að safna á eina hönd þessum lánveitingum í skipulagsbundna starfsemi, sem veitir lán eins og þarna er heitið, allt að ⅔ kostnaðar, eða 100 þús. kr. á íbúð sem hámark, en forðast eða reyna að losna alveg við þá mjög ófullkomnu, sundurlausu og dýru lánastarfsemi, sem hér hefur átt sér stað að undanförnu.

Ef menn hafa ætlað sér að byggja á undanförnum síðastliðnum árum, hefur sannast sagna ekki verið í mörg hús að venda með útvegun lána. Ég veit, að svo hefur það verið þar sem ég þekki bezt til, t. d. í Hafnarfirði. Þar hefur sparisjóður staðarins venjulega getað veitt ⅓ kostnaðarverðs eða 20% af byggingarkostnaði sem 1. veðréttar lán, og ég ætla, að á þeim stað hafi flestir, sem byggt hafa, fengið þá aðstoð, en þar út yfir hefur eiginlega hvergi verið neitt fast land undir fótum. Menn hafa leitað fyrir sér, þar sem þeir hafa talið einhverjar líkur vera, fengið stutt lán með kannske allháum vöxtum og sumir meira og sumir minna, eftir því sem þeir hafa haft samböndin til, en allt hefur þetta verið svo sundurlaust og svo erfitt, að menn hafa oft og tíðum komizt í vandræði með að ljúka þeim byggingum, sem þeir hafa byrjað á. Ef það tekst, sem í frv. er gert ráð fyrir, að hægt verði að lána ⅔ hluta byggingarkostnaðar út á hverja íbúð með 1. veðrétti og þeim kjörum, sem frv. gerir ráð fyrir, þá álít ég vera mikið unnið.

Að vísu er hámark sett á þessi lán, 100 þús. kr., þannig að gera má ráð fyrir, að það hrökkvi ekki til í nándar nærri öllum tilfellum til þess að greiða ⅔ byggingarkostnaðarins, því að það er lítil íbúð og ófullkomin í dag, sem kostar ekki nema 150 þús. kr. Ég teldi nær sanni að ætla, að sæmileg þriggja herbergja íbúð, sem er raunverulega það minnsta, sem menn geta komizt af með, mundi kosta nær 200 þús. kr. og í sumum tilfellum yfir þá upphæð heldur en 150 þús. kr., eins og hér er raunar gert ráð fyrir og lagt til grundvallar, þegar hámarkstalan er sett, 100 þús. kr. á hverja íbúð. En allt um það, þó að þetta takist ekki að fullu, þá er með þessu, sem þarna er stofnað til, mikið unnið að mínu viti.

En þá er þriðja atriðið og ekki það ómerkasta, og það er, hvernig á að bjarga hinum, sem geta ekki staðið undir þeim lánskjörum, sem hér eru tilfærð, og kannske enn hærri lánskjörum á þeim hluta byggingarkostnaðarins, sem fæst ekki á þennan hátt, hvað á að gera til þess að bjarga þeim. Um það þegir frv. svo gersamlega, og það gerir það raunar aðeins að því er tekur til frv. sjálfs, því að í grg. er sagt skýrum stöfum, að það sé ekki ætlazt til, að með þessu frv. sé greidd gata þeirra manna, sem geta ekki undir þessum kostnaði staðið. Í grg. á bls. 5 standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta: „Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það að sjálfsögðu langheilbrigðast og affarasælast fyrir afkomu þjóðarinnar í heild, að neytandinn greiði kostnaðarverð þessarar þjónustu eins og annarrar. Um leið er það bezta tryggingin fyrir því, að nægilegt framboð verði á húsnæðisþjónustunni, að neytandinn borgi fullt verð fyrir hana.“ Þarna er raunverulega sagt, svo að ekki verði um villzt, að það er ekki í frv. gerð tilraun til að hjálpa þeim, sem geta ekki borgað fullu verði íbúðina með *þeim núverandi kostnaði*, sem er á þessum íbúðum.

Við skulum aðeins gera okkur grein fyrir, hvað þetta þýðir. Ef íbúðin kostar í kringum 200 þús. kr., þá má það heita vel sloppið með þeim lánskjörum, sem hér er gerð grein fyrir í frv. á 100 þús. kr., að hann borgi fyrir þær 8 þús. kr. á ári, og á hinum 100 þús. kr., að hann borgi kannske eitthvað örlítið minna af þeim, ef hann hefur átt eitthvað af því sjálfur, við skulum segja 4—5 þús. kr., þannig að kostnaðurinn verði í heild 12—13—14 þús. kr. á ári, og þá er að spyrja: Hafa verkamenn og láglaunamenn, eins og launakjör þeirra eru í dag, möguleika til að greiða þetta verð fyrir íbúðirnar? Ég held varla. Launakjörin eru í dag þannig, að verkamaðurinn hefur 3000 kr. á mánuði, og ef hann á að borga 1000—1200 kr. fyrir íbúðina sína, þá verður lítið eftir í allar aðrar þarfir. Ýmsir opinberir starfsmenn hafa ekki miklu hærri laun og sumir lægri, þannig að þeir geta ekki notfært sér þau hlunnindi, sem í frv. felast um útvegun lána, einfaldlega vegna þess, að þeir hafa ekki ráð á því.

Í nágrannalöndum okkar, þar sem ég þekki bezt til, er gert ráð fyrir, að hæfileg útgjöld í húsaleigu séu um ⅙ til ⅛ af tekjunum. Samkvæmt því mætti maður, sem hefur 3 þús. kr. mánaðartekjur, ekki *borga meira en 500—600* kr. á mánuði. Hér er, eins og frá frv. er gengið, ekki möguleiki til, að ég get séð, að komast hjá því að eigandinn, ef hann hefur ekki átt því meira til af peningum, þegar hann hóf bygginguna, þurfi að borga að minnsta kosti 10—12 hundruð kr. á mánuði. Þetta tel ég höfuðgallann á frv.

Aðstoð hins opinbera við íbúðarhúsabyggingar annars staðar, þar sem ég þekki til, hefur fyrst og fremst miðað að því að gera tekjulágu fólki mögulegt að eignast sómasamlega íbúð. Það er ekki gert með þessu frv. Það, sem gert er með þessu frv., er að gera þeim kleift, sem einhver fjárráð hafa, þegar þeir stofna til byggingarinnar, eða hafa verulega hærri laun heldur en verkamenn, að eignast íbúð yfir höfuðið. Um hina er ekki hugsað. Eina tilraunin til þess að gera þessu fólki fært að eignast þak yfir höfuðið af hálfu hins opinbera eru lögin um verkamannabústaði. Þar er, eins og kunnugt er, farið þannig að, að með aðstoð ríkis og bæja er byggingarsjóðum verkamanna gert kleift að lána fé með lægri vöxtum en sjóðirnir fá sitt fé fyrir eða þurfa að borga fyrir þá peninga, sem þeir taka sjálfir að láni. Með þessu móti hefur verið hægt að lækka útgjöld þessara manna, sem njóta að-

stoðar verkamannabústaðalaganna, það mikið, að það getur orðið samrýmanlegt þeirra núverandi tekjum.

Þessi lög hafa gert ákaflega mikið gagn, það sem þau hafa náð, en gallinn hefur aðeins verið sá, að þau hafa náð of skammt, þannig að fjárráð byggingarsjóða verkamanna hafa verið miklu minni en æskilegt hefði verið og nauðsynlegt hefði verið, til þess að þeir gætu uppfyllt þetta hlutverk, sem þeim var í upphafi ætlað að vinna, *að útvega láglaunafólki góðar íbúðir fyrir lítið fé.*

Ef verkamaður með 3000 kr. mánaðartekjur á að greiða 1000—1200 kr. á mánuði í húsaleigu, þá hlýtur það að verða eitt meðal annars til þess, að hann verður að krefjast hærri launa. Hann getur ekki komizt af með þau laun, sem honum eru skömmtuð í þjóðfélaginu, og þá húsnæðisgreiðslu, sem hann á þennan hátt verður að inna af hendi. Þetta gerir það óhjákvæmilegt fyrir hann að krefjast hærri launa til þess að geta borgað húsnæðið og þó lifað að auki, sem vissulega er nauðsynlegt líka, svo að maður komist vægt að orði, að hann hafi eitthvað meira en til þess að borga fyrir sitt húsnæði.

En hvernig hefur nú verið búið að verkamannabústaðasjóðunum síðustu árin? Það hefur verið búið þannig að þeim, að lán til þeirra hafa bókstaflega talað verið stöðvuð. Ég veit ekki, hverjum það er að kenna eða hvort það er yfirleitt neinum opinberum aðilum að kenna, en útkoman hefur orðið sú, að verkamannabústaðasjóðirnir hafa ekki getað starfað. Þeir hafa svo að segja engin lán getað veitt síðustu árin, vegna þess að þeir hafa ekki haft yfir neinu fé að ráða. Mér finnst það fyrst og fremst vanta í þetta frv., að nokkrum hluta þess fjár, sem hér er gert ráð fyrir að úthluta, sé varið til verkamannabústaðasjóðanna, svo að þeir geti aftur tekið upp þá starfsemi, sem þeir höfðu áður uppi og tókst í mörgum tilfellum með ágætum, svo að menn búa víða á landinu að því, þó að víðast sé það í of smáum stíl, en á þó nokkrum stöðum er það þó mjög veruleg hjálp. Ég skal t. d. nefna það, að í Hafnarfirði höfum við byggt af þeim um 1000 íbúðum, sem í bænum eru, í kringum 100 íbúðir í verkamannabústöðum eða 1/10 hlutann, og þegar það er komið upp í þá tölu, þá fer að muna um það, hvað sem við kann að bætast. Þessi starfsemi hefur þó á síðastliðnum árum alveg stöðvazt vegna fjárskorts byggingarsjóðsins.

Það vita allir, sem þessi mál hafa kynnt sér, að húsnæðisútgjöld þeirra manna, sem í verkamannabústöðum búa, eru á engan hátt sambærileg við húsnæðisútgjöld neinna annarra manna í þjóðfélaginu; þau eru svo miklu lægri. Það er vegna þess, að með þeim styrk, sem ríki og bær leggja til byggingarsjóðanna, er sjóðunum gert kleift að lána sitt fé fyrir viðráðanleg kjör, sem menn geta þess vegna notfært sér, þó að þeirra tekjur séu ekki háar.

Í þessu frv. er að vísu látið liggja að því, með óákveðnu orðalagi þó, að það sé möguleiki til þess að lána byggingarsjóðum sveitanna og byggingarsjóðum verkamanna. Í grg. er einhvers staðar frá því skýrt, að ríkisstj. hafi ákveðið að ráðstafa 12 millj. kr. á ári af þessu fé, sem hér er til umráða, þessum 100 millj., til byggingarsjóðs sveitanna, en það er ekkert, engar tilsvarandi upplýsingar í grg. um það, að ákveðið hafi verið að verja nokkru fé til byggingarsjóða verkamanna. Mér hefði nú sannast sagna ekki þótt það nema sanngjarnt, að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið, um leið og hún ákvað í frv. að veita þetta fé til byggingarsjóðs sveitanna, að veita ekki lægri upphæð, svo að maður fari vægt í sakirnar, til byggingarsjóða verkamanna í kaupstöðum. *Ég vil vona það, að við meðferð málsins* hér í þessari hv. d. verði þetta atriði tekið til athugunar, og ef hv. n., sem fær málið til meðferðar, kemur ekki með einhverja till. í þá átt, þá hygg ég, að ég muni koma með brtt. um það, að þessu verði slegið föstu, því að ég álít það einna nauðsynlegasta atriðið í allri opinberri aðstoð við húsabyggingar, að það séu gerðar ráðstafanir til þess, að þeir, sem minnstar tekjurnar hafa, fái líka möguleika til þess að eignast húsnæði, sem sé — eða kalla megi — sómasamlegt húsnæði og með viðráðanlegum kjörum eftir þeim tekjum, sem þeir hafa.

Þá eru í þessu frv. nokkur nýmæli, eins og t. d. það, að gefin skuli út vaxtabréf, sem eru bundin með vísitölugreiðslu. Þetta nýmæli hefur það ég veit — og ég held áreiðanlega — aldrei verið reynt hér á landi fyrr. Þetta er náttúrlega viss uppörvun fyrir þá, sem fé eiga og vilja tryggja það á góðum vöxtum, að fá auk vaxtanna tryggingu fyrir því, að þeir fái það endurgreitt með sams konar uppbótum og vísitala á greiðsludegi gefur til kynna. En fyrir þann, sem lánið tekur, hlýtur þetta auðvitað að þýða tilsvarandi kvöð, þannig að hann verður um leið að taka á sig þá skuldbindingu að greiða þennan hluta lánsins með þeirri umframgreiðslu, sem vísitalan á gjalddaga gefur tilefni til. Þetta ásamt þeim háu vöxtum, sem hér er farið fram á, gerir það enn ótryggara fyrir þá, sem lág laun hafa, að taka lán úr sjóðnum.

Um lánveitingarnar almennt, þ. e. a. s. þessa 100 millj. kr. lánveitingu, sem safnað er saman a. m. k. að forminu til á einn stað og sett undir eina stjórn, er það að segja, að þessi upphæð er náttúrlega ekki öll — og langt frá því öll — nýtt fé til íbúðarhúsabygginga. Verulegur hluti af þessu fé er fenginn frá sparisjóðum og lífeyrissjóðum, en báðir þessir aðilar hafa lánað á undanförnum árum mjög verulegt fé til húsabygginga. Og án þess að ég hafi kynnt mér það mál sérstaklega, þá geri ég ráð fyrir því, að þeirra útlán á undanförnum árum hafi ekki verið miklu minni í þessu skyni en hér er gert ráð fyrir, eða í kringum 20 millj. kr. frá hvorum aðila árlega. Þegar svo tillit er tekið til þess fjár, sem varið hefur verið upp á síðkastið til smáíbúðanna, þá verður aukningin, sem hér er um að ræða, ekki meiri en kannske 15—20—25 millj. eða eitthvað þess háttar. Ég þori ekki að nefna ákveðnari tölu, vegna þess að mér er ekki alveg kunnugt um, hvað þessir aðilar hafa áður greitt, en ég hygg, að það fari ekki fjarri sanni að vera svipuð upphæð og hér er gert ráð fyrir að sparisjóðirnir og lífeyrissjóðirnir veiti, og þó mætti segja mér það, að þeir hefðu veitt kannske öllu hærri upphæðir, a. m. k. sparisjóðirnir, en í frv. er gert ráð fyrir.

Að vísu er náttúrlega möguleiki fyrir sparisjóðina til þess að halda áfram með sína lánastarfsemi á svipuðum grundvelli og verið hefur að undanförnu, þó að þessi festing á þeirra fé sé gerð með frv., en ég hygg, að þeir muni nú kannske sumir a. m. k. draga sig inn í skelina, þegar þessar kvaðir hafa verið á þá lagðar.

Ég skal ekki, m. a. vegna þess að nokkuð er liðið á nótt og við erum hér á annarlegum fundartíma, fara miklu lengra út í að ræða þetta frv. En það, sem fyrir mér var aðalatriðið, er það, að bætt verði inn í það, áður en það verður gert að l., einhverjum þeim ákvæðum, sem geri það kleift fyrir þá, sem lægstu tekjurnar hafa, að njóta þeirra fríðinda, sem í frv. felast, og ég sé ekki, að það verði á annan hátt betur gert en að tryggja það, að verulegur hluti af því fé, sem hér er til umráða, verði notaður til þess að lána byggingarsjóðum verkamanna, og ég teldi það ekki vansalaust, ef því væri slegið föstu, um leið og þetta frv. er borið fram, að byggingarsjóðir sveitanna fengju hér ákveðinn hluta eða 12 millj., ef ekki væri um leið slegið neinu föstu um sams konar fyrirgreiðslu fyrir byggingarsjóðum kaupstaðanna.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég mun aðeins, herra forseti, segja hér örfá orð, og þá sérstaklega til þess að þakka fyrir þessa 1. umr.

Að vísu var hv. 2. þm. Reykv. (EOl) nokkuð stórorður um sum atriði í frv. og brá ríkisstj. um mútustarfsemi í stórum stíl, og ég held svik, ég man það nú ekki, og margt fleira, en þetta eru hlutir, sem við eigum að venjast frá honum, við þingbræður hans, við kippum okkur ekkert upp við þetta og látum það liggja í láginni. En þrátt fyrir það viðurkenndi hann frv. Hann viðurkenndi ýmislegt í því, að það væri til bóta, og með því hefur hv. 2. þm. Reykv. f. h. síns flokks viðurkennt það, að hér væri um mál að ræða, sem sjálfsagt væri að taka til yfirvegunar og athugunar hér á Alþ., og ég gat tæpast vænt mér meiri stuðnings frá honum í þessu máli en það, og ég leyfi mér þess vegna að þakka honum fyrir það. Hins vegar vil ég leyfa mér um leið að mótmæla því, sem hann sagði um einhverja svívirðilega úthlutun á smáíbúðalánum, sem átt hefði sér stað undir forustu eða í umsjá félmrn., og ég verð að segja það, að þegar svona áburður er borinn á sérstök ráðuneyti og þá menn, sem hafa starfað þar að þessum málum, þá verður það að vera eitthvað meira en aðeins að segja, að hér hafi verið um mútustarfsemi og svívirðilega úthlutun að ræða. Ég hef hvergi séð það um þau 1500 eða 1600 lán, sem veitt hafa verið eftir l. um smáíbúðir, að það hafi nokkurn tíma komið fram gagnrýni með nöfnum um það, að óverðugum mönnum hafi verið veitt lán, en þeir, sem frekar hefðu átt að fá þau, hefðu ekki fengið þau. Það má ekki minna vera, þegar svona er borið á heilar stofnanir og einstaka menn, sem starfa fyrir þær, en að slíkt sé rökstutt. — Þetta tel ég mér skylt að taka fram í sambandi við þetta, jafnvel þó að ég að vissu leyti þakki hv. þm. fyrir þann stuðning, sem hann veitir frv., og að hann og hans flokkur vill athuga það málefnalega hér í umr. á Alþ.

Hv. 5. landsk. (EmJ) talaði með velvilja um frv. á ýmsan hátt, en var þó með gagnrýni á vissum atriðum, eins og mér þykir mjög eðlilegt. Hann talaði einkum um, hv. þm., að það væri með mjög óljósum orðum talað um aðstöðu verkamannabústaðasjóðsins til þess fjármagns, sem á þennan hátt á að fá til útlána. Það er nú alveg sama orðalagið um hann og aðstöðu hans til að fá fé úr sjóðnum eins og um byggingarsjóð sveitanna. Hitt vil ég upplýsa nú í sambandi við það, sem hv. þm. sagði, að það eiga eftir að koma fram frv., bæði varðandi byggingarsjóð sveitanna, varðandi ræktunarsjóðinn og varðandi verkamannabústaði í sambandi við þetta frv., og það munu því gefast nóg tækifæri til þess að athuga um aðstöðu einmitt þessara sjóða, sem hér er um að ræða. Ég taldi rétt að segja þetta hérna, af því að þessi frv. koma ekki fram fyrr en ofur lítið síðar, en eru þó í raun og veru í sambandi við þetta meginfrv., sem hér hefur verið flutt. Og ég vil taka það fram, að okkur er að sjálfsögðu ánægja að því að eiga samvinnu við hv. 5. landsk. og hans flokk um það, hvort hægt væri að gera einhverjar breytingar í sambandi við þau ákvæði, sem nú eru í lögunum um verkamannabústaðasjóðina. Ég er honum mjög sammála um það, að það væri mjög æskilegt, ef hægt væri, og ég get þar með einnig tekið hv. 2. þm. Reykv., sem talaði langt mál um það í dag, hve nauðsynlegt væri að geta veitt mjög vaxtalág lán til íbúða, talaði um 2% o. s. frv., og það eru þeir vextir, sem nú eru á lánum til verkamannabústaða. Þetta væri vitanlega æskilegt, að hægt væri að veita öllum venjulegum borgurum og þeim, sem lakar eru staddir í þjóðfélaginu, möguleika til þess að fá lán til þess að byggja íbúðir yfir sig með slíkum kjörum. En ríkisstj. hefur ekki komið auga á það, að þetta væri unnt í því fjármálakerfi, sem nú er um að ræða, og hefur því ekki treyst sér til að bera fram till. í þeim anda. — Þetta vildi ég aðeins leyfa mér að taka fram nú, án þess að ég ætli að fara að ræða málið meira.

Ég leyfi mér að endurtaka þakklæti mitt til þeirra, sem hér hafa talað, því að það hefur yfirleitt verið á þá lund, að hér væri um frv. að ræða, sem sjálfsagt væri að athuga nákvæmlega og væri þess vert, að það væri tekið til þinglegrar afgreiðslu, og ég gat ekki búizt við öðru svari frá hv. stjórnarandstæðingum á þessu stigi málsins. En ég legg nokkra áherzlu á það, að þetta mál komist nú til nefndar, vegna þess að það má búast við, að það taki nokkurn tíma að koma því í gegnum þingið, en það er ákveðinn vilji ríkisstj., að þetta mál verði afgreitt áður en þessu þingi slítur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 522, n. 577 og 591, 592).

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Ég skal með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu fjhn. til þessa máls, en geri þó ekki ráð fyrir að þurfa að vera langorður um það.

Eins og hv. þm. sjá, hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það er, en minni hl. hefur hins vegar skilað allverulegum brtt.

Þetta frv. um húsnæðislánamálin er búið að eiga nokkuð langan aðdraganda, eins og hv. þm. er kunnugt um, allmikill undirbúningur átt sér stað í sambandi við samningu frv., og það sjálft, eins og það nú liggur fyrir, felur í sér þær niðurstöður, sem orðið hafa í þessu máli innan húsnæðismálanefndarinnar eða þeirrar mþn., sem vann að undirbúningi málsins f. h. ríkisstj., innan ríkisstj. og í samningum við banka, fyrst og fremst Landsbankann, og svo aðra banka, sem einnig eiga hlut að máli, eins og fram kemur í grg. frv.

Þegar um jafnumfangsmikið og flókið mál er að ræða og hér, þá getur menn að sjálfsögðu greint á, bæði um leiðirnar að því marki, sem stefnt er að, og einnig verður vafalaust lengi hægt að halda því fram um slík mál eins og þetta, að úrlausnir þeirra séu ekki fullnægjandi, miðað við þær þarfir, sem fyrir hendi eru. En ég tel veigamest í þessu sambandi að festa sjónir við það, að á undanförnum árum hefur ríkt verulega mikið skipulagsleysi á sviði þessara mála. Það er að vísu svo, að við og við hafa stjórnarvöldin, Alþ. og ríkisstjórnir, gert nokkrar úrbætur í sambandi við lánsfjáröflun til íbúðabygginga, en allt hafa það verið bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki hafa haft það markmið að leysa varanlega úr eða leggja grundvöll að frambúðarlausn þessara mála eða koma á almennri skipan fasteignalánakerfis í landinu. Þannig var t. d., þegar gengisbreytingin varð síðast, varið nokkru af gengishagnaðinum til ýmissa sjóða til íbúðabygginga. Af tekjuafgangi ríkisins hefur stundum verið varið tilteknum upphæðum til íbúðabygginga. En þetta hafa allt saman verið bráðabirgðaúrlausnir. Eins má segja um lánadeild smáíbúða, sem starfað hefur síðustu árin og fengið alls til sinnar ráðstöfunar um 36—40 millj. kr. Hér er hins vegar gerð tilraun til þess að leggja grundvöll að frambúðarlausn málsins, þannig að það komist í kerfi eða komist á föst skipan veðlána til íbúðabygginga og með þeim hætti, sem frv. nánar tiltekur.

Að sjálfsögðu má búast við því, að erfiðleikarnir verði meiri í upphafi, að fyrst í stað verði erfiðast að fullnægja þeirri þörf, sem fyrir hendi er um lánsfé, en ef að líkum lætur, þá hygg ég, að slíkt veðlánakerfi eins og hér er lagður grundvöllurinn að ætti að geta átt það fyrir sér að vaxa og eflast og í framtíðinni að verða þess þá fremur umkomið að sinna hlutverki sínu, og jafnvel mætti hugsazt, að það gæti orðið þess megnugt að sinna viðtækari verkefnum en nú er um að ræða, þar sem aðeins er miðað við íbúðabyggingar eða lán til nýrra íbúða.

Meginþættir þessa frv. eru þrír. Sett er á stofn almennt veðlánakerfi í landinu, og það má segja, að Landsbankinn hafi tekið að sér forgöngu og forustu þeirra mála. Það er gert ráð fyrir að setja á laggirnar húsnæðismálastjórn, sem sinni ýmsum aðkallandi verkefnum í sambandi við íbúðamálin, bæði varðandi fjárhagshlið málanna og einnig tæknihlið málanna. Í sjálfu sér eru þetta óaðskiljanlegir hlutir, því að þegar verið er að reyna að afla fjár til íbúðabygginga, þá skiptir auðvitað miklu máli, að um leið séu gerðar tilraunir til þess að færa byggingarkostnaðinn niður í landinu, þannig að notist betur að lánsfénu, og að öðru leyti að tileinka sér þær tækniframfarir, sem á hverjum tíma eiga sér stað, og verður það aðalverkefni þessarar húsnæðismálastjórnar að hafa forgöngu á því sviði. Loks er gert ráð fyrir í þriðja kafla tilteknum afskiptum og framlögum af hálfu ríkisvaldsins til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum.

Ég sagði áðan, að menn gæti sjálfsagt greint nokkuð á um leiðirnar, þegar slíkt mál liggur fyrir, og einnig mundu sjálfsagt heyrast raddir um, að þær úrlausnir, sem hér eru reyndar, séu ekki fullnægjandi. Án þess að ég skuli nokkuð gera að umtalsefni sérstaklega þær brtt., sem fram koma frá minni hl., og hugleiðingar hans í nál., þá er það þó áberandi, að hv. minni hl. sýnist, að hér sé ekki nógu langt gengið, það þurfi bæði að afla meira fjár til íbúðabygginganna og með betri kjörum. Ef þessu er stillt upp eins og gert er af hv. minni hl., það sé byggt svo og svo mikið, þurfi að byggja svo og svo mikið og þetta fé, sem hér um ræðir, hrökkvi ekki nema fyrir það litlum hluta af þessum byggingarkostnaði, þá má auðvitað sýna fram á, að það verði kannske erfitt að byggja allar þessar nauðsynlegu byggingar með ekki meira lánsfé en þessu. En á hitt er réttara, held ég, að líta, að hér hefur verið byggt gríðarlega mikið á undanförnum árum, og ekki sízt í höfuðstað landsins, þar sem fólksfjölgunin hefur verið mest, en einnig í næsta nágrenni Reykjavíkur og í ýmsum öðrum kaupstöðum á landinu, og við þær aðstæður, að menn hafa ekki haft aðgang að neinni almennri lánsstofnun. Ég tel þess vegna, að það sé fremur ástæða til að festa sjónir við þær breytingar, sem frv. felur í sér frá núverandi fyrirkomulagi.

Þegar Reykjavíkurbær hóf byggingarframkvæmdir í smáíbúðahverfinu, undirbjó þar lóðir, þá var þannig ástatt á peningamarkaðinum, að það var ekki hægt að gefa þessu fólki, sem þarna hófst handa um byggingar, ávísanir á neinar almennar lánsstofnanir eða sjóði. Síðar, eins og ég sagði, var að vísu stofnuð lánadeild smáíbúða, sem hefur haft til ráðstöfunar um 40 millj. kr. og lánað það allt saman út. En það gerði nú ekki meira en það, að lánin frá þessari stofnun voru takmörkuð við 25 þús. kr. utan Reykjavíkur og held ég 30 þús. í Reykjavík. Þegar litið er á slíkar tölur eins og þessar og ef ætti að hafa þá aðferð, sem ég sé að hv. minni hl. hefur, þá er erfitt að koma heim og saman, hvernig í ósköpunum var hægt að byggja þessar íbúðir allar með ekki meira lánsfé, en eftir stendur sú staðreynd, að risið hafa upp í þessum bæjarhluta á örskömmum tíma eitthvað nálægt 600 íbúðir, og mundi áreiðanlega margur, sem hefur lagt hart að sér við byggingar á undanförnum árum þar og annars staðar, hafa orðið feginn, ef þeim

hefði þá gefizt kostur á því lánsfé, sem ætlað er nú með þessu frv. að veita mönnum aðgang að.

Menn hafa fett fingur út í það hér við 1. umr., og einnig kemur það fram í minnihlutaálitinu, að lánin séu ekki með nógu hagstæðum kjörum, vextirnir of háir og lánstíminn kannske of stuttur, og auðvitað hefði verið æskilegt að hafa vextina lægri og lánstímann lengri. En hér verður að miða við þær aðstæður, sem eru í þjóðfélaginu í dag, og ég fyrir mitt leyti, sem hefði mjög lagt áherzlu á og gerði það við undirbúning málsins, að lánstíminn væri lengri og vextirnir lægri, hef orðið að taka tillit til þeirra sjónarmiða, að eftir því sem vaxtakjörin eru hagstæðari, vextirnir lægri, og lánstíminn lengri, þá má einnig ætla, að erfiðara væri um vik að afla fjár til þessa veðlánakerfis. Verður þá að meta það, hvort menn kjósa heldur að hafa hagstæðari lán og minna lánsfé til úthlutunar eða óhagstæðari lán að þessu leyti varðandi vexti og lánstíma, en líkur fyrir meira lánsfé en ella mundi vera. Og það eru slík sjónarmið, sem úrslitum hafa ráðið um þann lánstíma og þau vaxtakjör, sem hér er boðið upp á.

Það er rétt, að eftir þessu frv. eiga allir yfirleitt að sæta sömu kjörum við lánveitingar, og í húsnæðismálanefndinni, sem vann að undirbúningi þessa máls, var einmitt byggt á þeirri hugsun að koma á veðlánakerfi og þá með þeim kjörum, að ætla mætti, að almenningur gæti greitt afborganir og vexti af þessum lánum af þeim launum, sem menn hafa í dag, m. ö. o. greitt fyrir þá þjónustu, sem hér er um að ræða, en hér væri ekki um neins konar styrktarlán að ræða, þar sem vextirnir væru allt aðrir og miklu lægri en almennir vextir í viðskiptalífinu eru. Hins vegar er það svo, að það er misskilningur, sem fram kemur hjá minni hlutanum, að það sé sniðgengin sú staðreynd, að efnahagur manna sé svo misjafn, að það sé ástæða til þess af hinu opinbera að létta undir með þeim, sem höllum fæti standa, vegna þess að það eru önnur lög, sem gilda um lánveitingar einmitt til þeirra, sem búa við erfiðari aðstöðu og sérstaklega eru efnaminni, og á ég þar sérstaklega við lögin um byggingarsjóð verkamanna og svo einnig byggingarsjóði sveitanna, sem bjóða upp á allt önnur lánskjör og aðra vexti en hér er um að ræða, enda sjá menn í hendi sér mjög auðveldlega þann mikla mun á því að byggja í sveitum landsins eða í kaupstöðunum, þar sem verðmætin hafa stigið og menn geta á hverjum tíma selt sínar íbúðir, og á undanförnum árum ævinlega fyrir hækkandi verð frá því, sem byggingarkostnaður var, og er þar allt öðru til að jafna í sveitunum og aðstaða að öðru leyti erfiðari.

Þegar skoðuð eru kjör þau, sem þetta frv. býður upp á, og þau síðan miðuð við lægstu launin, verkamannalaunin, eins og gert er hjá hv. minni hl. fjhn., og sýnt fram á, að það verði erfitt fyrir þá, sem lægst laun hafa, að standa undir þessum lánum, þá fær þessi samanburður ekki staðizt af þeim sökum, að löggjafinn ætlast til þess, að þeir lægst launuðu hafi aðgang að öðrum lánum og með öðrum kjörum en hér er um að ræða. Það er gert ráð fyrir því í frv., að bæði byggingarsjóðum sveitanna og verkamanna verði lánað fé það, sem rúmast í þessu veðlánakerfi, og er þess vegna þess að vænta, að byggingarsjóður verkamanna, sem á undanförnum árum hefur skort fé til sinnar starfsemi, fái með þessu aukið fjármagn og geti betur en áður sinnt þörfum þeirra, sem lægst launaðir eru, og með þeim kjörum, sem þar er boðið upp á og eins og kunnugt er hafa verið 2% vextir og 40 ára lán eða 42 ára lán, en er nú lagt til í öðrum frv. hér, að vextirnir séu hækkaðir um 1½%.

Ég tel í sambandi við frv., sem hér hefur verið á dagskrá í dag um vaxtakjörin hjá byggingarsjóði verkamanna, að það væri kannske ástæða til að endurskoða ákvæði þeirra laga meira en aðeins snertandi vaxtakjörin, sérstaklega með það fyrir augum, að um allar lánveitingar úr þeim sjóði sé það tryggt, að þeir sitji fyrst og fremst fyrir, sem lægstu launin hafa og mesta ómegðina. Hins vegar hefur mjög frá því verið brugðið á undanförnum árum, og er enginn vafi á því, að stofnun, sem býður upp á þau kjör, sem þar er boðið upp á, verður að gæta þess einmitt, að þeir njóti þeirra kjara, sem mesta þörf hafa fyrir að njóta þeirra fríðinda, sem þar er boðið upp á.

Það kemur fram í frv., að byggingarsjóði sveitanna eru ætlaðar úr þessu veðlánakerfi 12 millj. kr. á næstu árum. Það er hins vegar ekkert tekið til um það, hvað ætlazt sé til að lánað sé til byggingarsjóðs verkamanna, og má vissulega að því finna, eins og gert er í nál. minni hl. Varðandi þarfir byggingarsjóðs sveitanna lá það nokkuð fyrir, hverjar þarfir hans mundu vera til þess að fullnægja eftirspurninni eftir lánsfé til íbúðabygginga í sveitunum á næstu árum. Það hefur ekki legið fyrir við undirbúning málsins á sama hátt varðandi byggingarsjóð verkamanna, enda mun sennilega erfiðara að átta sig á því, hvað mikið fé þurfi til að tæma þarfir hans, því að þar tel ég að væri ekki rétt að miða við þá eftirspurn, sem verið hefur á undanförnum árum og fer miklu lengra en að vera einskorðuð við þá lægst launuðu verkamenn í landinu.

Byggingarsjóður verkamanna hefur lánað 4 millj. kr. á ári núna síðustu árin, og ég veit ekki um 12 millj., eins og stungið er upp á af minni hl., hvort það sé endilega víst, að það sé sú upphæð, sem hann þurfi að fá, en að sjálfsögðu er rétt að leggja áherzlu á, að sá byggingarsjóður eflist í sambandi við þetta veðlánakerfi, en þá held ég líka að þyrfti að hafa framkvæmdina í fastari skorðum en verið hefur um lánveitingar úr byggingarsjóði verkamanna. Þá ber fyrst og fremst, eins og ég sagði, að leggja höfuðáherzlu á þessi tvö atriði, að þeir, sem lægst launin hafa, njóti þeirra fríðinda, sem þar er boðið upp á, og þeir, sem búa við mesta ómegð.

Það má segja, að það sé nokkuð undir hælinn lagt, hvernig þetta frv. verði í framkvæmd, og vissulega er það svo, að ef þau úrræði, sem hér er boðið upp á, reynast ekki eins vel og til er stofnað, þá á auðvitað Alþ. þess kost, eftir að hafa fengið nokkra reynslu, að taka þessi mál til endurskoðunar, þegar það kemur saman aftur.

Eins og grundvöllurinn er lagður að þessu frv., þá tel ég, að það hvíli mjög mikill þungi fyrst og fremst á þeirri forustu, sem þjóðbankinn eða

Landsbanki Íslands hefur heitið í þessu máli, og að það fari mjög eftir því, hvernig hann bregzt við, hversu rösklega gengur um að koma á þessu veðlánakerfi og í hve stórum stíl.

Mér finnst í sjálfu sér, að það sé veigamikið atriði í sambandi við þetta mál, að um það hefur ríkt mikill einhugur, bæði milli þeirra manna, sem undirbjuggu málið, innan ríkisstj. og þeirra banka, sem við þetta mál voru riðnir, að leggja grundvöllinn að nýju veðlánakerfi, sem mætti orka verulega til þess að draga úr húsnæðisskortinum í landinu. Þegar það fer saman að segja má, að það hafi lítill ágreiningur um þetta ríkt í undirbúningi málsins og ríkisstj. hefur sér við hlið við framkvæmd þessa máls jafnákveðin fyrirheit Landsbankans og um er að ræða, þá tel ég, að það sé full ástæða til þess að vænta þess, að þetta frv., þegar að lögum verður, megi beri góðan ávöxt og kannske eftir leiðum þess megi þá nást meiri árangur en menn álíta í fljótu bragði að verða muni.

Ég vil aðeins um síðasta þátt frv. segja það, þar sem ræðir um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, að enda þótt mönnum finnist kannske, að 3 millj. kr. framlag næstu 5 árin frá ríkinu í þessu sambandi á móti jafnháum framlögum frá bæjunum sé helzt til knappt og helzt til lítið, — og get ég vel verið í hópi þeirra, sem hefðu viljað óska, að þetta framlag væri meira, — þá eru þó hér raunhæfar ráðstafanir til þess að liðsinna nokkuð í þessu efni, og það er miklu meira virði en hitt, þó að sett sé á pappírinn löggjöf um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, eins og gert var 1946, en reyndist algerlega óraunhæf og varð að fresta framkvæmd hennar rúmu ári eftir að hún var sett og hefur þar með fáum orðið að liði fyrst í stað og síðar engum.

Ég tel, að með þessu framlagi næstu árin frá ríkinu og með sömu framlögum frá bæjunum eigi að vera hægt að ná verulegum áfanga í útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Bæjarstjórn Reykjavíkur, sem fyrir sitt leyti hefur þegar hafizt handa um byggingarframkvæmdir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis í trausti þess, að ríkisstj. veitti nokkurn atbeina af sinni hálfu, eins og fram kemur nú í þessu máli, bæði með lánveitingum og styrkveitingum, hefur gert þá áætlun, að með þeim framlögum, sem hér er um að ræða, og þeim lánveitingum og annarri aðstoð frá bæjarfélaginu megi útrýma öllum braggaíbúðum í Reykjavík á næstu 5 árum, en eins og kunnugt er, þá eru þær rúml. 500 að tölu. Og ég tel, að það mundi vera mjög viðunandi lausn, ef sá árangur næðist. Auðvitað eru fleiri heilsuspillandi íbúðir en herskálaíbúðir, og verður að hafa hliðsjón af því við framkvæmd þessa máls.

Þegar allt kemur til alls, þá hygg ég, að menn muni almennt fagna þeirri löggjöf, sem hér er á leiðinni, og þykist viss um það, að hún muni bæta mikið úr frá því, sem verið hefur, og í aðalatriðum má segja, að það sé nýr þáttur að hefjast í lánastarfsemi hér á landi, þar sem almenn fasteignalánastarfsemi hefur að verulegu leyti legið niðri á undanförnum árum, en er nú verið að endurvekja hana með nýju veðlánakerfi, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gat þess í framsöguræðu sinni, að meðal þeirra aðila, sem unnið hefðu að undirbúningi þessa máls, hefði ríkt einhugur, mikill einhugur, sagði hann, um meginatriði málsins.

Þetta frv., sem hér er til umræðu, er árangur af tveggja ára samningaviðræðum núverandi stjórnarflokka um lausn eins mesta og stærsta félagsvandamáls, sem nú steðjar að íslenzku þjóðinni, húsnæðisvandamálsins. Það hefði varla átt að taka tvö ár að koma sér saman um frv. um þetta aðkallandi vandamál, ef mikill einhugur hefði ríkt um lausn þess í herbúðum stjórnarflokkanna, enda mun svo ekki hafa verið. Það er langt síðan ríkisstj. skipaði sérstaka nefnd til þess að gera tillögur um úrbætur í þessu þýðingarmikla vandamáli. Innan þeirrar n. mun samkomulagið ekki hafa verið gott. Við það bætist svo, að þegar ríkisstj. fékk málið í sínar hendur, þá tók hún upp allt aðra stefnu en hennar eigin nefnd, húsnæðismálanefndin, hafði látið móta störf sín. Innan húsnæðismálanefndarinnar var m. ö. o. mikill ágreiningur um ýmis meginatriði málsins, og milli hennar og hæstv. ríkisstj. var enn fremur mikill ágreiningur um meginatriði málsins. Landsbankinn, sjálfur þjóðbankinn, virðist svo hafa haft þriðju skoðunina á lausn málsins. Þetta frv., sem nú sér dagsins ljós eftir tveggja ára rifrildi í stjórnarherbúðunum, er árangur af samkomulagstilraunum milli þessara stríðandi aðila: húsnæðismálanefndarinnar, ríkisstj. og þjóðbankans. Ég skal láta ósagt um það á þessu stigi málsins, hvers sjónarmið það eru, sem aðallega móta þetta frv., og þó held ég að sé óhætt að segja, að húsnæðismálanefndin, sem þó var skipuð til þess að gera till. um lausn málsins, eigi minnstan þátt í því. Þetta frv. er fjarskyldast hugmyndum hennar um lausn málsins af hugmyndum þeirra þriggja aðila, sem ég nefndi. Frv. er fyrst og fremst eins konar samkomulagsviðleitni á milli ríkisstj. og Landsbankans.

Ég sagði áðan, að hér væri um að ræða mál, sem hiklaust yrði að telja mesta félagslega vandamálið, sem nú steðjar að íslenzku þjóðinni. Ég skal með örfáum orðum finna þessari staðhæfingu minni stað.

Fyrir tveim árum fór fram allrækileg athugun á herskálaíbúðum hér í Reykjavík. Það kom í ljós, að þá bjuggu í herskálum hvorki meira né minna en 2320 manns. Þá kom í ljós það, sem enn þá athyglisverðara, og enn þá skammarlegra var, að á undanförnum árum hafði íbúum herskálanna farið fjölgandi. 1948 var íbúatalan 2158 manns, 1950 var hún 2210, en 1952 var hún komin upp í 2320. Hún var smám saman að þokast upp á við. 10 árum eftir lok styrjaldarinnar búa enn þá hátt á 3. þús. manns í herskálum hér í Reykjavík, í herskálahúsnæði, sem að langmestu leyti verður að teljast algerlega óviðunandi. Þegar það er haft í huga, að við höfum nú að baki okkar hálfan annan áratug, sem hiklaust verður að telja eitthvert mesta góðæri, sem yfir þessa þjóð hefur gengið, þá verður það ekki annað kallað en svívirða, ekki annað en smánarblettur á íslenzku stjórnarfari, berandi vott um ófyrir-

gefanlega vanrækslu af hálfu stjórnarvalda, að nokkuð á 3. þús. manns skuli enn verða að búa í slíku húsnæði.

Langmestur hluti íbúanna er fjölskyldufólk. Af íbúunum voru 630 karlar, 668 konur og 1022 börn. Ég endurtek þetta: 1022 börn undir 16 ára aldri. En herskálarnir eru ekki einu íbúðirnar hér í Reykjavík eða hér á Íslandi, sem algerlega óviðunandi verða að teljast. Enn býr mikill hluti Reykvíkinga, allt of mikill hluti þeirra, í kjallarahúsnæði. Áhugi stjórnarvaldanna á högum þess fólks hefur þó ekki verið meiri en svo, að engin athugun hefur farið fram á kjallarahúsnæði hér í Reykjavík síðan 1946, eða fyrir næstum einum áratug. En þá fór fram allýtarleg skoðun á kjallaraíbúðum í Reykjavík, og þá kom í ljós, að þær voru hvorki meira né minna en 1884 að tölu. Í þessum kjallaraíbúðum bjuggu 6089 manns. 2037 manns bjuggu í íbúðum, sem taldar voru lélegar, 411 í íbúðum, sem taldar voru mjög lélegar, — það voru heilbrigðisyfirvöld, sem skoðuðu íbúðirnar, — og 260 manns bjuggu í íbúðum, sem voru úrskurðaðar algerlega óhæfar. Þess er að geta, að langflestar þessar íbúðir eru enn í notkun. Það er vitað, þótt hins vegar sé ekki um það vitað, hversu margir íbúar þeirra séu nú.

Þetta segi ég aðeins til þess að undirstrika, hvílíkt gífurlegt félagsvandamál húsnæðisbölið á Íslandi og þó sérstaklega í Reykjavík er. Það er til að snúast við þessu böli, sem þetta frv. er lagt fram. Þetta frv. túlkar afstöðu hv. núverandi stjórnarflokka til lausnar þessa vandamáls, til þess fólks, sem við þetta böl á enn að búa.

Ég skal geta þess í upphafi, að þetta frv. hefur nokkra kosti. Í því er í fyrsta lagi gerð tilraun til þess að skipuleggja með nokkrum hætti lánamarkaðinn, en á honum hefur undanfarið ríkt hin hörmulegasta ringulreið. Þetta er lofsvert og til bóta. Þá er og í frv. gefið vilyrði fyrir nokkru nýju lánsfé, þótt upplýsingar frv. um það séu að ýmsu villandi, eins og ég mun síðar koma að. Það er einnig lofsvert og til bóta, að gerð skuli tilraun til þess að útvega þeim, sem þurfa nýjar íbúðir, nokkurt aukið lánsfé. Hver milljónin er þakkarverð, sem til þess skal varið. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í frv., að upp skuli tekin útgáfa vísitölubundinna verðbréfa. Þetta er nýmæli, sem ég hygg að sé vel þess vert að reynt sé. Og í fjórða lagi er gert ráð fyrir því, að upp verði tekin leiðbeiningastarfsemi fyrir almenning í því skyni að draga úr byggingarkostnaði og að efna til tæknirannsókna í sama skyni, og er þessi viðleitni lofsverð. En þar með eru kostir frv. upp taldir. Gallar þess eru því miður margfalt meiri en þessir kostir, sem ég hef drepið á. Og nú skal ég víkja að þeim.

Vil ég segja þegar í upphafi, að það er íhaldssvipur á þessu frv., það er mótað af íhaldssjónarmiðum. Þetta frv. er fyrsta frv. um húsnæðismál, sem ég man eftir, síðan ég kom á Alþingi, þar sem engin tilraun — bókstaflega engin tilraun — er gerð til þess að leysa húnæðisvandamálið sem félagslegt vandamál, þar sem engan stuðning er að finna við hina fátæku í þjóðfélaginu, þar sem engin ákvæði er að finna, sem beinlínis er ætlað að létta undir með þeim, sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni, og gera þeim kleifara en ella að koma sér upp eigin húsi. Það er meginregla þessa frv., að ríkir og fátækir skuli vera jafnir fyrir þessum lögum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve því fer fjarri, að fátækir og ríkir séu jafnir fyrir öllum lögum í þessu landi. En þegar ríkisstj. leggur fram frv., þar sem um það er að ræða að miðla eftirsóttum réttindum, þá skulu hinir ríku vera gerðir jafnir hinum fátæku. Í þessu frv. er ekkert stórátak til þess að bægja frá dyrum almennings því mikla böli, sem húsnæðisvandamálið er, og það er þess vegna, sem það er ómengaður íhaldssvipur yfir frv. í heild, þrátt fyrir þá kosti, sem ég gat um í upphafi máls míns að þó væru á því.

Húsnæðisvandamálið verður ekki leyst án stuðnings opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga; það verður ekki leyst án verulegra opinberra fjárframlaga. Herskálaíbúðunum verður ekki útrýmt, nema ríki og sveitarsjóðir telji það skyldu sína að útrýma þeim. Og það verður ekki komið upp nægilega mörgum íbúðum, sem láglaunafólk telji sig hafa efni á að búa í, nema ríki og sveitarfélög á einn eða annan hátt styrki lægst launaða fólkið til þess að geta eignazt þessar íbúðir. Með öðrum orðum: Húsnæðisvandamálið verður, eins og hér er ástatt nú í dag, alls ekki leyst án verulegra fjárframlaga af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Og hvað ætlar ríkissjóður samkv. þessu frv. að leggja fram til lausnar þessa mikla vandamáls? Samkv. frv. ætlar ríkissjóður að leggja fram 3 millj. kr. á ári í fimm ár til að leysa þetta mesta félagsvandamál íslenzku þjóðarinnar. Til þess að menn geri sér grein fyrir því, hvað hér er um hlægilegar upphæðir að ræða, er nægilegt að minna á það, að undanfarin tvö ár fóru tekjur ríkissjóðs fram úr áætlun um hvorki meira né minna en 188 millj. kr. Það streymdi inn í ríkissjóðinn 188 millj. kr. meira á s. l. tveimur árum en Alþ. hafði áætlað. Og eftir slík góðæri kemur hæstv. ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. með frv., sem er ætlað að leysa mikið félagslegt böl, — og hverju ætlar hún að verja til þess? 3 millj. kr. á ári í næstu fimm ár, samtals 15 millj. kr. Þessi upphæð svarar til ½% af árlegum ríkistekjum. Ríkissjóður ætlar að verja hálfum af hundraði af árlegum tekjum sínum í því skyni að bægja frá dyrum almennings því ógnarböli, sem húsnæðisvandamálið hlýtur að teljast. Og meira að segja þetta er bundið skilyrði. Það er bundið því skilyrði, að sveitarsjóðir leggi fram jafnmikla upphæð á móti, svo að fáist ekki 3 millj. kr. úr sveitarsjóðunum, þá ætlar ríkissjóður ekki einu sinni að leggja fram fyrrnefnda upphæð til lausnar þessa mikla vandamáls.

Hér er um að ræða svo mikinn naglaskap, á þessu er svo mikill íhaldsbragur, að menn hlýtur að reka í rogastanz yfir þessum staðreyndum. Ég staðhæfi, að ekkert húsnæðismálafrv. hefur verið sýnt nú um langt skeið, þar sem stórhugurinn hefur verið jafnlítill og hér er um að ræða. Frv. er á þessu sviði miklu naglalegra en tillögur húsnæðismálanefndarinnar, sem þó er eingöngu skipuð fulltrúum úr stjórnarflokkunum. Í tillögum húsnæðismálanefndarinnar, þar sem gert var ráð fyrir stofnun sérstaks húslánasjóðs,

var þó gert ráð fyrir 10 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði í þennan sjóð. Það var gert ráð fyrir því, að eignir smáíbúðadeildarinnar — útlán hennar munu vera um 30 millj. kr. — yrðu lagðar undir hinn nýja húsnæðismálasjóð, og síðan skyldi ríkissjóður til viðbótar þessu leggja fram 5 millj. kr. á ári í næstu fimm ár. Og það var gert ráð fyrir, að frá sveitarfélögum skyldi renna í húsnæðismálasjóðinn 1% af árlegum tekjum þeirra. Allt þetta var sæmilega myndarlegt. En þetta hefur ríkisstj. þótt of höfðinglegt. Allt er því skorið niður, 10 millj. kr. stofnframlagið er skorið niður, afhendingin á eignum smáíbúðadeildarinnar, sem hefði þó getað þýtt 4 millj. kr. útlánaaukningu til viðbótar á ári, er skorin niður, og 5 millj. kr. tillaga húsnæðismálanefndarinnar er skorin niður í 3 milljónir. Auk þess er svo gert ráð fyrir minni framlögum frá sveitarfélögunum en húsnæðismálanefndin gerði.

Er það þá nokkur furða, þó að ég hafi leyft mér að taka þannig til orða, að á þessu frv. sé ósvikið íhaldsbragð?

Hið nýja lánsfé, sem frv. gerir ráð fyrir að verja eigi til íbúðabygginga, er tvímælalaust ónógt, til þess að um nokkra sómasamlega lausn á húsnæðisvandamálunum verði að ræða. Frv. gerir ráð fyrir því, að á næstu tveimur árum verði 100.5 millj. kr. til ráðstöfunar í lánveitingar til íbúðarhúsabygginga. Í grg. frv. segir, að hér sé um að ræða 40 millj. kr. útlánaaukningu frá því, sem verið hafi, þ. e. a. s., að með þessu frv. sé útvegað 40 millj. kr. nýtt fé umfram það, sem veitt hafi verið undanfarið til íbúðalána. Þessar upplýsingar eru algerlega villandi. Smáíbúðalánveitingarnar munu í fyrra hafa numið tæpum 20 millj. kr., og þetta tal formælenda frv. um 40 millj. kr. útgjaldaaukningu byggist á því, að þessi útlán hefðu fallið niður, ef þetta frv. hefði ekki komið til skjalanna. Hið raunverulega nýja fé, sem kemur til viðbótar á þessu ári, ef frv. yrði samþykkt, er aðeins 20 millj. umfram það, sem var á s. l. ári. Hitt er rétt, að ef ríkisstj. hefði vanrækt að hafa nokkurt áframhald á tilsvarandi lánum og smáíbúðalánunum, þá má segja, að fjáraukningin sé 40 millj. En þetta vekur áreiðanlega rangar hugmyndir hjá mörgum um eðli málsins. Þetta frv. tryggir í allra hæsta lagi 20 millj. kr. nýtt fé til lánveitinga, miðað við það, sem veitt var til sams konar lána á s. l. ári, og þó held ég, að talan sé enn of há, vegna þess að í athugun, sem Landsbankinn gerði ekki alls fyrir löngu á því fé, sem veitt hefði verið til útlána á árinu 1953, komst hann að þeirri niðurstöðu, að ýmsir lánaaðilar aðrir en bankarnir hefðu bundið 70 millj. kr. í íbúðalánum. En bankarnir hafa án efa haft nokkrar milljónir, 5 eða 10 millj. kr., í íbúðalánum. Og ef svo er, þá er útlánaaukningin, sem samkv. þessu frv. verður, þeim mun minni, því að enginn vafi er á því, að bankarnir telja það fé, sem þeir hafa haft raunverulega í útlánum, en ekki hefur komið á þeirra eigin skýrslu, með því fé, sem þeir lofa ríkisstj. samkv. þessu frv. að veita til íbúðalána.

Nú er að gera sér grein fyrir því næst, hvað það mundi kosta í stórum dráttum að leysa húsnæðisvandamálið á næstu árum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þörf sé 900 íbúða árlega til þess að mæta eðlilegri fólksfjölgun og til útrýmingar herskálaíbúðunum. Ef gert er ráð fyrir því, að þessar 900 íbúðir verði 350 rúmmetra íbúðir að meðaltali, en það mun svara nokkurn veginn til þess, sem venjulega eru taldar 90 fermetra íbúðir í daglegu tali, þ. e. a. s. íbúðir, sem hafa 90 fermetra íbúðarrúm, þá má gera ráð fyrir, að heildarkostnaður allra þessara 900 íbúða verði um 236 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir því, að byggingarkostnaður hvers rúmmetra sé 750 kr., en það segja mér byggingafróðir menn að sé lágmark þess, sem nú verði að gera ráð fyrir. Það má m. ö. o. gera ráð fyrir því, að það kosti 236 millj. kr. á ári að fullnægja þeirri íbúðaþörf, sem gert er ráð fyrir í grg. frv. Samkv. frv. er væntanlegt lánsfé áætlað 100 millj. kr. eða m. ö. o. aðeins 42% af því, sem verður sannanlega kostnaðarverð þessara íbúða, þó að hóflega sé í sakir farið. Nú er eðlilegt, að menn spyrji: Hvaðan eiga húsbyggjendur að fá afganginn? Hvaðan eiga þeir að fá hin 58%. Niðurstaðan gerist ekki orðið önnur en sú, að annaðhvort verður áframhaldandi fjármagnsskortur, áframhaldandi peningaokur, eða þá að fjármagn fæst ekki, og þá leysist húsnæðisvandamálið ekki, þá verður áframhaldandi húsnæðisskortur. Mér sýnist því, að óhjákvæmileg afleiðing þessara staðreynda sé sú, vegna þess hve lánsféð er lítið, að annaðhvort verði hér áframhaldandi peningaokur eða áframhaldandi húsnæðisskortur.

Það virðist verða að skilja ákvæði frv. þannig, að venjuleg hámarkslán út á íbúð verði 70 þús. kr. Kostnaðarverð 90 fermetra íbúðar má telja 262500 kr., og er þá varlega reiknað. M. ö. o.: venjuleg lánveiting samkv. þessu frv. á að nema 27% af kostnaðarverði. Húsbyggjandinn á að binda 1. veðrétt íbúðar sinnar í láni, sem er 27% af kostnaðarverðinu. Hann verður því að afla sér 63% með öðrum hætti. Og það má geta nærri, að þau lán verða þá dýrari en gert er ráð fyrir í frv., og eru þau þó sannarlega nógu dýr, en ég mun koma að því síðar. Þetta er aðeins til þess að undirstrika, hversu fjarri því fer, að með þessu frv. sé hinn raunverulegi vandi þess fólks, sem þarf að koma yfir sig nýrri íbúð, leystur.

Hvað mundi nú kosta að búa í venjulegri íbúð, ef gert er ráð fyrir þeim lánskjörum, sem við er miðað í frv.? Gert er ráð fyrir, að vextir af veðlánum frv. verði 7¼%. Þess ber þó að geta, sem þegar er um í grg. frv., að raunverulegir vextir eru eilítið hærri, vegna þess að af láninu á að greiða 1% lántökugjald, þannig að láníð yrði ekki útborgað nema með 99%; á því eru 1% afföll. Þetta svarar til þess, að raunverulegir vextir af lánunum yrðu 7.36%. Ég gat þess áðan, að 90 fermetra íbúð mundi kosta 262500 kr. Það er meiningin að veita lánin samkv. frv. sem jafngreiðslulán — sem „annuitetslán“ — og gert er ráð fyrir því, að afborganir verði greiddar mánaðarlega, sem er skynsamleg tilhögun. Ég hef reiknað út, hvað mánaðarleg afborgun af 70000 kr. láni með þeim kjörum, sem gert er ráð fyrir í frv., mundi nema miklu. Hún nemur 495.62 kr. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að það er ekki alveg rétt tala, sem er í grg. frv., þar sem

tilgreind er mánaðarleiga af 100 þús. kr. láni, vegna þess að þar er miðað við ársgreiðslu og deilt með 12, sem er ekki alveg rétt reikningsaðferð, vegna þess að mánaðargreiðslan verður dálítið lægri, ef um mánaðarlega greiðslu er að ræða, en til þess er tekið tillit í tölunni, sem ég nefndi áðan. Nú er spurningin, hvaða kjörum húsbyggjandi verður að sæta af þeim 192 þús., sem hann verður að afla sér annars staðar að, því að fyrir 70 þús. kr. byggir hann enga íbúð. Það er alveg augljóst, að þau lán, sem menn fengju út á 2. veðrétt og frá öðrum aðilum en veðdeildinni, hlytu að verða með miklu óhagstæðari kjörum en þessum 7.36%, sem eru raunveruleg vaxtakjör samkv. frv. Vextir þar yrðu talsvert miklu hærri. Hins vegar er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að húsbyggjandinn eigi eitthvert eigið fé til þess að leggja fram til íbúðarinnar, og þá er eðlilegt, að hann reiknaði sér ekki hærri vexti af því fé en t. d. sparisjóðsvexti. Það mætti auðvitað fá út ýmsar niðurstöður með því að gera ráð fyrir ýmsum hlutföllum á milli lánsfjárins, sem menn afla sér til íbúðarinnar frá öðrum aðilum en veðdeildinni, og eigin fjár. En til þess að gera málið sem einfaldast skulum við láta þetta tvennt mæta hvort öðru, gera ráð fyrir því, að helmingurinn sé viðbótarlánsfé og helmingurinn sé eigið fé og að vextirnir hjá lánsaðilum, öðrum en veðdeildinni, séu jafnmiklu hærri og vextirnir af eigin fé séu lægri en þeir vextir, sem menn greiða veðdeildinni. Þetta verður með engu móti talin áætlun, sem geri útkomuna óhagstæðari en hún hlýtur að verða fyrir flesta þá, sem í þessum sporum munu raunverulega standa.

Hvað skyldi nú verða mánaðarleiga í íbúð, sem kostar 262500 kr., út frá þessum forsendum? Hún verður 1871.69 kr. Hverjum dettur í hug, að slík mánaðarleiga sé við alþýðuhæfi? Er hér þó um að ræða mjög hóflega íbúð, með 90 m² íbúðarfleti.

Einhver kynni nú kannske að svara því til, að þessi íbúð sé þrátt fyrir allt of stór, hún sé of dýr, og fólk verði þá að reyna að byggja sér eitthvað ódýrari íbúðir, sætta sig við eitthvað minna húsrými. Ég held, að engum detti í hug, að hægt sé að koma hér upp íbúð í Rvík, sem talin sé sómasamleg fyrir fjölskyldufólk, fyrir minna en 200 þús. kr.

Ég hef reiknað út frá sömu forsendum, hvað mánaðarleiga í slíkri íbúð mundi verða. Hún yrði kr. 1424.91. Mánaðarkaup verkamanna núna er 2976 kr., og húsaleigan í þessari lágmarksíbúð yrði hvorki meira né minna en 48% af mánaðarlaunum verkamanns. Er þetta nokkur lausn á húsnæðisvandamálum þjóðarinnar? Venjulega er gert ráð fyrir því annars staðar, að hæfilegt sé, að menn greiði um það bil fjórðung tekna sinna í húsaleigu. Hér mætti kannske segja, að til mála gæti komið, að hann greiddi 25—30% í húsaleigu, í hæsta lagi ⅓ af tekjunum, en þess má geta, að þótt gengið yrði að öllum kröfum Dagsbrúnarmanna, þeim sem þeir settu fram í upphafi þessa verkfalls, þ. e. a. s. gert ráð fyrir 30% hækkun á kaupi þeirra, þá mundi þessi húsaleiga samt sem áður vera 37% af mánaðartekjum verkamannsins.

Ég hygg, að gersamlega ógerningur sé að gera ráð fyrir því, að nokkur venjulegur launamaður geti með þeim launakjörum, sem nú eru eða búast má við að verði eftir lausn vinnudeilunnar, greitt meira í húsaleigu en 1000 kr. á mánuði. Það er auðvitað hægt að sleppa með að reikna sér 1000 kr. í húsaleigu á mánuði af 90 m² íbúð, ef menn hafa efni á að fleygja svo og svo miklum peningum í íbúðina og reikna sér enga vexti af þeim í framtíðinni. Ef menn eiga svo og mikla peninga, sem þeir geta sett í íbúðina og reiknað sér sem tapaða, þá verða auðvitað mánaðarlegu greiðslurnar af lánunum, sem eftir standa, þeim mun minni.

Nú hef ég gert á því athugun, hvað maður, sem vildi eignast 90 m² íbúð, sem kostaði hann 262500 kr., þyrfti að eiga mikið, þyrfti að reikna sér mikið sem tapað til þess að þurfa ekki að búa við nema 1000 kr. húsaleigu á mánuði. Hver skyldi niðurstaðan vera? Hún er, að hann þyrfti að setja í hana 122 þús. kr. Hann þyrfti að geta afskrifað strax við byggingu 122 þús. kr. Nú leyfi ég mér að spyrja hv. þm.: Telja menn þá launamenn vera marga í þessu þjóðfélagi, sem hafa efni á því að eignast 90 m² íbúð, þegar það kostar þá það að þurfa að afskrifa þegar við byggingu 122 þús. kr.? — Við skulum taka líka hitt dæmið. Það er miðað við 200 þús. kr. íbúð, ódýrustu íbúð, sem ég tel vera hugsanlega. Hvað þarf kaupandi hennar eða byggjandi að fleygja miklu í hana til þess að geta sloppið með að reikna sér 1000 kr. í húsaleigu á mánuði, þegar hann býr í henni? 59 þús. kr. Þetta virðist vera algert lágmark, algert eignalágmark fyrir mann, sem vill eignast íbúð af algerri lágmarksstærð. Þannig er þá ástandið í íslenzku þjóðfélagi á því herrans ári 1955, að það er gersamlega útilokað fyrir mann að eignast íbúð af algerri lágmarksstærð nema geta fleygt í það 59 þús. kr. Þetta ber sannarlega ekki stjórnarvöldum landsins á undanförnum árum gott vitni.

Ég gat þess áðan, að í þessu frv. væri engin tilraun gerð til þess að létta undir með þeim fátæku. Ég tel, að langæskilegasta leiðin, sem fær er, til þess að gera efnalitlu fólki kleift að eignast sómasamlega íbúð, væri sú að efla byggingarsjóð verkamanna. Byggingarsjóður verkamanna stendur á gömlum merg og hefur mikla reynslu í því að koma upp ódýrum og hentugum íbúðum. Hann hefur auk þess notið fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins, þannig að hann hefur getað boðið þeim, sem fá lán úr honum, svo hagstæð kjör, að húsaleiga í íbúðum byggingarsjóðsins hefur orðið láglaunafólki viðráðanleg. Ég skal geta þess, að í þeim íbúðum, sem nú eru í byggingu í byggingarsjóði verkamanna, en þar er gert ráð fyrir 50 þús. kr. stofnframlagi, verður mánaðargreiðsla af íbúð, sem er 80 m² að stærð, 650 kr. með opinberum gjöldum til ríkis og bæja af eigninni. Þetta er húsaleiga, sem er fullkomlega viðráðanleg, jafnvel þótt taka hafi orðið einhvern talsverðan hluta 50 þús. kr. framlagsins að láni með venjulegum viðskiptavöxtum. (Gripið fram í.) 80 m² íbúð með plássi í kjallara, 277.3 m³, kostar 215 þús. kr. En sem sagt, mér virðist byggingarsjóður verkamanna vera eina stofnunin í þessu þjóðfélagi, sem getur gert lág-

launafólki kleift að eignast sómasamlega íbúð og búa í henni. Leiðin fyrir hið opinbera til þess að gera láglaunafólki kleift að eignast íbúð virðist því vera sú að efla byggingarsjóð verkamanna með auknu fé. En hver skyldi svo afstaða hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokkanna vera til þessarar stofnunar, til byggingarsjóðs verkamanna? Það hefur verið vanrækt hörmulega á undanförnum árum að tryggja sjóðnum nægilegt starfsfé, þannig að hann hefur ekki getað fullnægt nema litlum hluta af þeirri eftirspurn, sem eftir íbúðum hans er. Mér skilst, að nú séu um 700 manns á biðlista hjá byggingarsjóði verkamanna.

En hver er afstaða stjórnarflokkanna til þessarar stofnunar í þessu frv.? Hún er nefnd einu sinni á nafn í frv. og það á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að lána byggingarsjóði og byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr.“ Mikil er rausnin. Veðdeildinni er heimilað, ef henni kynni að sýnast svo, að lána byggingarsjóði verkamanna eitthvað af þessu fé, en að gera ráð fyrir því eða tryggja það, að eitthvað af þessu fé skuli ganga til byggingarsjóðs verkamanna, á það er ekki minnzt.

Þetta er þeim mun furðulegra, þetta er þeim mun ósvífnara, vil ég segja, þegar það kemur fram í grg. frv., að byggingarsjóði sveitanna hafa þegar með baksamningi stjórnarflokkanna verið tryggðar 12 millj. kr. af þessum 100.5 millj. Stjórnarflokkarnir hafa samið um það og blygðast sín ekki fyrir að segja frá því, að byggingarsjóður sveitanna skuli fá 12 millj. kr. af þessu fé, en byggingarsjóði verkamanna gleyma þeir alveg. Handa honum er nóg, að á hann sé minnzt þannig, að það megi svo sem lána honum eitthvað, ef mönnum sýnist svo, ef hann kynni að vera talinn hafa þörf fyrir það.

Það er þetta og annað eins og þetta, sem gerir það að verkum, að ég hika ekki við að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að það er hreinn íhaldssvipur yfir þessu frv.

Það þarf að tryggja byggingarsjóði verkamanna aukið lánsfé, það er lágmarkskrafa. Það er beint hnefahögg í andlit láglaunafólks, sem skortir húsnæði, ef þetta mál verður afgreitt án þess, að það verði gert.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. vék oftar en einu sinni að byggingarsjóði verkamanna í ræðu sinni. Hann vék góðu einu að honum, enda er ódýrt að gera það. Hann sagði í sambandi við það frv., sem var til umr. hér í dag um að hækka vextina af lánunum úr 2% upp í 3½%, að það væri einnig ástæða til þess að endurskoða l. á ýmsan annan hátt, t. d. til þess að tryggja það, að hinir fátækustu og þeir, sem hefðu mesta ómegðina, sætu fyrir um lán úr byggingarsjóði verkamanna. Þessu er ég alveg sammála, og ég skal lofa stuðningi mínum og míns flokks við þær breytingar á l. um byggingarsjóð verkamanna, sem að því miða að tryggja, að hinir lægst launuðu og þeir, sem mesta ómegðina hafa, sitji fyrir um þessi lán. En mergurinn málsins er þó að tryggja sjóðnum aukið fé, þannig að hægt sé að stytta eitthvað þennan 700 manna biðlista.

Þá vil ég einnig geta þess, að með frv., ef að lögum yrði, eru og skertir á áberandi hátt hagsmunir fjölmennrar launþegastéttar, sem né opinberra starfsmanna, sem notið hafa þeirra fríðinda, sumpart sem nokkurrar uppbótar á léleg launakjör sín, að geta fengið lán úr eigin lífeyrissjóði með hagstæðum kjörum, til skamms tíma til 40 ára með 5½% vöxtum. Að vísu er nýlega búið að breyta þessum lánskjörum þannig að stytta lánin í 35 ár og hækka vextina upp í 6%. En það verður ekki misskilið, að verði þetta frv. að l., þá mun lífeyrissjóðurinn verða knúinn til þess að breyta lánskjörum sínum til samræmis við hin almennu lánskjör þessa frv., sem er stytting lána niður í 25 ár og hækkun vaxta upp í 7%. Hér er um að ræða verulega kjaraskerðingu gagnvart þessari fjölmennu stétt, opinberum starfsmönnum, því að vissulega hafa margir fengið kærkomna fyrirgreiðslu úr þessum sjóði. Hann hefur gert mörgum kleift að eignast íbúð, sem að öðrum kosti hefði verið það ókleift.

Þá er að geta þess sem síðasta meginatriðis frv., að í því er gert ráð fyrir, að komið verði á fót svokallaðri húsnæðismálastjórn, sem skipuð á að vera þrem mönnum. Manni skilst, að einn eigi að vera tilnefndur af Landsbankanum, en tveir þá auðvitað af hvorum stjórnarflokkanna.

Hlutverk þessarar húsnæðismálastjórnar á að vera að úthluta um það bil helmingi þess lánsfjár, sem gert er ráð fyrir að verði til ráðstöfunar, eða um 50 millj. kr. lánsfé. Auk þess á húsnæðismálastjórnin að hafa með höndum þær tæknileiðbeiningar, sem gert er ráð fyrir í frv.

Manni hefur nú skilizt það ekki vera stefna hæstv. ríkisstjórnar að fjölga nefndum, að fjölga ráðum, að koma upp nýjum stofnunum, nýju skrifstofubákni. A. m. k. hefur verið látið svo í veðri vaka. Var það gert fyrir kosningar og í útvarpsumræðum og við hátíðleg tækifæri. Þá berja forvígismenn stjórnarinnar sér á brjóst og segjast vera hinir svörnustu fjandmenn nefnda, alls konar nefndavalds, ráða og alls konar skriffinnsku og skrifstofubákns. Hér er samt sem áður lagt fram frv., þar sem gert er ráð fyrir stofnun eins heljarmikils skrifstofubákns, húsnæðismálastjórnarinnar. Og það eiga að vera tvær deildir í þessu skrifstofubákni; ein er svo sem ekki látin nægja. Það á annars vegar að vera banki, lánaúthlutunarskrifstofa, sbr. innflutningsskrifstofa, og hins vegar á stofnunin að vera tæknileiðbeiningarstöð. Það vill nú svo vel til, að við höfum margar stofnanir í þessu landi, sem eiga að sinna þessum verkefnum. Við höfum ekki bara eina, heldur höfum við margar stofnanir, sem hafa það hlutverk lögum samkvæmt að vera lánveitingastofnanir. Ég veit ekki betur en að við höfum hér í Reykjavík 5 banka og einn sparisjóð. Við þessa banka eru starfandi hvorki meira né minna en 9 bankastjórar. Ég veit ekki betur en að það sé hlutverk þessara bankastjóra að veita lán. Það er þeirra sérgrein að kunna skil á öllu, sem menn þurfa að kunna skil á til að geta veitt lán réttlátlega og skynsamlega. Hvers vegna þarf þá að setja upp nýja nefnd, nýtt bákn til þess að úthluta þessum lánum, sem hér er gert ráð fyrir að veita, um það bil 900 lánum í allra hæsta lagi, 50 millj. kr.? Hví er ekki hægt að nota þetta starfslið, sem

fyrir hendi er, til þess arna, og er sérmenntað? Mér skilst, að árslaun bankastjórastéttarinnar hér í Reykjavík séu um 900 þús. kr. Það er sæmileg borgun fyrir störf þeirra, og tel ég það raunar sízt eftir, þó að þeir séu hæst launuðu embættismenn landsins. Þeir gegna afar ábyrgðarmiklum og vandasömum störfum. En þegar við höfum heila stétt, sem er bezt launuð allra embættismanna ríkisins, hví þá ekki að nota sérþekkinguna, hví þá að setja nýja menn, nýja nefnd, til þess að fara inn á verksvið þessara sérfróðu manna, sem ég veit ekki annað en allir beri bezta traust til?

Út yfir tekur þó, þegar það er haft í huga, hvernig vafalaust er tilætlunin að skipa þessa húsnæðismálastjórn, því að enginn vafi er á því, að þar munu koma til með að sitja tveir fulltrúar, sinn frá hvorum stjórnarflokknum. Það kemur fram í grg. Það er að vísu þagað um það í frv., eins og fleira. Ríkisstj. talar hins vegar af sér í grg., þar er sagt frá því, að þriðji maðurinn eigi að vera frá Landsbankanum, en hann skuli engan atkvæðisrétt hafa. M. ö. o.: Eini maðurinn, sem gera má ráð fyrir að hafi nokkra sérþekkingu á því, sem n. á að fjalla um, á engan atkvæðisrétt að hafa.

Þetta eru allt saman svo furðulegar ráðstafanir, að mann rekur í rogastanz við að lesa þetta. Þó er augljóst, hvert fyrirmyndin er sótt. Hún er sótt í úthlutun smáíbúðalánanna, það fyrirkomulag, sem þá var tekið upp. Þá var tveimur heiðursmönnum falið að úthluta lánunum, og þeir, sem fyrir valinu urðu til þess að gegna þessu vandasama starfi, voru formenn stjórnmálafélaga Sjálfstfl. og Framsfl. hér í Reykjavík. Þetta er hin nýja lína ríkisstj. í lánveitingamálum. Það á að halda áfram að verða starf einhverra stjórnmálamanna, einhverra stjórnmálafulltrúa, að úthluta lánum til húsbygginga. Hvers vegna? Um það þarf ég ekki að fjölyrða; það sér hvert mannsbarn.

Þetta ber auðvitað glöggan vott um þá dæmalausu pólitísku spillingu, sem nú er að gegnsýra stjórnarfar okkar Íslendinga. Það er varla hægt að finna gleggra dæmi um þessa pólitísku spillingu en þetta, að þegar við höfum fjölmenna og ágæta stétt sérfræðinga í lánveitingum, þá skuli samt sem áður þurfa að troða inn á það starfssvið pólitískum fulltrúum.

Varðandi tæknileiðbeiningarnar, sem allt gott er um að segja, þá er þess að geta, að ríkisvaldið hefur þegar stofnun, sem vinnur líkt hlutverk, og þar á ég við skrifstofu húsameistara ríkisins. Það er til önnur stofnun, sem gegnir áþekku starfi varðandi landbúnaðinn, teiknistofa landbúnaðarins í Búnaðarbankanum. Það er miklu eðlilegra að fela annarri hvorri þeirra stofnana, sem þegar eru fyrir hendi, þetta hlutverk, annaðhvort húsameistara ríkisins eða teiknistofu landbúnaðarins, en að koma upp einu skrifstofubákninu enn.

Þetta er það, sem við í minni hl. hv. fjhn. höfum fyrst og fremst við þetta frv. að athuga, og þar sem það er þýsna mikið, þá höfum við í minni hl., við hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), leyft okkur að flytja allvíðtækar brtt. við frv. á þskj. 592, og skal ég nú að síðustu í örstuttu máli gera grein fyrir því, út á hvað þessar brtt. okkar ganga.

Við leggjum til, að gerðar verði ráðstafanir til þess að auka það fé, sem lánað verði til íbúðabygginga á næstu tveimur árum, úr 100 millj. í 130 millj. kr. hvort árið um sig.

Nú spyrja menn: Hvernig er þetta fé fengið? Það er vandalítið að setja svona tölur á pappírinn, að lánsféð skuli vera meira, ef ekki er bent á skynsamlegar leiðir til þess að fá þetta fé.

Í fyrsta lagi gerum við ráð fyrir því, að framlög ríkisins skuli aukin úr 3 millj. í 10 millj. kr., eða um 7 millj. kr. Samhliða því má gera ráð fyrir eitthvað auknum framlögum frá sveitarfélögunum, svo að gera má ráð fyrir, að hér fáist 10 millj. kr. til viðbótar.

Þá tökum við upp þá hugmynd húsnæðismálanefndarinnar að sameina lánadeild smáíbúða þessu nýja veðlánakerfi, en með því móti mundi fást árlega um 4 millj. kr. nýtt fé til útlána árlega í næstu 15 ár, eða meðan þau lán eru að greiðast, en þau voru til 15 ára.

Þarna eru um 14 millj. kr. Afgang lánsfjárins eða um 16 millj. kr. gerum við ráð fyrir að fá á annan hátt, að tryggilega verði gengið frá reglum, sem tryggingafélögunum og ýmsum öðrum stofnunum, sem ávaxta fé sitt í verðbréfakaupum, skuli settar varðandi verðbréfakaup sín. Við heimilum ríkisstj. að setja reglur um verðbréfakaup tryggingafélaga og opinberra aðila, þannig að þeim verði gert skylt að kaupa þau verðbréf, sem gefa á út samkvæmt frv., fyrir ákveðinn hluta þess fjár, sem þau verja til verðbréfakaupa, og jafnframt, að ótvíræðir samningar verði gerðir við bankana alla um það, að þeir verji ákveðnum hluta útlána sinna til kaupa á þessum verðbréfum.

Með þessu móti ætti að vera hægur vandi að fá 16 millj. kr. til viðbótar því fé, sem hér er um að ræða, þannig að það ætti að vera leikur einn að auka þessar 100 millj. upp í 130 millj. kr., og er þó hér vissulega hóflega í till. farið. En ef þetta næði fram að ganga, þá gerði það kleift að auka venjulega lágmarksupphæð lánanna úr 70 þús. kr. upp í 100 þús. kr., en miðað við núverandi byggingarkostnað, þar sem telja verður 200 þús. kr. kostnað algeran lágmarkskostnað við íbúð, þá má ekki minna vera en að venjulegt lágmarkslán hjá veðdeildinni, sem bindur 1. veðrétt, sé helmingur af byggingarkostnaði.

Þótt við teljum þá vexti, sem gert er ráð fyrir í frv. og ég gerði grein fyrir áðan að eru raunverulega 7.36%, að vísu vera allt of háa og svo háa, að engin von sé til þess, að venjulegir launamenn geti leyft sér að búa í sómasamlegum íbúðum við þessi vaxtakjör, þá leggjum við samt sem áður ekki til, við þessa umr. a. m. k., að þessum vaxtakjörum verði breytt, heldur viljum einskorða till. okkar við það, að byggingarsjóði verkamanna verði tryggt aukið fé, vegna þess að við vitum, að verði honum tryggt aukið fé og gert kleift að starfa áfram, þá eigi þeir efnaminnstu þar að geta eignazt íbúðir, sem þeir eiga að geta búið í. Þess vegna höfum við lagt til að tryggja byggingarsjóði verkamanna á næstu árum 12 millj. kr. á ári. Við gerum okkur ljóst, að hér er um háa tölu að ræða, og byggingarsjóði

verkamanna verður ekki kleift að útrýma húsnæðisbölinu hér með þessum fjárframlögum. Það gerum við okkur alveg ljóst, en samt sem áður teljum við 12 millj. kr. á ári í 5 ár verða mikinn feng. Það mundi geta verið mörgum efnalitlum manninum mikil björg, ef þetta næði fram að ganga. Töluna miðum við við þá tölu, sem ríkisstj. hefur þegar gert baksamning um að byggingarsjóður sveitanna skuli fá, og það verð ég að segja, að ef sú till. yrði felld, að byggingarsjóði verkamanna skyldi tryggð sama upphæð og sagt er í grg. að búið sé að lofa byggingarsjóði sveitanna, þá er það slíkt hnefahögg framan í fátækan almenning þessa lands, að því höggi mun ekki og skal ekki verða gleymt.

Þá gerum við enn fremur ráð fyrir því, að ríkisstj. verði gert að skyldu að hafa forgöngu um útrýmingu heilsuspillandi íbúða á næstu 5 árum, og heimilum að verja í því skyni 10 millj. kr. úr ríkissjóði í þessi 5 ár. Um það hef ég þegar rætt áður.

Þá leggjum við til, að ákvæðin um húsnæðismálastjórnina verði felld niður og að veðdeild Landsbankans verði falið að úthluta lánunum. Veðdeild Landsbankans er stjórnað af bankastjórum Landsbankans, sem ég hygg að enginn hafi ástæðu til annars en að bera fyllsta traust til, þegar um slík mál er að ræða sem hér eru á döfinni. Og þá finnst okkur langeðlilegast, að þessir embættismenn annist lánveitingarnar, en að pólitískir fulltrúar komi þar hvergi nærri. Við teljum ekki heldur rétt, að sett verði upp nýtt bákn til þess að annast tæknileiðbeiningarnar, heldur verði skrifstofu húsameistara falið að hafa það hlutverk með höndum og honum þá auðvitað heimilað að ráða sér þá sérfræðinga, sem honum kynnu að reynast nauðsynlegir til þess að geta sinnt þessu verkefni sómasamlega. Húsameistara ríkisins, sem er ungur og dugmikill arkitekt, er án efa og fyllilega treystandi til þess að hafa góða og skynsamlega yfirstjórn á þessum málum með aðstoð sérfræðinga, hvers á sínu sviði. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að við leggjum til, að húsameistaraskrifstofunni verði gert að skyldu að afhenda öllum húsbyggjendum ókeypis teikningar af nokkrum algengum gerðum af íbúðastærðum, þannig að þeir, sem eru í fjárhagsþröng, gætu sparað sér teikningarkostnaðinn, sem er mjög verulegur. — Kostnaður við hinar ýmsu fagteikningar er allt of hár þáttur í kostnaðarverði einfaldra íbúða. Húsameistara á því að vera skylt að hafa á boðstólum „standard"-teikningar af nokkrum — tveimur, þremur, fjórum — algengum húsategundum og húsastærðum, sem menn ættu kost á að hagnýta sér án endurgjalds, ef menn vildu spara sér teikningarkostnaðinn. Það kæmi svo auðvitað vel til greina að greiða höfundum teikninganna einhverja ákveðna þóknun í hvert skipti, sem teikningin er notuð, og væri þá eðlilegast, að sú þóknun yrði greidd beint úr ríkissjóði og talin til kostnaðar við húsameistaraskrifstofuna.

Ég leyfi mér að fullyrða, að þessar tillögur okkar hljóti að teljast hóflegar. Þær verða ekki heldur taldar annað en fyllilega raunsæjar. Hér er ekki um að ræða neinar yfirboðstillögur við tillögur ríkisstj., heldur er hér um að ræða tillögur, sem hægur vandi er að framkvæma, en mundu þó vera til mikilla bóta á frv. og mundu létta mörgum manninum, sem nú á í miklum vandræðum sökum húsnæðisskorts, vanda hans mjög verulega.

Ég tel, að afstaða hv. stjórnarflokka til meginatriða þessara till. skeri alveg úr um vilja þeirra til þess að snúast vel og skynsamlega við þeim vanda, sem húsnæðisvandamálið er vissulega. Ef skellt verður skolleyrum við þessum tillögum, þá verður varla litið öðruvísi á en þannig, að ríkisstj. hafi í raun og veru engan áhuga á því að gera það, sem þó sannanlega er fært til þess að bægja þessu mesta félagsböli þjóðarinnar frá dyrum hennar.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Þá er nú sennilega hægt að halda áfram umræðum um þetta mikilvæga mál, sem hér er á dagskrá, þó að nú sé sýnilegt, að það eigi að verða næturumræður. Nú er þegar búið að ljúka því versta af, búið að greiða atkvæði um nokkur mál, sem á dagskránni eru, og þá geta menn eflaust með góðri samvizku farið heim að sofa, — þeir, sem ekki þurfa að sitja hér yfir umræðum um hin meiri mál. En þetta er svo sem orðið þekkt fyrirbæri hér, að þegar stórmál eru til umræðu, — mál, sem hafa tiltölulega litla umræðu fengið hér í þinginu, þá er allajafna hallað svo til, að þetta er tekið fyrir og að umræðurnar skuli fara fram svo að segja um hánótt. Ég hefði nú svo sem ekki í þessu tilfelli talið það neina ofraun fyrir þá, sem þarna áttu hlut að máli, þó að þeir hefðu þurft að bíða hérna eitthvað fram eftir nóttunni til þess að taka þátt í atkvgr. um þessi mál, sem nú var skotið hér inn á milli, jafnvel þó að það hefði kostað þá að þurfa að vera hér nokkuð við þessar umræður um eitt af stærstu málunum, sem hér liggja fyrir þinginu núna. En hvað um það, nú er búið að ljúka þessu af, og þeir geta allir farið heim að sofa, sem hafa ekki neinar áhyggjur af því að þurfa að ræða þetta mál. En frá hálfu ríkisstj. virðist það vera svo, einnig um þetta mál, að hún vill hafa umræðurnar frá sinni hálfu sem allra, allra minnstar.

Það var athyglisvert, að þegar framsöguræðan frá meiri hl. þeirrar n., sem hefur haft um þetta mál að fjalla, var hér flutt, þá var hún svo stutt sem hún gat frekast verið og komið eins lítið inn á málið sjálft og mögulegt var, og ég spái því, að svo muni fara, að frsm. og aðrir fulltrúar ríkisstj. muni verða hér lítið á ferðinni í nótt í sambandi við umræður um þetta mál.

En það eru ýmis atriði þessa mikilvæga máls, sem ég vildi gjarnan vekja hér máls á og það að nokkru leyti vegna þess, að ég kann að hafa nokkra sérstöðu í sambandi við lausn þessara húsnæðisvandamála.

Mér sýnist um það frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur hér fram til lausnar húsæðisvandamálunum og hún hefur sagt að ætti að leysa húsnæðisvandamálið til allrar frambúðar, að aðaleinkenni á þessu frv. séu þau, að gert er ráð fyrir að setja á fót sérstaka húsnæðismálastjórn. Þessi

húsnæðismálastjórn á framvegis að hafa með að gera svo til allar ákvarðanir viðvíkjandi öllum lánum til byggingar íbúðarhúsa. Það á sem sagt að reyna að koma á því skipulagi, að tveir menn, fulltrúar stjórnarflokkanna, búsettir auðvitað hér í Reykjavík, eigi að fá algera yfirstjórn yfir öllum íbúðarhúsabyggingum í landinu. Þeir menn, sem vilja byggja sér íbúðarhús norður á landi, austur á landi eða vestur á landi, geta ekki fengið lán til slíkra framkvæmda, nema þeir sendi teikningar af sínum fyrirhuguðu húsum og alla greinargerð yfir bygginguna til nm. hér suður í Reykjavík, og það eru þessir tveir herrar hér, sem eiga að úrskurða um það í hverju einstöku tilfelli, hvort lán má veita úr þessu lánakerfi til þessara húsbygginga úti á landinu. Að sjálfsögðu eiga svo allir, sem búa hér í næsta nágrenni, einnig að leita til þessara tveggja manna um úrskurð um það, hvort þeir geta verið hæfir til þess að fá lán úr þessum lánasjóði.

Mér sýnist, að þessi húsnæðismálastjórn, eins og ákvæðin um hana eru sett upp í frv., mundi þýða það í framkvæmd, að í húsbyggingarmálunum í landinu er verið að koma á í stórum atriðum sama kerfinu og nú hefur gilt um skeið í öllum innflutningsmálum, og reynslan í þeim efnum er nú orðin flestum kunn. Reynslan er sú í stuttu máli, að menn úti á landsbyggðinni telja með öllu ókleift að taka þátt í innflutningsverzlun. Reynsla þeirra er sú, að það er slíkur eltingarleikur að liggja hér yfir þeim nefndum og ráðum suður í Reykjavík, sem eiga að kíkja í hvert plagg í sambandi við allan innflutning til landsins og veita þar öll leyfi, stór og smá, að það þykir með öllu ókleift fyrir menn, sem eiga heima úti á landi, að taka þátt í innflutningsverzlun, á meðan þetta kerfi er ríkjandi, enda hefur smám saman sótt í það horfið, að öll innflutningsverzlun verður í höndum fyrirtækja, sem eru búsett hér í Reykjavík, þar sem viðkomandi menn hafa fulla aðstöðu til þess að liggja yfir þessum nefndum dag út og dag inn. Sumir telja eflaust þetta skipulag gott, að það sé ágætt að einskorða þetta allt við Reykjavík, hér eigi þetta allt að fara fram, hér verði þetta bezt rekið, og ef til vill vilja menn dæma eftir þessari reynslu, að það fari líka bezt á því í sambandi við allar húsbyggingar í landinu, að þær fari í gegnum svipað kerfi og þetta. Sem sagt, ef einhver maður úti á landi, í þorpi eða í sveit, vill ráðast í að byggja sér hús, þá er slíkt þjóðfélagslegt stórvandamál að úrskurða um það, hvort hann geti fengið úr opinberum sjóði nokkrar prósentur að láni af heildarkostnaði hússins, hvort hann geti t. d., ef hann vill byggja sér hús upp á 200 þús. kr., fengið að láni 60 eða 70 þús. kr., að það verði að senda óteljandi plögg, fylla út alls konar skýrslur og senda í sérstaka nefnd hér suður í Reykjavík, sem á að úrskurða um það, hvort þeir geti yfirleitt komið til greina með að fá leyfi til að byggja þetta hús eða fá lán í þessu skyni.

Ég er alveg sannfærður um það, að reynslan af þessu kerfi mundi leiða í ljós, að menn úti á landsbyggðinni, sem eiga óhægt um vik að komast í gegnum þetta skipulagskerfi, mundu smám saman gefast upp í þessum efnum. Þeir mundu auðvitað fá, eins og algengt er, fyrstir nei eða sagt, að skýrslan hafi verið vitlaust útfyllt eða að eitthvað hafi vantað upp á formið, teikningin vitanlega úti á landi ekki nægilega fullkomin. Þetta er sent heim, fyrst einu sinni og svo aftur, og þannig verður mönnum smám saman gert ókleift að geta athafnað sig á eðlilegan hátt, nema þá helzt að taka sér á hendur ferð suður til Reykjavíkur til þess að glíma þar við þessa stofnun.

Sú húsnæðismálastjórn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir og allt snýst um í frv., er auðvitað miðuð við það, að stjórnarflokkarnir hafa fengið reynslu af því, t. d. í innflutningsmálunum, í verzlunarmálunum, að það gefur þeim feiknarlega mikið pólitískt vald að geta sett sína trúverðugustu menn, t. d. formenn stjórnmálafélaganna hér í Reykjavík, yfir slíkt framkvæmdabákn eins og þetta. Reynslan hefur sýnt, að það eru ákaflega margir menn, t. d. í sambandi við verzlunarmálin eða innflutning á vörum, sem eru tilbúnir að vera þeim flokkum, sem yfir þessu ráða, þægir og góðir og liðugir og jafnvel mjúkir við kosningasjóði þeirra, ef á þarf að halda, og þetta gefur þeim ákaflega mikið pólitískt vald, og þeim hefur yfirleitt þótt, að þessar stofnanir fyllilega borguðu sig. Nú á svo að láta þetta m. a. ná til allrar lánastarfsemi til húsbygginga í landinu.

Auðvitað er það augljóst mál, að það er engin nauð, sem rekur til þess að ætla að hafa þetta úthlutunarkerfi fyrir landsbyggðina. Ef menn telja, að það sé óhjákvæmilegt að hafa einhverja úthlutun í sambandi við þessar lánveitingar, vegna þess að það muni allt of margir biðja um lán til íbúðarhúsabygginga, miðað við það fé, sem er fyrir hendi til þess að ráðstafa í þetta, þá er það líka gefinn hlutur, að það mun eingöngu verða í sambandi við þá, sem eru hér í Reykjavík og næsta nágrenni. Það má búast við því, að héðan frá Reykjavík og næsta nágrenni berist ákaflega margar beiðnir um lán úr þessum sjóði, og það kann að vera, að það reynist nauðsynlegt að takmarka eitthvað á hverju ári, hverjir geta fengið lán hér til bygginga. Ef það er svo, að menn óttast þetta, þá sýnist mér, að það ætti að vera nægilegt að láta þessa úthlutunarnefnd, þessa tveggja manna nefnd ríkisstj., úrskurða um það, hverjir hér í Reykjavík og nágrenni ættu að verða lánanna aðnjótandi í hvert skipti, en sleppa m. a. húsbyggingum úti á landsbyggðinni alveg við þetta úthlutunarkerfi, — að í frv. yrðu þá sett ákvæði, sem tryggðu það, að þeir úti á landi, sem vilja byggja sér hús þar og geta lagt fé fram á móti þessum lánum, hafi skýlausan lagarétt til þess að fá þau lán, sem lögin annars gera ráð fyrir, og að þessi húsnæðismálastjórn hafi þar ekkert orð um að segja.

Ég mun á síðara stigi málsins flytja brtt. um þetta efni, og ég vil þá gjarnan, að það fái að koma skýrt fram hér, hvort þeir mörgu fulltrúar hér á Alþ., sem telja sig jafnan málsvara byggðarlaganna úti á landi og tala hér æði oft um það, að það þurfi að rétta hag þeirra, sem þar búa, og gæta jafnvægis í byggð landsins, telja vera höfuðnauðsyn á því að setja einhverjar skorður

við því, að fólk úti á landi geti fengið þessi tiltölulega lágu lán til þeirra húsabygginga, sem menn vilja ráðast þar í. Það er alveg augljóst mál, held ég, að ef slík tillaga verður felld, þá er það ekki vegna þess, að menn búist við því, að svo mikið verði beðið um lán til íbúðahúsabygginga úti á landi, að þeir séu hræddir við það, heldur er það vegna hins, að stjórnarflokkarnir vilja hafa hin pólitísku tök á því, hverjir eiga að fá þessi lán hverju sinni. Þeir vilja geta sýnt mönnum í framkvæmd, að það eru þeir, sem eiga að ráða því, hvort það er Pétur eða Páll, sem kann að eiga að fá lánin, sem um er sótt. Það er þá aðeins vegna pólitískrar íhlutunar, en af hinni ástæðunni getur það ekki verið, að þeir búist við því, að utan af landsbyggðinni berist svo mikið af lánbeiðnum, að ekki verði eðlilega hægt að sinna þeim.

Annað meginatriðið, sem fram kemur í þessu frv., næst á eftir þessari húsnæðismálastjórn, er hið svonefnda veðlánakerfi, að rætt er um það, að koma skuli á einu samfelldu veðlánakerfi í sambandi við allar íbúðarhúsabyggingar í landinu, og er þá stefnt að því, að bankar landsins safni saman fé með útgáfu vaxtabréfa, að þeir beiti sér fyrir því að fá sparisjóði úti á landi og annars staðar til þess að kaupa þessi bankavaxtabréf og verða þátttakendur í þessu lánakerfi, fái jafnvel lífeyrissjóði til þess að leggja líka fram fé í þessu skyni, en minnst á að koma frá ríkinu sjálfu í beinum framlögum til þessa lánakerfis.

Mér sýnist, að eins og þetta lánakerfi á að byggjast upp, þá miði það einnig í þá átt að draga verulega fjármagn úr byggðarlögum úti á landi og sameina það í þetta sameiginlega lánakerfi, sem síðan á að vera undir raunverulegri stjórn tveggja manna hér suður í Reykjavík og eðli málsins samkvæmt hlýtur að verða varið að langmestu leyti til íbúðarhúsabygginga hér, þar sem þrengst er nú fyrir dyrum á margan hátt í húsnæðismálunum. Ég óttast því það, eins og þetta lánakerfi er sett upp, að það miði enn að því að draga fjármagn utan frá landsbyggðinni og að það fjármagn verði lagt að verulegu leyti undir úthlutunarvald fámennrar nefndar hér suður í Reykjavík.

Þá er þriðja atriðið í sambandi við þetta frv., sem mjög stingur í stúf við það, sem áður hefur þekkzt í sambandi við opinbera aðstoð við byggingarmál. Nú er hér byggt á því í þessu frv., að vaxtakjör þessa lánakerfis skuli vera um 7¼%, en lánstími er ráðgerður 25 ár. Almennt hefur það verið svo, að þær lánsstofnanir, sem þó hafa verið til fyrir opinbera tilhlutan og á tímabili störfuðu nokkuð í sambandi við byggingarmál, veittu lán með miklu hagstæðari kjörum en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég vék nokkuð að því hér fyrr í dag, hvað svona háir vextir í sambandi við íbúðarhús þýddu í raun og veru. Ég benti þar á, að það er varla hægt að hugsa sér, að áhvílandi lán á meðalíbúð geti verið minni en 150 þús. kr., eins og nú er komið byggingarkostnaði. Svona háir vextir af 150 þús. kr. láni jafngilda rúml. 900 kr. á mánuði hverjum bara í vaxtagreiðslu af þessu íbúðaláni.

Ég held, að raunveruleg húsaleiga í meðalstórri íbúð verði a. m. k. eins há og frsm. minni hl., sem talaði hér á undan mér, minntist á, þar sem hann gerði ráð fyrir, að búast mætti við því, að húsaleigan í meðalíbúð yrði röskar 1800 kr. á mánuði. Ég hygg, að ef tekið er fullt tillit til þeirra gjalda, sem einnig þarf að greiða af íbúðinni umfram vexti og afborganir, — en á íbúðunum hvíla vitanlega ýmis önnur gjöld, og alltaf verður að reikna nokkuð með viðhaldskostnaði, — þá megi reikna með því, að ekki muni kosta minna en 2000 kr. á mánuði að búa í meðalstórri íbúð, sem byggð yrði samkv. þessum lánakjörum.

Svona gífurlega háir vextir hljóta því að þýða mjög háa húsaleigu, sem aftur á móti hlýtur að kalla á hátt verðlag í landinu almennt og m. a. hafa áhrif á kaupgjald. Að þessu leyti til er sá vaxtafótur, sem byggt er á í þessu frv., þannig, að hann er mjög varhugaverður, hlýtur að hafa þannig afleiðingar hér í þjóðfélaginu, að ekki er þar séð fyrir endann á.

Fjórða atriðið í þessu frv. er svo lítill kafli í sambandi við heilsuspillandi húsnæði, og verður þó að segjast, að það er allra mjóslegnasti kaflinn í þessu frv. Þar er gert ráð fyrir því, að þau miklu fríðindi, sem hafa verið bundin í lögum, þó að þeim hafi verið frestað frá ári til árs, og bæjarfélög og sveitarfélög áttu að njóta í þeim tilgangi að útrýma heilsuspillandi húsnæði, falli endanlega úr gildi, en í staðinn komi ákvæði aðeins um einar 3 millj. kr. frá hálfu ríkisins, en hver maður hlýtur að sjá, að það nær harla skammt.

Þessi atriði, sem ég hef minnzt á, sýnast mér vera aðalatriðin í þessu húsnæðismálafrv.

En þegar þessi húsnæðismál eru rædd, þá er ekki óeðlilegt, að nokkuð sé farið inn á að rifja upp eða rannsaka, hverjar eru í rauninni orsakirnar fyrir þeim húsnæðisvandræðum, sem hér er verið að glíma við. Ég held, að það verði varla um það deilt, að hér, þar sem húsnæðisvandræðin eru langsamlega mest, í Reykjavík og nágrenni, hefur raunverulega verið byggt allmikið á undanförnum árum, og ég tók eftir því, að frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), komst svo að orði, að hann sagði: Hér hefur verið byggt gríðarlega mikið á undanförnum árum. — En samt sem áður er nú þessu þannig varið, að þó að hér hafi verið byggt gríðarlega mikið og þó að hér hafi á nokkrum árum risið upp ný bæjarhverfi, þá eru húsnæðisvandamálin tilfinnanlegust hér, og þá sýna allar skýrslur það, að hinum heilsuspillandi íbúðum fækkar ekki í Reykjavík. Eftir skýrslu, sem frsm. minni hl. las upp í ræðu sinni áðan, sýndi hann fram á, að það hefur beinlínis fjölgað þeim fjölskyldum í Reykjavík, sem búa í hernámsbröggum eða öðru heilsuspillandi húsnæði.

Þegar þetta liggur fyrir, þá er eðlilegt, að menn spyrji um það, hverjar eru raunverulega orsakirnar fyrir því, að húsnæðismálin eru eins mikið vandamál hér í Reykjavík og þau eru. Og ég hygg, að það verði varla um það deilt, að orsakirnar er að finna í því, að hingað til Reykjavíkur stendur látlaus fólksstraumur utan af landsbyggðinni. Reykjavík hefur á undanförnum árum og næsta nágrenni hennar tekið meira

en við allri þeirri fólksfjölgun, sem orðið hefur í landinu. Það eru sem sagt fólksflutningarnir til Reykjavíkur, sem hér eru þyngstir á metunum, það er það jafnvægisleysi í landinu, sem þýðir stanzlausan flótta fólks utan af landsbyggðinni hingað suður. Það er mín skoðun, að meðan svo er látið til ganga, að þetta jafnvægisleysi helzt við, eða jafnvel er með vissum ráðstöfunum aukið á þetta jafnvægisleysi, þá muni þetta húsnæðisvandamál vera hér til staðar um langan tíma enn hér í Reykjavík. Það sem sagt sýnir sig, að þó að á stuttum tíma væru byggð hér 1000 hús, þá er reynslan sú, að jafnmargir búa eftir sem áður í bröggunum, og það sem verra er kannske, að reynslan sýnir, að það er næstum alltaf sama fólkið, sem eftir er í bröggunum, þó að sé í sífellu verið að byggja ný hús.

Ég held því, að langsamlega stærsta orsökin fyrir húsnæðisvandræðunum hér um slóðir sé þetta jafnvægisleysi, sem oft er talað um, í byggð landsins. Hitt er svo aftur annað jafnstórt atriði, að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á þessu jafnvægisleysi, hvað þarf að gera til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta jafnvægisleysi og þar með glíma nokkuð við orsökina að þessum herfilegu húsnæðisvandræðum, sem óneitanlega eru hér fyrir hendi.

Það er mín skoðun, að verði nú horfið að því ráði, sem margt bendir til, að ráðast einfaldlega í að byggja nokkuð af íbúðum hér í Reykjavík, þó vitanlega alveg ónóg, en gera engar frekari ráðstafanir, þá muni útkoman verða sú, að það þýðir í stórum dráttum að flytja ákveðinn skammt af mönnum utan af landi til viðbótar til Reykjavíkur, en að það verði álíka margir eftir sem áður í húsnæðisvandræðum hér í borginni.

Orsakirnar að þessum jafnvægisskorti eru án efa margar. Hér í Reykjavík er yfirgnæfandi meiri hluti af fjármagni þjóðarinnar. Hér eru aðalbankarnir, og þeir hafa hagað fjármálapólitík sinni þannig, að hér vilja bankarnir helzt binda sitt fjármagn, en þeir eru mjög tregir til þess að ráðstafa sínum fjármunum til framkvæmda úti á landsbyggðinni. Slíka ráðstöfun á fjármagni telja þeir ákaflega vafasama, en það er nú einu sinni svo, að á eftir fjármagninu leitar fólkið. Þar sem peningunum er ráðstafað í framkvæmdir og til athafna, þangað hlýtur fólkið að leita. Peningapólitíkin frá hálfu bankanna og frá hálfu ríkisvaldsins á því ábyggilega sinn drjúga þátt í því, að fólksstraumurinn heldur áfram til Reykjavíkur utan af landsbyggðinni.

Eins og ég minntist nokkuð á hér áðan, þá hefur einnig verið unnið mjög skipulega að því á undanförnum árum að koma hér fyrir í Reykjavík nærri allri innflutningsverzlun landsmanna. Hingað til Reykjavíkur verður að flytja svo að segja alla vöru, sem flytja þarf til landsmanna. Hér er hún sett í land. Hér er henni skipað aftur út í skip. Hér fer sem sagt fram skattlagning með gífurlegri aukavinnu í sambandi við þetta fyrirkomulag, að allar vörur eru keyptar hingað inn, og hér verður að vera miðstöðin fyrir dreifingu á þessum vörum út um allt land. Þetta er annar mjög stór þáttur í því, að fólkið dregst til Reykjavíkur og Reykjavík fær þessa yfirburði yfir aðra staði á landinu. Hingað til Reykjavíkur eru látnar liggja svo að segja allar skipaleiðir að landinu, og það þykir ekki orðið fært að annast hinn stærri rekstur annars staðar frá en héðan frá Reykjavík. Meira að segja Eimskipafélag Íslands, sem notið hefur sérstakra skattfríðinda frá hálfu ríkisins, rekur öll sín skip ákaflega einhliða með tilliti til Reykjavíkur. Það tilheyrir algerri hendingu úti á landsbyggðinni, ef þau skip flytja vörur þangað. Við úti á landi sjáum að vísu skip Eimskipafélagsins alltaf annað slagið, en það er ákaflega athyglisvert, í hvaða erindagerðum þau koma, þegar þau koma í okkar byggðarlög. Þau eru ekki að koma þangað með neinar vörur; þau koma þangað til þess að fylla sig af vörum til þess að sigla með á erlendan markað. Þau vilja sem sagt gjarnan hirða okkar útflutningsvöru, fá að annast flutninginn á henni frá framleiðslustöðum úti á landi, fá að annast flutninginn á framleiðsluvörunum á erlendan markað, hafa gott af þeim, en hafa hins vegar minna fyrir þeim. Þessi rekstur skipafélaganna er líka einn þátturinn í því að verka á það, að Reykjavík vex í sífellu, en staðirnir úti á landi fara yfirleitt minnkandi.

Svo má minna á það enn fremur, að fyrir atvik, sem ríkisvaldið er ráðandi um, hefur hér í námunda við Reykjavík verið unnið að ákaflega fjárfrekum framkvæmdum, sem veitt hafa miklum peningastraum í hendur manna, sem hér hafa verið. Hernámsvinnan öll hér á Suðurnesjum hefur vitanlega aukið við tekjur manna hér um slóðir mjög mikið, og í þeim efnum hafa hlutföllin skekkzt afar mikið á milli þeirra, sem hér búa, og hinna, sem búa úti á landi.

Ríkisvaldið hefur líka verið alveg óspart á að hlaupa undir bagga, af því að alltaf hefur verið talinn nokkur „business“ í því að hlaupa undir bagga, ef útvega hefur þurft fé til meiri háttar framkvæmda hér í Reykjavík. Í því efni má minna á það, að þegar byrjað var að taka lán samkvæmt Marshalllögum, þá var ákveðið að ráðast í byggingu síldarverksmiðja hér fyrir sunnan. Að vísu voru þá gildandi lög í landinu um það, að t. d. á Austurlandi ætti að byggja síldarverksmiðju. Það var skylda að gera það. Ríkisvaldinu blöskraði það ekki að troða yfir þau lög og neita að framkvæma þau, neita að láta byggja verksmiðju á Norðausturlandi, en á sama tíma var rokið til þess að veita af Marshallfé um 30 millj. kr. til þess að byggja Örfiriseyjarverksmiðjuna, sem aldrei hefur farið í gang, til þess að láta yfir 20 millj. kr. í síldarverksmiðjuskipið Hæring og allálitlega fjárhæð í þriðju verksmiðjuna hér í Reykjavík, á Kletti. Sem sagt, á einu og sama ári var brugðið þannig við, þegar mönnum hugkvæmdist að fara að byggja síldarverksmiðju hér í Reykjavík, að þá var beinlínis af fé hins opinbera ráðstafað stórum fjárhæðum til þess að byggja þrjár síldarverksmiðjur fyrir Reykjavík. — Mætti nefna mörg fleiri dæmi, sem öll hníga að því, að fjármagn landsmanna hefur verið staðsett í ríkara hlutfalli hér í Reykjavík en annars staðar á landinu, en þetta hefur orðið þess valdandi, að jafnvægisleysið hefur sífellt orðið meira og meira á milli Reykja-

víkur og landsbyggðarinnar. En eins og ég benti á, þá er það einmitt þetta jafnvægisleysi, sem er meginorsök þess, hversu húsnæðisvandamálin eru tilfinnanleg og erfið úrlausnar hér í Reykjavík.

Þá er enn eitt atriði, sem ég vildi minna á í þessu efni. Þannig er því háttað yfirleitt úti á landsbyggðinni, að þau störf, sem menn vinna þar við, eru að yfirgnæfandi meiri hluta framleiðslustörf. Þar hafa langflestir tekjur sínar af útgerð eða sjósókn eða vinnslu á sjávarafurðum eða þá af landbúnaði. Þar er rekinn tiltölulega lítill iðnaður, lítil verzlun og lítil önnur almenn þjónusta. En nú er það líka vitað, að afkoma framleiðsluatvinnuveganna hefur verið hin lélegasta í sambandi við allan rekstur í landinu. Mikill hluti útgerðarinnar hefur um tíma tapað og tapar allmiklu fé. Þeir menn, sem unnu við bátaflotann í allmörg ár, gátu aldrei fengið kaup sitt greitt einu sinni. Þar var svo framkvæmd skuldaskilaaðgerð, og mörg fyrirtæki og aðilar úti á landi töpuðu þar stórfé vegna þess, hve hagur þessarar útgerðar var tiltölulega lélegur. Það verður sem sagt án efa ekki um það deilt, að afkoma framleiðsluatvinnuveganna hefur alltaf verið miklu lélegri en t. d. afkoma hér hjá iðnrekstri í Reykjavík, verzlun í Reykjavík, skipafélögum og öðrum slíkum, sem hér halda uppi allumfangsmiklum rekstri.

Þessi atriði, sem ég hef nú minnzt svolítið á, eru öll þess eðlis, að ef það væri unnið að lausn á þessum málum, þá mundi draga nokkuð úr þessum jafnvægisskorti, sem nú er á milli Reykjavíkur annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar. Og ef það tækist að jafna þar nokkuð metin, þá mundi úrlausn húsnæðismálanna hér í Reykjavík ekki verða eins erfið og hún hefur reynzt vera á undanförnum árum.

Ég held því, að ef á raunhæfan hátt ætti að reyna að leysa þessi miklu vandamál, — því að ég dreg ekki í efa, að þeir eru margir hér í Reykjavík, sem þurfa á nýju húsnæði að halda og búa við óforsvaranleg kjör í þeim efnum, — þá þarf að reyna að snúa sér skipulega að því að bæta afkomuskilyrðin úti á landi og koma í veg fyrir þennan stanzlausa flótta á fólki frá landsbyggðinni og hingað til Reykjavíkur. Sé þetta ekki gert jafnhliða, þá þýða ráðstafanir til þess að byggja ný hús í Reykjavík í raun og sannleika hið sama og að flytja enn þá fleiri menn hingað suður.

Ég vil minna á það í þessu efni, að við sósialistar höfum flutt á undanförnum þingum frumvörp um að veita allmikið fjármagn til uppbyggingar á atvinnulífi úti á landi. Þau hafa ekki fundið náð fyrir þeim, sem hér ráða. Þau hafa ekki fengið afgreiðslu á undanförnum þingum. Þau hafa verið látin liggja í n. Og enn þá virðist sú n., sem sett var af hæstv. ríkisstj. til þess að koma með till., sem áttu að tryggja jafnvægi í byggð landsins, fara sér heldur rólega og koma ekki með neinar till. Hins vegar er nú komið fram þetta frv. ríkisstj., sem ég geri ráð fyrir að mundi mjög einhliða verða til þess, þótt að litlu leyti sé, að auka á húsbyggingar hér einkum í Reykjavík, en jafnvel í ýmsum greinum að torvelda húsbyggingar úti á landi og auka enn við flótta manna utan af landsbyggðinni hingað suður.

Ég vildi, að þessar athugasemdir mínar kæmu hér fram í sambandi við lausn húsnæðisvandamálanna. Ég vil þó taka skýrt fram, að þessi orð mín þýða það ekki á neinn hátt, að ég sé á móti því, að glímt sé við hið mikla vandamál, sem er húsnæðisvandamálið hér í Reykjavík og húsnæðisvandamálin í landinu yfirleitt. Ég geri mér fyllilega ljóst, að það þarf að leysa þennan vanda, en það er allt of einhliða litið á þetta vandamál að ætla aðeins að efna til nokkurra nýrra húsbygginga, þó að reynslan hafi sýnt, að eftir lifa jafnmargir menn og sízt færri í óhæfu húsnæði, þrátt fyrir allar þessar byggingar, og menn horfa upp á það, að þetta stafar af því, að fólkið þyrpist til Reykjavíkur úr þorpunum úti á landi.

Það er svo aftur annað mál, hvort það er í eðli sínu æskilegt, að þessi þróun haldi áfram, að byggðin úti á landi dragist saman og byggt verði yfir alla landsmenn hér í Reykjavík. Mín skoðun er sú, að það sé ekki affarasælt fyrir þjóðina sem heild. Ég gerði það einu sinni í sambandi við mitt eigið byggðarlag að veita því nokkuð athygli, hvernig væri með brottflutning manna úr því byggðarlagi og hingað suður til Reykjavíkur. Þessi athugun mín leiddi í ljós, að þegar um það bil 90 menn af hverjum 100 í mínu byggðarlagi unnu, á meðan þeir voru þar, að sjávarútvegi og framleiðslustörfum, sem ég ætla að séu þjóðinni mjög dýrmæt, en rétt í kringum 10% af fólkinu þar lifðu á föstum launum í sambandi við einhverja þjónustu, þá fór það svo, að þessi hlutföll snerust með öllu við, þegar þetta sama fólk hafði tekið sig upp og flutt hingað suður. Þá var útkoman sú, að það voru 10 á móti einum, sem voru komnir í alls konar þjónustustörf og störf þess eðlis, sem ekki flokkast undir framleiðslustörf, en aðeins einn á móti 10 hélt áfram hinum beinu framleiðslustörfum. Ég hygg, að þessi athugun sé nokkuð almennt dæmi um, að hinn látlausi flutningur manna utan af landsbyggðinni hingað til Reykjavíkur þýði það, að framleiðsla þjóðarinnar fari minnkandi og það muni ganga heldur lakar en áður að halda uppi góðum lífsskilyrðum í landinu, ef slíku heldur áfram. Því held ég, að það beri að vinna sem allra fyrst og skipulegast að því að koma í veg fyrir þennan flótta utan af landsbyggðinni hingað suður, og ég held, að einmitt þær ráðstafanir verði einna drýgstar, einna stórvirkastar í þá átt að leysa hin eiginlegu húsnæðisvandamál, sem Reykvíkingar eiga við að búa, og ég held, að ef tækist að stöðva fullkomlega flóttann utan af landi, þá mundi lausn húsnæðisvandamálanna hér verða miklu auðveldari viðfangs og þá sæi maður einhvern tíma fyrir endann á því, að Reykvíkingar gætu flutt úr þeim mörgu íbúðum, sem nú eru taldar ekki mannabústaðir, en þeir búa í.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Þegar ríkisstj. sú, sem nú situr, kom fram á sjónarsviðið, búin sínu bezta skarti, í upphafi sinnar tilvistar, þá voru það einkum þrjár perlur, sem hún taldi sig bera og væru skartgripir miklir og ættu að

verða til góðs fyrir þjóð þá, sem hún ætlaði þá að stýra, og þannig vaxnar, að þær ættu að koma þjóðinni til nota hið allra bráðasta.

Hið fyrsta af þessu mun hafa verið það, að hún lofaði því að gera verzlunarhætti landsmanna frjálsari og með öðrum hætti en þeir höfðu þangað til verið.

Við, sem sátum hér á síðasta þingi, munum kannske eftir því frv., sem ríkisstj. lagði fram um þessi atriði, og frelsið fólst aðallega í því, að í upphafi frv. stóð: „Frjáls skal vera innflutningur til landsins“ o. s. frv. En þegar farið var að athuga þetta frv., þá voru það meira að segja stuðningsmenn ríkisstj. sjálfrar, sem skömmuðust sín svo fyrir þessi orð og fundu, að þau voru í svo hrópandi ósamræmi við það, sem frv. annars miðaði að, að þeir þurrkuðu þau út, og það var dálítið táknrænt fyrir það mál, sem ríkisstj. taldi skarta svo mjög.

Annað málið, sem ríkisstj. ætlaði að punta upp á þegna sína með, var gerbreyting á skattalögunum, sem átti að verða með þeim hætti, að það yrði ósköp auðvelt að lifa í þessu landi fyrir sköttunum.

Jú, við fengum líka á síðasta þingi að sjá framan í það, sem ríkisstj. hafði upp á að bjóða í þeim efnum. Hún lagði hér fram raunar mörg frv. um skatta. Eitt þeirra taldi hún þó bera af. Það var um tekjuskatt og eignarskatt, og það færði þann skatt svolitið niður hjá íbúum landsins mörgum hverjum, en þó varð lækkunin, að minnsta kosti í krónutölu, hvergi svo, að miklu gæti numið, nema hjá stórgróðafélögunum.

Efndirnar á þeim tveim loforðum voru þess vegna ærið langt frá því, sem maður hefði getað ætlað að til stæði eftir þeim loforðum, sem gefin höfðu verið.

Þriðja perlan, sem hún taldi sig eiga, var sú, að hún ætlaði að breyta svo löggjöf landsins, að húsnæðisvandamálin gufuðu upp, að því er manni skildist, eins og dögg fyrir sólu, þegar þeir pappírar kæmu fyrir Alþ. og fengju þar sína afgreiðslu.

Við urðum að bíða lengi eftir þeim pappír. Það leið af hennar fyrsta starfsár, og það leið langt fram á það næsta, en loksins kom frv. hennar um húsnæðismálin. Það var dálítið táknrænt, að þegar sá ráðh., sem með þau mál fer, hæstv. félmrh. (StgrSt), kom hér upp í þennan ræðustól til að mæla fyrir því frv., þá var áhugi ekki meiri en svo hjá þeim þm., sem séð höfðu framan í þetta blað, að hér voru langflestir stólar auðir og áheyrendapallar þingsins, sem voru þéttsetnir um það bil, sem málið var tekið á dagskrá, nær tæmdust, þegar ráðh. ætlaði að fara að tala um þennan sérstaka dýrgrip ríkisstjórnarinnar.

Það væri líka synd að segja, að þetta húsnæðisfrv. ríkisstj. væri að nokkru með þeim hætti, að það geti talizt líklegt til að leysa úr þeim vandamálum, sem þjóðin á við að stríða.

Ríkisstj. hafði skipað nefnd til að athuga málið. Sú nefnd var fjölmenn, og hún hefur raunar unnið töluvert starf. Sumt af því, sem hún hefur athugað og látið uppi álit á, virðist vera ekki óskynsamlega ályktað um. Þannig hefur nefndin áætlað, hver væri íbúðaþörf íslenzku þjóðarinnar, og komizt að raun um, að það mundi þurfa að byggja á næstu árum að minnsta kosti um 900 íbúðir árlega, til þess að skaplegt gæti talizt, miðað við aukningu þjóðarinnar og það, sem til þarf að leysa úr þeim vandamálum á fáum árum, sem nú eru þannig, að þau eru með öllu óhafandi á því stigi, sem þau nú eru.

Við, sem höfum fjallað um þetta mál í fjhn., höfum ekki orðið sammála um, hvernig afgreiða beri þetta frv. Það væri synd að segja, að málsvarar ríkisstj. í þeirri nefnd hefðu sýnt á sér nokkurn ánægjublæ yfir þessu frv., en þeir gengu að því eins og grautnum sínum að gera skyldu sína við ríkisstj. og skrifa það á pappír, að þeir legðu til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Við hv. 1. landsk. (GÞG) höfum hins vegar ekki getað á það fallizt að mæla með slíku, því að það væri einungis að gera nýja pappíra um húsnæði Íslendinga, en hreint ekki hitt, að bæta þar úr, svo að neinu geti numið. Í okkar nál. er það rækilega rökstutt, að íbúð af meðalstærð, eins og þær gerast nú hér um slóðir, mundi kosta meira en fjórðung milljónar, mundi kosta um 262 þús. kr., þegar miðað er við 350 m³ íbúð. Vextirnir, sem gert er ráð fyrir að á slíkum lánum verði, nema svo háum fjárhæðum, að á 25 árum er ekki einasta nægilegt að láta þann, sem húsið byggir, eða þann, sem húsið kaupir, borga það einu sinni, heldur verður hann látinn borga það meira en tvisvar sinnum, þannig að fyrir 262 þús. kr. íbúð borgar hann á 25 árum, með þeim vaxtakjörum, sem ríkisstj. telur hæfileg, 557500 kr. Það sjá allir, að það er engin lausn á okkar húsnæðisvandamálum að gera þeirri kynslóð, sem byggir íbúð, sem standa á í heila öld, kannske margar aldir, að borga hana tvisvar sinnum og meira en það á einum aldarfjórðungi. Það er ekki lausn á málinu. — Þeir, sem vildu verða allra lítillátastir og byggja þær minnstu íbúðir, sem hugsanlegt er að hér muni tíðkast í framtíðinni, og byggðu sér 200 þús. kr. íbúð, verða á 25 árum að borga íbúðina með 424818 kr. En forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar reyna að halda því fram, að hér sé um raunhæfa lausn málsins að ræða. Það eru ekki ráðherrarnir; ég skal taka það fram, að undir þeirri umræðu, sem hér hefur farið fram um þetta alvarlega mál, hafa þrír ráðherrar aðeins látið sjá sig á hlaupum í deildinni og enginn þeirra staðið hér við meira en 2 mínútur. Þannig er áhugi þeirra fyrir málinu; þeir sem sagt mega eiga það, þeir skilja það, að hér er ekki um neitt það að ræða, sem þeir geta stært sig af.

Árið 1947 urðu nokkur straumhvörf í íslenzkum stjórnmálum. Það má heita, að þá hafi verið gersamlega skipt um stjórnarstefnu á Íslandi. Sú stjórnarstefna, sem ríkt hafði þá um skeið, hafði gert ýtarlegar tilraunir til þess að koma lífnaðarháttum Íslendinga á hærra menningarstig og búa íslenzku þjóðinni betri lífskjör en áður höfðu tíðkazt. Þessu er hætt með myndun ríkisstj. á öndverðu ári 1947.

Hvernig var ástand í lánamálum til húsbygginga á þeim tíma, þegar þessi straumhvörf verða í íslenzkum stjórnmálum? Það má vera, að þá hafi verið nokkuð þröngt um lán á almennum markaði, en þau lán, sem fengust, voru með

nokkuð öðrum kjörum en nú tíðkast. Lífeyrissjóðir, eins og lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna, lífeyrissjóður barnakennara og vafalaust nokkuð margir fleiri lífeyrissjóðir lánuðu þá yfirleitt út til húsbygginga sjóðfélaga með vöxtum, sem námu 4—4½%. Slík lán voru þá oftast veitt til 20 ára. Það þýðir, að af lánunum voru tekin á 20 árum nálægt 50% í álag á nafnupphæð lánsins.

Allar ríkisstj., sem myndaðar hafa verið síðan þetta skeði, hafa látið í veðri vaka og sumar skrifað það efst á sína stefnuskrá, að þær væru til þess myndaðar að ráða bug á dýrtíð í landinu og kveða niður þá alvarlegu hluti, sem dýrtíð eru samfara.

Í lánamálum hefur það skeð síðan, að þegar þau lánskjör, sem ríkisstj. leggur nú til að tekin verði upp, verða orðin almenn í lánakerfi til íbúðabygginga, þá er álagið á nafnverð þeirra lána, sem veitt eru í þessu skyni, á 25 árum eitthvað á milli 112 og 113%.

Við, sem skipum minni hl. fjhn. í þessari d., höfum lagt til allmargar breytingar á frv. Okkur er þó ljóst, að þó að þær væru allar samþ., þyrfti frv. samt ýmissa umbóta við, til þess að það mætti teljast verulega gott og líklegt til að sinna sínu hlutverki í byggingarmálum þjóðarinnar.

Við höfum í fyrsta lagi miðað okkar till. að nokkru við það, að við þessa umr. málsins geti það komið fram, hverju ríkisstj. og hennar fylgjendur á Alþ. eru til með að taka með skynsemi, yfirvega og hafa það, sem réttast reynist. Þannig höfum við t. d. ekki gert sérstakar breytingar um vaxtafót lánanna og teljum, að afstaða okkar í því máli byggist að nokkru á því, hvernig þeirri brtt. að tryggja byggingarsjóði verkamanna aukið starfsfé verður tekið. Verði þeirri till. okkar ekki sinnt, þá er greinilegt, að ríkisstj. kemur að mestu í veg fyrir áframhaldandi starfsemi þess sjóðs, og þar með er það líka fullvíst, að jafnvel hinir fátækustu, sem þarfnast þess að koma yfir sig húsnæði, eiga ekki í önnur hús að venda með aðstoð til þess en í hið almenna lánakerfi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en áður hefur verið rækilega sýnt fram á það, bæði í grg. okkar í minni hl. fjhn. og sömuleiðis í ræðum um málið, einkanlega ræðu hv. frsm. minni hl., 1. landsk. þm. (GÞG).

Mér er það einnig ljóst, að til þess að löggjöf sem þessi geti komið þjóðinni að verulegu gagni, þarf að hafa nokkra hönd í bagga um það, hvert lánin eru veitt. Hv. síðasti ræðumaður, 11. landsk. þm. (LJós), gerði rækilega í ræðu sinni grein fyrir því, að eins og úthlutunarkerfi lánanna er varið, þá er þetta fyrst og fremst lánakerfi, sem kemur að haldi — að svo miklu leyti sem það kemur nokkrum að haldi — þeim, sem búa í höfuðstað landsins. Hann rakti prýðilega og réttilega, hvernig það verður með algerlega óeðlilegum hætti, að menn þeir, sem búa í fjarlægð frá höfuðstaðnum, verða að útfylla hvert plaggið á fætur öðru og senda það í von og óvon um það, hvort þeim hefur tekizt að útfylla það eins og kontóristar í Reykjavík hafa ætlazt til. En slíkt getur auðvitað oft orkað tvímælis, og það mun vera margur maðurinn, sem sótt hefur um smáíbúðalán, en hefur þurft að endurnýja sínar sendingar af skrifuðu máli nokkrum sinnum, áður en lánið var honum veitt.

Enn fremur er það ótækt, þegar lán eru veitt út á land, að þá skuli viðkomandi lántakandi þurfa að hafa umboðsmann í höfuðstað landsins til þess að taka við þessu fé fyrir sig, en ekki er annað sýnilegt af frv. þessu en að þeirri reglu, sem fylgt hefur verið hjá lánadeild smáíbúða í þessu efni, eigi að halda áfram eins og hún hefur gilt.

Lánsstofnanir þjóðarinnar og allir möguleikar til þess að flytja fé á milli staða eru nú með þeim hætti, að þetta verður að teljast alger óþarfi.

Það er sömuleiðis rétt, sem hv. síðasti ræðumaður hefur haldið fram, að ef það lánakerfi, sem hér stendur til að koma á fót, verður nothæft að einhverju leyti og notað mestmegnis í Reykjavík, þá gagnar það ekki þjóðinni með þeim bezta hætti, sem verið gæti. Þegar ríkið setur á fót stofnun eins og þá, sem hér er ráðgert að gera, þá ber ríkinu að sjálfsögðu að taka tillit til þess, hvernig þetta getur bezt gagnað framleiðslukerfi þjóðarinnar.

Nú er sú sorglega raun á í höfuðborg landsins, að óvíða á landinu og líklega hvergi er framleiðsla eins lítil á hvern íbúa og í höfuðborginni, og það er því miður fátt, sem bendir til, að það hlutfall muni raskast í þá átt, að framleiðslan hjá Reykvíkingum fari vaxandi, miðað við aðra þegna þjóðarinnar. Þess vegna væri skynsamlegt að taka upp í svona kerfi, að lánin skyldi veita með tilliti til þess, hvar þau kæmu bezt að gagni framleiðslu landsmanna.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að nú er a. m. k. einn staður á landinu, þar sem ríkið leggur þegar í mikinn kostnað til þess að koma upp fiskihöfn, það er vestur á Snæfellsnesi, vestur í Rifi. Ef vel tekst til með þá hafnargerð, sem menn vona, þá kemur þar höfn, sem liggur mitt í auðugum fiskimiðum, og það er líklegt, að þar gæti á skömmum tíma risið upp framleiðslubær, — ekki bær, þar sem settust að auðmenn og aðrir ónytjungar, heldur framleiðslubær, sem vert væri fyrir íslenzka ríkið að eiga sinn þátt í að gæti byggzt á skömmum tíma. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. Þessi staður er einmitt þannig, að þar er nú ákaflega lítil byggð og mundi þurfa mjög mikið að byggja, bæði af íbúðarhúsum og öðrum húsum, til þess að hann geti á skömmum tíma orðið stór liður í framleiðslukerfinu, eins og ég tel allar líkur benda til að hann eigi eftir að verða, þótt það kunni að verða að gerast á löngum tíma, ef ríkið gerir engar ráðstafanir til þess að haga fjárframlögum sínum og lánveitingum úr þeim stofnunum, sem það ræður yfir, með tilliti til íslenzkrar framleiðslu.

Það eina, sem í rauninni er gert í þessu frv. til þess að tryggja það, að hluti af þessu fé fari raunverulega út á landsbyggðina, eru þær 12 millj., sem ákveðið er að eigi að renna í byggingarsjóðinn, þ. e. a. s. í þann byggingarsjóð, sem lánað er úr til bygginga í sveitum. Ég vil nú leyfa mér í sambandi við ræðu hv. 1. landsk. þm., frsm. minni hl., að taka það fram, að ég held, að hann hafi ekki meint það, sem hann sagði um þetta atriði, eins og hugsanlegt væri að taka það.

Það hefði mátt skilja orð hans svo, að það væri nú kannske það, sem ríkisstj. þyrfti mest að skammast sín fyrir, að hafa ákveðið þetta framlag til byggingarsjóðs sveitanna. Hann mun hafa átt við það, að eftir að hún hafði gert það, þá hefði hún átt að sjá sóma sinn í því að tryggja álíka fjárhæð til byggingarsjóðs verakmanna. Og það skulum við líka vona að hún geri.

Ég hef hér að nokkru vikið að þeim ófullkomleik, sem á till. okkar í minni hl. fjhn. má finna. Ég vænti þess, að það verði ekki til þess ætlazt af okkur, sem höfðum um það bil 2 daga til þess að semja okkar till., að þær till. séu í öllu eins ýtarlegar og ákjósanlegast hefði verið. Ekki sízt tel ég að við getum borið höfuðið hátt, þó að svo kynni að vera, ef við berum okkur saman við þær till., sem ríkisstj. leggur fram eftir að hafa haft þessi mál á prjónunum hátt á annað ár, því að fyrir þær till., sem hún leggur fram, ætti hver ríkisstj. að blygðast sín, — og ég hef að vísu viðurkennt það, að okkar ríkisstjórn er ekki svo alls varnað, að hún virðist þó gera það.

Embættismannabákn það, sem á að úthluta fé þessu til einstaklinga, er sama kerfið sem tekið hefur verið upp við smáíbúðalánin, þ. e. a. s., að forkólfar stjórnarflokkanna tveir eiga að úthluta þessu. Þeir eiga að sitja í Reykjavík, en vafalaust hafa þeir meira og minna leynilega umboðsmenn víðs vegar úti um landið.

Þetta telja stjórnarflokkarnir sjálfsagt vera afgreiðslu, sem þeim sé sæmandi, og þeir telja sig vafalaust hafa pólitíska ávinning af henni. En ég vil segja hæstv. ríkisstj. og hennar fylgismönnum það, að þegar formaður sjálfstæðisfélagsins í einu þorpi gengur um á milli manna og segir: Heyrðu mig, þú ættir nú að líta við hjá mér, ef þú þarft að fá meðmæli til þess að fá smáíbúðalán, — þegar hann gengur á milli manna í einu þorpi, þar sem mikið er byggt, og ýmsir glepjast til þess að leggja leið sína til hans og senda sínar umsóknir í gegnum hann til þeirra, sem úthlutunina eiga að annast, þá getur hugsazt, að einhver pólitískur ávinningur sé að því. En þegar að hinu kemur, að fjöldamargir slíkra manna fá synjun, þótt þeir eigi hús í smíðum og uppfylli öll þau skilyrði, sem telja má að lögin um þessi atriði setji, en sá hinn sami formaður sjálfstæðisfélagsins flytur sinn útikamar inn í húsið hjá sér og fær sjálfur út á það smáíbúðalán, þá er hinn pólitíski ávinningur af þessum vinnubrögðum farinn að verða dálítið vafasamur. En þetta dæmi, er ég hef nefnt, vil ég taka fram að er raunverulegt.

Það væri þess vegna synd að segja, að þriðja perlan, sem ríkisstj. lætur skína, beri af hinum, þótt það hafi að vísu ekki verið af miklu að bera. Sannleikurinn er sá, að íbúðamál Íslendinga hafa hvergi verið leyst svo að viðhlítandi sé, nema þar sem fólkið hefur gert samtök um það að þverbrjóta öll lög og allar reglur ríkisstj. Þar er ekki húsnæðisskortur, en hann er nær alls staðar annars staðar.

Ríkisstj. ætlar enn að halda áfram á þeirri braut að setja l., sem eru þess eðlis, að þau eru fremur til hindrunar en til þess, að árangur geti náðst í þeim efnum, sem hér er um að ræða, en það ætti íslenzk ríkisstj. að vita, að Íslendingar eru ekki þess háttar fólk, að þeir láti að eilífu eina vesæla ríkisstj. gera grín að sér, henda skop að þeim málum, sem mest kreppa að fjölda heimila. Það væri þess vegna hyggilegast fyrir ríkisstj. sjálfa að standa ekki í vegi gegn því, að það væri lappað svo upp á þetta fóstur hennar, að það gæti heitið með einhverri mynd, en ekki alger vanskapningur, þegar Alþ. afgr. það.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst okkar ágæta ríkisstj. vera orðin að hálfgerðu huldufólki nú. Ég sé ekki betur en að þegar hennar aðalmál eru nú á dagskrá, þá bókstaflega hverfur hún. Þetta minnir mann á gömlu dæmisöguna, að þegar börnin voru eitthvað skítug, þá þótti réttara að fela þau fyrir guði almáttugum, — og eins virðist komið nú fyrir hæstv. ríkisstj., að hún felur sjálfa sig og flesta af sínum stuðningsmönnum fyrir þinginu, þegar á að fara að ræða þau mál, sem ríkisstj. sjálf hefur sagt að væru hennar aðalmál á þessu þingi, — þau mál, sem við höfum verið látnir bíða hér eftir, þannig að þetta er sjöundi mánuður þingsins, — þau mál, sem ríkisstj. sagði að hún yrði að hafa þinghlé allan janúar til þess að geta hugsað nógu vel og nógu rækilega um. Og nú er það loksins komið, og þegar málið er komið, þá sýnir ríkisstj. sig ekki. Ég býst við, að það sé varla hægt að kveða öllu meiri áfellisdóm upp yfir einu máli en ríkisstj. gerir sjálf með þessari framkomu sinni.

Ég vil nú fyrir mitt leyti lýsa ánægju minni yfir þeim brtt., sem hv. minni hl. fjhn. flytur, og því nál., sem hann lætur hér frá sér fara, og hef ég þar litlu við að bæta. Ég vildi aðeins minna á í sambandi við þær 3 millj. kr., sem hæstv. ríkisstj. leggur til að varið sé á ári til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, að það er e. t. v. nokkuð táknrænt fyrir, hvernig hún metur þörfina á hlutunum hér heima.

Á fjárl., sem við vorum að afgr. fyrir nýár, var lögð fram sem stofnframlag vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu Íslenzkir aðalverktakar 1 millj. kr., og það var á 22. gr. ábyrgzt fyrir þetta félag, Íslenzka aðalverktaka, vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu 1½ millj. kr. lán. M. ö. o.: það er upp undir sama upphæð sem lögð er fram sem framlag og sem ábyrgð til þess hermangarafélags, sem hefur nú tekið að sér að byggja t. d. íbúðir og annað slíkt yfir ameríska liðsforingja suður á Keflavíkurflugvelli, eins og það, sem ríkissjóður, svo framarlega sem bærinn leggja fram eitthvað svipað, er til í að leggja fram á ári til þess að útrýma bröggunum. Það er þess vegna engum efa bundið, að það er hárrétt, sem hv. minni hl. n. leggur til, að þarna verði að verða alger breyting á, og till. hans um stórfellda hækkun á þessu er þess vegna alveg sjálfsögð og nauðsynleg.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hafði hér framsögu f. h. meiri hl. og mælti með þessu frv. ríkisstj., — mælti með því, að það yrði að mestu leyti tekið úr höndum veðdeildar Landsbankans að úthluta lánunum og sett þessi sérstaka spillingarstjórn sem æðsta stjórn í húsnæðismálunum.

Það er dálítið undarlegt, hvernig menn fara að því að framkvæma þá hluti, sem menn tala um fyrir kosningar, þegar kosningarnar eru liðnar. Fyrir síðustu kosningar flutti hv. 5. þm. Reykv. ásamt nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl. — *og það raunar ekki fáum — frv. til l., sem átti* að afla lánsfjár til íbúðabygginga. Meðflutningsmenn hans voru núverandi hæstv. varaforseti okkar deildar, hv. þm. Ak., Magnús Jónsson, hv. 2. þm. Eyf., Ingólfur Jónsson, núverandi viðskmrh., *og* Sigurður Bjarnason, núverandi forseti þessarar deildar. Það var sem sé raðað framáliði Sjálfstfl. á þessa till., sem flutt var á Alþ. 1952, nokkru fyrir kosningarnar, sem fram fóru 1953. Í þeirri till. var gert ráð fyrir að efla veðdeild Landsbankans, og þá fannst þessum stóra hluta Sjálfstfl., sem flutti þetta frv., það rétta leiðin að efla veðdeild Landsbankans, taka lán til handa henni til þess að gera henni mögulegt að starfa. Þá var ekki svo langt komið ástandinu hér heima og þróun þess, að menn færu að koma fram með í frv. þá spillingarstjórn, sem nú er lagt til að setja í húsnæðismálin. Að vísu var félmrn. þá búið að útnefna þá tvo menn til þess að hafa með höndum smáíbúðirnar og úthlutunina á þeim lánum, en það átti þó bara að vera framkvæmt svona raunverulega á laun. Þá skömmuðust menn sín fyrir slíkar aðferðir eins og að reyna að tengja á ýmsan hátt lánveitingar jafnvel við atkvæði í kosningum og annað slíkt. Þess vegna varð frv. þessara 5 þm. Sjálfstfl. með hv. frsm. meiri hl. í broddi fylkingar mjög heiðarlegt frv., frv. um að efla veðdeild Landsbankans og gera henni mögulegt að starfa. Þá þótti sem sé veðdeildin nógu góð. Nú þykir hún það ekki lengur. Nú er það tekið alveg sérstaklega fram, að ef veðdeild Landsbankans eigi að hafa eitthvað með húsnæðismálin að gera, þá megi sá maður, sem frá henni er, ekki hafa neinn atkvæðisrétt um það, hverjir fá íbúðir. — Þetta er nokkuð táknrænt fyrir þróunina á ekki lengri tíma en frá þinginu 1952 og þangað til núna.

Það er e. t. v. líka rétt að gera sér það nokkuð ljóst, hvaða þróun hefur orðið í þeim málum, hvernig menn líta á rétt manna og hvað mikið sé *eðlilegt að lána í sambandi* við íbúðirnar.

Nú er auðséð, að með þeim lánum, sem verða 70 þús. kr., þá mun, eins og nú er rætt um, raunverulega varla lánað meira en út á þriðjung af íbúðarverði. Hitt verða menn raunverulega meira eða minna að skaffa sér sjálfir. Hv. minni hl. n. reiknar jafnvel með, að þessi lán muni varla verða meira en 27%. Hvernig var nú sá hugsunarháttur, sem gengið var út frá um þessa hluti, þegar enn þá var hugsað, að veðdeild Landsbankans ætti raunverulega að geta starfað?

Í reglugerðum um veðdeild Landsbankans, og þær hafa verið gefnar margar út fyrir þá mörgu flokka bankavaxtabréfa, sem þar hafa verið, en í þeirri reglugerð, sem nýjust er, að ég held, reglugerðinni um útgáfu á 17. flokki bankavaxtabréfanna, stendur í 8. gr. um matið á eignunum: „Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld.“ Og í 7. gr. er ákveðið, að lánsupphæðin megi ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar. Þetta hafði frá upphafi verið nokkuð breytilegt í reglugerðunum fyrstu, og í lögunum árið 1900, fyrstu flokkunum, var gert ráð fyrir helmingnum af verðinu; hérna er gert ráð fyrir ⅝ og þarna er gert ráð fyrir ¾ sem hámarki.

Venjulega er það svo, að ákvæðin um slíkt hámark til útlána eru talin, svo framarlega sem nægilegt fé er fyrir hendi, vera um leið reglan um, hvað lána eigi. Þær gömlu reglugerðir, sem eru um veðdeildina, sýna raunverulega, hvað menn hafa álitið að ætti að vera það eðlilega í þessum hlutum, og það eðlilega viðvíkjandi veðdeild Landsbankans hefur sem sé verið frá helmingi þess virðingarverðs, sem miðað var við kaup og sölu á eign, allt upp í ⅝ af slíku. Þetta er það, sem löggjafinn, og það, sem ríkisvaldið hefur gert ráð fyrir sem eðlilegu og því, sem bæri að miða við mestallan tímann, og það er nauðsynlegt að gera sér þetta ljóst, vegna þess að ella hættir mönnum við að gleyma, hvernig reglurnar hafa verið frá upphafi. Það hefur verið svo mörg ár, að veðdeildin hefur raunverulega verið steindauð, það hefur ekki verið lánað neitt samkvæmt henni, og þegar nú á á einhvern hátt að fara að endurnýja þetta, koma nýju lífi í hana, og ekki sízt ef haldið hefði verið við þá till., sem Sjálfstfl. flutti fyrir síðustu kosningar, þá hefði náttúrlega verið eðlilegt að endurnýja þessi ákvæði með tilliti til þess að koma í framkvæmd þeim gömlu reglum, sem þarna höfðu áður gilt. Þá var þetta virðingarverð, sem sé í gamla daga, miðað við það, sem eignirnar mundu kosta, þegar þær gengju kaupum og sölum.

Svona var þetta, og fyrir þá, sem muna eitthvað ofur lítið aftur í tímann viðvíkjandi þessum málum, þá var það þannig, að meira að segja á meðan menn voru að bíða eftir að fá lán úr veðdeild, þótti sjálfsagt í bönkum, að menn fengju víxlalán, sem var síðan breytt í fast veðdeildarlán, þegar húsið væri komið upp. Þetta var sá hugsunarháttur, sem ríkti á meðan það þótti eðlilegt, að það opinbera hjálpaði til þess, að menn gætu byggt yfir sig, og hjálpaði til þess, án þess að valdhafarnir gerðu það um leið að einhverjum pólitískum skilyrðum, hvernig þarna væri farið með.

Hv. 5. þm. Reykv. tók alldjúpt í árinni og lýsti allréttilega, þegar hann mælti fyrir þessu frv. þeirra sjálfstæðismannanna, þörfunum í þessum efnum. Hann sagði m. a. um þetta frv. við 1. umr. þess og framsögu, með leyfi hæstv. forseta, eins og prentað er í þingtíðindunum 1952, C-deild, á bls. 205, svo hljóðandi:

„En um þetta frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., er það að segja, að í aðalatriðum er tilgangur þess að efla þá stofnun, sem ætti að vera aðalfasteignalánastofnun landsmanna, sem er veðdeild Landsbanka Íslands, er stofnuð var með löggjöf árið *1900 og hefur átt á þessari öld að* sinna því hlutverki að lána landsmönnum út á byggingar þeirra. Ég hygg, að mönnum blandist ekki hugur um það, að það sé mjög mikil nauðsyn að efla einmitt þessa lánastarfsemi, sem

hér er um að ræða, vegna þess, í hversu ríkum mæli hún hefur raunverulega — raunverulega, segi ég — lagzt niður hin síðari árin. Það er gert ráð fyrir því eftir lögunum um veðdeild Landsbankans, að veðdeildin láni eftir vissum reglum út á 1. veðrétt. En þannig hefur það verið hin síðari ár, að slík lán hafa engin verið veitt í reiðufé eða a. m. k. að mjög litlu leyti, en nærri því eingöngu með því að láta mönnum í té verðbréf, sem menn síðan hafa átt mjög erfitt með að gera sér mat úr, þannig að þeir hafa þurft að selja þau með gífurlega miklum afföllum.“

Og hv. 5. þm. Reykv., frsm. meiri hl., heldur áfram og segir í þessari sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef nokkur veruleg átök eiga því nú að gerast í þessum málum, að gera mönnum kleift að fá eðlileg lán út á fasteignir sínar, þá hygg ég, að menn geti orðið nokkuð sammála um, að fátt sé eðlilegra en að efla veðdeild Landsbanka Íslands í þessu augnamiði, og hafa enda komið fram raddir um það æ ofan í æ hér á þinginu á undanförnum árum, þó að ekki hafi orðið úr.“

Þannig var talað í þessum efnum fyrir kosningarnar. Þá þótti sjálfsagt að reyna að efla veðdeildina og láta það fé renna beint til hennar, sem væri aflað ýmist með lánum eða öðruvísi. Og það var af hálfu hv. 5. þm. Reykv. þá tekið mjög undir það, hve erfitt það væri fyrir meira að segja menn, sem hefðu, eins og hann komst síðar að orði í ræðu sinni, 112 þús. kr. fram að leggja, að geta samt klárað íbúðir, sem að meðalverði væru um 300 þús. kr., eins og hann reiknaði þá með; var þá að sýna fram á, hve vandræðin væru mikil. Og síðan sagði hann svo til þess að lýsa því ástandi, sem þá væri, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem svo á vantar og á skortir í þessari miklu lánsfjárkreppu, verður í mörgum tilfellum til þess að neyða menn til að fara út á hinn svokallaða svarta markað og taka þar viðbótarlán með okurkjörum, sem að sjálfsögðu er í alla staði óviðunandi og vansæmandi í þjóðfélaginu að skuli eiga sér stað og Alþingi og ríkisstj. ber fullkomin skylda til að sporna við að eigi sér stað.“

Það var tekið sem sé alldjúpt í árinni, m. a. af hv. 5. þm. Reykv., á þeim tíma til þess að sýna fram á, hve gersamlega óviðunandi þetta ástand væri og hve sjálfsagt og nauðsynlegt það væri þá að efla veðdeild Landsbankans og fela henni að sjá um að stjórna þessum hlutum.

Nú er í þessu frv. hins vegar, eins og hv. minni hl. þegar hefur sýnt fram á, raunverulega ekki gert ráð fyrir að tryggja mönnum meira en um 27% af andvirði íbúða, og er samt reiknað með ódýrari íbúðum en þeim, sem hv. 5. þm. Reykv. reiknaði með í sínum ræðum með verðlaginu frá 1953. M. ö. o.: Það er samt sem áður langt fyrir neðan það, sem almennt var reiknað með og hefur verið reiknað með í öllum reglugerðum og lögum um veðdeild Landsbankans að væri eðlilegt að lánað væri út á 1. veðrétt, sem hefur verið allt upp í ¾ hluta af söluverði íbúða.

Hvað bíður þá þeirra manna, sem fengju nú ekki nema þessi 27% eftir útreikningi minni hl., og jafnvel þó að það yrði meira? Það munu fæstir þeirra eiga þær 112 þús., sem hv. 5. þm. Reykv. reiknaði með í sinni ræðu 1953, að nokkrir menn, sem hann hafði þá yfirlit yfir, mundu eiga. Hvað bíður þeirra? Það bíður þeirra nákvæmlega sami svarti markaðurinn og okurstarfsemin og hann var að lýsa í þessum ræðum sínum þá og hann lýsti yfir að væru gersamlega óviðunandi og til vansa fyrir þjóðfélagið og hvorki Alþingi né ríkisstj. gætu verið þekkt fyrir. Þannig er þá ástandið, að úr þessu, sem alltaf hefur verið talað um að ætti að bæta, hefur ekkert verið bætt og er ekki bætt með þessu frv., sem hérna liggur fyrir. Það eina, sem virðist vera alveg tryggt, er, að nú eigi að gera opinbera þá spillingu, sem var svo að segja leynileg og í felum 1953 — við kosningarnar þá — í sambandi við smáíbúðalánin.

Hér minnist einn hv. þm. á það áðan, að það hefðu verið leynilegir umboðsmenn fyrir menn úti um land í sambandi við smáíbúðalánin. Sums staðar hérna á meðal okkar voru þessir umboðsmenn opinberir. Hérna t. d. í Kópavogshreppnum, rétt við hliðina á okkur, var opinber umboðsmaður fyrir annan aðilann, sem félmrn. útnefndi, formanninn fyrir öðru stjórnmálafélagi annars stjórnarflokksins; hann hafði alveg opinberan umboðsmann í Kópavogínum, og það var raunar efsti maðurinn á lista þess flokks við þær kosningar. Sá maður tilkynnti, að menn skyldu koma til sín og senda umsóknir til sín, svo framarlega sem þeir ætluðu að reyna að sækja um smáíbúðarlán. Svona var spillingin rekin þá. Og nú virðist eiga að kerfisbinda hana. Ég verð því að segja það, að ekkert er undarlegt, þó að hæstv. ríkisstj. vilji sem minnst um þetta aðalmál sitt ræða. Það er ekkert undarlegt, þó að hún flýi af hólmi. Og þó að hv. 5. þm. Reykv. hafi nú verið att út í það að hafa framsögu fyrir þessu máli, þá vil ég stórkostlega efast um, að hann vilji leggja allt of mikið á sig til þess að reyna að verja það, ekki sízt ef farið er að bera það saman við það, sem hann sjálfur lagði til fyrir síðustu kosningar.

Ég vil segja það viðvíkjandi hinum einstöku gr. frv., sem nú ætti að ræða, að ég get yfirleitt fallizt á þær till., sem hv. minni hl. er með, og aðferð hans í því að fresta að ákveða um vextina. En eitt atriði er það þó, sem ég held að ætti að breyta strax við þessa umr., og það er ákvæði 6. gr., að lántökugjald skuli vera 1%. Ég álít, að þetta lántökugjald beri að fella burt og það nú þegar. Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. um það skriflega, þ. e. við 6. gr., að síðasti málsl. c-liðar falli niður, og ég vil leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti leiti nú á eftir afbrigða fyrir þeirri brtt., og ég vil vonast til þess, að þau afbrigði verði veitt nú. — Ég vil aðeins minna á, sem vonandi er óþarfi, að samkv. lögum ber öllum þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni, eins og stendur í 33. gr. laga um þingsköp. „Skylt er þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unnt er, og metur hann nauðsynina.“ Enn fremur vil ég minna á það, sem stendur í 44. gr. laga um þingsköp, að „skylt er hverjum þm., hvort heldur er í deild eða Sþ.,

að vera viðstaddur og greiða atkv., nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.“ Við eigum því fulla kröfu á því, að þm. gegni þeirri skyldu sinni að vera hér viðstaddir til þess að greiða atkv. um mál, þó að þeir jafnvel máske kjósi ekki að taka þátt í umr., það er nokkuð annað mál. Það geta oft verið þannig mál, að ýmsum þm. þyki betra að láta þögnina skýla sér í slíkum efnum.

Það hefur verið þó nokkuð um það rætt, að með þessum lögum væri lítið gert fyrir þá fátæku; þau væru á þann hátt jöfn fyrir ríka og fátæka, eins og oft vill verða í okkar þjóðfélagi, að það eru aðeins þeir efnaðri, sem geta notað sér þetta; þeir fátæku hafa réttinn, en bara ekki hið „praktiska“ jafnrétti. Það minnir mann ef til vill nokkuð á það, sem Anatole France, sá frægi franski rithöfundur, sagði einhverju sinni, að lögin í sinni hátign eru jöfn fyrir alla, jöfn fyrir fátæka og ríka, bæði fátækir og ríkir hafa jafnan rétt til þess að betla á götum og til þess að sofa undir brúm. Það ætlar líklega að verða eitthvað svipað um þetta frv.

Við erum búnir að ræða þrjú frv. hér í dag, sem öll miða við það að rýra rétt þeirra, sem þurfa á rétti að halda, rýra rétt þeirra, sem þurfa ódýr lán til þess að byggja yfir sig og byggja fyrir framtíðina, og nú er með flestum ákvæðunum í þessu frv. raunverulega líka verið að rýra þennan rétt, nema með þessum litlu undantekningum, sem bæði hv. minni hl. tók fram nú og ég líka gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls. Það er ætlazt til þess við þessa umr., að hver kafli þessa frv. sé ræddur, og í II. kafla þessa frv., sem hljóðar um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, er verið að afnema þau lög, sem áður voru sett um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, III. kafla laganna, sem upprunalega voru sett 1946. M. ö. o.: Eftir þær breytingar, sem lagt er til að gera í dag á lögunum um verkamannabústaði og þeim lögum, sem að nokkru leyti hafa tekið upp í sig lögin um byggingar- og landnámssjóð og lögin um ræktunarsjóð, á nú að fella úr gildi einn þýðingarmesta kaflann í þeim lögum, sem sett voru 1946 og áttu að gera mönnum þá mögulegt að útrýma hinum heilsuspillandi íbúðum.

Hv. 1. landsk., frsm. minni hl., gerði grein fyrir því hér áðan, hver þróunin hefur verið síðustu árin viðvíkjandi herskálaíbúðum, hvernig nú væri komið upp í það, að nú dvelja í herskálaíbúðunum í Reykjavík 1022 börn, og aðgerðir Alþingis í þessum málum eiga þá að vera að nema endanlega úr lögum þau ákvæði, sem skylduðu ríkisstj. til þess að leggja fram 75% af byggingarkostnaði þeirra íbúða, sem áttu að útrýma þessum heilsuspillandi íbúðum, og lána þetta fé til 50 ára með 3% ársvöxtum. Að lána það fé, sem þurfti til þess að útrýma þessum heilsuspillandi íbúðum, hefði ekki verið mikill vandi fyrir ríkisstj. á undanförnum árum. Við skulum segja, að hefði þurft til þess kannske 120—150 millj. kr. Það er minna en tekjuafgangur ríkissjóðs á 2 undanförnum árum, þannig að það hefði verið auðvelt mál, ef vilji hefði verið til að framkvæma lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Það var ekki það, sem vantaði, það var nóg fé til þess, það var bara spurningin, til hvers fénu yrði ráðstafað. En með því frv., sem hér liggur fyrir, á endanlega að afnema þessi endurbótalög; það er vegið hér hvað eftir annað í sama knérunninn. Það er með lögum, sem var verið að samþ. við 1. umr. í dag, verið að skemma lagaákvæðin um byggingu verkamannabústaðanna. Með þessum lögum er verið að skemma gömlu ákvæðin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Eftir að búið er að fresta þeim í nokkur ár, þá á nú endanlega að nema þau alveg úr lögum. Þannig er verið að fella niður hverja endurbótina á fætur annarri.

Það er nú kannske ekki undarlegt, þó að undir svona kringumstæðum, meðan slík herferð er gerð gegn þeim gömlu lögum, þó að ný lagafrv. finni ekki náð fyrir augum hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi. Ég flutti ásamt hv. 6. þm. Reykv. fyrir nýár frv. til laga um byggingu íbúðarhúsa til útrýmingar herbúðunum, sem kom hér til umr. í þingi 18. nóv. á síðasta ári og var þá vísað til hv. fjhn. Þeirri hv. n. hefur nú láðst að skila áliti um það lagafrv., um leið og hún nú afgreiddi frv. ríkisstj., og hv. 5. þm. Reykv., sem sjálfur á sæti í fjhn. og nú er frsm. fyrir meiri hl. hennar, tók samt þá þannig undir það mál, að maður hefði getað ætlað, að fjhn. væri til í að gera eitthvað í því máli. Þetta frv. okkar þm. Sósfl. í Reykjavík var um, að ríkisstj. skyldi láta byggja 800 íbúðir 3—4 herbergja á árunum 1955 og 1956. Og í 3. gr. frv. var ákveðið, að mánaðarhúsaleigan, sem ríkisstj. tæki í þessum íbúðum, væri 10% af mánaðarkaupi Dagsbrúnarverkamanns. Henni var heimilað að taka nauðsynlegt lán til byggingannna og verja af tekjuafgangi ríkissjóðs á árunum 1954 og 1955 því, sem á vantaði, ef þess gerðist þörf. Hv. 5. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta, svo í upphafi:

„Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. óskaði eftir góðum undirtektum við það mál, sem hér liggur fyrir til umr., og ég get fullvissað hann um það, að hann mun af minni hálfu — og ég þykist mæla þar einnig f. h. flokksbræðra minna hér í þinginu — mæta mjög góðum undirtektum við það mál að hefjast rösklega handa í byggingarmálum til þess að útrýma braggaíbúðunum í landinu.

Ég var honum að verulegu leyti sammála um margt það, sem hann sagði í þessu máli, þó að ég hins vegar verði að segja hitt, að ég er töluvert á annarri skoðun en hann um það, hvernig beri að lyfta því, — ja, Grettistaki, skulum við segja, sem hér er um að ræða, að útrýma braggaíbúðunum á mjög skömmum tíma, og hafi einnig töluvert aðrar skoðanir um það, hverra sök sé á vanrækslu í þessum efnum á undanförnum árum. En það út af fyrir sig ætla ég að skipti minna máli, og skal ég láta það liggja á milli hluta við þessar umr. En þegar hér er rætt í þinginu frv. um byggingu íbúðarhúsa til útrýmingar herbúðum o. fl., þá þykir mér rétt, að hér komi fram það, sem af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur einnitt verið gert í þessu máli og nú er stefnt að, en það skiptir í sjálfu sér höfuðmáli, vegna þess að nærri allar bragga- og herskálaíbúðir á landinu eru í höfuðstað landsins.“

Síðan rekur hann allýtarlega, hvaða hugmyndir hann hefur þá um, hvað skuli gera nú á næstunni í þessum málum. Síðan tekur hann fram að síðustu og segir:

„Menn rekur minni til þess, að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því hér, — í eldhúsdagsumr., hygg ég, að það hafi verið í desembermánuði s. l., — að höfuðsjónarmið núverandi hæstv. ríkisstj. í sambandi við lánamálið til íbúðabygginga væri það, að hverjum, sem óskaði þess, ætti að gefast kostur á því að fá lán til íbúðabygginga, sem næmi allt að 100 þús. kr. út á íbúð. Að þessu er verið að stefna, og það er einmitt þungamiðjan í því, að takast megi að loka svarta markaðnum í þessum málum, sem — eins og hv. 2. þm. Reykv. kom að — er gífurlegur og geigvænlegt þjóðfélagslegt fyrirbrigði eins og er."

Þá reiknaði hv. 5. þm. Reykv. með 100 þús. kr. sem sjálfsögðu og því minnsta og vitnaði í forsrh. og hans ummæli um þessi mál. Nú er svo komið, að það, sem hér er raunverulega verið að tala um, eru 70 þús. kr. Þannig hefur þetta, meira að segja frá því, sem hugsað var af hálfu ríkisstj. og hvað eftir annað rætt og minnzt á, sífellt verið að minnka. Ég verð að segja, að svona getur þetta ekki gengið. Með þessum aðferðum í húsnæðismálinu er öllu stefnt í voða. Það er ekki gert annað — svo að segja — en að draga úr öllum þeim réttindum, sem menn á síðustu 25—30 árum hafa verið afla sér í þessum efnum. Það er verið að hækka þá vexti, sem áður áttu að hjálpa verkamönnum og bændum til þess að geta byggt yfir sig, það er verið að svipta bæina endanlega þeim lagalegu réttindum, sem þeir áttu að fá með miklu íbúðarhúsalögunum frá 1946, en það er verið að setja í staðinn pólitískt bákn, sem virðist eiga að verða eins konar skipulagt spillingakerfi til þess að úthluta meira eða minna hlutdrægt þeim litlu lánum, sem út á íbúðir fengjust. Það er ekki nóg með, að það sé verið að afnema lög eins og frá 1946, sem voru með stærstu framfaramálum, sem þá voru samþ.; það er ekki nóg með, að það sé verið að skemma lög eins og verkamannabústaðalögin frá 1929, það er meira að segja raunverulega verið að rýra allt vald veðdeildar Landsbankans, þeirrar stofnunar, sem í síðustu 50 ár hefur átt að vera í gangi til þess að aðstoða landsmenn á eðlilegan hátt og Sjálfstfl. og hans aðalforkólfar við síðustu kosningar álitu eðlilegt að væri sú stofnun, sem væri sett í fullan gang. Það væri þess vegna æskilegt, að hægt væri að fá hæstv. ríkisstj. og hennar málsvara hér til þess að breyta nú um frá því, sem hún hefur hugsað sér í þessu lagafrv., sem hérna liggur fyrir. Í fyrsta lagi breyta þannig um, að það sé veðdeild Landsbankans — og hún ein, sem hafi með þessi mál að gera, og að þeirri húsnæðismálastjórn, sem hér er sett inn í og á auðsjáanlega að vera aðalatriðið í stjórninni á útlánunum, sé kippt burt. Það verður endalaus ásteytingarsteinn, svo framarlega sem það verður samþykkt.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeirri brtt., sem ég legg fram við 6. gr. þessa frv.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 522, n. 577 og 591, 592, 605).

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstj. settist að völdum, þá var því yfir lýst, að hún ætlaði að gera stórátak í byggingarmálum landsmanna, sérstaklega að því er snerti íbúðarhúsnæðismálin. Loforð stjórnarinnar í þessum málum eru prentuð hér upp í aths. með frv. því, sem ríkisstj. hefur lagt hér fram, og loforðin eru orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum og lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Þetta eru gullin loforð, það verður ekki annað sagt, því að það á ekki aðeins að leysa þetta mál á líðandi stund, heldur ganga svo vel til verks, að þetta vandamál verði leyst til frambúðar.

Það er ekki að furða, þó að með þessi loforð í huga hafi oft verið spurt á þessu langa þingi: Hvenær koma till. ríkisstj., hinar margboðuðu, í húsnæðismálunum? Og nú fyrir nokkrum dögum, þegar þingið hefur setið á sjöunda mánuð, kemur þetta frv., og er skýrt frá því, að það hafi verið mikill viðbúnaður við undirbúning þess, það hafi verið skipuð mþn. til þess að rannsaka þetta mál. Þessi n. var skipuð 5 mönnum og hóf störf á miðju sumri 1954. Mannval mikið var í n.: Benjamín Eiríksson bankastjóri sem formaður, Björn Björnsson hagfræðingur Reykjavíkurbæjar, Hannes Jónsson félagsfræðingur, Hilmar Stefánsson bankastjóri og Jóhann Hafstein bankastjóri. Og síðan var bætt mönnum í n., þegar komið var fram á árið 1955, tveim fulltrúum frá Landsbanka Íslands, þeim Gunnari Viðar bankastjóra og Jóhannesi Nordal hagfræðingi. Og svo er hér lýst störfunum hjá þessari viðamiklu nefnd, að hún aflaði sér efnis til þessarar frumvarpssmíðar víða úr löndum, kynnti sér lánsfjárkerfi varðandi húsnæðismál á Norðurlöndum, í Vestur-Þýzkalandi og Bretlandi, og byggir þannig í till. sínum á reynslu hinna fremstu þjóða í þessum málum. Síðan hefur n., að mér skilst, samið frv., en það frv. er þó ekki lagt fyrir Alþ., sem svona var vel undirbúið, heldur segir í grg.:

„Uppistaðan í frv. því, sem hér liggur fyrir, er fengin úr þessu frumvarpsuppkasti n. og þeim till. og álitsgerðum, sem n. hefur samið. Í því fólust till. um nokkru meiri bein fjárframlög en gert er ráð fyrir í þessu frv., en ekki þótti fært að taka það með að svo stöddu."

Þetta frv. er því ekki frv. þessarar ágætu n., heldur aðeins byggt á því og dregið úr till., sem okkur er gefið í skyn að hafi falizt í hinu frv.

Ég fæ ekki annað séð en að það felist tiltölulega fá þýðingarmikil nýmæli í þessu frv., og hefði mig rekið í rogastanz, ef þetta hefði verið allur ávöxturinn af rannsóknum nefndarinnar í flestum Evrópulöndum, því að satt að segja er þó vitað um stórfelldari átök, sem gerð hafa verið í húsbyggingarmálum í Vestur-Evrópu

eftir stríð, heldur en þau, sem örlar á í þessu frv. Það er þó ekki hægt að segja, að það séu engin nýmæli í þessu frv., því að það er t. d. ætlazt til, að sett verði upp mikið skrifstofubákn samkv. 1. gr., og samkv. 2. gr. á húsnæðismálastjórnin að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu á nýjungum í byggingariðnaði með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita. Það á að hefja bókaútgáfu samkv. þessu frv., það á að halda námskeið, og það á að halda sýningar. Það getur vel verið, að þetta hafi þýðingu fyrir framtíðina, en eitthvað hefði ég nú talið að væri meira aðkallandi í beinum framkvæmdum til útrýmingar húsnæðisvandræðunum hér á landi heldur en útgáfa ritlinga og að setja á stofn námskeið í þessum efnum. Áreiðanlega þarf ekki að halda nein námskeið fyrir húsnæðisleysingja í sambandi við þessi mál. Þeir vita, hvar skórinn kreppir.

Það er svo meginefni þessa máls, að þau lán, sem veita skal samkv. þessu frv., eru svo lág, eins og rækilega hefur verið sýnt fram á í umr. um málið, að það er engum fátæklingum fært að notfæra sér annars það, sem jákvætt er í þessu frv. Það útilokast þegar af því, að lánin eru svo lág, að efnalausir menn geta ekki byggt samkv. því. Þar að auki eru vextirnir svo háir, að það er á áttunda prósent, sem á að borga þarna í vexti, en samkv. íslenzkum l. mun 8% vera markið, sem okur er miðað við, svo að vextirnir í þessu frv. eru uppi við markið, sem er „definerað" sem okur í íslenzkum lögum.

Þetta tvennt er í raun og veru aðalatriðið í sambandi við lausn húsnæðismála í landinu. Það er, hvort hægt er að fá aðgang að lánum, sem séu svo há, að nái yfir það mikinn hluta byggingarkostnaðarins, að efnalítið fólk geti staðið straum af afganginum, og svo hitt, hvaða vextir skuli greiðast, og þegar vextirnir eru komnir á áttunda prósent, þá fell ég í stafi yfir þeim útreikningum, sem eru tvímælalaust réttir, að þá verði leiga eða kostnaður við að búa í tiltölulega lítilli íbúð á nítjánda hundrað krónur á mánuði.

Það er því niðurstaða mín af fljótlegri athugun á frv., að það sé að svo litlu leyti fullnæging á hinum gullnu loforðum ríkisstj. í þessum málum, að það geri hvorki að leysa húsnæðismálin í bráð né lengd, og alls ekki til frambúðar, eins og lofað var.

Undir umr. munu hafa verið lagðar hér fram brtt. við frv., — brtt., sem er ekki kastað hér fram umhugsunarlítið, heldur hefur verið unnið að mjög gaumgæfilega og mundu gera frv., ef þær fengjust samþ., mun líklegra til þess að koma að gagni, og er þó reynt af tillögumönnum sýnilega að halda sér við það, að það væri vel framkvæmanlegt fyrir ríkið að eiga að veita byggingarmálunum aðstoð á grundvelli frv. svo breytts. Það er ekki farið út í neinar öfgar að því er snertir það, sem fram á er farið í brtt. Og þó að ég hafi oft verið undrandi yfir því, hve hæstv. ríkisstj. getur leyft sér að vera fjarverandi, þegar merk mál eru rædd og þau, sem eru talin til hinna stærstu mála í stefnuskrá ríkisstj. og á loforðalistanum þar, þá hef ég þó sjaldan eða aldrei orðið eins undrandi og að hæstv. ríkisstj. skyldi leyfa sér að vera fjarverandi við umr. þessa máls hér á kvöldfundinum í gærkvöld og þannig eins og hún láti sér alveg á sama standa um það, hvernig undirtektir þetta mál fær, hvernig það er rætt og hvaða tillögur koma fram í sambandi við það. En þessar till. eru tvímælalaust þess virði, að hæstv. ríkisstj. hlýði á túlkun þeirra og kynni sér þær, því að þær eru stórlega til bóta á frv., frá hvaða sjónarmiði sem á það er litið, ef yfirleitt er átt við það, að þetta frv. eigi að bæta úr neyð þeirra, sem verst eru haldnir af húsnæðisbölinu. Ég skal ekki fara út í einstök atriði þessara till., en lýsi því yfir, að ég er þeim í einu og öllu samþykkur og teldi frv. mun aðgengilegra, ef því fengist breytt á þann veg, að meginefni þeirra yrði tekið upp í það.

Ég get ekki ímyndað mér það, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér í hugarlund, að lán, sem að hámarki til mega vera 100 þús. kr., en mun þó yfirleitt vera gert ráð fyrir að séu ekki hærri en 70—80 þús. kr. á íbúð, leysi þann vanda fyrir fátæku fólki að geta eignazt íbúð yfir höfuð sér. Og ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki heldur getað dottið það í hug, að vextirnir, 7 eða 7¼%, væru þeir vextir, sem fátæklingar réðu við af sínum tekjum. En þegar húsaleiga er komin upp í 18—19 hundruð kr. á mánuði og fullvinnandi verkamaður hefur 2900 kr. kaup, þá sjá allir, að það er langsamlega utan við ramma þess mögulega, að maður í verkamannastétt með hinar fyllstu verkamannstekjur geti ráðið við slíkan húsaleigukostnað, því að þegar búið er að borga ljós og hita með slíkri íbúð, þá er komið á þriðja þúsundið, og tekjurnar eru brúttó innan við 3000.

Ég tel því, að ef brtt. fást ekki samþykktar eða aðrar þvílíkar umbætur á frv., verði ekki gerlegt fyrir þá menn, sem vilja fá einhverja úrlausn á húsnæðismálum húsnæðisleysingjanna, annað en að greiða atkv. á móti frv. eins og það er. Ég held, að það sé svo fjarri því, að það geti heitið úrlausn á húsnæðisvandamálinu, að það væri langbezt komið þannig, að það væri fellt frá afgreiðslu. En í seinustu lög skal maður þó alltaf vona það, að góðar till. fái áheyrn og verði samþ., og þannig gæti sem sé farið, ef till. þær, sem nú liggja hér fyrir á þskj. 592, frá minni hl. fjhn., yrðu samþykktar. Þá væri þó frv. orðið svo umbreytt, að það gæti e. t. v. komið að einhverju gagni til lausnar einhverjum hluta af þessu stórkostlega þjóðfélagsvandamáli.

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Síðasti ræðumaður furðaði sig á fjarveru hæstv. ríkisstj. við umr. um þetta mál og að hún skyldi ekki hafa hlýtt á mál manna hér í gærkvöld eða fram á nótt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að þegar hugsað er til þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram um þetta mál af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, þá hefur ríkisstj. farið lítils á mis við að vera ekki viðstödd þær umr. Það má heita stórfurðulegt, að í máli jafnumfangsmiklu og vandasömu og það frv. er, sem hér liggur fyrir, fóru umræður sannast að segja svo á við og dreif í gærkvöld hjá hv. stjórnarandstöðu að oft og tíðum var ekki í langan tíma hægt

að gera sér grein fyrir, um hvaða mál þessir hv. þingmenn voru að ræða. Þegar málið er þannig í pottinn búið, þá fara, eins og ég sagði, þeir ekki mikils á mis, sem ekki hlýða á málflutninginn.

Hv. 1. landsk., sem hafði framsögu fyrir minni hl. fjhn., var þó sá af hv. þingmönnum, sem hélt sér helzt við efnið og gerði grein fyrir ýmsum till., sem minni hl. hefur flutt í þessu máli. Hann hóf mál sitt á því og reyndar kom að því oftar í ræðu sinni, að þetta frv. væri eiginlega ávöxturinn af tveggja ára rifrildi innan ríkisstjórnarinnar og húsnæðismálanefndar um þetta mál. Ég hafði lagt áherzlu á það, að mikil eining hefði ríkt við undirbúning málsins og áhugi hjá þeim aðilum, sem að málinu hefðu unnið, bæði ríkisstjórn, bönkum og húsnæðismálanefnd. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, þá var húsnæðismálanefndin ekki skipuð fyrr en á miðju sumri, og starf hennar hófst ekki að neinu ráði fyrr en á s. l. hausti, svo að lengri tíma en þá mánuði, sem liðnir eru síðan, getur varla verið um að ræða rifrildi innan hennar. En þvert á móti hefur ekki verið því til að dreifa. Sannleikurinn er sá, að ég held, að það sé miklu farsælla fyrir þingmenn yfirleitt að temja sér að festa fremur sjónir við það, sem menn eru sammála um í málunum, heldur en sundurþykkjuna og sundurlyndið þeirra á milli, og allra sízt ættu menn að reyna að búa til einhverjar uppspunnar sögur um sundurþykki og sundurlyndi á milli þingmanna. Það er áreiðanlega nóg af því út af fyrir sig, þó að það séu ekki búnar til uppspunnar sögur um slíkt.

Ég lagði áherzlu á það í minni ræðu og geri það enn, að ég hef ekki við undirbúning þessa máls orðið var við annað en mjög samstilltan áhuga innan beggja stjórnarflokkanna. Um leið og ég segi þetta, verð ég að segja það, að orð mín, sem ég sagði áðan, gætu náttúrlega að vissu leyti alveg eins náð til vissra aðila í stjórnarherbúðunum, því að mér sýnist, að það fari mjög mikið fyrir því hjá öðru stjórnarblaðinu, Tímanum, undanfarna daga í forustugreinum sínum að miklast yfir því, hvað Framsfl. umfram hinn stjórnarflokkinn eigi mikinn þátt í lausn hinna stærri mála, alveg sérstaklega þessa húsnæðislánamáls, sem hér er nú á dagskrá, raforkumálanna, sem leyst voru á s. l. þingi, og reyndar fleiri mál til tekin.

Ég held, að mönnum geti ekki um það blandazt hugur, sem til þekkja, og ég geri ekki ráð fyrir heldur, að það verði vefengt, að í þessu máli er það svo, að það er enginn einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, sem umfram aðra á heiður skilið fyrir framgang þess, ekki heldur í sambandi við lausn raforkumálanna á s. l. þingi, og ég segi það engan veginn til lasts þeim hæstv. ráðh., sem þessi mál falla nú undir, félmrh. í þessu tilfelli og landbrh. í sambandi við raforkumálin á s. l. þingi. — Þetta er nú mál út af fyrir sig, og ef hæstv. ráðherrum Framsfl. finnst það vera líklegt til þess að vaxa af, að stjórnarblaðið æ ofan í æ sé að gera þá meiri af málum, sem þeir hafa ekki mikið umfram aðra aðila í stjórninni haft af að segja, þá er það þeirra mál. Ég fyrir mitt leyti álít, að það sé ekki stórbrotin mynd af stjórnarsamstarfi, sem gefur að líta í sambandi við slík skrif.

Í sambandi við það, sem hér hefur verið vikið að, skal ég aðeins nefna nokkur atriði.

Í sambandi við útlánaaukninguna hefur hv. þingmönnum hér mörgum hverjum úr stjórnarandstöðunni fundizt lítið til þessa frv. koma og það í raun og veru einskis virði. Sérstaklega hafa þeir lagt áherzlu á það, hvernig í ósköpunum menn eigi að fara að hagnýta sér lán ekki nema 70—100 þús. kr. út á íbúðir, þegar byggingarkostnaðurinn sé miklu meiri, og að öllu þessu athuguðu sé slík lánastarfsemi lítils eða einskis virði.

Ég sagði í ræðu minni hér í gær, að það, sem menn yrðu að gera sér grein fyrir, væri það ástand, sem við fram til þessa höfum búið við, og hvaða úrbætur felast í því máli, sem hér er um að ræða, frá því. Langveigamesta atriðið í því er, að hér er lagður grundvöllur að því að leysa þetta mál til frambúðar með því, að sett er á laggirnar veðlánakerfi, sem tryggt er fé til næstu tvö árin, eins og segir í grg., en vonir standa til að haldið geti áfram og ekki aðeins í sama mæli og stofnað er til þess, heldur af sjálfu sér aukizt og vaxið í framtíðinni. Þessu hefur ekki verið til að dreifa á undanförnum árum, heldur aðeins smávægilegar bráðabirgðaúrlausnir í sambandi við lánsfjármálin til íbúðabygginga.

Í grg. þessa frv. er vikið að því, að það séu a. m. k. 40 millj. kr. á næstu 2 árum, sem telja megi aukið fé til íbúðabygginganna. Það hefur verið vefengt og m. a. vegna þess, að 20 millj. hafa á s. l. ári verið tryggðar til smáíbúðalánadeildarinnar, en hverfi nú á þessu ári inn í þetta nýja lánakerfi. Sannleikurinn er sá, að það liggur ekki neitt fyrir um framhald þess lánsfjár. Lánadeild smáíbúða var útvegað fé af hæstv. núverandi og fyrrverandi ríkisstj., 16 millj. kr. árið 1953 og 20 millj. kr. 1954, með því móti, að Landsbankinn lánaði gegn þeim skilyrðum, að bundnar yrðu jafnháar upphæðir af mótvirðisfé í bankanum, þangað til þessi lán yrðu greidd. En það liggur ekkert fyrir um það, að hægt hefði verið að fara þessar sömu leiðir áfram, svo að eins og málið horfir við núna, er það augljóst, að með þessu móti er tryggt 40 millj. kr. nýtt lánsfé til íbúðabygginganna. En vegna þess að hæstv. ríkisstj. hafði ekki á s. l. þingi unnizt tími til þess að leggja fram þetta frv., sem nú liggur fyrir, var á því stigi málsins látið sitja við þá bráðabirgðaúrlausn að afla heimildar til 20 millj. kr. lántöku fyrir smáíbúðalánadeildina, og gekk ríkisstj. síðan í að útvega þetta fé.

Það hefur verið vitnað hér í stjórnarsamning ríkisstj., þegar hún settist að völdum í sept. 1953. Það má segja, að fyrstu efndirnar varðandi lánsfjármálið til íbúðabygginga á því sviði hafi verið þessi 20 millj. kr. lánsheimild 1953, en í öðru lagi það frv., sem nú liggur hér fyrir.

Því var haldið fram bæði af hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) og 11. landsk. (LJós), að þetta frv. væri eiginlega lánakerfi fyrir Reykvíkinga, það væri verið að draga þessi mál, lánsfjármálin, meira til höfuðstaðarins með „sentraliseraðri“ yfir-

stjórn hér, og fundu þeir þessu mikið til foráttu. Sannleikurinn er sá, að samkv. þessu frv. geta þær lánsstofnanir, sem úti á landi eru, eins og sparisjóðir og útibú bankanna, lánað beint í samræmi við reglur þessa frv., alveg eins og þær hafa gert fram að þessu, eða meira, ef þær óska. En það er hins vegar gert ráð fyrir, að þær geti einnig keypt bankavaxtabréf veðdeildarinnar og lánin þannig gengið í gegnum veðdeild Landsbankans og þó með þeirri viðbót, að sparisjóðirnir eigi þá um leið kost á því, ef þeir kjósa heldur að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, að ráðstafa um leið, hverjir í byggðarlagi viðkomandi sparisjóðs skuli fá þau lán, sem veðdeildin lánar. En það skiptir mestu í sambandi við þetta, þegar því er haldið fram, að hér sé um að ræða lánakerfi fyrir íbúa Reykjavíkur, að með því að bankarnir hafa bundizt í það að kaupa svo og svo mikið af bankavaxtabréfum af veðdeild Landsbankans og leggja nýtt fé til íbúðalánanna umfram það, sem verið hefur, þá er beinlínis verið að flytja sparifé, sem leggst til hér í Reykjavík, út um landsbyggðina. Þegar sú staðreynd er höfð í huga, þá sjá menn, hversu fjarstæðukenndar ásakanir það eru, að hér sé verið að stofna eitthvert sérstakt lánakerfi fyrir íbúa Reykjavíkur umfram það, sem verið hefur.

Því er sem sagt haldið fram, að hér sé um enga úrlausn að ræða. Sannleikurinn er sá, að hér eru verulegar úrbætur frá því, sem áður hefur verið, og ef t. d. sveitarstjórnir aðrar á landinu hefðu brugðið við eins og bæjarstjórnin í Reykjavík, þá sjá menn strax, hvaða þýðingu frv. eins og þetta hefur. Bæjarstjórn Reykjavíkur hófst handa um að undirbúa áætlun um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, eftir að fyrirheit voru gefin af hæstv. ríkisstj. um að leysa lánsfjármálin til íbúðabygginga til frambúðar, og 13. apríl 1954 voru samþ. ályktanir hér að lútandi í bæjarstjórn Reykjavíkur og þá við það miðað, að takast mætti að útrýma öllum herskálaíbúðum hér á næstu 5 árum. Það, sem svo hefur gerzt, meðan ríkisstj. hefur undirbúið sitt mál, er það, að hafizt var handa um byggingu, í fyrsta lagi skipulagningu raðhúsahverfis fyrir innan Bústaðavegshverfið þegar í stað fyrir um 200 íbúðir á ýmsan hátt ódýrari en íbúðir hafa verið fram að þessu og t. d. með þeirri nýjung að koma þar upp sameiginlegu upphitunarkerfi, þannig að þá mætti í þessu hverfi hagnýta heita vatnið á þeim tíma árs, þegar það er nægjanlegt fyrir hendi, þó að um köldustu mánuðina yrði að kynda með olíu í þessu byggðarhverfi. Á s. l. hausti var svo ákveðið að undirbúa áfram framkvæmdir á þessum sama grundvelli, og nú ekki alls fyrir löngu hefur bæjarráð boðið út til viðbótar 98 íbúðir í þessu sama raðhúsahverfi og ákveðið að hefjast handa um byggingu tveggja blokkbygginga með 48 íbúðum. Þessar ákvarðanir bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem gerðar hafa verið meðan þetta mál var í undirbúningi, þýða það, að þegar er hafizt handa um og verið að undirbúa byggingu á 151 íbúð, sem beinlínis er ætlað það hlutverk að koma í staðinn fyrir heilsuspillandi íbúðir og þá fyrst og fremst herskálaíbúðir í höfuðstaðnum.

Það hefur að vissu leyti dregið úr hraðanum í framkvæmd Reykjavíkurbæjar, að málið hefur þurft meiri undirbúning en gert var ráð fyrir. En eins og þessi mál horfa nú við, þá gerir bæjarstjórn Rvíkur ráð fyrir því að geta fullkomlega hagnýtt sér það, sem hér er boðið upp á, lánveitingarnar annars vegar og styrkveitingarnar hins vegar til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, til þess m. a. að ná því marki, sem að er stefnt, að útrýma þeim á næstu fimm árum. Það er meira um vert, að sveitarstjórnirnar og bæjarstjórnirnar hafi hug á því að gera sér grein fyrir því, sem er unnið á Alþingi, og hagnýta það eftir föngum, heldur en að rísa hér upp hver á fætur öðrum til þess að miklast yfir því, að einskis virði sé það, sem um er að ræða, þegar það verður þó ekki hrakið, að verið er að veita nýtt fjármagn, sem nemur milli 40 og 45 millj. kr. á ári, inn í íbúðarhúsabyggingar og öðrum þræði að koma nýju heildarskipulagi á þessi mál.

Ef við lítum yfir farinn veg, þá sjáum við, að þrátt fyrir það að á undanförnum árum hafi verið svo mjög í ólestri íbúðarlánamálin eins og margsinnis hefur verið vikið að og aðalfasteignalánastofnunin í þessu efni, veðdeild Landsbankans, verið raunverulega óstarfhæf, þá hefur samt sem áður við þau skilyrði verið byggt gífurlega mikið, og það hefur verið byggt meira af íbúðum í Rvík á undanförnum áratug, síðustu 10 til 20 árin, en til þess að mæta þeirri fólksfjölgun og því aðstreymi, sem hingað hefur orðið til bæjarins. Þetta er staðreynd, sem rétt er að menn reyni að gera sér grein fyrir og festa sér í minni, því að enda þótt þetta sé rétt, þá er samt sem áður við mikinn húsnæðisskort að etja í höfuðstaðnum, og það er m. a. vegna þess, að betri efnahagur hefur leitt til þess, að menn hafa stækkað við sig íbúðir frá því, sem áður var, og tekið til eigin þarfa stærra og betra húsnæði en þeir höfðu áður. Þetta leiðir af þeirri velmegun, sem almenningur hefur búið við á undanförnum árum, og þeim bætta efnahag, sem þjóðin á þessum síðasta áratug hefur tileinkað sér. Það hefur þess vegna verið við margþætta örðugleika að etja, sérstaklega í höfuðstað landsins og nágrenni, í sambandi við húsnæðisskortinn, ekki aðeins hið mikla aðstreymi fólksins og miklu fólksfjölgun þar af leiðandi, heldur einnig hitt, að almenningur hefur gert meiri kröfur til íbúðarhúsnæðisins, og það á öllum sviðum og m. a. í byggingarfélögum þeirra, sem lægst eru launaðir, byggingarfélögum verkamanna, því að íbúðirnar í þeim flokkum, sem byggingarfélög verkamanna hafa hér og annars staðar byggt á undanförnum árum, hafa stöðugt farið stækkandi. Íbúðirnar hafa stöðugt stækkað, eru bæði stærri og betri þægindum búnar, og á þetta alveg eins við í þessu sambandi um þá lægst launuðu og aðra borgara þjóðfélagsins. En í sambandi við aðstöðu verkamanna og þeirra lægst launuðu til þess að hagnýta sér þetta lánsfé, sem hér er upp á boðið, þá get ég naumast skilið það, að menn eru stöðugt að tala um, að þetta séu of dýr lán, ekki til lengri tíma en 25 ára og með þessum vöxtum, fyrir þá, sem hafa lægst launin, vegna þess að þessi lán eru ekki fyrst og fremst ætluð þeim, sem eru lægt laun-

aðir, heldur eiga þeir að fá að njóta þeirra sérstöku kjara, sem byggingarsjóður verkamanna býður upp á. Og í einni grein þessa frv. er beinlínis ákveðið, að byggingarsjóður verkamanna geti fengið aukið starfsfé gegnum þetta veðlánakerfi, og verkamenn eiga þess vegna að hafa aðgang að honum. Það, sem ber að leggja áherzlu á til þess að gefa þeim betri aðstöðu en verið hefur til þess að fá hagkvæm lán til sinna íbúðabygginga, er að auka lánsfé byggingarsjóðs verkamanna og tryggja betur en verið hefur, að aðganginn að þeim sjóði hafi fyrst og fremst verkamennirnir sjálfir og þeir, sem lægst eru launaðir. Það fær þess vegna ekki staðizt sú gagnrýni, sem stöðugt er haldið hér fram, að þetta séu of óhagstæð lán, sem hér er um að ræða, fyrir þá, sem lægst hafa launin, vegna þess að þeir eiga aðgang og þeim er beinlínis ætlaður aðgangur að öðru lánakerfi en hér er um að ræða.

Hv. 2. þm. Reykv. varði allmiklu af ræðutíma sínum í að vitna í fyrri ræður mínar hér á þingi um lánsfjármálin og sérstaklega það, að ég og fleiri þingmenn Sjálfstfl. höfðum flutt á þingi 1952 frv. til laga um eflingu veðdeildar Landsbankans, og að það hefði verið nokkuð annar tónn í mér og okkur öðrum sjálfstæðismönnum þá heldur en nú. — Við fluttum okkar frv. um það á þinginu 1952, að ríkisstj. yrði heimilt að taka að láni 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til þess að efla veðdeild Landsbankans. Ég fyrir mitt leyti álít, að sú tilraun okkar til þess að efla veðdeildina þá hafi m. a. átt sinn þátt í því lánsfé, sem fyrir tilverknað ríkisstj. og þings fékkst til lánadeildar smáíbúða og árin 1953 og 1954 nam samtals 36 millj. kr. En í því frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt gert ráð fyrir því að efla stórum og opna að nýju veðdeild Landsbanka Íslands, og er henni þess vegna með lögum veitt heimild til að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. kr., eins og nánar er tilgreint í 3. gr.

Þetta held ég að sé nákvæmlega í samræmi við það, sem við fluttum á sínum tíma hér í þinginu, þingmenn Sjálfstfl. Og rétt fyrir kosningarnar 1953 skrifaði ég einmitt um þessi lánamál í sama anda og vil leyfa mér aðeins að vitna til niðurlags greinar um þau í Morgunblaðinu 11. júní 1953. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem mest skortir nú á í lánsfjármálunum til íbúðabygginga, er að samræma lánsfjárgetu þjóðarinnar og gæta réttlætis og jafnvægis í byggingarmálunum til sjávar og sveita og milli þegnanna innbyrðis. — Varðandi byggingar í kaupstöðum og kauptúnum verður að efla almenna lánastofnun til íbúðabygginga, og er það hægast að endurskapa veðdeild Landsbankans. — Það verður að endurskoða þær reglur, sem gilda um lífeyrissjóði og eftirlaunasjóði, og að rannsökuðu máli að veita því, sem sparast og aflögu er, til byggingarlána í heilbrigðan farveg. — Hér bíður mikið verkefni þings og stjórnar."

Ég hygg, að mjög sé í samræmi einmitt við þær skoðanir, sem þarna eru fram settar, sú efling á veðdeild Landsbankans, sem hér er lagt til að gerð verði.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa að vísu miklað það mjög fyrir sér, að það eigi að setja samkv. 1. gr. sérstaka húsnæðismálastjórn og hún eigi að ráða útlánunum. Gera þeir mjög mikið úr því, að það sé mikil hætta á pólitískri misbeitingu valdsins hjá þessari húsnæðismálastjórn, og þeir um það. En ég verð fyrir mitt leyti að álíta, að þrír menn, sem skipaðir eru með þeim hætti, sem segir í þessu frv., til þess að gegna hlutverki húsnæðismálastjórnar, ættu síður en svo að vera óhæfari til þess að gegna því hlutverki á heiðarlegan og sómasamlegan hátt en þeir, sem nú veita útlánin úr veðdeild Landsbankans. En að öðru leyti er það veðdeildin, sem á að hafa alla forgöngu um öflun lánsfjárins og alla starfræksluna á hendi.

Það er þess vegna í fyllsta samræmi við það, sem bæði ég og aðrir þm. Sjálfstfl. hafa haldið fram, hvernig meginatriði þessa frv. eru. Hitt er svo staðreynd, eins og ég sagði strax í upphafi máls míns, að þegar um jafnumfangsmikil mál er að ræða og þessi, þá getur menn vissulega og hefur nokkuð greint á um það, í hvaða form skyldi skipa málunum, og því hefur verið lýst hér, að sumar tillögur húsnæðismálanefndar gerðu ráð fyrir öðru formi þessa máls en það nú er komið í. Einnig geta menn að sjálfsögðu lengi deilt um það, að slík löggjöf eins og þessi sé ekki fullnægjandi, og er sannast að segja erfitt að fóta sig á því, hvenær orðin sé fullnægjandi aðstaða manna til lánsútvegunar í sambandi við íbúðabyggingar. En það, sem veigamest er og skiptir máli í þessu sambandi, er, að hér er um stórvægilega framför að ræða frá því, sem verið hefur. Það má ætla, eftir að þetta frv. verður orðið að lögum, að almenningur eigi kost á verulega ríflegri lánum en menn hafa átt kost á fram að þessu, allt að 100 þús. kr., og með þessu frv. er stofnað til nýs veðlánakerfis, sem ætla má að geti náð þeim tilgangi að koma þessum málum á heilbrigðan grundvöll og koma þannig í veg fyrir þann mjög svo óheilbrigða svarta markað, sem átt hefur sér stað í sambandi við lánsfjármál til íbúðarhúsabygginga, eins og bæði ég og aðrir hv. þm. hafa vikið að. Og þegar þetta er haft í huga, þá furðar mig á því, að þingmenn skuli koma hér upp í ræðustólinn og telja einskis virði það, sem stofnað er til með frv. slíku sem hér er á ferðinni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 605, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Mér þykir vænt um, að hv. frsm. meiri hl. fjhn., hv. 5. þm. Reykv., skuli hafa viðurkennt, að gagnrýni mín á þessu frv. á kvöldfundinum í gærkvöld hafi þó verið málefnaleg og að brtt. okkar verði ekki taldar vera pólitísk yfirboð í þessu mikilvæga máli, enda ber ekki að líta þannig á þær, heldur liggur að baki þeirra einlægur vilji til þess að reyna að hafa áhrif í þá átt, að mál þetta fari þannig út úr þinginu, að það þjóni betur þeim tilgangi, sem ég skal ekki draga í efa að liggi að baki, heldur en mundi eiga sér stað, ef engin breyting fengist fram á

því. Till. okkar hafa verið við það miðaðar, að þær væru auðveldlega framkvæmanlegar af hæstv. ríkisstj., jafnvel þó að ekki yrði gripið til neinna gagngerðra breytinga á efnahagsmálastefnu ríkisstj. á öðrum sviðum, þannig að samþykkt þessara tillagna ætti í sjálfu sér að geta samrýmzt meginþáttunum í stefnu stjórnarinnar í fjármálum að öðru leyti. Svo mjög er þeim í hóf stillt.

Hv. frsm. meiri hlutans hóf mál sitt að öðru leyti á því að endurtaka það, sem hann sagði í gærkvöld, að það ríkti og hefði ríkt eining um þetta mál með þeim aðilum, sem um það *hefðu fjallað við undirbúning þess. Ég endurtek* enn það, sem ég sagði í gærkvöld, að þetta er ekki rétt. Um þetta mál hafa átt sér stað mikil átök í sjálfum stjórnarherbúðunum og milli þeirra annars vegar og Landsbankans hins vegar. Það má segja, að uppi hafi verið þrjár skoðanir um lausn málsins: Ein af hálfu húsnæðismálanefndarinnar, sem skipuð var þó eingöngu eða aðallega fulltrúum úr stjórnarflokkunum, önnur af *hálfu* Landsbankans, og þriðja skoðunin virðist hafa verið uppi af hálfu ríkisstj. — og sú verst, að því er mér er næst að halda.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að það er upplýst, að húsnæðismálanefndin lagði til, að komið yrði upp stórum sjóði, húsnæðismálasjóði, sem aflað skyldi fjár til með sérstökum hætti og að sumu leyti nokkuð myndarlegum. Hann skyldi annast lánveitingar til íbúðarhúsabygginga samkv. sérstökum reglum. Þetta vildi Landsbankinn ekki fallast á, og þetta vildi ríkisstj. ekki fallast á. Sömuleiðis skal ég bæta því við það, sem ég sagði í gærkvöld, að mér er kunnugt um, að mjög hafi verið skiptar skoðanir um það milli þeirra manna, sem fjallað hafa um undirbúning málsins, hvað vextirnir ættu að vera háir. Ýmsir þeirra manna, sem tekið hafa þátt í undirbúningi þessa máls, eru mjög óánægðir með það, hversu vextirnir er ákveðnir háir í þessu frv. Um þetta hefur ekki heldur verið samkomulag við undirbúning málsins. Þá hefur enn fremur verið ágreiningur um þriðja meginatriði málsins, sem sagt það, hvern þátt ríkissjóður skyldi taka í fjáröflun til íbúðalánanna. Tillögur húsnæðismálanefndar í þessum efnum voru miklu stórtækari en till. þessa frv. Hún lagði til, að í húsnæðismálasjóð skyldi ríkissjóður leggja einu sinni fyrir allt 10 millj. kr. og að skuldabréf smáíbúðalánadeildarinnar yrðu flutt til veðdeildarinnar, enda greiddi ríkissjóður skuld smáíbúðadeildarinnar við Landsbankann. Þetta hefði þýtt skilyrði til 4 millj. kr. aukinnar lánveitingar á ári. Enn fremur lagði húsnæðismálanefndin til, að í húslánasjóð yrðu veittar 5 millj. kr. á ári í næstu fimm ár og auk þess skyldu sveitarfélög leggja 1% af tekjum sínum í hann, þannig að það er auðséð, að húsnæðismálanefndin vildi vera talsvert stórtækari til opinberra framlaga í þágu húsnæðismálanna en þetta frv. gerir ráð fyrir. Hér hefur komið til skjalanna íhaldssemi hæstv. ríkisstj. og valdið því, að opinber framlög til lausnar þessara mála hafa verið skorin niður.

Í þessu sambandi má enn fremur minna á það, sem raunar var bent á í gærkvöld, að hv. 5. þm. Reykv. hafði sjálfur fyrir nokkrum árum aðrar hugmyndir um lausn þessara mála en gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem hann gerði þá ráð fyrir því, að veðdeild Landsbankans skyldi efld á allmyndarlegan hátt og talsvert myndarlegri en þetta frv. gerir ráð fyrir. Í raun og veru er það svo, að það er varla hægt að finna nokkrar till. frá undanförnum árum, að meðtöldum till. opinberra nefnda, sem eru ekki frjálslyndari og róttækari en till. þessa frv. Hver svo sem ber ábyrgð á því, þá virðist einhver íhaldshönd hafa komizt hér að og látið til sín taka.

Það var kjarninn í röksemdafærslu hv. 5. þm. Reykv., að það hefði verið byggt undanfarin ár, þótt lánin hafi þá verið enn þá lægri en gert er ráð fyrir í þessu frv. Hann andmælir í sjálfu sér ekki, að þau lán, sem hér er gert ráð fyrir, séu lítil og það sé lítil von til þess, að almennur launamaður, sem ekki á verulegar eignir, geti leyst úr húsnæðisvandræðum sínum með þeirri aðstoð, sem hér er gert ráð fyrir. En hann segir ósköp einfaldlega: Aðstoðin var enn þá minni áður, og samt var byggt, og þess vegna er hér um framfaraspor að ræða.

Ég vil nú minna hv. þm. á það, að jafnvel þó að byggt hafi verið, þá hefur samt ekki verið byggt nóg. Sönnunin fyrir því, að ekki hefur verið byggt nóg, er fólgin í þeirri staðreynd, að enn býr hátt á þriðja þúsund manns hér í herskálum, að enn býr nokkuð á annað þúsund barna innan 16 ára aldurs í herskálum hér í Rvík. Sönnunin fyrir því, að þótt mikið hafi verið byggt, hafi samt ekki verið byggt nóg, er fólgin í því, að fyrir 10 árum voru hér 1884 kjallaraíbúðir í Reykjavík, en það er vitað, að þær eru nær allar í notkun enn, þótt ekki sé vitað með vissu, hversu margir búi þar, því að áhugi yfirvalda hefur ekki verið svo mikill á húsnæðismálunum, að þeim hafi þótt ómaksins vert að kynna sér það, hversu margir búa enn í kjallaraíbúðum, sem margar hverjar voru taldar óhæfar fyrir 10 árum og eru þá auðvitað orðnar algerlega óhæfar nú.

Það er því ekki hægt að friða samvizkuna gagnvart ófullnægjandi tillögum í húsnæðismálunum með því einu, að það hafi verið byggt mikið undanfarin ár. Það, sem lofað hafði verið, og það, sem menn hafa vænzt nú, er, að loksins komi myndarlegt átak til þess, að hægt sé að útrýma herskálaíbúðunum og kjallaraíbúðunum og gera sem flestu efnalitlu fólki kleift að eignast eigin íbúð. Þess vegna urðu menn fyrir vonbrigðum, þegar menn sáu þetta frv., því að það leysir ekki vanda þessa fólks. Því fer fjarri. Nægir í því sambandi að minna á þær staðreyndir, sem ég rakti hér í ræðu minni í gær, að húsaleiga í 90 m² íbúð mundi verða um 1871 kr. á mánuði miðað við þau lánskjör, sem hér er gert ráð fyrir. Jafnvel þó að gert væri ráð fyrir alminnstu íbúð, 200 þús. kr. íbúð, mundi húsaleigan samt sem áður verða nokkuð á fimmtánda hundrað kr. á mánuði. Það er augljóst mál, að slíkar íbúðir eru ekki við alþýðuhæfi. Þetta frv. leysir ekki vandamál þess fólks, sem fyrst og fremst þarf að leysa húsnæðisvandamálin fyrir. Það verður ekki gert án myndarlegra opinberra framlaga í þessu skyni, og það eru þau framlög, sem vantar í þetta frv.

Þá var það önnur höfuðröksemd hv. 5. þm. Reykv. í þessu sambandi, að þessu frv. væri alls ekki ætlað að leysa húsnæðisvandamál allra fátækasta fólksins; því væri ætlað að eiga aðgang að öðru lánakerfi, byggingarsjóði verkamanna. Það er einfalt að segja þetta, þegar hann veit það jafnvel og ég og allir aðrir hv. þingmenn, að undanfarin ár hefur byggingarsjóður verkamanna verið svo að segja óstarfhæfur vegna fjármagnskorts. Það fé, sem honum er séð fyrir af hálfu ríkisvaldsins, er svo lítið, að það stendur ekki undir neinum teljandi framkvæmdum, fer að verulegu leyti til að greiða mismuninn á vöxtunum af þeim litlu lánum, sem honum hefur tekizt að fá, og þeim vöxtum, sem hann hefur látið byggjendurna greiða. — Það lánakerfi, sem hv. þm. er að vísa hinum fátækustu á, er óstarfhæft, lokað. Það er svo og svo að ætla að hugga hina efnalitlu með því að segja við þá: Þetta frv. kemur ykkur að vísu ekki að gagni, en þið eigið aðgang að byggingarsjóði verkamanna, — þegar það er vitað, að hann er lokaður.

Nú skyldi maður halda, fyrst þessar tíðu ávísanir eru gefnar á byggingarsjóð verkamanna og öðru hverju farið lofsamlegum ummælum um hann og starfsemi hans, að þá væri eitthvað í þessu frv., sem tryggði honum aukið fé. En hvernig er því varið? Á það er ekki minnzt í frv. á annan hátt en þann, að veðdeildinni er heimilað, ef henni sýnist svo, að lána byggingarsjóði verkamanna eitthvert fé af því, sem inn kemur í sambandi við ráðstafanir frv. Ég tók það fram í gær, að þetta er þeim mun hastarlegra, þegar það kemur fram í grg. frv., að byggingarsjóði sveitanna hafi verið tryggðar 12 millj. kr. af þessu fé, eða líðlega 10% af því. Með tilliti til þeirrar staðreyndar er það sannarlega hastarlegt, að fullkomlega skuli vera gengið fram hjá byggingarsjóði verkamanna. Það er óverjandi, og ég endurtek það, sem ég sagði í gær, að ef úr þessu verður ekki bætt, þá er það hnefahögg framan í það efnalitla fólk í þessum bæ, sem sér einu vonina um að eignast sómasamlega eigin íbúð í því, að byggingarsjóður verkamanna verði gerður sæmilega starfhæfur.

Hv. 5. þm. Reykv. endurtók enn í ræðu sinni, að þetta frv. gerði ráð fyrir 40 millj. kr. aukningu á lánsfé til íbúðarhúsabygginga. Ég verð enn að leiðrétta þessa staðhæfingu, því að hún er til þess fallin að valda mjög alvarlegum misskilningi. Hún er til þess fallin að vekja hjá fólki tálvonir, sem er rangt og óheppilegt að vekja. Þessi 40 millj. kr. tala er í aðalatriðum fengin þannig, að gert er ráð fyrir því, að hefðu engar ráðstafanir verið gerðar, þá mundi það fé, sem smáíbúðadeildin fékk til umráða á s. l. ári, ekki hafa verið endurnýjað á þessu ári. Þannig er það fengið út, að þessar 100 millj. séu um 40 millj. kr. meira en það lánsfé, sem var til umráða á s. l. ári, að frádregnum smáíbúðalánunum, sem aflað var fjár til aðeins til þess árs. En þegar menn virða fyrir sér, hvaða útlánaaukning fáist samkv. þessu frv., þá bera þeir saman það fé, sem verður til útlána á þessu ári, við það fé, sem var til útlána á síðasta ári. Þetta er það, sem menn gera auðvitað og er skynsamlegast að gera. Ef þessi samanburður er gerður, þá er útlánaaukningin í allra hæsta lagi 20 millj., — ég segi: allra hæsta lagi 20 millj., vegna þess að fyrri talan, þ. e. a. s. 60 millj. kr. án smáíbúðalánanna, er fengin þannig, að ekki er gert ráð fyrir neinum íbúðalánum hjá bönkunum. En þó að talið hafi verið, að bankarnir hafi verið lokaðir, þá hygg ég, að óhætt sé að segja, sem betur fer, að dálítið af þeirra fé hafi — e. t. v. eftir krókaleiðum — farið til íbúðabygginga. Ég segi: sem betur fer. En mjög er hætt við því, að bankarnir muni telja endurnýjun á slíkum lánum með eða til þeirra lánveitingaloforða, sem þeir hér skuldbinda sig til, svo að þá kemur þetta fé enn til frádráttar þeim 20 millj., sem er raunveruleg útlánaaukning næstu 2 ár, miðað við árið í fyrra. Þess vegna endurtek ég það, að útlánaaukningin, sem búast má við til íbúðabygginga næstu 2 ár samkvæmt þessu frv., verður í allra hæsta lagi 20 millj. Sennilegra er, að hún verði 15 millj., kannske ekki nema milli 10—15, eftir því, hvað telja má að bankarnir hafi lánað mikið til íbúðabygginga og hversu frjálslyndir þeir verða í sambandi við mat sitt á því, hvernig fullnægja beri þeim loforðum, sem þeir gefa samkvæmt grg. þessa frv. En þetta tel ég raunar að ætti að vera hagsmunamál sjálfrar ríkisstj. að láta ekki almenning vera í neinum vafa um. Það er verið að blekkja almenning með því að segja honum, að með þessu komi 40 millj. kr. nýtt fé í lánastarfsemina. Það vekur vonir, sem ekki verður hægt að standa við.

Í sambandi við þessa — við skulum segja 15—20 millj. kr. útlánaaukningu til íbúðabygginganna er svo ómaksins vert að gera sér grein fyrir, hvaðan það fé kemur. Ég teldi, að það ætti fyrst og fremst að koma frá ríkisvaldinu og sveitarfélögunum og vera aflað með einhverjum hætti af tekjuafgangi þessara aðila, þannig að á bak við það stæði raunverulegur sparnaður hjá hinu opinbera. Það væri líka í beztu samræmi við þá fjármálastefnu, sem hæstv. ríkisstj. við ýmis tækifæri stærir sig af að fylgja. En sú er ekki raunin á. Minnstur hlutinn kemur frá ríkisvaldinu. Aðeins 3 millj., aðeins rúmlega ½% af árlegum ríkistekjum kemur úr ríkissjóði. Hvað mikið kemur úr sveitarsjóðunum, veit maður ekki enn þá. Afgangurinn kemur svo frá bönkunum. Og hvernig ætla bankarnir að afla sér fjár til þessara auknu lánveitinga? Það er vitað, að sparifé hefur ekki aukizt í bönkunum undanfarið, heldur hefur sparifjársöfnun þvert á móti minnkað. Hvar ætla þá bankarnir að afla þessa fjár? Svo framarlega sem ekki eiga að hljótast verðbólguáhrif af þessari fjáröflun, þá verður að draga þá ályktun, að tilgangurinn sé að draga önnur útlán saman sem þessu svarar. Kjarninn í lausn húsnæðisvandamálanna samkvæmt þessu frv. er þá m. ö. o. fólginn í framlagi bankanna, en ekki í framlagi ríkisvaldsins — þveröfugt við það, sem vera ætti, ef heilbrigðri fjármálastefnu væri fylgt, sérstaklega þegar þess er gætt, að þróunin varðandi sparifjársöfnun hefur undanfarið verið þannig, að úr henni hefur dregið, svo að þessi útlánaaukning hlýtur að þýða samdrátt í öðrum útlánum bankanna, ef ekki á að verða hætta á aukinni verðbólgu.

Við hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), sem skipum minni hl. fjhn., teljum okkur hafa í nál. og ræðum í gærkvöld sýnt fram á, að þetta frv. er alls kostar ófullnægjandi lausn á þeim mikla vanda, sem húsnæðisvandamálið hlýtur að teljast. Það er þess vegna, sem við höfum lagt til, að það fé, sem komi til útlána, verði aukið um 30 millj. með sérstökum hætti, eins og greinir í brtt. okkar. Með sérstöku tilliti til þess, að við teljum okkur hafa sýnt fram á með óyggjandi rökum, að samkvæmt þessu kerfi getur enginn almennur launamaður byggt sér og eignazt sómasamlega íbúð, vegna þess að við teljum okkur hafa sýnt með ómótmælanlegum rökum fram á, að enginn verkamaður getur komið þaki yfir höfuðið á sér með þeim ráðstöfunum, sem hér eru gerðar till. um, þá teljum við það lágmarkskröfu, að þetta mál verði ekki afgreitt öðruvísi en þannig, að byggingarsjóði verkamanna verði gert fært að starfa á næstu 5 árum. Lágmarkskrafan í því sambandi er, að honum verði tryggt sama fé og búið virðist vera að lofa byggingarsjóði sveitanna. Það má segja, að þó að við gerum fleiri brtt. en þessar, þá sé þetta kjarni þeirra.

Ég læt það verða lok máls míns, að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum af því, að hæstv. félmrh. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að lýsa afstöðu hæstv. ríkisstj. til þessara till., en e. t. v. á sú afstaða fyrst að koma fram við atkvgr., en þá verð ég að segja, að ef sú afstaða verður neikvæð, þá mun það efnalitla fólk hér í bæ, sem eygir það sem einu von sína til þess að koma sómasamlegu húsnæði yfir höfuðið á sér að geta byggt á vegum byggingarsjóðs verkamanna, og það fólk er margt, skoða þá afstöðu sem beint hnefahögg í andlit sér.

ATKVGR.

Brtt. 592,1 felld með 16:10 atkv.

— 592,2 felld með 17:10 atkv.

1. gr. samþ. með 19:9 atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 592,3 felld með 18:10 atkv.

3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 592,4 felld með 19:10 atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 592.5 felld með 16:10 atkv.

5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 592,6.a felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, GMM, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj.

nei: MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EI, EirÞ, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JR, SB.

GGísl greiddi ekki atkv.

5 þm. (KJJ, ÓTh, ÁB, EystJ, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 592,6.b felld með 18:11 atkv.

— 592,6.c felld með 16:11 atkv.

— 605 felld með 17:11 atkv.

— 592,6.d tekin aftur.

6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 592,7 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, GMM, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj.

nei: MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EI, EirÞ, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, JR, JörB, SB.

4 þm. (KJJ, ÓTh, ÁB, EystJ) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 592,8 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, GMM, BergS.

nei: BÓ, EI, EirÞ, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, GGísl, JR, JörB, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, SB.

JPálm greiddi ekki atkv.

5 þm. (EystJ, KJJ, ÓTh, StgrSt, ÁB) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 592,9—10 teknar aftur.

9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 592,11 felld með 19:9 atkv.

10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 592,12 tekin aftur.

11.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 592,13 felld með 17:11 atkv.

13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 592,14 felld með 20:11 atkv.

14.—16. gr. samþ. með 18:2 atkv.

Brtt. 592,15 tekin aftur.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, JörB, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, EI, EirÞ, GilsG, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, SB.

nei: KGuðj, GMM, HV.

LJós, EggÞ, EOl, EmJ, GJóh, GÞG greiddu ekki atkv.

3 þm. (KJJ, ÓTh, EystJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Bergur Sigurbjörnsson:** Í þeirri von, að takist að fá fram einhverjar lagfæringar á frv. við 3. umr., segi ég já.

---

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 522, 614, 632, 637, 638).

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Ég vildi aðeins víkja hér að tveim brtt., sem fluttar eru á þskj. 632 af meiri hl. fjhn. Ég er nú ekki viss um, að það sé neinn ágreiningur innan nefndarinnar um þessar till. Sumt af því var orðað í n., og kann að vera, að aðrir nefndarmenn séu því samþykkir. En aðalatriðið er, að það er bætt inn tveim atriðum í 2. gr.

Nokkru nánar skal tiltekið um verkefni húsnæðismálastjórnarinnar samkv. a-lið brtt.: Að láta fara fram rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa víðs vegar á landinu í því skyni að finna, hverjir byggja hús með minnstum kostnaði og hvað veldur þeim mun, sem er á byggingarkostnaðinum. Í sjálfu sér er ekki tæmandi upptalning í gr., hvert verkefni húsnæðismálastjórnar á að vera, en það er þó veigamikið atriði, sem hér er sérstaklega bent á, og það

hefur oft komið fram bæði hér í þingsölum og annars staðar, að það er ótrúlega mikill mismunur á byggingarkostnaðinum víðs vegar á landinu, svo að það er full þörf á því, að af einhverjum aðila og þá í þessu tilfelli húsnæðismálastjórninni sé hafizt handa um rannsóknir í þessu sambandi, ef það mætti leiða til þess, að meiri samræming gæti orðið í þessum málum, sem stuðlaði að því, að byggingarkostnaðurinn færðist niður þar, sem hann hefur verið mestur.

Till. undir b-lið er, að ég hygg, að vísu dálítið í öðru formi, að efni til orðuð í till. minni hl. n., þ. e. a. s., að það komi sérstaklega sem verkefni húsnæðismálastjórnar að hafa samráð við Iðnaðarmálastofnun Íslands ásamt öðrum aðilum, sem gert er ráð fyrir að húsnæðismálastjórn hafi samvinnu við. Iðnaðarmálastofnun Íslands er að vísu ung stofnun og nokkuð laust í böndunum enn þá um starfssvið hennar og starfsgrundvöll, en það standa vonir til, að þessi stofnun eflist í framtíðinni, og einmitt á hún að geta sinnt mjög veigamiklu verkefni á sviði tæknirannsókna í byggingariðnaðinum og þar á meðal á samhæfingu byggingarefna. Hygg ég, að Iðnaðarmálastofnunin muni hafa aðstöðu til þess að hafa mjög veigamikið samstarf við aðrar svipaðar stofnanir í öðrum löndum, sem samvinna er með á þessu sviði, og ef slík stofnun á þess kost að hafa samvinnu við aðrar svipaðar stofnanir nágrannalanda okkar og ýmissa annarra, Ameríkurikja einnig, þá þykir mér með ólíkindum, ef það getur ekki leitt til einhvers góðs til þess að færa niður byggingarkostnaðinn í einni eða annarri mynd. Undir öllum kringumstæðum sýnist eðlilegt, að þessi stofnun sé sérstaklega tilgreind sem aðili, sem húsnæðismálastjórninni beri sérstaklega að snúa sér til til þess að fá upplýsingar varðandi þessi mál.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Afgreiðsla þessa stórmáls við 2. umr. hér í hv. deild hlýtur að hafa valdið öllum þeim, sem nú búa við húsnæðisböl, sárum vonbrigðum. Samkvæmt þeim fyrirheitum, sem gefin hafa verið á undanförnum mánuðum um áhuga núverandi stjórnarflokka á því að bæta kjör þeirra, sem eiga við húsnæðisvandræði að stríða *og hafa verið eða ætla að ráðast í þá framkvæmd* að koma þaki upp yfir höfuð sér, hlaut það frv., sem ríkisstj. lagði fram fyrir nokkrum vikum, að valda miklum vonbrigðum.

Við hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), sem skipum minni hl. í hv. fjhn., gerðum tilraun til þess við 2. umr. málsins að bæta frv. þetta á marga lund. Við bárum fram ýmsar till., allar þó hóflegar og sanngjarnar og þann veg rökstuddar, að þær hlutu að teljast auðveldlega framkvæmanlegar. En allt kom fyrir ekki. Liðsmenn stjórnarfl. hér í hv. deild felldu till. þessar allar og samhljóða. Þó var fram á það sýnt í umr. um málið, hversu mjög skortir á það, að þetta frv. leysi vanda þeirra fjölmörgu, þeirra hundraða, þeirra þúsunda, sem nú stynja undan hinu geigvænlega húsnæðisböli. Það var sýnt fram á, að lánsfé, sem ætlað er að veita samkv. þessu frv., hrekkur engan veginn til þess að sinna þörfum hinna væntanlegu húsbyggjenda. Það var enn fremur sýnt fram á, að jafnvel þeir, sem náðarinnar eiga að njóta samkv. þessu frv., mundu verða að sæta slíkum afarkostum að því er snertir vaxtakjör og lánstíma, að mánaðarafgjald af meðalíbúð mundi verða tæpar 1900 kr. Það var enn fremur sýnt fram á, að það væri í raun og veru siðlaus regla, sem ákveðið væri nú að taka endanlega upp að því er snertir lánveitingar til íbúðarhúsabygginga, að fulltrúar stjórnmálaflokka ættu að hafa úthlutun lánsfjárins með höndum, eins og hér er gert ráð fyrir, en beinlínis komið í veg fyrir, að þeir aðilar, sem hér hafa sérstaka sérþekkingu til brunns að bera, þ. e. bankarnir, hafi þar nokkur afskipti af.

Þetta vildum við reyna við 2. umr. að fá lagfært, en án árangurs. Nú við þessa umr. viljum við enn gera nokkra tilraun til þess að fá endurbætur á frv. og höfum leyft okkur ásamt hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) að flytja brtt. á þskj. 638. Enn fremur leggja sömu flm. fram skriflega brtt., sem ég einnig mun gera nokkra grein fyrir. Sú till. hefur verið afhent til prentunar og liggur vonandi fyrir prentuð, áður en atkvgr. fer fram.

Skal ég nú í örfáum orðum gera grein fyrir þessum brtt. Við hv. 9. landsk. þm. tókum fram í nál. okkar, að við teldum þau vaxtakjör, sem gert er ráð fyrir í frv., vera óhæfilega óhagstæð. En eins og ég gat um áðan, hafa þau það væntanlega í för með sér, að mánaðarleiga í meðalíbúð, 350 $m^3$ íbúð, verði milli 1850 og 1900 kr. Mánaðarleiga í ódýrustu íbúð, sem hugsanlegt er að hægt verði að koma upp, yrði með sama hætti milli 1400 og 1500 kr. Er alveg augljóst mál, að slík húsaleiga er ekki við alþýðuhæfi, og þarf að gera ráðstafanir til þess, að almenningur þurfi ekki að stynja undir svo geigvænlegu húsaleiguokri.

Það var til þess vitnað við 2. umr. málsins, að til væri stofnun, byggingarsjóður verkamanna, sem einmitt hefði það hlutverk að sjá efnalitlu fólki fyrir húsnæði við viðunandi kjörum. Sú stofnun hefur verið máttlaus undanfarin ár sökum fjárskorts, hún hefur ekki getað sinnt hlutverki sínu sem skyldi, vegna þess að fjármagnsmarkaðurinn hefur verið henni lokaður og ríkisvaldið hefur ekki reynzt nægilega viðsýnt og *frjálslynt til þess að útvega þeirri stofnun hæfilegt* starfsfé. Við gerðum tilraun til þess með till. við 2. umr. málsins að tryggja þeirri stofnun nokkuð aukið starfsfé, 12 millj. kr. á ári af því fé, sem er gert ráð fyrir að muni aflað í þessu skyni á næstu árum, og var það jöfn upphæð og kom í ljós að búið var að tryggja byggingarsjóði sveitanna. En allt kom fyrir ekki, sú till. var felld. Eftir 2. umr. stendur byggingarsjóður verkamanna því engu betur að vígi en hann hefur staðið undanfarið til þess að sinna þörfum hinna lágt launuðu í þjóðfélaginu. Þegar þannig er ástatt, teljum við sjálfsagt að gera till. til breytinga á vaxtaákvæðum frv. og færa þau nokkuð til lækkunar, þannig að sú húsaleiga, sem gera má ráð fyrir að þeir verði að borga, sem lán fá samkv. lögunum, verði ekki jafnofsalega há og hún mundi verða að öðrum kosti. Höfum við því lagt til á þskj. 638, að vextir af lánunum verði færðir úr 7% í 6%. Teljum við 6% vext-

ina vera það hæsta, sem hægt er að ætlast til að almenningur greiði af slíkum lánum.

Þá leggjum við enn fremur til í till. á sama þskj., að aftan við 7. gr. frv., þar sem svo er kveðið á, að heimilt sé að lána byggingarsjóði *og byggingarsjóði verkamanna af fé því*, sem veðdeild Landsbankans fær til útlána, verði því bætt, að lán til beggja sjóðanna skuli vera jafnhá. Ég sé ekki, hvernig hægt ætti að vera að forsvara það að lána byggingarsjóði sveitanna hærri upphæð af þessu fé en byggingarsjóði verkamanna. Það hefur verið margtekið fram, að svo virðist sem stjórnarflokkarnir hafi þegar samið um það sín á milli, að byggingarsjóður sveitanna skuli fá 12 millj. kr. af því fé, sem hér er um að ræða. Látum nú vera, að stjórnarflokkarnir vilji ekki binda þessa upphæð fastmælum í sjálfum lögunum, að þeir vilji hafa eitthvað frjálsari hendur um upphæð fjárins og þeir hafi fellt till. okkar hv. 9. landsk. þm. af þessum sökum. En hitt sé ég ekki, hvernig þeim gæti verið stætt á því að neita byggingarsjóði verkamanna um jafnmikið fé og byggingarsjóður sveitanna fengi. En ef þessi till. okkar yrði samþ., ætti það að vera tryggt. Hér er að ýmsu leyti um hliðstæðar stofnanir að ræða. Byggingarsjóður verkamanna tekur að vísu til miklu fleira fólks en byggingarsjóður sveitanna. Á hinn bóginn má segja, að starfsemi byggingarsjóðs verkamanna sé ekki miðuð við nema nokkurn hluta kaupstaðabúa, þ. e. a. s. þá, sem eru undir því tekjumarki, sem nefnt er í lögunum, en byggingarsjóði sveitanna er ætlað að liðsinna öllum, sem í sveitum búa. Látum þetta tvennt jafnast hvort á móti öðru. Er þá eðlilegt, að báðir sjóðirnir fái sömu upphæð, þ. e. a. s., að hið háa Alþingi geri ekki upp á milli þeirra. Till. þessi er svo sanngjörn og í raun og veru svo *sjálfsögð, að ég trúi ekki öðru en að hún finni* náð fyrir augum hv. deildarmanna.

Þá flytjum við sömu flm., hv. 9. landsk. og hv. 8. þm. Reykv., nokkrar skriflegar brtt. Kjarni þeirra er þetta:

Fyrir tveimur dögum var frá því skýrt í ríkisútvarpinu, að Iðnaðarmálastofnun Íslands hefði ákveðið að gera á næstunni áætlun um byggingarframkvæmdir á Íslandi í næstu 12 mánuði, og hefði Iðnaðarmálastofnun Íslands þegar ráðið sér erlendan sérfræðing til aðstoðar við samningu þessarar byggingaráætlunar. Enn fremur var í þessari útvarpsfrétt, sem ég held að hafi komið í flestum eða öllum blöðum, frá því greint, að fyrirhugað væri ferðalag nokkurra sérfræðinga til nágrannalanda til þess að kynna sér skipun byggingarmála hjá þessum þjóðum, ef reynsla þeirra mætti gera okkur kleifara en ella að gera ráðstafanir til þess að lækka byggingarkostnað hér á landi. Það, sem strax vakti athygli mína, þegar ég heyrði þessa útvarpsfrétt og las hana nánar í blöðum, var, að hér er um að ræða alveg sama verkefnið og húsnæðismálastjórninni er ætlað í þessu frv. Hér er um að ræða *annað aðalverkefni húsnæðismálastjórnarinnar*. En hitt er, sem kunnugt er, það, að hún á að úthluta lánunum, sem veitt verða samkvæmt lögunum.

Nú er það næsta furðulegt, að samtímis því sem hæstv. ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi frv. um nýja stofnun, húsnæðismálastjórn, og ætlar henni að koma á fót og hafa yfirumsjón með leiðbeiningastarfsemi fyrir húsbyggjendur í því skyni að lækka byggingarkostnað og að gangast *fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í* byggingariðnaði o. s. frv., þá skuli nýstofnuð ríkisstofnun, Iðnaðarmálastofnun Íslands, tilkynna almenningi, að hún hafi þegar ákveðið að taka þetta hlutverk að sér. Það hlýtur að koma öllum almenningi spánskt fyrir sjónir, að svona skuli vinstri hönd ríkisvaldsins ekki hafa hugmynd um það, hvað sú hægri er að hafast að. Hér virðist ekki vera nema um tvennt að ræða, annaðhvort að Iðnaðarmálastofnunin verði látin hætta við sína fyrirhuguðu framkvæmd, ef húsnæðismálastjórninni verður komið á fót samkvæmt þessu frv., eða þá að frv. verði breytt, hætt við að koma húsnæðismálastjórninni á fót og Iðnaðarmálastofnunin látin annast þessa framkvæmd. Hitt er augljós fjarstæða, að samtímis því sem Iðnaðarmálastofnunin væri að vinna að þessu, þá væri komið upp annarri ríkisstofnun til þess að framkvæma nákvæmlega sama verk. Annaðhvort þarf því að gera. Við þremenningarnir teljum skynsamlegra að láta Iðnaðarmálastofnunina halda áfram við þetta verk, láta hana sinna því, en hætta við að koma á fót þessu nýja skrifstofubákni, húsnæðismálastjórninni. Till. okkar miðar að því, að horfið skuli frá því að koma á fót húsnæðismálastjórninni, en Iðnaðarmálastofnuninni skuli falið að hafa þau verkefni með höndum, sem lögin að öðru leyti fjalla um á þessu sviði, enda hefur hún þegar lýst því yfir, að hún ætli að gera þetta hvort sem er. Við treystum hinum ungu forráðamönnum Iðnaðarmálastofnunarinnar vel til þess að hafa þessar rannsóknir með höndum með aðstoð *þeirra sérfræðinga, sem þeir sumpart hafa* ráðið sér og sumpart munu ætla að ráða sér á þessu sviði.

Þá vaknar spurningin um það, hverjir eigi að annast lánveitingarnar samkv. frv. Eins og ég tók fram við 2. umr., þá tel ég það einn megingalla þessa frv., að þar skuli gert ráð fyrir, að 2 fulltrúar stjórnmálaflokka skuli eiga að hafa upp undir 50 millj. kr. lánveitingar með höndum. Við bárum fram till. um það, minni hl. í fjhn., að þessar lánveitingar skyldu verða í höndum Landsbankans. Það var fellt. Ég heyrði einhvers staðar þá röksemd gegn því, að það væri óeðlilegt, að Landsbankinn einn ætti hér um að fjalla. Hinir bankarnir legðu einnig fram fé til þessara framkvæmda og það væri þá óeðlilegt að gera upp á milli bankanna, láta einn bankann annast þetta algerlega, en láta hina hvergi koma nærri. Nú viljum við því, þessir sömu flm. ásamt hv. 8. þm. Reykv., flytja brtt. um, að úthlutun lánanna skuli vera í höndum 5 manna nefndar, sem ríkisstj. skipi eftir tilnefningu bankanna 5, Búnaðarbankans, Framkvæmdabankans, Iðnaðarbankans, Landsbankans og Útvegsbankans, en *þessir bankar greiði allir kostnað við störf nefndarinnar*. Það teljum við þá vel hafa efni á að gera, þannig að ríkissjóði yrðu þá spöruð öll útgjöld í sambandi við samþykkt þessa frv. Ég rökstyð það ekki frekar en ég gerði við 2. umr., að það er

í alla staði eðlilegra, að þeir menn, sem hafa starfs síns vegna sérfræðilega þekkingu á því, hvernig meta beri verðleika umsækjenda um lán, eigi um slíkt að fjalla, en ekki pólitískir útsendarar einhverra stjórnmálaflokka.

Þetta segi ég um þær brtt., sem ég flyt ásamt tveimur áðurnefndum þm. Þá hef ég einnig leyft mér að flytja brtt. á þskj. 637, sem í felst nokkurt nýmæli. Ég legg þar til, að ef fjölskyldumenn, sem eiga ekki 90 m² íbúð eða stærri, taka þá ákvörðun að leggja til hliðar af tekjum sínum til þess að geta eignazt íbúð, m. ö. o., ef þeir taka þá ákvörðun að stofna eins konar eigin byggingarsjóð, þá skuli framlög í þennan byggingarsjóð vera skattfrjáls, það skuli ekki lagður tekjuskattur á þann hluta teknanna, sem maður, sem ekki á meðalíbúð, ákveður að leggja til hliðar upp í að geta byggt sér eða keypt sér íbúð.

Hv. þm. verður auðvitað fljótlega ljóst, hvar er að finna hliðstæðu þessarar hugmyndar, en hún er raunverulega sótt í reglurnar um varasjóði eða nýbyggingarsjóði gildandi skattalaga, eins og þau ákvæði gilda um hlutafélög og samvinnufélög. Þar eru veitt sérstök skattfríðindi fyrir þann hluta tekna, sem fyrirtæki ákveður að leggja til hliðar og varðveita til uppbyggingar fyrirtækisins. Það hefur um langan aldur verið talið eðlilegt, að fyrirtæki nytu fríðinda fyrir þann sparnað, sem þau þannig leggja á sig. Nú hefur í umr. um húsnæðismálin verið bent á það rækilega og af mörgum aðilum, að ein höfuðundirstaða þess, að hægt sé að leysa húsnæðisvandamálið á næstunni, er sú, að sparnaður aukist með þjóðinni. Það er ekki hægt að auka húsbyggingarnar að neinu ráði, nema því aðeins að sparnaður þjóðarinnar sé með einhverjum hætti aukinn. Það ætti því að mega telja, að allar ráðstafanir, sem stuðla að auknum sparnaði, séu mjög vel til þess fallnar að hjálpa til þess að leysa húsnæðisvandamálið. Þeim mun meir sem einstaklingar og fyrirtæki spara, þeim mun meira fé er fyrir hendi í þjóðfélaginu til þess að festa til langframa í byggingum. Gera má ráð fyrir því, að þeir einstaklingar, sem eiga ekki meðalíbúð, en vilja eignast hana, mundu, ef þeim yrði gefinn kostur á skattfríðindum af því fé, sem þeir leggja til hliðar, leggja miklu meira að sér en ella; þeir mundu leggja hart að sér til þess að spara og geta eignazt íbúð síðar. Ég tel því, að eitt hið gagnlegasta, sem hægt væri að gera í húsbyggingarmálunum núna, væri að veita slík skatthlunnindi þeim mönnum, sem reiðubúnir væru til þess að leggja sérstaklega mikið að sér til þess að spara í því skyni að eignast íbúð. Ég get getið þess, að í ýmsum nágrannalandanna hefur verið gert allmikið á þessu sviði og alls staðar með mjög góðum árangri. T. d. má geta þess, að ýmsir telja, að sá miklu árangur, sem náðst hefur í húsbyggingarmálum Vestur-Þýzkalands, eigi að verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að þar í landi hafa verið og eru enn í gildi mjög veruleg skattfríðindi fyrir það fé, sem menn spara og leggja í byggingar. Ég geri ráð fyrir því, að árleg framlög í þennan eigin byggingarsjóð megi nema allt að fjórðungi teknanna, en þó ekki meira en 20 þús. kr. á ári og 200 þús. kr. alls, en byggingarsjóðinn á að ávaxta í banka eða sparisjóði á nafni eigandans. Svo eru í till. nánari reglur um það, að ef eigandinn síðar ráðstafar fénu á annan hátt eða til annarra þarfa en til húsbyggingar, þá eigi að greiða skatt af fénu eftir nánar tilteknum reglum, sem greint er frá í till.

Ég vona, að þessi till. verði athuguð rækilega af hv. þdm., því að ég er sannfærður um það, að með samþykkt hennar mundi vera stigið mikilvægt spor í þá átt að efla sparnað í landinu og þá um leið í þá átt að leysa hið mikla húsnæðisvandamál, sem nú er við að etja á Íslandi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 632, 637 og 638, sem voru of seint fram komnar, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 648) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm., sem var framsögumaður fyrir hv. minni hluta fjhn., sagði við 2. umr. þessa máls, að það væri á þessu frv. hæstv. ríkisstj. íhaldssvipur, og meinti auðsjáanlega þar með, að þetta frv. bæri mjög greinilega með sér svipinn af því afturhaldi, sem meir og meir virðist einkenna Sjálfstfl. í hans afstöðu og hann eftir þessu frv. að dæma meira og meira er að draga Framsfl. með sér í.

Ég hef flutt hér á þskj. 614 nokkrar brtt. við þetta frv., og ég vildi eiginlega segja um þær brtt., máske í ofur lítið annarri merkingu en hv. 1. landsk. þm., að það væri raunverulega íhaldssvipur á mínum till., en íhaldssvipur í þeirri merkingu, að í öllum þeim till., sem ég flyt á þskj. 614, er held ég mér sé óhætt að fullyrða ekki ein einasta till., sem hefur ekki verið í lögum það sem af er þessari öld. Mínar brtt. ganga aðeins út á eitt, og það er að fá að halda í l. því, sem sett hefur verið í l. á einum eða öðrum tíma, það sem af er þessari öld, m. ö. o., að þær endurbætur, sem hafa verið samþ. á síðustu 20—30 árum, fái að haldast í l. áfram. Ég er m. ö. o. að gera till. um, að í staðinn fyrir að afnema smátt og smátt þær endurbætur, sem menn hafa barizt fyrir og fengið inn í löggjöf, haldi menn nú þessum endurbótum í löggjöfinni. Og ég verð að segja, að það er nú orðið anzi hart, ef ég og minn flokkur, sem ekki höfum verið kenndir við íhald, verðum að fara að berjast fyrir því að taka upp þær till., sem meira að segja íhaldsflokkur, sem þá hét Íhaldsflokkur og var það, Framsfl. og ég tala ekki um Alþfl. eða Sjálfstfl. og Sósfl. saman hafa sett í löggjöf á undanförnum áratugum. Það er orðið anzi hart, þegar við verður að fara að beita okkur alveg sérstaklega fyrir því að fá að halda þessum hlutum í löggjöf þjóðarinnar, en út á það ganga þó þessar till., sem ég er með. Enn fremur felst annað í þessum brtt., og það er það, að með þeim er þetta frv. ríkisstjórnarinnar, sem hér liggur fyrir, eiginlega sett á sinn stað í heildarlöggjöfinni um húsnæðismálin.

Eins og menn hafa veitt eftirtekt, þá fer frv. ríkisstj. fram á að fella III. kaflann út úr l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúða í kaupstöðum og kauptúnum. Ég verð að segja, að ég er orðinn ákaflega leiður á þeirri löggjöf, bara

hreint lögfræðilega séð, sem gengur út á það að fella úr gildi ákveðna kafla úr l., láta aðra kafla standa og láta löggjöfina þannig smám saman verða þannig völundarhús, að sá almenni maður botnar varla í því, í staðinn fyrir að hafa löggjöf sem allra aðgengilegasta. Ég sé, að sérstaklega einn af hæstv. ráðh. hefur haft alveg sérstaklega mikla tilhneigingu til þess, sem kallað er nú á lagamáli að „kodifisera“ á þennan hátt, taka saman í einn lagabálk þá hluti, sem fyrir eru, og reyna að laga þetta að nokkru leyti, sem sé hæstv. dómsmrh. Raunverulega er ég þess vegna með þeim brtt., sem ég flyt fram, að taka saman í einn lagabálk og setja þar með líka núverandi frv. ríkisstj. á sinn stað í slíkum lagabálki, sem nú þegar er til. En breytingarnar, sem ég geri á þessum lagabálki, eru raunverulega aðeins þær að koma þarna aftur í gildi þeim l., sem áður hafa verið um þetta, og skal ég nú, eins stutt og ég get, fara út í þær breytingar, sem felast í þessum brtt. mínum.

Í fyrsta lagi set ég þarna á undan eina sérstaka gr. um rétt íslenzkra ríkisborgara til þess að fá að byggja sér íbúð, og þar með líka um skyldu, sem lögð er á herðar byggingarnefnd í kaupstöðum og kauptúnum að leyfa slíkar byggingar og mæla út lóðir handa mönnum. Ég vil minna menn á, að frá því að kauptún og kaupstaðir voru myndaðir á Íslandi og fyrstu áratugina þar á eftir var það réttur, sem hver einasti maður hafði, sem flutti til kaupstaðar eða kauptúns, að fá útmælda lóð. Það var réttur, sem danskt konungsvald gaf okkur hér á Íslandi og hét hverjum einasta manni, sérstaklega þó þeim mönnum, sem iðn vildu stunda, að geta fengið útmælda lóð til þess að byggja sér hús á, og hann fékk þessa lóð gefins. Þetta voru sjálfsögð mannréttindi á þessum tíma. Ég vil bara undirstrika þetta, að á þeim tímum, sem ekki var einu sinni neitt lýðræði til á Íslandi, ekki þau almennu lýðréttindi, ekki sá almenni leynilegi kosningarréttur, þá var þessi réttur til. Maður, sem settist að í einum kaupstað eða kauptúni, fékk útmælda lóð og það gefins til þess að byggja sér hús á. Þessum rétti hafa menn verið sviptir, þannig að nú er það meira að segja svo, að þó að menn borgi leigu eftir þá lóð, sem þeir fá í einum kaupstað eða kauptúni, þá þurfa þeir að ganga á eftir alls konar skriffinnum í stjórn viðkomandi bæjar eða kaupstaðar, bíða eftir því stundum jafnvel árum saman að fá útmældar lóðir.

Það er náttúrlega sjálfsagt, eins og tekið er hér fram, að bæjarstjórn getur visað manni á rétt til að byggja sér hús, þó að hún mæli fyrir lóð, þar sem er ætlazt til þess, að byggð séu hús, sem séu t. d. þrjár hæðir eða meira, og hefur hann rétt til þess að byggja í slíkri samstæðu og þarf þá bara að koma sér saman við nokkra aðra um að hagnýta slíka lóð þannig. Auðvitað er gefið mál, að það geta ekki allir fengið lóðir undir einbýlishús í nútímaborg. En það að geta fengið leyfi til þess að byggja sín hús á lóð, jafnvel þó að menn verði að eiga þá lóð með fleirum, er réttur, sem menn þurfa að hafa. Legg ég til að byrja lögin á ákvæði um réttindi manna til þess að byggja sér hús og til þess að eignast hús. Það er raunverulega undarlegt, að það skuli þurfa að ákveða slíkt og að þurfa skuli að taka þannig upp í löggjöf nú á tímum það, sem að nokkru leyti var réttur manna fyrir 100 árum, og endurnýja þannig viss réttindi, sem dönsk stjórn á Íslandi veitti okkur, en íslenzk stjórn hefur raunverulega neitað okkur um. — Ég held þess vegna, að menn ættu að geta fallizt á það að samþ. þessa 1. gr.

Þá er viðvíkjandi I. kaflanum, sem ég legg til að komi þarna um verkamannabústaði. Hann er að öllu leyti, nema í tveim atriðum, eins og nú er í lögum. Og þessi tvö atriði, sem þarna eru öðruvísi, eru í fyrsta lagi í 4. gr., um tekjurnar. Þar stendur í 3. undirlið: „Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn helminginn af tekjuafgangi ríkisins af einkasölu á tóbaki.“ Það eru nú rúmlega 30 ár síðan það var sett í löggjöf, að tekjur ríkisins af einkasölu á tóbaki skyldu skiptast í tvennt, annar helmingurinn skyldi renna til verkamannabústaðanna, til byggingarsjóðs verkamanna, og hinn skyldi renna til byggingarsjóðs sveitanna. Þetta var í löggjöf, og þegar tóbakseinkasalan upprunalega er sett á, þá er hún sett á og alþm. eru fengnir til þess að greiða henni atkv. á þeirri forsendu, að með því að taka þennan gróða til ríkisins af tóbakseinkasölunni, þá séu þeir að vinna það góða verk að leggja grundvöll undir byggingarnar fyrir verkamenn og fyrir bændur. Svo er þetta á krepputímanum nokkru seinna afnumið. En það á bara ekki að láta það haldast uppi, að svona sé alltaf farið að. Það er svo að segja hver einasti nýr skattur, sem á er lagður, alltaf lagður á með þessum forsendum. Það á að vinna gott verk með þessu. Síðan er það góða verk meira eða minna látið niður falla rétt á eftir, en skattinum er haldið og notaður sem almennur skattur fyrir ríkissjóð. Alveg sama var á sinn hátt með söluskattinn, þegar hann var lagður á til þess að tryggja það, sem átti að greiða í uppbót á fiskinn. Svo er fiskverðstryggingin felld burt og skattinum haldið. Mín till. fer bara fram á að setja þetta aftur í l., sem var í l. fyrir 20 árum og við settum í l. meira að segja um það leyti, sem kreppan var að byrja hérna á Íslandi, og fannst þá rétt. Mér finnst, að við ættum að geta komið okkur saman um að setja þetta í l. nú aftur, og svo framarlega sem það er gert, því að tóbakseinkasalan gefur af sér rúmar 40 millj. kr. nú, þýðir það náttúrlega 20 millj. kr. til verkamannabústaðanna. Ef það sama er gert viðvíkjandi byggingarsjóði sveitanna, þá þýðir það 20 millj. kr. til þeirra. M. ö. o.: Það er þarna ekki um neina ógurlega róttæka till. að ræða hjá mér. Það er bara um till. að ræða, sem meira eða minna íhaldssamur meiri hl. hér á Alþ. samþ. fyrir rúmum 20 árum og gerði þá að l. En þetta vildi ég taka upp aftur, setja þessa endurbót inn í l. á ný, og þá um leið leysa þau vandamál, sem verið hafa viðvíkjandi tekjuspursmálunum í þessu efni, á mjög einfaldan hátt.

Svo er hitt atriðið, sem ég legg til að breyta. Það er í sambandi við byggingarfélögin í f-lið eða 5. gr. á bls. 2, þar sem stendur: „Í Reykjavík mega þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skulu félög þau, sem nú starfa þar, öðlast

viðurkenningu og njóta réttinda samkvæmt lögum þessum.“

Eins og mönnum er kunnugt, var Byggingarfélag alþýðu hið upphaflega byggingarfélag, sem starfaði hér í Reykjavík, og byggði verkamannabústaðina vestur í bænum. 1939 var það félag útilokað frá því að geta fengið að starfa áfram og nýtt félag myndað. Hér er lagt til, að bæði þessi félög fái að starfa, fái að halda áfram og þetta gamla byggingarfélag alþýðu, sem var brautryðjandafélagið og á 25 ára afmæli í næsta mánuði, fái að halda áfram að vinna að því með sömu kjörum og önnur byggingarfélög verkamanna að byggja fyrir verkamenn hér í Reykjavík. Ég býst ekki við, að það sé neinn þm., sem á sæti á þingi nú, sem lengur stendur með því, sem gert var 1939, þegar Byggingarfélag alþýðu var útilokað, þannig að ég vildi leyfa mér að vonast til þess, að menn geti nú fallizt á að gera þessa breytingu.

Þá er næsti kaflinn, sem hjá mér er II. kaflinn, um byggingarsamvinnufélög. Hann er tekinn upp eins og var. Á því er engin breyting.

Þá er III. kaflinn, sem er hjá mér 28. gr. og næstu gr. þar á eftir, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Þar tek ég aftur upp þá gömlu kaflafyrirsögn, sem var um þetta áður, en nú hljóðar á nokkuð annan hátt í núverandi lagabálki, og ég legg þarna til, að við höfum þann hátt á um þennan kafla, sem var í upphafi. Þegar þessi kafli var settur í l. 1946, var þetta eitt það róttækasta og stórvirkasta, ef það væri framkvæmt, sem gert hafði verið í íslenzkri löggjöf hvað húsnæðismál snertir, enda þá líka nauðsynlegt að taka harðar á og vinna stærra verk en nokkru sinni áður, til þess að hægt væri að útrýma alveg sérstaklega herskálaíbúðum í Reykjavík. Núna liggur það fyrir í till. ríkisstj. að afnema þennan kafla, fella hann niður, og því er ég algerlega á móti, eins og ég hef áður lýst. Ég álít, að þessi kafli eiga að standa áfram alveg eins og hann var upphaflega með þeirri skyldu á herðum ríkisins að aðstoða viðkomandi bæjarfélög, jafnvel með 75% lánum, til þess að koma því í gegn að afnema alveg herskálabyggingarnar. Það er engum efa bundið, að þetta er hlutur, sem ekki er nein „fantasía“. Þetta er hlutur, sem er vel framkvæmanlegur. Það er ekki nema nokkuð á annað hundrað millj. kr., sem það mundi kosta að byggja í staðinn fyrir allar braggaíbúðirnar hér í Reykjavík nú, og á annað hundrað millj. kr. er ekki meira en og ekki alveg það, sem venjulegur tekjuafgangur hefur verið á tveim árum hjá ríkissjóði. Það er ekki nóg, m. a. af þeim mönnum, sem þetta frv. flytja og þetta frv. styðja, hjá hæstv. ríkisstj., að tala um, hvílíkur smánarblettur herskálaíbúðirnar séu, en fást ekki til þess að gera þá raunhæfu hluti, sem þarf til þess að útrýma þeim tafarlaust.

Ég efast ekki um, að ef Reykjavíkurbær fengi kost á því að fá svona aðstöðu til lána eins og hann fengi með því, að kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi íbúða væri settur í fullt gildi aftur, þá mundi hann hagnýta það tafarlaust. Reykjavíkurbær sýndi það 1946 með byggingu Skúlagötuhúsanna, að hann var reiðubúinn að hagnýta sér þessa aðstöðu. Skúlagötuhúsin voru öll byggð samkvæmt þeim réttindum, sem veitt voru eftir l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og þau voru fyrst stöðvuð, þegar það var fellt úr gildi hér á Alþ., að bæirnir hefðu þann rétt, með því bráðabirgðaákvæði, sem þá var samþ. um, að bæirnir hefðu ekki þennan rétt, nema veitt væri sérstakt fé til þess á fjárlögum. Ég man eftir, þegar sú bráðabirgðabreyting var samþ., sem frestaði framkvæmd þessara l., að flestir þm. Sjálfstfl. í Reykjavík greiddu atkv. með okkur sósíalistum á móti þeirri bráðabirgðabreytingu og jafnvel fleiri, hv. þm. N-Ísf. (SB), ef ég man rétt, og fleiri menn, sem voru algerlega á móti því að svipta bæina þessum rétti. Þess vegna er það gefið, að ef við eigum að vinna þetta verk, þá er það áreiðanlega það bezta, sem við getum gert, að láta þessi l. gilda.

Þarna er því um að ræða frá minni hálfu að láta löggjöf standa, sem samþ. var fyrir 9 árum, samþ. var þá af Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. sem stjórnarflokkum. Það er þess vegna ekki um að ræða þarna nýja löggjöf, heldur aðeins að halda endurbót, sem áður er samþ., á sama hátt og var viðvíkjandi verkamannabústöðum og byggingarsjóði sveitanna með tekjunum af tóbakseinkasölunni og annað slíkt.

Svo legg ég til, að komið sé á nýjum kafla, sem heiti: „Um veðlán til íbúðabygginga“ — og þar tek ég raunverulega upp þá hluta úr frv. hæstv. ríkisstj., sem mér þykir við eiga og horfa til framfara. M. ö. o.: Með III. kaflanum í minu frv. verður raunverulega II. kaflinn í frv. ríkisstj. óþarfur, því að hann fer aðallega fram á að afnema l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, en með IV. kaflanum í mínum brtt. tek ég það upp úr I. kaflanum í ríkisstjórnarfrv., sem mér þykir framför að. Ég kalla það: „Um veðlán til íbúðabygginga“ — og þar er ákveðið í þeirri gr., sem þá yrði í þessum lagabálki 39. gr., að komið skuli á fót almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga undir yfirstjórn veðdeildar Landsbanka Íslands.

Þetta eru ekki heldur neitt sérstaklega róttækar till. hjá mér. Raunverulega fara þessar till. aðeins fram á að setja aftur í l. það, sem var í l. sumpart fyrir 50, sumpart fyrir 30—40 árum. Þegar veðdeild Landsbankans var sett á stofn, þá var það hennar hlutverk að sjá um þau almennu veðlán til íbúðabygginga, þ. e. til hins almenna borgara, þess, sem ekki hafði alveg sérstaka kröfu á því, að það opinbera hjálpaði honum, við skulum segja eins og þeir menn, sem nú búa í herskálunum, eða þeir menn, sem eru verkamenn og hafa það litlar tekjur, að þeir koma inn undir verkamannabústaðina. Með veðdeild Landsbankans var upphaflega verið að skipa þannig málum, að sá almenni borgari, sem átti ekki alveg sérstaka kröfu á aðstoð frá því opinbera, gæti fengið þarna eðlilegan aðgang að láni til bygginga. Og ég vil segja það sérstaklega við þá yngri þm., sem muna kannske ekki aftur í tímann fyrir 1930, að það þótti alveg sjálfsagður hlutur, að minnsta kosti í öllum þeim bæjum á Íslandi, sem ég hef dvalið í meira eða minna, ef einn maður réðst í það að byggja, að hann gæti fengið víxillán í hvaða banka eða sparisjóði sem hann fór í út á sína byggingu,

meðan hann var að byggja hana, og að víxlarnir væru settir yfir í veðdeild, þegar hann væri búinn að byggja.

Ég vil aðeins taka þessa hluti fram vegna þess, að nú á tímum finnst mönnum það yfirleitt orðið alveg sérstök náð, að menn fái lán til þess að byggja íbúðarhús, — að menn þurfi helzt ekki aðeins að geta byggt það fyrir eigin peninga án þess að fá nokkra víxla á meðan, heldur jafnvel að menn þurfi að geta komið sér sérstaklega vel við stjórnarflokkana í landinu til þess að fá aðra eins náð og það að fá að byggja fyrir framtíðina hús, sem kemur til með að standa 2—3 aldir. Þá var enn þá það heilbrigður hugsunarháttur í þessum hlutum, að ef einn maður vildi leggja það á sig og hafði einhverja aðstöðu til þess að geta byggt sér hús, þá þótti sjálfsagt, að þjóðfélagið aðstoðaði hann og veitti honum lán til þess.

Þessi kafli í mínum brtt. fer þess vegna raunverulega fram á að gera veðdeildina aftur að því, sem hún einu sinni var, og á vissan hátt miðar frv. ríkisstj. að því sama. Á vissan hátt er það innihald í frv. ríkisstj. að koma veðdeildinni aftur í gang. Hins vegar hefur ríkisstj. lætt því inn í sitt frv. að setja svo að segja aðra stjórn yfir hana, þessa svokölluðu húsnæðismálastjórn. Þann hluta úr stjfrv. felli ég alveg burt. Ég legg þarna til, að þetta veðlánakerfi sé, að svo miklu leyti sem það snertir veðdeild Landsbankans, undir stjórn Landsbankans, eins og verið hefur tilgangurinn og í framkvæmd meðan veðdeild Landsbankans á annað borð starfaði.

Ég skal nú ekki fara sérstaklega mikið út í þær einstöku breytingar. Þegar hv. þm. líta yfir þetta, þá munu þeir sjá, að meginið af því, sem hæstv. ríkisstj. er með í sínu frv. í I. kaflanum, er tekið þarna upp, öll ákvæði viðvíkjandi 200 millj. kr., viðvíkjandi A- og B-flokkunum, viðvíkjandi öllum þeim ákvæðum, sem hún hefur um bankavaxtabréfin, líka ákvæðin um, að smám saman skuli lánadeild smáíbúðanna renna inn í þetta veðlánakerfi, þegar hennar sérstaka hlutverki væri lokið, og annað slíkt, aðeins sé strikað út það, sem sérstaklega snertir húsnæðismálastjórnina sem slíka.

Þó er ein breyting, sem ég hef gert í þessum efnum, og hún er, að á eftir því, sem í frv. ríkisstj. er 6. gr., um aðalútlánareglurnar, komi ný grein, sem hjá mér er 8. brtt., að á eftir 6. gr. komi ný gr., sem verði 43. gr. og hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til bygginga samkvæmt reglum þessa veðlánakerfis:
1) Barnafjölskyldur.
2) Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3) Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla þessara laga.“

Þetta ákvæði, sem ég set þarna inn um, hverjir skuli sitja fyrir lánum, er ekki í núverandi frv. hæstv. ríkisstj., en það er í l., sem hæstv. núverandi ríkisstj. eða þeir stjórnarflokkar, sem nú sitja að völdum, hafa sjálfir sett. Þetta ákvæði er orðrétt tekið upp úr lagakaflanum um smáíbúðalánin, sem enn þá er í gildi. Og nú vil ég vekja eftirtekt hv. þm. á því, að lagakaflinn um smáíbúðalánin er einn kafli laganna um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Í þeim kafla er þetta ákvæði um, hverjir skuli sitja fyrir. Þegar lagakaflinn um smáíbúðalán er settur, þá þykir sjálfsagt að hafa þetta ákvæði, að barnafjölskyldur skuli vera þarna fyrstar, ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar, og það fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, en fær ekki aðstoð eftir þeim lögum.

Hvað gerir hæstv. ríkisstj., þegar hún núna er að flytja sitt frv.? Hún er raunverulega að leggja niður kaflann um smáíbúðalán, hún er raunverulega að fella hann úr gildi. Hann hefur að vísu lagagildi áfram, en hann verður ekkert annað en bókstafur, vegna þess að eftir því sem mér skilst, þó að það sé ekki alveg greinilegt af frv., þá hef ég a. m. k. skilið það þannig eftir frv. ríkisstj., að það eigi ekki að veita lán úr lánasjóði smáíbúðanna, eftir að frv. ríkisstj. væri komið hér fram, og ef það er misskilningur hjá mér, þá vildi ég mjög óska eftir því, að það væri leiðrétt. Ég hef skilið það þannig, að kaflinn um lánadeildina og lánasjóð fyrir smáíbúðirnar, þó að hann standi í lögum áfram, verði ekki framkvæmdur eftir þetta. Það, sem sérstaklega virðist benda á það, er ákvæðið í frv. ríkisstj. í 4. gr., b-lið, að eignir lánadeildar smáíbúða skuli renna í varasjóð hins almenna veðlánakerfis, jafnóðum sem þær eru greiddar. En reglurnar, þ. e. a. s. þær siðferðislegu reglur um, hvernig skyldi úthluta lánunum úr lánasjóði smáíbúða, eru ekki yfirteknar í frv. ríkisstj., og það, sem ég geri með minni brtt., er að taka þessi fyrirmæli um, hverjir skuli sitja fyrir lánunum, og færa úr núgildandi lögum, þar sem þau eru í kaflanum um lánadeild smáíbúða, og inn í þetta frv. ríkisstj. á þann stað, sem ég ætla þeim. Fyrst hæstv. ríkisstj. og núverandi stjórnarflokkar álitu, að þeir þyrftu, þegar þeir settu lögin um smáíbúðirnar, að mæla svo fyrir, að barnafjölskyldur, ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar, og fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, en verður ekki aðnjótandi hjálpar eftir III. kaflanum, ættu að setja fyrir um lánin úr smáíbúðadeildinni, þá virðist vera sjálfsagt, að þetta fólk eigi líka að sitja fyrir þessum lánum úr veðdeildinni, en þetta er fellt niður hjá ríkisstj. Þessi siðferðislegu fyrirmæli, sem bundin voru í lögunum um smáíbúðirnar, eru gerð að tómu pappírsgagni með því að láta þau vera þar. Ég mundi gera þau lifandi áfram með því að setja þau inn í þann kafla, sem ríkisstjórnarfrv. hlyti í mínum brtt., og ég vil leyfa mér að vonast til þess, að þetta geti hæstv. ríkisstj. fallizt á, ef það er ekki beinlínis meiningin hjá henni að sleppa því réttlæti, sem hún sjálf áleit nauðsynlegt að setja í lög í sambandi við lagafyrirmælin um smáíbúðirnar. Ef hún álítur bókstaflega ekki, að það eigi nú að taka upp tómt handahóf í þessum hlutum og kannske meira eða minna pólitíska hlutdrægni, þá finnst mér, að hún eigi að geta fallizt á að láta hennar eigin gömlu lagafyrirmæli um smáíbúðirnar gilda um hennar nýju lög. Þess vegna vil ég alveg sérstaklega vonast til þess, að menn geti orðið við því að samþykkja 8. till. í mínum brtt.

Síðan legg ég til, að 8. gr. í núverandi frv. stjórnarinnar sé felld niður. Og hvað snertir 9. gr. og það, sem þar er um alla leiðbeiningarstarfsemina, og líka það, sem er í sambandi við 2. gr., þá legg ég undir veðdeild Landsbankans að vinna að þessu. Það er ekki nema eðlilegt, á sama hátt og við skulum segja teiknistofa Búnaðarbankans vinnur að slíku fyrir sveitirnar, að veðdeild Landsbankans fari að vinna að þessu fyrir fólk almennt í bæjunum, þegar sú veðdeild á annað borð á að verða aftur eitthvað meira en nafnið tómt. Ég held líka, að það sé sannarlega gott að fá henni það verkefni í hendur.

Nú hef ég tekið eftir því, að hv. 1. landsk. og tveir aðrir hv. þm. með honum hafa gert þá brtt. við frv. ríkisstj., að í staðinn fyrir að húsnæðismálastjórn annist um þessa hluti, þá geri Iðnaðarmálastofnunin það. Það er að vísu atriði, sem kæmi til greina líka, en mér finnst það liggja ákaflega nærri, á sama hátt og okkur hefur þótt rétt að hafa teiknistofu fyrir landbúnaðinn í sambandi við lánin til íbúðarhúsabygginga í sveitum, að við höfum slíka teiknistofu og slíkar ráðleggingar í sambandi við sjálfa veðdeild Landsbankans. Ég er satt að segja stundum dálítið hræddur við það, hvað mikið af ríkisstofnunum er sett upp á hinum ýmsu sviðum, sem svo að segja — ég vil kannske ekki nota orðið keppa hvor við aðra, en a. m. k. eru þannig inni á verksviði hvor annarrar, að hreinasta ringulreið hlýzt af. A. m. k. við sósíalistar erum vanir að tala þannig um ríkisbúskap, að hann eigi þó að vera til þess að skipuleggja vissa hluti, þegar allt sé í glundroða hjá einstaklingunum. En það er nú svo hjá okkur með ríkisbúskapinn á Íslandi, að það virðist stundum vera full ástæða til þess að fara að skipuleggja hann, enda er nú komið svo, að eitt af aðalverkefnum einnar nýrrar nefndar, sem nú var ákveðið að flytja till. um á Alþ., var bókstaflega að samræma starfsemi ákveðinna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana, m. a. rannsóknarstofnana, þannig að það væru ekki margar ríkisrannsóknarstofnanir á sömu sviðunum, sem væru að rannsaka það sama, jafnvel kannske á einn eða annan hátt að keppa hver við aðra og ef til vill líka þá að þvælast hver fyrir annarri.

Ég held þess vegna, að við ættum að fara að gera þetta einfaldara en þarna er gert ráð fyrir. Veðdeild Landsbankans var sá aðili, sem upphaflega átti að sjá um að lána til íbúðarhúsabygginga á Íslandi, og mér finnst ákaflega eðlilegt að reyna að láta þessa veðdeild sjá um að vinna þetta verk líka, að hafa þarna ýmsar leiðbeiningar með höndum. Meginið af því, sem horfir til framfara í frv. hæstv. ríkisstj. og hún ætlar húsnæðismálastjórninni að beita sér fyrir, hef ég sett þarna yfir á veðdeildina, líka t. d. að beita sér fyrir því, að innlánsstofnanir komi á samningsbundnum sparnaði til íbúðabygginga eða kaupa á íbúðum. Það virðist satt að segja ekki liggja nær neinum öðrum en Landsbankanum og þá kannske sparisjóðunum í samstarfi við hann að reyna að beita sér fyrir því og gefa mönnum sem hagkvæmasta aðstöðu til þess að geta sparað og safnað til þess að byggja sér íbúð.

Þá held ég að ég geti látið útrætt um IV. kaflann í mínum brtt., sem er allt það úr frv. ríkisstj., sem horfir til framfara. En þó er ein breyting, sem ég á eftir að minnast á, og það er, að þegar ég ræði um lánin, þá geri ég í staðinn fyrir 7% ársvexti ráð fyrir 4% ársvöxtum. Það er ekki heldur neitt sérstaklega róttækt í sambandi við lán til íbúðabygginga að leggja til að hafa 4% ársvexti. Það eru vextir, sem lengst af, það sem af er öldinni, hafa þótt eðlilegir með þá hluti, og löngum, þegar átti að gera sérstakar ráðstafanir, eins og viðvíkjandi byggingu fyrir verkamenn og bændur, þá voru vextirnir settir niður í 2 og 2½%. Það er engin ástæða og er alveg forkastanlegt að láta undan þeim þrýstingi, sem nú er á peningamarkaðinum, og fara að færa vextina af lánum til íbúðabygginga upp í 7%. Ef látið er undan þessum brasktilhneigingum, sem eru að heltaka þjóðfélagið í kringum okkur, og ef farið er að gera það að atriði í löggjöf að setja vextina til íbúðabygginga upp í 7%, þá er verið að skapa slíka drepandi aðstöðu hvað snertir húsnæðið í framtíðinni og þá húsaleigu, sem menn verða að borga, hvort sem menn búa í eigin húsnæði eða ekki, að það kemur til með að verða einn aðalþátturinn í því að stórauka alla dýrtíð og skapa þess vegna harðari og harðari kaupdeilur. Það hefur aldrei gerzt á þessari öld, frá því að við fórum að hafa með það að gera á Alþingi að skipta okkur af vöxtum og ráða þeim að einhverju leyti hjá ríkisstofnunum, að það væri látið á þann hátt undan þrýstingnum á peningamarkaðinum sem nú er verið að gera. Það hafa verið háir vextir hér á Íslandi oft, það hafa verið vextir, sem hafa farið upp í 9 og 9½%, eins og ég hef minnzt áður á, og það meira að segja vextir í sambandi við togaraútgerðina og annað slíkt. En á þeim tímum hélzt það í lögum, að vextirnir af byggingunum til verkamannabústaðanna og fyrir byggingarsjóð sveitanna væru ekki nema 2%. Það er eðlilegur hlutur, að bæði verkamenn og bændur standi á móti því, að vextirnir séu hækkaðir á þennan gífurlega hátt, sem nú er gert. En svo framarlega sem það væri einhver heil brú í hugsunarhætti atvinnurekenda hér á Íslandi, þá mundu þeir beita sér á móti þessu líka, vegna þess að húsnæðið er samkvæmt reynslunni hér venjulega upp undir þriðjungurinn af því, sem verkamaður verður að borga til þess að geta lifað. Og það, hvað húsnæðið er dýrt, markast fyrst og fremst af því, hve vextirnir til íbúðabygginga eru háir. Með því að setja vextina 7% er þess vegna verið að skapa hér dýrtíð í landinu, gera okkar atvinnuvegum erfiðara fyrir að keppa erlendis og knýja þannig á um bæði kauphækkanir og aðrar þær ráðstafanir, sem ríkissjóður verður að gera til þess að borga niður dýrtíðina í landinu. Hækkunin hjá ríkisstjórninni á vöxtunum til íbúðarhúsabygginganna er með hennar vitlausustu framkvæmdum og sýnir betur en flest annað, hvílík hringavitleysa öll hennar fjármálastefna er, enda upprunnin og fyrirskipuð hvað þessa vaxtahækkun snertir af þeim mönnum, sem hafa haft yfirumsjónina með okkar fjármálum frá því að Marshalllánin fengust. Með því að taka erlendis lán, sem verður að greiða 5% vexti af, hefur ríkisstj. svo að segja

bundið sig á þann klafa að hækka alla vextina hér innanlands. Hún þurfti þessa að vísu ekki hvað einn hlut snerti, hún þurfti ekki að gera þetta hvað mótvirðissjóðinn snerti. Þar gat hún ráðið vöxtunum sjálf. En henni var sagt það, eins og stendur að lesa í bók dr. Benjamíns Eirikssonar, sem fylgdi með gengislækkunarfrv., að það væri svo til ætlazt af gefendunum, að vextirnir úr mótvirðissjóði yrðu hafðir það háir, að þeir yrðu til þess að hækka yfirleitt vextina í landinu, og nú er þetta að koma fram, afleiðingarnar af þessari vitlausu pólitík. Og þeir eru aðeins eitt þáttur og táknrænn fyrir þá stefnu að gera peningunum og eigendum þeirra í hvívetna nógu hátt undir höfði, en taka ekkert tillit til þarfa mannanna, að heimta það, að af íbúðunum og lánunum til þeirra séu borgaðir 7% vextir, en leggja þeim mönnum, sem í íbúðunum eiga að búa, óbærilegar byrðar á herðar. Þess vegna er mín till. um að breyta í 4% þeim vöxtum, sem hæstv. ríkisstj. leggur til í sinu frv. að séu 7%, ein höfuðbreytingin á frv. ríkisstj. hjá mér, en um leið er þessi till. um 4% í þessu efni raunverulega aðeins um að færa aftur í gildi það, sem einu sinni gilti um vaxtakjör af lánum úr veðdeildinni.

Þá er næst till. mín um V. kaflann í þessum lagabálki, um lánadeild smáíbúðarhúsa. Um það vildi ég gjarnan fá skýringu frá hv. frsm. málsins, hvort það er ekki rétt skilið hjá mér, að með þessu frv. ríkisstj. sé ætlazt til þess, að lánadeild smáíbúðarhúsa hætti sinni starfsemi og það sé hætt með þessi lágu lán, sem voru veitt samkvæmt henni. Mér skilst það eiginlega alveg ótvírætt liggja í 4. gr. stjórnarfrv., b-liðnum, þar sem ákveðið er, að eignir lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið hennar skuldir, skuli renna í varasjóð hins almenna veðlánakerfis. (Gripið fram í.) Ég skil alveg tilgang ríkisstj. með þessu, og hann er á vissan hátt lofsverður. Hún lítur svo á, að það sé of lítið, sem lánadeild smáíbúðarhúsanna veitir, þessar 20—30 þús. kr. og þar í kring, og þar sem þau lán, sem á að lána úr veðdeildinni eftir frv. ríkisstj., eiga að verða miklu hærri, eða allt að 40 þús. kr. og þar yfir, þá sé það svo stór endurbót, að það sé ekki nema eðlilegt.

En það er eitt í þessu, sem ég vildi þó benda á og hef gert þarna brtt. um. Jafnhliða því, sem þetta veðlánakerfi nú kemst á, og ég gerði till. þarna um, að það væri ofur lítið hærra en miðað er við hjá ríkisstj., þá held ég, að það verði samt allmargir, sem ekki komast að í þessu veðlánakerfi. Ég er því miður hræddur um það. Ég er því miður hræddur um, að þrátt fyrir þá aukningu á útlánunum, sem á með þessu að tryggja og er það lofsverða í sambandi við lög ríkisstj., þá verði samt margir settir hjá. Þess vegna legg ég þarna til, að lánadeild smáíbúðarhúsanna — og lögin um hana standa hvort sem er líka áfram eftir till. ríkisstj. — fái að starfa næstu 5 ár, fái sem sagt að starfa og fái þarna ofur lítið framlag á ári, 2 millj. kr., þannig að þó að lánin úr henni séu ekki stór, þá haldi þetta samt áfram. Ég held áreiðanlega, að það gæti orðið mörgum til hjálpar. Hins vegar er alveg rétt stefna í heild með því að koma veðlánakerfinu í sæmilegt horf að láta þessa lánadeild smáíbúðarhúsanna smám saman hverfa úr sögunni.

Þetta er sú eina brtt., sem ég annars geri á sjálfum lögunum.

VI. kaflinn hjá mér er að mestu leyti sá sami og er í núverandi lagabálki um aðstoð við byggingu íbúðarhúsa. Það er aðeins upphafið, sem er öðruvísi, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkrum vörum sé frjáls. Ég álít, að ef við á annað borð þykjumst hafa efni á að hafa frjálsa verzlun um nokkkra hluti, þá eigum við að leyfa byggingarefninu að koma þar undir; þá eigum við að leyfa að flytja inn byggingarefnið og sjá um, að það sé nægilegt flutt inn af því. Á hvern hátt ríkisstj. framkvæmir slíkt, því ræður hún. Það, sem ég á við með að gera frjálst, er, að menn geti fengið nægilegt af þessu byggingarefni, bankarnir taki að sér að sjá um, að við eigum gjaldeyri til þess. Við vitum, að það útlenda efni í byggingar á Íslandi er ekki meira, ef reiknað er með verði þess f. o. b. erlendis, en 15—20% af andvirði íbúðar. Á meðan okkar fólk er til í að vinna eins og það vinnur við að koma upp íbúðum, vinna þannig, að það eru, hvenær sem fólkið fær að verða frjálst að því að byggja, raunverulega unnin stórkostleg afrek í því að byggja íbúðarhús, það er byggt mikið, jafnvel í eftirvinnu hjá fólki, sem vinnur á daginn, jafnvel í vinnu á helgidögum, vinnu í sumarleyfum, fólk brælar sér þannig út við að byggja íbúðarhús og það íbúðarhús, sem það er ekki bara að byggja fyrir sjálft sig í augnablikinu, heldur eiga að notast fyrir margar næstu kynslóðir, þá er það þó eitt það minnsta, sem það opinbera getur gert, að leyfa og sjá svo um, að nægilegt byggingarefni sé til, á meðan það opinbera á annað borð þykist fært um að leyfa, að á nokkrum hlut sé frjáls innflutningur. Þegar rætt er um hér í þinginu og fluttar hér meira að segja af heilum nefndum till. um að gefa frjálsan innflutning á bílum og bílamergðin samt þannig fyrir, að manni blöskrar að sjá alla þá nýtízku lúxusbíla, sem flækjast eftir götunum hér í Reykjavík, þá finnst mér það næstum því hart, að það skuli þurfa að vera að tala um, að það sé eðlilegt, að innflutningur á byggingarefni sé það mikill og það frjáls, að hver maður geti verið öruggur með að geta fengið að kaupa byggingarefni. Jafnframt er í þessum tillögum mínum, og þó að miklu leyti er þetta nú svipað því, sem fyrir er, að svo framarlega sem innflutningur sé takmarkaður á öllum vörum, þá sé hann þannig takmarkaður á byggingarefninu, að sá félagsskapur, sem menn mynda um innflutning byggingarefnis, þeir sem sjálfir eru að byggja, fái fyrst og fremst innflutningsleyfi. Sem stendur vitum við að ástandið er þannig, að hæstv. ríkisstj. úthlutar raunverulega einkaleyfi til þriggja innflytjenda um innflutninginn á aðalbyggingarefni, og meðal þeirra innflytjenda eru ekki nein af þeim samtökum, sem þeir menn hafa myndað, sem eru að reyna að koma sér upp húsum sameiginlega. Það eru aðeins tveir heildsalar og svo SÍS, sem fá þennan innflutning. Ég held, að það væri þörf á að gera þarna verulegar breytingar. Þegar ríkisstjórn á annað borð hefur með innflutning á byggingar-

efni að gera, þá þarf hún að sjá um, að álagningin á byggingarefnið sé svo að segja aðeins rétt fyrir kostnaði. Það á ekki að vera gróðafyrirtæki að selja mönnum byggingarvöru, þegar menn eru að vinna fyrir framtíðina eins mikið og sjálfa sig og eru að bæta úr eins brýnni þörf og hér er hjá okkur á því, að byggt sé. Yfirleitt er það stefnan, sem skilur í afstöðunni til íbúðarhúsabygginga milli okkar og hæstv. ríkisstj., að hæstv. ríkisstj. vill gera þá starfsemi að byggja íbúðarhús undirorpna öllum gróðaþorstanum í þjóðfélaginu, öllum gróðaþorsta auðmannastéttarinnar, og gera þannig húsbyggingarnar að féþúfu, bæði fyrir eigendur peninganna með háum vöxtum og fyrir þá, sem flytja inn byggingarefnið og græða á því. Þessa hluti þarf að afnema. Það þarf að koma því aftur í það horf, sem eitt sinn var, að starfsemin að því að byggja íbúðir yfir fólkið væri starfsemi, sem ekki væri hægt að græða á, það væri ekki hægt að græða á því að lána peninga til sliks, að ríkið sæi um, að fyrir það fé, sem veitt væri til slíkra hluta af þjóðfélaginu, væru það lágir vextir, frá 2% upp í 4%, að það væri ekki gróðavegur, m. ö. o., ríkið beitti sjálft því valdi, sem það hefur á fjármálasviðinu, bæði með seðlaútgáfunni og öðru, til þess að tryggja, að menn gætu fengið lán með þetta lágum vöxtum til íbúðarhúsabygginga, og eins hitt, hvað snertir innflutning byggingarefnis, að ríkið skipti sér af þessu á þann hátt, að það tryggði, að það væri ekki verið að gera þann innflutning að féþúfu fyrir nokkra einstaklinga, sem ríkisstj. hefði velþóknun á, væri tekið inn í svo að segja helmingaskiptafélag ríkisstj., heldur væri reynt að sjá til þess, að þeir aðilar, sem væru að byggja, samtökin, sem þar stæðu að, gætu sjálf skipulagt með sér félagsskap um innkaup á þessu og gætu sjálf fengið þannig innflutninginn á byggingarefninu í sínar hendur.

Þetta er sá stóri stefnuágreiningur, sem er í sambandi við afgreiðsluna á frv. ríkisstj.: Á að gera byggingu íbúðarhúsa undirorpna þeim lögmálum gróðans, sem ríkja í því frjálsa viðskiptalífi, eða á að setja sérstaka löggjöf um íbúðarhúsabyggingarnar, eins og alltaf hefur verið leitazt við að gera á þessari öld, með lögunum um verkamannabústaði, með lögunum um byggingarsjóð sveitanna, með lögunum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og undanskilja þá starfsemi að byggja íbúðarhús þeim almennu lögmálum viðskiptalífsins, skapa þar aðra vexti, aðrar aðstæður en þær, sem ríkja í því frjálsa viðskiptalífi? Spurningin er þetta m. ö. o.: Á auðvaldið og þess viðleitni til að gera allt sér undirorpið til gróða, gera sér allt að féþúfu, að fá að ríkja á sviði íbúðarhúsabygginganna skefjalaust og ótakmarkað, eða ætlar Alþingi og ríkið að grípa þarna inn í og gera þá starfsemi að byggja íbúðarhús að véi, þar sem þessi gróðalöngun og gróðaþorsti fær ekki að drottna? Þetta er það, sem skilur á milli þeirra brtt., sem ég hér flyt, og stefnunnar í frv. ríkisstj.

Þess vegna tók ég þetta ráð, að taka saman í eitt í mínu frv. alla þá endurbótalöggjöf, sem samþykkt hefur verið frá upphafi vega í þessum efnum á Íslandi, sem sé setja ekkert annað þarna inn í en það, sem fyrir 20—30 árum hefur verið lög á Íslandi. Það er ekkert annað í mínum brtt., aðeins það ákvæði að taka upp aftur það, sem fellt hefur verið niður, m. ö. o. að reyna að halda í það bezta, sem samþ. hefur verið í okkar húsnæðismálalöggjöf, og láta ekki þurrka það út, skapa það á ný inn í löggjöfina, ef það hefur verið þurrkað út. Þess vegna mætist raunverulega í afstöðunni til minna brtt. annars vegar og ríkisstjórnarfrv. hins vegar spurningin um það: Eigum við með afgreiðslu húsnæðismálanna hér á Alþingi að reyna að standa á tindi þess bezta, sem Alþingi hefur áður afrekað í sinni löggjöf um húsnæðismál, eða eigum við að gefast upp fyrir þrýstingi gróðalýðsins og gera húnæðismálastarfsemina undirorpna gróðaþorsta hans, með öllum þeim afleiðingum, sem það kemur til með að hafa fyrir framtíðina með hækkandi húsaleigu og versnandi dýrtíð? Þess vegna vil ég nú leyfa mér að vona, að hv. þm. geti fallizt á að samþykkja mínar brtt., halda þar með öllu því, sem til framfara er í frv. hæstv. ríkisstj., en endurnýja þau gömlu ákvæði, sem voru í sambandi við húsnæðislöggjöfina að öðru leyti, og sjá þannig um, að Alþingi hafi engu glatað af því bezta, sem það áður hefur sett í lög til þess að bæta úr eða hjálpa fólkinu í viðleitni þess til að leysa erfiðasta vandamálið okkar, byggingu á mannsæmandi íbúðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 614,1.a felld með 18:8 atkv.
— 614,1.b—m felldar með 17:8 atkv.
— 614,1.m—aa teknar aftur.
— 614,1.bb—mm felldar með 18:8 atkv.
— 614,2 felld með 20:8 atkv.
— 648,1 felld með 20:8 atkv.
— 614,3 felld með 18:4 atkv.
— 648,2 felld með 19:8 atkv.
— 632 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 614,4 felld með 17:7 atkv.
— 648,3—4 teknar aftur.
— 614,5 felld með 18:7 atkv.
— 614,6 felld með 20:8 atkv.
— 614,7 felld með 17:8 atkv.
— 638,1 felld með 18:9 atkv.
— 614,8 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞG, HV, KGuðj, LJós, GMM, BergS, EOl, GilsG, GJóh.

**nei:** JPálm, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÅ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, HelgJ, SB.

GGísl, GíslG, KS, HÁ greiddu ekki atkv.

4 þm. (JóhH, EggÞ, EmJ, IngJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þar sem þessi brtt. orðrétt eins og hún er þarna stendur í núverandi og núgildandi lögum, sem sett eru af þessari hæstv. ríkisstj. um útlán viðvíkjandi smáíbúðum, þá þykir mér sjálfsagt, að sú regla,

sem þar á að gilda, en sá kafli fellur nú raunverulega úr gildi, sé látin gilda um þessi veðlán, ef það er ekki meiningin að hverfa frá þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. sjálf lýsti yfir í sambandi við setningu laganna um smáíbúðir, og taka upp beina pólitíska hlutdrægni í lánaveitingum. Þess vegna segi ég já við þessari breytingartillögu.

**Sigurður Bjarnason:** Þessari reglu, sem brtt. á að lögfesta, hefur verið fylgt við úthlutun smáíbúðalána undanfarið. Í trausti þess, að henni verði fylgt, og ekkert hefur komið fram um annað en að það sé ætlunin, að henni verði fylgt í framtíðinni, þá segi ég nei.

Brtt. 638,2 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GMM, BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.
nei: ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JPálm, GGísl, JR, JörB, KJJ, MJ, SB.
2 þm. (EmJ, JóhH) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Þar eð það kemur fram í grg. þessa frv., að byggingarsjóði sveitanna hefur verið tryggð ákveðin fjárupphæð af því fé, sem frv. fjallar um, og fjárupphæðin meira að segja nefnd í grg., tel ég óverjandi að afgreiða þetta frv. öðruvísi en þannig, að byggingarsjóði verkamanna verði tryggð a. m. k. jafnhá upphæð, og segi þess vegna já.

Brtt. 614,9 felld með 18:9 atkv.
-- 648,5 felld með 18:10 atkv.
— 648,6—9 teknar aftur.
— 614,10 felld með 16:9 atkv.
— 637 felld með 17:10 atkv.
— 614,11 felld með 19:10 atkv.
— 614,12 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 654).

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 654 um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða hefur þegar gengið í gegnum hv. Nd. og var afgreitt þaðan með tiltölulega mjög litlum breytingum frá því það fyrst var fram borið sem stjórnarfrumvarp í þeirri deild.

Ég skal taka það fram, að að þessu frv. stendur ríkisstj. öll. Hún vann að undirbúningi málsins og stendur því ábyrg gagnvart Alþ. að því er frv. varðar.

Það fylgir frv. allýtarleg grg., eins og það var í fyrstu fram borið á þskj. 522, og af þeirri ástæðu er það, að ég tel nú ekki þörf á mjög langri framsögu um þetta mál, en tel þó eðlilegt að segja hér nokkur orð um frv. við 1. umr. í hv. Ed.

Það mun nú ekki orka tvímælis, að eitt af því erfiðasta, sem við Íslendingar höfum við að stríða, er að koma upp góðum íbúðum yfir íbúa landsins. Þetta er náttúrlega í flestum þjóðfélögum svo, en er þó allmjög mismunandi, og flestar ástæður eru þannig hér á landi, að íbúðir hjá okkur hljóta að verða mjög dýrar, mjög kostnaðarsamar, sem stafar af ýmsu, sumpart af loftslagi, sem er fremur kalt og mjög rakt og umhleypingasamt, og þar sem slíkt loftslag er, þar geta byggingar stundum enzt illa, a. m. k. úr óvaranlegu efni, og verða að vera vandaðar, ef þær eiga að geta þolað slíka veðráttu til lengdar. En það, sem þó kannske er enn erfiðara, er það, að hér innanlands hefur í raun og veru ekki verið um neitt byggingarefni að ræða nema torfið og grjótið, sem við höfum notað í veggi á okkar húsum allt frá landnámi og fram að síðustu aldamótum. Þó að ýmislegt gott megi kannske segja um það byggingarefni að vissu leyti og dálítið vafamál, hvort ekki mætti nota það eitthvað meira en við gerum, jafnvel nú á þeirri öld framfara, sem er, þá er það víst, að eins og það hefur verið notað á undanförnum öldum, hafa það verið mjög ófullkomnar byggingar, sem á þann hátt hafa verið gerðar, lélegar og umfram allt endingarlitlar, svo að hver kynslóð varð að byggja yfir sig.

Það er því ekki undarlegt, þó að þess gæti mjög í löggjöf okkar Íslendinga á síðustu áratugum að reyna með félagslegum aðgerðum ýmsum að koma á móti almenningi um það að koma upp sæmilega góðum íbúðum, sem yrðu þó ekki ofviða hvað kostnað snerti, enda er það svo, að á síðustu 20 árum hefur verið sett hér margvísleg löggjöf varðandi aðstoð við byggingar húsa, bæði íbúðarhúsa og annarra húsa, bæði í sveit og við sjó.

Þetta hefur náttúrlega, eins og gefur að skilja, þar sem um frumsmíð var að ræða, tekizt misjafnlega á ýmsan hátt, en þó mun ekki um það deilt nú, að einmitt slíkar félagslegar ráðstafanir, sem settar eru með löggjöf og notaðar eru á þann hátt, hafa orðið til mjög mikilla hagsbóta fyrir okkur í þessum efnum, enda má fullyrða það, að á síðustu þrjátíu árunum hefur verið unnið algert stórvirki hér hjá okkur í byggingarmálum, jafnt í þéttbýli við sjóinn, þar sem stór kauptún og kaupstaðir hafa verið byggð upp frá grunni, en einnig í sveitunum, þar sem unnið hefur verið geysimikið að því að byggja hús úr varanlegu efni, upp á síðkastið nær eingöngu úr steinsteypu, í stað torfbæjanna og torfútihúsanna, sem áður voru.

Þetta voru aðeins almennar hugleiðingar, en kemur ekki beint við því frv., sem hér liggur fyrir, nema styður það, sem oft hefur verið sagt áður, hver þörf er alltaf að vera á verði um að gera eitthvað til þess að létta undir í þessum efnum.

En segja má, að það, sem hrundið hefur þessu frv. af stað, er það ákvæði í málefnasamningi þeim, sem núverandi ríkisstj. gerði, þegar hún kom að starfi í september 1953, fyrir rúmu hálfu öðru ári, að einn liður í starfssamningi ríkis-

stjórnarinnar hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.“

Þarna var í sjálfu sér lofað allmiklu, og það er náttúrlega alltaf hægt að deila um það, að hve miklu leyti fullnægt sé loforðum eins og þessu. En þessu ákvæði hefur nú ríkisstj. fullnægt á þann hátt, að fyrir s. l. ár, 1954, samdi hún um það við bankastofnanir landsins, — það var nú Landsbankinn, sem lagði það fé fram að miklu leyti, — að 20 millj. kr. yrðu lagðar í íbúðarhúsabyggingar í þéttbýlinu, og var það framhald af því, sem fyrrverandi ríkisstj. hafði gert um að koma af stað hinni svonefndu smábýladeild, þar sem lánuð var að vísu tiltölulega lág upphæð, 30 þús. kr., út á 2. veðrétt í íbúð, smáíbúð, en 1. veðréttur var þá laus, og gat þá sá, sem byggði, eftir því sem hann gat fengið lán, notað hann að ákveðnu hámarki.

Þetta hafði komið að góðu gagni, það er ekki nokkur vafi á því, þar sem á árunum 1952—54 höfðu samtals verið byggðar um 1600—1700 íbúðir samkvæmt löggjöfinni um smáíbúðalánin. Og það má segja, að þessar íbúðir hafi því nær skipzt jafnt á Reykjavík og landið utan Reykjavíkur.

Þetta voru 40 millj. kr., sem á þessum þremur árum höfðu til þess gengið, og hefur komið að mjög góðu gagni, þrátt fyrir það að ýmis gagnrýni hafi komið fram á þá starfsemi, eins og alltaf má við búast. En þó munu held ég allir sammála um það, að sem heild hafi þetta orðið til þess að stuðla að því, að fjölmennur hópur fólks, sem áður hafði eiginlega enga möguleika til þess að byggja yfir sig, hefur gert það og komið upp tiltölulega ódýrum íbúðum vegna þess, hve margir hafa sjálfir lagt fram eigin vinnu í þetta og sumir í mjög stórum stíl, svo að það er jafnvel undravert, hvað íbúðirnar hafa orðið ódýrar, samanborið við þá dýrtíð, sem hér er nú í þeim efnum. — Þetta taldi ég rétt að nefna í þessu sambandi.

En ríkisstj. var ljóst, að það var ekki til frambúðar að undirbyggja þessa starfsemi á þann hátt, sem gert hafði verið með árlegum samningum við peningastofnanirnar, fyrst og fremst Landsbankann, um að leggja fram nokkra upphæð á ári, heldur yrði að taka þetta mál fastari tökum og — eins og segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. — reyna að leggja grundvöll að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. Það var á þessum grundvelli, sem n. var skipuð af ríkisstj. á s. l. vori, 5 manna n., og formaður hennar var Benjamín Eiríksson bankastjóri. Auk þess voru skipaðir í n. Björn Björnsson hagfræðingur, Hannes Jónsson félagsfræðingur, Hilmar Stefánsson bankastjóri og Jóhann Hafstein bankastjóri.

Þessi n. vann að undirbúningi þessa frv. s. l. sumar að meira eða minna leyti, safnaði upplýsingum úr ýmsum löndum í sambandi við starf sitt og skilaði ríkisstj. s. l. haust lauslegu — getum við sagt — bráðabirgðaáliti um þær upplýsingar, sem hún hafði aflað sér, bæði innanlands og utan, og jafnframt nokkrum drögum að því, hvernig löggjöf hún hafði hugsað sér um þetta mál.

En á sama tíma var það, að ríkisstj. tók upp samninga við Landsbankann um að starfa með n. að þessum málum og leitaðist jafnframt við að ná samkomulagi við bankann um það, að hann hefði forgöngu um þær fjárútveganir, sem yrðu að nást, ef nokkuð ætti úr þessu að verða. Þetta varð til þess, að það komu tveir fulltrúar Landsbankans í n. um áramótin síðustu, þeir Gunnar Viðar bankastjóri og Jóhannes Nordal hagfræðingur Landsbankans. Það var því þessi 7 manna nefnd, sem síðan starfaði áfram og skilaði till. til ríkisstj. í frv.-formi að nokkru leyti og að nokkru leyti í sérstökum álitum, og með nokkrum breytingum, sem á því frv. voru gerðar, var svo komið að því frv., sem lagt var fyrir hv. Nd. nú fyrir skömmu, því að það hafði farið langur tími í allt þetta vafstur.

Ég ætla ekki og sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja efni frv. að neinu verulegu leyti. Það liggur sjálft fyrir og ýtarleg grg. um ýmis atriði í sambandi við það og komið þar inn á ýmsar athuganir, sem n. gerði á sínum tíma um þörf fyrir byggingar hér. Það má þó nefna það svona fljótlega, að niðurstöðurnar urðu þær, að árlega yrði að byggja hér í kringum 900 íbúðir í þéttbýli, og er þá gert ráð fyrir, að það sé ekki einungis um venjulegt viðhald að ræða, heldur beint að útrýma ýmsum lélegustu íbúðum hér, þannig að þær verði algerlega teknar úr notkun, eins og braggaíbúðirnar, sem eru aðallega hér í Reykjavík. En úti um land eru líka hliðstæðar íbúðir víða, engu betri, þó að ekki séu gerðar eða til komnar á þann hátt. Átti samkvæmt áliti n. nokkurn veginn að nægja, ef hægt væri að reisa í kringum 900 íbúðir árlega. Í meðförum málsins kom svo það, að inn í þetta voru einnig teknar byggingar í sveitum og byggingarsjóði sveitanna ætlað að geta fengið lán úr því sameiginlega fjármagni, sem fengist í gegnum það skipulag, sem hér er verið setja, og þar sem gera má ráð fyrir, að 150—200 íbúðir þurfi árlega að reisa í sveitunum, er það komið upp í 1000—1100 íbúðir alls á ári, sem þarf að reisa, ef viðunandi reisn væri í þessum málum, samkvæmt því, sem n. áætlaði.

Nú hefur verið byggt geysimikið síðustu árin, og eru hér nokkrar upplýsingar um það í þeim skýrslum, sem fengnar eru frá nefndinni. T. d. er talið, að um mitt s. l. ár, 30. júní 1954, hafi verið í byggingu um allt landið, bæði í kaupstöðum og sveitum, í kringum 2250 íbúðir á ýmsu stigi, allt frá því, að verið sé að gera grunninn, til þess að sé verið að ljúka við húsið. Það gengur nú, eins og við vitum, misjafnlega, einkum þegar fjármagnsskortur er. Tekur þá oft langan tíma og allt of langan tíma að ljúka byggingu, sem byrjað er á. En hvað sem því annars líður, þá sýnir þetta, hve byggingarstarfsemin í landinu er þó mikil á þessum árum, enda hefur enginn dregið í efa, að svo sé.

Það er því, held ég, alveg rétt, sem hér er skýrt frá og tekið upp úr áliti n., að það séu einkum 4 atriði, sem einkenna ástandið í byggingarmálunum, eins og þá var og eins og er enn, því að það er ekki það langt síðan. Það er í

fyrsta lagi, að talsverður húsnæðisskortur ríkir, í öðru lagi, að það er geysimikið húsnæði í byggingu, og er það stutt með þeim rökum, sem þegar hafa verið nefnd, í þriðja lagi, að mikið skipulagsleysi er ríkjandi í byggingariðnaðinum og í byggingarvöruverzluninni, þannig að sama og engin samhæfing á sér stað á byggingarefni og íbúðarhlutum, og oft tefjast framkvæmdir vegna þess, að byggingarvörur eru ekki til, þegar þeirra þarf með, og svo í fjórða lagi, að ekkert almennt veðlánakerfi er til, þannig að menn geti fengið hæfileg lán til að byggja íbúðir eða kaupa þær.

Ég held, að þetta sé rétt túlkað eins og það kemur hér fram um ástandið eins og það hefur verið.

Ég skal svo aðeins nefna í ósköp stórum dráttum, þremur eða fjórum atriðum — og koma lítið inn á hvert um sig, meginatriðin í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og tek ég þá efnin eins og þeim er raðað niður í frv.

Það er í fyrsta lagi, að hér er sett á stofn húsnæðismálastjórn, eins og hún er nefnd, og er samkvæmt því, sem nú er í frv., skipuð þremur mönnum. Annars skal ég geta þess, að það getur vel verið, að ríkisstj. muni áður en umr. lýkur athuga þetta atriði, og gæti kannske verið til álita, að einhverjar breytingar kæmu fram um skipan þessarar húsnæðismálastjórnar, en það verður þá rætt við þá n., sem fer með málið hér í hv. Ed., ef til þess kæmi. En þessari húsnæðismálastjórn er ætlað að hafa yfirstjórn þessara mála og þá sérstaklega að því er varðar ýmis skipulagsatriði, eins og talið er hér í 2. gr. frv. Er það að mínum dómi mjög mikilsvert, að þar verði einmitt gerðir ýmsir hlutir varðandi rannsókn byggingarefna, varðandi aðstoð með góða og hæfilega uppdrætti að húsum og margt og margt fleira, gera tilraunir með að „standardisera“ byggingarnar að einhverju leyti, a. m. k. hluta úr þeim, og geta fengið þær á þann hátt sem ódýrastar, eins og hurðir, glugga og margvíslegt annað, þó að ekki væri um það að ræða, að allar íbúðir eða öll hús væru í sama sniði nákvæmlega, og margt fleira getur þarna komið til greina, sem ég skal ekki koma inn á, en er allýtarlega lýst í grg. frv.

Annað meginatriðið, og má kannske kalla, að það sé meginatriðið í sjálfu sér, er að koma á fót almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands. Það er atriði, sem ríkisstj. tók sérstaklega upp í sambandi við undirbúning málsins, að semja við Landsbankann um að hafa forgöngu og yfirstjórn þessara mála. Í því sambandi vil ég vísa til bréfs Landsbankans, sem birt er í aths. við frv., þar sem hann lofar ákveðnum hlutum næstu 2 árin í sambandi við þetta mál. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa bréfið hér upp, þar sem það er prentað í nál., en í raun og veru er það þungamiðja þessa frv. að því leyti, að þar með er tryggt ákveðið lágmark í þessu skyni fyrstu 2 árin. Það var nú hvort tveggja, að Landsbankinn sá sér ekki fært að lofa lengra fram í tímann í bili, enda taldi ríkisstj., að það væri kannske ekki það þýðingarmesta nú að ákveða þetta um langt árabil, svo mjög sem óvissa ríkir í þeim málum, heldur að nú yrði tryggt, að allmikið fjármagn fengist til þessara hluta nú fyrstu 2 árin, og þá mundi koma í ljós reynsla um það, hvernig þessi starfsemi gengi. Vegna þess, hve nýtt þetta er hér á landi, leit ríkisstj. svo á, að ekki kæmi til greina að tryggja ekki einhverja lágmarksupphæð í þessum efnum nú, um leið og frv. var lagt fram, og teljum við, að með þessu bréfi Landsbankans sé því fullnægt næstu tvö árin, en að sjálfsögðu er það hugmynd ríkisstj. og ákveðin von um leið, að þetta reynist svo, að starfsemi þessi haldi áfram og sé þá hægt að auka hana að meira eða minna leyti, þegar þessi fyrsti próftími er úr sögunni, þessi tvö ár, sem hér er um að ræða.

Ég tel nú ekki ástæðu, held ég, á þessu stigi málsins að fara að ræða hér einstök atriði. Það er þá eðlilegra, að það komi aftur við 2. umr. málsins, þegar n. hefur farið í gegnum frv. og gert sínar athugasemdir um það. En það þarf í raun og veru ekki að taka fram, það er öllum hv. dm. kunnugt um það, að svo er til ætlazt af hálfu ríkisstj., að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og án þess að mér detti í hug að fara að reka neitt eftir þeirri n., hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta mál til umr., vildi ég þó mega mælast til þess, að meðferð frv. yrði hraðað, eftir því sem ástæður yrðu til, því að vonandi fer nú að líða að þeim tíma, að Alþ. geti lokið störfum að þessu sinni.

Ég skal svo ekki þreyta ykkur með lengri ræðu, en legg til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjhn.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Því er ekki að leyna, að velflestir alþm. og allur almenningur í þessu landi mun hafa beðið með allmikilli eftirvæntingu eftir því, að fram yrði lagt á Alþ. till. eða frv. frá hæstv. ríkisstj. varðandi húsnæðismálin eftir þá yfirlýsingu, sem var gefin af hæstv. ríkisstj. um það leyti, sem hún tók við völdum. Hinu er ekki heldur að neita, að ýmsir voru orðnir talsvert langeygðir, þótti biðin alllöng eftir því, að þessar till. kæmu fram, sem nú hafa verið lagðar hér fyrir hv. Alþ. Ég er því miður hræddur um, að ég verði einnig að bæta því við, að þessar till. hafi orðið miklum þorra landsmanna veruleg vonbrigði, þegar þær loksins sáu dagsins ljós.

Það er alveg fullkomlega rétt, sem hæstv. félmrh. (StgrSt) sagði í ræðu sinni áðan, að ástandið í húsnæðismálunum í landinu er þannig, að óhjákvæmilegt er að gera allstórtækar ráðstafanir, ef ekki á að vera áframhaldandi voði fyrir dyrum í þessum efnum, ef svo mætti segja. Það sannaði augljóslega sú ýtarlega grg., sem hæstv. ráðh. hefur látið fylgja þessu frv.

Ég vil líka taka það fram strax, að miðað við það ástand, sem er í þessum efnum í dag, þegar mikill þorri þeirra, sem eru að reyna að koma sér upp húsum, á í ekkert annað hús að venda en lán á svörtum markaði með þeim kjörum, sem þar eru algeng, ef þeir sjálfir hafa ekki því meiri fjárráð eða eru studdir af vina- eða kunningjafólki, er þó ofur lítið skref í áttina stigið til umbóta með þessu frv., sem hér er lagt fram. En ég get ekki annað en endurtekið það, sem ég fyrr sagði, að þeir, sem hafa búizt við ráð-

stöfunum af hálfu hæstv. ríkisstj., sem eru til verulegrar frambúðarúrbótar í þessu efni, hafa án efa orðið fyrir vonbrigðum, þegar þetta frv. var lagt fram.

Fyrst er nú það um frv. að segja, að það er í raun og veru ekki annað en tveggja ára áætlun í þessu efni og þó fullkomlega viðurkennt, að þessi tvö ár séu eiginlega ekki nema byrjun á þeim aðgerðum, sem þurfi að gera. Þetta veðlánakerfi, sem talað er um að byggja hér upp, stendur eða fellur eftir því, hvert fjármagn er þarna til umráða, en það er ekki nema tveggja ára áætlun fyrir hendi og ekki gert ráð fyrir meiri útgáfu bankavaxtabréfa, sem ég skal víkja að síðar, heldur en 200 millj. kr. eða tilsvarandi lánveitingum á annan hátt.

Það er því augljóst, að þetta er engin lausn á þessum vandræðum. Ég mundi vilja líta á þetta sem tilraun, tveggja ára tilraun, sem svo væri ætlunin að byggja á áfram.

Um einstök ákvæði frv. skal ég ekki vera fjölorður að þessu sinni. Ég heyrði á hæstv. ráðh., að hann gerði ráð fyrir, að málið yrði athugað vel í hv. fjhn., sem væntanlega fær það til athugunar, og mér skildist á honum, að hann væri fullkomlega til viðræðu um það, ef gerðar yrðu breytingar á frv., og það þótti mér vænt um að heyra.

Ég verð t. d. að segja um einstök atriði frv., að mér finnst seilzt um hurð til loku, ef á að stofna þessa húsnæðismálastjórn, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. og á fleiri stöðum, — tveggja manna húsnæðismálastjórn, útnefnda af hæstv. ríkisstj., sennilega einn úr hvorum flokki, og svo viðbótarmaður frá Landsbankanum, sem á ekki að taka þátt í lánveitingum. Þessi stjórn á svo að hafa yfirumsjón og hrinda í framkvæmd umbótum í byggingarmálum. Það er vissulega ærið starf, og þarf vel að velja og vanda til þeirra manna, sem eiga að koma því í framkvæmd, svo að það hrifi nú strax, um leið og þessar byggingar hefjast. Þriðji maðurinn, frá Landsbankanum, á ekki að sinna neitt lánveitingum, þannig að þeir væru aðeins tveir um að úthluta lánunum. Þó er gert ráð fyrir því, að þessi húsnæðismálastjórn skuli hafa samráð við ýmsa aðila, sem upp eru taldir í 2. gr., og er ekki nema gott um það að segja.

Ég verð að segja, að mér finnst þessir stjórnarhættir ákaflega bögglingslegir á allan hátt, og þykist ég þá viðhafa um það mjög snoturt orð eftir atvikum. Að því er lánveitingarnar snertir, finnst mér nú satt að segja, að jafnefnaðir og við nú erum af bönkum og bankastjórum, þá ætti að mega láta lánaúthlutunina og lánaafgreiðsluna vera hjá einhverjum af þeim stofnunum, sem fyrir eru, t. d. veðdeild Landsbankans eða einhverri annarri stofnun, ef hentara þætti. Að því er forstöðu í umbótum í byggingarmálum snertir, þá held ég, að við ættum að reyna að byggja á því, sem fyrir er, eins og reyndar í lánveitingunum sjálfum, þar sem er húsameistari ríkisins, Iðnaðarmálastofnunin, sem hefur þetta sérstaklega til athugunar, og fleiri mætti til taka, sem væru sjálfsagðir aðilar í þessu máli, enda skildist mér á hæstv. ráðh., að hann væri fullkomlega til viðræðu um að athuga, hvort ekki mætti finna heppilegra fyrirkomulag á stjórninni á þessum málum öllum, svo að ég skal ekki orðlengja um það.

Þetta frv. er samið af mjög fróðum mönnum og lærðum, og það er þannig úr garði gert, að það er engan veginn auðvelt að sjá, hvað mikið nýtt fé er ætlazt til að komi til byggingarframkvæmda, ef allt gengur eins og til er ætlazt. Það er mér, eftir að hafa lesið það nokkurn veginn sómasamlega, enn þá nokkur ráðgáta. Það segir að vísu, að veðdeildinni skuli heimilt að gefa út bankavaxtabréf á tveimur árum, allt að 200 millj. kr., sem á að vera stofninn í þessu veðlánakerfi, en ekki þó svo að skilja, að jafnan séu lánin greidd með þessum bréfum eða andvirði þeirra, heldur á að telja fé, sem kemur frá öðrum aðilum en t. d. veðdeildinni, með í þessu kerfi, þó að þau lán séu veitt eins og venjuleg skuldabréfalán á svipaðan hátt og verið hefur til þessa.

Ég hef verið að leitast við að gera mér grein fyrir því, hve mikið nýtt fé kæmi í raun og veru inn til byggingarframkvæmda, ef þetta frv. verður að l., umfram það, sem verið hefur, ef þær forsendur, sem það er byggt á, reynast réttar. Um þetta er nokkrar upplýsingar að finna í grg. á bls. 10, og eiginlega skilst mér á henni, að ekki sé um að ræða af nýju fé, sem hugsað er í þetta, nema rösklega 40 millj. kr. hvort árið, að viðbættum þeim 3 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram sem framlag til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þessar 40 millj. kr. skilst mér eigi að koma frá bönkunum, þ. e. a. s. Landsbankinn tryggir sölu bréfa fyrir þessa upphæð, þessar 44 millj. kr. Ég hef nú orðað þetta svo fallega, að þetta væri nýtt fé, og það mundi mega telja það það, ef bankarnir hefðu undanfarin ár gersamlega verið lokaðir fyrir byggingarlánum. Ég veit það vel, að það er talið, að svo hafi verið. Það hefur verið að minnsta kosti ógreitt um inngöngu fyrir þá, sem leitað hafa eftir slíkum lánum í bönkunum. En ég hygg, að það sé engin goðgá, þó að ég segi það, að stöku menn munu hafa átt þar innhlaup og þess ekki verið gætt svo grandgæfilega, að peningar, sem þar hafa verið lánaðir, hafi ekki gengið til byggingarlána, að ekki hafi flotið þar með nokkrar millj. kr. Frá þessum 40 eða 44 millj. kr. er því alveg óhætt að draga nokkrar millj. kr., sem bankarnir þrátt fyrir það, sem sagt hefur verið, hafa veitt til byggingarlána árlega undanfarin ár. (Gripið fram í.) Nei, en það er náttúrlega hætt við því, að þeir telji sig nú friða samvizkuna með því að fylla þetta upp. En ef fjárhagurinn er þannig, að bankinn geti veitt þetta til viðbótar, þá er það gott. En ég verð að segja, að af þessum 40 millj. kr. er áreiðanlega nokkur upphæð, ég skal ekki segja um hve há, sem áður hefur verið veitt og ég get vel hugsað að bankarnir telji sig síður þurfa að veita, eftir að þeir leggja þessar ákveðnu upphæðir fram til byggingarmálanna.

Verðbréfakaup opinberra tryggingarfélaga eru áætluð 4 millj. kr. Mér er ekki alveg til fulls kunnugt um, hverjir hlut eiga þarna að máli, en þykist þó renna nokkurn grun í, hvaðan meginhluti þessarar upphæðar eigi að koma. Það mun

vera rétt, að lítið af þessu fé, sem þarna er um að ræða, hefur verið veitt til íbúðabygginga, þó er það nokkuð. En það hefur þá verið veitt til annarra hluta, sem ríkisstj. hefur verið annt um, og mun þess vegna ekki geta vænzt þess að fá það fé til slíkrar starfsemi sem áður hefur verið studd á þennan hátt.

Útlán sparisjóða og aðrar slíkar lánveitingar eru áætlaðar 20 millj. kr., og mér er sagt, að það muni vera byggt á þeim upphæðum, sem bankarnir eða sparisjóðirnir undanfarið hafa lánað í þessu skyni og þar sé í raun og veru um enga viðbót að ræða.

Það sama er um þær 20 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að aflað sé hjá lífeyrissjóðum og öðrum slíkum stofnunum. Ég hygg, að ef þessi upphæð er fáanleg, sem ég hef nú miklar efasemdir um, þá muni undanfarin ár langmestur hluti af því fé hafa einmitt gengið til íbúðabygginga, þannig að þar sé um sáralitla eða enga viðbót að ræða.

Byggingarsjóður verkamanna breytist ekki.

Framlög bæjarsjóða, ef þau kæmu til viðbótar á móti framlagi ríkissjóðs til að útrýma heilsuspillandi íbúðum, yrðu þá 3 millj. kr.

Mér telst svo til, að það sé ákaflega ólíklegt, að nýtt fé til framkvæmda samkv. þessum l., þó að tryggð sé salan á þessum 200 millj. kr. í bankavaxtabréfum á tveimur árum, geti farið nokkuð fram úr 40 millj. kr., og þá er einhver hluti af því, sem yrði sjálfsagt til þess að draga úr öðrum lánum til svipaðra eða hliðstæðra framkvæmda.

Nú er ekki því að leyna, að eins og ástandið er, eins og ég sagði í upphafi míns máls, þá er þetta þó nokkur léttir frá því, sem verið hefur til þessa, þó að það sé gersamlega ófullnægjandi til að ná því marki, sem hæstv. ríkisstj. vill stefna að. Hæstv. ráðh. upplýsti t. d., að það þyrfti að byggja 1000—1100 íbúðir á ári til þess að bæta úr þeirri þörf, sem nú er alveg augljós og fyrir hendi, og sér þá hver maður, hversu skammt hrekkur það fé, sem hér er um að ræða, þó að við teljum allar 100 millj. kr., jafnvel þó að ýmsir geti nokkurt fé lagt fram úr eigin sjóði.

Ég vildi því telja, að það yrði annað atriðið í verkefni n. hér að rannsaka til fyllstu þrautar ásamt hæstv. ríkisstj., ef hún vill leggja þar hönd að, hvort ekki væri unnt að auka nokkuð við þetta fé, þ. e. a. s. tryggja meira viðbótarfé en gert er með þessu frv. til byggingarframkvæmdanna.

Um lánskjörin mun ég ræða síðar, en aðeins benda á það, að með þeim lánskjörum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er alveg augljóst, að það er ofvaxið getu alls þorra launastéttanna í landinu að eignast húsnæði með þessum kjörum. Ég sé að vísu, að gert er ráð fyrir því í grg., að það sé hægt að byggja íbúð nokkurn veginn við hæfi fyrir í kringum 150 þús. kr. Ég er alveg fullviss um það, að hér í Reykjavík a. m. k. er þetta ekki hægt, nema miklu stórfelldari árangur verði af starfi húsnæðismálastjórnar en ég leyfi mér að gera mér vonir um, þó að ég geri mér vonir um nokkurn árangur af því. Ég held, að það sé ómögulegt að koma upp slíkri íbúð sem hér er gert ráð fyrir í Reykjavík, eins og nú er, fyrir minna en 200 þús. kr. eða eitthvað yfir 200 þús. kr.

Ef við svo lítum á vextina eina, sem samkv. þessu frv. eru 7¼%, þá nemur vaxtagreiðslan ein af kostnaðarverði hússins, miðað við 200 þús. kr., milli 14 og 15 þús. kr. á ári, eða um 1200 kr. á mánuði, ef miðað er við, að af öllu kostnaðarverðinu, 200 þús. kr., séu reiknaðir þeir vextir, sem gert er ráð fyrir í frv.

Nú skal ég játa það, að ástæða er til að vona, að ýmsir gætu lagt einhvern hluta fram, mismunandi mikinn af kostnaðarverði hússins, og væri kannske ekki lífsnauðsyn að reikna af þeim vexti og sízt svona háa, en á móti því kemur, að hér er ekki reiknaður einn eyrir fyrir sköttum af eignunum, viðhaldi eða afborgunum af lánunum.

Ég fæ ekki betur séð en að greiðslurnar fyrir þessar íbúðir, mánaðarlegar greiðslur, hljóti að verða öllum þorra launastéttanna — láglaunafólks — gersamlega um megn, þannig að þessi almennu ákvæði frv. komi eingöngu að notum þeim hluta fólksins í landinu, sem hefur náð vissu tekju- og eignamarki, sem liggur hærra en hjá öllum þorra almennings í landinu. Þeir einir geta risið undir þessu, annaðhvort gegnum mánaðargreiðslur eða fyrir að þeir hafa safnað sér nokkru fé, sem þeir geta lagt í byggingarnar.

Þá kem ég að því, sem mér virðist í raun og veru höfuðeinkenni þessa frv. Höfundar þess loka gersamlega augunum fyrir því, sem hefur, að því er ég bezt veit, verið aðalatriðið í öllum opinberum byggingarframkvæmdum í nágrannalöndum okkar á síðustu árum, — því atriði, að það er nauðsynlegt að sjá þeim stéttum þjóðarinnar, sem við lágar tekjur búa, fyrir lánum með sérstökum kjörum til þess að eignast þak yfir höfuðið. Það er skylda hins opinbera að dreifa greiðslunum af þessum lánum á svo langan tíma sem fært þykir og að taka þátt í vaxtagreiðslum af þeim að einhverju leyti, til þess að kostnaður íbúðanna geti samsvarað þeim launakjörum, sem almenningur býr við. En fram hjá þessu meginatriði í byggingarlöggjöf annarra þjóða er gersamlega gengið í þessu frv. Íbúarnir eiga að greiða „kostnaðarverð“, svipað og sagt er í grg. Þeir eiga að lúta sömu lögum í fjárhagsmálum og aðrir borgarar þjóðfélagsins, borga það, sem það kostar, þegar búið er að leggja á það fulla vexti og skamman greiðslutíma.

Þetta frv., mundi ég segja, kemur að verulegum notum þeim mönnum í þjóðfélaginu, sem hafa yfir visst lágmark tekna og eigna. Þeim er það mikið hagræði. Þeim, sem eru undir því lágmarki, er gersamlega um megn að nota sér það góða, sem í þessu frv. felst. Við höfum hér lög og höfum lagt nokkurt fé fram til þess að hjálpa einmitt þeim mönnum, sem lægstar hafa tekjur, til þess að fá húsnæði með viðráðanlegum kjörum. Það eru t. d. byggingarsjóður sveitanna og byggingarsjóður verkamanna í kaupstöðum. Þar er viðurkennt það félagslega sjónarmið, sem ekki er viðurkennt á nokkurn hátt í þessu frv. Í grg. þessa frv. er það tekið fram, að ríkisstj. hafi ákveðið að ráðstafa, hvort árið af þessum tveimur, sem áætlunin tekur til, 12 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitanna, viðurkennandi með því, að

þau lánskjör, sem ætluð eru þeim, sem fá lán samkvæmt þessu frv., þegar það verður orðið að lögum, séu gersamlega óviðunandi fyrir þá menn, sem eru svo settir, að þeir eiga samkvæmt eldri lögum rétt til lána úr byggingarsjóði sveitanna. Þess vegna eigi að taka af þessum ca. 100 milljónum 12 milljónir frá, sem á að veita byggingarsjóðnum með þeim kjörum, sem í þessu frv. segir, og hann aftur að lána út með lægri vöxtum til þeirra, sem eiga rétt til lána úr honum, af því að þeim mönnum sé um megn að nota sér vaxtakjör og lánskjör þessa frv. En svo furðulega bregður við, að hinum hliðstæða sjóðnum, byggingarsjóði verkamanna í kaupstöðum, sem er stofnaður alveg í sama tilgangi og byggingarsjóður sveitanna, til þess að veita láglaunastéttunum möguleika á því að eignast húsnæði með viðráðanlegum kjörum, er ekkert ætlað sérstaklega af þessu fé. Ef ástæða er til að taka frá 12 millj. kr. handa byggingarsjóði sveitanna, sem hann geti svo lánað út með lægri kjörum en þetta frv. gerir ráð fyrir, þá fæ ég ekki séð, hví ekki er alveg sjálfsagt og eðlilegt, að slíkt hið sama sé einnig gert með byggingarsjóð verkamanna í kaupstöðum. Fjárþörfin er sízt minni þar, hún er enn þá brýnni. Og það er vist, að mikill þorri þeirra manna, sem eru á biðlista hjá byggingarfélögum verkamanna, getur ekki notað sér óbreytt lánskjör þau, sem ákveðin eru í þessu frv. Þau eru þeim um megn. Eigi því að veita þessum mönnum hjálp, þá verður það ekki gert á annan hátt en þann, að tryggt sé a. m. k. ákveðið lágmark af fénu, er renni til byggingarsjóðs verkamanna, sem síðan láni það aftur út til byggingarfélaganna og þau til sinna meðlima og vaxtamunurinn sé þá greiddur af þeim tekjum, sem þessir sjóðir hafa. Ég vildi mega vænta þess, ef hæstv. ríkisstj. ræðir við n. um frv. í heild sinni, að þá vilji hún einnig fallast á, að þetta atriði verði tekið til athugunar og reynt að mæta þeim sjálfsögðu og eðlilegu óskum, sem þarna koma fram.

Ég skal svo láta þetta nægja nú við þessa umr. Ég leyfi mér að vona, einmitt eftir framsöguræðu hæstv. ráðh., að það megi lánast að betrumbæta þetta frv. í meðferð málsins hér á þessu þingi, og greiði því atkv. með því til 2. umr. og n. með venjulegum hætti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 654, n. 727, 748).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 748. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þær ráðstafanir, sem á að gera samkvæmt því, eru án efa stærsta átakið, sem til þessa hefur verið gert í húsnæðismálum þjóðarinnar, og er bæði frv. og aðrar ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar í sambandi við það, afleiðing af þeim samningi, sem gerður var á milli stuðningsflokka stjórnarinnar, um leið og núverandi ríkisstj. var mynduð.

Frv., eins og það var lagt fyrir þingið, fylgdi mjög ýtarleg grg. með skýringum á frv. og áætlunum og alls konar upplýsingum; auk þess talaði hæstv. félmrh. hér við 1. umr. málsins, þegar frv. var lagt fyrir deildina, og skýrði frá efni þess. Ég mun því algerlega sleppa því að tala um málið almennt.

Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, kynnt sér það rækilega og rætt það, og eins og nál. á þskj. 727 ber með sér, klofnaði n. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) skilar sérálíti og mun gera grein fyrir sinni afstöðu, en við hinir nm. leggjum til, að frv. verði samþ. með einni breytingu við 1. gr., sem prentuð er í nál. á þskj. 727. Brtt. fjallar um það að umorða 1. gr., en þó er ekki gerð breyting frá því, sem frv. var, nema um eitt atriði; það er kannske hægt að segja tvö atriði. Í staðinn fyrir að í húsnæðismálastjórninni áttu að vera 3 menn samkv. frv., leggur n. til, að það verði 5 menn í þessari stjórn. Er þessi till. n. gerð samkv. tilmælum hæstv. félmrh. En svo bætir n. því við, að einn af þessum mönnum skuli vera skipaður samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. Þetta mun í sjálfu sér ekki vera mikil breyting, því að mér skilst og n. skildist það vera samkomulag við Landsbankann, að hann fengi að ráða einum nm., en þá þótti okkur nm. í meiri hl. réttara að taka þetta beinlínis fram í lögunum og í raun og veru ástæðulaust að gera það ekki, þar sem þetta muni vera ætlunin. Einnig má benda á það, að þó að það sé samkomulag á milli Landsbankans og núverandi hæstv. ríkisstj., þá getur komið önnur ríkisstj., sem ekki teldi sig bundna af þessu, og er þá réttara að hafa þetta tiltekið í lögum.

Málið er þess vert, að um það hefði verið rætt meira en ég hef gert hér, en þar sem fundartíminn er afskammtaður, en hins vegar liggur á að afgreiða þetta mál, þá læt ég þessi orð, sem ég nú hef sagt, nægja.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 654, n. 727 og 749, 748).

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og frá hefur verið skýrt, þá er þetta frv. borið fram af hæstv. ríkisstj. í því skyni að fullnægja ákvæði um húsnæðisvandamálið, sem tekið var í þann málefnasamning, sem stjórnarflokkarnir gerðu sín á milli, er hæstv. núverandi ríkisstj. var mynduð haustið 1953, en um þetta atriði segir svo í málefnasamningnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Þetta er það fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. gaf, þegar hún tók við völdum, og frv. það, sem hér

liggur fyrir, er til þess ætlað að fullnægja þessu fyrirheiti.

Hv. frsm. meiri hl. sagði í ræðu sinni hér í gær, að ef frv. þetta yrði að lögum, þá væri gert stærsta átakið, sem nokkru sinni hefði verið gert í húsnæðismálunum á Alþ. Ég hygg, að þetta sé oflof um frv. og höfunda þess, hæstv. ríkisstjórn. Að vísu er ákveðið í þessu frv., að upp skuli setja veðlánakerfi, eins og þar er frá greint, og að stjórn skuli kosin fyrir þessar framkvæmdir allar, húsnæðismálastjórn, til sex ára. Hins vegar fylgir sá böggull skammrifi, að þær ráðstafanir til fjáröflunar, sem greint er frá í grg. og frv. er miðað við, eru aðeins miðaðar við næstu tvö árin. Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að veðdeild Landsbankans skuli gefa út á þessum tveimur árum 200 millj. kr. í bankavaxtabréfum, og látið skína í það, að þetta fé muni koma inn í viðbót við annað til húsbygginga á þessu tímabili. En ekki verður séð, að trygg sé sala á meira af þessum bankavaxtabréfum en sem svarar rösklega 40 millj., eða 44 millj., hvort árið. Það fé, sem ætlazt er til að falli undir ramma veðlánakerfisins þessi tvö ár, er ætlazt til að komi annars staðar frá, frá öðrum stofnunum, og mikill hluti þess fjár, sem þessar stofnanir hafa til umráða og útlána, hefur á undanförnum árum verið lagður til húsbyggingarframkvæmda, svo að þar er engin breyting á önnur en sú, sem verður á vaxta- og lánskjörum samkv. frv.

Ég hygg því, að það sé allt of mikil bjartsýni að telja, að með því að gera þetta frv. að lögum sé bætt úr húsnæðisvandræðunum að verulegu leyti og lagður varanlegur grundvöllur að frambúðarlausn, eins og það er orðað í stjórnarsáttmálanum, ekki sízt þegar þess er gætt, að enn hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að þegar þau tvö ár eru liðin, sem rætt er um í frv., verði fé fyrir hendi til áframhaldandi starfsemi. Þetta er því að minni hyggju frekar byrjunartilraun í tvö ár innan þeirra takmarka, sem frv. setur, sem svo eru vonir um að geta byggt á síðar og aukið við, en lengra er þessu máli ekki komið, þó að frv. verði samþykkt.

Fjhn. hefur athugað frv., og meiri hl. hennar vill samþykkja frv. svo til óbreytt, hefur aðeins fallizt á þá brtt., sem hann ber fram eftir tilmælum ráðherra, að fjölgað verði í húsnæðismálastjórn úr þremur upp í fimm. Ég tel hins vegar, að ef frv. þetta á að koma að því gagni, sem ég efa ekki að sé til ætlazt, og ef það á að vera til efnda á gefnu fyrirheiti, þá þurfum við að gera á því mjög verulegar breytingar.

Ég skal ekki tefja tímann með því að tala um það nýmæli, sem er í frv. um vísitölutryggð lán, — það er atriði, sem er sérstaks eðlis og ekki beinlínis snertir húsbyggingarmálin frekar en önnur fjárhagsmál. Ég skal ekki gera þessi ákvæði að umræðuefni, en aðeins segja, að ég álít rétt að gera þessa tilraun, af því fæst nokkur reynsla með útgáfu þessara nýju bréfa, bæði hvernig þeim er tekið og hver áhrif þau hafa á peningamarkaðinn yfirleitt. En að því er snertir lánskjör þessa frv., þá er gert ráð fyrir, að útlánsvextirnir verði 7¼%, auk lántökugjalds í eitt skipti 1%, að lánstíminn verði ekki lengri en 25 ár og að lánin til hverrar íbúðar verði yfirleitt um 70 þús. kr., þó að heimilt sé að fara upp í allt að 100 þús. kr.

Ég skal játa það, að fyrir menn, sem hafa nokkuð ríflegar tekjur eða búa við góð efni, væri veruleg fyrirgreiðsla, sem fengist, ef þetta frv. verður að lögum. En ég vil hins vegar fullyrða, að allur þorri almennings í landinu, þeir, sem búa við erfiðust kjör í húsnæðismálum, eru þannig settir, að þeir geta ekki notfært sér þau lánskjör, sem þetta frv. býður upp á. Kostnaðurinn við það húsnæði, sem komið er upp samkv. þessu frv., verður svo mikill, að það verður eignalausum mönnum með lágar eða miðlungstekjur ofvaxið. Í mjög greinargóðu nál., sem minni hl. fjhn. í neðri deild lagði fram, eru teknar upp ýmsar tölur til að sanna þetta, og veit ég, að hv. þdm. hafa kynnt sér þær. Í fyrsta lagi er það, að eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir um byggingarkostnað í Reykjavík, eru þær upphæðir, sem nefndar eru í því sambandi í grg. þessa frv., sýnilega allt of lágar. Í grg. er rætt um, að það megi fá sæmilega íbúð hér fyrir 150 þús. kr. eða kannske tæplega það. Eftir þeim athugunum, sem á þessu hafa verið gerðar, virðist mér óhætt að fullyrða, að sómasamlega íbúð, sem er að stærð 300—350 rúmmetrar, sé ómögulegt að gera sér von um að koma upp hér í Reykjavík fyrir minna en 225—265 þús. kr. Það svarar til 750 kr. byggingarkostnaðar á rúmmetra, og ég hygg, að það sé varla hægt að reikna með lægri upphæð en því. Fái nú sá maður, sem ræðst í að eignast slíka íbúð, 70 þús. kr. lán samkv. ákvæðum frv., þá þarf hann enn að afla sér til viðbótar a. m. k. tvöfaldrar þeirrar uupphæðar. Ef hann hefur ekki fé til sjálfur, getur lagt það fram af eigin efnum, þá er ekki annað að gera en leita til annarrar lánsstofnunar en þessarar, sem hér er sett upp, um viðbótarlán. Og það er mikil bjartsýni að gera ráð fyrir því, að það lán fengist með þó ekki erfiðari kjörum en þetta frv. gerir ráð fyrir. Af íbúð, sem kostaði um 260 þús. kr., yrðu minnstu mánaðargreiðslur 1900 kr. á mánuði. Er þar gert ráð fyrir því, að hann greiði vexti og afborganir af 70 þús. kr. láni til veðlánakerfisins, en aðeins sparifjárvexti af því, sem á vantar, sem í þessu tilfelli yrði um 190 þús. kr. Það er ekki gert ráð fyrir neinum afborgunum í þessu, það eru bara vextirnir einir og afborganir af þessu 70 þús. kr. láni.

Nú má náttúrlega telja vonir til, að ýmsir séu svo, að þeir geti sjálfir lagt fram af eigin fé einhvern hluta, stærri eða minni, af þessari upphæð, sem á vantar, og þeim sé ekki lífsnauðsyn að reikna sér af henni fulla sparsjóðsvexti. (Gripið fram í.) Ég skal játa það. Það er nokkuð til í þessu. En engu að síður er eðlilegt að taka það með í reikningnum. En hitt er líka fullvíst, að af viðbótarláninu, hversu hátt sem það yrði, yrði óhjákvæmilegt að greiða afborganir, sem miðað við sama tíma og veðlánakerfið gerir ráð fyrir mundu taka milli 6 og 8 þús. kr. á hverju einasta ári. Er því enn fremur sýnt fram á í nál., sem ég drap á áðan, að til þess að þurfa ekki að greiða nema 1000 kr. í húsaleigukostnað

af slíkri íbúð, þyrfti eigandinn að geta lagt fram ekki minna en 122 þús. kr. í reiðufé, sem hann reiknaði sér enga vexti af, og samt að fá 7 þús. kr. lán í viðbót við lán veðlánakerfisins. 1000 kr. á mánuði eru 25% af 4 þús. kr. mánaðartekjum. Og það hygg ég, að flestir geti orðið sammála um, að húsaleiga sé óhæfilega stór þáttur í framfærslukostnaðinum, þegar hún tekur meira en sem svarar fjórðungi af tekjunum.

Ég ætla, að það verði ekki hægt um það að deila, að þau lán, sem gert er ráð fyrir að veitt verði til íbúðabygginga samkvæmt þessu frv., og sú stuðningur, sem með því fæst til húsbygginga, sé hvort tveggja með þeim hætti, að útilokað er, að menn með lágar eða meðaltekjur, eignalausir, geti fært sér lánskjörin í nyt, geti komið sér upp sómasamlegu húsnæði, þó að þessu veðlánakerfi verði komið á fót. Það eru þeir einir, sem hafa allriflegar tekjur eða geta lagt fram stórar fjárfúlgur, sem geta borið húsnæðiskostnað, sem nemur yfir 2000 kr. á mánuði og jafnvel langt fram yfir það stundum. Ef maður með 3300—4300 kr. á mánuði réðist í slíkt fyrirtæki, þá er augljóst, að húsnæðiskostnaðurinn mundi gleypa meira en helminginn af tekjum hans.

Ég álít því, að ef þetta frv., ef það verður að lögum, á að geta komið almenningi að notum, þá þurfi að taka frá ákveðinn hluta fjárins og lána hann út samkvæmt öðrum reglum og með betri kjörum en gert er ráð fyrir í þessu frv. Hæstv. ríkisstj. hefur bersýnilega einnig komið auga á þessa staðreynd, að lánin, sem hér er að ræða um, eru ekki fyrir efnalaust lágtekjufólk. Þess vegna hefur hún gefið fyrirheit um það, að þau tvö ár, sem búið er að tryggja fé til þessara framkvæmda, skuli lagðar fram 24 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitanna, sem hann lánar svo aftur út með stórum mun hagstæðari kjörum. Byggingarsjóður verkamanna hefur svipuðu verkefni að gegna í kaupstöðunum og byggingarsjóðurinn í sveitunum. Því hefði ég vænzt þess, að hæstv. ríkisstj. auk þeirrar almennu heimildar, sem hún hefur sett inn í lögin um, að það megi lána honum fé, hefði tryggt það, að einhver ákveðin lágmarksupphæð, ekki lægri en sú, sem ætlazt er til að lögð sé til byggingarsjóðs sveitanna, verði tryggð byggingarsjóði kaupstaðanna með þessum lögum, þannig að þeir geti hjálpað einhverjum hluta af þeim mörgu, sem þurfa að byggja og geta ekki fellt sig við þau lánskjör, sem veðlánakerfið býður upp á. Ég leyfi mér því að flytja brtt. um þetta efni.

Hið annað, sem ég hefði talið sjálfsagt og eðlilegt, þar sem hæstv. ríkisstj. er ljóst, að þetta kemur ekki að notum nema tiltölulega efnuðu fólki, er það, að mjög verulega hefði verið aukið og rýmkað um ákvæði um framlög til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, þ. e. a. s. til þeirra bygginga, sem kaupstaðir vildu koma upp til þess að hjálpa því fólki, sem lítið eða sama og ekkert getur fram lagt af eigin efnum til þess að eignast húsnæði.

Að minni hyggju er óhjákvæmilegt í sambandi við tillögur til úrbóta í byggingarmálunum og húsnæðisvandræðunum að gera sér grein fyrir því, að í raun og veru er um fjóra flokka manna að ræða í sambandi við húsnæðisþörfina.

Í fyrsta lagi eru þeir, sem eru á svo lágum tekjum og eignalausir, að ekki eru neinar líkur til, að unnt sé að lána þeim nægilegt fé til þess sjálfir að eignast íbúðir nema með alveg sérstökum aðgerðum. Ég álít, að ef um ekkert framlag getur verið af kaupendanna hálfu að ræða, sé líklegasta lausnin sú, að bæjarfélögin reisi byggingar fyrir þetta fólk og leigi þeim þar sómasamlegt húsnæði við nútímahæfi og gefi þeim kost á með mánaðargreiðslu smám saman að verða eigendur að húsnæði sínu, ef þeir óska þess.

Í næsta flokki mundi ég telja þá, sem geta lagt fram nokkurt fjármagn, þótt lítið sé, og kannske verulega vinnu við að koma upp eigin íbúðum, en hafa svo lágar tekjur, að þeir geta ekki risið undir því að greiða af lánum, sem óhjákvæmilegt er að taka á skömmum lánstíma, venjulega útlánsvexti. Einmitt slíkum mönnum var tilætlunin að hjálpa með stofnun byggingarsjóðs kaupstaðanna fyrir verkamenn og byggingarsjóðs sveitanna, en því aðeins koma þessir sjóðir að gagni, að þeir hafi það starfsfé, sem geri þeim fært að geta bætt úr þörf og nauðsyn nokkurs verulegs hóps manna.

Í þriðja lagi eru svo þeir, sem þurfa ekki aðra fyrirgreiðslu í sambandi við byggingarmálin en að eiga nokkurn veginn tryggt að geta fengið hæfilegan hluta af byggingarkostnaðinum að láni og þá aðstoð ríkisins í því skyni, eins og t. d. veitt hefur verið samvinnubyggingarfélögum ýmsum, eins og kunnugt er. Það er nánast fyrir þá, sem eru heldur ofan við meðaltekjur í þessum flokki, og þá, sem þar eru ofar, sem ákvæði þessa frv. hér eru miðuð.

Í fjórða lagi eru svo þeir, sem þurfa ekki neina fyrirgreiðslu í þessum efnum, heldur geta fullkomlega séð um sig sjálfir.

Í löggjöfinni frá 1952 um opinbera aðstoð til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum landsins eru einmitt þessir þrír fyrst nefndu flokkar hafðir í huga og þeim tryggð nokkur fyrirgreiðsla í byggingarmálunum, eða sú var ætlunin með þeim lögum, eins og þau voru 1952.

Ég hef veitt því athygli, að í grg. frv. er því mjög sterklega haldið fram, að það eina eðlilega, það heilbrigðasta og affarasælasta í þessum málum sé það, að þeir, sem húsnæðið nota, greiði kostnaðarverð fyrir þessa þjónustu, eins og það er orðað, því að þá takmarkist neyzlan, þ. e. húsnæðið, við fjárhagsgetuna; þ. e. a. s., að lán til íbúðabygginga, hvort sem um ríka eða fátæka, einhleypa eða fjölskyldumenn er að ræða, skuli við það eitt miðuð, að féð komi að fullu aftur frá þeim, sem nota húsnæðið, með fullum venjulegum vixilvöxtum eða útlánsvöxtum. Þetta virðist höfundum frv. álitlegasta og affarasælasta leiðin í þessum málum.

Ég get ekki neitað því, að mig furðar mjög á þessum kenningum. Ég held, að hvergi, þar sem hið opinbera hefur nokkur afskipti af byggingarmálunum, sé miðað við þetta sjónarmið, a. m. k. er það víst, að í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndum, Bretlandi og Þýzkalandi, í Mið-Evrópu-

löndunum, er ekki miðað við þetta. Þar er beinlínis miðað við og horfzt í augu við þá staðreynd, að það er ekki hægt að leysa húsnæðisvandamál þorra manna í löndunum nema taka tillit til hinnar mismunandi efnalegu aðstöðu, sem borgararnir búa við, og mismuna þeim í lánskjörum eftir því, hvernig þeir eru staddir í þessum efnum.

Í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Svíþjóð og Noregi, þar sem ég þekki þetta helzt, er það talin fjárhagsleg nauðsyn og þjóðfélagsleg skylda að gera fólki, sem hefur lágar og miðlungstekjur, þótt eignalaust sé, kleift ekki bara að eignast húsnæði, heldur eignast það með þeim kjörum, að húsnæðiskostnaðurinn fari ekki fram úr ákveðnum hluta af venjulegum meðaltekjum þessa fólks. Í þessu skyni leggur hið opinbera fram í þessum löndum stórfé, sumpart sem vaxtalaust eða vaxtalágt lán til mjög langs tíma og sumpart sem beinan styrk til stofnana, sem hafa það verkefni að sjá þessu fólki fyrir lánum, og lánin eru mismunandi mikill hluti af kostnaðarverði og til mismunandi langs tíma og með mismunandi vaxtakjörum eftir því, hvernig efnahagur fólksins, sem lánin fær, er, eftir því, hvað það veitir sér mikið í húsnæðinu, hversu það byggir stórt. Með þessu móti hefur lánazt síðan 1948—49 að lækka heldur þann hluta teknanna, sem gengur til húsnæðiskostnaðargreiðslu í þessum löndum öllum, frá því, sem það var fyrst eftir stríðið.

Í Danmörku og Svíþjóð er nú talið, að húsnæðiskostnaður verkamanns, sem eignast nýja tveggja herbergja íbúð, auk eldhúss og annars, sem tilheyrir, sé um 20% af tekjum hans, og þá er upphitun talin með í húsnæðiskostnaðinum. Í Noregi eru tilsvarandi tölur 17% húsnæðiskostnaður af meðaltekjum.

Þetta eru nýjustu húsin, sem byggð eru. Í eldri húsum, sem fyrr voru byggð, er húsnæðiskostnaðurinn tiltölulega lægri, enda eru í þessum löndum því fólki, sem svona er ástatt um, veitt lán til 60—75 ára og sums staðar farið með lánin allt upp í 95% af kostnaðarverði.

Mig furðar því mjög á því, að höfundur þessa frv. leyfi sér að fullyrða, að það eigi að leysa húsnæðisvandræði fólksins í landinu og leggja grundvöll að frambúðarlausn með því að láta greiða þessa þjónustu með fullu kostnaðarverði, eins og það er kallað, þ. e. a. s. greiða fyllstu bankavexti af lánunum og þau upp á tiltölulega skömmum tíma.

Nú er það alls staðar viðurkennt, að það sé ekki hægt að ætlast til, að einstaklingur, sem byggir varanlegt hús hér í Reykjavík úr járnbentri steinsteypu, sem getur enzt í hundrað ár og líklegt er að geri það eða jafnvel lengur, eigi að leggja á sig alla byrðina af því að koma þessu húsnæði upp, sem kemur að notum næstu kynslóðum, fleirum eða færri. Einmitt við þetta sjónarmið eru miðuð ákvæði laganna hjá nágrannaþjóðum okkar um að veita byggingarlánin til sérstaklega langs tíma og með lágum vöxtum, og þá er ekki horft í það, ef almenni lánamarkaðurinn heimtar hærri vexti en þessir lágu útlánsvextir stofnananna verða, að greiða nokkurt fé til að jafna þann mismun, alveg á sama hátt og hér hefur verið gert í örlitlum mæli í sambandi við starfsemi byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsjóðs sveitanna. Í þessum löndum er litið svo á, eins og ég áðan sagði, að það sé á allan hátt óheppilegt, ekki fyrir einstaklingana eingöngu, heldur þjóðfélagið í heild, að húsnæðiskostnaðurinn gleypi meira en sem svarar 20% af tekjum almennings. Ef hann tekur meira af tekjunum, hlýtur það að leiða til þess, að kaupgjald í landinu verður þeim mun hærra eftir meiri eða minni átök heldur en ella mundi, sem húsnæðiskostnaðurinn fer fram úr þessu marki.

Af því leiðir aftur aukinn framleiðslukostnað, erfiðari aðstöðu til samkeppni með útflutningsvörur og aukna dýrtíð innanlands. Þess vegna hafa þeir talið það fjárhagslega nauðsyn, eins og ég áðan sagði, að gera ráðstafanir til að halda húsnæðiskostnaðinum niðri. Hann hlýtur að ganga inn í framleiðslukostnaðinn og hafa sín áhrif á hann. Ég fæ því ekki séð annað en að eins og það er talið eðlilegt og nauðsynlegt hjá okkur að greiða niður mjólk, smjör og smjörlíki, kartöflur og fleiri vörur til þess að sporna við aukningu framleiðslukostnaðarins, eins og ég áðan benti á, og til þess að tryggja hóflegt verð á þessum vörum fyrir þá, sem lægstar hafa tekjurnar, þá sé alveg eðlilegt og í samræmi við þetta og samræmi við gerðir annarra þjóða að veita sérstök lánskjör til byggingar íbúða fólks, sem ekki kemst upp í það eigna- og tekjumark, sem nauðsynlegt er til þess að geta notað sér fyrirgreiðslu þessa frv., þegar það verður að lögum. Því hefði ég vænzt, eins og ég áðan sagði, að hæstv. ríkisstj. hefði séð sér fært að leggja til, að ákveðið fjármagn yrði látið renna til byggingarsjóðs verkamanna og að hækkað yrði mjög frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., það framlag, sem ætlað er til stuðnings kaupstöðunum til þess að koma upp íbúðum í staðinn fyrir braggana og aðrar heilsuspillandi íbúðir.

Þá skal aðeins á það bent, að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa undanfarin ár veitt nokkur lán til íbúðabygginga fyrir sína sjóðsfélaga. Þau lán hafa verið með nokkru betri kjörum en gert er ráð fyrir í þessu frv. Þau hafa verið veitt til allt að 35 ára og lánsupphæðin hefur mátt fara allt að 100 þús. kr., og vextirnir eru nú á milli 5½ og 6%, flestir 6%, og ekkert lántökugjald. Ef það er ætlunin, sem mér skilst á þessu frv., að þessi útlán lífeyrissjóðanna eigi að falla undir veðlánakerfið, þá virðist augljóst, að lánskjörin hjá þessu fólki verða gerð óhagstæðari en nú er.

Samkvæmt þessu frv. er ætlazt til þess, að sérstök húsnæðismálastjórn, skipuð þremur mönnum, eigi að hafa yfirstjórn þessara mála. Hún á bæði að sjá um tæknilega hlið málsins, þ. e. a. s. umbætur og fyrirgreiðslu að því er húsbyggingarmál snertir, og reyna að gera ráðstafanir til þess að lækka byggingarkostnaðinn, og er ekki nema gott eitt um það að segja. En þeir sömu tæknilega fróðu menn sem eiga að hafa með þessa hlið málsins að gera, eiga einnig að úthluta þeim lánum, sem veitt verða samkvæmt ákvæðum frv.

Mér skilst nú í fyrsta lagi, að þess sé varla að vænta, að hægt sé að velja svo tvo menn, eða þó

að þeir væru fimm, að þeir hafi sérþekkingu, sem æskileg væri fyrir báðar þessar hliðar málsins; að sá, sem getur lagt til þekkingu og kunnugleika í byggingarmálum og komið fram með till. um umbætur í því efni, lækkun byggingarkostnaðar, hagkvæmara skipulag, hvort það eigi að vera sambyggð hús eða smáhús o. s. frv., o. s. frv., þurfi endilega að vera tilvalinn til þess að hafa vit á því að meta aðstöðu manna og segja, hverjum eigi að veita lán. Það álít ég mjög vafasamt.

Ég álít því, að það sé rétt að skilja þessar tvær hliðar alveg að, svo sem kemur fram í minum brtt., og að sérstakir aðilar fari með hvor sinn þátt þessara mála, en ráðuneytið, félmrn. eða ráðh., hafi svo yfirstjórn málanna í sínum höndum.

Samkvæmt þessu, sem ég nú hef sagt, tel ég nauðsynlegt að gera mjög verulegar breytingar á frv. og hef leyft mér að leggja fram um það brtt. á þskj. 748, og skal ég þá víkja örfáum orðum að brtt.

1. brtt. mín lýtur að því, hvar skuli vera yfirstjórn þessara mála allra, og legg ég til, að 1. gr. verði breytt í það horf, að þar sé aðeins sagt, að yfirstjórn þessara mála allra skuli vera hjá félmrh. Það er alveg eðlilegt, að félmrh., sem er sá aðili, sem þessi mál falla undir, og hlýtur jafnan að hafa mest áhrif á meginstefnuna í þeim, fari með yfirstjórn málanna.

Hins vegar og enn fremur legg ég til, að í staðinn fyrir að fela húsnæðismálastjórn, sem fellur niður, ef till. mín við 1. gr. verður samþ., að vinna að umbótum í byggingarmálum með þeim ráðstöfunum, sem taldar eru upp í tölul. 1—5, verði Iðnaðarmálastofnun Íslands falið að annast þessa hlið málsins. Þetta er einmitt einn meginþáttur þeirra verkefna, sem Iðnaðarmálastofnuninni er ætlað að vinna að, rannsóknir á öllum þeim mörgu atriðum, sem koma til greina í sambandi við það, hversu iðnaður verður bezt rekinn hér á landi, þannig að hann skili sem beztum afköstum og framleiði sem ódýrastar og beztar vörur. Mér er einmitt kunnugt um, að Iðnaðarmálastofnunin hefur þegar hafið nokkrar undirbúningsathuganir og rannsóknir í sambandi við byggingar, og tel því vel fallið, að hún hafi umsjón þessa þáttar framkvæmdanna í sínum höndum, en að sjálfsögðu jafnframt, að hún vinni með þeim aðilum, sem taldir eru hér upp í 5. lið, og hafi við þá samráð og noti sérþekkingu þeirra, eftir því sem við verður komið. Sparast þá sá kostnaður á veðlánakerfinu, sem af þessu leiðir, og leggst á Iðnaðarmálastofnunina, vegna þess að það eru að mörgu leyti, eins og ég áður sagði, sömu eða svipuð verkefni, sem hún vinnur að nú og hún mundi vinna að, ef henni væru falin þessi mál.

Enn fremur leyfi ég mér að leggja til, að breytt verði í þessari gr., 2. gr., 4. tölul., þar sem segir, að húsnæðismálastjórn, sem yrði þá Iðnaðarmálastofnunin, eigi að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga. Ég legg til, að þessu verði breytt þannig, að hún eigi að veita húsbyggjendum endurgjaldslaust kost á öllum nauðsynlegum teikningum í tilteknar gerðir íbúða. Með þessu meina ég það, að hún eigi að búa til ákveðna fyrirmyndaruppdrætti, miðað við íbúð af hóflegri stærð, og þeir uppdrættir skuli svo látnir í té endurgjaldslaust til þeirra, sem vilja byggja samkvæmt einhverjum þessara uppdrátta. Ef þeir vilja ekki nota þessa uppdrætti og vilja hafa húsið stærra, dýrara, íburðarmeira en þar er gert ráð fyrir, þá er ekki nema eðlilegt, að þeir borgi sjálfir þann kostnað, sem uppdrættirnir valda.

Þá ber ég fram brtt. við 3. gr., að orðið „húsnæðismálastjórn“ falli niður. Það er afleiðing af því, sem áður er sagt.

Í 4. gr., þar sem segir, að í varasjóð hins almenna veðlánakerfis skuli renna eignir lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar, legg ég til að verði gerð sú breyting á, að skuldabréf og aðrar eignir lánadeildar smáíbúðarhúsa skuli renna til varasjóðsins, enda greiði ríkissjóður skuldir hennar við Landsbanka Íslands. Ef þessi brtt. er samþ., þýðir það það sama og að auka starfsfé veðlánakerfisins að ég ætla um á milli 30 og 40 millj. kr., sem er upphæð þeirra lána, sem smáíbúðadeildin hefur tekið. Mér er ekki fullkunnugt um vaxta- og afborganakjör af þessum lánum, en ég hygg, að það sé varlega reiknað, að til greiðslu á þeim fari a. m. k. 4 millj. kr. á ári, sem þá dregst frá því fé, sem er til útlána samkvæmt frv. En ef till. mín yrði samþ., þá ykist starfsfé veðlánakerfisins um þær eitthvað milli 30 og 40 millj. kr., sem smáíbúðadeildin nú skuldar og mun að mestu leyti vera skuld við ríkissjóð og að einhverju leyti við Landsbankann.

5. brtt. mín er við 6. gr., að aftan við 1. málsgr. a-liðar bætist: „Þeir lánbeiðendur, sem hafa fyrir stærstri fjölskyldu að sjá, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir lánsfé.“ Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þessa till., hún skýrir sig sjálf, og af grg. má sjá, að hæstv. ríkisstj. telur, þótt ekki séu nein ákvæði um það í frv., fyllstu ástæðu til þess að taka tillit til fjölskyldustærða við veitingu lánanna.

C-liðurinn er aðeins í sambandi við fyrri till.

6. brtt. er við 7. gr., en í 7. gr. segir, að það skuli vera heimilt að lána byggingarsjóði sveitanna og byggingarsjóði verkamanna af því fé, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr., en ekkert um, hversu mikið skuli lánað. Hins vegar er samkv. grg., enda yfirlýst af hæstv. ríkisstj., þegar búið að ákveða, að lánin til byggingarsjóðs sveitanna skuli vera a. m. k. 12 millj. kr., þó að það sé nú reyndar ekki nefnt í málefnasamningi ríkisstj. frá 1953, sem ég áðan gat um, en hins vegar engin lágmarksskylda sett að því er varðar byggingarsjóð verkamanna og því allt í mestu tvísýnu, hvort eða hve mikið til hans skyldi renna af þessu fé.

Ég legg því til, að það sé ákveðið í gr., að hvor þessara sjóða skuli fá 12 millj. kr. árlega næstu 5 ár af því fé, sem veðdeild Landsbankans hefur til útlána samkvæmt 5. gr. Þetta er það lægsta, sem mér finnst berandi fram að verði tryggt byggingarsjóði verkamanna, 12 millj. kr. á ári næstu tvö árin og sama upphæð áfram, ef veðlánakerfið þá hefur fjármagn til þess. Ég hef drepið áðan á nauðsynina í þessum efnum, þar sem byggingarsjóð verkamanna skortir tilfinnan-

lega starfsfé og getur aðeins hjálpað fáum einum af þeim, sem rétt eiga til að leita til hans með lán, og þeim mun ekki fækka, þó að þetta frv. verði samþykkt.

Þá er 7. brtt., við 8. gr. Hún er þess efnis, að sérstök nefnd, skipuð fulltrúum bankanna, skuli hafa með að gera ákvörðun um útlán og að bankarnir greiði þann kostnað, sem því er samfara. Ég hef flutt aðra till. og gert grein fyrir henni, því að verkefnið er tvíþætt, annars vegar það tæknilega, sem ég tel að Iðnaðarmálastofnunin eigi að hafa, hins vegar úlánastarfsemin, sem ég tel að bezt sé komin í höndum nefndar, sem fulltrúar bankanna, einmitt þeirra aðila, sem leggja fram mest af fénu, skipi, og veiti svo lán eftir venjulegum útlánareglum innan ramma laganna. Ég legg til, að nefndin kjósi sér sjálf formann, en ef ríkisstj. þætti það betra, þá get ég eins fallizt á, að hún skipaði formanninn, ef það mætti nokkuð liðka málið.

Þá er 8. brtt. Það er aðeins afleiðing af því, sem fyrr er komið.

9. brtt. er, að á eftir 9. gr. komi ný grein um eigin byggingarsjóði samkvæmt þeim ákvæðum, sem í greininni segir.

Í 2. tölul. 9. gr. frv. segir, að húsnæðismálastjórn skuli beita sér fyrir því, að innlánsstofnanir komi á fót samningsbundnum sparnaði til íbúðarbygginga eða kaupa á íbúðum. Skal heimilt að láta þá, sem taka þátt í slíkum sparnaði, sitja fyrir um íbúðalán. Með þessu er viðurkennd sú hugmynd, að æskilegt væri, að menn byrjuðu þegar á unga aldri að spara saman til heimilisstofnunar, og eftir því sem í frv. segir, er ætlazt til að hvetja menn til þess með því, að þeir gangi fyrir öðrum á umsóknarlistum um lán samkvæmt lánakerfinu. Ég held, að það sé mikil bjartsýni að láta sér detta í hug, að slík fyrirgreiðsla ein mundi nægja til þess að hvetja menn til að safna fé þegar á unga aldri í þessu skyni. Hins vegar tel ég víst, að ef menn fengju skattfrelsi af ákveðnum hluta tekna sinna, allt að ákveðinni upphæð á ári og allt að ákveðinni upphæð í heild, þá mundu menn þrátt fyrir óvissuna um sparifé, sem stöðugt er til staðar, kannske í vaxandi mæli, leggja þetta fé til hliðar, ef þeir með því móti gætu sloppið við að greiða af því skatt. Till. er þess efnis, að framlög fjölskyldumanna í byggingarsjóð skuli undanþegin tekjuskatti, ef þeir eiga ekki íbúð, sem fer fram úr 90 m² að stærð. Þó tekur þetta aldrei til meira en ¼ hluta af tekjunum, aldrei yfir 20 þúsund kr. á ári og aldrei yfir 200 þús. kr. alls. Síðan eru reglur um það, hversu sjóðurinn skuli ávaxtaður og hversu skuli með hann farið, ef hann sé notaður til annars en til íbúðarbyggingar fyrir fjáreigandann sjálfan. Þá kemur féð aftur til skatts, þegar það er tekið út úr sjóðnum. Á þá ríkissjóður ekki að missa neins í.

11. brtt. lýtur svo að ráðstöfun til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, þ. á m. bragganna. Það fólk, sem þar býr, margt af því, er í þeim hópi manna, sem ég taldi fyrst, er ég ræddi um 4 flokka með tilliti til þarfanna með aðstoð við byggingar, þ. e. a. s. þá, sem eru tekjulágir mjög og yfirleitt eignalausir eða eiga nær engar eignir. Einmitt fyrir þetta fólk, sem býr í heilsuspillandi íbúðum, er lögð sú skylda á ríkisstj. að hafa forgöngu um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og hafa samvinnu um það við kaupstaði, og leggja fram til jafns við kaupstaðina, ef þeir ráðast í framkvæmdir til þess að byggja yfir þetta fólk, annaðhvort leiguíbúðir eða íbúðir, sem það gæti eignazt, t. d. með mánaðargreiðslum, eins og ég drap á fyrr í ræðu minni. Sú upphæð, sem í frv. er gert ráð fyrir að ríkisstj. megi nota í þessu skyni, aðeins 3 millj. kr., er gersamlega ófullnægjandi. Ég skal ekki rekja neinar tölur úr þessu, bendi bara hv. þm. á að lesa þá ýtarlegu skýrslu um húsnæðisþörfina, sem nú er fyrir hendi, í grg., sem fylgir frv. Það er augljóst, að það fé, sem hér er til umráða í þessu skyni, er eins og dropi í hafið. Ég legg því til, að framlagið verði hækkað upp í 10 millj. kr. á ári. Með slíkri upphæð, og kannske réttar sagt með vissunni um það, að slík upphæð fáist á næstu 5 árum, mætti nokkurn veginn sjá fyrir endann á því verki að útrýma braggaíbúðunum og öðrum heilsuspillandi íbúðum á þessu tímabili, sem þarna er nefnt.

Hæstv. ríkisstj. hefur haft verulegan tekjuafgang undanfarin ár og ráðstafað honum til ýmissa hluta. Ég held það geti varla verið um það deilt, að svo þörf og brýn nauðsyn sem er á ýmsum þeim framkvæmdum, sem tekjuafgangi ríkisins hefur verið varið til, þá sé þó engin, sem er meira aðkallandi en að flýta fyrir því, að heilsuspillandi íbúðum í landinu verði útrýmt. 10 millj. kr. eru nokkuð innan við 2% af útgjaldahlið fjárlaganna, og er það upphæð, sem ekki veldur ríkissjóðnum neinum sérstökum erfiðleikum að sjá fyrir eða afla á annan hátt.

Ég hef nú gert grein fyrir þessum brtt. mínum og vona, að ég hafi ekki reynt um of á þolinmæði forseta og hv. þdm. Ég skal að lokum segja það, að ég játa, að það er nokkurri fyrirgreiðslu heitið þeim, sem vilja byggja yfir sig, með þessu frv. hér. En það er að frv. óbreyttu ekki nema tiltölulega takmarkaður hópur fólks í landinu, betur megandi fólks, sem síður þjáist af húsnæðisvandræðum en hinn hlutinn, sem getur notað sér þetta. Þeim, sem verst eru settir í húsnæðismálunum og því í raun og veru þurfa mesta hjálpina, er ekki fært að frv. óbreyttu að hafa þess veruleg not. Þess vegna tel ég, að nauðsynlegt sé að gera þær breytingar á frv., sem ég hef nú gert grein fyrir.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að flytja hér nokkur orð. Ég mun ekki tala langt mál. Ég hélt hér stutta ræðu við 1. umr. frv.

Ég vil leyfa mér að þakka meiri hl. hv. fjhn. fyrir hennar afgreiðslu á frv. Hún hefur afgr. frv. fljótt, og sá dráttur, sem á því varð, stafaði eingöngu af því, að ríkisstj. var að velta fyrir sér einstökum atriðum. Ég get einnig þakkað henni fyrir þá brtt., sem hún flytur og er í samræmi við óskir ríkisstj. um þetta, og þarf ég ekki að taka fleiri orð fram um það.

En ég verð að segja hér nokkur orð í sambandi við þá löngu ræðu, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) hefur flutt hér. Mér fannst nú um allt að ¾ hluta af þeirri ræðu, að þá hefði eiginlega átt að

flytja við 1. umr. málsins, og var nú í raun og veru nákvæmlega það sama, en nokkru ýtarlegra e. t. v. en hann talaði við þá umræðu. En það er síður en svo, að ég sé að hafa á móti því, að svo almennt hafi verið talað um málið hér, og það, sem ég segi nú um þetta, mun verða á svipuðum nótum. Það eru almennar hugleiðingar, og ég mun nefna nokkur einstök atriði út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, en mun láta hv. frsm. fjhn. um það, eftir því sem honum virðist ástæða til, að tala um sjálfar einstakar brtt. hv. 4. þm. Reykv.

Það var mjög greinilegt, að hv. 4. þm. Reykv. vildi gera sem allra minnst úr þessu frv. og helzt láta í það skína, þó að hann slægi nokkuð úr og í um það efni, að það væri í sjálfu sér einskis virði, hér væri eingöngu verið að búa til kerfi fyrir þá borgara í þjóðfélaginu, sem vel væru efnum búnir, til þess að létta þeim um lántöku til íbúðarhúsabygginga. En hann sagði oft, að ekkert væri gert fyrir aðra, þótt hv. þm. hins vegar yrði að viðurkenna það öðru hverju, að það er einmitt gert býsna mikið fyrir þá, sem verr eru staddir, með því frv., sem hér liggur nú fyrir. Ég veit vel, að hv. 4. þm. Reykv. hefur áður staðið að því, þegar hans flokkur var í ríkisstj., að það voru sett afskaplega falleg lög um að byggja yfir alla landsmenn, án þess að það kostaði þá, sem átti að byggja yfir, nema að minnsta kosti óskaplega lítið. En það sorglega við það að setja þessi fallegu lög, sem voru í gildi í nokkur ár, var það, — ég hygg, að það sé rétt munað, — að einmitt þegar Alþfl. fór með forsæti í ríkisstj., varð að afnema töluvert mikið af þessum lögum, af því að það höfðu aðeins verið glansmyndir, en enginn raunveruleiki á bak við. Þetta er að mínum dómi mjög sorgleg staðreynd, og þetta kemur áreiðanlega ekki neinum að gagni og sízt þeim, sem mest þurfa á hjálp að halda, því að það er að mínum dómi beint illa gert að vera að flagga því framan í fólk, sem á í miklum erfiðleikum og húsnæðisvandræðum, að það sé e. t. v. hægt að koma upp með einhverjum Aladdínsráðum íbúðum, ótrúlega ódýrum, og svo verða þetta ekkert annað en skýjaborgir, sem hrynja til grunna.

Núverandi ríkisstj. hefur alls ekki viljað fara þannig að, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er raunhæft, enda hefur stjórnarandstaðan hvorki í hv. Nd. né hér mótmælt því. Hún hefur haldið því fram, að það væru dýr lán, sem hér er um að ræða, og það er rétt. Forvextir af lánum eru því miður háir hér á landi nú, og við verðum að allmiklu leyti að búa við það kerfi, sem á hverjum tíma er. Það er jafnvíst. En þetta frv., sem hér er fram flutt af hálfu ríkisstj., er raunhæft að því leyti, og er búið að tryggja framgang málsins — að vísu ekki fyllilega með fullum samningum nema um 2 ára tímabil — en sá grundvöllur, sem hér er lagður um það veðlánakerfi, sem hér er um rætt og á að dæla fé í þann sjóð, sem síðan megi veita til ýmissa íbúðarhúsabyggingarframkvæmda, bæði í sveitum og við sjó, er einmitt það raunhæfa í málinu. Ég get vel viðurkennt, að 2 ára samningur við Landsbankann er náttúrlega ekki nema bráðabirgðasamningur, en við í ríkisstj. og Landsbankinn, sem hefur gengið til samninga við okkur, trúum því, að einmitt á þessum 2 árum sé hægt að undirbyggja sams konar starfsemi e. t. v. og vonandi betri með því að ná meira fé og bæta þetta að ýmsu leyti aftur til framtíðarinnar. Og það er á þessum grundvelli, sem frv. er flutt fyrst og fremst. Svo verður þjóðin sjálf að dæma um það, hvort það sé ekki eins gott að fá löggjöf eins og þessa, sem er fyllilega raunhæf og öruggt er um að mun veita það fé, sem nú er búið að tryggja næstu 2 árin, eins og eitthvert orðaglamur eða glansmyndir, sem enginn veit, hvort nokkuð raunhæft stendur á bak við.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur mjög fundið að því, bæði við 1. umr. málsins og eins nú, að ekki skuli tryggt að fullu byggingarsjóði verkamanna ákveðið fjármagn í þessu frv. Ég get mjög vel skilið, að hv. þm. hafi mikla löngun til að tryggja þessum sjóði sem mest fjármagn, mér finnst það eðlilegt og rétt, og þess vegna eru þessir tveir sjóðir settir hlið við hlið í frv., byggingarsjóður sveitanna og verkamannabústaðasjóðurinn, að það er ætlazt til þess, að báðir þessir sjóðir fái fé úr þessu kerfi, sem hér er um að ræða. Hitt er svo allt annað mál, að byggingarmál sveitanna og byggingarmál þéttbýlisins eru allmjög annars eðlis. Byggingarsjóður sveitanna hefur fengið fé á annan hátt en hefur verið um að ræða fyrir þéttbýlið. Og það var á seinni stigum þessa máls, — ég get lýst því alveg hreinskilnislega yfir, — að byggingarsjóður sveitanna var tekinn inn í þetta kerfi. Ég hafði lengi vel vonað og skal viðurkenna það, að byggingarsjóður sveitanna gæti e. t. v. bjargazt með þá möguleika, sem hann áður hefur haft, með lántökum hér og þar og slíku, til þess að geta sinnt hlutverki sínu, sem er að losna við óhæfar íbúðir í sveitum, sem því miður eru margar enn, og koma í þess stað upp mannsæmandi íbúðum. En svo var það greinilegt, þegar leið á s.l. ár, að þetta var ekki hægt lengur. Það varð alveg séð, að sá sjóður yrði fjárvana, ef ekki yrði gripið til þeirra úrræða að útvega honum á einhvern hátt nýtt fjármagn. Þetta er að sjálfsögðu í sambandi við möguleika ræktunarsjóðsins líka, en eins og hv. þdm. vita, þá er svo til ætlazt, að þessir sjóðir fái fé framvegis úr þeim hluta af mótvirðissjóðnum, sem Framkvæmdabankinn fer með, sem ætlaður var til sveitanna. En framkvæmdir hafa svo stóraukizt í sveitum síðustu árin og sérstaklega hið síðasta ár, að þeir voru alveg að þrotum komnir hvað þetta atriði snertir, og ríkisstj. öll féllst á þessar röksemdir, að það væri ekki um annað að gera til þess að firra stórkostlegum þjóðarvoða. Ég hef ekki trú á því, að hv. 4. þm. Reykv. eða nokkur hv. þm. teldi, að það væri eðlilegt og gott, að nokkur hundruð sveitaheimili legðust í eyði á næstu árum vegna þess, að ómögulegt væri að reisa þar mannsæmandi íbúðir. Þetta er grundvöllurinn í málinu. Og eins og þetta mál lá fyrir, þegar búið var að átta sig á þessu og ríkisstj. var öll sammála um, að það yrði að leysa húsnæðismál dreifbýlisins eða sveitanna um leið og hitt, þá var vitanlega um ekkert annað að gera en í lögunum sjálfum að taka einhverja fjárhæð frá í því efni, vegna þess að verkefnin eru í raun og veru svo óskyld.

Þetta var mál, sem kom inn á sínum tíma, og það var að okkar áliti miklu eðlilegra, að þetta væri þá strax tekið frá, heldur en að enginn vissi, hvað af því, sem þarna kemur inn, sem þó er nokkuð fast ákveðið samkvæmt þeim skuldbindingum, sem Landsbankinn hefur tekið á sig, færi til sveitanna, og hitt aftur til bygginga í þéttbýlinu. Þetta er ein aðalröksemd fyrir því frá minum bæjardyrum séð, að ákveðið er í grg. frv., að næstu tvö ár skuli byggingarsjóður sveitanna fá 12 millj. kr. hvort árið, en í frv. sjálfu, eins og það liggur nú fyrir, eru sjóðirnir nákvæmlega jafnréttháir og eru því í framtíðarlöggjöfinni settir algerlega hlið við hlið hvað snertir lánveitingar eða fjármagn til þeirra. Svo verð ég nú að segja það, að þó að ég frá upphafi hafi verið fylgismaður laganna um verkamannabústaði, þá er ég þó alls ekki á því, að sú löggjöf eigi að vera óbreytt, hvernig sem um annað fer í þessu atriði. Og ég tel, — segi það alveg eins og það er, — að það sé mjög hæpið að láta mikið fé til verkamannabústaðasjóðanna, nema nokkrar breytingar verði á þeim lögum gerðar.

Ég skal t. d. taka það fram, að ég sé ekki, að það sé nein sanngirni í því, að það sé lánað út á íbúð í verkamannabústað helmingi meira eða meira en helmingi meira, stundum kannske allt að þrefalt á við það, sem lánað er út á heil íbúðarhús í sveitum. En það er þetta, sem gert hefur verið. Það hefur ekki verið lánað meira en 60 þús. kr. út á heil íbúðarhús í sveitum, og það hefur verið látið ganga jafnt yfir alla, hvort sem það er örfátækur bóndi, sem byggir hið allra minnsta, eða það er betur efnaður bóndi eða stærri bóndi, sem verður að hafa stærra hús vegna meiri búrekstrar. Ég verð að segja, að mig undrar það ekki, þó að það gangi seint að byggja yfir fólk samkvæmt lögunum um verkamannabústaði, ef svona er á fénu haldið. Það hefur allt öðruvísi verið á þessu haldið í sveitunum. Þetta hefur verið látið út í meiri smáskömmtum, ekki af því, að það hefði ekki verið nauðsynlegt og gott fyrir bændurna að fá 120 eða 150 þús. í hvert hús með þeim lágu vöxtum, sem á lánunum hafa verið. Þeir hefðu sannarlega tekið við því. En það er bara af því, að það þótti ekki fært, það þótti réttara og betra að deila þessu meira niður og bændurnir yrðu svo sjálfir að öðru leyti að skrapa saman það fé, sem þar er um að ræða. Og án þess að ég ætli neitt verulega að fara að dæma um það, hvort þeir verkamenn, sem búa í verkamannabústöðum, eða bændur almennt séu betur settir, þá er ég þó alls ekki við því búinn að segja, að hlutur bænda sé eitthvað betri í þessu efni, þannig að þeir séu betur settir til þess að standa undir mjög miklum byggingarkostnaði en þeir verkamenn, sem eru í verkamannabústöðum.

Ég veit, að lögin um verkamannabústaði, að því leyti sem þau hafa getað verið framkvæmd, hafa gert ágætt gagn. Og ég er glaður yfir þeirri framkvæmd. En ég held, að löggjöfin sé gölluð og það þurfi að breyta löggjöfinni. Þess er ekki að vænta, að fátækir bændur í sveitum sætti sig við það, að þeir geti aðeins fengið helming eða einn þriðja af því fjármagni, sem veitt er í hverja íbúð í verkamannabústöðum, til þess að byggja yfir sig í sveitum. Þess vegna er það mín skoðun, að það þurfi að taka þessa löggjöf til endurskoðunar að einhverju leyti, kannske þá með hliðsjón til endurskoðunar á lögunum um byggingarsjóð sveitanna.

Það er ýmislegt fleira, sem er algerlega úrelt orðið í þessari löggjöf, eins og t. d. um tekjur manna o. fl., og þess vegna er það ábyggilega mikil nauðsyn, að þetta sé allt tekið til meðferðar. En þess vegna eru verkamannasjóðirnir að sjálfsögðu settir inn í frv., að það er ætlazt til þess, að þeir hafi algert jafnrétti við aðra þá aðila, sem til greina koma í þéttbýlinu, til þess að reisa hús yfir venjulega borgara.

Mér fannst skylt fyrir mig að taka þetta fram. Ég vil vísa því frá mér, og ég má segja, að ég tala þar fyrir hönd allrar ríkisstj., að það sé um nokkurn fjandskap að ræða gagnvart verkamannabústaðalöggjöfinni. Frá minni hálfu er það síður en svo. Ég hef verið hrifinn af þeirri löggjöf fyrir ýmis ákvæði, sem í henni eru og ég tel rétt, varðandi það, á hvern hátt menn geta eignazt sínar íbúðir, og annað slíkt. En einu megum við vara okkur á, og það er það m. a. að álita ekki, þó að einhvern tíma hafi verið sett löggjöf, kannske góð löggjöf, að þá megi aldrei breyta henni aftur. Þetta verður alltaf að endurskoðast með tilliti til annarra hluta í þjóðfélaginu, þannig að hæfilegt jafnvægi sé þar í milli. Það jafnvægi er áreiðanlega ekki nú milli þess, sem verkamannabústaðasjóðirnir hafa varið til lánveitinga, og hins, sem gert hefur verið í sveitum í þessu efni. Og þegar á að fara að gera svona allsherjarráðstöfun eins og gerð er með þessu frv., setja allt þetta í eitt kerfi, skulum við segja, þá er ómögulegt annað en að einmitt þessir hlutir, sem hafa nú verið látnir liggja og þróast svona hver um sig, verði teknir sameiginlega til meðferðar og athugunar.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi láta líta svo út, að gagnið af þessari löggjöf, ef þetta frv. verður að lögum, mundi verða nokkuð lítið. Ég held, að hv. þm. hafi sagt í niðurlagi sinnar ræðu, að nokkurri fyrirgreiðslu væri heitið til þeirra, sem sæmileg fjárráð hefðu, en aftur þeir, sem verst væru settir, bæru ekkert eða sama og ekkert úr býtum. Þetta er alls ekki rétt, eins og ég veit að hv. þm. viðurkennir og veit sjálfur, því að sá kafli frv., sem fjallar um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, ætlast til þess, að á næstu árum verði þeim íbúðum, sem taldar eru heilsuspillandi, og þá ekki sízt braggaíbúðunum, en um leið öðrum slíkum íbúðum, sem jafnast á við þá, hvort sem er hér í Reykjavík eða annars staðar á landinu, verði útrýmt eftir skipulagðri áætlun. Hv. þm. gerir að vísu í sínum brtt. till. um allmiklu meiri fjárráð í þessu skyni og ætlast til, að ríkið hafi forgöngu um það. Ríkisstj. leit svo á, — og ég skal segja, að ég lít alveg sérstaklega svo á, — að það sé alveg sjálfsagt, að það séu sveitarfélögin, sem hafi forgöngu um þetta mál, en svo eigi ríkið að koma á móti, þegar um slík vandræðamál er að ræða eins og hafa skapazt af þessum ástæðum.

Sú n., sem undirbjó frv., gerði um þetta efni till., sem að vísu ganga nokkru hraðar um það — með nokkru meira fjármagni en er nú í frv. — að útrýma íbúðunum, en er þó algerlega á

sömu leið. Og eftir þeirri áætlun, sem n. gerði um þessi efni og hafði aflað sér upplýsinga um, þá á það ekki að taka nema tiltölulega fá ár að ljúka þessu, ef myndarlega er af stað farið með þetta, bæði af hálfu sveitarfélaganna og svo að sjálfsögðu að ríkissjóður standi við það, sem hann hefur lofað um framlög á móti. Það er því að mínum dómi alls ekki rétt, þegar hv. stjórnarandstæðingar eru að láta líta svo út, að það sé í þessu efni ekkert gert, sem að neinu gagni geti komið. Það er ekkert nema stigmunur á milli þeirra till., sem hv. stjórnarandstæðingar hafa borið fram, bæði í Nd. og eins hér, um fjárframlög í þessu skyni. Það má segja, að það sé málefnamunur um það, að það sé ríkið, sem eigi að standa fyrir útrýmingunni. Og þar er um meiningarmun að ræða, algerlega a. m. k. að því er mína skoðun á þessum málum snertir, og það kom ekki fram í þeim umr., að ég man, sem fram hafa farið, hvorki innan ríkisstj. né í þeim n., sem að þessu hafa unnið, að annað kæmi verulega til greina en að sveitarfélögin sjálf yrðu að hafa forgönguna og fá svo framlög á móti. Þetta er sá hópur manna, sem verst er settur vitanlega í byggingarmálunum, og víst væri gleðilegt og gott að geta gert þetta á sem allra skemmstum tíma, jafnskömmum tíma og hv. 4. þm. Reykv. leggur til, sem mig minnir að séu nú 5 ár eða eitthvað svoleiðis. En ég er á því, að það muni ekki svo miklu, ef unnið er eftir þeirri áætlun, sem er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, — það muni ekki svo miklu, kannske tveim árum eða svo, að hægt sé að komast býsna langt í þessu efni, eftir því sem nú er ástatt.

Ég er hv. 4. þm. Reykv. sammála um það, að næsta stigið upp á við getum við þá sagt að séu verkamannabústaðir fyrir þá, sem nokkru betur eru settir en þeir, sem eru í lægsta flokknum, og því sé rétt, þegar búið er að endurskoða ákvæði þeirrar löggjafar, að tryggja það, að fjárráð fáist til þeirra hluta. En í sambandi við það vil ég taka fram, að þá er einnig mjög nauðsynlegt, að það sé mjög vel vinzað úr, að það séu einmitt þeir menn, sem illa eru settir fjárhagslega eða með mikla fjölskyldu, sem þá sitja fyrir slíkum lánum. Það er alltaf, þegar á að úthluta slíku, að það er erfitt að gera það, og mér dettur aldrei í hug að fara eftir hálfgerðum Grósögum, en það eru afar margir, sem segja mér, að það hafi margir fengið íbúðir í verkamannabústöðunum, sem væru tiltölulega vel efnalega settir og hefðu kannske átt að víkja til hliðar fyrir öðrum, sem verr væru settir. Þetta er nú máske slaður, sem ég geri ekki mjög mikið úr, en hitt veit ég, að það er vandi að fara með þessi mál, svo að réttlát lausn fáist.

Svo kemur þriðji hópurinn að sjálfsögðu, sem verður að búa við þau lánskjör, sem eru á venjulegum markaði á hverjum tíma, sem byggt er, og það hygg ég að allir hljóti að vera sammála um, að það er ekki um annað að gera en að láta alla þá, sem eru sæmilega efnum búnir eða hafa sæmilega aðstöðu í þjóðfélaginu, búa við það á þann hátt.

Ég vil því halda fram, að einmitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé umgerð um það að veita fé í þessu þrennu skyni. Það eru þeir, sem verst eru settir, búa í óhæfu húsnæði, sem á að byggja yfir með beinni aðstoð sveitarfélaganna og ríkissjóðs, og enginn skyldi vera glaðari en ég, ef hægt væri að auka það, sem nú er í frv., fljótlega til þess að ljúka þessu verki sem allra fyrst. En ríkisstj. hefur sett sér að setja ekki annað í þetta frv. en hún teldi öruggt að væri hægt að standa við nú næstu árin, og það er áreiðanlega hægt, hvenær sem er og ef eitthvað rætist úr, að auka það, sem hægt væri að veita í þessu skyni, og við skulum vona, að svo gæti orðið.

Þetta er nú það, sem mig langaði sérstaklega til að taka hér fram. Ég skal viðurkenna, að þetta hefði heldur átt að segjast við 1. umr. málsins, en mér fannst ræða hv. 4. þm. Reykv. gefa nokkra ástæðu til þess, að svona almennt væri nú talað um þetta.

Hv. 4. þm. Reykv. gaf í skyn, að mér virtist, að lífeyrissjóðir þeir, sem lánað hafa að undanförnu fé sitt því nær eingöngu til íbúðarhúsbygginga fyrir sjóðfélaga sína, mundu verða að lána nú gegn óhagstæðari kjörum en áður hefði verið. Þetta er, hygg ég, hrein fjarstæða. Það hefur engum dottið í hug, að það væri farið að breyta þeim kjörum, sem lífeyrissjóðirnir láta. Hitt er rétt, að það fé, sem þeir láta, er tekið inn í þetta kerfi.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á það, sem segir í nál. því, er frv. fylgir, og er frá þeirri n., sem þetta mál undirbjó að mjög miklu leyti, þar sem þeir segja, að það séu einkum 4 atriði, sem einkenna ástandið í byggingarmálunum. Það er í fyrsta lagi, að talsverður húsnæðisskortur ríkir. N. tekur ekki dýpra í árinni en þetta, og tel ég, að það muni vera rétt, enda hefur það ekki verið gagnrýnt. Í öðru lagi er geysimikið húsnæði í byggingu, og það vita allir, að svo er, og húsnæðisvandræði hljóta því að minnka til allverulegra muna, þegar þetta húsnæði væntanlega losnar nú smátt og smátt, og einmitt þetta veðlánakerfi og það nýja fé, sem á þann hátt kemur fram, fer vitanlega að nokkru leyti fyrst til þess að láta út í byggingar, sem eru ekki fullbyggðar, og koma þeim þannig í gang sem allra fyrst. Svo er þriðja atriðið, að mikið skipulagsleysi er ríkjandi í byggingariðnaði og við verzlun. Ég skal ekki fara inn á það frekar en ég gerði við 1. umr., en þetta skipulagsleysi hefur m. a. lýst sér í því, að enginn hefur raunverulega vitað, hvað mikið fé fer í byggingar hér á landi, þegar allt kemur til alls. Þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ekki sízt ætlað að koma hreinu skipulagi á þetta, með því að lánsstofnanirnar eða Landsbankinn hefur lofað því að setja sig í samband við allar helztu lánsstofnanir hér á landi, bæði banka, sparisjóði og jafnvel einhverjar aðrar stofnanir, til þess að fá þetta sett í eitt kerfi, þannig að þjóðin viti miklu betur, hvað er verið að gera, og það séu á hverjum tíma til fullnægjandi upplýsingar fyrir Alþ. og ríkisstj. til þess að átta sig á því. Ég hygg, að það sé alveg rétt, sem hér er síðar rökstutt í þessu áliti, að einmitt húsnæðisvandamálið hjá okkur er að töluvert miklu leyti vöntun á skipulagi, og þá m. a. á þessu skipulagi. Það er líka vöntun á öðru skipulagi, því að reyna að gera húsin ódýrari með að „standardisera“ vissa

hluti af húsunum, og margt fleira, sem hægt væri að gera í þessu sambandi, en ég nefndi það nokkuð við 1. umr. og skal ekki koma frekar inn á það.

Ég skal ekki fara að hafa þetta miklu lengra, að ég hygg. Ég verð að viðurkenna, að mér hefur komið það dálítið á óvart, hvernig hv. stjórnarandstæðingar hafa tekið þessu frv. Mér kom ekki á óvart, að þeir kæmu með allmiklar brtt. við það. Það er eðlilegt og sjálfsagt, því að það vitum við, sem höfum undirbúið frv. og verið með í því frá byrjun, að við hefðum að sjálfsögðu kosið, að hægt væri að gera meira og lofa meiru en gert er í þessu frv., þótt við alls ekki höfum treyst okkur til að gera það, eins og nú er ástatt í þessum efnum. En þeir hafa gengið jafnvel svo langt, að því er haldið fram, — og beini ég því ekki sérstaklega til hv. 4. þm. Reykv., — að frv. kannske væri til bölvunar og ekkert gagn að því á neinn hátt, og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa jafnvel greitt atkv. á móti því. Það þykir mér mjög óeðlilegt í alla staði, því að hvað sem að öðru leyti má að þessu frv. finna, þá er ég þó alveg sannfærður um, að það hefur ekki fyrr verið gert meira til þess að koma þessum byggingarmálum almennt á raunhæfan grundvöll og vitað fyrir fram, að við það, sem lofað er í frv., verði staðið til að byrja með, þótt ekki sé nema um tvö ár. Kannske verður allt komið um þverbak hjá okkur að tveim árum liðnum, bankagjaldþrot og ríkisgjaldþrot o. s. frv., ég skal ekkert um það segja, ég er ekki spámaður, — en ef það verður ekki, þá er ég ekki í neinum vafa um, að það verður fyllt út í þetta kerfi. Því verður kannske breytt að einhverju leyti, vonandi til bóta til að auka fjárhæðina og ef mögulegt væri til þess að fá það fé að einhverju leyti með lægri vöxtum en hér er gert ráð fyrir og gera það á þann hátt fullkomnara. Það er að mínum dómi ekki lítils virði, að hér er gerð alvarleg tilraun undir forustu þjóðbankans til þess að koma hér upp raunhæfu veðlánakerfi, sem áreiðanlega allir, sem einhver afskipti hafa af fjármálum hér og hafa sett sig eitthvað inn í þau, vita að er bráðnauðsynlegt, m. a. til þess að reyna að útiloka svartamarkaðsstarfsemi í lánum og annað slíkt, sem að sögn a. m. k. hefur blómgazt hér í ríkum mæli að undanförnu. Og það held ég að verði alltaf burðarás í því, sem gert verður á næstu árum eða jafnvel áratugum hjá okkur, að útfylla og bæta það veðlánakerfi, sem hér er um að ræða, og gera það á þann hátt nothæfara til þess að standa undir byggingarframkvæmdum, íbúðarhúsaframkvæmdum fyrir fólk bæði í þéttbýli og í strjálbýli, og gera það á þann hátt betra til þjónustu en nú er. Þess vegna er það, að ég vænti þess nú fastlega, að hv. Ed. samþ. frv. í því formi, sem það nú er. Þetta er samkomulagsmál, sem mikið er búið að starfa að og lengi, og það má ekki stofna því í voða með því að fara að gera neinar breytingar á því nú að þessu sinni. Vonandi kemur Alþ. saman eftir skamman tíma aftur, og má þá náttúrlega búast við, hvort sem það verður á næsta Alþ. eða einhvern tíma fljótlega, að breytingar verði að gera á annarri eins nýsmíð og þetta frv. er.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég mun ekki tala hér langt mál að þessu sinni frekar en ég gerði í gær, er ég hafði framsögu fyrir meiri hl. n. um þetta mál.

Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HG) get ég vísað til ræðu hæstv. félmrh. (StgrSt), sem hann hefur nýlokið við, um öll almenn atriði. Ég verð þó aðeins að minnast á það, sem hv. 4. þm. Reykv. vék að mér og minni framsöguræðu. Hann sagði, að það mundi vera oflof hjá mér um frv. og smíði þess, að þetta væri stærsta átak, sem nokkurn tíma hefði verið gert í byggingarmálum þjóðarinnar. Ég nefndi nú fleira en frv. Ég sagði, að frv. og þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefði gert í sambandi við það, væru stærsta átakið, sem gert hefði verið hingað til í byggingarmálum þjóðarinnar. Eða getur hv. 4. þm. Reykv. frætt mig og aðra um það, hvenær hafi verið tryggðar 200 millj. kr. alveg sérstaklega til bygginga um næstu tvö árin? Ég hygg, að það hafi ekki verið t. d. á þeim árum, þegar þessi hv. þm. var félmrh. Hér á árunum voru samþ. ýmis l. að vísu, — ég man ekki svo eftir þeim öllum, — en það var sá galli á þeim mörgum, að það var bara pappír — orð, sem ekki voru framkvæmd.

Frá hendi meiri hl. n. verð ég að segja það, að meiri hl. hefur ekki tekið brtt. á þskj. 748 sérstaklega til athugunar, eftir að þær komu fram. Samt sem áður hafa þau atriði, sem þar um ræðir, a. m. k. flest, komið til umræðu í fjhn., áður en hún klofnaði, því að hv. 4. þm. Reykv. á sæti á fjhn. og hreyfði þar þessum atriðum og lagði sérstaka áherzlu a. m. k. á eitt þeirra, sem hann flytur nú brtt. um. Og í því, að meiri hl. tók ekki undir hans munnlegu till. í n. og leggur til í sínu nál., að frv. verði samþ. með þeirri einu breytingu á 1. gr., sem meiri hl. gerir till. um, liggur vitanlega afstaða til till. frá hv. 4. þm. Reykv., að meiri hl. leggur að sjálfsögðu til, að þær till. verði felldar.

Þessar brtt. hv. þm. finnst mér ekki það veigamiklar, að hans stóra ræða og miklu harmatölur um það, hvað frv. væri ófullkomið og gagnslítið, geti samrýmzt till. hans, því að eftir ræðu hans að dæma hefði mátt búast við miklu stórfelldari brtt. en hv. þm. hefur gert.

Þessar brtt. hans eru eiginlega í tveim flokkum. Að sumu leyti eru það formsbreytingar, og hinn flokkurinn er svo auknar kröfur til fjárframlaga fram yfir það, sem í frv. er.

1. brtt. lýtur að formsbreytingu og fleiri till., sem sé að afnema þá húsnæðismálastjórn, sem frv. gerir ráð fyrir, og félmrh. fari með stjórn húsnæðismála, sérstakri stofnun verði falin hin tæknilega hlið, en ríkisstj. skipi eftir tilnefningu bankanna 5 manna nefnd til þriggja ára í senn til að ákveða lánveitingar samkv. lögunum.

Þessi breyting og þær till., sem að henni lúta, eru ekki eins mikil efnisbreyting og hv. 4. þm. Reykv. vildi vera láta. Í síðustu málsgr. 2. gr. frv. stendur:

„Við lausn þessara mála skal húsnæðismálastjórn leita eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem atvinnudeild háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, byggingarnefndir,

skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðarhluta."

Hv. þm. færði þau rök í þessu efni, að það mundi varla vera á færi þessarar n. að hafa sérþekkingu til þess bæði að úthluta lánunum og hafa forgöngu um tæknileg atriði. Hér er gert ráð fyrir, að n. einmitt hafi samráð við marga aðila um tæknileg atriði, og sýnist mér alveg eins vel gengið frá því í frv. og í till. hv. þm.

Um þær till., sem lúta að auknum fjárframlögum til vissra greina þessara mála, er það að segja, að það væri að vísu gott að geta orðið við þeim kröfum. Það má alltaf færa rök fyrir því, að þörf sé á fé til nauðsynlegra framkvæmda, en gallinn er bara sá, að það rignir ekki peningum í ríkissjóð ofan úr himninum. Ríkissjóður samanstendur af því fé, sem landsmenn greiða. Greiðslugeta þeirra er takmörkuð, og þess ber að gæta, að það er ekki einasta til ríkissjóðsins, sem landsmenn verða að greiða, heldur til bæjar- og sveitarfélaga ekki svo litla upphæð. Þar af leiðandi verður því miður oft að takmarka fjárframlög, sem hægt er þó að viðurkenna, ef nóg fé væri fyrir hendi, að væru æskileg.

Aðaláherzluna lagði hv. þm. á byggingarsjóð verkamanna, bæði meðan frv. var til umr. í n. og eins nú í ræðum sínum, og vill setja inn í frv., að skylt sé að lána byggingarsjóði verkamanna og byggingarsjóði 12 millj. kr. hvorum árlega næstu 5 ár. En í 7. gr. frv. stendur: „Heimilt er að lána byggingarsjóði og byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán." Hér er að vísu engin upphæð nefnd. Það mun vera afráðið að veita byggingarsjóði, þ. e. a. s. byggingarsjóði sveitanna, 12 millj. kr. á ári í næstu tvö ár, en ekki afráðið, hvað mikið af þessu fé verður látið til byggingarsjóðs verkamanna. Það kann vel að vera, að það verði 12 millj. kr., ef á því þykir þörf og fé að öðru leyti fyrir hendi, sem ekki þarf að nota til annars í þessu efni. Ég skal ekki segja um það, en þetta verður að meta á hverjum tíma. En í frv. sjálfu er byggingarsjóði verkamanna ekkert gert lægra undir höfði en byggingarsjóði sveitanna.

Annars er samanburður hv. þm. á kjörum sveitamanna og kaupstaðabúa í þessu efni töluvert einhliða, og þar nægir ekki að tala um byggingarsjóð verkamanna. Það er talið, að það sé afráðið að verja 12 millj. kr. á ári til byggingarsjóðs sveitanna, eða 24 millj. kr. af þessum 200 millj. kr., en allt hitt fé á að ganga til kaupstaða og kauptúna, svo að mér sýnist, að það þurfi ekki í sambandi við þetta mál að telja eftir, þó að jafnvel byggingarsjóður fengi 12 millj. kr. á ári í tvö ár, og þar með á auðvitað að láta til byggingarsjóðs verkamanna.

Út af brtt. hv. þm. við 13. gr. er það að segja, eins og hæstv. ráðh. benti á, að hér er auðvitað um a. m. k. helmingi meira fé að ræða en í frv. stendur, því að ætlazt er til, að jafnmikið komi á móti frá bæjar- og sveitarfélögum, og þegar þess er gætt, að helzt er að skilja svo, að þetta verði næstum því styrkur, þá verð ég að segja, að það er ekki svo lítið fé, sem þarna er veitt.

Hv. þm. varði nokkrum hluta ræðunnar til þess að skýra frá, hvernig þessu væri fyrir komið í öðrum löndum, sem hann þekkti til, Norðurlöndum, Bretlandi og í Mið-Evrópu, og þar væri það alls staðar þannig, að mönnum væri skipt í flokka, þeim væri hjálpað mest, sem verst væru staddir, og öðrum minna. En þegar hann var að lýsa þessu, þá fannst mér í raun og veru hann bara vera að lýsa því, hvað hér er gert á Íslandi og hér á að gera samkv. þessu frv. Ég fann ekki muninn á því. Það á að veita fé til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, og það má ætla, þó að það kunni ekki að vera undantekningalaus regla, að þeim, sem verst eru staddir, búa í slíkum íbúðum, á að hjálpa, svo að mér skilst, að jafnvel alveg eignalausir menn geti komizt í sæmilegar íbúðir. Svo er byggingarsjóður verkamanna, sem lánar fé með mjög góðum kjörum og á áfram að gera það samkv. þessu frv. og samkv. því frv., sem samþ. var hér fyrir nokkru um breytingar á l. um byggingarsjóð verkamanna. Þar var lítilfjörleg vaxtahækkun að vísu í samræmi við það, sem almennt hefur orðið í landinu, en þó eru vextir það lágir, að það mega teljast ákaflega góð lánskjör eftir sem áður í byggingarsjóði verkamanna, og svo hitt, að menn geta þar fengið há lán, meira en helmingi hærri lán en t. d. bændur fá til íbúðarhúsabygginga hjá sér, eins og hæstv. ráðh. vék að. Ég sé því ekki annað en að það hafi sumpart verið framkvæmt hér á Íslandi á undanförnum árum og sérstaklega þegar þetta frv. verður að l., þá verði þessi mál framkvæmd á ákaflega svipaðan hátt og hv. 4. þm. Reykv. lýsti að gert væri í þeim löndum, sem hann þekkti til.

Hv. þm. var með útreikninga, hvað mikið af tekjum manna færi í byggingarkostnað, jafnvel þó að þeir byggðu með lánum úr byggingarsjóði verkamanna; það yrði allmikill hluti. Hann miðaði við Dagsbrúnarkaup og 8 tíma vinnu, en það mun nú hafa verið svo á undanförnum árum og ekki bein ástæða til að halda, að það breytist, að ég hygg, að flestir Dagsbrúnarmenn hafi unnið meira en 8 tíma á dag og fengið þar af leiðandi töluvert miklu hærri tekjur en eftir þessum útreikningi. Og sannleikurinn er sá, það þekki ég af eigin raun, að hver maður á sæmilegum aldri með fulla heilsu líður ekkert tjón af því, þótt hann vinni t. d. 10 tíma á dag, og flestir þeir, sem eru að koma yfir sig húsi, mundu vera fúsir til að leggja það á sig og leggja þá það aukafé í byggingarkostnaðinn.

Ég vil ekki tefja tímann með því að hafa þessi orð fleiri, — það þýðir ekki að vera að rekja ræðu hv. 4. þm. Reykv. lið fyrir lið, — en enda með því, sem ég hef sagt áður, að meiri hl. fjhn. ræður til að samþ. frv. óbreytt að öðru leyti en því að samþ. brtt. á þskj. 727.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Hæstv. félmrh. og hv. frsm., 1. þm. Eyf. (BSt), hafa nú svo skýrlega hrakið fullyrðingar hv. 4. þm. Reykv. (HG), að ég þarf þar ekki miklu við að bæta, en ég vil þó ítreka það, sem sagt var, að algerlega er rangt með farið, þegar því er haldið fram, að hallað sé á kaupstaði eða kauptún með þessari lagasetningu. Það er, ef

nokkuð er, þvert á móti. Sveitunum er ekki tryggt meira með þessari löggjöf og þeim ummælum, sem höfð eru í aths. við hana, heldur en þær hafa haft undanfarin ár. Um margra ára bil hefur verið tryggt á einn eða annan veg, að hægt væri að fullnægja lánaþörfinni til sveitabygginga, að vísu með þeim miklu takmörkunum, að ekki hefur verið lánaður nema lítill hluti út á byggingarkostnað hvers húss.

En varðandi kaupstaðina hefur þetta verið með allt öðrum hætti. Segja má, að nú um aldarfjórðungsbil hafi allt veðlánakerfi til kaupstaðanna gersamlega verið í ólestri. Ég skal ekki rekja ástæðurnar til þess, en þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að hagga. Það hefur verið reynt að bæta úr þessu öðru hverju, en þær tilraunir hafa ýmist beinzt að takmörkuðum sviðum þessa máls eða algerlega mistekizt og stundum hvort tveggja. Það er t. d. ómótmælanleg staðreynd, að þó að hátt væri undir ris í fyrirætlunum og fyrirheitunum í þeirri löggjöf um húsnæðismál, sem sett var 1946 og þáverandi hæstv. félmrh., ágætur maður, þótt í Alþfl. væri, beitti sér fyrir, eftir áskorun, sem ég og aðrir þm. höfðum fram flutt og fengið samþ. hér á Alþ., — að þó að mikið væri látið í þessari löggjöf um ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, þá voru ákvæðin ætíð svo óraunhæf, að greinilegt var frá fyrsta degi, að þau mundu ekki geta komið að gagni. Ég minnist þess, að ég benti á það í umr. hér á Alþ., að svona mundi þetta fara, og raunin varð líka því miður sú, að ríkisstj. neyddist til þess á árinu 1947 eða 1948 að fá þessi fyrirmæli gerð óvirk. Slík löggjöf kemur vitanlega ekki að gagni, þó að í góðum hug sé sett og enginn efist um, að allt gott hafi vakað fyrir þeim, sem stóðu að þessari löggjöf, en það var ekki miðað við hið raunverulega ástand, hvað hægt var að framkvæma, og þess vegna fór eins og fór.

Það er einnig vitað, að lögin um verkamannabústaði hafa gert mikið gagn, alveg eins og hin löggjöfin hefði gert, ef hún hefði verið framkvæmanleg. Það er vitað og óumdeilt, að lögin um verkamannabústaði hafa gert mjög mikið gagn, og þeir af flokksmönnum hv. 4. þm. Reykv., sem þar hafa haft forustu, eiga vissulega þakkir skilið, en um það verður ekki deilt, að löggjöfin er nú orðin úrelt. Það er því miður svo, að hún veitir litlum hóp manna, sem engin trygging er fyrir að helzt séu hjálpar þurfandi, meiri hlunnindi en hægt er að veita öllum almenningi. Slík löggjöf getur ekki leyst nema lítinn hluta þess vandamáls, sem hér er um að ræða, og eins og hæstv. félmrh. sagði, þá er á því brýn nauðsyn, að bætt verði úr ágöllum þessarar löggjafar. Jafnskjótt og það hefur verið gert, þá er sjálfsagt að efla þá starfsemi enn meira en gert hefur verið, og jafnvel á meðan ekki er bætt úr göllunum, þá er rétt að draga ekki úr þeirri fyrirgreiðslu, sem þessi félög hafa notið á undanförnum árum, og það hefur engum dottið í hug við setningu þessarar löggjafar, að það yrði gert. Menn höfðu einmitt hugsað sér, að farið yrði svipað að og verið hefur, að annars vegar yrði reynt að halda í horfinu varðandi sveitirnar eins og verið hefur á undanförnum árum og alveg á sama veg yrði reynt að halda í horfinu varðandi verkamannabústaðina. En ég ítreka það, sem ég sagði áður, að um leið og nauðsynlegar endurbætur fást á verkamannabústaðalöggjöfinni, þá vil ég mega treysta því, að enn þá meira fé verði varið til verkamannabústaðanna en nokkru sinni áður, vegna þess að þá kemur löggjöfin að meira gagni en hún fram að þessu hefur gert.

Með þeirri löggjöf, sem hér er gerð tillaga um, er sem sagt ekki aðeins ráðgert að halda í horfinu varðandi sveitir og verkamannabústaði frá því, sem verið hefur, heldur einnig ætlað að koma fram stórfelldum umbótum til viðbótar. Þar má minna á það hagræði, sem sveitarfélögum verður veitt við útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og þar með þá fyrirgreiðslu, sem einmitt þeir borgararnir, sem verst eru settir og mestrar hjálpar þurfa við, fá einmitt með raunverulegum hætti í þessari löggjöf, en þeir fengu eingöngu eða að mestu leyti að nafninu til með húsnæðislöggjöfinni frá 1946.

Allt þetta hefur mikla þýðingu. Enn þá meiri þýðingu fullyrði ég þó að það hafi, ef raunverulega tekst nú að koma á skipun í veðmálakerfi þjóðarinnar á ný — skipun, sem rofnaði fyrir aldarfjórðungi og síðan hefur verið mesta ólag á, eins og ég þegar sagði.

Ég játa, að þetta frv. er aðeins byrjun, ég játa, að það er ófullnægjandi að veita ekki meiri lán en ráðgert er samkv. frv., og ég játa, að það er ekki örugg lausn til frambúðar, þó að samið sé um þetta til tveggja ára, en ég fullyrði, að hvort tveggja er miklu betra en núverandi ástand, sú óframd, sem ríkt hefur um margra ára bil. Það er um stórfellda framför að ræða frá því ástandi, og ég hef gerzt fylgismaður þessa frv., fyrst innan ríkisstj. og síðan hér á Alþ., í öruggu trausti þess, að með þessu væri einungis um upphaf að ræða, þar sem örugglega yrði stefnt að því að gera lánin stærri og hagkvæmari en þau eru nú í fyrstu, og upphaf að því leyti, að þjóðbankinn, Landsbanki Íslands, sem fyrst og fremst ber ábyrgðina á því ófremdarástandi, sem í þessum málum hefur ríkt um allt of langan tíma, hefur nú séð að sér og tekið upp nýja hætti og vill hafa forustuna um hollar framkvæmdir í þessu máli. Ég skil það að vísu, að hann hefur ekki treyst sér til þess að skuldbinda sig til ákveðinna framlaga nema um tveggja ára bil í fyrstu. En ég tel þá viðurkenningu, sem felst í frv. og þeim samningum, sem voru undanfari þess, milli ríkisstj. og Landsbankans, vera aðalatriði þessa máls, — þá viðurkenningu, að Landsbankanum beri að stuðla að heilbrigðu veðlánakerfi í landinu, ekki síður en að annarri lánastarfsemi. Og ég tel, að það muni ætíð verða talinn höfuðviðburður í þessum efnum, að sú viðurkenning fékkst, og að þeir verði taldir hafa unnið gott starf, sem mestar eiga þakkirnar fyrir, að svo heppilega hefur til tekizt.

Mér er það ljóst, að í þessum efnum sem öðrum er enginn vandi að segja, að enn betur hefði mátt til takast, eða bera fram fallegar till., sem gefa í skyn, að enn betur færi, ef þær væru samþ. Ég met slíkar till. ákaflega lítils, ekki sízt þegar þær koma frá þeim, sem hafa haft færi á

því að koma þessum málum í betra horf áður, en því miður ekki tekizt þar svo vel til, meðan þeir höfðu völdin, að þeir hafi af miklu að státa. Ég held þess vegna, að þeim væri sæmra nú að fallast á þá hóflegu og skynsamlegu byrjun, sem hér hefur verið hafin, og stuðla að friðsamlegum framgangi þessa frv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Mér skilst nú, að hæstv. dómsmrh. hafi staðfest fyllilega ummæli mín í upphafi ræðu minnar og þar með andmælt fullyrðingum hæstv. frsm. meiri hl. um það, að með þessu væri stærsta átakið gert hér í byggingarmálunum, sem nokkurn tíma hefur verið gert. Hæstv. ráðh. játar, að þetta sé mjög ófullkomið frv., þetta sé í raun og veru aðeins upphaf, aðeins tilraun til tveggja ára, eins og ég sagði í ræðu minni, að lánin séu of lág til þess, að almenningi sé gagn í þeim. Aðalvinningurinn við þetta frv. skilst mér vera sá, sem hæstv. ráðh. lagði mikið upp úr, að með því hefði fengizt viðurkenning Landsbankans á því, að honum bæri að hafa forustu í þessum málum. Hæstv. ráðh. er búinn að vera lengi í stjórn, óslitið alllangan tíma, og ég skil ekki, að það hefði verið ókleift fyrir ríkisstj. að láta Landsbankann viðurkenna skyldu sína í þessum efnum fyrr, svo að það sé neitt sérstakt afrek að guma af í þessu efni. Ég hef viðurkennt það áður, að það er hjálp í þessu frv. fyrir vissan hóp manna í landinu, sem er sæmilega efnum búinn, eins og ég kem að síðar.

Hv. frsm. færði til sönnunar því, að þetta væri stórkostlegasta átakið í byggingarmálum, sem gert hefði verið, að hér væri um að ræða að tryggja á tveimur árum lánsfé til íbúðabygginga, að upphæð 100 millj. kr. á ári, og spurði, hvað hefði verið gert í þessu efni, þegar ég hefði verið félmrh. fyrir meira en mannsaldri; þá hefði ekki verið lagt svona ríflega fram til byggingarmálanna. Það er alveg laukrétt hjá hv. frsm., en þá voru ekki heldur fjárl. með 520 millj. kr. eins og núna, þá voru fjárl. — við getum miðað við þau — rösklega 15 millj. kr. eða ekki nema 35. hluti af því, sem þau eru nú. Ég hef engar tölur fyrir mér til að sanna þetta með, en ég vil fullyrða, að það hafi ekki skort mikið á, að varið hafi verið til byggingarmála á þeim erfiðu árum 1935—1937 nálægt 6—7 millj. kr., sem er tilsvarandi upphæð við 200 millj. kr. nú, ef borið er saman við breytingarnar, sem orðið hafa á fjárl. Ég held því, að hv. frsm. meiri hl. hafi tekið fullmikið upp í sig með þessum fullyrðingum sínum.

Báðir hæstv. ráðh., dómsmrh. og félmrh., lögðu á það mikla áherzlu, að nauðsyn bæri til að breyta lögunum um verkamannabústaði, þau væru orðin úrelt, ef það ætti að auka starfsfé til sjóðsins. Ég verð nú að segja, að ef þeir eru svo sannfærðir um þetta og sérstaklega hæstv. félmrh., sem þessi mál heyra undir, þá hefði verið ákaflega eðlilegt, að þær breytingar hefðu verið bornar fram í sambandi við þetta frv. og þá um leið breytingar á fjáröflunarstarfsemi sjóðsins. Ég skal viðurkenna það, að það er án efa þörf á að endurskoða ýmis ákvæði í lögunum um byggingarsjóð verkamanna, enda væri annað ekki trúlegt, svo langt sem er síðan þau lög voru sett. En eigi að endurskoða þessi lög að því er snertir lánskjör, vexti og annað slíkt og færa þessi ákvæði laganna um þessi efni til samræmis t. d. við byggingarsjóð sveitanna og ræktunarsjóðinn, sem hér hefur verið gerður stöðugt samanburður á, þá þarf vissulega að athuga fleira en lánskjörin ein og vextina eina. Í fyrsta lagi þarf að athuga, til hve stórs hóps manna hverjum þessara sjóða er ætlað að taka. Sú athugun liggur ekki fyrir, en ég fullyrði, að það eru fleiri menn, sem samkvæmt lögum sjóðanna er ætlazt til að fái fyrirgreiðslu hjá byggingarsjóðum kaupstaðanna heldur en byggingarsjóði sveitanna.

Hvernig hafa þessir sjóðir fengið sitt starfsfé? Hér hef ég fyrir mér yfirlit yfir ræktunarsjóðinn í árslok 1954. Hann á eigið fé 25 millj. kr. og fer með 46 millj. kr., sem er ríkissjóðslán eða lán frá Framkvæmdabankanum. Útlán hans alls námu í árslok 1954 76½ millj. Útlán byggingarsjóðsins námu á sama tíma 61.7 millj. kr. Eigið fé þessa sjóðs er 37 millj., lán frá Framkvæmdabanka og ríkissjóði 21 millj. kr. Auk þess er veðdeild Búnaðarbankans, sem er að útláni 6.4 millj. kr., þar af eigið fé 2.5 millj. kr. Þetta eigið fé er allt myndað með framlögum úr ríkissjóði.

Til samanburðar er svo byggingarsjóður verkamanna, sem ég fullyrði að er ætlað að taka til fleiri manna en byggingarsjóður sveitanna; það gildir ekki alveg sama með ræktunarsjóðinn. Útlán þessa sjóðs eftir 25 ára starfsemi eru 41 millj. kr. Eigið fé er talið 28 millj. kr., en það er óinnheimt frá sveitarfélögum, sem er vafasamt um, talsverð upphæð af því, þannig að hann hefur ekki eigið fé nema 22 millj. kr. Ríkislán, sem hann hefur fengið, er 9.3 millj. kr., og framlag ríkissjóðs á ári er 1.7 millj. kr. En framlög ríkissjóðs til byggingarsjóðs sveitanna og ræktunarsjóðs hafa verið 5 millj. kr. síðustu árin.

Ef maður dregur saman það starfsfé, sem þessir sjóðir hafa, þá hefur byggingarsjóður verkamanna í útlánum 41.7 millj. kr., en hinir sjóðirnir, sem ætlaðir eru sveitunum, 144.6 millj. Eigið fé verkamannasjóðsins er 22 millj. kr., en eigið fé hinna sjóðanna er 64 millj. kr., myndað með framlögum úr ríkissjóði. (Gripið fram í.) Ég játa það, hann hefur sérstakt verkefni, þótt það að nokkru leyti gangi til bygginga. Ríkislán til byggingarsjóðs verkamanna er 9.3 millj. kr., en til hinna sjóðanna 66 millj. kr. samtals, þar af til byggingarsjóðs sveitanna 21 millj. frá Framkvæmdabankanum og ríkissjóði. Ég er því fullkomlega samþykkur, að það sé ástæða til að samræma starfsskilyrði og lánskjör þessara sjóða, en eigi að gera það, þá á einnig að skapa þeim hliðstæða aðstöðu til framkvæmda og starfsemi, þ. e. a. s. að gera hliðstæða aukningu á starfsfé byggingarsjóðs verkamanna og gert hefur verið hjá hinum. Þá er alveg eðlilegt að endurskoða í því sambandi vaxta- og lánskjör og annað slíkt. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Taki maður hins vegar til samanburðar aðeins byggingarsjóð sveitanna og byggingarsjóð verkamanna og telji með byggingarsjóði sveitanna veðdeild Búnaðarbankans, sem hefur alveg hliðstætt starfssvið, þá verður

samanburðurinn sá, að eigið starfsfé byggingarsjóðsins og veðdeildarinnar er um 40 millj. kr. og gert ráð fyrir að bæta við það samkvæmt því frv., sem ríkisstj. nú hefur lagt fram, af tekjuafgangi s. l. árs 4 millj., eða samtals 44 millj. kr., en ríkislánsfé og Framkvæmdabankans um 21 millj. kr., eða samtals til umráða hjá þessum sjóði nokkuð yfir 80 millj. kr. Hins vegar er umráðafé verkamannasjóðsins, kaupstaðasjóðsins, ekki nema 22 millj. kr. og 9 millj. kr. frá ríkissjóði. Ég skal ekki gera ýtarlegan samanburð á tölu þess fólks, sem sjóðunum er ætlað að liðsinna, en taki maður alla bændur á landinu, þá er tala þeirra rétt í kringum 6 þús. Hitt vita allir, að íbúar kaupstaða og kauptúna, sem koma til greina við lánveitingar úr byggingarsjóði verkamanna, eru miklu, miklu fleiri og þörf þeirra enn þá brýnni en hinna tiltölulega fáu, sem byggingarsjóðum sveitanna er ætlað til lána. — Þetta var svar til hæstv. ráðh. út af ummælum í ræðum þeirra.

Hv. frsm. meiri hl. sagði með réttu, að brtt. þær, sem ég ber hér fram, séu harla veigalitlar. Ég skal játa það, að þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Það stafar af því, að þessar till. eru bornar fram í þeirri von, að þær fáist samþ., og mér var það alveg ljóst, að ekki var nokkur von til þess að fá samþykkt meira en það, sem hér er lagt til, eftir þeim undirtektum, sem ég fékk hjá hv. meðnm. mínum.

Samkv. frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að um 15 millj. kr. af því fé, sem veðlánakerfið hafi til umráða, fari til sérstakra útlána, til byggingarsjóðs 12 millj. og til útrýmingar heilsuspillandi íbúða 3 millj., þ. e. a. s., að 85% af fénu sé ætlað til almennra, en ekki sérstakra útlána.

Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni áðan, að hann teldi þá stefnu sjálfsagða og eðlilega að láta alla sitja við sama borð, sem væru sæmilega stæðir efnalega, og viðurkenndi þar með, að ástæða væri til að gera sérstakar ráðstafanir vegna hinna, sem eru það ekki.

Nú kann að vera ágreiningur um það, hverjir geti talizt efnalega velmegandi, en ég þykist hafa sýnt nokkuð glögglega fram á það fyrr í ræðu minni, að til þess að geta notfært sér kjör veðlánakerfisins, eins og þau eru ákveðin í frv., þurfi maðurinn að vera svo settur, að hann geti greitt í húsnæðiskostnað ekki minna en 2000 kr. á mánuði, og ég get verið því samþykkur um þá, sem fara yfir það tekjumark, að þeir geti greitt slíka leigu, að það sé ekki óeðlilegt, að þeir sitji við sama borð, en þá þarf alveg bersýnilega að gera ráðstafanir vegna hinna mörgu, sem geta ekki risið undir slíkri húsaleigu. Til þess eru í frv., eins og það er núna, aðeins ætlaðar 3 millj. kr. í viðbót við þær 12 millj. kr., sem á að leggja byggingarsjóði sveitanna. Hvað mikið yrði veitt samkvæmt þeirri heimild til að lána byggingarsjóði verkamanna, sem er í frv., getur enginn sagt um. Það fer eftir því, hvað þeir, sem útlánunum stjórna, telja hæfilegt í því skyni. En eftir þeim undirtektum, sem ég heyrði hjá hæstv. félmrh. um að auka starfsfé byggingarsjóðsins, áður en búið sé að breyta lögunum, eru horfurnar ekki góðar. Því furðar mig á því, að hæstv. ráðh. skyldi ekki, eins og ég áðan sagði, leggja fram till. um breytingar á lögunum um verkamannabústaði eða þá að binda lánveitingar til hans því skilyrði, að lögunum verði breytt. Meðan svo er ekki, sé ég ekki, að honum sé ætlað sem neinu nemur.

Samkvæmt mínum till. er gert ráð fyrir því, að til byggingarsjóðs verkamanna renni 12 millj., til útrýmingar heilsuspillandi íbúða 10 millj. og að greiðslan á skuldum smáíbúðalánadeildarinnar færist á ríkissjóð, en ekki á veðlánakerfið. Yrðu þessar till. mínar samþ., **þá gengju 34 millj.** af þessum fyrirhuguðu 100 til þessara sérstöku lántakenda, sem geta ekki notað sér hin almennu kjör veðlánakerfisins. Það er sú meginbreyting tölulega, sem felst í mínum till., að í staðinn fyrir að leggja aðeins 3% til láglaunamanna í kaupstöðum sem aðstoð við byggingar, þá verði sú upphæð hækkuð upp í 10 millj. og 12 millj., eða upp í 22%. Yrðu þá enn til almennrar ráðstöfunar um 66 millj. kr. eða ⅔ af því fé, sem reiknað er með að veðlánakerfið hafi til umráða. Til viðbótar kæmi svo það fé, sem losnaði hjá smáíbúðadeildinni, sem einnig að sjálfsögðu yrði lagt til þeirra, sem búa við lökustu kjörin efnalega.

Þetta er í höfuðatriðunum tölulega innihaldið í mínum till., að það séu tryggð ekki minna en 34—35% auk einstakra **lánveitinga til handa** þessu fólki, sem vegna efnahags og tekna getur ekki notfært sér lánskjör veðlánakerfisins.

Hæstv. ráðh. sögðu báðir, að það væri lítið gagn í því að byggja skýjaborgir og glansmyndir, sem væru ekki raunhæfar. Ég er þessu alveg sammála. Ég vil fullyrða það, að þessar till. mínar eru í alla staði raunhæfar. Það, sem um er að ræða í sambandi við þessar till., er það, hve mikið af þeim væntanlegu 100 millj., sem veðlánakerfið hefur til umráða, á að tryggja því fólki, sem er svo sett efnalega, að það getur ekki fært sér í nyt þau lánskjör, sem veðlánakerfið býður. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að aðeins 3% af fénu renni til þeirra í kaupstöðum, sem eru undir þessu marki. Samkv. mínum till. er gert ráð fyrir, að a. m. k. 34% auk smáíbúðalánadeildarinnar verði varið í þessu skyni. Ég verð að telja, að þetta sé það allra minnsta og hóflegasta, sem hægt er að mælast til að þingið ákveði í þessu efni, ef það vill ekki bókstaflega binda þetta fé, 85 millj., eingöngu við sæmilega efnað fólk í kaupstöðum og kauptúnum.

Ég get bætt því við til sönnunar því, sem hv. frsm. sagði um, að mínar till. gengju ekki langt, að í nágrannalöndum okkar, sem ég drap nokkuð á í fyrri ræðu minni, var talið, að milli 60% og 80% af öllum íbúðabyggingum í þessum löndum sé styrkt af hinu opinbera með löngum, tiltölulega háum og vaxtalágum lánum. Ef mínar till. yrðu samþ., þá værum við þó ekki komnir lengra en svo, að rösklega þriðjungurinn af íbúðabyggingunum nyti þessara kjara.

Það er alveg þarflaust að hlakka yfir því, að ekki hafi orðið úr framkvæmdum samkvæmt lögunum frá 1946 og 1952, þ. e. a. s. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og aukið fé til byggingarsjóðs verkamanna. Hæstv. ráðh. er fullkunnugt um það báðum, að ástæðan til þess var sú,

að sá, sem kassanum réð og fjárráðin hafði, lokaði svo fyrir, að fé var ekki fáanlegt til þeirra framkvæmda, því miður, sem þessi lög gerðu ráð fyrir. Að segja, að það hafi verið Alþfl.-menn, sem hafi snúið þeim lykli og skellt í lás, er náttúrlega hrein og bein öfugmæli, eins og hæstv. dómsmálaráðherra er manna bezt kunnugt um.

Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér um, að ekki væri tilætlunin, að lánskjör lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna ættu að breytast til samræmis við hin almennu lánskjör veðlánakerfisins. Ég hef að vísu ekki fundið í frv. eða grg. nein fyrirmæli í þessu efni. Þvert á móti virðist mér eftir frv., að það sé ætlunin, að þessi lán falli undir hin almennu lánskjör veðlánakerfisins. En það sé fjarri mér að vilja bera brigður á ummæli hæstv. ráðh. í þessu efni, og ég vil þakka honum fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér, og treysta því, að samkvæmt henni megi fara. Þegar tekið er tillit til hennar, eykst nokkuð sá hluti af þessu fé, sem ætlazt er til að veittur verði með lánskjörum, sem eru nær því, sem almenningur getur risið undir, en hin almennu lánskjör veðlánakerfisins. Útlán lífeyrissjóðanna munu hafa verið um eða yfir 10 millj. kr. til íbúðabygginga á ári undanfarið, svo að það leiðréttir nokkuð, ef þessi skilningur er lagður í frv., hlutfallið milli þess, sem gengur til efnamannanna og hinna fátækari.

Ég hef enga tilhneigingu til þess að lengja þessar umr. Ég held, að ég hafi svarað flestu af því, sem hér kom fram, og vildi mega mælast til þess, að hv. þm. féllust á að greiða þeim till. mínum atkv., sem lúta að fjárhagshlið málsins, um úthlutun lána og lánveitingar, hvað sem þeir segja um till. mína um stjórn þessara mála, sem mér virtist hæstv. ráðh. þó ekki taka alls fjarri.

Ég mun ekki vera meinsmaður þess, að þetta frv. verði samþ., jafnvel þótt ekki fáist á því leiðréttingar. Hins vegar verð ég að segja það, að ég tel, að fyrir þá, sem mesta þörf hafa fyrir hjálp í þessum efnum, sé harla lítið gert, þó að þetta frv. verði að lögum, því miður. Hvað verða kynni, ef glæstar vonir hæstv. dómsmrh. um framhald þessarar starfsemi á svipuðum grundvelli og í frv. er gert ráð fyrir rætast, skal ég ekki segja. Ég vildi mega vona, að ummæli hans um það efni yrðu að veruleika, en á þessu stigi málsins verður það ekki kallað annað en vonir og ágizkanir einar.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Það er ein smágrein hér í frv., sem ég gerði ágreining um í hv. fjhn., þó að ég sæi ekki ástæðu til að taka það fram í nál.

Í 3. málsgr. 3. gr. stendur, með leyfi forseta: „Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, fyrr en veðdeild Landsbankans hefur selt slík bréf fyrir 40 millj. kr., enda komi sérstök lagaheimild."

Ég get vel fallizt á það, að Landsbankinn hafi einkarétt á útgáfu slíkra bréfa, þangað til hann er búinn að selja slík bréf fyrir 40 millj. kr., en ég álít, að það ætti að vera alveg frjálst mönnum að lána eða binda lán þeim skilyrðum, að þau séu aftur borguð með vísitölu. Ég hef þó ekki viljað gera sérstakan fyrirvara um þetta, vildi sjá, hverju fram vindur, en mér þótti rétt að taka þetta fram, því að ef til vill mun ég koma fram með brtt. um þetta að ári eða svo, þegar búið er að sjá, hvernig þetta fyrirkomulag gefst.

ATKVGR.
Brtt. 748,1 felld með 10:4 atkv.
— 727 (ný 1. gr.) samþ. með 12:2 atkv.
— 748,2.a felld með 9:4 atkv.
— 748,2.b (4. tölul.) felld með 9:5 atkv.
— 748,2.b (5. tölul. og 2. málsgr.) felld með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 748,3 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 748,4 felld með 10:4 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 748,5.a felld með 10:4 atkv.
— 748,5.b felld með 9:5 atkv.
— 748,5.c tekin aftur.
6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 748,6 felld með 10:4 atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 748,7 felld með 10:4 atkv.
8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 748,8 tekin aftur.
9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 748,9 felld með 10:4 atkv.
— 748,10 tekin aftur.
— 748,11 felld með 9:4 atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 748,12 tekin aftur.
11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 748,13 felld með 10:4 atkv.
13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 748,14 felld með 10:4 atkv.
— 748,15 tekin aftur.
14.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 775).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Mót von minni voru allar þær till. til lagfæringar á þessu frv., sem ég lagði fram, felldar hér í þessari hv. deild. Mér þykir þó ekki rétt þrátt fyrir þessa málsmeðferð að snúast gegn frv. Ég játa, að það er nokkur úrbót fyrir vissa flokka manna, en get ekki fallizt á, hversu lítið — að ég ekki segi ekkert — tillit er tekið til þeirra, sem mesta þörfina hafa fyrir aðstoð í þessum efnum, og mun því ekki heldur greiða frv. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 88. fundi í Nd., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. og 3. umr. í Ed. (A. 775).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EystJ, GilsG, GíslG, KS, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, JR, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, BergS, EI, SB.

EOl, GJóh, GÞG, HV, GMM, EggÞ greiddu ekki atkv.

8 þm. (EirÞ, EmJ, KGuðj, LJós, ÓTh, StgrSt, ÁB, BÓ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 795).

## 47. Manntal í Reykjavík.

Á 8. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík** [60. mál] (þmfrv., A. 78).

Á 9. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 116).

**Frsm. (Kristín Sigurðardóttir):** Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og hafa nm. orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég býst við því, að öllum hv. þm. sé ljóst, hvað hér er um að ræða, og því óþarft að hafa um það mörg orð, en með frv. er farið fram á heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að fella niður manntal í Reykjavík um eitt ár í senn. Hingað til landsins hafa nýlega verið fengnar stórvirkar og undraverðar skrifstofuvélar. Með þeim hefur verið komið á fót spjaldskrá yfir alla landsmenn. Af þeim sökum er ekki eingöngu ónauðsynlegt, að manntal fari fram í Reykjavík, heldur getur það beinlínis valdið erfiðleikum og ruglingi, ef vinna þarf úr tveimur manntalsskrám samtímis. Af þessum ástæðum er farið fram á heimild til þess að láta manntal í Reykjavík falla niður, en sú heimild er bundin við eitt ár í senn, unz sannreynt verður, hvort spjaldskráin er hlutverki sínu vaxin, eins og fram er tekið í grg. frumvarpsins.

Eins og ég áður sagði, leggur allshn. til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 14. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 149).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er flutt hér á þingi í Nd. af 7. þm. Reykv., sem jafnframt er borgarstjóri Reykjavíkur, og fer fram á það, að bæjarstjórninni verði heimilað að fella niður, fyrir eitt ár í senn, manntal samkv. lögum nr. 18 13. sept. 1901 og síðari breyt. á þeim lögum.

Ástæðan til þess, að þetta þykir ekki aðeins fært, heldur æskilegt, er sú, að með lögum nr. 67 frá 11. nóv. 1952 var manntal fyrir allt landið falið Hagstofu Íslands, og hefur hún fengið sér vélar til þess að annast skýrslugerð og annað samkvæmt því, þannig að það er hægt á auðveldari hátt að afla þeirra skýrslna, sem áður voru fengnar hjá manntalsskrifstofu Reykjavíkur. Hagstofan sér um innfærslur á öllum breytingum, sem verða á búsetu manna, og sendir út skýrslur í hús til þess að fá upplýsingar um það, og er álitið, að það verði einungis til trafala, ef sams konar skýrslur verða líka sendar í húsin frá manntalsskrifstofu Reykjavíkur, eins og nauðsynlegt væri, ef hún ætti einnig að annast manntal hér í Reykjavík.

Í frv. er aðeins farið fram á, að þessi undanþága verði leyfð eitt ár í senn, og er það vegna þess, að þetta kerfi er það ungt, að ekki er komin full reynsla á það, en ef það reynist eins og vonir standa til og full ástæða er til að ætla, verður þessi heimild sjálfsagt gerð endanleg.

Allshn. Ed. hefur eins og allshn. Nd. lagt einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 174).

---

## 48. Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Á 10. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt á l. nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna** [74. mál] (þmfrv., A. 99).

Á 11. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 12. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 99, n. 159).

**Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. þetta um breyt á l. um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna er fram komið eftir beiðni stjórnar dvalarheimilisins og flutt af allshn. Nd. samkv. beiðni hæstv. atvmrh. Frv. var samþ. óbreytt í hv. Nd. og þannig afgr. til þessarar hv. deildar.

Lög um þetta happdrætti voru sett á síðasta þingi, og samkv. þeim lögum var dvalarheimili aldraðra sjómanna heimilt að stofna til happdrættis um bifreiðar, báta og búnaðarvélar. Happdrættið var stofnað, og eftir því sem segir í grg. frv. þess, er nú liggur hér fyrir til umr., gekk það betur en nokkur þorði að vona í upphafi, þannig að eftirspurn eftir hlutamiðum hefur orðið meiri en svo, að allir fengju miða, sem vildu, og hefur orðið að synja mörgum um miða við hvern drátt.

Til þess að koma til móts við þá, sem vilja styrkja heimilið á þann hátt að kaupa happdrættismiðana, og um leið að auka tekjurnar af happdrættinu með því að fjölga hlutamiðum, fer stjórn dvalarheimilisins fram á, að val vinninga verði aukið frá því, sem það er í núgildandi lögum, þannig að vinningar í happdrættinu verði ekki framvegis eingöngu bundnir við bifreiðar, báta og búnaðarvélar, heldur verði og heimilt að bjóða upp á bifhjól, íbúðarhús og einstakar íbúðir, eftir því sem aðstaða leyfir og hagkvæmt þykir hverju sinni.

Ekki munu vera skiptar skoðanir um það, að fé því, sem inn kemur sem ágóði af happdrætti því, sem hér um ræðir, sé vel varið. Dvalarheimili aldraðra sjómanna verður sú mannúðar- og menningarstofnun, sem skylt er að styðja og styrkja, en það er að nokkru gert með því að samþykkja frv. þetta, sem hér liggur fyrir.

Allshn. hefur athugað frv., og eins og nál. á þskj. 159 ber með sér, leggja fjórir nm. til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 1. þm. N-M. (PZ), lýsti sig andvígan frv. á þeim grundvelli, sem það er fram borið.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég hef áður lýst yfir, og dm. er það öllum kunnugt, að ég er á móti happdrættum yfirleitt. Ég tel það ranga aðferð að reyna á þann hátt að safna peningum og þannig ýta undir þjóðina til að vera stöðugt í happdrætti. En það er nú komið svo, að meginið af okkar atvinnuvegum er orðið eitt happdrætti og happdrætti, sem ríkissjóður ábyrgist að vinnist eitthvað í í flestum tilfellum, sbr. bæði bátafisk, skatt á bíla, niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum o. s. frv. Ég vildi reyna, ef hægt væri, að komast út úr öllum happdrættum og ala þá hugsun upp í þjóðinni, að það ætti að byggja atvinnulífið þannig upp, að það geti staðið undir sér sjálft, en yrði ekki tómt happdrætti. En Alþingi hefur því miður ýtt undir happdrættishugmyndina hjá allri alþjóð um mörg ár. Ég er á móti þeirri stefnu, og þess vegna er ég líka á móti þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 194).

---

## 49. Stimpilgjald.

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald** [89. mál] (þmfrv., A. 144).

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 216).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Mál þetta er svo einfalt, að ekki þarf langrar framsögu við. Það er flutt samkv. ósk banka og fleiri stofnana, sem hafa fengið nýjar vélar til þess að stimpla með skjöl í stað þess, að þau séu álímd, eins og áður var, en vélarnar stimpla ekki nema í heilum krónum, og þess vegna þykir rétt að ákveða í lögum, að stimpilgjald skuli jafnan reiknast í heilum krónum. Vitanlega eru margar stofnanir, sem þurfa að stimpla, en hafa ekki þessar vélar, en það er að sjálfsögðu ekki til neinna óþæginda fyrir þær stofnanir, þó að stimpilgjöldin reiknist aðeins í heilum krónum. Og fyrir þá, sem greiða gjöldin, skiptir þetta engu máli, þó að fyllt sé upp í heila krónu í síðasta krónubroti. Þess vegna er það líka, að fjhn. leggur einróma til, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 228).

---

## 50. Framfærslulög.

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947** [37. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Frv. þetta er um breytingu á framfærslulögunum og er flutt af mér ásamt fimm öðrum hv. dm.
Þess eru allmörg dæmi, að menn vanrækja framfærsluskyldu sína gagnvart maka, börnum og foreldrum vegna óreglu og hirðuleysis um meðferð fjármuna. Oftast nær stafar þetta af drykkjuskaparóreglu, þó að önnur atriði eða ástæður geti þar einnig legið til. Þegar svo ber við, að menn, sem hafa sæmilega eða lífvænlega atvinnu, vanrækja þannig skyldur sínar, þá eru að sjálfsögðu ýmsir möguleikar fyrir fjölskyldumeðlimina, sem fyrir þessu verða, til að afla sér framfæris á annan veg, og þá auðvitað fyrst og fremst með því að leita til sveitarstjórna eða framfærslunefnda. Eiginkonan t. d. í þessum tilfellum getur snúið sér til sveitarstjórnanna og fengið framfærslustyrk. Ef framfærslustyrkur hefur þannig verið veittur, þá hefur sveitarstjórnin heimild til þess samkv. 44. gr. framfærslulaganna að afla sér úrskurðar valdsmanns um, að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða

henni kaup hans, ef hann vanrækir að framfæra með því þá, sem hann hefur á framfæri sínu. En þetta ákvæði framfærslulaganna á því aðeins við, að þegar hafi verið leitað til framfærslunefndar eða sveitarstjórnar og styrkur verið veittur, m. ö. o., að maðurinn sé orðinn styrkþegi.

Uppi hafa verið óskir um það, sem m. a. komu fram á síðasta landsþingi Kvenfélagasambands Íslands, að þeir heimilis- eða fjölskyldumeðlimir, sem verða fyrir slíkri vanrækslu heimilisföður, eigi að geta fengið útborgaðan í slíkum tilfellum frá vinnuveitanda nokkurn hluta af launum mannsins án þess að þurfa fyrst að segja sig til sveitar og fá úrskurð framfærsluyfirvalda um veitingu sveitarstyrks eða framfærslustyrks.

Þessi mál eru ákaflega viðkvæm oft og tíðum, og reynslan hefur sýnt, að mörgum eiginkonum, sem fyrir þessu verða, þykir mjög sárt að þurfa að snúa sér til sveitarstjórnanna og biðja um framfærslustyrk fyrir sig og heimilið.

Það er af þessum ástæðum, sem ég nú hef rakið, að þetta mál var tekið upp á 10. landsþingi Kvenfélagasambands Íslands, sem haldið var í september s. l. Þingið samþ. að kjósa mþn., sem geri athugun á því, á hvern hátt helzt megi koma til hjálpar heimilum, sem svo stendur á um, að heimilisfaðirinn hefur að meira eða minna leyti brugðizt framfærsluskyldu sinni, t. d. vegna drykkjuskapar. Kemur þá m. a. til álita, hvort ekki sé unnt að fá því til vegar komið, að lögtekið verði ákvæði þess efnis, að atvinnurekendum sé heimilt eða eftir atvikum skylt að halda eftir ákveðnum hluta af kaupi slíkra manna vegna heimila þeirra. Þessi till. var samþykkt og n. þriggja kvenna kosin til að undirbúa málið. Frv., samhljóða því, sem hér er flutt, var svo samið að tilhlutan þessarar nefndar. Fulltrúar Bandalags kvenna í Reykjavík hafa rætt frv. og fallizt á það. Hinir 6 flm. hafa svo orðið ásáttir um að flytja málið hér inn í þingið.

Aðalefni þess er sem sagt þetta, að ef maður með óreglu og hirðuleysi um meðferð fjármuna veldur hættu á því, að þeir, sem honum er skylt að framfæra, verði að leita aðstoðar um framfærslu eða líði nauð, þá skuli sveitarstjórn eða lögreglustjóri, sem til er leitað, leggja fyrir vinnuveitanda að halda eftir tilteknum hluta af kaupi. Gangur málsins yrði þá sá, að eiginkonan, í flestum tilfellum, eða aðrir þeir aðilar, sem þannig eru vanræktir, — það geta einnig verið börn eða foreldrar, sem maðurinn vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart, — geta þá snúið sér til annars hvors þessara aðila, sveitarstjórnar eða lögreglustjóra, ef heldur er kosið, og fengið þar úrskurð um það, að vinnuveitandinn skuli halda eftir hluta af kaupinu. Svo er ætlazt til, að þessi aðili, sveitarstjórn eða lögreglustjóri, ákveði, hver skuli taka við kaupinu. Mundi það að sjálfsögðu í flestum tilfellum vera eiginkonan, en ef sérstakar ástæður mæltu með því, að annar tæki við kaupinu, sem auðvitað á að renna til framfærslu heimilisins, þá er heimilt að ákveða það.

Það er hér gert ráð fyrir, að halda megi eftir allt að ¾ hlutum kaupsins, þó að frádregnum opinberum gjöldum.

Ég vænti þess, að hv. dm. fallist á, að hér sé um mannúðarmál að ræða og réttarbót fyrir þau heimili, sem fyrir slíku óláni verða. Það er með þessu gerð nokkur tilraun til að rétta hlut þeirra heimila, sem helzt eiga um sárt að binda vegna vanrækslu heimilisföður á skyldum sínum við þau.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., og vænti þess, að málið fái góða afgreiðslu og góðan byr gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 222).

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og hefur að því loknu orðið sammála um að leggja til einróma, að það sé samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr þar.
Á 28. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 279).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á framfærslulögunum hefur verið til athugunar í heilbr.- og félmn., og eins og nál. ber með sér, mælir n. einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Efni frv. er þannig, að sveitarstjórn eða lögreglustjóra er heimilt, ef til þeirra er leitað, að leggja fyrir vinnuveitanda að halda eftir af kaupi þess manns, er með óreglu sinni eða hirðuleysi forsómar að sjá fyrir fjölskyldu sinni, sem

honum er skylt að framfæra. Má samkv. þessu halda eftir allt að þrem fjórðu hlutum kaupsins að frádregnum opinberum gjöldum og ákveða um leið, hverjum greiða skuli.

Kvenfélagasamband Íslands gerði ályktun um það á landsfundi 1953 að kjósa mþn. til þess að athuga þetta mál, og að tilhlutun hennar hefur frv. þetta verið samið.

Allir þekkja fleiri eða færri dæmi þess, að heimilisfaðir vanrækir vegna drykkjuskapar eða hirðuleysis eða hvors tveggja að sjá fyrir heimili sínu, sem af þeim völdum líður neyð. Frv. þetta er því fram komið til þess að bæta hag þeirra heimila, sem orðið hafa fyrir slíkri vanrækslu heimilisföðurins. Er von manna, að það komi að því gagni, sem til er ætlazt. — Að lokinni þessari umr. legg ég því til f. h. nefndarinnar, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 289).

---

## 51. Þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóður o. fl.

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.** [114. mál] (þmfrv., A. 212).

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 315, 316).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem fyrir liggur á þskj. 212, er flutt af hæstv. forseta Sþ. og hæstv. forseta Nd. og fjallar um það að gera nokkra breytingu á lífeyrissjóðsákvæðunum í lögum um þingfararkaup alþm., þeim er samþ. voru á síðasta þingi.

Breytingin, sem um er að ræða, er á þá leið, að ekkjur þm., sem hafa verið búnir að vera á þingi lengur en 10 ár, en ekki eru orðnir 65 ára, þegar þeir féllu frá, fá rétt til lífeyris á sama hátt og ákveðið er í lögunum að öðru leyti.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar og rætt það nokkuð ýtarlega og orðið á einu máli um að mæla með því, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem eru aðallega formsbreytingar og í því fólgnar að færa þetta meira til samræmis við þau ákvæði, sem eru í lögum um lífeyrissjóð embættismanna, en efnishlið frv. breytir n. ekki.

Eins og nú standa sakir, virðist okkur, að þessi ákvæði muni taka til fimm ekkna, sem sé ekkna fimm alþm., sem dánir eru og voru þó ekki orðnir 65 ára, en búnir að vera það lengi á þingi, að þeir höfðu rétt til lífeyris.

Ég vænti þess, að það geti orðið fullt samkomulag um að samþ. þessar brtt. fjhn. og frv. þannig breytt.

ATKVGR.
Brtt. 316,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 316,2 (nýtt bráðabirgðaákvæði) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 319).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég býst við, að þetta frv. þurfi í sjálfu sér leiðréttingar við. En ég legg þó til, að því verði ekki vísað til n. eins og nú stendur á, heldur fái það að ganga í gegnum hv. d. og verða að lögum, til þess að þær ekkjur, sem frv. einkum fjallar um, fái þann rétt, sem það gerir ráð fyrir, nú um áramótin. Ég hef haft samráð um þetta við aðra nm. í fjhn., — en málinu mundi án efa verða vísað til fjhn., ef því væri á annað borð vísað til n. Annars geri ég ráð fyrir því, m. a. út af ummælum, sem féllu í gær í Sþ. hjá hæstv. forseta þessarar d., að l. um þingfararkaup alþm. þurfi að endurskoða á framhaldsþinginu nú eftir áramótin, og kæmu þá þau atriði, sem í þessu frv. eru, þar einnig til umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 321).

---

## 52. Óréttmætir verzlunarhættir.

Á 17. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum** [103. mál] (þmfrv., A. 176).

Á 21. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Það er alkunna, að í flestum menningarlöndum er það tíðkað, að uppboð séu haldin á listaverkum og listmunum. Eru slík uppboð oft mjög vinsæl og mikið sótt af fólki, sem vill gera kaup á slíkum hlutum. Og þau fyrirtæki, sem annazt hafa slík uppboð, eru gömul og gróin víða um lönd, hafa getið sér ágætt orð og álit fyrir þá þjónustu við almenning, sem í þessum uppboðum felst.

Hér á Íslandi hefur þessi aðferð við sölu á listaverkum og listmunum lítt eða ekki verið tíðkuð, þangað til á s. l. ári, að ungur Íslendingur, sem kynnzt hafði þessari söluaðferð listmuna og listaverka erlendis, hófst handa um hana hér. Þótti hún mjög vel gefast. Það var mikil aðsókn að uppboðum þessa manns, sem gerðist brautryðjandi á þessu sviði hér, og yfirleitt var því fagnað, einnig meðal listamanna, að að þessu ráði skyldi horfið.

En þá kemur það í ljós nokkru síðar, að talið er, að þessi söluaðferð listaverka fái ekki staðizt, hún fari í bága við tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. árið 1693, en þessi tilskipun hefur aldrei verið birt hér á landi. Það kom síðan í hlut dómstóla að skera úr um þetta, og niðurstaðan varð sú, að sá maður, sem gengizt hafði fyrir þessum listaverkauppboðum, var dæmdur í nokkra sekt fyrir að hafa haft þennan hátt á.

Ég held, að allir hv. þm. geti verið sammála um, að það sé í fyrsta lagi mjög óeðlilegt, að ekki sé hægt að hafa sama hátt á í þessum efnum hér á landi og í öðrum löndum, þar sem þessi söluaðferð hefur tíðkazt og þótt gefast mjög vel. Í öðru lagi er það einnig dálítið annarlegt, að dómur skuli felldur í þessu máli samkv. tilskipun, sem aldrei hefur verið birt hér á landi.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að viðskmrh. skuli heimilað að veita þeim, sem verzlunarleyfi hefur, leyfi til þess að selja sjálfur málverk, myndir, listmuni og bækur á frjálsu uppboði. Það er sem sagt lagt til, að þessi aðferð verði lögheimiluð.

Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum, að þetta fyrirkomulag miði að því að koma þessum málum í betra horf en þau áður hafa verið í hér á landi. Með því er listamönnum opnuð leið til þess að koma listaverkum sínum í verð og út til fólksins, án þess að þurfa að standa í verzlunarrekstrinum sjálfir. Auk þess er það öllum almenningi til töluvert mikils hagræðis að geta sótt slíkar kaupstefnur og átt þar völ þeirra listaverka og listmuna, sem upp eru boðin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rökstyðja þetta mál öllu frekar. Hér er um sanngirnismál að ræða, og sú till., sem hér er flutt, miðar að því að verða í senn listamönnunum, sem verkin framleiða, til hagræðis og öllum almenningi, sem þau vill kaupa.

Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. þd. taki þessu litla frv. vel, og legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 176, n. 209).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Þegar mál þetta var til 2. umr., gat ég því miður ekki verið viðstaddur á fundi í hv. d., þó að ég hafi verið kjörinn frsm. hv. fjhn. Bið ég hæstv. forseta velvirðingar á því, en lögleg forföll hömluðu. Það kom ekki heldur að sök, því að málinu var vísað til 3. umr. umræðulaust, enda öll hv. fjhn. sammála um að æskja þess, að málið gengi fram. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, til þess að málið færi ekki út úr d. án nokkurrar framsögu af hálfu fjhn.

Málavextir eru mjög einfaldir. Frv. fjallar um það, að viðskmrh. sé heimilt að veita þeim, sem hefur verzlunarleyfi, leyfi til að selja ýmsa list-

muni á uppboði, en þessi lagabreyting er nauðsynleg vegna þess, að svo hefur reynzt fyrir dómstólum, að slík uppboð séu óheimil, og er þar vísað til danskrar tilskipunar frá 17. öld. Þetta lagaákvæði mundi ryðja þeirri dönsku tilskipun úr vegi, svo að framvegis mundu slík listmunauppboð vera talin lögleg hér, svo sem þau eru hvarvetna í nágrannalöndunum.

Þetta vildi ég láta koma fram og æski þess af hálfu fjhn., að málið megi hafa framgang í deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 24. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. þetta var í Nd. flutt af hv. þm. N-Ísf. (SB) og nokkrum fleiri og er fram borið vegna hæstaréttardóms, sem nýlega staðfesti, að óheimilt væri að láta fram fara uppboð, nema formlegur háttur væri hafður á með þeim hætti, sem áður hafði tíðkazt. Þetta var nokkuð umdeilt mál, og var að lokum talið, að hér giltu ákvæði, gömul dönsk fyrirmæli, sem sumir töldu vafasamt hvort hér hefðu nokkurn tíma öðlazt gildi. Ég skal ekki blanda mér í það, en svo mikið er víst, að staðfesting var fengin á því, að þetta voru landsins lög, sem þarna hafði verið brotið á móti, og nú er ætlunin að breyta þeim fyrirmælum, sem talin voru gilda. Mér er ljóst, að nokkur sanngirni mælir með því, að breytingin eigi sér stað, en efast þó um, að full athugun hafi átt sér stað á því, hvort það sé annmarkalaust, að þessu sé breytt. Vildi ég mælast til við hv. n. hér, sem þetta mál fær til athugunar, þar sem mér er ekki kunnugt um, að n. í Nd. eða flm. hafi haft neitt samráð við dómsmálastjórnina um málið, að hún athugi málið og sérstaklega beri sig saman við t. d. borgarfógetann í Rvík og aðra þá, sem slíkum uppboðum eru kunnugastir, og heyri hjá þeim, hvort þeir telji annmarka vera samfara þeirri breytingu, sem hér er ráðgerð. Ég vil taka skýrt fram, að ég er ekki að leggja á móti þessu frv. Mér virðist greinilegt, að það hnígi viss rök því til stuðnings, en tel þó nauðsynlegt, að málið fái ýtarlegri athugun en ég hygg að hv. Nd. hafi veitt því. Í hv. allshn., sem sjálfsagt fær málið til meðferðar, eru ágætir lögfræðingar. Ef þeir leggja saman og hafa samráð við þá, sem kunnugastir eru því, hvernig uppboð hér á landi hafa tíðkazt á undanförnum árum, þá efast ég ekki um, að þeirra ráðum verði hlítandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30., 31. og 32. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 17. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 176, n. 268).

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., var borið fram í Nd. af þm. allra flokka og fékk hraðbyri í gegnum þá d. og var samþ. út úr henni í því formi, sem það þá var í, með miklum meiri hl. atkv.

Frv. þetta er gamall kunningi hér hjá okkur, vegna þess að þm. Str. (HermJ) bar sams konar frv. fram á síðasta þingi, þó að það hlyti ekki afgreiðslu.

Hér á landi hefur verið um nokkurn tíma talsverður vafi um það, hvernig löggjöf væri háttað með frjáls uppboð, enda hafa þau verið fátíð. Við höfum fengið ágæt lög um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, þar sem settar voru í kerfi þær reglur, sem gilt höfðu um nauðungaruppboð, og gerðar ýmsar breytingar til bóta á þeim. En milli nauðungaruppboða og frjálsra uppboða er meginmunur, því að nauðungaruppboð, sem venjulega er síðasta skrefið til fullnustu réttargerða, er vafalaus dómsathöfn eftir lögum hér á landi, en aftur á móti eru frjáls uppboð aðeins ein aðferð til þess að gera samninga.

Fyrir tveimur eða þremur árum tók framtakssamur maður sig fram um það að halda uppboð hér, frjáls uppboð, á málverkum og ýmsum listmunum. Það kom þá strax í ljós, að það var æskilegt að hafa þessa aðferð á og gæti sérstaklega verið til hags fyrir listamennina. Það var þó álitið, að hann tæki sér þarna vald, sem hann ekki hefði, og hann var kærður í tilefni af þessu uppboði, og því máli lauk með hæstaréttardómi, sem er upp kveðinn fyrir skömmu og ákvað, að gömul tilskipun, sem farið hefur verið eftir hér á landi, frá 19. des. 1693, hefði löghelgazt fyrir venju og að það væri engum heimilt að halda hér frjáls uppboð nema hinum reglulegu uppboðshöldurum, sem eru sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógeti, og svo hreppsstjórar í umboðum þeirra úti um sveitirnar.

Í tilefni af þessu hefur frv. verið borið fram að nýju og hlotið þá meðferð, sem ég gat um áðan, í Nd. Frv. var í fjhn. í Nd., en var vísað til allshn. hér, sem ég tel réttara, þó að það megi segja, að fjárhagsatriði séu í því, þar sem ríkissjóður hefur tekið sölulaun af þeim munum, sem seldir eru á uppboði, og þau allhá, 8%, en það hefur einmitt komið í veg fyrir, að menn settu muni, sem þeir vilja selja, á uppboð.

Allshn. hefði frekar kosið, að sett hefðu verið sérstök lög um frjáls uppboð, sem væru miklu nákvæmari en það, sem hér er um að ræða, enda tækju þá til allra muna. Til þess hefur þó hvorki verið tími né tækifæri, og hefur n. því orðið sammála um að mæla með, að frv. þetta yrði samþ., þó með allmiklum breytingum og takmörkunum, sem hún hefur gert.

N. hefur ekki álitið, að það væri rétt að veita öllum þeim, sem verzlunarleyfi hafa, rétt til þess að halda frjáls uppboð. Með því mundi verða stofnað til hins mesta glundroða, og n. hefur álitið, að það þyrfti að krefjast meiri hæfileika hjá þeim, sem fær leyfi til uppboðs, heldur en almennt er krafizt til verzlunarleyfis.

Hún hefur því lagt til, að ekki verði veitt fleiri mönnum en 5 í Reykjavík og 2 í hverjum kaupstaðanna leyfi til þess að halda slík uppboð.

Spurning kom fram um það, hvort leyfisveiting í þessu tilfelli ætti að vera í höndum dómsmrn., sem nauðungaruppboð heyra undir, af því að þau eru dómsathafnir, eða viðskmrn. Varð það ofan á í n., að þar sem hér væri einungis um vissa söluaðferð að ræða, þá væri eðlilegra, að það heyrði undir viðskiptamálaráðuneytið.

Þá hefur n. haldið þeim takmörkunum, sem sett voru í upprunalega frv., að aðeins yrði leyft að selja málverk, myndir, listmuni og bækur á þennan hátt.

Þá leggur n. til, að leyfi skuli ekki veitt til lengri tíma en 5 ára í senn og að það skuli verða látið af hendi gegn sérstöku gjaldi, 1500 kr., sem renni í ríkissjóð. Hins vegar hefur það verið tekið fram berum orðum í brtt. n., sem ekki stóð í upprunalega frv., að sölulaun af þessum munum skyldu ekki greidd til ríkissjóðs. Var það álit þeirra manna, sem fluttu frv. í Nd., að ekki þyrfti að taka þetta fram, því að það leiddi af sjálfu sér, en allshn. Ed. þótti réttara að taka þetta fram og getur því frekar mælt með því, þar sem hér er eingöngu að ræða um þá hluti, sem skattfrjálsir eru til eignarskatts og ekki tollaðir, þegar þeir eru fluttir inn í landið.

N. gerir sér það ljóst, að með því að leggja til, að þetta verði samþ. í þessu formi, er hér aðeins um tilraun að ræða, sem stendur til bóta, og að æskilegast væri, að útbúin væru sérstök lög um frjáls uppboð. — Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu lengri.

ATKVGR.
Brtt. 268 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 320).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 327).

---

## 53. Skemmtanaskattur.

Á 37. fundi í Nd., 17. des., var *útbýtt*:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1955** [136. mál] (þmfrv., A. 322).

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Menntmn. þessarar hv. d. barst í dag frv. það, sem hér liggur fyrir, frá menntmrn. með tilmælum um, að n. tæki málið til flutnings. N. hefur orðið við því að bera málið fram. Hér er einungis um að ræða framlengingu á ákvæðum, sem gilt hafa undanfarin ár, og er þörfin sú sama fyrir þetta fé og verið hefur.

Þótt einstakir nm. áskilji sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins, þá vil ég vænta þess, að málið fái fljóta og góða afgreiðslu hér í deildinni.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum vekja athygli á þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð af hálfu hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram till. til þál. um þingfrestun frá og með morgundeginum, og þingið á að koma saman aftur í síðasta lagi 4. febr. n. k. En degi eftir að lögð er til þingfrestun og degi áður en hún á að koma til framkvæmda, leggur hæstv. ríkisstj. fyrir frv., sem þarf að ganga í gegnum þrjár umr. í þessari d. og þrjár umr. í hv. Ed. Frv. fjallar um framlengingu á mikilvægum tekjustofni. Hér er auðsjáanlega um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. sinnir ekki störfum sínum svo vel, að hún gái að því að undirbúa framlengingu nauðsynlegra tekjustofna með nauðsynlegum fyrirvara.

Ég tel rétt að vekja athygli á því, að hér er um vítaverð vinnubrögð að ræða. Í raun og veru er þinginu sýnd með þessu megnasta lítilsvirðing, þegar því er ætlað, báðum deildum, að halda fundi, annarri deildinni á einni kvöldstund og hinni deildinni á einni morgunstund, til þess að afgreiða mjög mikilvægt mál fyrir hæstv. ríkisstj. Mér skilst, að stjórnarandstaðan í þinginu hafi yfir nægilega mörgum atkv. að ráða til þess að neita um afbrigði fyrir málinu. Ég legg ekki til, að það verði gert, en ef áframhald yrði á slíkum vinnubrögðum af hálfu hæstv. ríkisstj., þá væri fyllsta ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðuna að taka til alvarlegrar athugunar að kenna henni sómasamleg vinnubrögð með því að neita um afbrigði í slíkum málum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 41. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og væri frv. útbýtt á fundinum.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Ég bjóst við því, að hæstv. menntmrh. yrði hér viðstaddur til þess að tala hér við 1. umr. málsins, en ég hef átt tal við meðnm. mína í hv. menntmn., og þeir hafa athugað frv. og eru samþykkir því, að það sé samþykkt óbreytt.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Það væri gaman að fá upplýsingar um það frá flm. þessa máls, hvað er meint með síðustu orðum 1. gr.: „svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum", hvaða skilyrði kvikmyndir þurfa að uppfylla til þess að vera taldar íslenzkar kvikmyndir. Það er alveg ljóst, að fræðslumyndir, sem teknar eru hér á landi, og þess háttar, eru íslenzkar kvikmyndir. En t. d. kvikmynd eins og Salka-Valka, sem tekin er af erlendu félagi hér á landi og með íslenzkum leikurum að nokkru leyti, er það íslenzk kvikmynd eða ekki?

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég gat ekki verið kominn til að vera við 1. umr., sökum þess að ég tafðist af skiljanlegum ástæðum nokkrar mínútur vegna þeirrar slæmu færðar, sem er í úthverfunum.
Mér hefur verið sagt frá fyrirspurn, sem komið hafi fram um, hvað teljist íslenzkar kvikmyndir í því sambandi, sem um ræðir í 1. gr. þessa frv. Það er auðvitað erfitt að gefa á þessu fullkomna greiningu eða skýringu; ég er ekki reiðubúinn til þess. Þetta verður nokkuð að meta hverju sinni. En ég vil þó skýra frá því, að einmitt alveg nýlega kom til úrskurðar umsókn frá félagi, sem ég hygg að heiti Edda Film eða eitthvað þvílíkt og sótti um eftirgjöf samkvæmt þessari heimild, að því er ég hygg, og þó raunar er mér nær að halda um að sleppa alveg við skemmtanaskatt, vegna þess að um íslenzkar kvikmyndir væri að ræða.
Við töldum í ráðuneytinu, og það var í samræmi við álitsgerð tollstjóra, að þá mynd, sem þar var um að ræða, myndina Sölku-Völku, væri ekki hægt að kalla íslenzka kvikmynd. Það mun að vísu vera svo, að þetta íslenzka félag mun vera að ⅙ hluta eða eitthvað þar um bil þátttakandi í kvikmyndagerðinni, en að langsamlega mestu leyti er það erlent fé, sem hefur verið varið til þessarar kvikmyndar, hún er gerð undir stjórn erlendra manna, og að því er mér skilst eru einnig flestir leikendanna erlendir og myndin tekin á erlendu máli, svo að hvernig sem á er litið, þá er ómögulegt að telja þá kvikmynd íslenzka kvikmynd. Ef kvikmynd væri tekin, þar sem meira en helmingur þess fjár, sem lagt var fram til kvikmyndarinnar, er íslenzkur og íslenzkir kvikmyndaleikarar að meiri hluta og íslenzkt tal, þá mundi aftur tvímælalaust vera um íslenzka kvikmynd að ræða. Svo geta verið viss millistig þarna á milli, sem ég er ekki reiðubúinn að gefa almenna yfirlýsingu um, nema þau séu skoðuð í hverju einstöku tilfelli. En það meginsjónarmið, sem ég hef hér getið um, mundi verða mestu ráðandi um þann úrskurð, sem felldur yrði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

---

## 54. Ættaróðal og erfðaábúð.

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð** [92. mál] (þmfrv., A. 154).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 154 og flutt er af hv. landbn., er flutt vegna þess, að n. hefur orðið þess vör, að framkvæmdin á vissum atriðum í l. um ættaróðal og erfðaábúð hefur

reynzt nokkuð örðug, sérstaklega varðandi dánarbúaskipti, þegar ættarjörðum er ekki ráðstafað áður en eigandi fellur frá. Lögin gera ráð fyrir því, eins og kunnugt er, að eigandi ættarjarðar, þ. e. jarðar, sem hefur verið í eigu sömu ættar 75 ár eða lengur, ráðstafi jörðinni til erfingja sinna, áður en hætt er við því, að til skipta komi. En þetta hefur ekki nærri alls staðar orðið ofan á, og þegar jörðinni er ekkert ráðstafað og til skipta kemur milli erfingja, þá hefur það orðið svo og geta orðið enn þá meiri brögð að því en verið hefur, ef lögin eru óbreytt, að það verði talsverð vandkvæði á því að fara með skiptin eins og nú hagar til.

Samkv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að breyta þeirri reglu, sem nú er í l., að það fari eftir aldursröð barna, hver erfir óðalið. Þetta er ekki heppileg regla, því að í allmörgum tilfellum, — og jafnvel er það algengast, eins og nú hagar til, — eru það frekar eldri börnin en yngri, sem eru flutt burt og komin inn í annan atvinnurekstur áður en til skipta kemur, og þá eru það þess vegna ekkert síður þau yngri, sem eiga að koma til greina þarna, heldur en hin. En það er þó ekki nein regla, sem n. vill fara inn á á þeim grundvelli, heldur leggur hún það til, að farið sé eftir þeirri reglu, að það barnanna eða þau börnin, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi foreldra sinna og verið stöðugt á heimilinu og jafnframt hafa mesta möguleika til að reka þar búskap áfram, sitji fyrir. Ef ekki verður um þetta samkomulag á skiptafundi, sem vel getur komið fyrir að ekki verði, þá telur n., að ekki sé um annað að tala en það, að skiptaráðandi skeri þar úr.

Varðandi hitt atriðið, sem 2. gr. þessa frv. fjallar um og er um söluverð ættarjarða, er það að segja, að vegna þess, hvernig aðstaðan er varðandi byggingar, ræktun og aðrar umbætur, þá verður ekki til lengdar og er ekki hægt, eins og nú er komið, að halda sig alveg að fasteignamati á því sviði. N. er þeirrar skoðunar, að það sé ekki hverfandi frá því í aðalatriðinu, að það verði að halda sig við fasteignamat, eins og það er á hverjum tíma. En þessu er allt öðruvísi varið með umbæturnar, ekki sízt þegar eins langt líður á milli fasteignamata og nú er gert ráð fyrir samkv. gildandi lögum.

Þetta litla frv. er sem sagt flutt af n. með fullu samkomulagi, og ég vænti þess, að hv. þd. taki því vel og afgreiði það. Ég legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. Það þarf ekki að vísa því til n., því að það er n., sem flytur það.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er aðeins eitt lítið atriði í sambandi við þetta mál, sem að öllu leyti er rétt og nauðsynlegt, sem ég vildi leyfa mér að biðja hv. n. að athuga, hvort ekki væri réttara um orðalag.

Við höfum rekið okkur á það, að það er farið mjög nákvæmlega eftir bókstafnum, þegar dómarar eða aðrir þeir, sem hafa með framkvæmd laga að gera, eru að fara eftir þeim lögum, sem hér eru sett. Mér sýnist n. hafa komizt mjög vel að orði í sinni grg., þegar hún er að tala um, eftir hverju skiptaráðendur skuli fara viðvíkjandi því, hvaða börn taki að sér jörðina, og ég held það væri rétt fyrir n. að athuga, hvort ætti ekki að taka meira af orðalagi grg. upp í sjálf lögin. Það stendur í 1. gr.: „sitji það eða þau börn fyrir, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi foreldra sinna". Í grg. er enn fremur sagt: „eða unnið heima". Ég held, að það væri heppilegra, að það væri í sjálfri lagagreininni líka einmitt þessi möguleiki: eða unnið heima. Það er venjulega ekki nema eitt barnanna, sem getur staðið fyrir búinu, en ef þau eru fleiri og sum vinna heima, þá ættu þau, sem vinna heima, að koma þarna til greina líka, og n. ætlast auðsjáanlega til þess. — Eins er með hitt í næsta liðnum á eftir: „og hafa mesta möguleika til að stunda þar áframhaldandi búskap". Í grg. stendur: „mesta möguleika og mestan vilja til að stunda sjálf". Ég held það væri heppilegt líka, að því væri bætt þarna við. Maður veit, að möguleikar mundu í lagamáli oft vera túlkaðir í sambandi við fjárhagslega möguleika, lánsmöguleika og annað slíkt, en það er ekki síður viljinn til að vinna það erfiða verk, sem starf bóndans er, sem þarna er um að ræða. — Ég ætla ekki að vekja neina umræðu um þetta núna, en þætti vænt um, ef n. íhugaði, hvort ætti ekki að taka meira af orðalagi hennar eigin grg. upp í sjálf lögin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 154, 201).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. flytur tvær brtt. við frv. á þskj. 201. Fyrri brtt., sem er við 1. gr., er í rauninni ekki annað en orðalagsbreyting og þannig, að teknar eru til greina ábendingar hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hér við 1. umr., og játar n., að það fer betur á orðalagi á þennan hátt eða tekur meira út yfir það, sem ætlazt er til.

Önnur brtt. er aftur ný grein og fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef ættarjörð hefur verið skipt í marga parta, sem landbn. hefur fengið fregnir af að á stöku stöðum á sér stað. Ef þeir partar eru svo smáir, að ekki er hægt að hugsa sér á einhverjum þeirra sæmileg búskaparskilyrði, eða þannig, að hægt sé að stofna þar nýbýli með viðunandi aðstöðu, þá leggur n. til, að það sé skylda þeirra, sem eignast slíka jarðarparta, að leigja þá ábúanda eða ábúendum á hinum hluta jarðarinnar.

Ég veit, að hv. þm. sjá og skilja, hvað hér er átt við, og ég býst við, að þeir geti fallizt á það með landbn., að þessi breyting sé æskileg. Að öðru leyti þarf ég ekki fyrir n. hönd að fjölyrða um málið.

ATKVGR.
Brtt. 201,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 201,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—3. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 23., 24. og 25. fundi í Nd., 26., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 204, 261).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 261,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 261,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 30. fundi í Ed., 15. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 272).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed., 22. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 272, n. 363).

**Frsm. (Jón Kjartansson):** Herra forseti. Landbn. hefur orðið ásátt um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 6. landsk., var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr. í n., og mun hann því að sjálfsögðu hafa óbundnar hendur um málið.

Það eru aðallega tvö atriði, sem farið er fram á að breytt verði í l. um ættaróðal og erfðaábúð með þessu frv. Í fyrsta lagi er það að breyta um óðalsréttinn. Nú er það þannig undantekningarlaust, að elzta barnið hefur réttinn. Þetta þykir ekki heppilegt, vegna þess að það er oft svo, að einmitt eldri börnin yfirgefa fyrr heimilin en yngstu eða yngri börnin, sem eru heima og eru við búskapinn með foreldrunum, og þá þykir eðlilegra, að þau geti tekið við réttinum að foreldrunum föllnum frá. Þess vegna er ætlazt til að breyta 20. gr. þannig, að fyrir sitji það barnanna, sem að staðaldri hefur unnið að búinu. — Hitt atriðið, sem máli skiptir í þessu frv., er það, að nú er það skilyrðislaust fasteignamatið, sem ræður við eignaskipti á ættaróðali. Nú líður, eins og kunnugt er, æði langur tími milli fasteignamats, tíu ár, en það er oft mikið gert til bóta á jörðunum í millitíðinni, og þess vegna er lagt til að breyta hér, að í staðinn fyrir að fasteignamatið skuli ráða skilyrðislaust, þá skuli matsmenn, úttektarmenn, meta endurbætur á jörðinni, þegar eigendaskipti fara fram, og það mat bætist þá við fasteignamatsverðið.

Þetta eru þær aðalbreytingar, sem þetta frv. fer fram á, að gerðar verði á l., og leggur n. til, að það verði samþ., telur þær til bóta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við, þegar þetta frv. var til 2. umr., en vildi bera fram fyrirspurn út af 1. gr. frv. Þar eru settar ákveðnar reglur um það, að það barn eða þau börn, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi foreldra sinna á jörðinni eða unnið búinu að staðaldri og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap, skuli taka við jörðinni með þeim hætti, sem í gr. segir. En svo segir: „Náist eigi samkomulag, ræður meiri hluti á skiptafundi, ella sker skiptaráðandi úr.“ Nú skilst mér, að vandinn sé enginn og hafi ekki verið neinn eftir núgildandi lögum, ef samkomulag hefur náðst, og vandinn mun í raun og veru heldur aldrei hafa verið svo mikill, ef meiri hluti hefði viljað afhenda þessum tiltekna aðila jörðina, þó að ég játi, að hann á ríkari rétt eftir frv. en hann átti áður.

En nú skulum við segja t. d., að það séu 7 systkini, eitt þeirra hafi verið heima allan tímann og sé alveg ótvírætt eftir laganna ákvæðum, að það eigi rétt á því að taka við jörðinni, tvö önnur séu með þessu systkini, en þau séu þrjú þá, sem það styðji, en fjögur á móti. Þá skilst mér, að í því tilfelli séu fyrirmæli frv. gagnslaus, þá sé ekki heimilt að láta þetta barn fá jörðina. Það sé aðeins, ef enginn meiri hluti fæst, sem skiptaráðanda sé heimilt að skerast í málið og fara eftir ákvæðum l. um þær reglur, sem ætlazt er til að hlýtt sé. Ég spyr nú: Ef mönnum þykir það á annað borð sanngjörn regla, sem hér er sett upp, að sá, sem hafi veitt búinu forstöðu, eigi rétt á að taka við jörðinni, er þá ástæða til þess að láta það vera komið undir samþykki meiri hluta systkinanna, frekar en ef foreldri hefur gert ráðstöfun? Ef skiptaráðandi telur, að efnisreglum laganna sé fullnægt, er þá ekki langeðlilegast, að hann hafi heimild og eftir atvikum skyldu til að láta þetta barn fá jörðina, þó að meiri hluti hinna barnanna sé þessu andvígur? Koma ákvæði frv. að fullu gagni, nema þessu sé breytt? Mér er það að vísu ljóst, að það verður sagt, að óeðlilegt sé að taka ráðstöfunarréttinn þarna af meiri hluta barnanna. Það er hvort eð er gert, ef foreldri hefur mælt svo fyrir um, og ef þessi efnisákvæði eru fyrir hendi og ætlunin er sú að greiða fyrir því, að jarðirnar haldist í sömu ættinni, þá finnst mér þarna vera nokkuð mikil veila á.

Ég vildi nú spyrjast fyrir um það, hvort n. hefði hugleitt þetta atriði sérstaklega. Ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi málsins til þess að bera fram um þetta brtt., en hefði talið nauðsynlegt,

að n. gerði hv. d. nánari grein fyrir þessu, og bið afsökunar á því, ef það hefur verið gert á þeim fundi, þar sem ég var ekki viðstaddur. Hafi það ekki verið gert, þá vildi ég fá nánari skýringar hv. n. En hafi hún hugleitt þetta atriði, þá finnst mér það þess vert, að hún taki sér um það umhugsunartíma.

**Frsm. (Jón Kjartansson):** Herra forseti. Út af þessari aths. hæstv. dómsmrh. vil ég geta þess, að þetta er alveg rétt, sem hann bendir á, að það getur orðið árekstur hér og hann gæti orðið dálítið leiðinlegur. Eins og fram kemur í 1. gr. frv., sem liggur fyrir, þá var aðalætlunin sú að tryggja þeim börnum, sem vinna að staðaldri á býlunum, réttinn í staðinn fyrir eldri börnunum. En það getur vel verið ástæða til að íhuga þetta atriði betur, sem hæstv. ráðh. bendir á. Vil ég mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskrá *núna og n. athugi það betur.*

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 24. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 272, 403).

**Frsm. (Jón Kjartansson):** Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. benti á það við umr. í gær, að ákvæði 1. gr. kynni að vera vafasamt og ekki heppilegt, þar sem segir, að þar sem ekki næst samkomulag milli barna um, hvert skuli öðlast óðalsréttinn, þá skuli ráða meiri hluti, en ella skeri skiptaráðandi úr. N. fellst á, þegar hún athugar þetta, að þetta kynni að vera óheppilegt ákvæði, getur valdið leiðindum milli barnanna og jafnvel úlfúð. Þess vegna hefur n. borið fram brtt. á þskj. 403, þar sem lagt er til, að þessi orð: „ræður meiri hluti ella“ — falli burt og það verði lagt eingöngu í vald skiptaráðanda að skera úr, ef ágreiningur verður. Ég mæli með því, að þessi till. verði samþ. og frv. þannig breytt afgr.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég er ekki í neinum vafa um, að það var rétt ábending hjá hæstv. dómsmrh., að ákvæðið eins og það lá fyrir var mjög vafasamt og að með þessu ákvæði: „Náist eigi samkomulag, ræður meiri hluti,“ o. s. frv., var kollvarpað þeirri reglu, eins og hann benti á í gær, að þeir, sem hafa sinnt búskap á jörðinni, sitji fyrir. En mér virðist satt að segja, að með þessari breyt., sem þarna er gerð, sé það ekki gert síður, nema fremur væri, því að verði þessi brtt. samþ., þá verður ákvæðið, eins og hv. þdm. sjá, á þá leið, að náist eigi samkomulag, skeri skiptaráðandi úr. Það er þess vegna ekkert auðveldara fyrir þann, sem treystir á skiptaráðanda, en að koma í veg fyrir það, að samkomulag náist, og þá sker skiptaráðandi úr á þann hátt, sem honum þóknast, og er þá, eftir því sem mér skilst, óbundinn af því, að þeir taki við jörðinni, sem hafa stundað búskap á henni að undanförnu. Mér virðist, a. m. k. fljótt á litið, að þessu sé þannig háttað og ákvæðið sízt til bóta. Ef binda á regluna alveg, eins og hæstv. ráðh. benti á í gær, við það, að þeir erfingjar, sem hafa stutt að búskap á jörðinni, sitji fyrir, má ekki gera þá reglu að engu með ákvæðum eins og eru í frv. svo sem það liggur fyrir og eins og frv. yrði, ef þessi brtt. væri samþ., því að það bætir alls ekki úr þeim ágöllum, sem hæstv. ráðh. benti á í gær og ég var sammála honum um að var nauðsynlegt að leiðrétta. Annaðhvort verður það að vera regla eða ekki regla, að þeir, sem hafa sinnt búskap á jörðinni seinustu árin, sitji fyrir. Það þýðir ekkert að setja regluna upp þannig og segja svo: Ef það verður ósamkomulag, þá er þetta undir áhrifum skiptaráðanda.

**Frsm. (Jón Kjartansson):** Herra forseti. Það skulu vera aðeins örfá orð. Ég held þessi aths. hv. þm. Str. (HermJ) sé á misskilningi byggð, því að reglan stendur einmitt áfram í 1. gr. alveg ófrávíkjanlega, að þau börn, sem að staðaldri hafa setið á búinu og unnið að því, eigi að sitja fyrir. Nú gæti þarna verið um fleiri börn að ræða og þurfi að leita samkomulags, og það verður vitaskuld gert eins og mögulegt er, en svo er fellt niður að láta það fara undir atkv. barnanna, heldur eigi þá skiptaráðandi að skera úr. En reglan stendur eftir sem áður, að barnið, sem hefur unnið að staðaldri að búinu, á að sitja fyrir.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti Ég þakka hv. n. fyrir þær undirtektir, sem hún veitti aths. minni í gær, og hv. þm. Str. (HermJ) fyrir að fallast á hana að efni til. En ég vil taka undir það með hv. frsm. n., þm. V-Sk., að mér virðist aths. hv. þm. Str. nú hvíla á misskilningi. Og hvað sem því líður, þá vil ég lýsa því sem alveg eindregnum skilningi mínum á samþykkt þessarar brtt., að ég ætlast til og greiði henni atkv. í þeim tilgangi, að skiparáðandi verði bundinn af reglunni í næstu setningu á undan. Og af því að nú er orðið svo liðið umræðunnar sem raun ber vitni um, þá mundi ég telja það eðlilegast, að ef einhver þm. er annarrar skoðunar um skilning á þessu ákvæði, þá láti hann það uppi við atkvgr., því að það mundi þá nægja við túlkun laganna eða hjálpa mjög við skýringu á ákvæðinu, ef einhver vafi er á því. Ég efast ekki um, að einhver vafi sé, úr því að hv. þm. Str. skýrði það á þann veg, þótt mér virðist rétt að skýra það á þann veg, sem hv. n. ætlast til. En ég bendi á það, að í næstu setningu á undan segir: Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda. Ég skil setninguna á eftir einungis sem skýringu á því ákvæði: Ef ágreiningur verður á skiptafundi, er þarna ákveðið, hver það er, sem eigi að taka ákvörðunina, að það sé skiptaráðandinn og þá vitanlega eftir þeirri efnisákvörðun, sem er sögð næst á undan í greininni.

**Hermann Jónasson:** Hæstv. dómsmrh. sannaði vel í þessum orðum, sem hann sagði, að þetta er ekki ótvírætt, síður en svo, því að hann bætti við til skýringar, sem þarf til þess að málið verði skilið eins og hann vill, að það sé skilið samkv. reglunni hér að framan, eða eitthvað þess háttar. Ég lýsi því yfir hér, að ég er einn af þeim mönnum, sem eru alveg tvímælalaust sammála um, að það verði að skilja regluna á þann hátt, og ég vænti þess, að með atkv. allra, sem ekki gera aths., sé lýst yfir, að þannig beri að skilja regl-

una. En án þess er enginn efi á því frá minu sjónarmiði séð, að það er ekki tvímælalaust, eins og kom fram einmitt í orðum dómsmrh.

ATKVGR.
Brtt. 403 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 39. fundi í Sþ., 28. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 406).
Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 406, hefur nú gengið í gegnum hv. Ed. og verið þar breytt einu atriði í því að tillögu hv. landbn. þeirrar d. Þetta atriði er það, að þeir hafa fellt eina setningu úr 1. gr. um það, að ef ekki náist samkomulag á skiptafundi um viðtakendur á óðalsjörð eða ættarjörð, þá ráði meiri hluti.

Landbn. hefur talað um þetta og fellst á að ganga að frv. eins og það liggur fyrir, og verður þá framkvæmdin þannig, að ef ekki kemst á samkomulag á skiptafundi, hvort sem það eru einkaskipti eða opinber skipti, sker skiptaráðandi úr því, hver skuli njóta réttarins. Eins og menn vita, þá getur hvort tveggja átt sér stað, að það séu einkaskipti og það séu opinber skipti, en mestar líkur eru til og hér um bil alveg víst, að ef ekki næst samkomulag á einkaskiptafundi, fara skiptin í opinber skipti, þegar þannig stendur á. En ég vil taka það fram, svo að það geti ekki valdið neinum misskilningi, að þar sem talað er um samkomulag, er eingöngu átt við það, að það samkomulag sé reynt á skiptafundi.

Að öðru leyti sé ég ekki fyrir n. hönd ástæðu til að fjölyrða um þessa breyt. hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 17).

---

## 55. Eyðing refa og minka.

Á 17. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka** [104. mál] (þmfrv., A. 177).

Á 21. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Efni þessa frv. er að breyta 8. gr. l. frá 1949 um eyðingu refa og minka á þá leið, að verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr verði hækkuð upp í 300 kr. og sömuleiðis verði verðlaun fyrir að vinna minka hækkuð upp í 150 kr.

Það mun nú fyrir nokkru vera orðin nokkuð almenn skoðun víða í sveitum, að þær upphæðir, sem greiða ber samkv. lögum fyrir að vinna hlaupadýr, séu orðnar óeðlilega lágar. Það eru að því leyti breyttir tímar frá því, sem var um skeið, að refaskinn eru orðin mjög verðlítil, þannig að þeir, sem skjóta refi, munu hafa lítið upp úr því annað en þau verðlaun, sem veitt eru fyrir að vinna dýrin. Hins vegar er það kunnara en frá þurfi að segja, að það er mikil nauðsyn og hefur verið að útrýma refum hér á landi, og eru til þess gerðar skipulagðar ráðstafanir af hálfu hins opinbera, svo sem kunnugt er.

Grenjavinnslukostnaður er nú orðinn mjög hár, og í ályktun búnaðarþings, sem prentuð er sem fskj. með þessu frv., er áætlað, að hann sé nú 700—800 kr. á hvert unnið dýr.

Á Alþ. 1951 var borið fram frv., þar sem farið var fram á nokkra hækkun á þeim upphæðum, sem greiddar eru fyrir að vinna dýr. Hv. landbn. þessarar d. bar það frv. fram. Ég ætla, að það hafi þá verið samþ. í þessari hv. d., en dagað uppi í hv. Ed. Síðan hefur það gerzt í þessu máli, að það hefur verið til meðferðar á búnaðarþingi nú á öndverðu þessu ári, og búnaðarþing gerði ályktun í málinu þess efnis að skora á Alþ. að breyta l. í þá átt að hækka verðlaun fyrir hlaupadýr og þá jafnframt fyrir minka.

Við flm. höfum í þessu frv. haldið okkur við þá till., sem búnaðarþing gerði, að því er varðar upphæð verðlauna.

Ég vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 177, n. 230).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Bjarnason):** Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv., og var n. einróma á því máli, að það bæri að hækka þau verðlaun, sem veita skal fyrir að vinna hlaupadýr og minka. Hins vegar hefur n. ekki getað fallizt á að hækka þessi verðlaun jafnmikið og hv. flm. frv. vilja vera láta. Í frv. leggja þeir til, að verðlaunin séu allt að því fimmföld frá því, sem nú gildir í lögum. En athugi maður hækkun á kaupgjaldi á þessu fimm ára tímabili, frá því að lögin gengu í gildi, þá hefur það samkv. Dagsbrúnartaxta í Reykjavík ekki einu sinni tvöfaldazt, þó að það sé nálægt því. En landbn. leggur til, að verðlaunin séu þrefölduð fyrir að vinna hlaupadýr, eða hækkuð úr 60 kr. í 180 kr., en hækkuð úr 60 kr. upp í 90 kr. fyrir að vinna minka. Mismunurinn á þessum verðlaunum liggur í því, að þegar minkar eru unnir, er yfirleitt um gren að ræða og fleiri dýr, sem vinnast þá í einu, þannig að hlutaðeigandi maður ber meira úr býtum en ef hann vinnur t. d. ref, því að þessi verðlaun, sem veitt eru fyrir refi, eru eingöngu fyrir að vinna hlaupadýr, en ekki þegar um svokallaða grenjavinnslu er að ræða, sem greidd er eftir öðrum þar að lútandi reglum.

Það mundi kannske einhvern fýsa að spyrja sem svo, hvað þessi útgjöld mundu nema miklu

hjá hlutaðeigandi aðilum við þessa hækkun. Ég reyndi að fá það upp hjá landbrn., hver sundurliðunin væri á refa- og minkavinnslu í landinu, en það liggur ekki ljóslega fyrir, hvað hækkunin kann að verða mikil. Á ríkisreikningi, sem nýlega var útbýtt hér í hv. Alþ. fyrir árið 1952, voru útgjöld við að eyða refum og minkum í landinu um 240 þús. En eins og hv. þm. hafa veitt athygli, þá eru á fjárl. fyrir næstkomandi ár, eða 1955, áætlaðar 320 þús. kr. til refa- og minkavinnslu í landinu. Ég hygg, að útgjöldin fyrir ríkissjóð hækki sáralítið, þó að þetta frv. verði gert að lögum.

Það hefur örlað mjög á því á undanförnum árum, hversu erfitt hefur verið að fá menn til þess að reyna að vinna hlaupadýr á þennan hátt, og eina úrbótin, til þess að þessi verðlaun beri nokkurn tilætlaðan árangur, er, að þau séu það há, að menn vilji leggja stund á þessar veiðar sem nokkurs konar „sport". Atvinnulíf er mikið hér í landinu nú, og menn leggja þess vegna ekki á sig að fara í það, sem þeir bera ekki neitt verulegt úr býtum við, nema því aðeins að þeir eigi ekki annars kost. En ég tel, að hækkunin, sem landbn. leggur til að gerð verði á þessum verðlaunum, muni bæta verulega úr á þessu sviði, og vil mælast til þess við hv. þd., að þetta frv. verði samþ. eins og landbn. hefur lagt til að verði.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar flm. þessa frv. að þakka hv. landbn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli.

Eins og hv. frsm. n. tók fram, leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt. á 1. gr., að upphæðir þær, sem þar eru tilgreindar, lækki nokkuð, þ. e. a. s. verðlaun fyrir hlaupadýr niður í 180 kr. og fyrir minka niður í 90 kr. Við flm. frv. fórum eftir tillögum frá búnaðarþingi í þessu efni, en ég held, að mér sé óhætt að segja það fyrir okkar hönd, að við munum geta fallizt á þær breytingar, sem hv. n. hefur lagt til að gerðar verði á frv.

ATKVGR.
Brtt. 230 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 235).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 235, n. 418).

**Frsm. (Andrés Eyjólfsson):** Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. um eyðingu refa og minka, sem nú er til umr., er komið frá hv. Nd. Í þeirri mynd, sem það er nú, fjallar það eingöngu um að hækka verðlaun þau, sem veitt eru samkv. núgildandi l. fyrir unnin hlaupadýr, refi og minka, úr 60 kr. á dýr í 180 kr. fyrir refi og 90 kr. fyrir minka. Hefur landbn. fyrir sitt leyti fallizt á að leggja til, að frv. verði að þessu leyti samþ. óbreytt.

N. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og eins og sjá má á nál. leitað sér ýmissa upplýsinga um framkvæmd l. um eyðingu refa og minka. Leitaði hún til atvmrn., sem hafði ekki önnur gögn um framkvæmd l. en heildarkostnað hvers árs. Ég tek hér skýrslu fyrir árið 1953, og er hún prentuð sem fskj. með nál. Sýnir hún kostnað hverrar sýslu það ár og heildarkostnað landsins alls. Eins og skýrslan ber með sér, er kostnaður í hinum einstöku sýslum mjög mismunandi. Hæstur er hann í Norður-Múlasýslu, eða kr. 91612.58, en heildarkostnaður alls landsins vegna refa- og minkaveiða er það ár kr. 836692.73.

Þá leitaði n. einnig til allra sýslumanna um framkvæmd og árangur refa- og minkaveiðanna og kostnað við þær, sundurliðað fyrir hverja tegund. Flestir sýslumenn hafa sent svör, en við athugun þeirra kom í ljós, að þá skorti gögn til þess að gefa sundurliðaðar skýrslur, svo sem n. óskaði eftir og greint er frá í nál.

Til þess þó að gefa nokkra hugmynd um niðurstöðuna skal ég nefna nokkrar sýslur, sem tölur hafa borizt frá um unnin dýr, fjölda refa og minka, árið 1953. Um heildarkostnað vil ég vísa til fylgiskjals þess frá atvmrn., sem prentað er með nál.

Ég nefni þá fyrst Skagafjarðarsýslu, en þaðan hafa borizt greinilegastar skýrslur, enda hefur sýslumaðurinn þar látið prenta eyðublöð, sem eru svo útfyllt í hreppunum, samhliða því sem reikningar yfir kostnað við vinnsluna eru gerðir. Á árinu 1953 er útkoman þessi: Unnin gren 23, unnin grendýr 33, unnin hlaupadýr 12, yrðlingar á grenjum 85 og minkar 55.

Um Norður-Múlasýslu segir sýslumaður, með leyfi hæstv. forseta:

„Alls virðast hafa veiðzt á árinu 76 refir fullorðnir og 172 yrðlingar."

Í Barðastrandarsýslu verður talan þessi: 18 gren, 22 grendýr, 45 yrðlingar og 118 hlaupadýr.

Í Ísafjarðarsýslu er tala grenja talin 23 og grendýr 60. Við þá tölu vil ég gera þá aths., að sjáanlega eru þarna taldir með yrðlingar, sem hafa unnizt á grenjum, enda setur sýslumaðurinn spurningarmerki við þessa tölu. Hlaupadýr, sem unnin hafa verið, eru 171. Í Eyjafjarðarsýslu eru 8 gren, 15 grendýr, yrðlingar 24, hlaupadýr 8. Í Suður-Múlasýslu 17 gren, 21 grendýr, 44 yrðlingar og 1 hlaupadýr. Í Austur-Skaftafellssýslu 30 refir og 95 yrðlingar.

Ekki hefur n. borizt nema ein skýrsla, er sýni þróun þessara mála frá ári til árs. Er hún úr Skagafjarðarsýslu og sýnir heildarkostnað við refa- og minkavinnslu árin 1950—53, að báðum

meðtöldum, eða eftir að l. frá 1949 tóku gildi. 1950 var heildarkostnaðurinn kr. 28038.59. Þar af var kostnaðurinn vegna vinnslu minka 180 kr. Árið 1951 er heildarkostnaðurinn kr. 36536.42, þar af vinnsla minka kr. 1170.00. Árið 1952 er heildarkostnaður kr. 45823.68, þar af kostnaður við minka kr. 2500.00. Og 1953 er heildarkostnaðurinn kr. 49922.18, þar af kostnaður við vinnslu minka kr. 3300.00.

Þetta er aðeins einstakt dæmi, tekið sem sýnishorn, sem hefur vitanlega aðeins gildi fyrir þessa einu sýslu. Þessi dæmi frá nokkrum sýslum eru talin upp til þess að sýna, hversu mikið verkefni refa- og minkavinnslan er um allt land, sem aftur á móti sannar það, hve áríðandi er að halda þessum morðvörgum í skefjum með öllum þeim ráðum, sem tiltæk eru.

Eins og öllum er kunnugt, hefur refurinn verið morðvargur í sauðahjörð landsmanna frá fyrstu tíð. Hefur jafnan verið reynt að útrýma melrökkum með öllum þeim tækjum, sem hver kynslóð hefur haft yfir að ráða. Ekki eru mér kunnug opinber fyrirmæli um eyðingu refa á fyrri öldum, en 1890 eru þó sett lög um heimild fyrir sýslunefndir til að setja reglugerðir um eyðingu refa, sem amtsráð skal staðfesta. Eru l. þessi byggð á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 1872. Lögum þessum er svo lítils háttar breytt með l. nr. 36 frá 1893, eða nánari skilgreining á löndum þeim, sem sveitarsjóðir skulu kosta vinnslu á, en það er í heimalöndum, í almenningum og á afréttum þeim, sem sveitarfélögin eiga.

Enn er l. breytt 1919. Gera þau l. enn ráð fyrir reglugerðum sýslunefnda, sem nú skulu staðfestast af stjórnarráðinu. Þó er eitt nýmæli í þeim l., sem ekki hefur verið tekið upp við endursamningu l. síðan. Í 3. gr. l. eru fyrirmæli um það, að skýrslur um eyðingu refa og útlagðan kostnað við hana skuli gerðar af framkvæmdarstjórn refaeyðingarsvæða, hvers um sig, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur og sendir sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs. Átti að senda skýrslur þessar sýslunefnd eða bæjarstjórn, sem leiðrétta átti þær, ef ástæða var til. Síðan skyldu þær sendar til stjórnarráðsins, sem birta átti þær sem aðrar skýrslur um landshagi á Íslandi.

Árið 1933 var svo l. enn breytt, og eru það fyrstu heildarlög um eyðingu refa fyrir landið allt, reglugerðir einstakra sýslna ekki lengur fyrirskipaðar, leyfðar um einstök atriði, en bannaðar, ef þær koma í bága við l. Lög þessi, nr. 108 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, marka ekki nýja stefnu um vinnslu refa. Þau eru einkum einkennd af refaeldinu, sem þá átti sitt blómaskeið, og hinu háa verði, sem þá var á yrðlingum.

Loks eru svo núgildandi lög, nr. 56 1949. Merkasta nýmæli þeirra var, að nú er kostnaði við refa- og minkavinnslu skipt á milli ríkis, sýslufélags og hreppsfélaga, enda var svo komið, einkum eftir að óhappið um innflutning og lausagang minkanna átti sér stað, að fátækum og fámennum, en landstórum hreppum var orðið ofviða að halda vargdýrum þessum svo í skefjum sem þjóðarnauðsyn krefst.

Enn er á ferðinni breyt. á þessum l. Eins og frv. er nú, er stefnt að því að hvetja menn til að vinna dýr þessi á öllum tímum árs með auknum verðlaunum fyrir unnin hlaupadýr. Eins og ég gat um áður, mælir n. með því, að ákvæði frv. um hækkun verðlauna verði samþ. óbreytt. Það hefði verið fróðlegt og æskilegt, ef hægt hefði verið að gera sér grein fyrir því, hver meðalkostnaður væri við að vinna dýr á grenjum. En því miður eru engar þær skýrslur, sem n. hefur undir höndum, svo gerðar, að leyfilegt sé að koma með svo mikið sem ágizkunartölur. Þó benda líkur til, að kostnaður við vinnslu grendýra verði sízt lægri en verðlaun þau, er frv. ákveður fyrir refi, eða 180 kr. á dýr. Á þeirri skoðun meðal annars byggir n. meðmæli sín um, að verðlaunaákvæði frv. verði samþ. óbreytt. En eins og nál. greinir frá, er n. sammála um að leggja til, að fleiri breyt. verði gerðar á l. Eru þær í fjórum liðum. Skal ég aðeins minnast á þær, en vísa að öðru leyti til nál.

1. og 4. brtt. n. lúta að því að fyrirbyggja, að lönd verði út undan við vinnslu, þar sem svo hagar til, að hreppar fara í eyði, eins og nú eru dæmi til, eða í löndum, sem kaupstaðir eiga, en um skyldu þeirra til að annast vinnslu í löndum sínum er ekkert fram tekið í núgildandi l. Það er aðeins talað um sýslumenn, sýslunefndir og hreppsnefndir, en bæjarfógetar og bæjarstjórnir ekki nefndar.

Afrit af bréfi sýslumanns Skagafjarðarsýslu til bæjarfógetans á Siglufirði og Ólafsfirði, sem fylgdi skýrslu sýslumanns til n., staðfestir réttmæti og nauðsyn 4. brtt.

2. brtt., sem n. ber fram, er um það, að eitra skuli árlega fyrir refi og minka. Læt ég að mestu nægja að vísa til nál. um nauðsyn þess að eitra rækilega. Því skal þó bætt við, að Sigurður Sigurðsson, bæjarfógeti og sýslumaður á Sauðárkróki, segir í skýrslu sinni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar hygg ég, að haldkvæmasta ráðið til útrýmingar refum sé að eitra fyrir þá.“ Þetta segir bæjarfógeti. Ég get um leið sagt, að áratuga reynsla mín staðfestir þetta álit sýslumannsins.

Þá er aðeins ógetið einnar brtt. n., sem er hin 3. í röðinni, en hún mælir svo fyrir, að gera skuli skýrslur um eyðingu refa og minka, er sýni árangur og kostnað við hverja tegund um sig. Eins og ég gat um áður, þá voru fyrirmæli um slíka skýrslugerð í l. frá 1919. N. lítur svo á, að slík nákvæm skýrslugerð geti í framtíðinni gefið bendingar um, hverjar séu hinar hagkvæmustu vinnsluaðferðir, og lagt grundvöll fyrir betri árangri í stríðinu við þessi skaðlegu vargdýr.

Að svo mæltu leyfi ég mér fyrir hönd n. að óska þess, að hv. d. samþykki till. hennar og afgr. frv. til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Brtt. 418,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 418,2 (3 nýjar gr., verða 3.—5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 10. marz var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

## 56. Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1950, um breyt. á l. nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum** [125. mál] (þmfrv., A. 274).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. landsk., vitamálastjóranum, að flytja hér frv. á þskj. 274, sem fjallar um það, að heimild til lántöku fyrir landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum verði hækkuð úr 15 millj. upp í 25 milljónir. Um þessi efni voru í öndverðu sett lög á árinu 1946, og þá var þessi lántökuheimild ákveðin 10 milljónir. Þessum lögum var breytt með lögum nr. 55/1950 og lántökuheimildin hækkuð upp í 15 millj.

Nú er svo komið, að kostnaðurinn við þessa höfn er kominn upp í 15 milljónir, og það verður þess vegna ekki hægt að halda því verki áfram, nema Alþingi heimili breytingar á 1. gr. l. frá 1950 á þá lund, sem hér er farið fram á. Eins og stendur í hinni stuttu grg., sem þessu frv. fylgir, er nú mikil aukning í útgerðinni frá þessari höfn, sem að sjálfsögðu stendur að nokkru leyti í sambandi við aukna trú manna á afkomu bátaútvegsins vegna friðunarráðstafana, og eins og segir í grg., þá er talið líklegt, að á þessari vertíð, sem nú fer að hefjast eftir áramótin, verði gerðir út frá þessari verstöð 40 bátar í stað þess, að í fyrra voru þar aðeins 25 bátar, og það er einnig gert ráð fyrir, að þróunin að óbreyttum kringumstæðum verði hröðum skrefum áfram í þessa sömu átt.

Það gefur svo auga leið um það, að slík vaxandi útgerð kallar á aukið afgreiðslupláss, og það er af þeim ástæðum, sem hv. 5. landsk. og ég höfum leyft okkur að fara fram á þessa hækkun á ábyrgðarheimildinni, til þess að hægt verði að halda áfram mannvirkjagerð í þessari höfn, sem nú hefur svo veigamikla þýðingu fyrir atvinnulíf landsmanna í heild. Hækkunin á ábyrgðarheimildinni er 10 millj., þ. e. a. s. úr 15 og upp í 25 millj. Tekjur þessarar hafnar fara ört vaxandi, að sama skapi sem útgerðin eykst, og hafa orðið á s. l. ári 1½ millj. kr. Þessi höfn er nú orðin önnur tekjumesta höfn landsins, þ. e. a. s. hin tekjuhæsta utan Reykjavíkur, og það er dómur kunnugustu manna, þ. á m. vitamálastjórans og hafnarstjóra landshafnarinnar, að það séu allar líkur til, að höfnin geti staðið undir öllum sínum skuldbindingum, svo að þessu ætti ekki að fylgja nein veruleg áhætta.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, af því að ég veit, að þetta frv. mun ekki eiga neinni andstöðu að mæta hér í hv. d. eða á hv. Alþingi, — eða vil ekki gera ráð fyrir því að órannsökuðu máli a. m. k., — og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 274, n. 383).

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Lög um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum voru samþ. á Alþingi 1946. Þar er svo fyrir mælt, að ríkissjóður láti gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, innan takmarka, sem þar eru nánar tilgreind. Þar segir enn fremur, að til greiðslu kostnaðar við hafnargerðina sé heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 10 millj. kr., er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði, og að hafnargjöld landshafnarinnar skuli við það miðuð á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, að tekjur hafnarinnar nægi til að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar við höfnina.

Þá er í þessum lögum um landshöfnina frá 1946 heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa þáverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvík.

Um stjórn hafnarinnar segir svo í lögunum, að í henni skuli vera hafnarstjóri, sem skipaður sé af þeim ráðh., sem fer með hafnarmál, og 4 meðstjórnendur, 3 kosnir af Alþingi og 1 af sveitarstjórnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps. Þessum lögum frá 1946 var síðan breytt með lögum nr. 55 1950, en í þeirri breytingu felst það, að heimild til lántöku vegna hafnarinnar er hækkuð úr 10 millj. kr. upp í 15 millj. kr. En með frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að upphæðin verði enn hækkuð úr 15 millj. kr. upp í 25 millj. kr., og er það efni frumvarpsins.

Framkvæmdir við landshöfnina í Keflavík og Njarðvík voru hafnar sama ár og lögin voru sett

á Alþingi, eða 1946. Þá tók landshöfnin við þeim mannvirkjum, sem Keflavíkurhöfn átti, ásamt áhvílandi skuldum á þeim mannvirkjum, sem námu 1½ millj. kr. Þá keypti landshöfnin einnig nokkuð af löndum á þessum stað, og síðan hefur verið unnið að hafnarmannvirkjum bæði í Keflavíkurhöfn og í Innri-Njarðvík. Hefur verið unnið á tveimur stöðum. Mannvirki hafnarinnar í Keflavík eru þegar komin til mikilla nota, og er aðalhöfnin þar, fiskihöfn og flutningahöfn, en mannvirkin í Njarðvík eru skemmra á veg komin. Hafa að vísu orðið að þeim töluverð not, en koma þó enn ekki að fullum notum, og er gert ráð fyrir að halda áfram verkinu. Að þessu er nánar vikið í nál. á þskj. 383. En alls er búið að verja til framkvæmdanna í landshöfninni, að meðtöldum þeim lánum, sem landshöfnin yfirtók frá Keflavíkurhöfn, hátt á 14. millj. kr. Auk þess hafa verið keypt lönd fyrir um 900 þús. kr. og þar að auki varið nokkru fé til húsa og tækja til afnota fyrir höfnina. Samtals er það fé, sem varið hefur verið til landshafnarinnar síðan 1946, að meðtöldu því sem á Keflavíkurhöfn hvíldi, rétt um 15 millj. kr. eða aðeins rúmlega það. Þetta fé hefur verið fengið á þá leið, að ríkissjóður hefur lagt fram um 4½ millj. kr., eða nál. þriðjunginn, og hafnarbótasjóður auk þess rúml. hálfa þriðju millj. kr. Þar að auki skuldar landshöfnin í ríkisskuldabréfum og í ábyrgðarlánum um 4 millj. og ríkissjóði sérstaklega á svonefndum viðskiptareikningi um 3 millj. kr. Tekjur hafnarinnar hafa farið vaxandi í seinni tíð og námu á árinu 1953 1.4 millj. kr., og á árinu 1954 munu þær hafa numið um 1.7 millj. kr.

Þessar upplýsingar um mannvirki landshafnarinnar og um fjármál hennar vil ég fyrir hönd n. láta koma hér fram, og er reyndar að þeim vikið í nál. En n. leggur til, að meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., þ. e. a. s. heimildin til að taka lán vegna landshafnarinnar, sem raunar þýðir í framkvæmd að verja fé til hafnarinnar, verði hækkað úr 15 millj. upp í 25 millj. kr. Jafnframt leggur n. til, að gerðar verði nokkrar formsbreytingar á frv., sem tilgreindar eru á þskj. 383. Þær skipta ekki máli efnislega. Aðalatriðin í þessum brtt. eru þau að breyta orðalagi til samræmis við það, að Keflavík er ekki lengur hreppur, heldur kaupstaður, og að lögin frá 1950 eru felld inn í upphaflegu lögin frá 1946. Er þá gert ráð fyrir, að landshafnarlögin frá 1946 verði gefin út að nýju svo breytt.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Vegna þess að 1. flm. þessa frv. er ekki viðstaddur, vildi ég leyfa mér sem meðflm. þess að tjá hv. sjútvn. þakkir fyrir afgreiðslu þess og skýra frá því, að a. m. k. ég fyrir mitt leyti er alveg samþykkur þeim breytingum, sem n. leggur til að gerðar verði og eru ekki efnisbreytingar, heldur aðeins, má segja, að frv. sé fært til réttari stíls vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa á sveitarstjórn Keflavíkurhrepps síðan lögin voru samin.

ATKVGR.
Brtt. 383,1 (3 nýjar gr. í stað 1. gr., verða 1.—3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 383,2 (2 nýjar gr. í stað 2 gr., verða 4.—5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 383,3 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv. með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.**

---

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 405).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 433).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Í l. nr. 25 1946 er stofnað til landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Ríkisstj. er í l. þessum veitt heimild til þess að taka lán f. h. ríkissjóðs, allt að 10 millj. kr., er endurgreiðist að ⅓ af ríkissjóði og ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma við það, að hægt sé að greiða vexti og afborganir af ⅔ stofnlána svo og rekstrarkostnað á hverjum tíma.
Nú er búið að leggja í hafnargerð þarna 14—15 millj. kr., og þarf því mikið fé til að standa straum af vöxtum og afborgunum, en þess má geta, að tekjur landshafnarinnar eru hærri en annars staðar á landinu utan Reykjavíkur. S. l. ár námu þær samtals um 1.7 millj. kr. Þörfin er mikil fyrir frekari stækkun hafnarinnar, eins og grg. ber með sér, og því leggur n. til, að frv. verði samþykkt óbreytt, sbr. nál. á þskj. 433.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

## 57. Innlend endurtrygging, stríðsslysatrygging skipshafna o. fl.

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.** [151. mál] (þmfrv., A. 362).

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur þetta frv. á þskj. 362 eftir beiðni félmrn. Efni frv. er það að heimila Íslenzkri endurtryggingu að greiða 6% í arð af hlutafjáreign í stað þess að arðsúthlutun er nú bundin við 5%.

Þetta ákvæði um 5% arðsúthlutun var sett með lögum frá 1947, og var þá höfð hliðsjón af því, að bankavextir voru þá mjög lágir eða yfirleitt ekki nema 2%, en síðan hafa þeir hækkað og eru nú í almennum sparisjóðsbókum 5%. Þykir því eðlilegt til samræmis við þessa breytingu á bankavöxtum að gera þá breytingu, sem þetta frv. fer fram á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 433).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Félagið Íslenzk endurtrygging hefur óskað eftir, að félmrn. gengist fyrir því, að lögum þess yrði breytt þannig, að heimiluð yrði 6% arðsúthlutun í stað 5% eins og nú er. Heilbr.- og félmn. Nd. flutti síðan frv. um þetta.

Félag þetta var stofnað með l. nr. 106 1943, og var þá ákveðið, að félagið mætti greiða allt að 6% í arð, en árið 1947 var lögum þess breytt þannig, að hámark arðs var fært niður í 5% með hliðsjón af því, að sparifjárvextir voru mjög lágir. Með lögum nr. 43 1947 var einnig ákveðið, að starfsemi félagins breyttist þannig, að það tæki að sér að endurtryggja fyrir íslenzk vátryggingarfélög, einkum á sviði sjótrygginga.

Áhættufé félagsins er: frá ríkissjóði 1 millj. 850 þús., frá Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingarfélagi Íslands samtals 408 þús. og frá útgerðarmönnum 2 millj. 706 þús., eða samtals 4 millj. 964 þús. kr. Auk þess eru áhættufjárábyrgðir, er nema samtals rösklega einni millj. kr. Í varasjóð félagsins leggst árlega samkvæmt lögum 10% af hagnaði. Nú er farið fram á, að arður megi greiðast með 6% í stað 5%, eins og áður er getið, og leggur n. eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og nál. ber með sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 454).

## 58. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 22. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur** [111. mál] (þmfrv., A. 199).

Á sama fundi og 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 199, n. 353).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Emil Jónsson):** Herra forseti. Með þessu frv., sem flutt er af báðum hv. þm. Skagf., er lagt til, að Lónkotsmöl í Skagafirði verði tekin upp í l. um hafnargerðir og lendingarbætur sem staður, þar sem hægt sé að byggja styrkhæf hafnarmannvirki. Þessi staður, Lónkotsmöl, liggur í Fellshreppi í Skagafirði austanverðum, nokkurn veginn beint austur af Málmey, og hefur þaðan verið stundað útræði um langt skeið, að því er segir í grg. frv. Aðstaðan þarna til útgerðar er aftur mjög erfið, hár malarkambur, engin mannvirki, ekkert afdrep fyrir báta og engin bryggja til að lenda við. Það er því ekki óeðlilegt, að til þess hafi verið hugsað að gera þarna einhverjar lendingarbætur.
Áætlun um litla bryggju á þessum stað var gerð fyrir 10 árum, og virðist vera hægt að gera hana með tiltölulega litlum kostnaði, en ekkert hefur þó orðið úr framkvæmdum, sennilega m. a. vegna þess, að staðurinn var ekki á hafnarlögum.
Samgmn. þessarar d. hefur haft málið til meðferðar og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt. Það er svipað háttað með þennan stað eins og fjöldamarga aðra, sem gert er ráð fyrir að byggja smálendingarbætur á, og engin ástæða til þess að hafa þennan stað ekki með, þar sem aðrir líkir eða tilsvarandi eru teknir upp í lögin.
Ég get getið þess einnig, að síðan vitavarðarbústaðurinn í Málmey brann, hefur Málmeyjarvitans verið gætt úr landi, og er þá einmitt lent á þessum stað, í Lónkotsmöl, og gæti svo farið, að smálendingarbætur, sem þar yrðu gerðar, gætu einnig orðið til að tryggja öryggi við rekstur vitans.
N. leggur sem sagt eindregið til, að frv. verði samþykkt.

**Jón Sigurðsson:** Herra forseti. Það atvikaðist víst svo, að ég var ekki hér viðstaddur, þegar þetta mál var tekið fyrir til 1. umr., og vil ég þess vegna nota þetta tækifæri og tjá n. þakkir fyrir góða afgreiðslu þessa máls og vænti þess, að málið gangi greiðlega gegnum þessa hv. d. og Alþingi í heild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 199, n. 428, 390).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta litla frv. er um það að taka lendingarstað við Skagafjörð, Lónkotsmöl, inn á B-lið 2. gr. l. um hafnargerðir og lendingarbætur. Færa flm. þau rök fyrir þessu, að þarna hafi verið töluvert útræði frá gamalli tíð og gefizt vel, en vegna slæmrar lendingar sé lendingin ekki nothæf nema litlum bátum og því sé aðgerða þörf til þess að geta stundað þaðan sjó á þann hátt, sem nú þykir henta.
N. hefur athugað frv. og fallizt á rök flm. og leggur þar af leiðandi til, að það verði samþykkt.
Þá tók n. til athugunar brtt. frá hv. þm. Barð. (GíslJ) um, að nýjum stað yrði bætt inn í þennan sama staflið nefndra laga, sem er Reykhólar í Reykhólahreppi. Hv. flm. var vitanlega ekki búinn að flytja neina framsöguræðu um þessa till., þar sem nú er 2. umr., og ég skal játa, að n. er ekki mjög kunnug þarna eða dómbær verulega, en þó leggur hún til, að þessi brtt. verði einnig samþ. og þá með tilvísun til þess, að Alþ. hefur það á valdi sínu á hverjum tíma, hvað það vill veita mikið fé til aðgerða á lendingarstöðum. Annars mun hv. flm. þessarar till. e. t. v. gera d. nánari grein fyrir henni, áður en umr. er lokið.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram, hafði ég ekki flutt neina framsöguræðu fyrir þessari till., en ég skal gera hér aðeins með örfáum orðum grein fyrir henni nú.
Á Reykhólum er verið að byggja upp, eins og kunnugt er, tilraunastöð í jarðrækt, sem hefur hafizt handa um allmikla framleiðslu í garðrækt, en einn af þeim erfiðleikum, sem eru í sambandi við þá framleiðslu, er kostnaðurinn við að flytja vöruna frá framleiðslustað og á sölustaðina. Hefur þetta mest farið fram á bifreiðum, annaðhvort til Króksfjarðarness og svo þaðan aftur með skipum eða venjulega beint á sölustað, vegna þess að kostnaður við umskipun hefur orðið það mikill, að það hefur þótt borga sig betur að flytja vöruna á bifreiðum alla leið til Reykjavíkur. En það hefur sýnt sig, að erfiðleikarnir á flutningi á þungavöru milli Reykjavíkur og Reykhóla eru svo miklir, að það jafnvel kyrkir hverja þá framleiðslu, sem þar ætti að koma á fót, ef ekki er hægt að minnka flutningskostnaðinn, en það verður ekki gert, nema því aðeins að hægt sé að flytja þungavöruna frá og að Reykhólum að sjóleiðum.
Nú eru lendingarbætur þannig á Reykhólum, að ómögulegt er að leggja þar að neinni fleytu. Það þarf því að byggja þar upp bryggju eins og

víða annars staðar, og það er þess vegna, sem ég hef borið þessa till. fram.

Það hefur einnig mjög komið til greina að setja upp þaravinnslu á Reykhólum, en frumskilyrðið til þess, að unnt sé að koma þar upp slíkri vinnslu, er, að þar séu gerð viðunandi lendingarskilyrði.

Það er því meginástæða fyrir áframhaldandi þróun og fólksfjölgun á Reykhólum, að komið sé þar upp hafnarbótum eins og annars staðar á landinu, þar sem þörf er á að flytja þungavörur frá stað og til.

Þetta mál hefur nokkuð verið rætt við vitamálastjóra, sem hefur talið sjálfsagt að láta rannsaka öll skilyrði fyrir hafnargerð á Reykhólum, og mundi það verða gert, eftir að þessi till. hefur verið samþ., en hann sér hins vegar ekki ástæðu til þess að framkvæma slíka rannsókn, nema vitað sé, að Reykhólar séu teknir upp í hafnarlög eins og aðrir staðir á landinu. Það hefur einnig komið til mála, að í stað þess að byggja slíka höfn á Reykhólum, þá verði það gert annaðhvort á Stað, sem liggur þar um 5 km vestar, eða á öðrum stöðum á nesinu, en hitt hygg ég þó eftir lauslega athugun, að það verði hallazt að því að gera lendingarbæturnar á Reykhólum sjálfum, enda talið, að það muni ekki verða erfiðara eða dýrara en að gera þær á öðrum stöðum. Það eru öll líkindi til þess, að hægt sé að gera það nú með sanddælum, frekar en með uppgrefti, eftir að tæknin er orðin slík, að hægt er að dæla upp sandi og gera rennur upp að þeim bryggjum, sem kynnu að verða byggðar.

Ég vil því þakka hv. n. fyrir að leggja til, að till. verði samþ., og sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð og vil vænta þess, að d. fallizt á þá till.

ATKVGR.
Brtt. 390 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 440).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

## 59. Brunabótafélag Íslands.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um Brunabótafélag Íslands** [129. mál] (þmfrv., A. 290).

Á 41. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jónas Rafnar):** Herra forseti. Á síðasta Alþingi voru samþ. lög um brunatryggingar utan Rvíkur, en í 5. gr. l. voru sett eftirfarandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frumvarp um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Í samræmi við þessi fyrirmæli l. var nefndin kjörin af hv. Alþingi. Hélt hún nokkra fundi s. l. sumar og lauk svo störfum eftir að Alþ. var komið saman til fundar í vetur. N. gat ekki orðið sammála um niðurstöður og skilaði því tveimur till. ásamt grg. til ríkisstj. með bréfi, dags. 9. nóv. s. l. Meiri hl. n., Jón Sigurðsson alþm., Guðmundur Í. Guðmundsson alþm. og Jónas Rafnar, samdi frv. til laga um Brunabótafélag Íslands, en minni hl., Guðmundur Guðlaugsson forstjóri, Akureyri, og Vilhjálmur Jónsson lögfræðingur, Reykjavík, gekk frá og afhenti brtt. við það frv. Einnig samdi minni hl. n. frv. til l. um brunatryggingar utan Rvíkur.

Þegar það dróst á langinn, að ríkisstj. legði till. meiri eða minni hl. n. í einhverju formi fyrir Alþ., en óvíst var um starfstíma þess í vetur, urðu nokkrir hv. þdm. ásáttir um að flytja till. meiri hl. brunamálanefndar svo til óbreyttar í frumvarpsformi. Var frv. útbýtt í d., rétt áður en Alþ. var frestað fyrir hátíðarnar. Ég tek það fram, að flm. frv. hafa áskilið sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma við það. — Frv. þessu fylgir allýtarleg grg. og athugasemdir við hverja frvgr. fyrir sig, eftir því sem tilefni hefur þótt til. Ég tel því ástæðulaust að fylgja því úr hlaði með langri framsögu, en vísa til grg., sem hv. þdm. hafa kynnt sér. Ég vildi þó aðeins drepa á helztu nýmælin, sem felast í frv.

Í frv. er m. a. lagt til, að teknir verði upp nýir og töluvert breyttir stjórnarhættir hjá Brunabótafélagi Íslands. Í gildandi lögum um Brunabótafélag Íslands er tekið fram, að félagið standi undir umsjón ríkisstj. og að félaginu stjórni framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstj. Samkvæmt frv. hefur ríkisstj. áfram yfirumsjón með starfsemi Brunabótafélagsins og ráðherra skipar því forstjóra, en frv. gerir ráð fyrir þeirri skipulagsbreytingu, að stofnað verði fulltrúaráð fyrir félagið, skipað einum manni frá hverju bæjar- og sýslufélagi, sem tryggja fasteignir sínar hjá félaginu að einhverju eða öllu leyti. Skulu þessir fulltrúar kosnir að afstöðnum hverjum regluleg-

um bæjar- og sýslunefndarkosningum. Þá er gert ráð fyrir því, að Brunabótafélagið kalli fulltrúaráðið saman til aðalfundar fjórða hvert ár, en auk þess megi kalla það saman til funda hvenær sem framkvæmdarstjórn ákveður og ætið er eigi færri en ⅓ hluti fulltrúaráðsmanna óskar þess. Á aðalfundi skal kjósa 3 menn úr hópi fulltrúaráðsmanna í framkvæmdarstjórn fyrir félagið. Um starfsemi fulltrúaráðsins að öðru leyti segir í frv., að það skuli ræða um rekstur félagsins, afkomu og framtíðarhorfur og taka til athugunar, hvað unnt er að gera til hagkvæmra brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og brunavarnir og einnig um aðrar tryggingar, sem félagið kynni að taka að sér. Um fulltrúaráðið segir svo í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Það þótti mjög eðlilegt og í samræmi við skipulag og verksvið Brunabótafélags Íslands, að valdir fulltrúar bæjarfélaga og sýslna fylgist með störfum og rekstri félagsins, sem hefur það hlutverk að brunatryggja húseignir í umdæmum þessum. Þessir kjörnu fulltrúar eiga að gæta hagsmuna vátryggðra og tryggja, að þeir njóti beztu kjara, sem unnt er að fá, og að efldar séu brunavarnir og aðrar varúðarráðstafanir. Hefur forstjóri Brunabótafélagsins fyrir nokkrum árum lagt til, að þessir skipulagshættir væru upp teknir á stjórn félagsins. Þessi ákvæði eru og mjög sambærileg við fyrirmæli samþykkta brunabótafélaga, sem annast vátryggingar í kaupstöðum og sveitum á Norðurlöndum."

Þá er og á það bent, að kostnaður þurfi ekki að verða ýkja mikill við fundi fulltrúaráðsins, þar sem þeir yrðu venjulega ekki nema fjórða hvert ár.

Hin þriggja manna stjórn Brunabótafélagsins mundi fylgjast með rekstri þess og taka ásamt forstjóra ákvarðanir um allar meiri háttar ráðstafanir, eins og t. d. tryggingakjör fyrir bæjar- og sveitarfélög og lánveitingar félagsins og ráðstafanir á varasjóðum. Í framkvæmdinni hafa þau málefni til þessa verið afgreidd af forstjóranum einum.

Í 2. gr. frv. eru sett nokkur ný ákvæði og skýrari um tilgang og starfsemi Brunabótafélagsins en áður voru í 2. gr. laga nr. 73 frá 1942, þar sem gert er ráð fyrir að binda í lögum það, sem áður hefur verið framkvæmt af félaginu, án þess að um það væru nokkur sérstök lagaákvæði, svo sem um stuðning við brunavarnir, útvegun slökkvitækja, lán til vatnsveitna o. fl. og aðstoð við eftirlit með brunavörnum. Þótti eðlilegra og réttara að hafa þetta ákveðið í löggjöfinni sjálfri. Í frv. er gert ráð fyrir því, að Brunabótafélagi Íslands sé heimilt eftir vissum reglum að taka að sér fleiri og víðtækari tryggingargreinar en nú er.

Í 8. gr. frv. er felld niður takmörkun, er ákveðin var í 4. gr. núgildandi laga um heimild Brunabótafélagsins til að brunatryggja lausafé, en samkv. 4. gr. má félagið nú ekki taka að sér tryggingar á verzlunarvörum.

Þá er það nýmæli í 23. gr. frv., að heimilað er að nota fé varasjóðs, ef öruggt þykir, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingargreina, enda þurfi samþykki framkvæmdarstjórnar og fulltrúaráðs að koma til.

Það má segja, að þessar rýmkanir á starfssviði Brunabótafélags Íslands séu eðlilegar, eftir að burt hefur verið felldur einkaréttur þess til brunatrygginga allra fasteigna utan Rvíkur og önnur vátryggingarfélög geta keppt við það í þeim efnum. — Þá er sú breyt. gerð á 6. gr. núgildandi laga, að lagt er til að fella niður 4. flokk, tryggingarflokk fasteigna í Rvík, og 5. flokk, tryggingarflokk stríðstrygginga íslenzkra skipshafna, þar sem ástæðulaust þykir að halda þessum eldri ákvæðum við áfram.

Í 20. gr. frv. eru sett ný ákvæði, sem segja má að séu nánari skýringar og fyllri fyrirmæli um ákvæði 1. gr. laga nr. 59 frá 1954, um brunatryggingar utan Rvíkur. Í gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn bæjar- eða sveitarfélaga getur leitað til Brunabótafélagsins og óskað eftir því að fá endurskoðaðar breytingar á iðgjaldagreiðslum og öðrum kjörum varðandi brunatryggingar fasteigna í bæjar- eða sveitarfélaginu. Náist ekki samkomulag um samning innan tveggja mánaða frá því að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. okt. ár hvert.

Eftir núgildandi lögum eru öll bæjar- og sveitarfélög á landinu utan Rvíkur í Brunabótafélagi Íslands, en hafa samkvæmt l. nr. 59 frá 1954 heimild til þess að semja við önnur vátryggingarfélög um brunatryggingar á húseignum innan vébanda sinna eftir 15. okt. n. k. Ef sveitarfélag notar þá heimild, er það þar með komið úr Brunabótafélagi Íslands. Það er ekki nema eðlilegt, að brottför úr Brunabótafélaginu sé háð vissum tímatakmörkunum, þar sem félagið þarf í því sambandi að gera ýmsar ráðstafanir. Reikningsár félagsins er frá 15. okt. til jafnlengdar næsta árs, en iðgjöld falla í gjalddaga 15. okt. ár hvert. Löngu fyrir gjalddaga þarf að undirbúa á aðalskrifstofu félagsins innheimtuskrár og iðgjaldakvittanir, sem þurfa að vera komnar í hendur umboðsmanna þess fyrir gjalddaga. Er félaginu því nauðsynlegt að vita um það með nokkurra mánaða fyrirvara, hvort deildirnar í félaginu séu áfram í því eða ekki, svo að undirbúningsvinna á skrifstofu sé ekki unnin fyrir gýg.

Í athugasemdum við 8. gr. frv. er gengið út frá því, að gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum verði í skyldutryggingu. Þetta er á misskilningi byggt, þar sem 7. gr. frv. tekur það fram, að fyrrnefnd hús í sveitum verði eftir sem áður undanþegin skyldutryggingu. Leyfi ég mér að leiðrétta þetta hér með.

Eins og öllum er kunnugt, hefur starfsemi Brunabótafélags Íslands vaxið mjög undanfarandi ár. Félagið hefur nú komið sér upp varasjóðum að upphæð yfir 20 millj. kr. Og ríkið mun nú ekki lengur bera neina ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Brunabótafélag Íslands mun nú hafa ⅔ hluta tryggginganna í eigin ábyrgð, en endurtryggir ⅓ hluta. Þá hefur Brunabótafélagið um langt árabil kostað kapps um að auka og efla brunavarnir í landinu, og það heldur nú uppi og kostar eftirlit með brunavörnum. Í þessu

skyni hefur félagið lánað sveitarfélögum um 13 millj. kr. til stækkunar vatnsveitna og eflingar brunavarna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv., en óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 21. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 290, n. 359, 336).

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Þetta frv. til laga um Brunabótafélag Íslands hefur verið til athugunar í allshn. d., en n. hefur ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur fram álit sitt á þskj. 359 og er málinu fylgjandi. Hins vegar hefur minni hl. n. þegar lagt fram brtt. við frv. á þskj. 336, og munu þar koma fram þær breytingar, sem minni hl. óskar að gerðar verði á frv.

Á síðasta þingi urðu talsverðar umræður um Brunabótafélag Íslands og starfsemi þess. Vildu margir þingmanna þá breyta svo lögum og reglum félagsins, að losað yrði um þau einkaréttindi, sem félagið hefur haft frá stofnun þess. Þingið kaus svo fimm manna mþn. til þess að að athuga lögin og gera till. til ríkisstj. N. klofnaði í málinu. Meiri hl. n. skilaði frv. því, sem hér liggur fyrir, og var það á sínum tíma afhent ráðherra, sem hefur ekki séð sér fært að afgreiða frv. frá sér eins og það lá fyrir.

Breytingin með þessu frv. frá þeim lögum, sem nú gilda um Brunabótafélagið, er þrenns konar. Í fyrsta lagi breyting í þá átt, að bæjar- og sveitarfélög geta sagt sig úr félaginu með ákveðnum fyrirvara um tímatakmörk, ef þau óska að gera samninga við önnur tryggingarfélög. Einokunaraðstaða félagsins er það atriði, sem mest var gagnrýnt á þinginu í fyrra. Skildist mér, að mikill hluti þingmanna óskaði, að einmitt þessi breyting yrði gerð á lögunum, svo að menn hefðu frjálsari hendur en þeir hafa nú til þess að ráðstafa brunatryggingum sínum. En með þessari breytingu er mönnum tryggður þessi réttur, þó að það sé með þeim fyrirvara, að ákveðinn tími þurfi að líða frá uppsögninni og þangað til hún gengur í gildi, þ. e. sex mánuðir. Í öðru lagi er breyting á stjórn félagsins. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að stofnað verði fulltrúaráð og hvert sveitarfélag hafi einn fulltrúa í því til þess að fylgjast með starfsemi félagsins og fara með yfirstjórn þess. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir víðtækari heimild um starfsemi félagsins en verið hefur til þessa. Geri ég ráð fyrir, að þetta sé gert með það fyrir augum, að félagið komist á þann grundvöll, að það geti rekið starfsemi sína í fullkominni samkeppni við önnur starfandi tryggingarfélög hér á landi.

Mér sýnist því, að með þessu frv. sé náð því marki, sem þingið í fyrra lagði mesta áherzlu á. Félagið hefur að mörgu leyti verið merkileg stofnun og komið að miklum notum. Það hefur afkastað mjög merkilegu brautryðjandastarfi. Það hefur haft eftirlit með brunavörnum. Það hefur séð um eflingu brunavarna og m. a. styrkt í því skyni ýmis hrepps- og bæjarfélög til þess að byggja vatnsveitur. Ekki sýnist vera ástæða til að kippa grundvellinum undan félaginu fyrirvaralaust. Virðist miklu skynsamlegra, að hér fari nokkur þróun fram, og að félaginu verði um sinn settar þær reglur til að starfa eftir, sem eru í þessu frv. Getur þá félagið hagað starfsemi sinni í samræmi við þær kröfur, sem vafalaust verða gerðar til þess í framtíðinni, en það er að geta staðið í fullri samkeppni á hinum frjálsa tryggingarmarkaði í landinu.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Við hv. þm. Dal. (ÁB) og ég höfum skrifað undir nál. á þskj. 359 með fyrirvara. Einnig höfum við leyft okkur að flytja brtt. við þetta frv., sem hér er nú til umr., og er hún á þskj. 336.

Í sjálfu sér hefði verið æskilegt, að þessi frv. tvö, sem liggja hér fyrir hv. Nd., þetta frv., sem nú er til umr., þ. e. 129. mál, og enn fremur frv. um brunamál, sem er 141. mál, þskj. 335, hefðu verið bæði til umræðu samtímis, sakir þess að það er í raun og veru ekki hægt að tala svo um annað þessara mála, að ekki blandist inn í umr. efni hins. Það er um svo skyld atriði að ræða, og frv. fjalla um sama efni, svo að það hefði verið langæskilegast. Með tvískiptingu umr. um málið fer tæpast hjá því, að það verði nokkur endurtekning á umr.

Ég mun víkja að þeim atriðum í þessu frv., sem við hv. þm. Dal. höfum mest að athuga við. Og þó að síðar komi til umræðu frv. okkar, sem við flytjum og er á þskj. 335, þá geri ég ráð fyrir, að hægt verði að skírskota nokkuð til þeirra umræðna, sem fara nú fram. Fyrirvari okkar hv. þm. Dal. við þetta nál. lýtur að því, að við getum ekki fallizt á nokkur atriði þessa frv., og brtt. okkar, sem við flytjum og eru, eins og ég áður sagði, á þskj. 336, lúta að þeim atriðum. Ef þær brtt. verða samþykktar, þá munum við fylgja þessu frv. í þeirri breyttu mynd.

Eins og hv. þm. vita, er þetta frv., sem nú er til umræðu, samið af mþn., meiri hl. hennar. En það frv., sem við flytjum, hv. þm. Dal. og ég, er samið af minni hl. þessarar mþn. Það, sem á milli ber þessara frv., er, að samkvæmt þessu frv. er ætlazt til þess, að bæjar- eða sveitarfélög verði aðili að samningum um brunabótatryggingar. Eftir því frv., sem við flytjum, eiga einstaklingarnir að vera frjálsir að því, hvar þeir vátryggja, hjá hvaða félagi, aðeins er það sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði, að sá félagsskapur, sem tryggt er hjá, sé viðurkenndur af þeim ráðherra, sem þessi mál heyra undir. Þær brtt., sem við flytjum við þetta frv., lúta fyrst og fremst að þessu, að gefa það alveg frjálst, að einstaklingarnir sjálfir ráði því, hjá hvaða félagi þeir tryggja. Það er og heimilt samkv. okkar till., að ef menn óska eftir, að bæjar- eða sveitarstjórn semji fyrir einstaklingana, þá geti þeir óskað eftir því, og munu þá bæjar- og sveitarstjórnir auðvitað annast slíka samninga.

Samkv. þessu frv. er ekki ætlazt til, að einstaklingarnir ráði beinlínis neinu um það, hvar tryggt er, heldur er það fullkomlega á valdi bæjar- eða sveitarstjórnar. Okkur sýnist ekki, þm. Dal. og mér, ástæða til þess að hafa þetta svo bundið. Okkur sýnist, að menn muni vera þess umkomnir, þeir sem fasteignir eiga eða hús, að semja sjálfir um þessar tryggingar. Telji þeir sér annað betur henta, þá geta þeir veitt heimild sinni sveitarstjórn til þess að annast samningana, og ætti það að vera nóg.

Ég held, að eftir öllum málavöxtum ætti ekki að vera óæskilegt, að þetta fyrirkomulag væri haft á tryggingunum. Það er í samræmi við þann anda og þær óskir, sem hafa komið fram einmitt í þessum málum, að þetta sé ekki bundið í neinar viðjar. Það er náttúrlega ósköp gott og vel hugsað, að örfáir menn takist á hendur að annast samninga og hagsmuni annarra manna, en sé það ekki samkvæmt ósk eða vilja einstaklinganna, þá skilst mér, að það ætti ekki að vera neinum keppikefli að hafa slíkt umboð á höndum. A. m. k. væri þá viðkunnanlegast, að það væri með því fyrirkomulagi, ef svo ætti að vera, að menn óskuðu sjálfir eftir því, en ekki að það kæmi sem skipun ofan frá, og um annað gæti ekki verið að ræða.

Þá finnst mér einnig, að það sé æskilegast, að löggjöfin um þetta efni sé þannig afmörkuð, að það séu sérstök lög, sem Brunabótafélag Íslands á að starfa eftir, og öðru sé þar ekki blandað inn í en því efni, sem beinlínis kemur við þeirri starfsemi. En samkv. þessu frv. tekur það til hvors tveggja þessara atriða, en einnig er gert ráð fyrir, að menn geti gengið úr þessum félagsskap að uppfylltum vissum skilyrðum, sem sett eru í frv., og farið annað. Mér skilst, að í þessu efni væri einlægast, að löggjöfin, sem Brunabótafélag Íslands starfar eftir, væri aðeins fyrir þann félagsskap sniðin og um önnur atriði, sem lúta að brunatryggingarstarfsemi utan Reykjavíkur, væru sérstök lög. Samkv. þeim brtt., sem við flytjum, hv. þm. Dal. og ég, og því frv., sem við einnig flytjum og samið er af hv. minni hl. mþn., verða tvenns konar lög um þetta efni, önnur fyrir Brunabótafélag Íslands, sem snerta eingöngu þann félagsskap, en hin löggjöfin verður um þá almennu brunabótastarfsemi utan Reykjavíkur, og finnst mér, að vera muni æskilegast og einfaldast að hafa löggjöfina þannig úr garði gerða.

Við leggjum til með okkar brtt., að 5., 6. og 7. gr. og enn fremur 20. gr. falli niður og svo sé gerð lítils háttar breyting á 23. gr. Enn fremur, að nokkur breyting sé gerð á 4. gr. frv., sem lýtur að stjórn félagsins. Ef frv. yrði breytt í þessa átt, þá á það alveg við Brunabótafélag Íslands og er fullkomin löggjöf fyrir það, og þá munum við hv. þm. Dal. geta fylgt þessu frv., en annars ekki. Okkar fyrirvari lýtur að því, að verði brtt. samþykktar, þá munum við fylgja málinu, en verði þær felldar, munum við greiða atkv. á móti málinu.

Fyrsta brtt., sem við flytjum við 4. gr., lýtur að stjórn félagsins, að Alþingi kjósi þrjá menn í framkvæmdarstjórn. En samkv. ákvæðum 5. gr. þessa frv. er ætlazt til þess, að sýslunefndir og bæjarfélög, sem hafa tryggt hjá Brunabótafélaginu, kjósi fulltrúa, sem eiga að koma saman á fund á fjögurra ára fresti, og þessir fulltrúar eiga að kjósa þrjá menn í framkvæmdarstjórn. Ef ⅓ þessara fulltrúa, sem kjörnir eru á þennan hátt, sem ég var nú að segja frá, óskar að halda aukafund, þá á að gera það á milli þessara aðalfunda. Ætlazt er svo til, að þessir fulltrúar kjósi þrjá menn í framkvæmdarstjórnina. Þetta finnst okkur nokkuð viðamikið, og það kostar talsvert mikla peninga. Í sjálfu sér er ekki nema gott um það að segja, að nokkrir menn fylgist með starfsemi félagsins og viti deili á henni. En okkur lízt sem það megi uppfylla þær óskir á langtum einfaldari hátt, hagkvæmari og miklu ódýrari, og með því fyrirkomulagi sé þó fullkomlega gætt þess atriðis að hafa aðgæzlu með stjórn félagsins, og það er, að Alþingi kjósi þessa þrjá menn. Það er við ýmsa starfsemi, sem Alþ. kýs þannig menn til að stjórna fyrirtækjum eða til eftirlits, og okkur sýnist sem það megi auðveldlega koma því við, en það verður bara, ef það fyrirkomulag er haft, miklu ódýrara en að stofna til svona fjölmennra fulltrúafunda um ekki þó meira eða margbrotnara atriði, — stefna mörgum mönnum saman víðs vegar af landinu til fundarhalds hér fjórða hvert ár, og vel má hugsast, að það geti orðið oftar. Það er heimild til þess samkv. þessu frv., og enginn veit fyrir fram, nema það verði notað. Ég held, að með hinu fyrirkomulaginu, að Alþ. kjósi þrjá menn sem fulltrúa til þessara starfa, verði hægt að hafa jafngott eftirlit eða góða gæzlu á starfsemi félagsins, svo að hún þurfi á engan hátt að líða neitt fyrir það.

Þetta er að vísu ekki neitt höfuðatriði málsins; það skal ég játa. En mér sýnist það sé þó það mikilvægt atriði, að það sé rétt að gefa því gætur og að stofna ekki til allmikilla útgjalda gersamlega að óþörfu. Og ég get ómögulega séð með mínum bezta vilja, að þetta fyrirkomulag, sem þarna er lagt til að verði lögfest, verði á nokkurn hátt betra fyrir starfsemi félagsins eða tryggara en ef Alþ. kýs þrjá menn í framkvæmdarstjórn til þess að annast starfsemi félagsins. Það er síður en svo, að ég vilji á nokkurn hátt skaða þennan merka félagsskap. Ég hef ekki hina minnstu tilhneigingu til þess. Ég vil vona, að hann sé þannig á vegi staddur, að hann þurfi ekki sérstaka lagavernd til þess að standast samkeppni við önnur vátryggingarfélög. Og ég er alveg sannfærður um, að þess þarf ekki.

Þá er í 20. gr. þessa frv. gert ráð fyrir, að ef sveitarfélag vill fá samningum breytt við Brunabótafélagið, þá geti menn leitað samninga við stjórn þess, og til þess þarf tveggja mánaða fyrirvara, þ. e. a. s., það er gert ráð fyrir tveim mánuðum, ef þarf á að halda, til þess að koma slíkum samningum á eða leitast fyrir um samninga. Ef samkomulag næst ekki um brunatryggginguna fyrir næsta ár eða í framtíðinni, þá er heimilt að segja tryggingunum upp með sex mánaða fyrirvara, og þessi fyrirvari miðast við 15. okt. Ef tími er ekki nægur til þess, að það sé sex mánaða fyrirvari, miðað við 15. okt., þá framlengist vátryggingin af sjálfu sér um næsta ár. Mér finnst, að þetta beri með sér, að það á að vanda mjög til þessara samninga, og það lítur svo út eftir þessu, að þetta kunni að vera

ekki alveg hættulaust, að uppsögn á þessu takist, það sé a. m. k. allur varinn góður, að það skuli gert sex mánuðum fyrir 15. okt., ef menn eiga að losna næsta ár. Það má auðvitað ekki misskilja þann hug, sem þarna er á bak við, að þarna á sennilega að tryggja báða aðila vel, að það sé ekki rasað fyrir ráð fram, og báðir séu viðbúnir, ef breyting verður. En af því að það er nú um þau málsatriði að ræða, sem báðir aðilar hljóta að hafa nokkurn kunnugleika á, vátryggingarfélagið sjálft og einstaklingarnir, sem eru að tryggja eignir sínar, þá skilst mér, að vel mundi vera séð fyrir öllu, þó að þessir frestir væru nokkru styttri, og ekki væri neitt lagt á hættu, þó að það væri t. d. með eins eða tveggja mánaða fyrirvara sagt upp, ef það ætti að segja upp vátryggingunni hjá Brunabótafélaginu. Og fyrir hvert einstakt bæjar- eða sveitarfélag gæti manni dottið í hug að nægja mundi einn mánuður til samninganna, svo að þessir frestir yrðu nokkru styttri.

Þessi atriði, sem ég hef nú síðast gert að umtalsefni, skilst mér að séu engan veginn viðkunnanleg. Mér finnst, að þetta beri of mikinn keim af því, að að vísu vilji ekki Alþ. með þessari löggjöf alveg neita mönnum að vera annars staðar en þarna, en samt sem áður skuli ákvæði löggjafarinnar vera þannig, að torsótt verði það dálítið að ná þessu marki. Og þetta finnst mér alveg óþarft. Ég held, að þess gerist engin þörf, hagsmunum félagsins sé fullkomlega vel borgið, þó að þessi ákvæði séu ekki svona. Áreiðanlega er það viðkunnanlegra fyrir hlutaðeigandi menn, sem ætla að tryggja hjá félaginu eða annars staðar, að þeim sé ekki sniðinn þessi stakkur, eins og þeir séu hálfgert ómyndugir menn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar. Ég vil vænta, að hv. d. fallist á brtt. okkar, og undir þeirri atkvgr., hvort þær verða samþ. eða ekki, er komið fylgi okkar hv. þm. Dal. við þetta frv.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Fyrir hönd okkar flm. vil ég leyfa mér að færa allshn. þakkir fyrir það, hve fljótt hún hefur afgreitt þetta mál. Það kom fram hjá frsm. n., að þetta mál hefði oft áður verið rætt. Það var rætt á hv. Alþ. í fyrra, og með frv. sjálfu fylgir mjög ýtarleg grg., svo að það má segja, að af hendi okkar flm. sé málið eins vel skýrt og hægt er að gera kröfu til. En það voru þó aðeins nokkur atriði, sem ég vildi leyfa mér að drepa á, en ætla mér ekki þó að halda langa ræðu um málið að þessu sinni.

Það er deilt um stjórnarhætti Brunabótafélags Íslands. Hv. 1. þm. Árn. vildi gera mikið úr því, hvað það hlyti að vera ákaflega kostnaðarsamt og viðamikið, að sýslufélögin og bæjarfélögin fengju að senda fulltrúa til þess að stjórna málefnum félagsins. Ég er hissa á þessari afstöðu hv. þm., vegna þess að Brunabótafélag Íslands er þannig byggt upp, að það eru raunverulega tryggjendurnir sjálfir, sem eiga félagið, og tryggjendurnir sjálfir hafa mestra hagsmuna að gæta, að félaginu sé vel og viturlega stjórnað. Það er því ekki nema eðlilegt, að þessir aðilar sendi einmitt fulltrúa, sem kjósi framkvæmdarstjórn fyrir félagið, en ekki að hv. Alþ. kjósi Brunabótafélaginu stjórn. Um kostnaðarhliðina er það að segja, að ég hef ekki mikla trú á því, að hún geti skipt miklu, og í því sambandi má t. d. benda á það, að ýmis önnur félagssamtök hér á landi hafa ekki talið eftir sér að senda menn hingað til Reykjavíkur á fundi kostnaðarins vegna, og má t. d. í því sambandi benda á Samband íslenzkra samvinnufélaga og ýmis samtök útgerðarmanna og jafnvel bænda.

Hv. þm. ræddi um það áðan, að það hefði verið miklu skýrara, að meiri hl. n. hefði hlutazt til um það, að flutt yrðu tvö frv. um brunamál hér á Alþingi, og hann gaf það raunar í skyn, að lögin um Brunabótafélag Íslands næðu út fyrir þau tilvik, þar sem tryggt er hjá Brunabótafélaginu. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu. Það kemur greinilega fram í frv. sjálfu, að það er ætlazt til þess, að lögin frá því í fyrra um brunatryggingar utan Reykjavíkur gildi áfram, þannig að það verða sérlög eins og verið hafa um Brunabótafélag Íslands og svo aftur önnur lög, sem Alþ. hefur þegar samþ., um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Ég er raunar hissa á ýmsu því, sem kemur fram í umsögn hv. félmrn. um frv. Umsögn rn. byrjar á því að segja, að frv. geri ráð fyrir því að lögfesta áfram einkarétt þann, er Brunabótafélag Íslands hefur undanfarandi ár haft á brunatryggingum húsa utan Reykjavíkur. Þessi umsögn verður ekki skilin á annan veg en þann, að hv. rn. líti svo á, að Brunabótafélagið hafi einkaréttinn. En þó kemur það fram skömmu seinna í umsögninni, að sveitarfélögin geti sagt sig úr Brunabótafélagi Íslands, eins og 20. gr. frv. ber með sér, þannig að þessi umsögn rn. verður lítt skiljanleg.

Hv. þm. gerði mikið úr því áðan, að það væri óhæfilega langur uppsagnarfrestur fyrir sveitarfélög, sem vildu fara úr Brunabótafélaginu. Ég verð að segja, að það sé tæplega ástæða til þess að fetta fingur út í þetta. Sveitarfélögin úti á landi hafa í fjöldamörg ár verið lögskylduð til þess að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands, og Brunabótafélag Íslands hefur verið byggt upp með þetta fyrir augum. Það er því ósköp eðlilegt, að þegar gerð er alger breyting á þessum málum, eins og má segja að frv. fjalli um, sé Brunabótafélaginu gefið ráðrúm til þess að gera ráðstafanir í sambandi við þau skipti. Ég sé ekki, að það sé um neitt óeðlilega langan uppsagnarfrest að ræða í þessu sambandi.

Þá hefur verið vikið að því, að það væri óeðlilegt, að sveitarfélögin og bæjarfélögin sæju sjálf um tryggingar á húseignum í umdæmum sínum, — að það væri óeðlilegt, að þarna væri um nokkurs konar „kollektivar" tryggingar að ræða. Við, sem stóðum að áliti meiri hl. n., litum svo á og lítum svo á, að það verði hagstæðara, a. m. k. þegar til lengdar lætur, að sveitarfélögin tryggi í heilu lagi allar húseignir, og að húseigendur komi með því móti til með að fá hagstæðari samninga en ef hver og einn húseigandi um sig væri með sína samninga gagnvart tryggingarfélögunum. Það má á það benda, að sveitarfélögin geta t. d. fengið fyrir viðskipti við tryggingarfélög ýmiss konar fyrirgreiðslu, eins og Brunabótafélag Íslands hefur veitt mörgum sveit-

arfélögum, og það má alls ekki gera lítið úr þeirri aðstoð.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég tel, að það sé tiltölulega vel upplýst og að þau rök, sem meiri hl. n. færir fyrir þessu máli, komi fram í grg. fyrir frv. og skýringum við hverja einstaka grein frv.

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Hv. þm. Ak. hefur nokkuð rætt um þau atriði, sem ég ætlaði að minnast á í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Árn., svo að ég get verið mjög stuttorður.

Hv. 1. þm. Árn. fannst uppsagnaratriðið vera mjög óaðgengilegt eins og það er í lögunum. Ég get skilið, að honum þyki uppsagnaratriðið óaðgengilegt, og okkur mundi finnast það líka, ef við vildum hafa sama hátt á tryggingunum og hv. þm. vill hafa. En ef gengið er út frá frv. eins og það liggur fyrir, þá virðast það ekki nein ógnarkjör, ef ekki næst samkomulag innan tveggja mánaða um tryggingarnar milli viðkomandi bæjar- eða sýslufélags og Brunabótafélagsins, að þá fellur tryggingarsamningurinn úr gildi eftir 6 mánuði. Eftir 8 mánuði frá því að óskað er eftir endurskoðun, eru viðkomandi bæjar- og sveitarfélög frjáls að gera nýja samninga, hvar sem þau vilja. Hins vegar finnst mér eigi skynsamleg rök, að bæjar- og sýslufélög, sem þarna eru aðilar og eigendur að, geti svo að segja fyrirvaralaust dregið sig út úr félaginu. Mér finnst, að það væri mjög óeðlilegt, hvernig sem á málið er litið.

Hv. þm. gagnrýndi einnig, að þarna fengju einstaklingarnir engu að ráða; hér væru bæjar- og sýslufélög aðili að samningum og aðili að félaginu. Þetta er alveg rétt. Einstaklingarnir eru ekki aðilar að félaginu í þessu sambandi, en þó er þetta einmitt gert til þess að skapa einstaklingunum sterkari samningsaðstöðu en þeir hefðu ella. Það er sterkari samningsaðstaða fyrir einstaklingana í einu sýslu- og bæjarfélagi, ef þeir standa allir saman um samningana við þann aðila, sem þeir ætla að semja við, heldur en ef hver einstaklingur semur fyrir sig. (Gripið fram í.) Hreppsfélög, já, en í frv. eru aðilar sýslufélög og bæjarfélög. Þetta eru sannindi, sem við mætum daglega, og þetta er viðurkennd aðferð í viðskiptalífinu, sem notuð er í skiptum milli einstaklinga, bæjarfélaga og annarra félagsheilda. Það er hægt að ná betri samningum um verð með því að standa saman og hafa tryggingarfjárhæðina stærri en ella. Við vitum, að það er hægt að komast að betri samningum, ef um miklar fjárhæðir eða háar tryggingar er að ræða, heldur en ef hver einstaklingur er með nokkra tugi þúsunda, sem hann ætlar að semja um. Um þetta ætti að vera óþarfi að deila; þetta ætti hverjum manni að vera ljóst.

Svo var þriðja atriðið, sem ég vildi minnast á, en hv. þm. gagnrýndi einnig. Það var kostnaðurinn við fulltrúaráð félagsins. Ég hef ekki orðið var við það hér í þingsölum, að fyrr hafi komið fram gagnrýni á kostnaði við opinber samtök sem þessi. Mönnum hefur fundizt sjálfsagt og talið vel varið peningum, að aðilar úti á landsbyggðinni, sem hefðu mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta, svo sem í þessu máli, gætu komið saman og ráðið ráðum sínum. Þetta er opinber félagsskapur, þetta eru samtök allra bæjar-, hrepps- og sýslufélaga á landinu. Er nokkuð óeðlilegt, að þeir menn, sem að þessum samtökum standa, ráði ráðum sínum og tali saman um málefni þetta á ákveðnum fresti? Hér er ekki um að ræða að tala saman nema á fjögurra ára fresti. Ég skal gefa þær upplýsingar í þessu sambandi, að stéttarfélag bænda heldur fund árlega. Á þennan fund koma 47 fulltrúar, og er talið að ferðakostnaður hvers fulltrúa á fundinn sé rúmlega 1000 kr. Þessir menn koma hér árlega. Fjöldi þeirra, sem koma mundu hingað á fund fulltrúaráðsins, er talinn vera 33 menn fjórða hvert ár. Með öðrum orðum: Ef kostnaðurinn er svipaður og hjá stéttarfélagi bænda, þá svaraði þetta til, að kostnaður yrði 250—300 kr. á fulltrúa á ári, eða að einn fundur fjórða hvert ár mundi kosta rúmar 1000 kr. á mann. Eins og ég gat um, á að halda einn fund fjórða hvert ár, en fundur stéttarfélags bænda er á hverju ári. Mér þykir því þau rök, sem hv. þm. hefur borið fram í þessu efni, mjög léttvæg, og þetta ætti sízt að vera til þess að spilla fyrir því, að menn gætu samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja út af því, sem fram hefur komið í ræðum þessara hv. tveggja þm., hv. þm. Ak. og hv. 3. þm. Reykv.

Það, sem hv. þm. Ak. sagði nú um þetta efni, var aðallega um það, sem ég hafði minnzt á, uppsagnarfrestinn, ef menn segðu skilið með sínar tryggingar við félagið. Honum fannst, þar sem þessi félagsskapur hefði verið byggður upp á þann hátt, að menn hefðu verið lögbundnir við félagið, en nú væri gert ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarfélögin gætu sagt upp sínum tryggingum og tryggt eignir sínar annars staðar, þá væri ekki óeðlilegt, að það væri nokkuð langur frestur, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að Brunabótafélag Íslands þarf ekki á þessum fresti að halda, þó að það mæti því, að einhverjir segi upp slíkum tryggingum hjá því. Það er áreiðanlega svo á vegi statt og hefur þeim mönnum á að skipa, sem vinna hjá félaginu, að svona langur uppsagnarfrestur þarf ekki að vera þess vegna. Það hefur haft langan tíma til þess að tryggja starf sitt og undirbúa starfið í framtíðinni, tryggja fjárhag sinn og aðstöðu, svo að þeirra hluta vegna ætti ekki þess arna að þurfa með, og er þess vegna, skilst mér, alveg óþarft að hafa þetta fyrirkomulag og ekki heldur eðlilegt. Mér finnst, að þessir hv. þm., sem að þessum till. standa, eins og geri ráð fyrir því, að þessi félagsskapur megi ekki við því, að menn hafi frjálsræði til þess að tryggja þar, sem þeir vilja, a. m. k. verði það að gerast með löngum fyrirvara, ef félagið á að missa af tryggingu þeirra. Þetta held ég sé óþarft.

Hv. 3. þm. Reykv., frsm. meiri hl. n., vék að þessum sömu atriðum. Hann lét þess getið af sinni hálfu, að ef gengið væri frá þessu frv. eins og það er, þá væri þessi uppsagnarfrestur ekki óeðlilegur. Í þessu felst það hjá hv. þm., að sam-

kvæmt þessu frv. er allmikil binding hjá mönnum að tryggja hjá félaginu, og þessi sex mánaða uppsagnarfrestur, miðaður við 15. okt., lýtur fyrst og fremst að því að tryggja, að innan þess tíma, sem lögin tiltaka, verði að vera búið að segja upp tryggingunum, annars verði menn að vera hjá félaginu næsta ár. Ég skil mætavel þennan tilgang og vék að því stuttlega áðan, og það þarf ekki þess vegna af hv. fylgismönnum þessa frv. að vera að undirstrika það betur, ákvæði þessa frv. bera það fullkomlega með sér, hvað meint er í þessu efni.

Þá vék hv. 3. þm. Reykv., frsm. meiri hl., að því, að það væri ekki óeðlilegt, þar sem þetta tæki til manna úti um landið, að sýslunefndir og bæjarstjórnir kysu fulltrúa, sem kæmu saman einu sinni a. m. k. á hverjum fjögurra ára fresti til þess að ráða ráðum sínum. Mér skildist hjá honum, að aðalverkefnið mundi þá eiga að vera að gera samninga við félagið, áframhaldandi samninga um tryggingu, allir félagarnir í hóp; það kom svo út. (Gripið fram í.) Ja, ég er ekki viss um, að ég hafi misskilið hv. frsm., því að hann undirstrikaði sín ummæli með því, að það væri meiri von um góða og hagstæða samninga, ef allir stæðu saman, heldur en ef þeir gerðu það einn og einn. (Gripið fram í.) Ja, ekki vil ég neita þessu, en nokkuð kynnu að vera mismunandi þó viðhorf manna til áframhaldandi samninga, og eitt er víst, að hingað til hefur það ekki gilt hjá þessum félagsskap, að menn hafi átt við sömu kjör eða kosti að búa í þessum efnum, hvar sem er á landinu. Ég er þess vegna ekki alveg viss um nema viðhorf þessara fulltrúa til áframhaldandi samninga kynnu að verða nokkuð mismunandi og ekki þá sýnt, að það verði svo mikill styrkur, ef allir ætla að fara að semja í einu, enda mundi það náttúrlega verða eftir geðþótta manna á því viðhorfi, sem menn hafa til samninganna, og þetta mundi ekki ráða neinu um það.

En mér finnst alltaf, að það komi fram hjá þessum hv. ræðumönnum, að þeir geri ekki ráð fyrir, að þetta snerti verulega aðra en bæjar- eða sveitarfélög, þ. e. a. s., þau eigi að koma fram sem aðili fyrir alla einstaklingana. En því mega þeir ekki í þessum efnum hafa frjálsar hendur? Það er svo ósköp mikið talað nú á tímum um frjálsræði í ýmsum greinum. Af hverju mega þá einstaklingarnir ekki hafa frjálsræði í þessu, sem er svona einstaklega einfalt og óbrotið. Ef litið er til reynslunnar, sem að baki er, er það þá víst, að hún staðfesti ekki álit þessara hv. þm.? Mig minnir, að Reykvíkingar ættu kost á því í fyrra að vátryggja hús sín fyrir eitthvað 47% minni iðgjöld en áður hafði tíðkazt. Þar var bærinn aðili. Greiða húseigendur þessa bæjar 47% minni iðgjöld nú en þeir greiddu í hittiðfyrra? Ég las í einhverju blaði nýlega, að það hefði verið framlengt óbreytt fyrir árið í ár. Það kann að vera einhver missögn, en ég hef það þá mér til afsökunar, eins og sagt var í gamla daga: Ég tók þetta trúanlegt, því að ég hef lesið það á prenti. — Ég held, að það færi bezt á því, að við hefðum frjálsræði í þessum efnum, þetta mál sé bezt komið með því fyrirkomulagi.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að þeim orðum, sem ég lét falla um fulltrúana og þann kostnað, sem af því leiðir, þetta væri ekki óeðlilegt í sjálfu sér. Ég hef nú aldrei gert mjög mikið úr þessu, en mér finnst þetta samt sem áður of viðamikið og óþarft. Að stéttarfélag bænda hafi sína fulltrúa til þess að sinna sínum málum og þeir komi saman, kostar vitaskuld nokkurt fé, það er alveg rétt, — þeir kæmu saman til að ráða ráðum sínum og það væri ekki talið óeðlilegt. Ég er honum sammála um þetta. En ætlar hv. 3. þm. Reykv. að bera saman þau verkefni, sem fundir stéttarfélags bænda hafa í hvert sinn um að fjalla, málefni stéttarinnar öll, sem til þarf að taka, og þennan eina þátt og leggja þetta að jöfnu? Ég held, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki hugsað nóg út í það, þegar hann fór að bera þetta saman, hvað hjáleitt það er. Stéttarfélag bænda gæti vitaskuld líka látið tryggingarnar að einhverju leyti til sín taka, en það mundi ekki vera nema einn lítill þáttur af öllu því, sem það þarf að sinna og kemur til með að fást við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Atkvæði verða vitaskuld látin skera úr. En ég er ekki í miklum vafa um, að þeir, sem frelsi og sjálfstæði unna, fara ekki að bregða fæti fyrir það, að menn megi hafa athafnafrelsi í þessum efnum, af því að það liggur þeim svo nærri og er svo auðvelt að verða við óskum manna í þessu efni.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef veitt því athygli, að hv. 3. þm. Reykv., frsm. allshn. í þessu máli, hefur vikið af fundinum, en ég vildi gjarnan fá tækifæri til að bera fram við hann eina spurningu út af málinu. Ég vil því mælast til við hæstv. forseta, ef hv. 3. þm. Reykv. er alveg vikinn af fundi, að umr. verði ekki slitið nú, heldur frestað, þannig að mér gefist tækifæri til að bera fram þessa fyrirspurn, áður en 2. umr. verður lokið.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Aðalágreiningurinn, sem fram hefur komið í þessu máli, er um það, hvort húseigendur eigi að hafa frelsi til þess að brunatryggja hús sín þar, sem þeir telja sér bezt henta, eða ekki. Ég hef hlýtt á ræður fyrsta flm. frv., hv. þm. Ak. (JR), og hv. frsm. allshn., en ekki heyrt þar nein frambærileg rök til stuðnings því, að nauðsynlegt sé að grípa fram fyrir hendur manna í þessum efnum. Að vísu heyrði ég frsm., hv. 3. þm. Reykv., nefna það, að hægt mundi að ná hagstæðari tryggingarsamningum með því að semja um mikið í senn. En ég hefði haldið, að hv. 3. þm. Reykv. gæti séð ýmsa annmarka á því að veita sérstöku tryggingarfélagi eða bæjar- og sveitarfélagi einkaaðstöðu á viðskiptasviðinu, hvort sem um er að ræða tryggingar eða t. d. kaup og sölu á vörum. Ég tel, að með þessari ábendingu hafi hann alls ekki sannað yfirburði þeirrar haftastefnu, sem mótuð er í frv., fram yfir frjáls tryggingarviðskipti.

Hér á landi eru margir bifreiðaeigendur. Skylt er að hafa bifreiðarnar tryggðar, en hverjum

einstökum bifreiðaeiganda er í sjálfsvald sett, hjá hvaða tryggingarfyrirtæki hann vátryggir bifreið sína. Þetta þykir þannig gefast, að ekki hafa komið fram tillögur um að hverfa frá því fyrirkomulagi. En hvers vegna má ekki hafa sama hátt á með húsatryggingarnar? Hér vantar frambærilegar skýringar frá flm. frv. og þeim allshn.-mönnum, sem mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Því vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm. Ak., sem er fyrsti flm. frv., og hv. 3. þm. Reykv., frsm. allshn., hvers vegna má ekki hafa húsatryggingarnar frjálsar eins og t. d. bifreiðatryggingarnar. Hvers vegna?

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 336,1 felld með 15:8 atkv.
— 336,2—4 felldar með 16:9 atkv.
— 336,5—6 teknar aftur.
4.—27. gr. samþ. með 17:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:8 atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 290, 401).

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Í sambandi við brtt. frá hv. 1. þm. Árn. vil ég segja, að tilgangurinn er alveg augljós, sem sé sá að reyna að koma í veg fyrir, að samningar takist á milli sveitarfélaganna og Brunabótafélags Íslands. Því eins leggur hann til, að fresturinn verði sem skemmstur. Ég sé ekki út af fyrir sig neina hættu í því, þó að báðir samningsaðilar hafi góðan tíma til þess að athuga sinn gang og semja um þessi mál.

Það stendur nú svo á, að ég sá um daginn afrit af samningi, sem Samvinnutryggingar hafa gert við sveitarfélag úti á landi. Í þessum samningi stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Samningur þessi gildir í 5 ár, frá 15. okt. 1955, en sé honum ekki sagt upp með 6 mánaða fyrirvara, miðað við lok samningstímans, framlengist hann um 5 ár í senn.“ Samvinnutryggingar hafa því talið nauðsynlegt, að þær hefðu 6 mánaða fyrirvara í sambandi við samninga um þessar tryggingar. Það er því engin goðgá, þó að Brunabótafélag Íslands hafi einhvern svipaðan tíma, þeir aðilar, sem koma til með að semja við félagið, hafi einhvern svipaðan umhugsunarfrest um það, hvort eigi að gera samninginn eða ekki. Í þessu sambandi má einnig minna á það, að ég held, að varðandi brunatryggingar hér í Reykjavík hafi verið um töluvert lengri fresti að ræða en farið er fram á í sambandi við Brunabótafélag Íslands, og ég held, að í sambandi við þá samninga hér í bænum, sem gerðir hafa verið, hafi verið allt að eins árs uppsagnarfrestur.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fjölyrða neitt um þessa brtt. mína, sem ég flyt hér við 20. gr. Ég vék að því atriði við 2. umr. málsins og taldi ekki þörf á að gera það nú sérstaklega að umræðuefni. En fyrst hv. þm. Ak. leggur það mikið kapp á, að þessi breyting verði ekki gerð, og fer að vitna til samninga, sem gerðir hafi verið eða er í ráði að gera um þetta efni, sínu máli til stuðnings, að það óhapp hendi nú ekki hv. deild að stytta þennan frest, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni, þá er rétt að víkja að þessu nokkrum orðum.

Hvort sem það eru margir eða fáir samningar, sem gerðir hafa verið um þetta efni og með eins löngum uppsagnarfresti og hér er gert ráð fyrir í frvgr., 6 mánaða uppsagnarfresti, miðað við 15. okt., þá skiptir það engu máli fyrir mig og þarf ekki að skipta neinu máli fyrir þessi félög. Þeim getur ekki staðið það á neinu, þannig að það raski þeim áætlunum, sem þau gera, eða starfsemi þeirra, að þau þurfi með margra mánaða fyrirvara að vita um það, hvort eitthvert bæjar- eða sveitarfélag gengur frá þeim hvað tryggingarnar áhrærir. Nú vitnaði hann til samninga, sem hann segist hafa séð og Samvinnutryggingar hafi gert, þar sem sé sami frestur og hér er gert ráð fyrir í frv. Þetta varðar mig ekkert um, ekki hið minnsta. En það er nærtæk skýring, hvers vegna Samvinnutryggingar kunna að hafa sett eitthvað í uppkast að samningum eða samninga, ef það er búið að ganga frá þeim, að hér liggur fyrir Alþ. frv., sem ráðgerir þennan uppsagnarfrest. Skyldi það ekki geta verið ástæðan til þess, að Samvinnutryggingar setja nú þennan frest, að þetta er í þessu frv., sem lagt hefur verið fyrir Alþ., og Samvinnutryggingar kæra sig ekki um að grípa inn í hvað þetta ákvæði áhrærir, svo að m. a. sé ekki hægt að segja, að Samvinnutryggingar séu í neinu kapphlaupi við Brunabótafélag Íslands um að stytta þennan frest, sem ráð er þarna fyrir gert í frv. Ég er í litlum vafa um það, án þess að ég hafi haft vitneskju um þetta, fyrr en hv. þm. Ak. kemur með það, að þarna er orsökina að finna. Samvinnutryggingar hafa ekki kunnað við annað. Vel má vera líka, ef það hefði sýnt sig, að Samvinnutryggingar hefðu verið farnar að gera samninga um tryggingar og haft þennan uppsagnarfrest skemmri, að þá hefðu þær hlotið ákúrur fyrir það. En sé það eitthvað, sem Samvinnutryggingar óska eftir og vilja gjarnan hafa þennan frest til uppsagnar fyrir sig jafnlangan og hér er gert ráð fyrir í 20. gr., þá skiptir það mig ekki neinu. Það er hæfilegt, að tveggja mánaða uppsagnarfrestur sé um þetta atriði. Þetta er ekki svo margbrotið. Og nú vona ég, til þess að við gerum báðum aðilum jafnt undir höfði, að nú fallist hv. dm. á mína till. Þá eru óskir hvorugs félagsskaparins uppfylltar, og jöfnuður góður allur er. Ég ímynda mér, að þetta gæti allvel farið.

Nú vona ég, að þegar hv. þm. Ak. áttar sig betur á þessu, veiti hann mér lið og samþ. þessa till. Það er þá hægt að segja a. m. k. á eftir, eftir þeirri vitneskju, sem hann er búinn að fá, að ekki hefur þarna verið látið eftir óskum Samvinnutrygginga, og þá eigum við samleið. (Gripið fram í.) Fyrir Samvinnutryggingar? Hvernig spyr hv. 3. þm. Reykv.? Göfugur er vitaskuld félagsskapurinn og góður, en þótt svo sé, sem ég viðurkenni fullkomlega, þá er hann þó ekki settur ofar lögum og rétti í þjóðfélaginu. Nóg mundi nú einhverjum þykja samt, þó að svo væri ekki.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Hér hefur verið talað um brtt., sem hv. 1. þm. Árn. hefur borið fram við 20. gr. frv.

Það lítur út fyrir, að höfundur þessa frv. hafi lagt alveg sérstaka alúð við 20. gr. þess. Þar segir, að stjórn bæjar- eða sveitarfélags sé heimilt að leita til stjórnar Brunabótafélagsins og óska endurskoðunar á tryggingarkjörunum. Mikið er nú frelsið. En fari svo, að ekki hafi náðst samkomulag um endurskoðunina eftir tveggja mánaða samkomulagstilraunir, sé bæjar- eða sveitarfélaginu heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með 6 mánaða fyrirvara.

Líklega hafa þeir, er sömdu frv., tekið fyrirmyndina að þessum merkilegu ákvæðum úr einum frægum samningi, sem er varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Atlantshafssáttmálans. Þar eru, ef ég man rétt, hliðstæð ákvæði um endurskoðun, sem er óhjákvæmilegur undanfari samningsuppsagnar. Ég lít svo á, að hér hefði átt að nægja að setja venjuleg ákvæði um, að samningi um tryggingarnar mætti segja upp með hæfilegum fyrirvara. Ég flyt þó ekki brtt. um þetta atriði. Úr því að hv. flm. frv. telja það verulegu máli skipta að setja ákvæði úr herverndarsáttmálanum inn í lög um Brunabótafélag Íslands, þá get ég vel gert það fyrir þá að láta það afskiptalaust. Annars hafa sumir hv. flm. frv. ekki haft sérstakt dálæti á varnarsamningnum að því er mönnum hefur skilizt. En þetta er kannske að breytast eins og ýmislegt fleira.

Við 2. umr. um þetta frv. bar ég fram fyrirspurn til 1. flm., hv. þm. Ak., og frsm. allshn., hv. 3. þm. Reykv. Ég spurði um það, hvers vegna húsatryggingar mættu ekki vera frjálsar, eins og t. d. bifreiðatryggingar. Ég fékk þá ekkert svar við fyrirspurn minni, en í umr. um annað frv. nefndu þeir fyrirspurn mína, án þess þó að gefa nokkurt svar við henni. Og hv. 5. landsk. þm. reyndi þá að koma til liðs við þá sjálfstæðismennina. Mér kemur það ekkert á óvart, þó að hv. 5. landsk. þm. sé sæmilega ánægður með þetta frv. Hann þarf ekki að hrekjast langt frá stefnu síns flokks til þess að telja það harla gott.

Af ummælum hv. þm. Ak. virtist mega ráða, að hann teldi það nægja ástæðu til að neita húseigendum um frelsi í þessum efnum, að þeir hafi ekki haft það áður. „Þetta hefur verið svona áður," sagði hv. þm. Að öðru leyti var ræða hans klögumál til Alþ. yfir því, að blaðið Dagur á Akureyri hefði ekki látið í ljós nógu mikla hrifningu yfir framgöngu hans í málinu.

Þá er það hv. 3. þm. Reykv., frsm. allshn. Hann segir, að brunatryggingarnar verði frjálsar, ef það frv. um Brunabótafélag Íslands, sem hér er til umr., verður samþ.

Mundi hv. 3. þm. Reykv. segja, að verzlunin í Reykjavík væri frjáls, ef meiri hluti bæjarstjórnar þar samþykkti — og hefði til þess lagaheimild — að taka alla verzlun í bænum í sínar hendur og gerði síðan heildarsamning um vörukaup fyrir alla íbúa kaupstaðarins? Hv. þm. segir, að einstaklingarnir standi svo miklu verr að vígi að ná hagstæðum samningum en bæjar- eða sveitarstjórnir, sem semji í einu lagi fyrir alla íbúa bæjarins eða hreppsins. Ég geri ráð fyrir, að flestir aðrir sjái, að það væri fullkomnasta öfugmæli að nefna slíkt fyrirkomulag frjálsa verzlun. Sama máli gegnir auðvitað um húsatryggingarnar. Frelsi húseigenda er vitanlega algerlega fyrir borð borið, ef þeir fá ekki sjálfir að ráða því, hvar þeir tryggja hús sín, en verða þess í stað, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að hlíta því, sem meiri hluti bæjar- eða sveitarstjórnar ákveður í þessum efnum.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv. og lagði á það mikla áherzlu, að enginn húseigandi í Reykjavík léti sér detta í hug, að hann gæti fengið tryggingu á húsi sínu með betri kjörum en þeim, sem nú gilda þar. Þetta er auðvitað mesta fjarstæða hjá hv. 3. þm. Reykv., það vita allir, sem nokkuð hafa kynnt sér þessi mál. En ef hann trúir þessu sjálfur, hvers vegna vill hann þá ekki leyfa mönnum frjálsræði í þessum efnum? Ef það væri rétt, sem hann heldur fram, að enginn láti sér koma í hug, að hægt sé að fá betri kjör en menn búa nú við, þá mundi enginn breyta til um tryggingu, þó að hann hefði frelsi til þess.

Hv. 3. þm. Reykv. segir, að það sé engin frelsisskerðing að standa saman. Hann kallar það að standa saman, þegar meiri hlutinn beitir valdi sínu til þess að kúga minni hlutann. Þeir standa víst vel saman í einræðislöndunum, þar sem allir verða að sitja og standa eins og yfirvöldin segja fyrir um.

Ég fékk því engin svör við fyrirspurn minni hjá hv. 3. þm. Reykv. og ekki heldur hjá hv. þm. Ak. Og ég geri mér litlar vonir um svör frá þeim síðar. Ég get raunar skilið, að það sé erfitt fyrir þá að svara því greinilega og vafningslaust, hvers vegna húsatryggingarnar mega ekki vera frjálsar eins og bifreiðatryggingarnar.

Tveir af flm. frv., þeir sem þar eru í fararbroddi, hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. Skagf., og 2 af nm. allshn., sem mæla með frv., hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf., hafa talið sig til Sjálfstfl. Sá flokkur hefur áður talið sér það til gildis, jafnvel öðru fremur, að hann vildi standa vörð um einstaklingsfrelsið í þjóðfélaginu og hann vildi leyfa frjálsri samkeppni að njóta sín á viðskiptasviðinu. En margt breytist. Nú verður ekki annað séð en að þeir sjálfstæðismenn séu búnir að leggja frelsisfánann sinn varanlega til hliðar. Hann hefur líka fengið á sig slíka bletti í meðförunum hjá þeim, að hæpið er að veifa honum lengur.

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. hefur sýnilega þótt mikið við liggja að vera vel undirbúinn í máli þessu, enda hirti hann ekki um að svara því, sem sagt var hér í gær, heldur kemur hér nú undirbúinn til þess að deila á menn um það, hvor sé meira fylgjandi einstaklingsfrelsi og einstaklingsframtaki — hann, sem mælir gegn frv. um Brunabótafélagið, eða hinir, sem fylgja því. Ég verð að segja fyrir mig, að ég hef jafnan litið svo á, þó að hv. þm. sé manna frjálslyndastur í skoðunum, að ég væri engu minni frjálshyggjumaður en hann í þeim greinum, sem hér er um ræða. En þessar umræður eru nú farnar að færast talsvert mikið í þófsáttina, og finnst mér ekki ástæða til þess að halda þeim uppi lengur.

Ég vil þó segja hv. þm. út af því eina atriði, sem mér fannst nokkru máli skipta í ræðu hans, að hann tók í munn sér sömu röksemdir og hv. 1. þm. Árn. hampaði hér við umr. í gær, að það að vera fylgjandi samtryggingum húseigna væri svipað því að vera því fylgjandi, að bær eða ríki tæki að sér alla vörusölu í bænum eða á landinu. Ég vék lítils háttar að þessu við umræðurnar í gær, og ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í það. Þetta er tvö ólík mál. Það er hrein fjarstæða að bera þetta saman.

Þeir, sem mælt hafa gegn frv. um Brunabótafélagið, en með frv. um brunatryggingar utan Reykjavíkur, hafa haldið því fram, að Brunabótafélagið ætti að standa jafnfætis öðrum félögum á frjálsum markaði. Mér hefur raunar skilizt, að þeirra málafylgja öll hafi snúizt um þetta eina atriði. Þeim hefur fundizt, að félaginu væru gefin meiri fríðindi en rétt væri og að það stæði því betur að vígi með þessu en önnur félög. Þess vegna virtust mér mjög athyglisverðar þær upplýsingar, sem hv. þm. Ak. kom með hér nú varðandi það félag, sem þessir hv. þm. eru að berjast fyrir; það er vitanlegt, að þeir eru að berjast fyrir hagsmunum Samvinnutrygginga. Ég skal ekki álasa þeim fyrir það eða leggja þeim það nokkuð til lasts. En það er vitanlegt, að fyrir hagsmunum þessa félags hafa þeir verið að berjast. Nú upplýsir hv. þm. Ak., að þeir samningar, sem Samvinnutryggingar hafa gert við menn, séu með sex mánaða uppsagnarfresti af hálfu tryggingartaka, alveg eins og greinir í frv. um Brunabótafélagið. M. ö. o.: Samvinnutryggingar þykjast þurfa að hafa sama fyrirvara um uppsögn á sínum tryggingum og frv. gerir ráð fyrir að Brunabótafélagið hafi. Ja, þá sé ég nú ekki annað en að hruninn sé grundvöllurinn undan fótum þessara hv. þingmanna, sem hér hafa haldið uppi mjög löngum og hörðum umræðum einmitt um þetta atriði. En hv. þm. reynir að bjarga sér út úr ógöngunum með því að segja, að honum komi ekkert við, hvað Samvinnutryggingar geri. Það kann vel að vera, að honum komi það ekki við. Mér dettur ekki í hug að bera á móti því. En svo segir hann: Ja, er þá ekki bezt að gera bæði félögin jöfn, setja það í frv. um Brunabótafélagið, að uppsagnarfresturinn sé aðeins tveir mánuðir? Þá standi þau jafnt að vígi. — Ég endurtek þetta vegna þess, að hv. þm. virtist ekki taka eftir því, sem ég skaut fram í við umræðurnar, er ég spurði hann: Ef þetta er gert, ef frv. um Brunabótafélagið er breytt þannig, að uppsagnarfresturinn sé tveir mánuðir, eru þá Samvinnutryggingar bundnar við sama ákvæðið? Ég sé ekki annað en að þessi lög gildi aðeins fyrir Brunabótafélag Íslands. Þótt Brunabótafélaginu sé skipað með lögum að losa tryggingar sínar með tveggja mánaða fyrirvara, er engin skylda lögð á herðar Samvinnutryggingum né neinu öðru tryggingarfélagi. Þau geta haldið 6 mánaða ákvæði í sínum samningum, ef þau kæra sig um. Ég efast um, að Samvinnutryggingar kæri sig um að sleppa þessu 6 mánaða ákvæði, og þá gæti vel svo farið, að hv. þm. væri ekki að gera þessu góða félagi neinn greiða. En þá mundi vera búið að leggja kvöðina á Brunabótafélagið, án þess að nokkur kvöð væri á hinum félögunum og án þess að nokkur trygging væri fyrir því, að þau fylgdu sömu reglum.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Hv. 3. þm. Reykv. segir, að við séum hér að berjast fyrir hagsmunum tryggingarfélags, sem heitir Samvinnutryggingar.

Það, sem við erum hér að berjast fyrir, er það, að tryggingarnar verði frjálsar, frjálsar fyrir alla húseigendur, þeir megi tryggja sínar húseignir þar, sem þeim sýnist hagkvæmast á hverjum tíma. Þetta segir hv. 3. þm. Reykv. að sé að berjast fyrir hagsmunum Samvinnutrygginga. Ég vil vekja athygli á því, að þarna liggur þá fyrir játning frá honum um það, að þetta fyrirtæki sé þannig rekið, að viðskiptin hljóti öll að fara til þess, ef menn geta farið hér frjálsir ferða sinna.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Þessar umr. eru nú að mínu viti orðnar allkyndugar, þar sem hv. þm. V-Húnv. heldur því fram, að það sé eingöngu fyrir því barizt af hálfu hans og hans fylgismanna, að brunatryggingar í þessu landi megi vera frjálsar, þ. e. a. s., að hver maður megi tryggja sínar húseignir þar, sem hann óskar, án þess að vera með í heildartryggingu sins hreppsfélags eða koma þar fram í hinni sameiginlegu heild.

Ég vil aðeins út af þessu spyrja hann og þá, hvað því veldur, að afurðasölulögin voru sett á sínum tíma.

Við skulum fara til baka 20 ár aftur í tímann, þegar bændum var bannað að verzla hver einn út af fyrir sig, þegar það var talið hyggilegra, að þeir ættu að vera með í samsölum, bæði um sölu mjólkur, kjöts og annarra búsafurða. Hvers vegna var þetta gert? Var það til þess að styðja frelsi einstaklingsins? Var það ekki vegna þess, að hagsmunum bændanna var talið betur borgið með því, að þeir kæmu saman sem heild, en ekki hver einn út af fyrir sig? Nú vil ég spyrja þessa hv. menn, sem fyrir frelsinu berjast: Vilja þeir falla frá því, sem þá var ákveðið, eða vilja þeir viðurkenna sama rétt handa brunatryggjendum nú og bændum þá?

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Hv. frsm. allshn. gerði fyrirspurn um það, ef þetta ákvæði yrði samþ., sem ég legg til, tveggja mánaða uppsagnarfrestur, hvort það gilti þá fyrir önnur félög sami frestur.

Hver tilætlun okkar hefur verið um þetta efni, getur hv. þm. séð á því frv., sem við flytjum og við ætlumst til að gildi um þetta efni, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, að þar er ekki talað um, — ég held, að ég viti það alveg rétt, það hefur ekki skolazt neitt hjá mér, — þar er ekki talað um neinn frest, og menn eru eftir því frv. alveg sjálfráðir um, hvar þeir tryggja og hvort þeir gera það sjálfir eða fela sinni sveitar- eða bæjarstjórn umboð til þess að gera samningana.

Hv. þm. á þess kost enn að hjálpa til að koma þessari löggjöf í gegn, og þá eru önnur tryggingarfélög en Brunabótafélag Íslands í þessu

efni heldur verr sett, því að ég held, að ég viti það alveg rétt, að það er enginn uppsagnarfrestur tiltekinn í frv., ef menn vilja breyta til, færa sig milli félaga, en Brunabótafélag Íslands hefur þó eftir þessari till. tveggja mánaða frest, þ. e. a. s., ef maður ætlar að færa sínar brunatryggingar í burtu, þá veit það það tveim mánuðum fyrr en til þess kemur.

Ef aftur þetta frv. verður eitt löggilt, þá man ég ekki, svo að ég þori að staðhæfa neitt um það, eftir þeim l., sem sett voru um þetta efni í fyrra, hvernig því er varið, en mig undrar eiginlega á þessum ótta og þessu kappi, sem í þessu máli er um þessi atriði.

Hv. þm. tók undir þær raddir, sem komið hafa fram hjá fleirum, að við værum að berjast fyrir hagsmunum Samvinnutrygginga — ja, hvernig þá? Þá ætti það að vera með því móti, að það væri ekki lokað fyrir þeim með lögboði að geta tekið á móti tryggingu, en í því efni standa Samvinnutryggingar alveg jafnt að vígi og önnur vátryggingarfélög, sem viðurkennd eru af ráðh. Þetta er þá allt og sumt, þetta er þá öll baráttan, að þær njóti sama réttar og önnur vátryggingarfélög. Lengra er ekki í þessu gengið, og ég held, að þetta sé ekkert ámælisvert.

Annars er nú til lítils að vera að karpa um þetta, og ég ætlaði satt að segja ekki að taka frekari þátt í umr. Mér fannst, að það mundi ekki mikið á því að græða, og það hefur líka farið svo.

Hv. 3. þm. Reykv. þykir ákaflega fjarstætt að draga ályktun af þessu hvað viðskipti áhrærir, að ef samið væri um mikla fjármuni þar eða mikið verðmæti um kaup og sölu og fyrir marga, þá gilti allt annað lögmál í því efni en ef um brunatryggingar er að ræða og sveitarstjórn á að semja fyrir alla sína þegna, allt öðruvísi sé varið um venjuleg viðskipti, við skulum segja verzlunarviðskipti. En ég er ekki alveg viss um, þó að honum finnist það allt annað mál, að menn séu alveg sannfærðir um, hvað sé rétt, því að rök færði hann engin fyrir því, enda mun það verða torvelt, því að í hvoru tveggja tilfellinu lýtur þetta að viðskiptum, hvort þau eru meiri eða minni, og ætti þá að gilda nokkuð svipað lögmál í þessu efni. Og það er ekki alveg víst, að allir taki fyrir góða og gilda vöru bara að hann segir, að það sé allt annað. Það er hans álit á því sjálfs, en það er ekki alveg endilega víst, að þeir, sem á hann hlusta og kunna að hugsa um þessi mál, sannfærist bara af því, að hann segir það. Það gæti vel hugsazt, að þeir heimtuðu frekari rök til að láta sannfærast. Þessu vil ég nú skjóta að hv. 3. þm. Reykv., og sérstaklega vil ég einmitt nota tækifærið nú, af því að hann leggur svo mikla áherzlu á þetta, ef það skyldi síðar gerast í hans lífi, að gengið yrði inn á einhverja svipaða braut um viðskipti, að þá er þægilegt að geta hugsað um það áður til þess að vera viðbúinn að gefa góð og gild svör gegn slíku. Við erum sammála um það, hv. 3. þm. Reykv. og ég, að það kunni að vera ekki hyggilegt, en mér skilst einhvern veginn, að forsendurnar fyrir niðurstöðunni hjá okkur í því efni kunni að vera eitthvað mismunandi hjá hvorum um sig.

Hv. 5. landsk. þm. (EmJ) fór í sambandi við þetta að minnast á afurðasölu bændanna og fannst vera nokkur mótsögn í því að binda með lagastaf þau viðskipti bændastéttarinnar, sölu á afurðum hennar, sem byggist nú á lagafyrirmælum, sem Alþ. hefur sett. Ég kem því ekki einhvern veginn fyrir mig, hvað sambærilegt þetta kann að vera. Ég verð að játa, að ég hef ekki hugsað út í þetta fyrr en hv. þm. varpaði þessu fram, en í því sambandi vil ég minna hann á, að þessi löggjöf er undirbúin af bændastéttinni sjálfri. Sá félagsskapur, sem bændurnir hafa um sín mál, fjallaði um þetta efni, áður en það kom til Alþ., og síðustu hönd á það verk lögðu trúnaðarmenn bændastéttarinnar, sem búnir voru að ræða við bændurna áður um þetta efni. Fulltrúar bænda hér á þingi tóku við þessu máli og reyndu að framfylgja því eftir óskum bændastéttarinnar. Þannig er þessi löggjöf til orðin. En ég vil benda hv. 5. landsk. þm. á, að það er fleira í lögum, sem bindur menn og bindur mönnum skyldur og byrðar og menn láta sér þó lynda, því að að því leyti sem lagastafurinn tekur til manna, þá er þar ekki gert neitt upp á milli, það á að gilda hið sama gagnvart fólkinu. Og eigi að breyta því, þá verður það að gerast með þeim hætti, að það taki einnig til þegnanna á sem réttlátastan hátt eftir því sem menn kunna að koma auga á, hvort sem óskirnar koma frá fólkinu til Alþ. eða fulltrúarnir á þingi gera þá ákvörðun sjálfir.

Sá stuðningur, sem bændastéttin taldi sér í þessari löggjöf, er því veittur eftir óskum hennar, og ég býst við því, að ég muni láta það vera að eyðileggja þá löggjöf eða upphefja hana, nema óskir kæmu frá bændastéttinni um það, og mundi það þá vera orðið mjög breytt viðhorf frá því, sem var þegar löggjöfin var sett, og frá því, sem er nú, eftir því sem maður getur bezt séð, þannig að ég held, að við þurfum ekki í þessu efni að vera að ræða svo mjög mikið um þetta. — Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða um þetta frekar. Það er lítið á þessu að græða, skilst mér, en ekki get ég neitað því, að ýmislegt hefur nú komið fram, sem hefði verið skemmtilegt að fást betur við, en það mun ekki breyta neinu um úrslit málsins og ekki vert að tefja þannig tíma.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Það er aðeins viðkomandi einu atriði, sem ég vil minnast á til viðbótar því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði í sinni ræðu. Það er út af þeirri fyrirspurn, sem hv. 5. landsk. þm. kom með til okkar. Hann fór að tala um afurðasölulöggjöf landbúnaðarins og gerði fyrirspurn í því sambandi.

Ég hef ekki orðið þess var, að í þeirri löggjöf væri neitt um það, að bæjar- og sveitarstjórnir gætu tekið þau mál í sínar hendur og samið fyrir alla íbúa viðkomandi bæjar- eða hreppsfélags um kaup eða sölu á afurðum landbúnaðarins, eins og gert er ráð fyrir að bæjar- og sveitarfélög fái heimild til um þau viðskipti, sem hér er um að ræða í þessu frv. um brunatryggingar. En kannske þetta eigi eftir að koma, ef þetta frv. verður að lögum; næsta skrefið verði að koma með frv. um, að bæjar- og sveitarfélög,

eða meiri hluti á hverjum stað, geti ákveðið að taka í sínar hendur öll þau viðskipti, hvað sem framleiðendur og neytendur kunni um það mál að segja.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég leyfði mér með örfáum orðum áðan að gera lítils háttar samanburð á afurðasölulögunum, sem sett voru fyrir 20 árum og við hv. 1. þm. Árn. munum sjálfsagt vel eftir, þegar sett voru, og svo þessum lögum, sem hér eru til umræðu nú.

Báðum þessum lögum er það sameiginlegt, að tekinn er rétturinn af hverjum einstaklingi til þess að ráða fullkomlega sínum málum sjálfur og hag heildarinnar talið betur borgið með því, að þessi réttur eða þetta frelsi sé af einstaklingnum tekið, en stærri heild látin ráða úrslitum.

Hv. 1. þm. Árn. sagði í sinni síðari ræðu, að þetta hefði ekki verið gert fyrr en að þaulathuguðu máli, vel undirbúnu af bændastéttinni allri, og þess vegna hefði þetta verið hennar mál og hennar áhugamál, að þetta yrði gert eins og gert var. Ég minnist þó þess, að þar voru ekki allir sammála. Það voru einstaklingar til þá, sem vildu fá leyfi til þess að selja sína vöru frjálst eins og þeim sjálfum líkaði, en vera ekki bundnir af þeim samtökum, sem þá voru sett. En meiri hlutinn var látinn ráða, og minni hlutinn varð að láta í minni pokann, og ég er sannfærður um, að það var rétt til þess að ná betri árangri fyrir heildina.

Í þessu sambandi er ekki nein spurning um það, eins og hv. þm. V-Húnv. var að segja hér áðan, hvort bæjarfélög eða meiri hluti hreppsfélaga ætti að fara að taka völdin af framleiðendum. Það er alls ekki um það að ræða. Í öðru tilfellinu eru það samtök framleiðenda, sem eiga að ráða sem heild um sölu afurða. Í hinu tilfellinu eru það bæjarfélög og hreppsfélög, sem eiga að ráða um það, hvernig samið verður um brunatryggingar á svæðinu, og í báðum tilfellum tel ég að það geti orðið hverjum einstaklingi og heildinni allri til nytja. Þetta kostar að vísu frelsisskerðingu í svipinn, en nákvæmlega sömu frelsisskerðinguna í báðum tilfellum. En þess vegna benti ég á þetta, að það eru sömu mennirnir, sem nú víta frelsisskerðinguna í öðru tilfellinu, en minnast ekkert á hana í hinu, vegna þess að það voru þeir sjálfir, sem stóðu að lagasetningunni. Það er aðeins þetta misræmi, sem *ég benti á, þó að tilgangurinn sé greinilega sá* sami í báðum tilfellum og árangurinn eigi og hljóti að verða sá sami.

Ég ætla mér alls ekki að fara að ræða þetta mál frekar og sé ekki ástæðu til þess að gera það. En mér finnst málflutningur eins og hefur verið hafður hér uppi af hv. framsóknarmönnum í þessari hv. d. á einhvern þann hátt óeðlilegur, að ég kann ekki við hann, og mér finnst eins og hann sé nokkuð utangarna gerður, af hvaða ástæðu sem það nú er. Þeir segja að vísu, að það sé ekki vegna Samvinnutrygginga, heldur eingöngu vegna frelsisins, en ég bendi bara á, að frelsisskerðing hefur átt sér stað svipuð og á sama hátt í öðru máli og síður en svo veigaminna, en réttlætt nákvæmlega á sama hátt og formælendur þessa máls réttlæta frelsisskerðinguna, að það sé bezt fyrir alla aðila.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða mikið um þetta meira.

Hv. 5. landsk. þm. vill telja, að hér sé sams konar skerðing á frelsi einstaklinganna eftir afurðasölulöggjöfinni annars vegar og þeirri löggjöf, sem við erum að ræða um hér, hins vegar. Sá er þó munurinn, að sú skerðing, sem löggjöfin setur um afurðasöluna, er eftir ósk stéttarinnar sjálfrar gerð. Að þaulhugsuðu og rannsökuðu máli af hálfu stéttarinnar óskar hún eftir, að með löggjöfinni sé tryggð sú sölumeðferð, sem þar er ráð fyrir gert, hún sé höfð eins og þar er óskað eftir og lögin ákvarða. Í þessu frv. er það hins vegar svo, að bæjar- og sveitarstjórnir hafa þetta vald. Þeim er fengið það með löggjöfinni, — ekki byggt á óskum einstaklinganna, heldur ráða bæjar- og sveitarstjórnir því sjálfar, hvað þær gera.

Eftir því sem við leggjum til, þá eiga einstaklingarnir að vera frjálsir að þessu. En við höfum líka þann varnagla, að óski einstaklingarnir eftir, að bæjar- eða sveitarstjórn fari með umboð sitt til þessara samninga um tryggingarnar, þá er það heimilt, og þá gera bæjar- og sveitarstjórnir það. Til þess þess vegna að bæjar- eða sveitarstjórn fari með þessa samninga eftir þessu frv., þarf hinn sami grundvöllur að vera fyrir því eins og eftir afurðasölulöggjöfinni, að bændastéttin óskaði, að löggjafarvaldið setti lagaákvæði um meðferð og sölu afurðanna. Það er þessi höfuðmunur á þessu máli og afurðasölulöggjöfinni.

ATKVGR.
Brtt. 401 felld með 18:8 atkv.
Frv. samþ. með 20:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 54. og 55. fundi í Ed., 3. og 8. marz, var frv tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 290, n. 424 og 444, 436).

**Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson):** Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar. Þegar n. tók málið fyrir og afgreiddi það, var einn nm. fjarverandi, form. nefndarinnar, hv. þm. Str. Hinir fjórir, sem mættu á fundinum, urðu ásáttir um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Í dag hefur svo verið lagt fram hér í d. nál. frá minni hl. nefndarinnar, hv. þm. Str., þar sem hann lýsir því yfir, að hann sé ekki

samþykkur frv. eins og það hefur komið frá Nd., og áskilur sér rétt til þess að bera fram brtt.

Á síðasta þingi urðu allmiklar umræður um brunatryggingar í Reykjavík og brunatryggingar utan Reykjavíkur. Þeim umræðum lyktaði með því, að lögunum um brunatryggingar í Reykjavík var breytt nokkuð og sett voru ný, sérstök lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Í þessum nýju lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur var sú meginbreyting gerð á um brunatryggingar, að bæjar- og sveitarstjórnum var heimilað frá 15. okt. 1955 að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru, í stað þess að allar brunatryggingar utan Reykjavíkur höfðu áður verið lögbundnar hjá Brunabótafélagi Íslands. Í þessum nýju lögum var bæjar- og sveitarstjórnum jafnframt lögð sú skylda á herðar að ábyrgjast, að vátryggingum í umdæmum þeirra væri haldið við og ný hús metin og vátryggð þegar eftir að byggingu þeirra væri lokið eða þau tekin til notkunar.

Um leið og þessi lög voru sett, var jafnframt svo ákveðið, að Alþ. skyldi kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lögin um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur og gera tillögur um skipan þeirra til Alþ. það snemma, að hægt væri að taka það fyrir á næsta reglulegu Alþingi. Áður en þingi lauk, var svo þessi mþn. kosin, og í henni átti sæti Jónas Rafnar alþm., Jón Sigurðsson alþm., Vilhjálmur Jónsson lögfræðingur, Guðmundur Guðlaugsson forstjóri og ég. Nefndin starfaði að málinu á s. l. sumri og fram á haust, og hún lauk störfum og skilaði niðurstöðum sínum til félmrn. 9. nóv. s. l.

Þegar n. hóf störf sín, var fyrsta vandamálið, sem við henni blasti, það, hvort taka ætti lögin, sem samþ. voru á síðasta þingi, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, og lögin um Brunabótafélag Íslands og steypa þeim saman í ein heildarlög um brunatryggingar utan Reykjavíkur eða hvort það ætti að endurskoða bæði lögin, hvor í sínu lagi, og láta þau bæði haldast með þeim breytingum, sem nauðsynlegt kynni að vera talið að á þeim yrðu gerðar.

Nefndin var á einu máli um, eftir nokkrar umræður og athuganir, að heppilegast væri að láta bæði lögin gilda áfram, en steypa þeim ekki saman í einn lagabálk. Meiri hl. nefndarinnar, Jón Sigurðsson, Jónas Rafnar og ég, taldi ekki nauðsynlegt og ekki rétt að gera neinar breytingar á lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur eins og þau voru afgreidd á seinasta þingi. Minni hl. vildi hins vegar gera breytingar á þessum lögum. Meiri hl. vildi hins vegar gera nokkrar breytingar á lögunum um Brunabótafélag Íslands. Minni hl. vildi það einnig, en nefndarhlutarnir gátu ekki orðið á einu máli um, hvernig þær breytingar ættu að vera, og varð því niðurstaðan sú, að meiri hl. n. sendi félmrn. brtt. sínar við lögin um Brunabótafélag Íslands, en lagði jafnframt til, að lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur væru látin haldast óbreytt. Minni hl. sendi hins vegar sínar brtt. við bæði lögin.

Félmrn. sá sér ekki fært að bera neitt af þessum brtt. fram, og því var það skömmu fyrir jólin, að fimm þm. í Nd. báru fram þær brtt. svo að segja óbreyttar, sem meiri hl. mþn. hafði sent félmrn. Málið hefur fengið afgreiðslu í Nd., og hafa engar breytingar verið gerðar við frv. þar, og liggur það því hér fyrir í þessari hv. d. að segja óbreytt eins og mþn. gekk frá því.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á lögunum um Brunabótafélag Íslands, eru ekki margar. En þær eru, a. m. k. ein eða tvær þeirra, þýðingarmiklar, og ein þeirra er óhjákvæmileg breyting til þess að samræma lögin um Brunabótafélag Íslands lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Fyrsta breytingin, sem ég vil minnast á og frv. gerir ráð fyrir að gerð verði á lögunum um Brunabótafélag Íslands, er í því fólgin, að breyting er gerð á fyrirkomulagi á stjórn fyrirtækisins. Í gildandi lögum er Brunabótafélagi Íslands stjórnað af forstjóra undir yfirumsjón og stjórn viðkomandi ráðherra, þ. e. félmrh. Frumvarpið leggur til, að á þessu verði gerð sú breyting, að félaginu verði skipt í deildir og sé hvert bæjar- og hreppsfélag sérstök deild innan félagsins. Að afstöðnum hverjum reglulegum bæjar- og sýslunefndarkosningum ber sýslunefndum og sveitarstjórnum að velja einn fulltrúa í fulltrúaráð fyrir Brunabótafélagið. Þegar fulltrúar hafa verið kosnir, eiga þeir að koma saman til fundar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir, að þetta fulltrúaráð haldi aðalfund fjórða hvert ár, og er ekki gert ráð fyrir, að fundir skuli haldnir oftar, þó að heimild sé til þess að kalla þá saman, ef ástæða þykir til. Verkefni þessa fulltrúaráðs er að ræða um rekstur félagsins, afkomu og framtíðarhorfur og taka til athugunar, hvað unnt er að gera til hagkvæmra brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og brunavarnir, og einnig um aðrar tryggingar, er félagið kynni að takast á hendur. Enn fremur á fulltrúaráðið að kjósa þrjá menn í framkvæmdarstjórn. Þessi þriggja manna framkvæmdarstjórn á síðan að stjórna Brunabótafélaginu ásamt forstjóra þess, en að sjálfsögðu undir yfirumsjón viðkomandi ráðherra.

Þessi breyting verður að teljast í alla staði eðlileg og réttmæt á stjórn félagsins. Brunabótafélagið er í eðli sínu samstarf og að vissu leyti sameign þeirra, sem þar taka tryggingu. Hingað til hafa þeir ekki haft neina aðstöðu til þess að hafa áhrif á rekstur og gang fyrirtækisins og ekki haft aðstöðu til að gæta sinn hagsmuna þar sérstaklega. Með þessu fyrirkomulagi er til þess ætlazt, að hinir tryggðu geti gætt betur sinna hagsmuna, að þeir geti haft áhrif á rekstur fyrirtækisins og ráðið verulega um stjórn þess. Breytingin verður því að teljast til bóta, enda er það staðreynd, að á Norðurlöndum hjá tryggingarfélögum, sem starfa á svipaðan hátt og Brunabótafélag Íslands, hefur skipan nokkuð áþekk þessari verið upp tekin.

Næsta breytingin, sem veigamikil verður að teljast, er svo í 20. gr. frv. Í lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur er gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarstjórnir geti frá 15. okt. 1955 samið við hvert vátryggingarfélag, sem þeim

þóknast, um brunatryggingar í viðkomandi umdæmi. Með þessu ákvæði er felld niður skyldutrygging hjá Brunabótafélagi Íslands. Það leiðir af sjálfu sér og er enda óþekkt fyrirbæri með öllu í tryggingamálum, hvar sem er í heiminum, að hægt sé að hverfa frá tryggingu fyrirvaralaust frá því fyrirtæki, sem menn hafa skipt við áður. Það er föst regla alls staðar í tryggingum, að félagið, sem trygginguna hefur tekið, verður að segja henni upp með fyrirvara, og það á rétt á því að fá fyrirvara, ef frá tryggingunni á að hverfa. Liggja til þessa margar ástæður. Í fyrsta lagi er tryggingarfélögunum nauðsynlegt að geta vitað um það með góðum fyrirvara, hvers þau mega vænta í sambandi við viðskiptavini og tekjur af tryggingunum, til þess að geta áætlað sín iðgjöld. Í öðru lagi er þetta nauðsynlegt vegna endurtrygginganna, og í þriðja lagi er þetta nauðsynlegt vegna undirbúnings á innheimtu tryggingariðgjalda.

Hjá Brunabótafélagi Íslands er þessum málum þannig varið, að reikningsár fyrirtækisins er miðað við 15. okt. og gjalddagi iðgjalda er einnig 15. okt.

Brunabótafélagið þarf að byrja á því með margra mánaða fyrirvara að skrifa sínar iðgjaldakvittanir, semja sína iðgjaldaskrá og undirbúa sína iðgjaldainnheimtu. Það væri því með öllu óviðunandi fyrir félagið, ef það vissi ekki með góðum fyrirvara, hverjir mundu verða tryggðir hjá því á næsta ári og hverjir ættu að greiða því iðgjald á næsta ári. Af þessari ástæðu er Brunabótafélagi Íslands það með öllu óhjákvæmilegt að vita með nokkuð góðum fyrirvara, hverjir tryggja hjá því á því ári, sem byrjar 15. okt. hverju sinni. Þess vegna taldi milliþn. nauðsynlegt, að sett yrðu inn í lögin einhver ákvæði um það, að segja þyrfti upp tryggingunni hjá Brunabótafélaginu með fyrirvara, ef menn vildu hverfa að uppsögn. Um það var út af fyrir sig enginn ágreiningur í n., að uppsagnarfrests var þörf, og ég á varla von á því, að það hefði orðið ágreiningur um fyrirvarann, eins og endanlega var frá honum gengið, ef aðrar ástæður hefðu ekki skilið leiðir manna í nefndinni.

Í frv., eins og það kom frá meiri hluta milliþn., er því lagt til, að ef sveitarstjórn óski eftir að hverfa frá tryggingu hjá Brunabótafélaginu, þá eigi hún að láta Brunabótafélagið vita um það, að hún óski eftir að losna við trygginguna eða semja á ný um hana, og ef ekki verða komnir á samningar innan tveggja mánaða frá slíkri tilkynningu, þá getur sveitarstjórnin sagt upp tryggingunni hjá Brunabótafélaginu með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 15. okt. ár hvert.

Ég vil taka það fram hér, vegna þess að þetta atriði hefur vakið nokkrar umr., að tímalengd þessa frests, sem hér er á settur, er í fullkomnu samræmi við þær reglur, sem önnur tryggingarfélög hafa fylgt, þegar svipað hefur staðið á. Ég vil t. d. minna á, að það brunatryggingarfélag, sem nú gefur sig hvað mest að brunatryggingum utan Reykjavíkur fyrir utan Brunabótafélag Íslands, Samvinnutryggingar, hefur boðið sveitarfélögum fasta samninga, þar sem gert er ráð fyrir, að sveitarfélögin verði að vera bundin til 5 ára og geti ekki losnað með skemmri uppsagnarfresti en 6 mánuðum. Er þetta aðeins undirstrikun á því, að sú regla, sem tekin er hér upp í 20. gr., er í fullkomnu samræmi við það, sem tryggingarfélög yfirleitt álita að þau geti komizt af með skemmst í sambandi við uppsögn.

Það hafa heyrzt raddir um það, að óþægilegt væri og óheppilegt að láta þennan 6 mánaða fyrirvara koma til framkvæmda nú á þessu ári, vegna þess að það væri erfitt og lítt viðráðanlegt fyrir sveitarfélög að nota sér uppsagnarákvæðin, miðað við þetta ár, ef fresturinn þyrfti að vera svo langur á þessu ári, svo sem liðið er af árinu.

Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að Brunabótafélag Íslands skrifaði öllum sveitarstjórnum á Íslandi utan Reykjavíkur bréf um s. l. áramót, skýrði sveitarstjórnunum frá því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, væri fram komið á Alþ., og gerði ýtarlega grein fyrir því í þessu bréfi, hvað í frv. væri lagt til í sambandi við uppsagnarfrestinn. Benti Brunabótafélagið sveitarstjórnunum á það, að ef þær óskuðu eftir því að vera lausar við Brunabótafélagið eða óskuðu að semja sérstaklega, þá skyldu þær gera það þegar í stað, en ekki láta það dragast með tilliti til þess lagafrv., sem á ferðinni væri og ef til vill yrði samþykkt á þinginu. Það liggur því fyrir, að öllum sveitarstjórnum á Íslandi hefur verið bent á, hvað hér er að gerast, og þeim hefur verið gefið tilefni og beinlínis óskað eftir því af Brunabótafélagi Íslands, að þær byrjuðu að nota sér frestinn strax um áramót, vegna þess að lögin væru yfirvofandi, ef sveitarstjórnirnar vildu semja.

Það verður því ekki sagt, að þetta frv. komi í bakið á sveitarstjórnunum eða skapi þeim nein óþægindi þannig, og þess vegna virðist mér, að till. sú, sem hv. þm. S-Þ. (KK) hefur borið hér fram, sé óþörf og eigi ekki rétt á sér.

Þá er breyting á lögunum um Brunabótafélag Íslands í 8. gr. frv., ekki stórvægileg breyting, en þar er lagt til, að í stað þess að Brunabótafélagi Íslands er nú ekki leyfilegt að tryggja lausafé nema með nokkurri takmörkun, þar eð félaginu er bannað að tryggja vörubirgðir í geymslu, þá er lagt til í frv., að þessi takmörkun sé felld niður.

Í 23. gr. er enn fremur lagt til, að Brunabótafélaginu sé heimilað að nota varasjóð sinn, ef öruggt þykir að áliti framkvæmdarstjórnar og fulltrúaráðs, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingargreina, sem félagið kynni að reka, enda hafi þær aðgreindan fjárhag, bókhald og reikningsfærslu. Þessi rýmkun á starfsemi Brunabótafélagsins er tekin hér upp með tilliti til þess, að brunatryggingarnar utan Reykjavíkur eru með frv. færðar inn á svið frjálsrar samkeppni, og þykir þá ekki óeðlilegt, að Brunabótafélaginu sé jafnframt heimilað að færa út starfsemi sína og taka þátt í samkeppni annarra tryggingarfélaga á viðtækari grundvelli en verið hefur. Allt er þetta þó með því fororði, að framkvæmdarstjórnin og fulltrúaráðið áliti, að þetta sé rétt, og vilji á það fallast.

Þá er í 2. gr. frv. gerð nokkur breyting á starfssviði félagsins. Eins og mönnum er kunnugt um, hefur Brunabótafélag Íslands nú um

nokkurt skeið rekið allvíða starfsemi í sambandi við brunavarnir og annað slíkt. Fyrir þessari starfsemi hefur ekki verið nein föst heimild í lögunum um Brunabótafélag Íslands, og er nú lagt til, að þessi heimild sé örugglega tekin upp í lögin. Ákvæði um þetta er að finna í 2. tölul. 2. gr., sem segir, að það sé m. a. hlutverk félagsins að fylgjast með og afla upplýsinga um nýjungar í slökkvitækni, sem komið gætu hér að notum, og útvega eða útbúa hentug slökkvitæki, sem bæjar- eða sveitarfélögum og einstökum heimilum væri gefinn kostur á að eignast með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

Þessi atriði, sem ég hef minnzt á, eru aðalbreytingarnar, sem frv. gerir á gildandi lögum um Brunabótafélag Íslands. En ég vil taka það skýrt fram, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að ef þetta frv. um Brunabótafélagið verður samþykkt, þá halda lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur að vera áfram í gildi eins og þau voru samþykkt á seinasta þingi, þ. á m. ákvæðið um skyldutryggingar gegn eldsvoða. Lögin um Brunabótafélag Íslands eru hins vegar bundin við félagið sjálft, og að svo miklu leyti sem þau snerta lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur, eru lögin um Brunabótafélagið eingöngu skýring og nánari útfærsla á lögunum, sem samþykkt voru á seinasta þingi. — Meira hef ég ekki að segja.

**Karl Kristjánsson:** *Herra forseti. Hér er allstórt mál á ferð, og mig undraði það þess vegna nokkuð, þegar n. sú, sem um það fjallaði fyrir hönd þessarar deildar, skilaði jafnstuttu áliti og hún skilaði, og ekki sízt af því, að mér hafði skilizt, að hæstv. forseti hefði lagt á það nokkra áherzlu við formenn nefnda, að nál. væru sem ýtarlegust.*

Það er með frv. þessu, sem fyrir liggur, verið að nýskapa 40 ára stofnun, Brunabótafélag Íslands, sem satt að segja virtist nú vera að daga uppi með þau verkefni, sem því höfðu verið falin. Brunabótafélagið hafði að vísu gert allmikið að því að bæta brunavarnir, og fyrir það á það þakkir skilið. En þar var líka um hagsmunamál fyrir það sem stofnun að ræða. En það hafði vanrækt annan þátt og steinrunnið í því sambandi; það hafði vanrækt að hugsa fyrir því, að þeir, sem tryggðu hjá því, gætu fengið svo góð kjör sem bezt var hægt að gefa, og þetta hafði félagið getað vanrækt, af því að það hafði við engan haft að keppa í þessum efnum, þar sem húseigendur utan Reykjavíkur voru í þeim álögum að verða að skipta við Brunabótafélagið hvað sem aðrir buðu. Að þetta er rétt, sannast með því, að nú getur Brunabótafélagið boðið, eftir að lögin frá því í fyrra um brunatryggingar utan Reykjavíkur voru fram komin, allt að 35—40% lækkun á iðgjöldum.

Hv. frsm. n. bætti nokkuð úr því, hvað nál. er stutt og segir lítið, en þó virðist mér, að ekki komi í ljós hjá honum, að n. hafi tekið þetta frv. til svo rækilegrar athugunar sem vert hefði verið. Mér virðast á því nokkrir smíðagallar, sem hann virtist ekki sjá eða telja ástæðu til þess að tala um, og sumir þeirra eru allverulegir. Yfirleitt eru þeir verulegustu á þá leið, að mér virðist ekki að sú endurreisn, sem átti að vera hafin í fyrra með löggjöfinni um brunatryggingar utan Reykjavíkur, komist fullkomlega inn í þetta frv., og má líka segja, að n. sú, sem um málið fjallaði samkvæmt lögunum frá í fyrra, hafi ekki komið þeim anda í frv.

Frsm. tók það fram, að það hefði orðið samkomulag um það innan n. að breyta í engu frv., sem Alþ. afgreiddi í fyrra. (GÍG: Nei.) Er það ekki rétt? (GÍG: Að fella það ekki inn í l.) Að fella það ekki inn í og breyta því í engu, það er rétt. En mér virðist, að þetta hafi þó mistekizt, og skal ég koma að því seinna. Hins vegar lagði hann áherzlu á það, að frv. gerði ráð fyrir því, að nú yrði Brunabótafélagið þannig byggt, að þeir, sem tryggja, yrðu þar aðilar í stjórn og gætu þess vegna komið fram eðlilega sínum till. til umbóta og tekið þátt í fyrirsögn um starfsemi félagsins, og í því sambandi vitnar hann til 5. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að að afstöðnum hverjum reglulegum bæjar- og sýslunefndarkosningum kjósi hvert bæjarfélag utan Reykjavíkur og öll sýslufélög landsins einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið, og svo er sagt frá því, á hvern hátt þessi kosningarréttur er eða á að vera í framkvæmdinni. En þar sem ætlazt er til, að þetta frv. verði að lögum, sem taki gildi nú þegar á þessu ári, en ekki er nema eitt ár liðið frá því að kosningar fóru fram, þá hefði verið mjög eðlilegt og sjálfsagt að taka fram í lögunum, hvenær skyldi kosið í fyrsta sinn. Nú hlýtur manni að verða spurn, af því að sagt er: „að afstöðnum hverjum reglulegum kosningum“, hvort meiningin sé, að ekki komi til þess, að fulltrúaráð og framkvæmdarstjórn verði skipuð fyrr en næst fara fram reglulegar kosningar, og hvort það er þá gert ráð fyrir því, að hinn ríkisskipaði forstjóri verði einvaldur, eins og hann áður hefur verið, fram að þeim tíma. Þarna finnst mér vanta á, að ákvæðin séu nægilega skýr.

Þá segir í 6. gr. frá því, að eftirlitsmenn brunavarna skuli mæta á fulltrúaráðsfundum og gefa skýrslu um störf sín.

Það má segja, að fulltrúaráð það, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. að starfi í félaginu og 6. gr. ákveður svo hvenær skuli halda fundi, sé ekki svo mikill mannsöfnuður, að ekki sé sambærilegur tilkostnaður hjá öðrum félagssamtökum í landinu með því að halda fulltrúaráðsfundi. En mér er spurn: Hvað er átt við með „eftirlitsmönnum brunavarna“? Nú veit ég ekki betur en að úti um allt land í bæjarfélögunum séu brunamálanefndir og fulltrúar, sem kallaðir eru eftirlitsmenn með brunavörnum. Rétt tel ég þess vegna, að það hefði komið fram í lögunum, hverjir þessir eftirlitsmenn eru, því að hópurinn gæti orðið nokkuð stór, sem mæta skyldi og gefa skýrslur, ef allir þeir, sem bera nafnið eftirlitsmenn brunavarna og vinna munu í þágu þessa félagsskapar vegna brunavarnanna, eiga að halda fund með fulltrúaráðinu.

Þá er 7. gr., sem ákveður skyldu til trygginga hjá félaginu og vitnar til 20. gr., sem ég kem að seinna, þar sem ákveðið er um það nánar, hvernig hægt er að losna við þessa skyldu. Hér í 7. gr. segir, að allar húseignir í kaupstöðum og kaup-

túnum skuli tryggðar. En nú er það ekki tilætlunin, að skylda hvíli á Reykjavík að tryggja í þessu félagi, því að hún hefur sín sérstöku lög. Hins vegar er Reykjavík kaupstaður. Mér virðist því, að þarna sé kvisthlaup hjá þeim, sem smíðuðu, og til frekari sönnunar því vil ég benda á það, að þessi grein, sem er mjög nærri því að vera orðuð eins og greinin í Brunabótafélagslögunum, sem nú gilda, og fjallar um sama efni, tekur það einmitt fram, að ákvæðin um skylduna gildi þó ekki um húseignir í Reykjavíkurkaupstað. Það má segja, að annars staðar í l. megi finna, að ekki sé átt við Reykjavík, vegna þess að þar er talað um, að heimilt sé að hafa viðskipti við Reykjavík, en þetta finnst mér vera ónákvæmni og óþarfa ónákvæmni, af því að fyrirmyndin hafði þessa nákvæmni.

Þá er 9. greinin. Þar segir, að vátryggingarupphæð húsa ákveðist með virðingargerð. Þegar talað er um virðingargerð, þá er ekkert frekar út í það farið, en venjan hefur verið hjá Brunabótafélagi Íslands að hafa trúnaðarmenn til þess að framkvæma þessar virðingargerðir. En í lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur frá í fyrra er svo fyrir mælt í 3. gr., að dómkvaddir menn skuli framkvæma virðingargerðirnar. Nú er það svo, að það kostar nokkuð að fá menn dómkvadda. Það kostar gjald, sem sá, sem dómkveður, innheimtir, 25 kr. fyrir mann. Hér er um það að ræða vitanlega að dómkveðja 2 menn, en það kostar þann, sem tryggir, 50 kr., auk þess sem menn eru víða þannig settir, að það er nokkur fyrirhöfn að ná til sýslumanns til að fá hann til að dómkveðja. Mér virðist, að úr því að verið var að endurskoða þessi lög svona rækilega, þá hefði það átt um leið að takast til athugunar að gera mönnum þetta einfaldara og ódýrara en þessi löggjöf frá í fyrra ákveður, því að ég hugsa, að við setningu hennar hafi þess ekki verið gætt, hvað þetta er fyrirhafnarsamt og dýrt. Nú má gera ráð fyrir, að stundum semji ekki um mat, og þá getur orðið tvöföld dómkvaðning. Mér finnst, að sú n., sem fjallaði um endurskoðunina samkv. 5. gr. laganna frá í fyrra, hefði átt að taka þetta upp til lagfæringar, og ég teldi nú mjög æskilegt, að n. sú, sem fjallar um málið hér í d., athugaði þetta og annað það, sem ég er nú að benda á.

Þá kem ég að 20. greininni, og ég hef leyft mér að flytja við hana óbeint lítils háttar brtt. með því að leggja til, að tekið verði upp bráðabirgðaákvæði, en hún segir um það, hvað til þarf að geta losnað úr viðskiptum við Brunabótafélag Íslands. Lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur frá í fyrra segja í 1. gr., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjar- og sveitarstjórnum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. október 1955 að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.“

M. ö. o. er með þessum lögum fólkið utan Reykjavíkur leyst úr þeim álögum að vera skuldbundið til að skipta við Brunabótafélag Íslands eins og áður og getur farið út í frjálsar tryggingar, þ. e. a. s. þó í hópum bæjarfélaga og hreppsfélaga, en engin fyrirvaraskylda lögð á herðar. Nú skal ég viðurkenna það, að það getur verið óhentugt fyrir þau félög, sem starfa að brunatryggingum, að enginn sé fyrirvarinn, og það mun vera alveg rétt, sem hv. frsm. sagði áðan, að brunatryggingarfélög yfirleitt hafa slíkan fyrirvara. En mér finnst það nokkuð langt gengið, ári eftir að þessi lög eru út gefin og á því tímabili, þegar breytingarnar eru að verða og menn eru að ákveða sig um það, hvort þeir halda áfram viðskiptum við Brunabótafélagið eða ganga í viðskipti við önnur félög um þessi efni, og einnig, þegar ekki hefur sýnt verið fram að þessu, hvernig Brunabótafélagið hið nýja muni verða uppbyggt, að upphefja gersamlega möguleikana á því að geta slitið viðskiptunum á næsta hausti, ef ekki er búið að gera það, áður en þetta frv. verður að lögum, sem hér er á ferðinni, því að með ákvæðum 20. gr. frv. er skyldan gerð 6 mánaða fyrirvari, en auk þess 2 mánaða umræðutími, svo að í raun og veru er þarna um að ræða 8 mánaða fyrirvara, sem er útilokaður nú, miðað við árið 1955. Við skulum segja, að 6 mánaða fyrirvari sé eðlilegur, en ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til þess að hafa fyrirvarann tvöfaldan. Ég sé ekki, og ég veit ekki, hvar fyrirmyndir um slíkt er að finna. Jú, einhver hefur sagt, að fyrirmyndin muni vera til í varnarmálasamningnum. Hv. frsm. benti ekki á neina hliðstæðu í því efni; hann minntist aðeins á það, að 6 mánaða fyrirvari mundi tíðkast í frjálsum samningum. Ég sé ekki betur en þegar verið er að gera ráð fyrir 2 mánaða umræðutíma, þá sé verið enn að gera mönnum sem örðugast að geta slitið viðskiptum við Brunabótafélag Íslands og skapa félaginu aðstöðu til þess að halda mönnum í þessum viðskiptum, og það rökstyð ég með því, að úr því að það þarf að ræða við Brunabótafélagið í 2 mánuði, áður en leyfilegt er að segja upp, sem á þó að vera með 6 mánaða fyrirvara, þá er í raun og veru verið að tryggja félaginu það að geta gengið að hvaða boði sem er úr öðrum stað, ef því þóknast, og svona regla mundi leiða það af sér, að aðrir með frjálsum tryggingum mundu gefast upp á því að bjóða á móti því félagi, sem alltaf getur tekið lægsta boði. Með þessu ákvæði virðist mér það alveg ljóst, að n. hefur ekki tekizt að gæða þetta frv. þeim frelsisanda, sem talað var um að ætti að leiða inn í þessi mál hér í fyrra og kom ljóst fram að menn þóttust vilja í sambandi við setningu laganna um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Til þess að lagfæra þetta lítils háttar fyrir árið í ár, hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 436 um það, að aftan við 27. gr. komi ákvæði til bráðabirgða um það, að þrátt fyrir ákvæðin í 20. gr. skuli þó þær úrsagnir gilda, sem koma fram 3 mánuðum fyrir 15. okt. 1955. Þetta þýðir það eftir þeim skilningi, sem ég legg í mína till., að þau sveitarfélög, sem ætla að ganga úr Brunabótafélagi Íslands, þurfa að hefja um það viðræður fyrir 15. maí, en segja upp fyrir 15. júlí. Það álít ég að sé alveg nægilegur fyrirvari fyrir Brunabótafélag Íslands. Ætti það í raun og veru að vera nægilegur fyrirvari ár hvert, en fyrst og fremst nægilegur fyrirvari á því ári, þegar Brunabótafélagið hefur samkv. lögunum frá í fyrra

um brunatryggingar getað búizt við því að missa viðskiptin án fyrirvara, annars en að uppsagnir væru komnar fyrir 15. október.

Ég vænti þess nú, að hv. þingmenn telji sanngjarnt, þó að þeim sé annt um Brunabótafélagið og viðskipti þess, að vera með þessari brtt., því að hún er áreiðanlega ekki ósanngjörn. Og minna finnst mér ekki vera hægt að gera fyrir þá menn, sem talið var í fyrra að verið væri að leysa úr álögum, þ. e. a. s. skylduviðskiptum við félag, sem ekki hafði sinnt því fullkomlega að gefa þau beztu kjör, sem sýnilegt er nú orðið að það telur sér fært að bjóða.

Ýmislegt er það fleira, sem mætti minnast á um galla á þessu frv. T. d. virðist mér það vera líkt sagarfari á smiðinu, að sums staðar er talað um stjórnir bæjar- eða sveitarfélaga og sums staðar um stjórn bæjar- og hreppsfélaga. Það er alveg rétt að tala um stjórn bæjar- og hreppsfélaga, en það er rangt að tala um stjórn bæjar- og sveitarfélaga, vegna þess að bæjarfélögin eru líka sveitarfélög. Sveitarfélög er heitið yfir félögin, bæði hreppa og bæi. Mér finnst, að nefnd, sem hefur endurskoðað lög og ratað á að komast rétt að orði sums staðar, hefði gjarnan mátt samræma þetta.

En svo er mér enn spurn. Nú er þetta félag tryggjenda: Hver á félagið? Hvers eru eignir þess? Eftir því sem maður getur lesið út úr frv. sums staðar, þá virðist liggja beint fyrir að ætla, að þeir, sem eru í félaginu hverju sinni, séu í raun og veru eigendur þess; þegar þeir ganga úr félaginu, hætta þeir að vera meðeigendur og missa réttinn til eignanna. En hvers vegna ekki að láta þetta koma hreint fram í lögum um sjálfstætt félag? Væri ekki hægt að hugsa sér það, að þetta félag, sem er nú verið að gera á þennan hátt „sjálfstætt og frjálst“ félag sveitarfélaganna, yrði einhvern tíma lagt niður? Það hendir stundum félög. Og gæti þá ekki farið vel á því, ef lögin eiga að vera heilsteypt, að láta vera ákvæði um, hvernig þá skyldi með fara og hverjir yrðu þá erfingjar þess? Ég hygg það vera í lögum félaga yfirleitt.

Ég þykist hafa leitt rök að því, að þetta frv. er með mörgum göllum, og þess vegna vildi ég fyrir mitt leyti líka mega óska þess, að sú n., sem hefur málið til meðferðar hér í d., tæki það á ný til athugunar og lagaði það, sem auðveldast er að laga og telja má líklegt að samkomulag verði um, þó að ágreiningur sé um hin stærri atriði.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það, að þessu máli hefur verið frestað, meðan ég hef verið fjarverandi vegna forfalla, og skal reyna að valda ekki drætti á málinu.

Ég hef gefið út nál. aðeins þess efnis, að ég er ósamþykkur frv. eins og það kemur frá hv. Nd., og til þess að það liggi ljóst fyrir, að ég tel mig hafa frjálsar hendur um að greiða atkv. með brtt., sem hér kunna að koma fram, og flytja brtt.

Munurinn á afstöðu minni og hv. 1. þm. N-M. er að ég hygg sá í höfuðatriðum, að þetta mál var mjög rætt hér á Alþ. í fyrra, bæði í þessari hv. deild og í hv. Nd., og þá þrautreynt, hve mikill meiri hluti stendur að þessu frv. Og enn fremur hefur málið verið rætt í hv. Nd. Þar komu fram fjöldamargar brtt., sem allar hafa verið felldar, og hann mun telja, að það sé þess vegna þýðingarlaust að reyna að koma fram frekari breytingum en orðið er.

Ég ætla ekki að tefja þetta mál við þessa umr. og tel mér það skylt, þar sem málinu hefur verið frestað hvað eftir annað eftir minni beiðni. En ég tel, að það komi fram, m. a. af þeirri brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. S-Þ., að það er lengi von, að hægt sé að koma fram nokkrum leiðréttingum, því að ég geri ráð fyrir því, að sú brtt. verði þó samþ., og styð ég það við þær yfirlýsingar, sem voru gefnar hér í umr. í fyrra, að sá réttur, sem landsmönnum væri gefinn samkvæmt frv., sem þá varð að lögum, mundi ekki verða aftur tekinn. En það var eitt af ádeiluatriðum af minni hendi, að ég hélt því fram, að það mundi e. t. v. eiga eftir að koma í ljós, þó að ég vildi ekki fullyrða það, að eitthvað af þeim réttindum, sem samþ. voru í lögunum, eins og gengið var frá þeim í fyrra, yrði tekið aftur af þeirri n., sem ætti að starfa í málinu. En því var þá mjög kröftuglega mótmælt og fullyrt, að slíkt kæmi ekki til mála, enda geri ég ráð fyrir, að þessi till. verði samþ. — Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi. En ég mun taka það til athugunar að koma fram með brtt. við 3. umr.

**Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson):** Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. þm. S-Þ. benti á, að greinargerð sú, sem meiri hluti n. lét fylgja með áliti sínu í þessu máli, er mjög stutt og gat ekki styttri verið. En það stafar af því, að þetta mál kemur frá milliþn., sem lætur fylgja frv. mjög ýtarlega og skilmerkilega greinargerð. Hefði átt að fara að skrifa langt og ýtarlegt mál um þetta, þá hefði það raunar ekki getað annað orðið en endurtekning á því, sem sagt er í greinargerð meiri hl. milliþn., en meiri hluti allshn. lýsir því yfir í nál. sínu, að hann sé samþykkur till. meiri hlutans. Því hefði lengra nál. ekki orðið annað en endurtekning á því, sem þegar var fram komið í málinu.

Þá ræddi hv. þm. S-Þ. um það, að sú staðreynd, að brunatryggingariðgjöldin hafa verið nokkuð lækkuð nú upp á síðkastið, sýndi, að þau hafi verið of há áður og að illa hafi verið á málunum haldið af hálfu Brunabótafélagsins. Ég held, að þessi hv. þm. hefði átt að hugsa sig um dálítið betur, áður en hann fullyrti, að lækkun iðgjalda hlyti að þýða það, að þau hefðu verið of há áður. Ég veit ekki, hvað hann er kunnugur tryggingamálum og ákvörðun tryggingariðgjalda. En ég er sannfærður um, að ef hann hefði spurzt fyrir um þetta hjá tryggingarfélagi, sem ég veit að hann hefur nokkurn aðgang að, þ. e. Samvinnutryggingum, þá hefði það félag getað skýrt honum frá reynslu sinni í þessum efnum, sem er að niðurstöðu til talsvert önnur en það, sem hv. þm. fullyrti um þetta.

Það gerðist fyrir nokkru, að Samvinnutryggingar stórlækkuðu iðgjöldin á bílatryggingunum. Það varð til þess, að önnur tryggingarfélög lækkuðu þessi iðgjöld hjá sér líka. Af þessu hefði

maður átt að draga þá ályktun, ef maður vill vera í samræmi við það, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að bílatryggingariðgjöldin hafi áður verið of há. Máske hann hafi dregið þá ályktun? En hvernig fór? Þegar nokkur tími var umliðinn, neyddist þetta tryggingarfélag, Samvinnutryggingar, til að fara til hinna tryggingarfélaganna, sem bílatryggingarnar tóku, og segja við þau: Ja, því miður, iðgjöldin hafa verið allt of lág, sem við höfum boðið upp á, við ráðum ekki við þetta. Það er allt saman að stranda hjá okkur. Viljið þið nú ekki gera það fyrir okkur að hjálpa okkur út úr vandræðunum með því að vera samtaka um að hækka iðgjöldin á ný? — Og þetta var gert. Félögin urðu sammála um þetta. Það, sem gerðist, þegar Samvinnutryggingar voru að lækka sína bílatryggingu, var ekkert annað en það, að það var verið að bjóða óeðlilega lágt tryggingariðgjald til þess að geta náð tryggingum frá öðrum félögum, sem síðan leiddi til hækkunar á eftir. Og mér er ekki grunlaust um, að það kapphlaup, sem nú er á ferðinni um brunatryggingariðgjöldin, sé e. t. v. eitthvað í þessa átt, en slíkt mun koma í ljós, þótt síðar verði.

Þá var hv. þm. S-Þ. að reyna að telja upp ágalla, sem hann taldi að væru á frv. af hálfu milliþn., og það er eftirtektarvert, að atriðin, sem hann nefndi, fyrir utan það, sem hann ber fram brtt. um, voru aðeins 5. Ég ætla aðeins að víkja að þeim til þess að sýna fram á, hvílíkur sparðatíningur er hér á ferðinni.

Hv. þm. finnur fyrst að því, að sagt er í 5. gr., að það eigi að kjósa fulltrúaráðið strax að afstöðnum reglulegum bæjar- og sýslunefndarkosningum. Nú segir hann: Þegar lög þessi eru gengin í gildi, þá er ár liðið frá því að þessar reglulegu kosningar fóru fram. Það stendur ekki í frv., hvað á að gera. Á kannske ekki að kjósa neitt, fyrr en reglulegar bæjar- og sýslunefndarkosningar hafa farið fram næst? — En það stendur annað í frv., sem hver einasti maður, sem les það, getur séð og skilið. Í 27. gr. þess stendur: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Og þetta segir allt, sem segja þarf, þar á meðal það, að framkvæmdarstjórnin og fulltrúaráðið á að taka við stjórn félagsins strax og tími hefur unnizt til að kjósa þau. Lögin taka greinilega fram, að frestur má ekki verða á kosningu fulltrúa af hálfu sveitar- og sýslufélaganna. Það þarf því enginn að vera í neinum vafa um það, og það er hreinn útúrsnúningur hjá þessum hv. þm., þegar hann er að telja sig vera eitthvað að efast um það, hvernig þetta ákvæði verður í framkvæmd.

Þá minntist hv. þm. einnig á 7. gr. frv. Hann segir, að í henni sé sagt, að skylt sé að tryggja allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, og vegna þess að Reykjavík sé kaupstaður, þá geti það vel tekið til Reykjavíkur líka. En hann tæpti þó á því, sem greinilega kemur fram í frv., að í 8. gr. þess er á það bent, að sérreglur gildi um Reykjavík, auk þess sem sérlög eru til um Reykjavík og allir vita, að lögin um Brunabótafélagið í heild gilda ekki um það. Þetta er af hans hálfu ekkert annað en tilraun til þess að vera að hártoga, gera tortryggilegt og jafnvel snúa út úr.

Þá minntist hv. þm. líka á ákvæði 9. gr. um virðingar og sagði, að virðing kostaði peninga, það gæti verið erfitt að ná í þá, sem ætti að útnefna, og annað þess háttar. Taldi hann, að milliþn. hefði illa sézt yfir, að hún skyldi ekki hafa gert sérstakar ráðstafanir út af þessu. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að á síðasta þingi tók hann þátt í sjálfur að samþ. l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Þar er gert ráð fyrir, að virðingar fari fram með nákvæmlega sama hætti og hér er ráðgert. Hann fann enga köllun hjá sér til þess að gera neina athugasemd við þetta, þar enga brtt. fram og minntist ekki á neitt. Núna, þegar farið er að leita í frv. að einhverju til þess að finna að, þá er þarna sparð.

Þá minntist hv. þm. á það líka, að sagt er, að eftirlitsmenn brunavarna skuli mæta á fulltrúaráðsfundum hjá Brunabótafélaginu. Og hann talar um það, að það séu eftirlitsmenn í hverju einasta sveitarfélagi og það sé nokkuð mikið að kalla þá menn til þessara funda. Þetta er ekki heldur rétt hjá þessum hv. þm. Eftirlitsmenn brunavarna eru einn eða tveir menn. Það er vegamálastjórinn í Reykjavík og sérstakur starfsmaður hjá Brunabótafélaginu. Þetta eru eftirlitsmenn brunavarna, sem lögin tala um og tilgreindir hafa alla tíð verið í reglugerðum félaganna. Aðrir eftirlitsmenn brunavarna í merkingu laganna eru alls ekki til. Hitt er annað mál, að í sveitarfélögum og sérstaklega kaupstöðum og kauptúnum úti um land hafa sveitarfélögin sérstaka eftirlitsmenn með eldfærum, en það eru ekki eftirlitsmenn brunavarnanna. Hér er því ekki nema um tvo menn að ræða.

Þetta voru atriðin, sem þessi hv. þm. hafði út á frv. að setja, önnur en þau, sem hann hefur borið fram brtt. í sambandi við.

Í sambandi við brtt. vil ég aðeins undirstrika það, að hér er ekki verið að koma aftan að neinum og hér er ekki verið að taka neinn rétt af neinum, sem hann áður hafði, vegna þess að um síðustu áramót skrifaði Brunabótafélag Íslands öllum sveitarstjórnum á Íslandi ýtarlegt bréf, skýrði frá þessu frv., varaði við því, að til þess mætti koma, að það gæti orðið að lögum, og þess vegna var skorað á sveitarstjórnirnar, ef þær vildu segja upp hjá Brunabótafélaginu eða ef þær vildu semja á ný, að gera það strax og láta það ekki dragast, svo að lögin kæmu þeim í koll síðar. Allar sveitarstjórnir á Íslandi hafa því fengið ekki aðeins viðvörun um þetta, heldur beina hvatningu frá Brunabótafélaginu sjálfu til þess að gæta sín, segja upp strax og semja, ef þær vildu vera lausar. — Meira hef ég ekki að segja.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég hef skrifað undir nefndarálit og ég mun samþ. frv., eins og það liggur hér fyrir, enda þótt ég sé ekki ánægður með það. Það kemur af því, að þær umr., sem fram hafa farið um þessi brunamál, bæði hér í deildinni og í Nd. á síðasta þingi og í Nd. á þessu þingi, hafa sannfært mig um það, að það er líkt ástatt um fylgjendur þessa frv., eins og það liggur hér fyrir, og var með einn bónda, sem núna er dáinn, en bjó uppi í Borgarfirði. Hann hugsaði mikið og hafði ákveðnar skoðanir.

Einu sinni eftir messu var hann að deila við prestinn sinn, sem þá var prófastur í Borgarfjarðarsýslu, um trúmál, og færði þá prestur honum biblíuna og sýndi honum, hvað stæði þar. Jú, hann sá það nú. En þá sagði hann: „Ja, svona stendur nú ekki í minni biblíu.“ Þá var hann kominn í alger rökþrot, og heldur en að sannfærast og gefa sig við það, sem um var að ræða, þá stóð það ekki svona í hans biblíu. (*Dómsmrh.:* Það eru margar þýðingar til af biblíunni.) Já, þetta var nú sama útgáfa og hann átti og allt í lagi með það, en hann gaf sig ekki. Eins er hér. Þeir menn, sem hafa fylgt þessu frv. í þinginu hér og rætt um það og eins um brunamálin í fyrra, eru eins og þessi karl. Þeir taka ekki röksemdum. Það stendur svona í þeirra biblíu, í þeirra heila. Það á að vera svona, og þeir taka ekki röksemdum. Þess vegna sá ég enga ástæðu til þess að fara að lengja þingið með því að fara á ný að taka upp deilur og brtt., sem ég fyrir fram vissi að höfðu enga þýðingu eða yrði neitt gert með. Þetta varð svo til þess, að ég skrifaði undir nál. fyrirvaralaust. Annars hreyfði ég einstaka breytingum, sem ég vildi gjarnan fá fram, og þegar nm. sáu ekki ástæðu til þess, þá var ég ekkert að tefja þingið og umr. þar, heldur skrifaði fyrirvaralaust undir.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm., frsm. hv. allshn. þessarar deildar og nefndarmaður við að semja það frv., sem hér liggur fyrir, vildi gera lítið úr því, að þær athugasemdir, sem ég gerði, hefðu við veruleg rök að styðjast, og taldi auðskilin þau atriði, sem ég taldi að hefðu þurft að vera skýrari. Ég hafði ekki viljað tefja málið með langri ræðu um þann höfuðágreining, sem er í þessu máli og var víst allmikið tekizt á í sambandi við í Nd. En ég hef hins vegar bent á nokkur atriði frv., sem ég taldi að ætti að geta orðið samkomulag um að laga og vil gera tilraun til að fá löguð, og mér þykir nú reyndar undarlegt, að hv. 10. landsk. skuli ekki, af því að hér er um hans smíðisgrip að ræða, vilja fallast á þessar lagfæringar. Mér finnst það óþarfa stórlæti af hans hendi. Hann taldi fyrst, að lítið væri leggjandi upp úr því, þó að komið hefðu fram tilboð um bætt kjör í brunatryggingarmálum, og vildi með því fullyrða, að Brunabótafélagið hefði verið vel á verði um að gefa mönnum, sem skyldugir voru til að skipta við það, svo góð kjör sem hægt var, þó að þeir ættu ekki í annað hús að venda. Og hann vitnaði til þess, að orðið hefði nú að hækka vátryggingar bifreiða. Og víst er þetta rétt hjá honum, að tryggingarfélögin hafa komið sér saman um að hækka iðgjöld frá því, sem þau voru lægst. En kannske hv. þm. geti líka sagt, — hann sagði það ekki, — að gjöldin vegna bílanna séu komin í þá hæð, sem þau voru áður en þau voru lækkuð. Ég get hugsað mér, að það geti alltaf orðið svo og muni sennilega verða svo, þegar unnið er að þessum málum á frjálsum vettvangi, að það kunni að þurfa að leiðrétta eitthvað. Og þarna er aðeins um leiðréttingu að ræða, en ekki að horfið sé frá þeirri stefnu að hafa kjörin sem bezt eða fallið sé í sama farið aftur.

Þá minntist hv. þm. á þær athugasemdir, sem ég hef gert við frv., og þó ekki allar. Hann taldi, að það lægi ljóst fyrir, hvenær ætti að kjósa í fulltrúaráð og framkvæmdarstjórn. Frv. gerir ráð fyrir, að kosið sé strax að afstöðnum reglulegum kosningum, en þær eru afstaðnar fyrir ári og þrjú ár þangað til þær fara fram að nýju. Hann taldi, að með því að 27. gr. gerði ráð fyrir, að lögin gangi strax í gildi, þá lægi ljóst fyrir, að þessa menn ætti strax að kjósa. En hví þá ekki að gera grein fyrir þessu í lögunum eða þá a. m. k. í greinargerð, sem fylgdi frv., til þess að taka af allan vafa? En það er náttúrlega vegna þess, að það hefur ekki legið ljóst fyrir þeim, sem sömdu frv., eins og kemur í ljós hjá hv. 10. landsk., hvenær hægt er að kjósa þessa nefnd. Í greininni, sem ég því miður hef ekki í höndum, er tekið fram, hverjir hafi kosningarrétt. En um leið og lögin ganga í gildi, er það ekki í ljós komið, hverjir hafa kosningarrétt. Þess vegna hygg ég, að hv. þm. verði að kannast við, að það er ekki hægt að kjósa strax og lögin ganga í gildi. Það er ekki hægt að kjósa fyrr en það er í ljós komið, hverjir verða í Brunabótafélagi Íslands á þessu kjörtímabili eða hverjir ráðast þangað fyrir byrjun næsta starfsárs. (Gripið fram í.) Það er sagt, að fulltrúaráðið verði kallað til funda 4 hvert ár, og á það bendir hv. þm. (**GÍG:** Það stendur: Fyrsta aðalfund félagsins skal halda þegar eftir að lög þessi koma til framkvæmda.) En það stendur enn óhaggað, að lögin koma til framkvæmda áður en hægt er að kjósa fulltrúana, áður en fullkomin skipun er komin á félagið.

Þá vildi hv. þm. gera lítið úr því, að felld hefði verið úr 7. gr. undantekningin fyrir Reykjavík, og vildi láta líta svo út, að ég hefði ekki gert ráð fyrir því, að það væri hægt að sjá annars staðar í lögunum, að Reykjavík gæti haft skipti við félagið, en ég benti einmitt á það um leið. En jafnvel þó að þessi heimildarákvæði séu, þá er þetta ónákvæmni í byggingu, sem var óþörf, eins og ég benti á, af því að fyrirmyndin, grein í núverandi lögum Brunabótafélagsins, tók skýrt fram, að Reykjavík væri undanþegin. Nú vil ég benda hv. þm. á 27. gr., sem gerir ráð fyrir því, að öll eldri ákvæði, sem komi í bága við þau lög, sem verið er að setja með þessu frv., séu úr gildi numin, og þá grípur það í raun og veru til laganna um brunatryggingar fyrir Reykjavík, ef strangt yrði eftir farið, og slík ósamkvæmni sem þessi og ónákvæmni sýna hroðvirkni.

En aðalatriðið í athugasemdum mínum snerti 20. gr., og þess vegna vil ég aðeins minnast á það meira, af því að hv. 10. landsk. hélt því fram, að hér væri ekki verið að breyta neinu til óþægindа fyrir þá, sem málið snertir mest, eða sveitarfélögin í landinu. Hann sagði, að Brunabótafélag Íslands hefði skrifað snemma árs öllum sveitarfélögum til þess að hafa samband við þau um viðskiptin áfram, og þá varað við því að segja til í tíma, af því að þessi lög voru yfir. Þau bréf, sem Brunabótafélagið skrifaði, voru aðallega tilboð um framtíðarviðskipti. Sveitarfélögin bjuggust við því, að leiðum yrði ekki lokað fyrir þeim, en leiðirnar stæðu a. m. k. opnar til 15. okt. Það er ekkert þægilegt að semja um svona hluti bréflega eða í gegnum síma og

ekki sízt fyrir það, að mörg sveitarfélög hafa hugsað sér — og það að gefnu tilefni — að leita samninga um lán í sambandi við nýja tryggingarsamninga og hafa hugsað sér, að þau gætu notað árið fram að 15. okt. til þessa. Menn úr fjarlægum héruðum eiga örðugt með ferðalög að vetrinum. Þess vegna er það svo í raun og veru, að ef frv. þetta er samþykkt óbreytt, þá er upphafinn sá fyrirvari, sem brunatryggingalögin frá í fyrra utan Reykjavíkur gáfu mönnum. Og ef hann er upphafinn, þá er sama sem að komið sé aftan að mönnum og þeir lokaðir inni með samninga sína hjá Brunabótafélaginu. Það hefur aldrei verið tilætlunin, a. m. k. var það ekki tilætlun þeirra manna, sem voru í fyrra að flytja mál um það að gera brunatryggingar frjálsar fyrir sveitarfélög.

Hv. 10. landsk. minntist ekkert á það, sem ekki kemur fram í þessu frv. til l. um Brunabótafélag Íslands, hver væri hinn eðlilegi eigandi þess og hvernig hægt væri að gera ráðstafanir, ef það kæmi fyrir, sem rökrétt er að hugsa sér að geti komið fyrir, að félagið hætti að starfa. Slíkt er um allan félagsskap. Og yfirleitt hygg ég, að það sé í öllum venjulegum félagslögum gert ráð fyrir einhverju slíku.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að brtt. mín verði samþykkt, þyki sanngjörn og eðlileg, og ég hygg, að með henni sé, ef samþ. verður, staðið við nokkurn hluta af því, sem lofað var með frv. frá í fyrra, en þó nægilega staðið við hann til þess, að engum sé misboðið að því er fyrirvarann á þessu ári snertir.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð, af því að ég tel, að málið sé mér nokkuð skylt, því að á síðasta þingi fluttum við hv. þm. Vestm. frv. á þskj. 622 um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Frv. þetta var flutt til þess að losa kaupstaði og sveitarfélög undan þeirri skyldu að þurfa að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands, en eiga ekki kost á því að velja frjálst, hjá hverjum tryggt væri. Frv. þetta var samþykkt, og í 5. gr. þess er ákveðið, að sameinað Alþingi kjósi fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög félagsins.

Eins og frv. á þskj. 290 ber með sér, er það fram komið lítið breytt frá því, sem mþn. gekk frá því. Við flm. frv. frá síðasta þingi getum verið ánægðir með starf nefndarinnar, a. m. k. mæli ég svo fyrir mig.

Það nýmæli er, að fulltrúar þeirra sýslufélaga og kaupstaða, sem tryggja hjá félaginu, mynda fulltrúaráð, sem aftur kýs þriggja manna framkvæmdarstjórn. Þessi háttur er að sjálfsögðu til öryggis fyrir þá, sem tryggja, en áður höfðu þeir enga íhlutun um stjórn félagsins, en slíkt var megingalli. Styrkur Brunabótafélags Íslands er mjög í því fólginn, að félagið á nú gilda sjóði, svo að það stendur nú ólíkt betur að vígi en byrjendur í þessari grein. Iðgjöld miðast við hag og samkeppni tryggingarfélaganna á hverjum tíma. Þau geta lækkað þau beint eða með bónusgreiðslum, og einnig getur verið nauðsynlegt að hækka í bili, ef illa árar fyrir þessari starfsemi. En fjársterkt félag þolir meira en ungt og óreynt, bæði vegna efnahags og reynslu. Hvað sem öðru líður, þá er valfrelsið fyrir mestu, en það var höfuðtilgangur okkar flytjenda frv. frá í fyrra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 436 felld með 9:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 290, 447).

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Þessi eina brtt., sem liggur hér fyrir, er ekki mikil að vöxtum og breytir ekki ýkja miklu, þó að hún verði samþ. En eins og ég sagði í gær, þá tel ég það vera fullreynt af umræðunum á síðasta ári, sem voru mjög ýtarlegar hér í þessari hv. d. og jafnframt í Nd., að það er ætlunin að knýja þetta mál fram eins og það liggur fyrir, og kom raunar greinilega fram í umr. og þó greinilegar við atkvgr. um þá till., sem hv. þm. S-Þ. flutti hér í gær, en var felld. Sú till. var þó að mínu áliti greinilega til mikilla bóta á frv. eins og það liggur fyrir.

Ég skal þess vegna ekki fara inn á almennar umr. um þetta mál, þó að oft sé viðhafður sá siður að fylgja eftir deilum um mál eins og þessi alveg til síðustu umr. og e. t. v. í báðum deildum. En brtt., sem hér liggur fyrir, er, eins og hún ber með sér, við 20. gr. og er um það, að orðin „um samninga innan tveggja mánaða frá því, að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum“ falla niður, og verður þá málsgr. þannig, ef mín brtt. er samþ.: „Náist ekki samkomulag, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélagi Íslands með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 15. okt. ár hvert.“

Hér er gerð tilraun til þess að nema í burtu eitt af því, sem er allt að því niðurlægjandi fyrir þá, sem hafa tryggt hjá Brunabótafélagi Íslands, að vera, eins og frv. reynir nú alls staðar að koma áleiðis, bundnir á þennan klafa og þurfa endilega að standa í samningum í tvo mánuði um það, hvort þeir eigi að fá að losa sig við tryggingar eða ekki. Þetta er í mínum augum prófsteinn á það, hvort það er meiningin að knýja þetta fram í þessu formi, sem frv. er yfirleitt. Ég sé ekki, hvaða þýðingu það hefur, að bæjarfélög þurfi að standa í því þrotlaust í tvo mánuði að losa sig, og svo þegar þau eru búin að gera þá tilraun, þá þurfa þau að segja upp eftir allt saman með sex mánaða fyrirvara. Þessi gr. hygg ég að sýni betur en flest annað tilganginn og þá stefnu, sem kemur fram í frv. yfirleitt, að reyna að koma í veg fyrir það með öllu hugsanlegu móti, að bæjarfélög hreyfi sig, að bæjarfélög segi upp tryggingasamningum við Brunabótafélag Íslands. — Ja, ég sagði nú áðan, að ég ætlaði ekki að fara inn á almennar umræður um þetta atriði, en er nú raunverulega aðeins byrjaður á því og skal nema staðar hér. — En mér virðist, að það sé ekki óeðlilegt að fella a. m. k. þessi orð niður, því að ég sé ekki, hvaða þýð-

ingu það hefur að setja slíkt í lög. Þetta er, eins og einhver sagði, miklu meira en lagt er í það að tala á milli hjóna, þegar þau ætla að skilja. Það á að standa í heila tvo mánuði þófið um það, hvort bæjarfélög tryggi áfram hjá Brunabótafélagi Íslands, áður en kemur til sex mánaða uppsagnarfrestsins. — Ég skal svo ekki segja fleira um þetta.

**Lárus Jóhannesson:** Af því að frsm. í máli þessu er ekki viðstaddur, vildi ég taka það fram út af brtt. hv. þm. Str., að þessi orð, sem hann vill láta fella þarna niður, eru alls ekki að ófyrirsynju sett. Um leið og tryggt er hjá Brunabótafélaginu eins og öðrum tryggingarfélögum, þurfa þau náttúrlega að endurtryggja, og sá endurtryggingarsamningur er gerður til ákveðins tíma. Við það er sex mánaða fresturinn miðaður. En ef eitthvert sveitarfélag fer fram á það að fá breytt til um tryggingarkjör, getur Brunabótafélagið eðlilega ekki svarað því undireins, vegna þess að það fer eftir svo mörgum aðstæðum, hvort hægt er að breyta þeim kjörum og hvað sanngjarnt er, t. d. hvernig brunavarnir eru í því, hvernig er háttað með steinhús, timburhús og annað o. s. frv.

Þetta frv., eins og það liggur fyrir, hefur verið samið af nefnd, og okkur í allshn. virðist ákaflega vandlega frá því gengið, svo að ég er hræddur um, að hv. þm. Str. hafi ekki athugað þessa hlið málsins, þegar hann kom með brtt. sína, því að frv. er alls ekki borið fram á nokkurn hátt til þess að handjárna eða binda, heldur af því að Brunabótafélagið verður auðvitað að kynna sér aðstæður heima fyrir í hverju einstöku sveitarfélagi, áður en það getur samið um þau kjör, sem þar henta. — Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þessi ákvæði séu sett að ófyrirsynju. Þau eru einmitt sett í þeim tilgangi, sem hv. þm. Seyðf. sagði að þau væru ekki sett. Þau eru sett til þess að binda og koma í veg fyrir það, að sveitarfélög hreyfi sig, sveitarfélög segi upp tryggingum við Brunabótafélagið. Jafnglöggur lögfræðingur og hv. þm. Seyðf. getur ekki talað slíkt nema gegn betri vitund, því að hann hlýtur að sjá, að ákvæðin eru sett í þessum tilgangi. Fyrst skal þvælt við Brunabótafélagið í tvo mánuði, áður en sagt er upp, til þess að vita, hvort sé ekki hægt að þvinga sveitarfélagið með einhverju móti til að vera kyrrt, bjóða því þetta, bjóða því hitt, kannske lán, eins og stundum hefur verið boðið, til þess umfram allt að láta ekki koma til næsta skrefs, sem er að segja upp samningunum. Og þetta á að standa í tvo mánuði. Nú hef ég ekkert á móti því, að það séu reyndir samningar, áður en uppsögn hefst, og sex mánaða uppsagnartímabil, en ég kann ekki við að vera að ákveða það, hvað lengi samningar eigi að standa yfir. Í annan stað er það auðsætt mál og sér hver maður í hendi sér, og það er bersýnilegt, að jafnglöggur lögfræðingur og hv. þm. Seyðf. sér það, að þó að sé sagt upp með sex mánaða fyrirvara, þá er allan tímann í þessa sex mánuði hægt að semja aftur upp á önnur kjör við Brunabótafélag Íslands. Það sjá því allir, í hvaða tilgangi þessi ákvæði eru sett, og ég geri ekki ráð fyrir, að við þurfum að deila frekar um það. Og þó að hv. þm. hafi nú tekið að sér þessa málfærslu fyrir þingmann, sem er fjarverandi, þá er óþarfi að gera það svo samvizkusamlega að tala á móti betri vitund um atriði, sem hann sér glöggt að er á þann veg, sem ég hef lýst.

ATKVGR.

Brtt. 447 felld með 8:6 atkv.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SÓÓ, KGunn, HG, IngF, JJós, JK, LJóh, PZ, GíslJ.

VH, AE, BrB, FRV, HermJ, KK greiddu ekki atkv.

2 þm. (BSt, BBen) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

## 60. Landshöfn í Rifi.

Á 59. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

**Frv. til um um breyt. á l. nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi** [172. mál] (þmfrv., A. 452).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Frv. það á þskj. 452, sem hér er tekið til umr., er flutt af sjútvn. þessarar hv. d. Með frv. fylgir grg. frá n. ásamt bréfi vitamálastjóra, þar sem skýrt er frá framkvæmdum við hafnargerðina í Rifi frá árinu 1951 og fram til þessa tíma. Einnig upplýsir vitamálastjóri, hvaða framkvæmdir sé nauðsynlegt að ráðast í á næstu árum, til þess að höfnin og önnur aðkallandi mannvirki í sambandi við hana komi að notum. Að öðru leyti vitna ég í grg. n. með frv. og í bréf vitamálastjóra, sem hvort tveggja sannar nauðsyn þess, að heimild hæstv. ríkisstj. til lántöku vegna hafnarframkvæmda í Rifi verði hækkuð úr 3 millj. kr. í 12 millj. kr., eins og frv. kveður á um.

Eins og tekið er fram í grg. með frv., er mikil nauðsyn að hraða hafnargerðinni, þar sem þegar er bundið allmikið fé í þeim mannvirkjum, sem þegar er búið að framkvæma í Rifi, og það fé er arðlaust, þar til höfnin verður tekin til afnota og eðlileg tekjuöflun myndast með hafnargjöldum og öðrum afnotum, sem höfnin lætur útgerðinni í té.

Þar sem frv. er flutt af nefnd, vil ég biðja hæstv. forseta að vísa því til 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 60. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 452, n. 488).

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi var flutt í Nd. af sjútvn. þeirrar hv. deildar. Efni þess er, að í stað 3 millj. kr. heimildar, sem nú er í lögum, komi 12 millj. kr.

Eins og öllum er vafalaust ljóst, er landshöfnin í Rifi byggð með það fyrir augum að auðvelda bátum not af auðugum fiskimiðum þar í nágrenninu. Það er þegar búið að verja til landshafnarinnar um 5 millj. kr., en samkv. lauslegum áætlunum vitamálaskrifstofunnar er talið, að 12 millj. þurfi samtals til að skapa þarna viðunandi skilyrði fyrir fiskibáta.

Frv. fylgdi allýtarleg grg. Og með því líka að hæstv. forsrh. gaf mjög ýtarlega skýrslu um þetta mál í gær í Sþ., þá sé ég ekki ástæðu til að lengja framsögu mína nú. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur sem sagt athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Umr. frestað.
Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Eins og þskj. það, sem hér um ræðir, ber með sér, þskj. 452, þá er hér um að ræða hækkun á framlagi ríkissjóðs úr 3 millj. kr. upp í 12 millj. kr. til þessarar ákveðnu framkvæmdar. Sumpart vegna þess, að hér er um veruleg fjárframlög að ræða, og sumpart vegna þeirra umræðna, sem fóru fram í Sþ. nú fyrir tveimur dögum í sambandi við þetta mál, þykir mér, sem hef átt frá byrjun sæti í landshafnarstjórninni, rétt að gefa hér nokkurt yfirlit yfir þetta verk og nokkrar upplýsingar í sambandi við afgreiðslu málsins.

Eins og kunnugt er, var borin fram í Sþ. fsp. á þskj. 467, sem hæstv. atvmrh. hefur svarað, en ég vil þrátt fyrir það segja nokkur orð um þetta mál, og þá er fyrst: Hvers vegna var eiginlega Rifshöfn valin sem landshöfn? Ein af ástæðunum til þess, að Rifshöfn var valin sem landshöfn, er sú, að það var verið að bjarga þorpi, sem var að fara í eyði fyrir atvinnuleysi, en þar bjuggu um eitt skeið um 400 manns. Það var sýnilegt, að ef ekkert yrði gert fyrir þetta þorp, mundu allar eignir þar verða verðlausar og fólkið flytjast í burtu til annarra staða. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því, að valin var Rifshöfn sem landshöfn.

Annað atriðið var, að þar er stytzt á miðin, sem nota má lengstan tíma af árinu, og enginn staður á landinu hefur betri skilyrði en einmitt Rif á Snæfellsnesi, því að þótt ýmsar aðrar hafnir liggi vel við fiskveiðum, þá er engin höfn, sem liggur svo vel við veiðisvæðum, sem hægt er að nota jafnlangan tíma af árinu og veiðisvæðin undan Snæfellsnesi.

Þriðja ástæðan er, að þar er ótakmarkað landrými til útþenslu fyrir margvíslegar atvinnugreinar í framtíðinni.

Í fjórða lagi: Með þessu var dreift stóriðju út á landsbyggðina frá fjölbýlinu og gerð tilraun til þess að stöðva straum fólksins til Faxaflóabyggðanna og þó einkum til Rvíkur og Hafnarfjarðar, eins og kunnugt er. En það er vitað, að undanfarin ár hefur streymt mikið af fólki frá veiðistöðvunum kringum allt land hingað til Faxaflóa.

Í fimmta lagi var verið með þessu að bæta mjög þróunarmöguleika Ólafsvíkur. Þótt merkilegt sé, þá hefur þetta verið lagt út á allt annan veg en rétt er, því að með því að fullbyggja Rifshöfn, eins og hugsað er, og leggja akfæran veg á milli Rifshafnar og Ólafsvíkur, þá mætti nota miklu betur alla aðstöðu í Ólafsvík en annars væri hægt.

Í sjötta lagi er með því verið að létta allmiklum þunga af veiðisvæðunum í Faxaflóa. Það er vitað, að hin síðari ár hafa veiðisvæðin í Faxaflóa verið svo ásett, að það hefur þótt alveg nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir, ef unnt væri, til þess að létta af þeim þunga, sem þar hvílir á, og það yrði gert langbezt með því að geta notað höfnina á Snæfellsnesi.

Sjöunda: Með því var verið að koma upp lífhöfn fyrir allan þann fjölda skipa, sem er á leið til Suðurlandsins frá Vesturlandi og hreppir óvænt og óviðráðanleg illviðri við Snæfellsnes og á engan kost á því að leita sér skjóls, hvorki til austurs, vesturs né suðurs, og ég hygg, að þetta hafi kannske ráðið hvað mestu um, að Rif á Snæfellsnesi var valið.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að ég persónulega átti ferð með einu slíku skipi þann 3. des. 1940. Eftir að við höfðum sleppt landvari frá Vesturlandinu, farið yfir Látraröst og yfir Breiðafjörð, skall á slíkt veður, að það var ekki hægt fyrir nein skip að halda áfram, og það var engin höfn, sem hægt var að flýja til á öllu Breiðafjarðarsvæðinu. Kl. 8 um morguninn þennan dag fékk þetta skip áfall, svo að ekkert var upp úr annað en stýrishúsið, þar sem viðkomandi menn stóðu þó í hné í sjó, og svo skorsteinninn, og þannig lá skipið undir áföllum í

meira en klukkutíma. Á þessum sama klukkutíma fórst rétt skammt frá okkur togarinn Sviði, eins og kunnugt er, sem sjálfsagt hefur fengið álíka áfall og hin önnur skip, sem þar voru, en þau lágu undir áföllum í meira en sólarhring. Þetta opnaði ekki hvað sízt fyrir mér augu um það, hversu nauðsynlegt væri að koma upp skipahöfn á þessum stað, sem gæti forðað sjómönnum frá þeirri hættu, sem því er samfara að vera ýmist á ferðinni eða á veiðum á þessu svæði í illviðrum. Það er vitað um ýmis önnur skip, sem hafa farizt ýmist þarna eða í Faxaflóa einmitt vegna þess, að ekki hefur verið hægt að taka neina höfn við Breiðafjörð í slíkum veðrum.

Ég hygg, að það séu mjög mikil rök fyrir því, að rétt sé að eyða allmiklu fé í þessa höfn, m. a. þau, sem ég hef hér minnzt á. Ég hygg nærri því, að hvert þeirra væri nægilegt til þess, að rétt sé að eyða því fé, sem þarf til þess að koma þessari höfn áleiðis, hvað þá öll saman.

Nú þykir mér rétt að benda einnig á, hvaða aðrar hafnir á landinu hafa sams konar skilyrði og Rif, og ber þá fyrst og fremst að nefna Vestmannaeyjar. Þaðan er hægt að sækja á sambærileg veiðisvæði, og er þó lengra að sækja á veiðisvæði frá Vestmannaeyjum en frá Rifi, sér í lagi ákveðna tíma ársins. Það mundi víst engum manni detta í hug að ásaka þá menn, sem hafa haft forsjálni til þess að verja mjög miklu fé í að koma upp höfn í Vestmannaeyjum, því að það er vitað, að það er ein af allra stærstu útflutningshöfnum landsins. En Vestmannaeyjar hafa á engan hátt meiri möguleika til þess að verða útflutningshöfn en Rif, þegar búið er að byggja höfnina í Rifi að fullu, nema síður sé. Þar að auki hafa Vestmannaeyjar ókost, sem Rif hefur ekki, og það er, að þar vantar allt uppland. Er sýnilegt, að fjölgi fólki í Vestmannaeyjum frá því, sem nú er, þá þrýtur þar ekki einungis land, heldur og mjólk, auk þess sem þar hefur aldrei verið nægilegt vatn, en allt þetta hefur Rif: ótakmarkað land, ótakmarkað vatn og ótakmarkað athafnasvæði.

Næsti sambærilegi staðurinn er Þorlákshöfn. Vitað er, að Þorlákshöfn hefur nákvæmlega sömu skilyrði og Rifshöfn, og ef búið væri að gera álíka mikið í Þorlákshöfn í dag og búið er að gera í Vestmannaeyjum, er víst, að Þorlákshöfn yrði eins mikil útflutningshöfn og Vestmannaeyjar, enda hefur hún alla sömu möguleika til þess að verða það.

Þriðji staðurinn er Grindavík. Þar er að verða mjög mikil veiðihöfn, en hún hefur þó þann ókost, að þangað er ekki hægt að sigla inn flutningaskipum, og þess vegna getur hún aldrei orðið útflutningshöfn. Þó er aðstaðan í Grindavík í dag orðin slík, að það er sótzt eftir því í miklu stærri mæli en hægt er að uppfylla að gera þaðan út báta, og það eins fyrir því, þó að þeir verði að greiða 2% af aflanum í hafnargjöld, sem er langt fyrir ofan nokkur hafnargjöld annars staðar á landinu. Sýnir það, hversu eftirsóknarvert það er fyrir útgerðarmenn og fiskimenn að geta komið sér fyrir í slíkum höfnum, þar sem svo stutt er á miðin og aflavonin slík eins og þar er, og olíueyðslan er ekki nema brot af olíueyðslu skipa, sem stunda veiðar frá öðrum verstöðvum. Allt þetta sýnir, hversu viturlegt það hefur verið að berjast fyrir því, að Rifshöfn á Snæfellsnesi yrði byggð upp sem fiski- og útflutningshöfn.

Fjórða höfnin er svo landshöfnin í Njarðvíkum, sem vitað er að hefur nú orðið slíkar tekjur, að öll líkindi eru til þess, að hún geti sjálf staðið undir öllum sínum kostnaði í framtíðinni. — Næstu sambærilegu hafnirnar eru svo bæði Reykjavík og Hafnarfjörður, sem liggja að vísu nokkru fjær miðunum, og svo Akranes og Sandgerði, en það má segja það sama um Sandgerði og Grindavík, að Sandgerði getur aldrei orðið útflutningshöfn, vegna þess að hún getur aldrei tekið inn stærri skip, sem flytja þungavöru að höfninni eða frá henni.

Aðrar sambærilegar hafnir eru svo Bolungavík, því að það er vitað, að ef hægt væri að gera Bolungavík örugga höfn, þá er hún einhver allra bezta fiskveiðahöfnin, sem hægt er að hugsa sér á Vesturlandi. Sama mætti segja um Selárdal í Arnarfirði, ef hægt væri að verja fé í þá höfn, því að báðir þessir staðir liggja nálægt veiðisvæðunum, og það sem meira er um vert, að þaðan er hægt að sjá svo vel til veðurfarsins, að það er allt annað að sækja þaðan sjó en innan frá Ísafirði og Bíldudal.

Síðan koma Hornafjörður á Austurlandinu og Patreksfjörður á Vesturlandinu, sem verða þó engar sambærilegar veiðihafnir við Bolungavík eða Selárdal, ef þar væri sett upp fiskihöfn.

Aðrar Breiðafjarðarhafnir eru miklu verr settar, eins og kunnugt er. Hversu miklu fé sem varið væri í Ólafsvík, gæti hún aldrei uppfyllt þau skilyrði, sem Rif getur uppfyllt, m. a. vegna þess, að landrýmið er svo þröngt þar, að það þolir ekki allmiklu meiri byggingar en þegar eru þar eða allmiklu meiri framkvæmdir en þar hafa þegar verið staðsettar.

Á Norðurlandinu eru svo ýmsar hafnir, eins og Sauðárkrókur, Hofsós, Ólafsfjörður, Raufarhöfn, Húsavík og svo Þórshöfn, sem allar væru hinar ágætustu fiskihafnir, en geta samt sem áður ekki komið að notum jafnlangan tíma af árinu og Rif á Snæfellsnesi, eins og ég hef þegar bent á.

Það var minnzt á það í hv. Sþ., hvað það mundi kosta að ljúka Rifshöfn að fullu, og þeir, sem gagnrýndu framkvæmdirnar, litu svo á, að það væri óverjandi, að Alþingi fengi ekki um það miklu betri grg. en fyrir lægi, hvað slíkt mannvirki mundi kosta ríkissjóðinn, þegar því væri að fullu lokið. Ég skal í þessu sambandi leyfa mér að upplýsa, að það, sem fyrst hefði þurft að gera í Rifi, var að ljúka byggingu brimbrjótsins, þ. e. hafnargarðsins, sem átti að verja höfnina að fullu og öllu fyrir hafáttinni. Það hafa þegar verið byggðir af honum 550 metrar, sem hafa kostað um 1 millj. kr., eins og upplýst hefur verið, en eftir er að gera af þessu mannvirki nærri 800 metra. Það verður ekki hægt að segja um það í dag, hvað það kostar, m. a. vegna þess, að enginn veit, með hvaða verðlagi er hægt að reikna í náinni framtíð, hvað þá langt fram í tímann, og ekki einu sinni hægt að segja neitt um það jafnvel á þessu ári, en það mætti mjög bæta þetta mannvirki með t. d. 3—4 millj. kr. framlagi, og hefði raunverulega þurft að leggja

á það megináherzlu að lengja þann garð a. m. k. um helming. Það var hins vegar álitið af hafnarstjórninni, að vegna aðkallandi nauðsynjar á að koma höfninni í notkun væri hægt að búa við garðinn eins og hann er nú og leggja heldur það fé, sem fengist, til þess að gera fært fyrir bæði báta og önnur smærri skip að hafa samband við höfnina, byggja þar bryggju, dýpka þar innsiglinguna o. s. frv., svo að hægt væri að taka höfnina til notkunar sem allra fyrst, væntanlega á þessu ári. Það er þess vegna, sem fénu var varið til þessara framkvæmda í stað þess að halda áfram byggingu garðsins, og var því ekki hægt að ljúka garðinum á sama tíma. En einmitt vegna þessarar ráðstöfunar var lagt í þá áhættu, að sandur, sem dælt var út fyrir garðinn, kæmi aftur inn í höfnina, og það er það, sem skeði á s. l. ári, að ákveðið magn af þeim sandi, sem dælt var út fyrir og hafði áður jafnharðan borizt í burtu út í flóann með straumnum og því reiknað með, að það mundi einnig verða svo framvegis, barst inn í höfnina aftur í norðanstormi, sem skall þar á, og varð því að vinna þetta verk á ný. Höfnin verður aldrei fullkomin höfn fyrir hvaða stærð skipa sem er, fyrr en búið er að ljúka þessu mannvirki, þ. e. 800 metra garðinum, sem mun kosta, eins og ég segi, allmargar milljónir. Er ekki hægt að segja í dag, hver endanlegur kostnaður verður, en hins vegar er þetta verk þannig, að það má smátt og smátt lengja garðinn, án þess að það trufli nokkuð aðrar framkvæmdir, og hver metri, sem kemur í viðbót, mun gera höfnina betri. Það, sem næst liggur svo að gera, er að mynda uppfyllingar og athafnasvæði inni í höfninni, og fer það vitanlega eftir því, hve höfnin er notuð mikið, hve miklu fé þarf að eyða í það. Ef aðeins á að nota höfnina fyrir lítinn ákveðinn hóp báta, þá fer lítið í þetta. Eigi hins vegar að uppfylla allar þær óskir, sem ég veit að munu verða gerðar til Rifshafnar, þegar hún er komin í það ástand, að hægt sé að hafa þar viðlegu báta og hefja þaðan veiði, þá er enginn vafi á því, að það er eftir að setja margar milljónir í þessa höfn, þangað til henni er að fullu lokið, alveg eins og vitað er, að það varð að setja margar milljónir í Vestmannaeyjahöfn, eftir að búið var að byggja þar garðana, og það þurfti að setja margar milljónir í Reykjavíkurhöfn, eftir að fyrstu framkvæmdunum var lokið. En ég er líka viss um það, að hverri krónu, sem varið er til þess að ljúka höfn í Rifi, er vel varið. Rifshöfn er sumpart undirstaðan undir því að auka framleiðslu landsmanna í stórum stíl og sumpart undir því að dreifa fólkinu frá fjölbýlinu og aftur út á þá staði, sem fólkið nú er að flýja frá, og hún er enn fremur til þess að minnka þau slys, sem hafa orðið í kringum þennan stað, og skapa enn meira öryggi fyrir alla þá aðila, sem stunda ýmist veiðar eða ferðir á þessu svæði, eins og ég hef minnzt á.

Ég álít því, að því fé, sem varið er til þess að ljúka við þetta mannvirki, sé vel varið og þess vegna beri að sameinast um, að til hafnarinnar verði veitt fé eins ört og hægt er, eins og ríkissjóðurinn þolir, til þess að koma þessu verki áfram.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram hér í sambandi við þessa umræðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 517).

---

## 61. Dýralæknar.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna** [66. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 9. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér. Það er flutt til þess að koma á móti óskum og þörfum manna um ofur litla fjölgun á dýralæknum landsins. Eftir lögum nú eiga þeir að vera níu, en í frv., eins og það er lagt hér fram, er lagt til, að þeim sé fjölgað um tvo. Breytingin, sem lagt er til að gerð verði, er sú, að því umdæmi, sem nú er kennt við Akureyri eða Eyjafjörð, sé skipt í tvennt. Dýralækninum, sem þar situr og hefur setið, er ætlað núna að þjóna Eyjafjarðarsýslunni allri og Þingeyjarsýslunum báðum. Sá dýralæknir, sem þar er nú og er norskur maður og vinnur þar í forföllum Guðbrands Hlíðars, sem þar er skipaður dýralæknir, telur sér vera gersamlega óyfirkomanlegt að sinna þessari þörf, sem þarna er um að ræða, og er að gefast upp á því, eins og reyndar Guðbrandur Hlíðar gerði, því að það var a. m. k. meðorsök til þess, að hann fékk hvíld frá störfum og fékk að setja mann í staðinn fyrir sig.

Hitt er það að skipta því umdæmi, sem nú nær yfir bæði Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, í tvennt, svo að það verði sinn dýralæknirinn í hvoru umdæmi. Það eru líka almennar óskir um það þar norður frá, að svo verði, og almennar óskir um það að fá dýralækni, sem ekki hefur nú fengizt, eins og maður veit og ég skal rétt aðeins drepa á.

Þetta er það, sem í frv. felst, að bæta þarna við tveimur nýjum dýralæknum. Enn fremur getur mjög komið til mála, hvort það eigi ekki að bæta við þriðja dýralæknisumdæminu, sem er efst í Árnessýslu. Það er einn dýralæknir í allri Árnessýslunni núna. Það er í Árnessýslunni núna upp undir fimmti partur af öllum kúm landsins. Féð er ekki komið langt upp enn, en ef það verður líkt að fjártölu og það var, þá

verður þar líka upp undir níundi hluti af öllu sauðfé í landinu. Þar að auki er þessi sýsla komin inn á það stig í búfjárrækt að leggja rækt við sínar skepnur og vilja láta þeim líða vel og vitja dýralæknis, svo að það er mjög til athugunar, hvort ekki ætti að bæta við þriðja dýralæknisumdæminu og skipta Árnessýslu í tvennt. Þetta fer til n., sem ég er í, og það skal verða athugað nánar þar, hvort það er ekki réttmætt. Það eru uppi um það nokkrar óskir, en það má deila um það dálítið, hvort það er bein þörf á því eða ekki. En það skal ég lofa að verði tekið fyrir nánar og rætt í nefndinni.

Það kann einhverjum að þykja að ófyrirsynju að vera að bæta við dýralæknisembættum, meðan fjögur embætti standa auð og óveitt á landinu og tvö eru skipuð útlendum mönnum, sem hafa ekki ríkisborgararétt, annað veitt og í hitt settur maður. Það má segja, að ekki sé þörf á þessu þess vegna, það sé engin von um, að það fáist menn í þetta strax. Það er satt. En þá er á hitt þó að líta, að nú eru átta menn í dýralæknisnámi. Sá fyrsti þeirra á að koma í vor, og næsta vor ættu með eðlilegum hætti að koma einir þrír, og svo áfram. Þessir menn, sem nú eru í dýralæknisnáminu, telja sjálfir, — það er mér kunnugt um, a. m. k. sumir þeirra, — að það sé mjög vafasamt, hvort þeir eigi nokkuð að hugsa um dýralæknisstöður hér uppi á Íslandi, Alþ. hafi skipt landinu þannig í umdæmi, að það sé ekki viðhlítandi. Þeir telja, að dýralæknarnir þurfi að vera miklu fleiri en lögin gera ráð fyrir, þessir menn, sem við nám eru, og það er þess vegna líka að nokkru leyti komið á móti þeirri skoðun þeirra, að fjölga hér dýralæknunum um þetta. Hins vegar hefur þetta ekki nein útgjöld í för með sér, fyrr en eftir því sem menn smám saman fást í embættin, því að það ákvæði l., sem nú er, að meðan ekki fáist menn í embættin, þá skuli dýralæknar aðliggjandi héraða þjóna þeim án sérstaks endurgjalds, er óhreyft í l., svo að útgjaldaaukning við þetta er engin í bili, en verður náttúrlega smám saman, þegar komið er í öll embættin, einhver, og það mætti segja mér, að áður en kæmi að því, væri búið að fjölga þeim enn þá meira, því að það er um dýralæknana eins og um mannalæknana: Einu sinni var einn landlæknir á Íslandi og enginn annar, líka einu sinni einn dýralæknir, en svo hefur þeim verið smáfjölgað. Þeim á eftir að fjölga mikið, og ég held, að þeirri fjölgun, sem hér er farið fram á, sé stillt mjög í hóf.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, en það er sjálfsagt að vísa málinu til landbn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 195).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Samkv. gildandi lögum um dýralækna er landinu skipt í níu dýralæknaumdæmi. Eins og að líkum lætur, eru umdæmi þessi stór og víðáttumikil, og hefur komið í ljós, einkum á síðari árum, að ókleift er einum dýralækni að anna þeirri þjónustu, sem af honum er krafizt í hinum stærstu þeirra og þar sem búfé er flest. Með ári hverju vex aðsókn til dýralækna. Kemur þar margt til, bættar samgöngur, aukning búfjár, aukið heilbrigðiseftirlit, bæði hvað viðkemur framleiðslu sölumjólkur og kjöts. Hvert einasta fjós á mjólkursölusvæðum og hverja kú ber dýralækni að skoða í umdæmi sínu, einu sinni á ári að minnsta kosti. Hvern kjötskrokk ber að skoða og stimpla strax að lokinni slátrun. Allt þetta ber dýralæknum að annast í umdæmum sínum auk sinna venjulegu læknisstarfa, en það eykst stöðugt, að þeirra sé vitjað, þegar skepnur verða veikar eða verða fyrir slysum, eftir því sem bændur kynnast því betur, að náist fljótt í lækninn, tekst oft að bjarga gripum, sem annars væru dauðadæmdir, en hver grípur er bóndanum mikils virði, ekki sízt kýr í þeim héruðum, þar sem nautgriparækt og kynbætur á mjólkurkúm eru lengst komin, enda er reynslan sú, að einmitt í þeim héruðum er aðsókn til dýralækna mest og fer sívaxandi.

Ég skal þá snúa mér að einstökum atriðum frv. þess, sem hér liggur fyrir. Það er, eins og segir í grg., sem því fylgir, fram komið vegna þess, að reynslan hefur sýnt, að dýralæknisumdæmin eru of fá, og er frv. ætlað að bæta úr því. Samkv. 1. gr. skal umdæmunum fjölgað um tvö, úr níu í ellefu, með því að Varmahlíðarumdæmi verði gert að tveimur umdæmum, sem verði Húnaþingsumdæmi, og nær það yfir Húnavatnssýslur báðar, og Skagafjarðarumdæmi, er nái yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð. Akureyrarumdæminu verði einnig skipt í tvennt og verði Eyjafjarðarumdæmi, sem nái yfir Ólafsfjörð, Akureyri, Eyjafjarðarsýslu alla, Svalbarðsstrandarhrepp og Grýtubakkahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu, og Þingeyjarþingsumdæmi, sem nái yfir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýslu. Til þess að gefa nokkra hugmynd um gripafjölda skal þess getið, að í þessum níu umdæmum eru mjólkandi kýr sem hér segir: Í Húnaþingsumdæmi 2300, í Skagafjarðarumdæmi 2600, í Eyjafjarðarumdæmi 5300, í Þingeyjarþingsumdæmi 2300. Eyjafjarðarumdæmi verður eftir þessu langgripaflest eftir þessa fyrirhuguðu skiptingu.

Þetta er sú skipting, sem frv. leggur til að gerð verði á gildandi l. um dýralækna. Við 1. umr. frv. þessa drap fyrri flm., hv. 1. þm. N-M. (PZ), á það, að athugandi væri, hvort ekki væri rétt að skipta Selfossumdæmi, sem nær nú yfir Árnessýslu alla og Vestmannaeyjar, í tvö umdæmi. Var það atriði einnig tekið til meðferðar í landbn., sem hefur rætt þetta frv. á tveim fundum sínum. Nm. voru sammála um, að frv. stefndi í rétta átt og nauðsynlegt væri að fjölga dýralæknum í landinu, eins og farið væri fram á í frv. Einnig voru nm. sammála um, að full ástæða væri til að skipta Selfossumdæmi í tvennt. Á svæði því, sem umdæmið nær yfir, eru nú um 7000 mjólkandi kýr. Eingöngu er um framleiðslu sölumjólkur að ræða, svo að skylt er dýralækni, eins og ég drap á í upphafi, að skoða hverja kú og hvert fjós minnst einu sinni á ári af heilbrigðisástæðum. Má þetta vera ærið starf, enda

hefur komið í ljós, að það er ofætlun einum manni, auk alls annars, sem tilheyrir hans embætti. — Þótt nm. væru sammála um afgreiðslu málsins, þótti rétt að senda yfirdýralækni landsins og Dýralæknafélagi Íslands frv. til umsagnar. Einnig var leitað umsagnar þeirra um skiptingu Selfossumdæmis í tvö. Svör hafa nú borizt frá báðum þessum aðilum, og mæla þeir eindregið með því, að frv. verði samþykkt. Þá mæla þeir og með því, að Selfossumdæmi verði skipt. Í svari sínu segir yfirdýralæknirinn, Sigurður E. Hlíðar, eftir að hann hefur lýst brtt. þeim, er í frv. felast, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar brtt. tel ég mjög nauðsynlegar og aðkallandi. Reynslan hefur sýnt, að Akureyrarumdæmið er ofvaxið einum manni, þótt röskur sé. Sama hlýtur útkoman að verða að því er snertir Varmahlíðarumdæmið, þar sem um jafnvíðáttumiklar og frjósamar sveitir er að ræða. Nú er það svo, að ekki eru dýralæknar til í öll þessi embætti, en vonir standa til, að bráðlega muni úr rætast, því að gera má ráð fyrir, að á næstu árum bætist 3—5 íslenzkir dýralæknar í hinn fámenna dýralæknahóp vorn, en alls eru 8 stúdentar við dýralæknanám á erlendum dýralæknaháskólum."

Þá segir yfirdýralæknirinn um skiptingu Selfossumdæmis m. a.:

„Skepnufjöldi í Árnessýslu er mikill, einkum hvað nautgripi snertir, og má gera ráð fyrir því, að hann vaxi með ári hverju, þar sem öll skilyrði liggja opin fyrir. Ég mæli sem sagt hið bezta með þessum breytingum og vil leyfa mér að hvetja hið háa Alþingi til að samþykkja þær nú á yfirstandandi þingi."

Þetta eru ummæli yfirdýralæknis, sem hann tók fram í svari sínu til nefndarinnar.

Páll A. Pálsson dýralæknir, formaður Dýralæknafélags Íslands, segir í svari sínu m. a.: „Stjórn Dýralæknafélags Íslands telur eðlilegt og fulla ástæðu til að skipta Árnessýslu í tvö dýralæknisumdæmi." Og þá lýsir hann því, hvernig hann álíti að skiptingin yrði réttust, ef breytingin næði fram að ganga, og leggur þar til ákveðnar tillögur. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að Jón Pálsson dýralæknir á Selfossi á sæti í stjórn Dýralæknafélagsins og hefur að sjálfsögðu fylgzt með þessum breytingum, sem þarna eru ráðgerðar. Þeir leggja sem sagt til alveg ákveðið, hvernig héraðinu skuli skipt, og eins ákveða þeir, að hinn nýi dýralæknir, sem fær þá efri hluta sýslunnar fyrir umdæmi, sitji í Laugarási. Benda þeir á það réttilega, að þegar brúin kemur á Hvítá hjá Iðu, þá er hann mjög vel settur þar, þó að hans umdæmi sé sitt hvorum megin við Hvítá, eins og læknishéraðið er nú, og er erfitt á meðan brúin er ekki komin, en það stendur væntanlega til bóta.

Samkv. 2. gr. frv. er lagt til, að síðasta mgr. 2. gr. l. falli niður. Þessi mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrst um sinn, meðan skortur er á dýralæknum, svo að einhver af umdæmunum, er um ræðir í 2.—9. tölulið 1. gr., eru dýralæknislaus af þeim sökum, gegnir yfirdýralæknir Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi með embætti sínu án sérstakra launa úr ríkissjóði."

Þetta er í hinum núgildandi lögum, en lagt er til í frv., að þessi mgr. falli niður, þar sem fyrirmæli hennar eru óþörf, þar sem nú hefur verið skipaður dýralæknir í Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, og er því sjálfsagt að fella þessa mgr. laganna niður.

Landbn. leggur sem sagt einróma til, að frv. á þskj. 85 verði samþ. með breytingu þeirri, sem prentuð er með nál. á þskj. 195. Ef frv. og þessi brtt. n. verða samþ., þá verða dýralæknaumdæmin 12 í stað 9 núna, m. ö. o. fjölgar um þrjú. Þessi breyt., sem n. leggur til, er þannig:

„Við 1. gr. Í stað 11. tölul. komi tveir tölul., er orðist svo:

a) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.

b) Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur."

Þess skal getið til samanburðar við gripafjöldann, sem ég minntist á áðan, í hinum nýju umdæmum, að um 3000 mjólkandi kýr munu verða í efra umdæminu, Laugarásumdæmi, en í Selfossumdæmi um 4000.

Ég hef svo þessi orð ekki fleiri, en endurtek það, að n. mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. ásamt brtt.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég hef ekki borið fram neinar brtt. við þetta frv., en vildi þó leyfa mér að minnast á eitt atriði, og það er það, hvort ekki mundi vera réttara, að Ólafsfjörður tilheyrði Skagafirði heldur en Eyjafjarðarumdæmi, ekki vegna þess að ég búist við, að Eyjafjarðarumdæmi yrði svo fjarska erfitt, m. ö. o. ekki af sömu ástæðum beinlínis og ég vildi létta á héraðslækninum á Akureyri, heldur vegna þess, að það eru miklu betri og greiðari samgöngur á milli Skagafjarðar og Ólafsfjarðar en á milli Ólafsfjarðar og Eyjafjarðar, a. m. k. á landi. Það er akvegur frá Ólafsfirði yfir Lágheiði vestur í Fljót og þaðan til Skagafjarðar, en úr Eyjafirði er yfirleitt ekki hægt að komast til Ólafsfjarðar nema á sjó, ellegar þá með því að fara vestur í Skagafjörð og eftir endilöngum Skagafirði. Ég hef ekki borið fram brtt. um þetta, vildi fyrst vita, hvernig hv. n. tæki það, en ég vona, að hún taki þetta atriði til athugunar og hafi þá samráð við mig um það, láti mig fylgjast með því, hvað hún leggur til í þessu efni.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt að verða við þessum tilmælum hv. 1. þm. Eyf. (BSt). Þetta er 2. umr. málsins, og til þess að tefja ekki neitt framgang þess nú, finnst mér rétt að láta það ganga áfram og ljúka þessari umræðu. En ég mun sjá til þess, að ábending hv. þm. verði athuguð í n. fyrir 3. umr. og þá, eins og hv. þingmaður stakk upp á, haft við hann samráð um það, hvað þetta atriði snertir.

ATKVGR.
Brtt. 195 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 210).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð viðvíkjandi þessu frv. Það kom fram við 2. umr. málsins frá hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sú aths., hvort ekki mundi vera réttara, að Ólafsfjörður yrði látinn fylgja Skagafjarðarumdæmi, en í frv. er gert ráð fyrir, að Ólafsfjörður fylgi Eyjafjarðarumdæmi. Hv. þm. fór fram á, að n. athugaði þetta milli umræðna, og n. hefur orðið við þeirri ósk, án þess þó að halda formlegan fund um málið. Hefur meiri hl. nm. tekið málið til athugunar og ekki séð ástæðu til þess að breyta þessu með Ólafsfjörð. Meiri hl. n. leggur því til, að Ólafsfjörður verði látinn fylgja Eyjafjarðarumdæmi, eins og í frv. getur, og að frv. verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefur tekið þá ábendingu, sem ég gaf hér við 2. umr. málsins, til athugunar, þó að hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að hafa frv. óbreytt að því leyti, sem ég minntist á. Það kom nú ekki fram hjá hv. frsm. n., á hverju n. byggði það álit sitt, að frv. skyldi vera óbreytt að því er þetta snerti, en af því að ég átti tal við form. hv. n., þá get ég gizkað á, hvaða ástæður það hafi verið. N. mun telja, að það séu hægari samgöngur á milli Ólafsfjarðar og Eyjafjarðar á veturna en á milli Ólafsfjarðar og Skagafjarðar. Það er tvímælalaust, að það eru betri samgöngur á milli Ólafsfjarðar og Skagafjarðar á sumrin. Á því er enginn vafi, og mun hv. n. sjálfsagt fallast á það. En hitt er rétt, að það er vitanlega mjög oft á veturna, að ekki er hægt að aka á bílum frá Sauðárkróki til Ólafsfjarðar sökum snjóa, en það er þá ekki heldur hægt frá Akureyri til Ólafsfjarðar.

Ég geri ráð fyrir, að n. líti svo á, að þá séu miklu betri samgöngur á sjó við Akureyri en Sauðárkrók, en þetta munar alls ekki miklu. Póstbáturinn fer þrisvar sinnum á viku frá Akureyri og til Akureyrar aftur og kemur við í Ólafsfirði, en í tveimur þessum ferðum fer hann alla leið til Sauðárkróks, og það mætti því einnig á veturna hafa hér um bil eins gott samband á milli Ólafsfjarðar og Sauðárkróks og Ólafsfjarðar og Akureyrar. Samt sem áður er það svo, að mér er þetta ekkert sérstakt kappsmál, þó að ég óskaði eftir að þetta væri sérstaklega athugað, og ekki hefur mér borizt nein ósk úr minu kjördæmi um að fá breytingu á þessu. Þar af leiðandi læt ég við þetta sitja og ber ekki fram neina brtt., en læt það aðeins í ljós, eins og ég hef þegar gert, að ég álít, að þetta sé að minnsta kosti mikið álitamál.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 492).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 85, um breytingu á dýralæknalöggjöfinni, hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið til meðferðar hjá landbn. þessarar hv. d. Nefndin mælir með því, að þetta frv. verði samþ. með einni breytingu, sem liggja fyrir tillögur um á þskj. 492. Sú breyt. er þannig, að lagt er til að færa suðurhluta Strandasýslu úr Dalaumdæmi og inn í Húnaþingsumdæmi. Þetta er gert eftir ósk þeirra Strandamanna, því að þeir kjósa heldur að vera í þessu umdæmi með sinn dýralækni, og stafar af því, að samgöngurnar eru miklu greiðari á þann kantinn en að þessi hluti Strandasýslu sé í Dalaumdæminu, sem er talsvert stórt, þó að þetta sé undan því tekið.

Ég sé ekki fyrir hönd landbn. ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en vænti, að hv. d. geti fallizt á að afgreiða frv. með þessari breyt., sem fyrir liggur.

ATKVGR.
Brtt. 492 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 511).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 31. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Síðan þetta mál fór héðan úr d. er nú liðinn langur tími, og ég get þess vegna búizt við, þar sem málið er nýkomið til hennar aftur, að menn hafi ekki

áttað sig á þeim breyt., sem gerðar voru á því í Nd., og það er eiginlega ein, þó að þær verði tvær í framkvæmdinni, og vildi þess vegna segja frá þeim. Brtt., sem gerð er, er sú, að dýralæknisumdæmi í Húnavatnssýslu er stækkað og látið ná yfir Inn-Strandasýslu allt norður í Bjarnarfjörð, en eins og málið fór héðan, var þessu svæði ætlað að heyra undir Dalasýsluumdæmi. Það voru í n. í Nd. bæði þingmaður fyrir Dalasýslu og Austur-Húnavatnssýsluna, og þeim fannst eftir atvikum, að það væri heppilegra að skipta svona á milli umdæmanna eins og þeir nú leggja til og eins og frv. er komið til okkar aftur en eins og við gerðum hér í d. og eins og dýralæknarnir gerðu. Það hefur ekki verið haldinn fundur í n. um þessa breytingu, en ég hygg, að ég megi mæla fyrir munn allra nm., að þeir telja, að þessi breyt. sé ekki þess eðlis, að hún megi á neinn hátt standa í vegi fyrir samþykkt frv., og muni fylgja því eins og það nú er til deildarinnar komið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

## 62. Barnavernd og ungmenna.

Á 62. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna** [176. mál] (þmfrv., A. 482).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Ásgrímsson):** Herra forseti. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 29 frá 9. apríl 1947, um vernd barna og unglinga, er svo ákveðið, að ríkisstj., eftir því sem fé er veitt á fjárl., stofnsetji og reki hæli fyrir börn og unglinga, sem lent hafa á glapstigum. Skulu þessi hæli vera að minnsta kosti tvö, annað fyrir drengi en hitt fyrir stúlkur. 1952 var stofnað til vistheimilis fyrir drengi í Breiðuvík á Barðastrandarsýslu. Það ár og 1953 og 1954 voru árlega veittar 150 þús. kr. til rekstrar, en raunverulegur rekstrarkostnaður mun hafa orðið nokkru meiri og t. d. s. l. ár hátt á þriðja hundruð þús. kr. Til stofnkostnaðar hælisins mun ríkissjóður þegar hafa varið að meðtalinni fjárveitingu þessa árs nálega 1¼ millj. kr.

Upphaflega mun ætlunin hafa verið sú, að þetta vistheimili rúmaði 30 drengi. Má gera ráð fyrir, að að því verði stefnt, eftir því sem þörf krefur og fjárveitingar hrökkva til. Á s. l. ári munu 10 drengir hafa dvalið á hælinu, þegar flest var, en ætlazt er til, að nú sé hægt að hafa þar 15 drengi. Er það þó dregið í efa, nema húsakostur sé eitthvað aukinn frá því, sem nú er. Við þetta vistheimili vinna 7 manns, og er gert ráð fyrir, að einum manni þurfi að bæta við, miðað við 15 drengja vist.

Í tillögum framkvæmdastjóra vistheimilisins um fjárveitingar til þess árið 1955 var beðið um 300 þús. kr. til rekstrar og 950 þús. kr. til stofnkostnaðar. Bárust hv. fjvn. skjöl um þetta efni frá framkvæmdastjóranum, og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„*Til þess að geta starfrækt heimilið í framtíðinni og draga úr rekstrarhalla þarf að auka stórkostlega búið, byggja peningshús og brjóta landið, og er áætlun um fjárfestingu á næsta ári byggð á því, að hluti af þessu verði framkvæmt nú þegar. Þá er óhjákvæmilegt í framtíðinni að bæta aðstöðu til útgerðar á staðnum, og er erfitt að segja um, hve mikið fé þarf í allar þessar framkvæmdir, fyrr en fyrir liggur heildarskipulag, áætlanir og teikningar hér að lútandi. En telja má, að fyrir minna en 4—5 millj. kr. verði þessar framkvæmdir ekki allar gerðar.*“

Af þessu má ráða, að eftir þriggja ára starfsemi er æði margt laust í reipunum um framkvæmdir á þessum stað, þar sem svo virðist sem enn geti það munað milljón eða jafnvel milljónum, hvað þarna verður ráðizt í að framkvæma á næstu árum. Virðist þó nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að gera sér einhverja grein fyrir þessu, áður en hún ræðst í þá framkvæmd, sem til er ætlazt, þ. e. að stofna og starfrækja vistheimili fyrir stúlkur, sem lauslega er áætlað að kosta muni 6—8 millj., ef byggt er, og vart getur rekstur vistheimilis fyrir 30—40 stúlkur kostað árlega minna en nálægt ½ milljón króna, ef dæma má eitthvað eftir rekstri heimilisins í Breiðuvík.

Á þessu þingi lagði hv. þm. Barð. (GíslJ) fyrir hv. Ed. frv. til laga um vistheimili fyrir stúlkur. Frv. þetta tók allmiklum breytingum í hv. Ed., og þegar frv. kom til þessarar hv. d., var því vísað til menntmn., sem hefur svo rætt það á nokkrum fundum.

Eins og frv. kom frá hv. Ed., má segja, að þrjú væru meginatriði þess:

1) Að ríkisstj. hefji þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur.

2) Að ríkissjóði sé skylt að leggja fram nauðsynlegt fé til stofnunar og rekstrar heimilisins.

3) Að ríkisstj. sé heimilt að útvega hentugt húsnæði, sem til kann að vera, hvort sem það er nú eign þess opinbera eða annarra.

Menntmn. er samþykk 1. og 3. atriði frv. Getur það ekki leikið á tveim tungum, að æskilegt er, að farið sé að undirbúa framkvæmdir í þessu máli, ekki sízt þar sem búast má við, að sá undirbúningur geti tekið nokkurn tíma. Þarf bæði að vanda staðarval og gera sér fulla grein fyrir rekstrar- og stofnkostnaði, og einnig er þýðingarmikið að meta þá möguleika að fá til starfseminnar húsnæði, sem til kann að vera, í stað þess að þurfa að byggja stofnunina upp frá grunni. Hins vegar gat menntmn. ekki fallizt á það ákvæði frv., að ríkissjóði sé skylt að leggja fram allt fé til rekstrar og stofnkostnaðar án tillits til þess, hvort fé er veitt til þess á fjárl. eða ekki. Er slíkt ákvæði óvenjulegt, enda í raun inni þýðingarlaust, þegar um mikil fjárframlög er að ræða, eins og hér hlýtur að verða.

Þegar hér var komið, virtist ekki meira eftir af hinu upphaflega frv. hv. þm. Barð. um vist-

heimili fyrir stúlkur en það, sem fremur ætti að afgreiða með þál. en lögum.

Niðurstaða n. varð þó sú að leggja til, að samþ. yrði viðauki við 37. gr. laga nr. 29 frá 9. apríl 1947, um vernd barna og unglinga, og að tekin yrðu þar upp þau atriði úr frv. hv. þm. Barð., eins og það kom frá hv. Ed., sem n. gat fallizt á og ég hef hér skýrt frá.

Menntmn. leggur einróma til, að hv. þd. fallist á frv. hennar á þskj. 482, og væntir þess, að svo verði.

Að lokinni þessari umr. óska ég þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

**Gunnar M. Magnúss:** Herra forseti. Svo sem hv. frsm. menntmn. hefur tekið fram, hefur þetta frv. breytzt allmjög frá því að hv. þm. Barð. (GíslJ) bar það fram í Ed. og dregizt mjög saman. Mætti ætla, að það væri orðið það skýrt og mótað, að ekki þyrfti að gera athugasemdir við það frá öðrum aðilum, þar sem svo mjög hefur verið um það fjallað í Ed. og menntmn. Nd. En ég held samt sem áður, að ekki hafi verið athugað eða komi nógu skýrt fram það, sem er í raun og veru mergur málsins.

Hér er talað um vistheimili. Í raun og veru skilja menn nokkuð þýðingu þess orðs, en þrátt fyrir það er annað orð, sem þarf að bindast þessu, til þess að það sé óvefengjanlegt, hvað við er átt með þessu, og það er orðið skóli. Það þarf að vera alveg ákveðið, að það sé vistheimili og skóli fyrir þessar stúlkur, sem þarna eiga að dveljast. Vistheimili getur verið dvalarstaður um stundarsakir, eins og við þekkjum dæmi til úr okkar þjóðlífi. Það hefur verið gripið til þess oft og tíðum og oft misheppnazt, því miður. Stærsta dæmi þess er frá styrjaldarárunum síðustu, þegar stofnað var vistheimili í Borgarfirði fyrir stúlkur, sem höfðu afvegaleiðzt, eftir að herinn kom til landsins. Það má segja, að þrátt fyrir góða viðleitni í sambandi við rekstur þess heimilis hafi hann mjög farið öðruvísi en til var ætlazt, ég vil ekki segja mistekizt, ég er ekki nógu kunnugur málum, en það náði ekki þeim tilgangi, sem æskilegt var. Og hvers vegna ekki? Vegna þess, að til þess var hlaupið að stofna þetta vistheimili mjög fljótlega, án þess að hafa meginhugsjónina fyrir stafni, þ. e. a. s. þá meginhugsjón, að stúlkurnar hefðu ákveðin markmið til þess að keppa að, ekki til þess að þeim væri hent út úr borgarlífinu eða þjóðlífinu um stundarsakir, meðan ærsl þess lékju áfram.

Það er alveg nauðsynlegt, að með stofnun svona vistheimilis sé einnig ákveðinn skóli, sem hafi það takmark að gera stúlkurnar, sem þangað verða sendar, að hæfum borgurum til þess að gegna vissum og ákveðnum störfum. Þetta er gert í öðrum löndum með svona vistheimilum og skólum, en ég held, að það hafi ekki verið nægilega tekið fram hér í þessum umræðum; ég hef að vísu ekki fylgzt með þeim í Ed., en ég sé, að af því frv., sem hér er lagt fram, er þetta ekki greinilegt.

Þau kvennasamtök, sem hafa sent Alþ. orðsendingar um þetta mál, hafa þessa skoðun, sem ég bendi hér á. Ég er hér með skjöl, sem áfengisvarnanefnd kvenna og Mæðrafélagið í Reykjavík hafa sent Alþ., eftir að frv. kom til umræðu í Ed. Vitanlega eru konur eins og sennilega allir meðmæltar því, að eitthvað sé gert og sem fyrst og sem bezt í þessum málum. En þær benda hér á, t. d. Mæðrafélagið, að það sé nauðsynlegt að taka fyrirmynd, t. d. frá Norðurlöndum, um að stofna skóla, sem gefi stúlkunum ákveðið takmark og veiti þeim ákveðin réttindi, þegar þær hafa verið þar sinn tíma, t. d. tvö ár. Það getur vel verið, að sumt af þessu kæmi fram í reglugerð fyrir slíkri stofnun sem hér er gert ráð fyrir að sett yrði á fót. En það er í sambandi við hugmyndina um vinnuskóla, sem starfræktir eru annars staðar á Norðurlöndum, sem benda má á, að stúlkur, sem hafa verið á svona skólum og endað sinn tíma, eru jafnvel teknar fram yfir aðrar stúlkur til þeirra starfa, sem þær hafa tekið próf í. Það er tekið hér fram í grg. frá Mæðrafélaginu, þar sem það mælir með því, að eitthvað sé gert í þessum efnum, að t. d. vefnaður, þvottar, bökun, barnagæzla, garðrækt og fleira sé kennt, — ég ætla ekki að sundurliða það, — en þetta tilheyrir sérstaklega kennslu í skólum, og það er ekki hægt að stofna svona heimili eða samþykkja stofnun svona vistheimilis eða skóla án þess að annað atriðið sé algerlega fyrir hendi. Það er gott að fá veggina upp, skólana, en hitt atriðið er þó enn þá mikilsverðara, og það er starfsfólkið eða kennararnir, sem eiga að sjá um þetta. Er fyrir hendi nokkur maður eða nokkurt fólk, — það má vel vera, að svo sé, en það þarf líka að vera upplýst, — sem getur tekið að sér störf slíks heimilis eða slíks skóla? Ef svo er ekki, — og þeir eru nokkrir, sem þyrftu að starfa við svona heimili, — þá er ekki hægt að stofna það. Þá fer alveg eins og hér uppi í Borgarfirðinum, að hjörðin tvístrast og árangurinn verður hæpinn og e. t. v. stundum neikvæður, því að það að senda stúlkur á svona heimili er mjög áhyrgðarmikið. Þær verða að fara af frjálsum vilja, og þær verða að sjá vonarglætu í því, að þær geti sinnt sínum áhugamálum, því að allar eiga nú einhver áhugamál. Fái þær það ekki og séu sendar samt, þá er einmitt líklegt, að verr sé af stað farið en heima setið.

Það má vel vera, að það upplýsist, að hér séu fyrir hendi menn, sem geti tekið þetta að sér, en það þarf líka að vera jafnhliða.

Ég vildi koma með þá till., — ég veit ekki, hvort það er hægt að skjóta orðinu skóli hér inn, en held, að það geri þetta sterkara og ákveðnara, ef það er nefnt vistheimili og skóli. Vistheimili, eins og ég sagði áðan, getur táknað aðeins dvalarstað um stundarsakir. Það má segja, að fangar séu settir til vistar á Skólavörðustíg 9 um stundarsakir, en þeir eiga ekki að vera þar til neins annars en að eyða þar tímanum annaðhvort vegna dóms eða að bíða dóms. Ég vildi því leggja til, að þessu orði verði bætt inn í, ef það er hægt á þessu stigi málsins, en annars skjóta því til nefndar. Ég legg áherzlu á, að jafnframt sé séð fyrir, að heimilið geti starfað, og það getur ekki starfað, nema því aðeins að kennslukraftar séu fyrir hendi. Það þarf alveg sérstaka menn til þess

að læra að umgangast þetta fólk. Ég hef kynnt mér þessi mál nokkuð á Norðurlöndum fyrir stríð og komið á mörg slík heimili, sérstaklega í Danmörku, og þar voru menn, sem höfðu lengi kynnt sér þessi mál, áður en þeir voru álitnir færir til þess að taka við skólunum og stjórna þeim. Í raun og veru, þegar senda skal stúlkur á svona heimili, þarf að vera sérþekking á hverri þeirra, og skólinn þarf að vera svo margbrotinn, að hann geti sinnt sem flestum eða öllum þörfum þeirra á þessum sviðum.

Ég lýsi vitanlega fylgi við þetta frv., að það komist í gegn, því að það er nauðsynlegt, en vil benda á þá nauðsyn, að þetta hvort tveggja sé fyrir hendi, að þar sé skólafólk, sem getur og kann að fara með þá, sem þangað verða sendir, og að til þess að það sé ótvíræðara um stefnu og starf þessarar stofnunar, verði bætt þarna inn í orðinu „skóli“.

**Frsm. (Halldór Ásgrímsson):** Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. (GMM), að þessi stofnun verður að vera annað og meira en dvalarheimili í líkingu við fangelsi. Það hefur heldur engum manni dottið í hug, að svo yrði, og þeir, sem kynna sér þau lög um vernd barna og unglinga, sem þetta frv. er flutt sem brtt. við, geta gengið úr skugga um, að það er annar andi, sem svífur þar yfir vötnunum. Að sjálfsögðu mun n. taka til athugunar milli umræðna þá ábendingu, hvort taka á fram, að um sé að ræða vistheimili og skóla. Ég er ekki viss um, að þess sé þörf, og held raunar ekki. Ég vil benda á, að við vistheimilið að Breiðuvík fyrir afvegaleidda drengi er starfandi einn kennari eins og er, með þó ekki fleiri en 10 piltum mest, og gert er ráð fyrir að bæta öðrum við, eftir því sem ég veit bezt, ef drengjunum fjölgar upp í 15. Þetta bendir til þess, að þeir, sem hafa þessi mál með höndum, hafi fullan skilning á því að sjálfsögðu, að starfrækslan sé meir í formi skóla en fangelsis. Ég tek undir það hjá hv. 6. þm. Reykv., að það veltur auðvitað ákaflega mikið á, að forstaða heimilisins sé góð. Það er ekki nóg að eignast hús og aðrar aðstæður til þess að reka svona heimili. Mestu máli skiptir, að til þess veljist fær maður til forstöðu og gott fólk til starfa við heimilið. Ég geri hins vegar ráð fyrir, að ekki eigi við að fella slík ákvæði inn í frv., heldur verður í því efni að ráðast, hvernig til tekst, þegar til starfrækslunnar kemur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 482, 496).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 496 felld með 16:8 atkv.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 524).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Eins og menn hér munu muna, þá flutti hv. þm. Barð. (GíslJ) snemma á þinginu frv. til laga um vistheimili fyrir stúlkur. Því frv. var vísað til menntmn. þessarar hv. deildar. N. mælti með þessu frv. með töluverðum breyt., þ. e. a. s. töluverðum úrfellingum, og var frv. síðan samþ. hér í hv. d. — ef ég man rétt, mun það hafa verið 15. des. — og sent til Nd.

Í Nd. var frv. vísað til hv. menntmn. þar, og hefur afgreiðsla hennar á málinu, sem d. síðan hefur fallizt á, orðið með nokkuð einkennilegum hætti. Hún afgreiðir ekki það mál, en í staðinn fyrir það semur hún og leggur fram frv. um sama efni, sem síðan hefur verið samþ. í hv. Nd. og verið hér fyrir menntmn. og hún fjallað um. Þetta nýja frv. er svipað hinu fyrra. Það eru einkum tvær breyt., sem gerðar eru. Önnur þeirra er eingöngu formlegs eðlis, þannig að nú heitir frv.: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, þannig að efnið er aðeins fellt inn í þau lög. Hin breyt. má segja að sé frekar efnisleg, að fellt er niður ákvæði fyrra frv. um það, að ríkissjóði sé skylt að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins, en slíkt ákvæði var í hinu fyrra frv., og skildu ýmsir á þá leið, að þessi skylda ríkissjóðs kæmi þá fyrst til greina, þegar fé væri veitt á fjárl. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem þann skilning höfðu, er breytingin í sjálfu sér engin frá fyrra frv., en vitanlega er hér um töluverða breyt. að ræða frá sjónarmiði hinna, sem skildu hið fyrra frv. á þann veg, að ríkisstj. væri skylt, hvað sem fjárlögum liði, að koma upp slíku vistheimili fyrir stúlkur.

Eins og sést á nál. menntmn. á þskj. 524, mælir hún með því að þetta frv. verði samþ. óbreytt. N. hafði undir meðferð fyrra málsins þann skilning, að fjárlagaheimild þyrfti til þess að hefjast handa um að reisa slíkt vistheimili, og frá sjónarmiði hennar er þar af leiðandi ekki um annað en formsbreytingu að ræða hér. Getur hún ekki lagt til, að farið verði í stríð við hv. Nd. út af þeirri formsbreytingu.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Sökum þess, hvernig meðferð þessa máls hefur orðið hér í hv. Alþ., þykir mér rétt að gera hér nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess, eins og það er nú.

Þegar ég bar fram frv. á þskj. 14, þá bar ég það fram sem sérstakt mál, en ekki sem breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, vegna þess að upp í þetta frv. mitt eru tekin atriði, sem voru óskyld þeim málum, sem þau lög fjalla um, m. a., eins og sagt er í 2. gr. frv., að taka skuli sérstaka eign, sem ríkissjóður á hluta í, þ. e. sérstakan skóla á Norðurlandi, til þess að koma þar upp vistheimili, ekki eingöngu fyrir stúlkur, heldur og gamalmenni og öryrkja, og svo enn fremur, að tryggja skuli, að til rekstrarins og við stofnkostnað verði hægt að nota það fé, sem nú er í erfðafjársjóðum og ætlað er alveg sérstaklega til að standa undir starfrækslu slíkra heimila í landinu. Mér þótti því rétt á þeim tíma að setja þetta fram sem sérstakt frv., og alveg sérstaklega með tilliti til þessara ákvæða. En nú tók þetta frv. þeim breytingum hér, eins og skýrt hefur verið frá, að þessi ákvæði voru felld í burtu úr frv. og eftir af því stóð ekki annað en að hefja skyldi þegar undirbúning undir rekstur vistheimilisins, að ríkisstj. skyldi leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins og það eins þótt það fé yrði ekki tekið upp á fjárl. þessa árs, eins og hv. frsm. réttilega tók fram, og enn fremur að ríkisstj. skyldi vera heimilt að leita eftir hentugu húsnæði og henni þá gefin sérstök heimild til þess annaðhvort að taka það húsnæði eða semja um það, og þannig afgreiddi þessi hv. d. málið í sérstöku frv., eins og sést á þskj. 259.

Þegar málið svo kemur til hv. Nd., fæst ekki samkomulag um það að hafa í frv. á þskj. 259 síðari málsliðinn, þ. e. að skylda ríkissjóð til þess að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur, þvert ofan í fyrirmæli l. frá 1947, þar sem sagt er, að það skuli aðeins gert þegar fé er til þess veitt á fjárlögum. Það var því ekki sjáanlegt annað en að málið mundi stöðvast, ef ekki fengist samkomulag um að fella þetta ákvæði niður. N. leitaði því samkomulags við mig um þetta atriði og var fús til þess að bera fram nýtt frv., eins og hv. frsm. hefur lýst hér, sem er að öllu leyti óbreytt frá þskj. 259, nema þessi málsliður er felldur niður. En þegar málið er komið í það form, er sýnilegt, að það átti betur við að fella það inn í gildandi lög, og þess vegna var einnig samkomulag um, að það skyldi vera borið fram sem nýtt frv. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, og er þetta út af fyrir sig allt gert í samráði við mig, heldur en að láta málið daga uppi.

Ég er því, að svo miklu leyti sem málið hefur verið afgreitt á þennan veg, þakklátur bæði hv. Nd. og hv. Ed., að málið er þó ekki alveg kæft, en harma hins vegar, hversu lítið spor hér er stigið í þessu nauðsynjamáli. Skal ég ekki efnislega fara mikið inn á það, það hefur verið skýrt hér áður. En ég lít þó svo á, að ef málið er samþ. nú, eins og það liggur fyrir hér, þá sé ríkisstj. skylt að hefja undirbúning að stofnun og rekstri heimilisins á þessu ári og að það fé, sem til þess þarf að undirbúa stofnun og rekstur heimilisins á þessu ári, verði greitt úr ríkissjóði, þó að það hafi ekki verið tekið upp í fjárlög. Ég lít svo á, að þá sé að vísu þó nokkuð unnið, og ég veit, að sá hæstv. ráðh., sem fer með þetta mál, hæstv. menntmrh., hefur svo djúpan skilning á þeirri þörf, sem hér er, að hann muni gera sitt ýtrasta til þess að láta undirbúa þetta mál samkv. fyrirmælum l., ef frv. verður að lögum. Og ég lít einnig svo á, að það sé samkomulag við hæstv. fjmrh., að hann greiði þann kostnað, sem settur verður síðar á fjáraukalög, en er því samfara að undirbúa málið eins og hér er fyrir lagt í frumvarpinu.

Ég vildi láta þessi orð koma hér fram við þessa umr., og sé þessu ekki andmælt á einn eða annan hátt, þá vænti ég þess, að þetta verði gangur málsins á þessu ári. Þá verður a. m. k. stigið allverulegt spor til þess að koma þessu nauðsynjamáli áfram, og þar með vil ég einnig þakka hv. menntmn. fyrir að hafa afgreitt málið einróma svo fljótt sem raun ber vitni um.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hv. þm. Barð. (GíslJ), að ég get ekki litið á það sem neina skyldu ríkissjóðs að leggja fram á þessu ári fé til stofnunar þessa vistheimilis. Og þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., hefði verið fyrsta till., sem fram kom í þessu máli, finnst mér frv. ekki gefa tilefni til að álíta það. En þaðan af síður er hægt að líta svo á, þegar ákvæði í hinu fyrra frv. um skyldu ríkissjóðs til að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins er fellt niður í hv. neðri deild.

Með öðrum orðum, það virðist liggja fyrir sá vilji hv. Nd. alveg ótvíræður að leggja ekki slíka skyldu á ríkissjóð. Hitt er svo annað mál, að það kann vel að vera, að hæstv. ráðherrar, menntmrh. og fjmrh., geti komið sér saman um það að leggja fram fé til þessara framkvæmda upp á væntanlegt samþykki Alþingis. Það kann vel að vera, og ríkisstj. hefur sannarlega oft ráðizt í annað eins. Það er bara allt annað en að nú hvíli skylda á ríkissjóði til að leggja þetta fé fram samkv. því frv., sem hér er til umr. Ríkisstj. ætti þá undir högg að sækja eftir á til Alþingis að fá þá fjárveitingu.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Mér þykir leitt að verða að lýsa því yfir hér, að ég er algerlega ósammála frsm. um skilning þessa máls. Ef frv. er samþ. eins og það liggur fyrir nú, þá sé ég ekki annað en að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að leita eftir neinum nýjum heimildum til þess að greiða þann kostnað, sem því er samfara að hefja undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilisins. Í 1. gr. segir ekkert annað en að hefja skuli undirbúning, og sá kostnaður, sem því er samfara, kemur á 24. gr. fjárlaga. Hæstv. ríkisstj. hefur þegar með ákvæðum 24. gr. fjárl. verið gefin heimild til þess að greiða nauðsynleg gjöld, sem eru samfara nýjum lögum og þingsályktunum, sem kunna að verða samþ. á þinginu, og þetta frv. er eitt af því, sem heyrir undir það ákvæði, og það er einmitt þess vegna, sem hv. Nd. vill ekki láta samþ. greinina óbreytta, að

ríkissjóði skuli skylt að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins, sem getur verið allvíðtækt atriði, eins og upplýst var. Það gæti m. a. kostað allt að 6—7 millj. kr., ef allt á að gerast á einu ári. Það var fullur skilningur hv. menntmn. Nd., að ríkissjóður greiddi allan þann kostnað, sem er samfara framkvæmdum 1. gr. frv., án þess að þurfa að leita um það nokkurrar sérstakrar fjárveitingaheimildar. Þannig skil ég það enn.

Ég vil þá í sambandi við þetta mál aðeins leyfa mér að benda á, að í upphafi lýsti ég því yfir, að ég skyldi taka til baka frv. á þskj. 14, ef hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. eða hv. fjvn. vildi lýsa því yfir, að tekin yrði upp á fjárl. þessa árs hæfileg fjárupphæð til þess að hrinda þessu máli eitthvað áfram. Það var ekki gert, og þó var hv. fjvn. sent um þetta erindi og skýrð fyrir henni nauðsynin á málinu. En hún sýndist ekki hafa neina löngun til þess að bæta úr þessu máli, og það er þess vegna, að það hefur orðið að sækja þetta mál á þann veg, sem hér er gert, að hvorki hæstv. fjmrh. né hv. fjvn. vildu sinna því, vildu ekki einu sinni taka upp nægilegt fé til þess að hefja undirbúning. Ef það hefði verið gert á þeim vettvangi, hefði verið alveg komizt hjá því að setja fram þessi frv., því að lögin sjálf segja alveg ótvírætt, að hafizt skuli handa, þegar fé sé veitt á fjárl. En vegna andstöðu hv. fjvn. og hæstv. ráðh. hefur orðið að fara þessa leið, að knýja málið fram á þann hátt, sem hér er gert. Ég held því fast fram enn, að ef frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir, beri hæstv. ríkisstj. að láta hefja undirbúninginn. Hún ræður því að sjálfsögðu sjálf, hve víðtækt hún lætur vinna það verk, hvort hún aðeins lætur velja staðinn, hvort hún lætur gera teikningar eða hvort hún leigir húsnæði eða lætur undirbúa kaup á húsnæði, sem hún yrði að sjálfsögðu að fá þá samþykki Alþ. til, ef fé þyrfti að leggja fram til þess, en samþykki til að greiða kostnað við að undirbúa málið álít ég að sé þegar veitt og að sá kostnaður verði greiddur samkv. fyrirmælum 24. gr. fjárlaga.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég hef aldrei mótmælt því, að ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá beri að greiða úr ríkissjóði kostnað, sem kann að verða af undirbúningi málsins, og það segir sig sjálft, að sá kostnaður hlýtur að greiðast úr ríkissjóði, ef ríkisstj. lætur framkvæma einhvern undirbúning; um það er alls enginn ágreiningur á milli mín og hv. þm. Barð. (GíslJ). En ég hafði skilið hans fyrri ræðu svo, að hann teldi, að samkv. þessu frv. væri skylt að greiða kostnað við stofnun hælis, og ég er ákaflega hræddur um, að sá skilningur, sem nú kom fram í hans síðari ræðu, hafi ekki komið skýrt fram í hans fyrri ræðu, enda er svipað eins og t. d. um þingmannabústaðinn. Ég geri ráð fyrir, að ef einhvern kostnað leiðir af þeim undirbúningi, sem hefur farið fram á síðasta ári um það að reisa þingmannabústað, þá hafi sá kostnaður verið greiddur úr ríkissjóði, og bar að gera það að sjálfsögðu. En það er allt annað en að koma upp þingmannabústað, þó að það sé það fyrsta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 557).

---

## 63. Leigubifreiðar í kaupstöðum.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum** [127. mál] (þmfrv., A. 278).

Á 43. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Samgmn. hefur flutt það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 278, um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frv. er flutt samkvæmt ósk stjórnar bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, og fylgir bréf formanns félagsins grg. frv. sem fylgiskjal. Efni málsins er það, að lagt er til, að fyrrgreindum lögum verði breytt þannig, að samgmrn. verði heimilað að heimila, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga, takmörkun fjölda leigubifreiða í Rvík, hvort heldur eru fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Áður hafði bæjarstjórn Rvíkur verið veitt heimild til þess að takmarka samkvæmt till. hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra tölu vöruflutningabifreiða.

Rök þessarar breytingar, sem hér er farið fram á, koma fram í því bréfi, sem ég minntist á. Það er fyrst og fremst lagt til, að þessi takmörkun verði heimiluð hér í Reykjavík. Á það er bent af hálfu samtaka bifreiðarstjóra, að mjög mikið aðstreymi sé í stétt bifreiðarstjóra og atvinna af þeim sökum minnkandi. Þeir benda jafnframt á það, að í öðrum löndum hafi verið sett löggjöf, þar sem heimild sé veitt til þess að gera svipaða takmörkun og farið er fram á með því frv., sem hér liggur fyrir. Enn fremur hefur verið á það bent, að í því felist nokkur hætta, að fjöldi manna flykkist inn í þessa stétt, á sama tíma sem framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar skorti mannafla verulega. Það sé ekki heldur þannig, að þeir, sem nú koma inn í bifreiðarstjórastéttina, tryggi sér þar með lífvænlega afkomu. Þegar á allt þetta sé litið, telja samtök bifreiðarstjóra í Rvík, að nauðsynlegt sé að fá þá heimild, sem um getur í 1. gr. þessa frv.

Samgmn. hefur, áður en hún flutti þetta frv., kynnt sér rök þau, sem fram hafa komið í málinu, og eftir atvikum talið eðlilegt að verða við

ósk bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils um að leggja þetta frv. fram. Ég vil f. h. nefndarinnar aðeins segja það, að hún hefur talið, að ástæða væri til þess að flytja málið. Þær raddir hafa að vísu heyrzt innan n., og munu sjálfsagt heyrast hér innan hv. þd., að það sé alltaf nokkuð varhugavert að fara út á þá braut að takmarka inngöngu í ákveðnar atvinnustéttir og skerða þannig frelsi einstaklinganna til þess að velja sér atvinnu. Í þessu felast alltaf nokkur rök, en fram hjá hinu ber þó ekki að ganga, að á ýmsum sviðum hefur þetta verið gert, og meðal frændþjóða okkar hefur verið talið nauðsynlegt og eðlilegt, að nokkrar takmarkanir yrðu settar á fjölda þeirra manna, sem gerðu sér bifreiðaakstur að atvinnu. Ég hygg, að það sé ekki nauðsynlegt að fara fleiri orðum um þetta mál. Það er skýrt og einfalt, og ég vænti þess, að það fái góðar undirtektir hér í hv. þingdeild.

Vil ég svo leyfa mér að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Þegar þetta mál var til umræðu í samgmn. þessarar hv. d., mun hafa verið á það minnzt, að ástæða gæti verið til að láta þessi lög ná til fleiri staða en Reykjavíkur einnar. Málið var þó flutt í því formi, sem fram er komið, og var ég sem einn nm. því þá samþykkur. Hins vegar hafa mér nú borizt frá bifreiðarstjórafélaginu í Hafnarfirði tilmæli um það, að a. m. k. þeim stað verði bætt inn í lögin, og vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa það bréf upp. Það er svo hljóðandi:

„Við undirritaðir, stjórn Bifreiðarstjórafélagsins Neista í Hafnarfirði, förum þess á leit, að frv. því til laga um leigubifreiðar í kaupstöðum, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, verði breytt þannig, að það nái einnig til Hafnarfjarðar, þar sem allar ástæður eru þar hinar sömu fyrir hendi og í Reykjavík til að setja hámarkstölu á leigubifreiðar í bænum."

Um rökin fyrir þessu máli almennt þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Frsm. málsins, sem flutti framsöguræðu um það í gær, gerði það ýtarlega fyrir nefndarinnar hönd. Ég vildi aðeins leyfa mér að leggja til, að sú heimild, sem í lögunum er gert ráð fyrir að veita, verði færð nokkuð út, þannig að hún rúmi a. m. k. þennan stað, Hafnarfjörð, til viðbótar við Reykjavík, þar sem ástæðurnar eru alveg hinar sömu fyrir þessari lagasetningu.

Út af fyrir sig gæti ég vel hugsað mér, að heimildin yrði gerð enn víðari, þannig að hún næði til kaupstaðanna allra eða flestra, en mun þó ekki á þessu stigi málsins gera um það till., en vildi leyfa mér að bera fram skriflega till. um, að Hafnarfirði yrði bætt í frv.

Ég vil því leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að leitað verði afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt. minni, sem er svo hljóðandi, að á eftir orðinu „Reykjavík" komi: og í Hafnarfirði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 349) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Með þessu frv. er farið fram á að gefa samgmrh. rétt til þess að ákveða, hve margar fólksbifreiðar skuli vera í gangi í Rvík, sem hafa það að atvinnu að keyra fólk. Ég álít, að við þurfum mjög vel að athuga þetta mál og þessi tilmæli, sem hér liggja fyrir. Í fyrsta lagi varðar þetta rétt manna til vinnu, og það er tvíþætt hvað það snertir. Annars vegar kemur þarna fram sá ákaflega eðlilegi hlutur, að þeir menn, sem stunda leigubifreiðaakstur sem atvinnu, vilja eðlilega vera nokkuð öruggir um að geta haft lífsframfæri af sínu starfi og fara þess vegna fram á ákveðna vernd í því sambandi. Hins vegar vitum við, að þessar tilhneigingar til verndar ákveðinna iðnhópa eða hópa innan verkalýðsstéttarinnar eru að vísu mjög eðlilegar frá sjónarmiði þessara hópa, en það þarf um leið að gæta ákaflega mikillar varkárni gagnvart þeim hóp, sem allar svona takmarkanir að lokum koma til með að lenda á, gagnvart þeim mönnum, sem eru að byrja lífið og hafa á milli þess að velja, í hvaða iðngreinar eða atvinnugreinar þeir eigi að fara, og finna þær þá stundum lokaðar fyrir sér. Við verðum að gera okkur ljóst, að jafnóðum sem við takmörkum fjölda atvinnumanna í ákveðinni grein, þá erum við um leið að ýta öðrum fjölda í ríkari mæli að þeim greinum, þar sem engin takmörkun er enn þá, að því að vera ófaglærðir menn, hafnarverkamenn, byggingarverkamenn eða annað slíkt. Og það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur í þessum samböndum að reyna að taka tillit til hvors tveggja í senn, eðlilegrar kröfu, í þessu tilfelli bifreiðarstjóranna, um nokkurt atvinnuöryggi fyrir sig, og hins vegar tillit til þess fjölda og þeirra einstaklinga, sem yrðu útilokaðir frá því að fara inn í þessa grein. Þess vegna verðum við að gæta ákaflega mikillar varkárni í ákvörðunum um þessa hluti. Ég dreg ekki í efa neina af þeim röksemdum, sem stjórn Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils færir hér fram í því bréfi, sem hér fylgir með. Það er alveg rétt, að það hefur verið mikið aðstreymi að þessari grein. Það hefur verið mjög erfitt fyrir þá, sem í henni eru, að hafa af því lífsframfæri. Þeir hafa orðið að leggja í mikinn kostnað, og venjulega eru frekar slæm lánskjör á þeim tækjum, sem þeir nota, og ég veit, að þeir hafa orðið margir hverjir að vinna tvöfaldan vinnutíma til þess að reyna að skapa sér sæmileg lífskjör í þessari grein.

Ég álít þess vegna, að frv. eins og þetta þurfi mjög ýtarlegrar athygli, og við verðum að reyna á sem beztan hátt að afgreiða þetta mál með því að taka eðlilegt tillit til þeirra óska og hins vegar vernda rétt hinna, sem þetta óbeint mundi bitna á.

Nú er eitt atriði í sambandi við þetta frv., eins og það liggur fyrir, sem ég vildi vekja athygli hv. þm. á. Það er með þessari breytingu á 1. gr. laganna, 2. mgr. Er ekki prentvilla í þessu? Er

meiningin að fella burt alveg þetta með bæjarstjórnina? Ég skal lesa upp, hvernig núverandi lög eru. Þau byrja þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnarinnar."

Þetta er sem sagt fyrri mgr. eins og hún er núna. Síðari mgr. er svona:

„Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki samgmrn., heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Samgmrn. setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun."

Ég hafði skilið þetta þannig, að þetta ætti eingöngu við að breyta seinni partinum af þessari 2. mgr. Er það ekki, forseti? (Gripið fram í.) Það er meiningin að þetta breytist hvort tveggja, sem sé að svipta bæjarstjórnina alveg því valdi, sem hún hefur núna til að takmarka fjölda vörubifreiða.

Þá þýðir þetta m. ö. o., að samgmrh. fær einn þá heimild að ákveða, hve margar leigubifreiðar skuli vera í Reykjavík, hvort heldur er til fólks- eða vöruflutninga. Nú hefur það verið svo eftir þeim lögum, sem Alþingi samþykkti seinast, að bæjarstjórn Rvíkur hefði þennan rétt, og eftir þessu að dæma á að taka hann af bæjarstjórninni. Nú eru það ýmis verkalýðsfélög, sem hafa ákvarðanir á einn eða annan hátt um það að takmarka, hve margir skuli vera í viðkomandi iðngrein. Svo að segja öll fagfélögin hafa mestmegnis með samningum við atvinnurekendur fengið fram ákvæði, sem takmarka, hve margir fá inngöngu í viðkomandi iðngrein, með því að takmarka, hve margir eru teknir til kennslu, og styðjast þar við iðnlögin. En í þessu sambandi er það sem sé á vissan hátt á valdi sjálfra verkalýðsfélaganna, sjálfra starfsmannafélaganna með samkomulagi í þessu tilfelli við atvinnurekendurna, meistarana, að ákveða, hve margir skuli vera þar. Með þessari grein, eins og hún hér liggur fyrir, er verkalýðsfélagið svipt öllu valdi til að geta ákveðið þetta. Það hefur tillögurétt, getur gert tillögur, en ekki meira, og það er samgmrn. eitt, og ekki einu sinni viðkomandi bæjarstjórn, sem hefur valdið í þessu efni. Ég álít, að þetta sé mjög mikið vald, sem lagt er í hendur ráðherrans með þessu móti. Og ég er dálítið hissa á, að eitt verkalýðsfélag skuli að öllu leyti vilja gefa slíkan rétt í hendur ríkisstj. Það væri ekki nema eðlilegt, að það kæmu a. m. k. samningar til frá hálfu viðkomandi verkalýðsfélags. Eðlilegast fyndist mér nú, að það væri við bæjarstjórn viðkomandi bæjar — eða þá annars við ríkisstj. Hér er sem sé lagt til að taka það vald af bæjarstjórninni, sem hún hefur haft, og leggja það nú í vald ráðherrans, og verkalýðsfélagið á ekki að hafa neitt vald um þetta, heldur ráðherrann einn. Nú vildi ég spyrja: Þegar ætti að fara að framkvæma þetta vald ráðherrans, hvernig mundi það vera gert? Þetta fer fram á að takmarka fjölda leigubifreiða, og Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill og þess stjórn segir: Það eru nú þegar of margar leigubifreiðar í gangi, t. d. í Reykjavík. — Nú skulum við segja, að ráðherra fengi þetta vald, og hann fellst á þá skoðun, sem Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill heldur fram, að það séu of margar bifreiðar í gangi, og hann ákveður að takmarka fjölda þeirra. Hvernig á þá að framkvæma þá takmörkun? Hvaða aðilar eru það, sem eiga að hætta að keyra? Nú er t. d. í Rvík ein stór stöð, þar sem er samvinnufélag, það eru enn fremur nokkrar einkastöðvar, nokkurt samstarf bifreiðarstjóra um rekstur bílanna á slíkum einkastöðvum, en að minnsta kosti á einni stöð er einn eigandi, sem á alla bílana. Við skulum segja t. d., að það væri góður samvinnumaður, sem væri samgmrh., hann áliti, að samvinnufélagsskapur væri mjög heppilegur og eðlilegast rekstrarform og einkarekstur væri ekki eins heppilegur undir slíkum kringumstæðum. Ef það ætti að fækka, mundi það þá t. d. þýða, að einkabifreiðastöð, við skulum segja t. d. Steindórs, væri lögð niður? Eða hver hefði valdið til þess að ákveða það? Ef einkabifreiðastöð væri lögð niður, þá misstu þeir menn, sem starfa þar sem bílstjórar, atvinnuna. — Hver á að missa atvinnuna í þessu tilfelli? Um þetta er ekkert ákvæði, og þegar Alþingi veitir ráðherra svona rétt, þá er ekki nema eðlilegt, að það sé tekið fram, hvernig ætlazt sé til að slíku valdi skuli beitt. Það er á ýmsan hátt eðlilegur hlutur um þá, sem sjálfir eiga sín tæki og reyna að reka þau, að það sé að þeim hlynnt, en ef til vill mundu hinir, sem eru leigubifreiðarstjórar hjá einum atvinnurekanda, segja, að þeir ættu ekki heldur að verða atvinnulausir.

Nú skulum við segja, að það yrði takmarkað við fjölda fólksflutningabíla, sem nú væru í gangi. En eftir nokkurn tíma er máske Reykjavík orðin stærri og þörf orðin á því að bæta við bílum. Hvar á þá að bæta við bílunum? Á hvaða stöð og hverjum á að hleypa að? Á þá ráðherrann einn að ákveða það, hvaða aðilar skuli fá að bætast við í hópinn? Og það yrði kannske orðinn nokkuð langur listi, sem sækti þarna um. Ég býst við, að viðkomandi verkalýðsfélag t. d. mundi gjarnan vilja hafa úrslitaáhrif á það. Ég held þess vegna, að um þessa hluti þurfi að vera nánar ákveðið í lögum, það sé ekki rétt að gefa eingöngu með reglugerð ríkisstjórninni allt vald um framkvæmd svona hluta.

Ég vildi þess vegna óska, að hv. samgmn. eða fulltrúi hennar gæfi nokkru nánari skýringar á, hvernig flm. hafa hugsað sér þetta í framkvæmd, eða sá ráðherra, sem með þetta ætti að hafa að gera, gæfi deildinni nokkrar upplýsingar um, hvernig hann fyrir sitt leyti mundi hugsa sér að framkvæma svona. Ekki sízt þegar verið er að leggja í hendur samgmrh. vald, sem bæjarstjórn áður hefur haft, a. m. k. að miklu leyti, — áður þurfti bara samþykki samgmrn., — þá er eðlilegt, að þm. hafi nokkra vitneskju um, hvaða aðferðir eigi að nota við að koma þessu fram. Ég vildi þess vegna eindregið óska eftir, að einhver aðili úr hv. samgmn. gæfi okkur nokkru nánari skýringar á þessu, svo að við gætum gert okkur betur í hugarlund, hvernig þetta mál yrði í framkvæmd.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Mál þetta mun vera flutt samkv. beiðni Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils hér í bænum, og í grg. eru tilgreindar tvenns konar ástæður fyrir flutningi málsins, í fyrsta lagi sú, að það sé allt of mikið aðstreymi í bifreiðarstjórastéttina hér í bænum, og í öðru lagi, að atvinna bílstjóra hér í Rvík hafi minnkað. Um þessi tvö atriði skal ég ekki dæma, ég hef ekki kunnugleika til þess. En eitt veit ég, og það er það, að atvinna bifreiðarstjóra úti á landi hefur minnkað, og ég held, að ef gerður er samanburður á atvinnu leigubílstjóra hér í Rvík og t. d. á Akureyri, þá mundi koma í ljós, að það væri um algerlega tvenns konar kjör að ræða.

Vinna bílstjóra úti á landi hefur farið minnkandi vegna ýmissa atvinnuörðugleika og einnig vegna þess, að fólksstraumurinn hefur í vaxandi mæli leitað hingað suður til Faxaflóans. Ef viðurkenna á það sjónarmið, sem kemur fram í þessu frv., að nauðsyn sé til þess að takmarka aðstreymi í þessa stétt, þá sé ég ekki nokkra ástæðu til annars en að láta það sjónarmið einnig ná til annarra bæjarfélaga hér á landi, og ég leyfi mér að fullyrða, að það er einmitt meiri þörf á því, að heimild frumvarpsins næði til bæjarfélaga utan Rvíkur. Ég hef því leyft mér að flytja skriflega brtt. í þessu máli, þar sem segir, að fyrir orðin „í Reykjavík" í 1. gr. komi: í kaupstöðum, þannig að nái frv. fram að ganga með þessari brtt., þá nái lögin til allra bæjarfélaganna hér á landi. Þessi brtt. er skrifleg, og ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

*Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 350)* leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen:** Ég vil leyfa mér að bera fram þá fsp. til þeirrar n., sem flutt hefur þetta mál, hvort það hafi legið fyrir henni nokkrar óskir um það úr öðrum kaupstöðum þessa lands en Reykjavík, að tekin yrði upp sú heimild, sem í þessu frv. felst. Ef svo er ekki, þá virðist mér, að ástæðulítið sé að vera að setja í lög slíka heimild sem þessa. Það má að vísu segja, að menn séu ekki bundnir af því að nota þessa heimild, þótt í lögum sé. En mér virðist, að það gæti verið dálítið athugavert að vera að setja slík ákvæði inn í lögin, ef engar óskir liggja fyrir um þetta, og ég vil fyrir mitt leyti óska, að það verði athugað dálítið nánar, áður en gerð er samþykkt um slíkt.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Mér láðist að geta um það áðan, að ég hef fengið munnleg tilmæli frá stjórn stéttarfélags bifreiðarstjóra á Akureyri um að fá þá breytingu á frv., að heimildin næði til Akureyrar einnig. En ég lít þannig á málið, að það sé ástæðulaust að vera að binda þetta endilega við eitt eða tvö bæjarfélög, heldur eigi hér að vera um almenna heimild að ræða, og því aðeins hef ég flutt þessa brtt.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Það hefur nú þegar verið upplýst í þessum umræðum, hverjar forsendur eru fyrir flutningi frv. þessa, sem hv. samgmn. hefur hér flutt á þskj. 278, um að heimila ráðh. í samráði við viðkomandi stéttarfélag að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík. Og nú hafa komið fram óskir frá Hafnarfirði og Akureyri um, að þeir staðir verði einnig aðilar að þessu frv., þannig að lögin gildi á þessum stöðum einnig.

Ég held, að það sé hverjum manni ljóst, að eins og viðgengizt hefur undanfarið um viðkomuna í þessari stétt, eins og bréf Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils ber með sér, að atvinnuvegur þessa fólks eða þeirra manna, sem hafa byggt lífsafkomu sína á þessum atvinnuveg, er að falla í rúst, þá sé ekki óeðlilegt, að fram komi óskir um, að takmarkaður sé fjöldi leigubifreiða. Hins vegar er það einnig rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. benti hér á áðan, að í slíkum takmörkunum verður að fara ákaflega varlega með tilliti til annarra stétta í landinu, og þá sér í lagi þeirra, sem enn þá hafa engar takmarkanir um fjölda í sínum starfsgreinum. En það er einnig rétt, sem hann benti hér á áðan, að það er engin tala nefnd í frv. eins og það liggur fyrir, og er sjálfsagt mjög miklum erfiðleikum bundið að koma henni við með tilliti til þess, að bærinn stækkar óðum. Þó að bifreiðarnar séu nægar í dag, þá kunna þær að vera of fáar eftir ákveðinn tíma. En ég er fylgjandi þessu frv. fyrst og fremst með það í huga, að í því séu ekki heimildir til þess að víkja þeim mönnum úr bifreiðarstjóraatvinnunni, sem í dag hafa lögleg stöðvarleyfi. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að það komi fram í þessum umræðum þegar, og ég þykist vita, að frsm. n. muni svara þeim fsp., sem þegar hafa verið fram lagðar um þessi efni. En ég legg hiklaust þann skilning í frv. eins og það liggur fyrir, að það séu ekki möguleikar fyrir stjórn Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils í samráði við ráðh. að víkja neinum þeim manni úr bifreiðarstjóraatvinnu í dag, sem hefur löglegt stöðvarleyfi. Og komi ekkert fram, sem mælir því í gegn, þá mun ég fylgja frv. með tilliti til þeirrar nauðsynjar, sem skýr rök eru færð fyrir í bréfi Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Það er vegna fsp., sem beint hefur verið til samgmn., sem ég vildi aðeins segja nokkur orð.

Hv. þm. Borgf. spurðist fyrir um það, hvort fyrir n. hefðu legið óskir frá fleiri kaupstöðum en Reykjavík um slíka heimild sem í frv. þessu felst. Ég vil svara þessari fsp. þannig, að þegar n. tók ákvörðun um það að flytja þetta frv., þá lágu slíkar óskir ekki fyrir. Það er fyrst og fremst Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hér í Reykjavík, sem hefur tekið þetta mál upp vegna eigin félagsmanna og aðstæðna í þessum málum hér í Reykjavík. Með því er að sjálfsögðu ekki sagt, að svipaðar aðstæður geti ekki verið fyrir hendi í öðrum kaupstöðum landsins, enda er nú svo komið, að tveir hv. þm., hv. 5. landsk. þm. (EmJ) og hv. þm. Ak. (JR), hafa borið fram brtt. um það að víkka heimildina þannig, í fyrsta lagi, að hún nái til Hafnarfjarðarkaupstaðar, og í öðru lagi, að hún verði almennt látin ná til allra kaupstaða landsins.

Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka

það fram, að ég hygg fyrir hönd n. í heild, að hún hafi ekki litið svo á, að hægt yrði að nota þessa heimild til þess að fækka þeim mönnum, sem nú þegar starfa að bifreiðaakstri í Reykjavík, eins og frv. nú er úr garði gert. N. hefur ekki talið, að hægt væri að ganga svo langt að beinlínis reka menn út úr stétt, sem þeir þegar hefðu tekið upp atvinnu í. Þetta leiðir nokkurn veginn af eðli málsins, og ég vil láta þennan skilning n. koma skýrt fram, vegna þess að fsp. kom fram um hann frá hv. 2. þm. Reykv.

Annars vil ég segja það, að ég tel mjög ótrúlegt og litla ástæðu til þess að óttast, að sú heimild, sem hér er farið fram á, verði misnotuð af þeim aðila, sem hún er fengin, þ. e. a. s. samgmrh. Það er gert ráð fyrir því, að hann fylgi tillögum þeirra stéttarfélaga, sem hlut eiga að máli, og það verður að gera ráð fyrir því, að þau beiti valdi sínu af þeirri ábyrgðartilfinningu gagnvart sínum eigin stéttarbræðrum og ungum mönnum, sem vilja leggja út á braut bifreiðaaksturs, sem telja verður sjálfsagða og eðlilega. Úrslitaákvörðunin um slíka takmörkun er svo á valdi ráðherra.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram, en vegna þess að hér eru komnar tvær skriflegar brtt. um töluverða breytingu á frv., hins vegar allmargir hv. þm. fjarverandi, þá teldi ég skynsamlegt, að umr. um málið yrði frestað í dag og að samgmn. gæfist tækifæri til þess að ræða hinar fram komnu brtt. og ráðgast um afgreiðslu málsins í heild.

**Pétur Ottesen:** Það er nú upplýst hér í þessu máli, að fyrir samgmn., sem flytur þetta frv., hafa ekki legið óskir frá öðrum kaupstöðum en frá Reykjavíkurbæ um breyt. á lögunum. Á síðara stigi þessa máls hafa hins vegar komið fram óskir frá tveimur öðrum kaupstöðum, Hafnarfirði og Akureyri, um að tekin yrði upp í frv. sams konar heimild þeim til handa. Við þessu er að sjálfsögðu ekkert að segja, og eins og mál þetta hefur verið reifað hér, þá virðist vera sanngjarnt að verða við slíkum óskum. En ég vil aðeins benda á það, að mér finnst ekki rétt eða heppilegt að ganga lengra í þessu efni en óskir standa til, heldur verði heimildin eingöngu miðuð við þá kaupstaði, sem farið hafa fram á þetta. Það er viðurkennt, að framkvæmd á slíku ákvæði eins og þessu mundi geta orðið allerfið. Og þó að sá skilningur verði lagður í það, að þetta taki ekki til þeirra manna, sem nú eru starfandi í bifreiðaakstri, hvort sem um er að ræða fólks- eða vörubifreiðar, þá veit maður, hver þróunin er í þessu efni, og þegar á að fara að grípa inn í það, þá verða einnig ýmis ljón á vegi. Það verða menn að gera sér alveg ljóst. Auk þess er engan veginn útilokað samkv. orðalagi þessa frv., að óskir geti komið fram um það að fara að gera breytingar á því ástandi, sem nú ríkir í þessu efni. Orðalag frv. rúmar það alveg fullkomlega. Sú yfirlýsing, sem hér hefur komið fram, er aðeins fram flutt hér af hálfu frsm. þeirrar n., sem flutt hefur þetta mál. Og með tilliti til þess, að þarna geta orðið erfiðleikar á leið um takmarkanir, þá virðist mér, að fullkomlega sé réttmætt að benda á það að ganga ekki lengra í þessu efni en óskir liggja fyrir um hér á Alþingi. Ég vil því mjög skjóta því til hv. þm. Ak., að hann fari ekki lengra í sínum till. en að bera fram till. um þetta fyrir sitt kjördæmi, en sé ekki að leggja til, að Alþ. blandi sér inn í aðstæður annarra manna í þessu máli, sem engar óskir hafa borið fram í þessu efni. Ég vildi þess vegna mjög mælast til þess við hann, að hann breyti sinni till. og einskorði hana við sitt kjördæmi.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Ef menn eru þeirrar skoðunar, að sanngjarnt sé að setja lög sem þessi, þá verð ég að taka undir með þm. Ak. og segja, að það hljóti að vera sanngjarnt, að aðrir kaupstaðir landsins fái sömu réttindi, ef hér er um réttindi að ræða. Og mér skilst á þeim mönnum hér í Reykjavík, sem sækja þetta fast, að hér sé um mikil réttindi að ræða fyrir þessa stétt.

En við verðum að gæta að því, að þetta mál hefur tvær hliðar eins og flest önnur. Það er sú hlið, sem snýr að þeim mönnum, sem vilja öðlast réttindin og svo að almenningi, sem verður að taka þeim afleiðingum, sem af réttindunum stafa.

Ég fyrir mitt leyti tel það mjög varhugavert að setja lög eins og þessi, að heimila einni stétt að loka sig inni og að það sé raunverulega á hennar valdi, hversu margir menn eru í stéttinni. Þegar búið er að loka einni stétt, þá gerist það, eins og alltaf er, að mönnum fækkar í stéttinni, og eftir því sem mönnum fækkar í stéttinni, eftir því er betri aðstaðan fyrir þá, sem eftir eru. Og þegar búið er að loka einni stétt, þá er erfiður eftirleikurinn fyrir þá, sem vilja komast inn í stéttina. Allur nýgræðingur í stéttinni á erfitt uppdráttar. Það er alveg eins og þegar innflutningshöftin voru sett á og í mörg ár þar á eftir. Þeir, sem höfðu áður verið í verzluninni, fengu réttindin, og nýgræðingurinn í stéttinni var svo að segja drepinn eða kyrktur í mörg ár, vegna þess að nýir menn gátu ekki fengið réttindi fyrir þeim, sem fyrir voru. Og það væri ekki heldur nema mannlegt, þegar búið er að loka einni stétt eins og þessari, að stéttarplássin færu að ganga kaupum og sölum á svörtum markaði fyrir hátt verð. Og þið skuluð reiða ykkur á það, ef þetta verður að lögum, að þá verður skammt þangað til stöðvarplássin í Reykjavík eru komin upp í hátt verð. Menn fara með slíkan kaupskap eins og þeim finnst hagfelldast fyrir sig, og það er ekki neitt við því að segja út af fyrir sig.

Það er sagt, að hér sé eingöngu um heimild að ræða. Það er alveg rétt. Þetta er heimild handa ráðherra. En þegar slík heimild er gefin að frumkvæði stéttarfélags, þá er mjög hætt við því, að viðkomandi ráðh. telji sér skylt að verða við kröfum félagsins og að láta lögin koma til framkvæmda. Þess vegna vil ég ekki gefa neinum ráðh. þessa heimild, og sérstaklega ekki undir þeim kringumstæðum, sem hér eru, að stéttarfélag skrifar n. í Alþ. og þessi n. tekur að sér að bera fram breytinguna, sem stéttarfélagið biður um.

Mér finnst, að það sé ekki nema eðlileg ályktun

að segja, að þó að þetta sé ekki nema heimild, þá verði heimildin notuð. Það er ekki nokkur vafi á því. Ef þessi heimild fæst, þá eru það verðmæt réttindi fyrir þá menn, sem þarna verða innan veggja. Og hvað getur svo svona fordæmi leitt af sér? Er nokkuð meira, þó að t. d. úrsmiðir eða klæðskerar kæmu næst og óskuðu eftir því, að heimild væri gefin fyrir því, að takmarka mætti þátttakendurna í þessum iðngreinum? Eða við skulum segja, að veitingahús í höfuðstaðnum, allar sjoppurnar og öll veitingahúsin, stofnuðu með sér félag og kæmu svo til Alþ. og segðu, að þau óskuðu eftir því, að heimild væri gefin fyrir því að takmarka stofnun veitingastaða í bænum. Það dettur víst engum í hug að neita því, að veitingastaðir í Reykjavík eru of margir, og þó eru ekki allir veitingastaðirnir, sem spinna gull af starfsemi sinni. Þess vegna væri ekkert óeðlilegt, þó að eitthvað slíkt gerðist, og ég álít, að ef einhver slíkur hópur kæmi með sína málaleitun til Alþ., þá ætti hann rétt á að fá jafngóðar undirtektir og sá starfshópur, sem hér er um að ræða.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 14. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 278, 349, 350, 352).

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Samgmn. hefur athugað þær brtt., sem lagðar voru fram við 2. umr. þessa máls s. l. föstudag frá hv. 5. landsk. þm. og frá hv. þm. Ak. Fyrri till. fjallar um það að bæta Hafnarfirði inn í heimildargrein frv. og hin síðari um það, að heimildin nái til kaupstaðanna allra.

Nefndin taldi ekki óeðlilegt, að komið yrði til móts við þær óskir, sem komið hafa fram úr öðrum kaupstöðum landsins en Reykjavík um það, að heimildin til þess að takmarka fjölda leigubifreiða næði einnig til þeirra. Hins vegar fannst henni, eins og einnig kom fram í ræðu hjá hv. þm. Borgf., nokkuð langt gengið að veita almenna heimild til slíkra takmarkana í öllum kaupstöðum landsins án tillits til þess, hvort óskir hefðu komið fram um það frá hlutaðeigandi kaupstöðum eða byggðarlögum. Samgmn. varð því sammála um að mæla með því, að samþ. yrði brtt. hv. 5. landsk. þm. um, að Hafnarfirði yrði bætt inn í, og enn fremur um hitt, að beina þeirri fsp. til hv. þm. Ak., sem flutt hefur brtt. á þskj. 350, hvort hann felldi sig ekki við það að breyta henni á þá lund, að í staðinn fyrir „í kaupstöðum“ kæmi: í Akureyrarkaupstað. Það, sem fyrir honum vakir, er fyrst og fremst, skildist mér af hans ræðu hér s. l. föstudag, að fá heimildina, sem farið er fram á í lögunum til þess að takmarka fjölda bifreiða, til þess að ná einnig til þess kjördæmis, sem hann er þm. fyrir. Ég vil því beina þeim tilmælum til hv. flm. brtt., að hann breyti henni á þá lund.

Síðan málið var rætt hér í hv. þd. síðast, hefur verið flutt ein brtt. á þskj. 352 af hv. 2. þm. Reykv. N. hefur ekki gefizt tækifæri til þess að athuga hana og taka afstöðu til hennar, og teldi ég því æskilegast, að sú till. yrði tekin aftur til 3. umr., ef hv. þm. treystir sér til þess að verða við þeim tilmælum. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið. Það liggur skýrt fyrir. Rök þess hafa komið fram, bæði í grg. málsins sjálfs og einnig í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég kom í upphafi þessarar umr. með fyrirspurnir viðvíkjandi því, hvernig þetta frv. mundi verða framkvæmt, ef að lögum yrði, og benti á ýmsar hættur og agnúa, sem á þessu eru.

Það var fyrst viðvíkjandi því, að eins og frv. er orðað, þá mundi vera hægt að takmarka tölu leigubifreiða í Reykjavík á þann hátt að fækka þeim frá því, sem nú er. Það var upplýst af hv. frsm. samgmn., að slíkt vekti ekki fyrir n. með flutningi þessa frv. Ég álít hins vegar, að það sé rétt, þegar farið er að gefa svona heimildir eins og felast í þessu frv., að þá sé slíkt skýrt tekið fram í lögunum sjálfum, og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 352 um, að aftan við 1. gr. í þessu frv. bætist:

„Skal í upphafi takmarkað, að því er tekur til fólksbifreiða í Reykjavík, við tölu þeirra manna, er hafa atvinnuleyfi samkvæmt samningum Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils við bifreiðastöðvarnar í Reykjavík.“

Þetta mundi þá aðeins vera að setja þessa 1. gr. í samræmi við þann skilning, sem samgmn., sem flytur frv., hefur á greininni.

Þá benti ég enn fremur á það, að með svona valdi, sem samgmrh. væri gefið, væri viðkomandi verkalýðsfélag að afsala sér allmiklum rétti og valdi, sem það annars hefði, og það þyrfti að reyna að tryggja sig, að mínu áliti, betur en gert væri með því að gefa svona almenna heimild. Enn fremur var um það rætt líka af fleirum, að nokkur hætta væri á, að atvinnuleyfin eða rétturinn til að stunda þessa atvinnu gæti orðið eins konar verzlunarvara, ekki sízt þegar ákveðnum einkafyrirtækjum væri með svona lögum líka gefin viss einokunaraðstaða. Ég hef þess vegna — til þess að reyna að girða fyrir þetta tvennt — leyft mér að bera fram brtt., sem er á sama þskj., 352, um, að þegar atvinnuleyfi losna innan þeirra takmarkana, sem felast í þessum lögum, þá skuli þeim ráðstafað samkv. reglugerð, sem viðkomandi bifreiðarstjórafélag setur og staðfest er af samgmrh., enda verði í reglugerðinni fyrir það girt, að atvinnuleyfi geti orðið verzlunarvara.

Það er engum efa bundið, að þetta er mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við málið og að ég held bæði í samræmi við það, sem fram hefur komið hjá hv. samgmn., og þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á frv. eins og það liggur fyrir. Ég held því, að báðar þessar brtt., sem ég þarna flyt, mundu verða mjög til þess að bæta úr hugsanlegum agnúum á framkvæmd þessa máls.

Ég álít, að það væri að öllu leyti bezt, að hægt væri að samþykkja þessar brtt. nú við 2. umr. málsins, ef þetta mál á annað borð á að fara áfram. Ég held, að þær mundu frekar gera málið aðgengilegt.

Ég vil hins vegar minna á um öll þessi mál — ekki aðeins hvað snertir bifreiðarstjórafélögin, heldur ýmis önnur slík stéttarfélög — um sérréttindi einstökum hópum til handa til þess að verða við eðlilegum óskum þeirra hópa um að

tryggja þá gegn atvinnuleysi, að ef orðið er við slíkum óskum um sérréttindi, þá leggur það um leið þá siðferðislegu skyldu á herðar þeirra verkalýðsfélaga, sem fá slík réttindi, að þau stuðli að því með öllum þeim krafti, sem þau eiga, að verkalýðsstéttin sem heild sé tryggð gegn atvinnuleysinu. Það mundi ekki kunna góðri lukku að stýra, ef einstakir hópar innan verkalýðsstéttarinnar ættu að fá þannig sérréttindi um sína atvinnu, að aðrir aðilar væru útilokaðir frá því að komast þar inn í og öllum þeim, sem þannig væru útilokaðir, væri síðan raunverulega skellt í þann stóra hóp ófaglærðra verkamanna eða verkamanna, sem engra sérréttinda og engrar verndar njóta, og sá hópur ætti síðan að verða atvinnuleysinu að bráð. Það þýðir með öðrum orðum, að samhliða því sem ákveðnir hlutar innan verkalýðsstéttarinnar fara fram á að fá þá vernd gegn atvinnuleysi, sem felst meðal annars í frv. eins og þessu, þá leggst þeim á herðar sú siðferðislega ábyrgð að stuðla að því með öðrum hlutum verkalýðsstéttarinnar að firra heildina atvinnuleysi. Það vil ég að komi mjög skýrt og greinilega fram í sambandi við umræður um mál eins og þetta. Þegar farið er fram á sérstök réttindi fyrir ákveðna hópa, þá má það aldrei verða til þess að skilja þá svo að segja frá alþýðuheildinni, gera þá örugga í þeirra lífsbaráttu og ala þannig upp hjá þeim eigingirni og jafnvel skilningsleysi á högum annarra. Samfara því sem slík réttindi eru veitt fyrir ákveðna hópa, þarf þess vegna að fara aukinn skilningur hjá þessum hópum á því, að þeir tilheyra heild, sem öll er að berjast fyrir öruggari atvinnu og verður að gera m. a. sínar mikilvægu pólitísku ráðstafanir til þess að tryggja sig gegn atvinnuleysi. Þess vegna þurfa þær óskir, sem fram koma um slíka vernd gegn atvinnuleysi, eins og felst í þessu frv., og líka fela í sér á ýmsan hátt visst öryggi fyrir almenning, í reyndinni að samræmast þeirri eðlilegu viðleitni verkamannastéttarinnar sem heildar að tryggja sig gegn atvinnuleysi.

Ég álít, að það væri bezt, og ég álít þá betra, að þessari umr. væri frestað, svo að hv. samgmn. gæti athugað betur þessar till. Mér virðast þær annars að öllu leyti vera í samræmi við hennar skoðanir. Ég álít, að það væri bezt, að þetta væri afgr. nú og samþ. við 2. umr. þessa máls. Ég er á þeirri skoðun, að þessi mál þurfi það ýtarlegrar umræðu og athugunar við, að það beri ekki raunverulega að láta það verða eina einustu umræðu, sem sé 3. umr., sem skeri úr um, hvernig menn snúast við málinu. Þrátt fyrir það að samgmn. flytji þetta, þá er ég ekki svo viss um undirtektir þess í deildinni, að það sé ekki betra að ganga nú þegar frá því að samþ. þær brtt., sem ég flyt, og gera frv. skýrara og öruggara.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 352, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Ég get orðið við tilmælum hv. n. um að taka til baka brtt. mína á þskj. 350. Í stað hennar ætla ég að leyfa mér að leggja fram aðra brtt., skriflega, við 1. gr., að á eftir orðinu „Reykjavík“ komi: og á Akureyri. — Það er ekki ástæða fyrir mig til þess að fylgja þessari brtt. úr hlaði með framsögu, því að ég gerði grein fyrir afstöðu minni þegar málið var rætt núna fyrir helgina, en ég vildi leyfa mér að óska eftir því við hæstv. forseta, að hann leitaði afbrigða fyrir till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 354) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Það eru aðeins örfá orð, herra forseti. Ég vil ítreka ósk mína til hv. 2. þm. Reykv. um að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. Umr. hefur einu sinni verið frestað vegna brtt., sem fram hafa komið, og eðlileg málsmeðferð virðist vera, þegar þessi brtt. nú kemur fram svo að segja fyrirvaralaust, að þá fái sú nefnd, sem málið flytur og um það hefur fjallað, tóm til þess að athuga hana.

Ég skal ekki fara að ræða brtt. efnislega. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að í henni er ítrekaður — í fyrri hluta hennar a. m. k. — sá skilningur, sem kom fram af hálfu n. síðast þegar málið var rætt hér. En í seinni brtt. kemur hins vegar fram nýtt atriði, sem mjög æskilegt er að n. fái tækifæri til þess að athuga. Ég vil aðeins í því sambandi benda á það, að í lögunum, eins og þau eru nú, er gert ráð fyrir því, að samgmrn. setji með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun. Það er ekki gerð nein brtt. um það með þessu frv. að breyta þessu ákvæði; það stendur áfram í lögunum. Í brtt. hv. 2. þm. Reykv. er hins vegar gert ráð fyrir, að sett verði reglugerð af viðkomandi bifreiðarstjórafélagi. Þetta er algerlega nýtt atriði, sem ég teldi mjög æskilegt að n. fengi tækifæri til þess að athuga, og ég vænti, að góð samvinna geti tekizt við hv. flm. um það, að henni gefist tóm til þess. Að öðru leyti mundi ég f. h. nefndarinnar ekki geta mælt með því, að till. þessi, eins og hún nú liggur fyrir, yrði samþykkt við þessa umr., og mundi þá verða að mæla gegn því, að hún næði fram, ef haldið yrði fast við það, að hún kæmi til atkvæða nú.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Viðvíkjandi ákvæðunum um setningu reglugerðarinnar ber að skilja 2. till. mína þannig, að sú reglugerð, sem viðkomandi bifreiðarstjórafélag á að setja, er eingöngu um ráðstöfun atvinnuleyfanna. Eftir lögunum, eins og þau eru núna, setur ráðherrann reglugerð almennt um framkvæmd þessara takmarkana, en um þetta sérstaka, sem síðari tillagan hjá mér mælir fyrir um, um atvinnuleyfin og hvernig þeim skuli ráðstafa, er gert ráð fyrir því, að það sé bifreiðarstjórafélagið, sem setur reglugerðina, og samgmrh., sem síðan staðfestir hana. En í þeirri reglugerð á það að felast, að komið sé í veg fyrir, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

Ég skal viðurkenna, að það er rétt hjá hv. frsm. samgmn., að þetta atriði hefur samgmn. ekki enn þá haft tækifæri til þess að athuga, og út frá því sjónarmiði get ég fallizt á að láta fresta atkvgr. um þessa till. til 3. umr., til þess

að samgmn. fái tíma til þess á milli umræðnanna að athuga um sína afstöðu. Fyrri brtt. mín er hins vegar alveg í samræmi við þann skilning, sem samgmn. hafði lagt í þetta. Ég vil leyfa mér um leið að vona, að samgmn. geti, ef hún athugar þetta milli umræðnanna, fallizt á þær skoðanir, sem þarna koma fram, því að þær eru áreiðanlega ákaflega þýðingarmikill þáttur í því að gera svona frv. framkvæmanlegt, ef á annað borð á að samþykkja það. Það verður að fara það varlega í þessum hlutum.

Viðvíkjandi þeim till., sem þegar hafa komið fram um aðra staði úti á landi, vil ég segja það sem mína skoðun, að það eigi að fara eins hægt í þessa hluti og mögulega getur gengið. Það á ekki að þenja svona ákvæði út eins og einhvern sjálfsagðan hlut. Það er það erfið braut, sem þarna er farið inn á, að það á ekki að gera þessar ráðstafanir nema þá jafnóðum, ef það er svo knýjandi nauðsyn, að meiri hl. Alþingis viðvíkjandi hverjum stað fellst á, að það sé nauðsynlegt.

ATKVGR.

Brtt. 350 tekin aftur.
— 352 tekin aftur til 3. umr.
— 349 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 354 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GMM, SkG, ÁB, EggÞ, EI, EOl, EmJ, GíslG, GÞG, HÁ, JPálm, JR, JörB, MJ, PÞ, SB.

**nei:** BÓ, GilsG, KGuðj.

SÁ, GJóh, HV, HelgJ, KJJ greiddu ekki atkv.

11 þm. (StgrSt, BergS, EirÞ, EystJ, GTh, IngJ, JóhH, JS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 355, 352, 361).

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. 2. umr. um málið var lokið hér í hv. þingdeild fyrir nokkrum dögum, og var þá tekin aftur til 3. umr. brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hafði flutt. Var hún tekin aftur til þess, að samgmn. gæfist tækifæri til þess að athuga hana og taka afstöðu til hennar.

Nefndin hefur nú haldið fund og athugað þessa brtt. og orðið sammála um að koma nokkuð til móts við fyrri lið brtt. Það, sem fyrir hv. þm. vakti með þeirri brtt., var að fá tvímælalaust tekið fram í sjálfum lögunum, sem um þetta mál verða sett, að ekki sé meiningin með þeim að þrengja kosti þeirra manna, sem nú þegar hafa gert sér bifreiðaakstur að aðalatvinnu. N. taldi rétt að koma til móts við þessa brtt., enda hafði því verið lýst yfir af hennar hálfu áður, að það væri alls ekki meiningin með þessari lagasetningu að reka einn eða neinn, sem þegar hefði gert sér bifreiðaakstur að atvinnu, út úr sinni stétt. Það varð því að samkomulagi innan n. að flytja svo hljóðandi brtt. við frv. eins og það var orðið eftir 2. umr.:

„Aftan við 1. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur, þegar lögin taka gildi.“

Það þarf ekki að skýra þessa brtt. Hún er aðeins áréttíng á þeirri yfirlýsingu, sem fram hafði komið af hálfu n. áður, og með henni er enn fremur tekið undir þá skoðun, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv., er flutti brtt. við 2. umr. á þskj. 352. Ég vil aðeins geta þess, að n. gat ekki fallizt á orðalag hans á fyrri hluta till. hans, m. a. vegna þess, að hann miðar eingöngu við Reykjavík. Hins vegar er búið að breyta frv. í það horf, að gert er ráð fyrir, að heimild þess nái einnig til fleiri kaupstaða, þ. e. a. s. Akureyrar og Hafnarfjarðar. Enn fremur liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Siglf. og hv. 4. landsk. þm. um það, að heimildin nái einnig til Siglufjarðar. Taldi n. ekki ástæðu til þess að mæla gegn þeirri till., þar sem sú stefna hefði verið tekin í hv. þd. að verða við óskum, sem kæmu fram frá einstökum kaupstöðum í þessu efni um heimild til þess að takmarka fjölda leigubifreiða.

Um 2. tölul. brtt. hv. 2. þm. Reykv. vil ég aðeins segja það, að n. taldi, að það væri fyrst og fremst reglugerðarákvæði, sem hann þar kemur inn á, þ. e. a. s., hvernig fara skuli um úthlutun atvinnuleyfa. Ég vil aðeins minnast á það í sambandi við ummæli, sem féllu hér við 2. umr. um sölu og brask með atvinnuleyfi, að það verður að telja alveg öruggt, að í reglugerð verði settar skorður við því, að slíkt brask geti hafizt. Þessi afgreiðsluleyfi verða ekki framseljanleg manna á milli. Þau verða bundin við nafn og þess vegna ekki möguleikar á því, að um þau skapist svartur markaður.

Ég tel óþarfa að fjölyrða um þetta. Nefndin taldi sem sagt, að 2. liður brtt. hv. 2. þm. Reykv. ætti heima í reglugerð, og enn fremur taldi hún eðlilegt, að það væri samgmrn., en ekki stéttarfélag bifreiðarstjóra, sem setti slíka reglugerð. Það er yfirleitt ekki tíðkað hér, að einstök samtök í þjóðfélaginu setji reglugerðir. Það er leitað álits einstakra aðila og samtaka og síðan settar reglugerðir af opinberum aðilum með hliðsjón af áliti og tillögum.

Ég tel ekki þörf á að fara fleiri orðum um málið að svo komnu máli, en vil fyrir hönd n. mæla með því, að það nái fram að ganga hér í hv. þd. með þeirri brtt., sem n. flytur nú við 3. umr., og þeirri brtt., sem flutt er af hv. þm. Siglf. og hv. 4. landsk. þm. Ég leyfi mér svo að óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir hinni skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 379) **leyfð** og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Flestir munu vera sammála um það, að æskilegt sé, að sem allra minnstar hömlur séu á vinnumarkaðinum, að vinnumarkaðurinn sé frjáls fyrir allt landið. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þess efnis, að heimila skuli samgmrn., að fengnum till. stéttarfélaga, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, hvort heldur sé um að ræða vörubifreiðar eða fólksbíla. Síðan frv. kom hér

fram, hafa komið fram brtt. í þá átt að láta takmarkanir á þessum hluta vinnumarkaðarins ná einnig til annarra kaupstaða og jafnvel til kaupstaðanna allra.

Ég vil taka það strax fram, að ég tel þessar hömlur á vinnumarkaðinum ekki æskilegar, dálítið varhugaverðar, og tel, að þessi byrjun gæti leitt til þess, að aðrar stéttir og starfshópar færu fram á það að fá lagalega vernd á líkan hátt og þetta og stuðning stjórnarvalda til þess að bægja mönnum frá frjálsum aðgangi að þeim vinnumarkaði, sem um er að ræða hér. Ég tel, að það hafi sýnt sig, að þær takmarkanir, sem einstakar iðnstéttir hafa fengið aðstöðu til að setja um aðgang að námi í ýmsum iðngreinum, hafi við breyttar aðstæður verið til tjóns, og þær takmarkanir sýndu það, að það er varhugavert að fá einstökum stéttum í hendur jafnvel ólögbundna aðstöðu til þess að takmarka aðgang að vissum vinnustéttum. En hér er um það að ræða, að það átti samkv. frv. að setja þessar takmarkanir á og lögbinda þær fyrir bifreiðarstjóra í einu bæjarfélagi, sem ég hefði nú út af fyrir sig talið óeðlilegt. Ég tel þess vegna, að þær fram komnu brtt. um, að það nái til kaupstaðanna allra, séu þó þess eðlis, að það væri breiðari lagalegur grundvöllur fyrir því, þetta næði þá til landsbyggðarinnar allrar, sem hefði svipaða aðstöðu. En í þessu sambandi vil ég þó enn fremur benda á, að það er mjög vafasamt, að þetta frv. kæmi ekki í bága við vinnulöggjöfina. Vinnulöggjöfin segir, að verkalýðsfélög öll — öll stéttarfélög — skuli vera opin öllum mönnum, sem hafi réttindi í þeirri starfsgrein. Og ég hygg, að þó að búið væri að lögfesta þetta, þá fengju þeir menn, sem hefðu bílstjóraréttindi og hefðu bifreiðaakstur að atvinnu og sæktu um að komast inn í stéttarfélög bifreiðarstjóranna hér, sig dæmda með félagsdómi inn í félögin. Þessi félög hafa svo samninga um forgangsrétt að vinnu við atvinnurekendur á því vinnusvæði, og þann rétt hefði viðkomandi maður öðlazt við það að vera dæmdur inn í félagið. Þessar hömlur, að hann fengi svo ekki að aka, kæmu þannig alveg í bága við vinnulöggjöfina og þau réttindi, sem stéttarfélögin hafa gagnvart atvinnurekendum á sínu félagssvæði. Mér er nær að halda, að úr þessu gætu orðið ónotalegir árekstrar um vinnurétt manna, og teldi það miður farið. Auk þess er það sýnt, og það hefur komið fram hér í umræðunum, að ef fámennar stéttir búa þannig um sig, að þær geti alltaf tryggt það, að mikil eftirspurn sé eftir vinnu í þeirri grein, sem um er að ræða, og viðkomandi stétt þannig tryggð fyrir atvinnuleysi, og fleiri stéttir færu í kjölfarið, þá er búið að beina aðalhættu atvinnuleysisins á svið hins ófaglærða verkamanns og verkakonu. Það er þá lagalegt misrétti, sem hinar ýmsu stéttir á vinnumarkaðinum eiga við að búa, og tel ég ástæðu til að minna hv. Alþingi á, að það er ekki hollt að leiða þann asna í herbúðirnar.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Samgmn. hefur haft til athugunar þær brtt., sem ég lagði hér fram við 2. umr. og tók aftur til 3. umr., og hv. frsm. hennar hefur nú skýrt afstöðu n. til þeirra tillagna. Hún leggur til hvað mína fyrri till. snertir, að þar sé breytt nokkuð um orðalag, og segir, að það sé líka nauðsynlegt með tilliti til þess, að mín till. var eingöngu miðuð við Reykjavík eins og yfirleitt þetta frv. eins og það kom fram. Ég álít, að það sé rétt að taka tillit til þess, að inn í þá brtt., sem ég var með, þurfi að bætast það að taka tillit til staða utan Reykjavíkur, en ég held, að það sé ekki rétt að breyta orðalaginu, sem ég hef viðvíkjandi Reykjavík.

Eins og mín brtt. er, þá segir þar, að að því er tekur til fólksbifreiða í Reykjavík skuli takmarka við tölu þeirra manna, er hafa atvinnuleyfi samkv. samningum Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils við bifreiðastöðvarnar í Reykjavík. Þetta er alveg ákveðin takmörkun, þetta eru alveg ákveðnir menn samkvæmt samningum verkalýðsfélagsins við bifreiðastöðvarnar, þannig að um þetta getur ekki verið neinn efi. Ef þarna væri sett í staðinn, að það ætti ekki að skerða atvinnuréttindi manna, sem á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur, þá er það mjög óákveðinn hlutur. Ég álít þess vegna, að það sé rétt að halda hvað Rvík snertir þessari ákvörðun, að það sé takmarkað við tölu þeirra manna, sem hafa atvinnuleyfi samkvæmt samningum Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils við bifreiðastöðvarnar í Rvík. Þegar Alþingi samþykkir það, þá veit það alveg, hvað það er að gera. Ef samgmrh. álítur nauðsynlegt, að það séu fleiri menn, sem þarna koma til greina, þá hefur hann valdið eftir lögunum til þess að bæta þarna við. En þá er líka alveg ákveðið, á hverju er byrjað, og getur ekki valdið neinum deilum um, hvað átt sé við með lögunum. Við höfum orðið varir við það stundum hér á Alþingi undanfarið, að lög hafa verið afgreidd þannig, að það hefur verið hægt að deila um það eftir á, við hvað þau ættu. Það hefur jafnvel orðið að fara fyrir hæstarétt með lög, sem hæstv. ríkisstj. þó hefur undirbúið og pískað hér í gegnum þingið, og það hefur orðið að gefa út bráðabirgðalög og það meira að segja norður á Sauðárkróki til þess að leiðrétta lög, sem samþ. hafa verið frá þinginu. Ég held þess vegna, að við eigum að ganga þannig frá þessum lögum, ef það á að samþykkja þau, að það sé skýrt og ótvírætt, hvað við sé átt. Hins vegar skal ég viðurkenna, að um staðina úti á landi gegnir nokkuð öðru máli, því að í fyrsta lagi er ég ekki nægilega vel kunnugur því, hvort þeir hafa slíka samninga sem Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hefur hér í Reykjavík við bifreiðastöðvarnar, og í öðru lagi kann að vera eðlilegt þar að láta gilda þá till., sem hv. samgmn. kemur með. Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja þá brtt., að aftan við mína brtt. verði bætt svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Og hvað aðra kaupstaði snertir skal óheimilt að skerða með takmörkuninni atvinnuréttindi þeirra, er á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur, þegar lög þessi öðlast gildi.“ Þá mundi öll greinin hljóða þannig, sem ég legg til að bætt sé við: „Skal í upphafi takmarkað, að því er tekur til fólksbifreiða í Reykjavík, við tölu þeirra manna, er hafa atvinnuleyfi samkvæmt samningum Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils við bifreiðastöðvarnar í Reykjavík, og hvað aðra kaupstaði snertir skal óheimilt að skerða með

takmörkuninni atvinnuréttindi þeirra, er á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur, þegar lög þessi öðlast gildi.“

Þegar mín brtt. væri orðin svona, þá held ég, að hún sé orðin alveg ótvíræð og veiti um leið Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli í Reykjavík þann rétt, sem það á, en hins vegar gefa lögin sem heild samgmrh. heimild, þó að hann vilji nú þegar bæta við, ef hann álítur, að það sé ekki nægilega margt, sem nú stundar þennan akstur í Reykjavík.

Um 2. brtt. mína, viðvíkjandi atvinnuleyfunum, segir hv. frsm. samgmn., að það sé raunar reglugerðarákvæði. Ja, hvað sé reglugerðarákvæði nú á tímum, má deila endalaust um. Það er nú farinn að tíðkast sá háttur, að það eru lagðir á þyngstu skattar, sem þjóðin stynur undir, með reglugerð, svo að segja þvert ofan í stjórnarskrána, sem bannar að leggja á skatta og tolla öðruvísi en með lögum frá Alþingi. Og skattar og tollar eru meira að segja látnir renna til einstakra aðila í þjóðfélaginu, ekki til ríkisins sjálfs, lagðir á og innheimtir með reglugerðarákvæði án nokkurrar endurskoðunar frá ríkisins hálfu. Ég á við bátagjaldeyrinn svonefnda. Hann er settur samkvæmt reglugerð, innheimtur samkvæmt reglugerð, 100 millj. og meira á ári, óendurskoðað, tekið af almenningi og úthlutað til einstakra manna. Það má þess vegna vissulega deila allmikið um, hvað séu reglugerðarákvæði. Ég er nú fyrir mitt leyti á þeirri skoðun, að meira að segja atriði eins og bátagjaldeyririnn sé ekki reglugerðarákvæði, heldur ætti að vera lagaákvæði, ef það á að samþykkja hann. Og ég er yfirleitt á þeirri skoðun, að Alþingi eigi að skoða það sem sína skyldu að ganga þannig frá lögum, að það sé skýrt og ótvírætt, hvað í þeim eigi að vera, og að ríkisstj. hafi alveg ákveðið að halda sér að, þegar hún gefur út reglugerðir. Það hefur komið fyrir, að það hafa verið dæmdar ólöglegar reglugerðir, vegna þess að ríkisstjórnin hefur farið of langt, álitið, að hún hefði vald til þess að gera meira samkvæmt lögunum, og sett reglugerð um ákvæði, sem alls ekki voru í lögunum. Ég álít þess vegna rétt af þinginu, ef það vill tryggja, að eitthvað ákveðið komi fram, að setja það inn í lög, fyrirskipa það í lögum. Annars er ráðherra ekki að neinu leyti bundinn við að gefa út slík fyrirmæli. Og ég efast um, að þeim ráðherrum, sem með þetta mál koma til með að fara, þyki nokkuð betra, að þetta sé það rúmt, að það sé hægt að fara að deila á þá, undireins eftir að svona lög eru samþykkt, fyrir misbeitingu á valdi, sem í lögunum felst.

Nú skulum við athuga, hvernig er með þessi atvinnuleyfi. Það hefur verið bent á það og það réttilega, að þau geta orðið þó nokkur verzlunarvara. Er það endilega sjálfsagt, ef það stendur ekki í lögunum, að það beri að koma í veg fyrir það, að atvinnuleyfin séu verzlunarvara? Sú stefna, sem hæstv. núverandi ríkisstj. fylgir, er sú að gera yfirleitt allt að verzlunarvöru. Hún fylgir yfirleitt þeirri stefnu, ekki aðeins að gera sem flest að verzlunarvöru, helzt heil kjördæmi líka, heldur að leyfa mönnum að græða sem allra mest í þeirra verzlun og afnema allar takmarkanir á því, hve mikið menn megi græða. Og svo framarlega sem einn ráðherra lítur þannig á, að það eigi að fylgja ríkisstjórnarstefnunni hvað snertir atvinnuleyfi á bifreiðastöðvunum líka, þá býst ég við, að hann mundi líta þannig á, að hann eigi ekki að vera að skerða það að neinu leyti, að menn fái að græða vel á þeim atvinnuleyfum, heldur að menn fái að selja þau með ótakmarkaðri álagningu, því að það er meginstefna ríkisstj. að hafa ótakmarkaða álagningu á hlutunum, vera ekki að skerða hana. Það voru afnumin öll þau lög, sem að einhverju leyti hindruðu slíka ótakmarkaða álagningu. Það er ekkert í þessu frv., eins og það er, sem gæfi ráðh. heimild til þess að fara að reyna að hindra það, að menn gætu verzlað með atvinnuleyfin. Það er ekkert, sem gæfi honum neinn rétt til þess að setja neina reglugerð um slíkt. Ég gæti trúað, að hann yrði þá að vitna í allt önnur ákvæði annarra laga, sem eru þó því miður mjög slöpp, um eftirlit með óréttmætum verzlunarháttum og öllu mögulegu slíku. Og ég vil benda á, að hvað atvinnuleyfin, sem með þessum lögum væri verið að veita, snertir, þá eru t. d. 50 atvinnuleyfi eða í kringum það hér í Reykjavík í höndum eins einasta manns, einnar einustu bifreiðastöðvar eins einasta eiganda, sem er verið að gera að eins konar einokunarhafa með þessu. Ég álít þess vegna alveg sjálfsagt, að það sé tryggt, það sé svo fyrir mælt í lögunum og það sé ekki látið vera komið undir neinum efasömum geðþótta ráðherra og efasömum heimildum hans, hvort það sé tilgangur Alþingis að koma í veg fyrir, að atvinnuleyfin verði notuð sem verzlunarvara.

Hv. frsm. samgmn. hafði það enn fremur að athuga við mína till., að viðkomandi bifreiðarstjórafélag setti og samgmrh. staðfesti reglugerðina, og áleit, að það væri sjaldgæft. Það er aðferð, sem er mjög algeng í okkar þjóðfélagi, að þau viðkomandi félög, sem þarna hafa um að fjalla, geri uppkast að reglugerð eins og þau óska eftir henni, það er síðan sent til rn., — í þessu tilfelli samgmrn., — og ef samgmrh. er á annarri skoðun, þá gerir hann till. til viðkomandi félags um að breyta reglugerðinni, því að þessi reglugerð öðlast ekki staðfestingu fyrr en viðkomandi ráðherra vill svo vera láta. M. ö. o.: Það verður að vera samkomulag á milli viðkomandi verkalýðsfélags og ráðherrans um reglugerðina, og það er allur munurinn, sem felst um þetta einstaka ákvæði í minni till. og í þeirri till., sem nú gildir um þetta mál. Eins og lögin eru nú, má samgmrh. setja almenna reglugerð um ýmsa hluti, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga, sem sé stéttarfélögin senda inn tillögurnar, og honum ber aðeins að líta á þær, athuga þær, og það er alveg á hans valdi, að hve miklu leyti hann tekur tillit til þeirra. Hins vegar mundi með minni till. þurfa að vera samkomulag á milli bifreiðarstjórafélagsins og ráðherrans. Með þessu móti mundi viðkomandi verkalýðsfélagi vera tryggður nokkur réttur. Þó er því ekki tryggður neinn einkaréttur með þessu móti, því að ráðherrann þarf ekki að samþykkja neina reglugerð nema þá, sem honum líkar við, þannig að meðan ekki næst samkomulag, stendur

viðkomandi verkalýðsfélag frammi fyrir því, að það fær ekki þessa reglugerð fyrr en það er búið að komast að samkomulagi við ráðherra, en ráðherrann getur ekki heldur sett reglugerð, sem viðkomandi verkalýðsfélag væri alveg á móti, og það er það, sem ég vil girða fyrir. Ég álít, að ef reglugerð á að setja um svona mikilvæga hluti eins og þetta, þá eigi að vera samkomulag á milli þessara tveggja aðila. Ég álít, að með því væri réttur þessara samtaka mest tryggður, og ég álít, þegar á annað borð er farið út á þá hæpnu braut að gefa ráðherra eins mikið vald yfir verkalýðsfélagi og atvinnugrein og þarna er gert, þá verði að reyna að tryggja réttindi verkalýðsfélagsins í sliku sambandi sem allra mest. Jafnhliða er þetta svo stórvægilegt atriði fyrir almenning, að það geti ekki farið svo, að þessi atvinnuleyfi verði verzlunarvara, og fyrir það verður á engan hátt girt, ef mín till. ekki verður samþykkt. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við hv. þm., að þeir samþykki þessa till. mína.

Ég verð að segja það, að ég álít, að þetta mál hefði átt að fá betri undirbúning í n. og á þingi en það hefur nú þegar fengið. Ég álít, að það hefði gjarnan líka mátt fara inn á að tryggja að einhverju leyti vinnutíma þeirra bílstjóra, sem þarna eiga að vinna, jafnvel athuga líka um leið, hvort ekki ætti að tryggja þeim dálitið hagstæðari skilmála en nú er um afborganir og vexti af bílum, sem þeir borga. Það er allhart, að ástandið skuli vera þannig nú, að þeir menn, sem þessa atvinnu stunda og oft hafa orðið að sæta svartamarkaðskjörum undanfarið, skuli verða að þræla jafnvel upp í 16 tíma á sólarhring til þess að reyna á örskömmum tíma að borga niður þá bíla, sem þeir hafa keypt, vegna þess að það eru ómöguleg lánskjör á þeim. Og auðvitað kemur þetta niður í fyrsta lagi á bifreiðarstjórunum, en í öðru lagi á almenningi. Þegar verið er að setja reglugerð og lög um sérstaka atvinnugrein, eins og hér er verið að gera um bílstjórana, þá hefði gjarnan mátt taka tillit til þessara aðstæðna.

Það er líka öryggismál fyrir þá, sem bílana nota, að bifreiðarstjórunum sé ekki þvælt út með óhóflega löngum vinnutíma og þeir neyddir til þess af efnahagslegum kringumstæðum að vinna svo langan vinnutíma. Alls staðar þar, sem einhver ákvæði hafa verið sett um þessi mál, og það mun vera á flestum Norðurlöndum, hafa um leið verið teknar einmitt slíkar ákvarðanir, sem veita bifreiðarstjórunum hóflegan vinnutíma og tryggja þar með um leið notendur. Ég vil þó um leið taka fram, að það er í raun og veru alveg merkilegur hlutur og sýnir, hve dugandi menn yfirleitt okkar bílstjórar eru, að það skuli ekki hafa komið að sök, eins mikil og sú vinna er, sem á þá er lögð. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við hv. þdm., að þeir samþykki seinni brtt. mína og þá fyrri með þeim viðauka, sem ég hef mælt fyrir og mun nú leggja fram. Ég álít, að það sé ekki rétt af hv. samgmn. að pína þetta mál fram með því offorsi, að það sé ekki tekið tillit til allra skynsamlegra till. og nauðsynlegra, sem fram koma í þessu sambandi. Ég vil þess vegna, ef hæstv. samgmn. ekki getur fallizt á þá brtt., sem ég þarna geri, eindregið óska þess, að hv. þdm. verði við því að samþykkja hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 380,1) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Ég vil aðeins láta þess getið, að brtt. sú, sem við hv. 4. landsk. þm. flytjum á þskj. 361 um, að heimildin til takmörkunar á fjölda leigubifreiða verði einnig látin ná til Siglufjarðar, er flutt samkvæmt beiðni samtaka atvinnubílstjóra á staðnum. Telja þeir, að slík heimild mundi stuðla að því að auka atvinnulegt öryggi þeirra og verða þeim að öðru leyti til framdráttar.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Það eru nú komnar hér fram líklega tvær skriflegar brtt., sem ekki er búið að prenta og menn hafa ekki þess vegna átt kost á að athuga. Auk þess hefur komið fram hér í umræðum sú skoðun, að þetta frv., ef samþykkt verður, muni fara í bága við önnur lagaákvæði. Ég hafði nú gert ráð fyrir, að hv. frsm. samgmn. mundi eitthvað athuga það atriði, áður en umræðum væri lokið, og ég teldi, að það væri nokkur ástæða til þess að athuga málið nánar, til þess að auðveldara verði fyrir menn að ákveða, hvernig þeir greiði atkvæði um frv., en þetta mun vera síðasta umr. um það í deildinni.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Mér skildist, að hv. 3. landsk. léti að því liggja, að frv. eins og þetta kynni að brjóta í bága við vinnulöggjöfina. Ég hef engin rök heyrt fyrir því, að svo sé. Alþingi hlýtur að vera heimilt að setja löggjöf á þessu sviði um takmarkanir á rétti manna til atvinnu, eins og það hefur heimild til þess að setja með almennum lögum ýmsar almennar takmarkanir á athafnir borgaranna í landinu. Ég held, að það sé alveg fráleitt, að þó að sett sé löggjöf um það að hindra aðstreymi í eina einstaka stétt, þá geti það talizt brot á vinnulöggjöfinni. Ég veit ekki betur en þegar séu í lögum takmarkanir á rétti manna t. d. til þess að að velja sér atvinnu í einstökum iðngreinum. Ekki hefur það verið talið brot á vinnulöggjöfinni. Ég skal ekki fara út í það að ræða þetta nánar. Ég held, að þetta eigi ekki við rök að styðjast og hv. þdm. séu gersamlega óhætt að afgreiða þetta litla mál til þess að koma til móts við hagsmuni fjölmennrar stéttar, sem er að verða allt of fjölmenn.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri mjög óákveðinn hlutur, hverjir stundi leigubifreiðaakstur á lögmætan hátt, vildi ég aðeins segja það, að það er ekkert óákveðinn hlutur t. d. hér í Reykjavík. Það eru skýr lagaákvæði um það, heimildarákvæði, sem þegar hafa verið notuð. Að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga getur bæjarstjórn ákveðið, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Bæjarstjórn Rvíkur hef-

ur hagnýtt þessa heimild samkvæmt till. hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Það er þess vegna ekkert óákveðinn hlutur, hverjir stundi bifreiðaakstur á lögmætan hátt hér í Rvík. Það er ekki heldur óákveðinn hlutur utan Rvíkur, þar sem þessi heimild hefur ekki verið notuð.

Sú brtt., sem samgmn. hefur flutt hér, er þess vegna mjög skýr og glögg um þetta atriði og kveður alveg nægilega greinilega á um það, að fyrir Alþingi vakir ekki með lagasetningu um þetta efni að reka menn út úr þeirri atvinnu, sem þeir þegar hafa valið sér, þ. e. a. s. leigubifreiðaakstri, einungis að hafa hemil á aðstreymi inn í þessa stétt, sem er að verða allt of fjölmenn, — svo fjölmenn, að stórkostleg hætta er af fyrir það fólk, sem þegar er í stéttinni.

Það er rétt, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að hér eru komnar fram tvær skriflegar brtt., sem æskilegt væri að menn gætu athugað nánar. Ég gæti þess vegna hugsað mér mjög vel, að umr. yrði nú lokið um málið og atkvgr. síðan frestað, þannig að hv. þm. gætu haft þessar brtt. fyrir sér prentaðar. Hins vegar er þetta mál ekki það stórt, að menn hafi ekki alveg greint kjarna þess. Það er þess vegna, held ég, alveg óþarfi að fresta umr., en hins vegar tel ég ekki ósanngjarnt að koma þar til móts við óskir hv. þm. V-Húnv., að atkvgr. um málið yrði frestað, þannig að brtt. lægju prentaðar fyrir, þegar til atkvgr. kemur.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mér þykir eiginlega ástæða til í sambandi við þetta mál að vekja athygli á því hér í þessari hv. d., að svo undarlega hefur brugðið við í þessu máli, að Sjálfstfl. og hv. þm. hans, sem til máls hafa tekið í þessu máli, hafa barizt mjög skelegglega fyrir þeim takmörkunum, sem hér er farið fram á að gera fyrir einn hóp manna til valfrelsis atvinnu í landinu. Hér hafa líka talað í þessu máli hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., sem eru þm. verkalýðsflokka, og þeir hafa hvatt menn til varfærni í þessu máli og þeim takmörkunum, sem hér er farið fram á að setja.

Nú finnst mér það dálítilli furðu gegna, að hv. þm. Sjálfstfl., þess flokks, sem hefur hingað til talið sig í ræðu og riti sjálfkjörinn málsvara frelsis, einstaklingsframtaks og annars þess háttar, — að einmitt þingmenn þessa flokks skuli berjast hér jafnskelegglega fyrir takmörkunum á atvinnufrelsi manna og þeir hafa gert. Vildi ég spyrja hv. þm. Sjálfstfl., sem til máls hafa tekið í þessu máli, hvers ungir menn eiga að gjalda í þessu landi, sem á næstu árum teldu sig hafa meiri löngun til og meiri hæfileika til að leggja fyrir sig bifreiðaakstur en að annast önnur störf í þjóðfélaginu. Hvers eiga þeir að gjalda, að um það skuli sett lög nú, að þetta sé þeim ekki heimilt, þegar ekki eru almenn lög um almennar takmarkanir atvinnufrelsis í landinu?

Ég er í sjálfu sér ekki mótfallinn því, að það sé takmarkað með lögum, hve margir menn geti hópazt í eina atvinnugrein í þessu þjóðfélagi eða hverja atvinnugrein um sig. Það mætti segja sem svo, að eftir því sem þjóðin er minni, þá væri meiri ástæða til þess að koma í veg fyrir það með skipulagningu og með lögum, að allt of margir þjóðfélagborgarar hópist í hverja atvinnugrein. En slíkar takmarkanir eru þó fyrst og fremst réttlætanlegar, ef um heildarskipulag á öllum vinnumarkaði landsins er að ræða. Þær væru einnig að nokkru leyti a. m. k. réttlætanlegar, ef um algert neyðarástand í einhverri atvinnugrein væri að ræða — slíkt neyðarástand, að þangað hefðu hrúgazt allt of margir menn, sem hefðu ekki nema lítið brot af þeirri atvinnu, sem þeir þyrftu og gæti verið um að ræða, en enginn fengist samt sem áður til að hverfa úr atvinnugreininni og yfir í aðrar atvinnugreinar, þar sem hag hans væri betur borgið. Þetta neyðarástand held ég að sé ekki um að ræða í sambandi við það mál, sem hér hefur verið flutt og hér er til umræðu. Á meðan hæstv. núverandi ríkisstj. getur lagt óhemju skatta á atvinnutæki bifreiðarstjóra og þau ganga samt sem áður út með þessum sköttum og jafnvel á hærra verði en því, sem myndast, þegar sköttunum og öllum kostnaði er bætt við innkaupsverðið, og meðan það er opinbert leyndarmál, að atvinnuleyfi í þessari stétt ganga kaupum og sölum á jafnvel tugi þúsunda króna, þá sé ég ekki, að það verði færð að því óyggjandi rök, að slíkt neyðarástand sé í stéttinni, að það réttlæti slíkar takmarkanir sem hér er farið fram á.

Það hefur verið bent á það af hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. þm., að hér væri um hættulegt fordæmi að ræða, og ég er þeim algerlega sammála í því efni. Og það sýnir það nokkuð, hve háskaleg braut þetta er og hve fljótir menn eru að taka við sér að hlaupa inn á hana, að flestallir eða allir hv. þm. hér í þessari d., sem eru þingmenn fyrir kaupstaði á landinu, hafa nú þegar flutt brtt. við upphaflega frv. um það, að þeir kaupstaðir, sem þeir eru þm. fyrir, skuli líka njóta þeirra réttinda, ef svo mætti orða það, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er því nokkurn veginn ljóst, að ef hv. Alþ. samþykkir þetta frv. fyrir þessa stétt sérstaklega, þá munu fleiri stéttir á eftir koma. Og það tel ég algerlega ófært ástand að taka þessi mál þeim tökum, sem hér um ræðir, fyrir einn og einn hóp út af fyrir sig, að taka þau þannig til afgreiðslu, því að það eitt gæti orðið réttlátt og réttlætanlegt að taka þá til meðferðar atvinnumálin yfirleitt, taka þau öll til skipulagningar og tryggja þá um leið atvinnu í landinu, ef setja ætti takmarkanir við því, að menn gætu farið inn í ákveðnar atvinnugreinar.

Eitt atriði var það í ræðu hv. þm. N-Ísf., sem mig langaði til að gera athugasemd við. Í sambandi við brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. hefur hér flutt, sagði hv. þm. N-Ísf., að það yrði að ganga út frá því, að skorður yrðu reistar í reglugerð við því, að leyfi, þ. e. a. s. atvinnuleyfi bifreiðarstjóra, yrðu gerð að verzlunarvöru. Í þessu sambandi vil ég benda á þetta: Þetta eru náttúrlega falleg orð, en ég held, að það séu ekki meira en orð. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum vikum stóð hér uppi í ræðustól í þessari hv. deild annar þm. Sjálfstfl., nefnilega hv. 5. þm. Reykv., og lýsti með mörgum orðum því átakanlega ástandi, hvernig gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir bifreiðum hefðu verið gerð að verzlunarvöru. Og hann tilgreindi meira að segja

nokkurn veginn nákvæmlega, hve mörg prósent af leyfum, gjaldeyris- og innflutningsleyfum, sem hefðu verið gefin út fyrir bifreiðum, væru komin á svartan markað. Og ég held, að mig misminni það ekki, að hann tilgreindi líka nokkurn veginn nákvæmlega í tölum, hvert svartamarkaðsverðið á þessum leyfum væri. Þó er í lögum bann við því að selja gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Það er bannað með lögum, og við því liggur sekt. Og ég held, að það detti engum í hug, þó að með reglugerð yrði bannað að selja þessi atvinnuleyfi á sama hátt og gjaldeyris- og innflutningsleyfi, að þá yrðu slík lög eða slík reglugerð annað en pappírsgagn, á sama hátt og öll þau lög, sem um slíkt hafa verið sett, um meðferð gjaldeyris- og innflutningsleyfa, um meðferð byggingarleyfa, fjárfestingarleyfa, meðan þau voru í tízku. Öll slík lög og allar slíkar reglugerðir reyndust pappírsgagn og ekkert annað. Og eins og ég sagði áðan, meira að segja hv. þingmenn Sjálfstfl. greindu frá því alveg feimnislaust hér inni á þingi þjóðarinnar, hvers konar pappírsgögn þetta væru, hve mörg prósent af útgefnum leyfum hefðu verið sett á svartan markað og hve hátt svartamarkaðsverðið hefði verið. Þeir fóru ekki í neinar grafgötur um það, hvernig ástandið var, og a. m. k. hv. 5. þm. Reykv. virtist ákaflega vel kunnugur því, hvert form væri á þessum hlutum. Hann vissi prósenttölu leyfanna, og hann vissi verðið á þeim, og getur maður kannske skilið, að í þeim herbúðum ríki nokkuð nákvæm þekking á þessum málum.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta atriði. En með tilliti til þess, sem ég hef sagt, mun ég að vísu greiða atkv. með brtt. þeim, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur hér flutt, en þó að þær næðu fram að ganga, mun ég greiða atkv. gegn frv. sjálfu, þannig breyttu.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er enginn vafi á því, að ef þetta frv. verður að lögum, þá eru það mikilsverðar hagsbætur fyrir hina tiltölulega fámennu stétt bílstjóra í kaupstöðum landsins. En það verður á kostnað annarra vinnandi stétta í landinu. Það er og augljóst mál, að sérréttindi þau, sem þetta frv. færir bifreiðarstjórum, koma til með að brjóta í bága við ákvæði vinnulöggjafarinnar um, að verkalýðsfélög, þar með stéttarfélög bílstjóra, skuli standa opin öllum starfandi mönnum í viðkomandi grein. Þegar það hefur komið fyrir, að verkalýðsfélög hafa neitað að taka menn inn í félagsskapinn, þá eru til þess dæmi, að þeir hafa kært það og fengið sig dæmda inn í viðkomandi félag. Þegar þeir eru komnir inn í félagið, þá duga engar hömlur, þá hafa þeir forgangsrétt að vinnu hjá atvinnurekendum, sem hafa samið við viðkomandi félag.

Hv. frsm. samgmn., hv. þm. N-Ísf., sagði, að ekki hefðu verið færð nein rök fyrir því, að slíkur árekstur yrði. En það er alveg augljóst mál. Það vita allir þingmenn, að þetta ákvæði er í vinnulöggjöfinni, að verkalýðsfélögin skuli standa opin. Og það hefur verið dæmt ólögmætt, ógilt, þegar þau hafa ætlað að synja manni inngöngu, sem var starfandi í viðkomandi starfsgrein. Það er ekki tekið fram í þessum lögum, að ætlazt sé til, að nein ákvæði vinnulöggjafarinnar breytist með þessari lagasetningu.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þau vandkvæði, sem ég tel á því, ef frjálsræði vinnumarkaðarins verður takmarkað fyrir einstakar stéttir á þann hátt, sem þetta frv. fer fram á. En það er alvarlegt mál. Það er stórt mál. Og það gæti hver stéttin komið á fætur annarri til þess að verja sig á sama hátt með lagasetningu, og væri varla hægt að neita stéttunum um það hverri á fætur annarri, eftir því sem þær bæðu um það. Allar stéttirnar teldu sér það mikilsvert að geta þannig tryggt sig gegn atvinnuleysi með því að takmarka tölu þeirra manna, sem fengju aðgang að stéttinni. Ef það væri slíkur ógnaraðgangur að því að verða bóndi í sveit, þá ætti sem sé að lögfesta, hve margir bændur mættu vera í hverri sveit á Íslandi. Og það vil ég benda á hér, að ef það er höfuðnauðsyn fyrir þessa stétt að takmarka aðganginn að stéttinni með löggjöf, þá eru fleiri stéttir, sem væri ástæða til þess að takmarka með löggjöf. Þá vil ég segja, að það væri ástæða til að setja lög um það, hversu margir heildsalar ættu að vera í Reykjavík, og það væri ekki fjarri mér að koma fram með frv. um það, hversu margir kaupmenn skyldu vera í Reykjavík, hversu margar tóbaks- og sælgætissjoppur skyldu vera í Reykjavík, og fara þá að hafa heldur betur tök á því, hvert mannaflið í þjóðfélaginu leitar og hvar það skuli vera, hve margir skuli vera þarna og hérna. Ég er ekki alveg viss um það, að þm. Sjálfstfl. yrðu eins snarpir í þeirri sennu að berjast fyrir þeim takmörkunum að því er snertir þessar stéttir. En fordæmið hefðu þeir gefið, og í óþægilega mótsögn kæmust þeir við sjálfa sig, ef við ættum ekki að takmarka tölu heildsala í Reykjavík og kaupmanna, eftir að þeir hefðu barizt svo snarplega fyrir þessu frv. Auk þess er það, að þessi stétt á aðra leið en lögvernd. Hún á þá leið að semja við atvinnurekendur um tölu í stéttinni og framfylgja þeim samningum, og þá hafa þeir alveg án lagasetningar taumhald á þessu. Og það er færari leið, þó að hún sé ekki agnúalaus, heldur en að binda þetta með lögum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég hef ekki getað sannfærzt af rökum hv. frsm. samgmn. um að breyta fyrri till. minni. Ég vil taka það fram hvað hana snertir, að í Reykjavík er ástandið þannig, að þar er nú alveg ákveðinn fjöldi manna, sem hefur atvinnuleyfi til að keyra á bifreiðastöðvunum í Reykjavík samkv. samningum, sem Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hefur við bifreiðastöðvarnar í Reykjavík. Sá samningur byggist á þeim lögum, sem við hér erum að ræða um breytingar á, l. nr. 23 frá 16. febr. 1953, þar sem ákveðið var, að allir bifreiðarstjórar yrðu að hafa afgreiðslu á bifreiðastöð. Þessi atvinnuleyfi eru sem sé alveg ákveðin og takmörkuð, og það er sá áþreifanlegi hluti í þessu sambandi. Hitt, sem hv. frsm. samgmn. kom inn á, er ekki nærri því eins ákveðinn hlutur. Það er deilumál og álitamál, sem menn hafa mismunandi skoðanir á. Hins vegar mundi það auðvitað liggja undir vald samgmrh. að ákveða að bæta við frá þeim hópi, sem nú hefur atvinnuleyfi samkv. samningum

Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils. Það væri á hans valdi, eftir að þetta frv. væri samþ. En ég vil hins vegar, að Alþ. fyrir sitt leyti gangi alveg skýrt frá þessum málum. Ég held, að ég megi fullyrða, að vilji Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils í þessu sambandi sé, að það sé bundið við þau atvinnuleyfi, sem það félag nú þegar hefur samkv. sínum samningi við stöðvarnar. Þess vegna vil ég halda mjög fast við þá till. mína. Og hvað aðra kaupstaði snertir, þá tók ég þar upp till. hv. samgmn., þannig að um seinni hlutann, sem ég legg til að bætt sé við mína till., held ég að við ættum að geta orðið sammála.

Svo er hvað atvinnuleyfin snertir og reglugerðina. Það er búið að ræða það mál þó nokkuð hér, og það hefur ekkert komið fram, sem afsannar það, sem ég hélt fram um, að það væri nauðsynlegt að hafa lagaákvæði, sem fyrirskipa, að þetta sé sett inn í reglugerð. Það hefur verið bent á af hv. 8. landsk., að jafnvel þó að til væru lagaákvæði, þá þekktist það meira að segja, að svona hlutir væru brotnir, svo að þá geta menn ímyndað sér, hvernig ástandið muni vera, svo framarlega sem annaðhvort engin lög og ekkert reglugerðarákvæði væri eða bara reglugerðarákvæði, sem styddist ekki einu sinni við lög og þess vegna væri tvísýnt.

Ég vil benda á, að það er ekki aðeins hér um það að ræða, að það sé verið að girða fyrir að gera þessi atvinnuleyfi að verzlunarvöru, að svo miklu leyti sem þau eru í höndum hinna einstöku bifreiðarstjóra, sem sjálfir vinna í þessari atvinnugrein, og það er vitað einmitt, að það er þeirra ósk að koma í veg fyrir slíkt og þeirra félags. Það er þarna líka um það að ræða, að það er allmikið af atvinnuleyfum í höndum eins einstaks manns, eins af helztu auðmönnum Reykjavíkur. Bifreiðastöð Steindórs hér í Reykjavík hefur um 50 atvinnuleyfi. Þess eru dæmi, þegar atvinnuleyfi eru seld nú, að þau seljast fyrir 15—20 þús. kr., og það getur varla verið meining Alþ., að það eigi beint eða óbeint að stuðla að því, að jafnvel einstakur stóratvinnurekandi fái alveg sérstaka einokunaraðstöðu með svona aðgerðum. Og þegar vitað er, að viðkomandi bifreiðarstjórafélag vill koma í veg fyrir, að atvinnuleyfin verði verzlunarvara, þá á sannarlega ekki að standa á Alþ. að gefa því vald til þess að hjálpa því til þess á allan hátt.

Ég verð að segja, að frá því „prinsipiella" sjónarmiði Sjálfstfl., ef hann hefði einhver „prinsip", fyndist mér þetta dálítið varhugavert, a. m. k. hvað Steindór snertir. Það gætu verið ýmsir fleiri, sem vildu koma sér upp slíkum bílstöðvum, og þetta er náttúrlega mjög mikil takmörkun á atvinnurekstri. En það getur nú verið, að Sjálfstfl. sé ekki eins mikið á móti einokun í slíkum hlutum og hann stundum lætur. Ég á þess vegna bágt með að skilja, af hverju verið er að hafa svona mikið á móti þessari síðari till. minni. Hins vegar hef ég orðið var við það, að sumir hv. þm. vilja gjarnan hafa annað orðalag á því, sem ég segi um, hvernig reglugerðin skuli sett. Í till., eins og hún er frá mér, stendur: „Og skal þeim þá ráðstafað samkv. reglugerð, sem viðkomandi bifreiðarstjórafélag setur og staðfest hefur verið af samgmrh." Ég gæti alveg eins hugsað mér að hafa þann hátt á, að í staðinn fyrir tilvísunarsetninguna þarna: „sem viðkomandi bifreiðarstjórafélag setur og staðfest hefur verið af samgmrh." komi: sem samgmrh. setur samkv. tillögum viðkomandi bifreiðarstjórafélags, — sem að mínu áliti mundi þýða það sama, en er hins vegar venjulegra orðalag í lögum, ef mönnum finnst það heppilegra. Og ég vil leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. um, að orðalagið á þessari tilvísunarsetningu breytist þannig, að í stað þessara orða í till. komi: sem samgmrh. setur samkv. tillögum viðkomandi bifreiðarstjórafélags, — en að mínu áliti hins vegar kemur það út á eitt hvað merkinguna snertir.

Ég álít, að það hefði verið mjög heppilegt, að það hefði verið hægt að fresta þessari umr. og athuga, hvort ekki væri hægt að hafa nokkurt samráð um að orða þetta litla frv. þannig, að ekki gæti orkað neitt tvímælis um, hvað í því væri. Ég vil þess vegna eindregið styðja þá till. og þau tilmæli, sem fram hafa komið til hæstv. forseta, um, að þessari umr., sem er 3. umr. málsins, verði frestað. Ég vil vekja athygli á því, að þetta er 127. mál þingsins og er nú við síðustu umr. hér í Nd. Á sama tíma liggja hér frumvörp, sem búin eru að liggja í þrjá mánuði og meira hjá nefndum í þessari hv. d. og fást ekki afgreidd enn, og það mjög þýðingarmikil frv. Það kann að vera rétt, að með tilliti til slælegrar framgöngu slíkra nefnda sé lofsvert, að það skuli þó vera ein n., sem kemur fram með frv. í þinginu og virkilega drífur það áfram. En ég held, að það sé gott að hafa það ekki ýmist of eða van, heldur fara þarna fram með nokkurri hófsemi, þannig að við þeim frv., sem eru búin að hvíla sig þrjá mánuði í n., sé nokkuð stjakað og þau látin koma fram í þinginu, en að um frv., sem hefur lítið verið rætt í þinginu og er nýkomið fram og allmikill ágreiningur og mismunandi skoðanir virðast um, sé gefið tækifæri til þess að reyna að ganga þannig frá því, að því yrði tryggður framgangur í þinginu.

Ég vil vekja athygli hv. samgmn. á því, að þó að mjög vinsamlega hafi verið tekið í þetta frv., um leið og bent hefur verið á ýmislegt, sem betur mætti fara í því, þá er þetta frv. ekki öruggt í gegnum þingið, ef ekki er haft gott samkomulag við alla þá aðila, sem vilja lagfæra þetta frv. og ganga þannig frá því, að það væri ekki Alþ. til vansa. Ég vil þess vegna eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr., slíti ekki umræðunni. Það vakir alls ekki fyrir mér að tefja fyrir þessu máli á neinn hátt. Ég hef lýst yfir minni afstöðu til þess. En hins vegar legg ég áherzlu á, að þessar brtt., sem ég hef flutt, verði samþ., vegna þess að ég álít, að frv. verði ekki viðunandi með öðru móti, og ég álít, að það væri heppilegast, að hægt væri að ná slíku samkomulagi við hv. samgmn., að framgangur þess væri öruggur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 380,2) samþ. með 20 shlj. atkv.

**Forseti (SB):** Varðandi ósk hv. 2. þm. Reykv. um að fresta umr. nú vil ég aðeins endurtaka það,

sem ég áður sagði úr ræðustól f. h. nefndarinnar, að ég tel eðlilegt að koma þar til móts við óskir hv. þingmanna í þessu efni, að umr. verði nú lokið, en atkvgr. um málið frestað, þannig að hv. þm. hafi hinar skriflegu brtt. prentaðar fyrir sér. Ég vil geta þess, að frá því að 2. umr. fór fram um málið eru liðnir fjórir dagar, þannig að hv. þm. hefur gefizt mjög gott tóm til þess að athuga þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 355, 352, 361, 379, 380).

ATKVGR.

Brtt. 361 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 380,1 samþ. með 16:3 atkv.
— 352,1, svo breytt, felld með 13:10 atkv.
— 379 samþ. með 19:3 atkv.
— 380,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 352,2, svo breytt, felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞG, HÁ, HV, HelgJ, JörB, KGuðj, LJós, PÞ, GMM, BergS, EggÞ, EOl.

**nei:** GTh, IngJ, KS, JPálm, JS, JR, MJ, SÁ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, SB.

SkG, StgrSt, ÁB, BÓ greiddu ekki atkv.

6 þm. (KJJ, ÓTh, PO, GilsG, GíslG, GJóh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GTh, GÞG, IngJ, KS, JS, JR, MJ, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, SB.

**nei:** BÓ, EOl, HV, HelgJ, JPálm, JörB, KGuðj, LJós, PO, GMM, BergS.

HÁ greiddi ekki atkv.

5 þm. (GilsG, GíslG, GJóh, KJJ, ÓTh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Einar Olgeirsson:** Þetta frv. hefur verið til umræðu nokkurn tíma hér í deildinni, og brtt., sem ég hef gert við það og miðuðu að því að tryggja bæði rétt bílstjóra og rétt almennings við afgreiðslu þessa máls, hafa báðar verið felldar, önnur með 13:10 atkv., hin með 13:12 atkv. Ég álít, að þessi afgreiðsla sýni, að það er ekki rétt fyrir d. að afgreiða þetta mál á því stigi, sem það núna stendur. Ef þetta mál á að verða affarasælt, þá held ég þess vegna, að d. eigi að taka þetta í nýrri mynd til athugunar, og greiði þess vegna atkv. á móti afgreiðslu frv. og segi nei.

**Hannibal Valdimarsson:** Með tilliti til þess, að ég tel affarasælla, að félög bílstjóra geri ráðstafanir á félagslegum grundvelli til þess að ná fram svipaðri vernd og farið er fram á í þessari lagasetningu, en lagasetning getur verið óheppileg og hættulegt fordæmi, sem leiðir til þess að takmarka frelsi á vinnumarkaðnum og mundi bitna á öðrum vinnustéttum, segi ég nei.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég tel, að það geti verið varhugaverð stefna að takmarka atvinnufrelsi manna. Hitt mun rétt vera, að það hefur verið óþarflega og óheppilega mikil aðsókn að þeim störfum, sem hér er um að ræða, á þeim tíma sem vantar menn til ýmissa annarra starfa í þjóðfélaginu. Frv. þetta er í heimildarformi, og ég lít svo á, að þó að samgmrh. noti heimildina, ef frv. yrði samþ., þá geti hann hvenær sem er afnumið þá takmörkun, sem gerð verður. Ég tel, að það ætti að gera frekar en að færa slíkar takmarkanir út á víðara svið og einnig ef sérstakir annmarkar koma í ljós við þessar takmarkanir. Í trausti þess, að þannig verði á málinu haldið, segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 38. fundi í Sþ., 23. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 395).

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 395, n. 526, 527).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. 16. febr. 1953 voru samþ. lög um leigubifreiðar í kaupstöðum. Samkv. þessum lögum var bæjarstjórn heimilt, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefði viðurkenningu bæjarstjórnar. Enn fremur segir í þessari gr., að bæjarstjórn sé enn fremur, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga og samþykki samgmrn., heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík, og er þar sagt, að samgmrn. setji reglugerð með nánari ákvæðum um þessa takmörkun. Reglugerð um þessi lög var síðan sett í desember sama ár.

Eins og ég hef tekið fram, er þarna heimild til þess að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Nú sneri Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill sér til hv. samgmn. Nd. á yfirstandandi þingi og fór þess á leit við n., að hún flytti frv., sem fæli það í sér, að einnig væri heimilt að takmarka fjölda fólksbíla, m. ö. o. fjölda leigubifreiða, í Reykjavík, hvort heldur eru fólks- eða vörubílar, m. ö. o., að þarna kæmi inn viðbótarheimild, sem gripi til fólksbifreiðanna, í staðinn fyrir að hin fyrri lögin voru eingöngu um vörubifreiðar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af samgmn. hv. Nd. að beiðni — eins og ég tók fram — stjórnar Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, og er bréf stjórnarinnar prentað sem fskj. með frv. og hefur inni að halda rök fyrir nauðsyn þess, að þetta verði gert að lögum.

Eins og frv. var fyrst lagt fram í hv. Nd., var farið fram á, að lögfest yrði heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík eingöngu, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga, en breyttist í meðförum Nd. á þann hátt, að heim-

ildin skyldi einnig ná til Hafnarfjarðar, Akureyrar og Siglufjarðar. Viðkomandi alþm. fluttu um þetta brtt., sem voru samþ., og þannig kom frv. til þessarar hv. deildar.

Samgmn. þessarar d. hefur haft þetta mál til athugunar á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þskj. Einn nm., hv. 2. þm. S-M., var ekki á fundi, þegar málið var endanlega afgreitt.

Brtt. n. eru á þskj. 527, og vil ég nú leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær.

Fyrri brtt. er í tveimur liðum, a- og b-lið. Í a-lið segir, að fyrir orðin „hlutaðeigandi stéttarfélaga“ kemur: hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar. Og í b-lið segir, að á eftir orðunum „stunda leigubifreiðaakstur“ komi: og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi. 1. gr. yrði þá, ef þessar brtt. n. yrðu samþ., á þessa leið:

„Samgmrn. er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði, á Akureyri og á Siglufirði, hvort heldur eru fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt hafa stundað leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.“

Önnur brtt. n. er sú, að á eftir 1. gr. komi ný grein, sem hljóði svo:

„Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkv. lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgmrh. setur, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélags. — Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.“

Þetta má nú ef til vill segja að hefði mátt setja í reglugerð, og Nd. sá ekki ástæðu til þess að taka upp neitt í þessa átt, en n. féllst á það undir meðferð málsins, að réttara væri, að það kæmi fram í lögunum, hvað fyrir henni vekti, ef þessi lög yrðu samþykkt. Það er m. ö. o. ákveðið í þessari seinni gr., að leyfi til leigubifreiðaakstursins samkv. lögum þessum megi einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem sett verður. Þá segir einnig, að í reglugerðinni skuli ákveðið, eins og ég tók fram áðan, „að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.“

Nú segir í 1. gr., að óheimilt sé að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur, þegar lögin taka gildi. En með þessu seinna ákvæði er ákveðið, hverjir fá leyfi til leigubifreiðaaksturs, eftir að reglugerð hefur verið sett í fyrsta sinn, þ. e. a. s. allir, sem stunda þennan atvinnurekstur á lögmætan hátt, þegar lögin taka gildi. Ákvæðið í annarri till. n. á þess vegna aðallega við þau leyfi, sem af einhverjum ástæðum losna, eftir að lögin hafa tekið gildi, og er sagt, að þeir, sem áður hafa stundað leigubifreiðaakstur, sitji fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Það, sem vakti fyrir n. að víkja frá fastri reglu um starfsaldurinn, var það, að svo gæti staðið á í einstaka tilfellum, að maður væri ekki fær um eða illa fær um að stunda aðra atvinnu en bifreiðaakstur, og væri þá sanngjarnt, að eldri umsækjendur yrðu látnir víkja fyrir slíkum manni, þó að yngri væri sem bifreiðarstjóri. Það er m. ö. o. ætlazt til þess, að þetta verði skýrt tekið fram í væntanlegri reglugerð, sem um þetta yrði sett.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um frv. sjálft og brtt., sem samgmn. leggur til að verði samþ., og eins og ég tók fram áðan, leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum, en einn nm., hv. 2. þm. S-M., var ekki á nefndarfundi, þegar málið var endanlega tekið til afgreiðslu.

Það hefur komið fram, að nokkuð eru skiptar skoðanir um þetta mál, og er það í sjálfu sér ef til vill ekki óeðlilegt. Það, sem fram hefur komið opinberlega af mótmælum um þetta mál, er frá starfandi bifreiðarstjórum á bifreiðastöð Steindórs, en mótmæli þau hafa legið frammi á lestrarsal nú um nokkurn tíma. Þá barst í gær, eftir að n. hafði gengið frá nál. og gengið frá málinu að öllu leyti frá sinni hendi, bréf frá bifreiðarstjórum í strætisvagnastjóradeild Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, og mótmæla þeir eindregið, að frv. þetta nái samþykki, og skora á hv. Ed. Alþ., eins og segir í formála bréfsins, að fella málið.

Mér þykir rétt aðeins að minnast á þetta, vegna þess að þetta bréf hefur ekki legið frammi á lestrarsal. Það er sent til samgmn. beint, kemur í mínar hendur í gær, og ég hef ekki haft möguleika til þess að kalla nefndina saman til þess að kynna henni þessi nýju mótmæli, sem þarna koma fram. En það, sem segir í formála fyrir þessu bréfi, finnst mér vera nokkuð á misskilningi byggt, þannig að þeir hafi ekki verið búnir að kynna sér nákvæmlega þetta mál eins og það nú liggur fyrir, þar sem þeir segja, að ef frv. þetta yrði samþ., geri þeir ráð fyrir, að þá yrðu bifreiðarstjórar strætisvagnastjóradeildar Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils sviptir rétti til þess að mega stunda leigubifreiðaakstur, en í brtt. n., eins og ég hef þegar tekið fram, er það skýrt tekið fram, að enginn, sem stundar þennan atvinnurekstur á lögmætan hátt, þegar lögin taka gildi, skuli sviptur þeim rétti. Ummæli þessara manna um þetta atriði virðast því ekki á rökum reist.

Að öðru leyti vil ég ekki fara mikið út í þetta mál á þessu stigi. Það gefst ef til vill tækifæri til þess síðar að athuga það, en ég vildi sem sagt aðeins minnast á þetta bréf, þar sem það er svona undir komið eins og ég hef lýst og seint fram komið. Ég vil endurtaka það, að samgmn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hún hefur gert á því og ég hef nú skýrt.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það var hér í fyrra, eins og menn muna og eins og frsm.

þessa frv., sem hér liggur fyrir, tók fram, samþ. frv. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Því frv. hefur ekki nema að litlu leyti verið framfylgt, og afleiðingin af því er nú sú, að því er ég bezt fæ skilið, að þetta frv. er fram komið. Ég hef ekki heyrt önnur aðalrök fyrir þessu frv. en að þeir bílstjórar, sem nú ræku bíla hér í Reykjavík sem leigubílstjórar, væru mjög illa haldnir með sín laun fyrir svokölluðum „hörkurum", en „harkarar" er nafn á mönnum, sem keyra ekki frá neinni stöð, heldur gera sér að atvinnu að keyra lausa bíla seinni hluta dags og aðallega á kvöldin og ná þá í það, sem þeir geta af fólki. Þeir segja, að þessir „harkarar" taki svo mikið frá sér af sinni vinnu, að þeir hafi ekki nóg fyrir sig að leggja af þeim akstri, sem þeir nú hafa, og þess vegna vilji þeir láta takmarka fjölda þeirra, sem mega keyra bíla í Reykjavík.

Í þessu sambandi vil ég fyrst benda á það, að 1. gr. frv. í fyrra gefur bænum, þ. e. meiri hluta bæjarstjórnarinnar, alveg ótvírætt rétt til þess að banna öllum að selja fólksflutninga í bílum, nema þeir séu skráðir á stöð og keyri frá stöð. Það hefur bara ekki verið notað. Hvort það hefur verið rætt í bæjarstjórninni og borið þar upp, það veit ég ekki, en hitt veit ég, að það er ekki notað, og þess vegna eru „harkararnir" til og keyra enn. Svo á að bjarga málinu með því einu að fara að skerða atvinnurétt manna hér á landi og þannig ganga í berhögg við stjórnarskrána, en 69. gr. hennar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til."

Þá er spurningin: Er hér um almenningsheill að ræða? Er það almenningsheill, að ég þurfi að bíða upp undir 10 mínútur, þegar ég bið um bíl einhvers staðar úti í bæ, af því að allir bílar séu uppteknir, en það á að gera þá bið enn þá lengri með því að takmarka mennina, sem mega keyra? Er það almenningsheill, sem hér er um að ræða, eða ekki? Ég hygg, að það muni enginn heimfæra þetta undir almenningsheill, og það er því beint brot á stjórnarskránni, brot á atvinnufrelsi manna, að fara að ákveða, hvað margir menn megi vera bílstjórar í stærstu bæjunum hér á landi.

Nú skal ég viðurkenna það og kannske manna fyrstur hér í d., að ég tel, að atvinnuskipting þjóðarinnar sé ákaflega óheppileg, og ég tel, að hæstv. Alþ. eigi sinn hlut að því og hann verulegan, hvernig hún hefur breytzt núna á síðari árum. 1930 voru 35.8% af þjóðinni, sem lifðu á landbúnaði; 1950 eru það 19.9%. 1930 voru það 16.7%, sem lifðu á sjávarútvegi; 1950 eru það 10.8%. En 1930 voru það 18.9%, sem lifðu á iðnaði og iðju, en nú er það 21%. Nú skal það strax játað, að tveir fyrstu flokkarnir þarna eru þeir eiginlegu framleiðsluflokkar í þjóðinni; það eru þeir flokkar, sem vinna þá „pródúktívu" vinnu, sem þjóðfélagið lifir á, en partur af þriðja flokknum, iðnaðarmönnunum, sem hefur fjölgað úr 18.9 og upp í 21%, gerir það líka, því að þeir vinna að því að gera verðmætari þá vinnu, sem hinir flokkarnir framleiða, eins og í hraðfrystihúsunum, tóvinnuvélunum o. s. frv. En það er ekki nema partur af þeim, sem gerir það; hinir vinna bein þjónustustörf, eins og rakararnir, skraddararnir, hárgreiðslukonurnar, skóararnir o. s. frv., o. s. frv. Það er ekki núna nema kringum þriðjungur af þjóðinni, sem vinnur að þeirri „pródúktívu" vinnu, sem öll þjóðin á að lifa á. Hinir vinna að öðru. Ég get þess vegna fullkomlega skilið það, að mönnum detti í hug að reyna að breyta þessu og fá meira af þjóðinni yfir í „pródúktívu" vinnuna heldur en núna er, en þá á ekki að byrja á bílstjórunum.

Mennirnir, sem lifðu á atvinnu við að sjá um samgöngumál þjóðarinnar, voru á millilandaskipunum, sem fluttu fólk og vörur, á bílunum o. s. frv., voru 1930 7%, en eru núna 9%. Þó að bílunum hafi fjölgað um allan þann fjölda, sem þeir hafa gert núna, og þó að millilandaskipunum hafi líka fjölgað og séu margfalt fleiri menn á þeim en voru 1930, þá hefur þeim bara fjölgað um 2%, sem af þessu lifa, og það er langt frá því, að við eigum að byrja á því að fækka þeim mönnum, ef við viljum fara að brjóta stjórnarskrána og ákveða með löggjöf, hvað hver einstakur þegn í þjóðfélaginu á að vinna. Miklu nær væri að fækka þeim mönnum, sem lifa á verzluninni.

Núna lifir einn maður, sem stundar verzlun, á því að selja 9 mönnum öðrum vörur. Hvort það er heillavænlegt fyrir þjóðarheildina, að verkaskiptingin sé þannig, það veit ég ekki. Ég held það ekki. Ég veit ekki, hvað miklar tekjur meðalmaðurinn, sem verzlar, þarf til að lifa af. En ef við segjum, að hann þurfi t. d. 36 þús., þá eru það 4 þús., sem hann þarf að taka frá hverjum manni, sem hann skiptir við, í meðalálagningu til þess að geta lifað, til þess að hafa svona tekjur. Ef við setjum hann upp í 45 þús., sem ég get vel trúað að meðalmaður í verzlun þurfi, þá deilir maður 9 í það eða 10, ef við reiknum sjálfan hann með, þá eru það bara 4500 kr., sem hann þarf að taka í umsetningu af hverjum manni, sem hann verzlar við. Það er hægt að rífast um það og tala um það, að þurfi að lækka útsöluverð vara og minnka umsetningu, en það verður að taka meinið niður við sjálfan botninn, og það verður að láta fleiri menn fara í þá „pródúktívu" vinnu og færri vera við að afhenda vörurnar við búðarborðið. Ég gæti verið með í því að styðja að því, að verzlunarfólki fækki, og það á það að gera langt á undan bílstjórunum.

Alveg sama er að segja um mennina í þjónustunni. Þeir voru ekki nema 10% 1930, en þeir eru 11.8% núna. Embættismennirnir og mennirnir, sem lifa á þessari opinberu þjónustu í skrifstofum og annars staðar, eru orðnir 11.8%. Það er ekki nokkur þörf á því að mínum dómi, en ég get vel verið með því að setja einhverjar skorður, en ekki beinlínis að banna það, því að það getum við aldrei gert að mínum dómi.

Ég álít, að við getum aldrei bannað mönnum að stunda þá atvinnu, sem þeir vilji. Við setjum ýmsar skorður, við heimtum ákveðin próf af þeim, sem ætla að verða prestar, læknar, „praktisera" í lögfræði o. s. frv., o. s. frv. Við setjum ýmsar svoleiðis skorður, bílstjóraþróf, meira bílstjóraþróf, mótorþróf og stýrimannaþróf o. s.

frv., til þess að menn fái að gera þetta og þetta, en þegar menn eru búnir að fá þau próf, hafa þeir þau réttindi, sem þeim fylgja, og að fara þá að setja skorður og segja: Nei takk, það mega ekki vera nema svona margir menn, sem vinna að þessu, — það tel ég algera fjarstæðu. Við höfum legið iðnaðarstéttunum á hálsi fyrir það að vera búnar að hálfloka að sér með sínu iðnaðarnámi. Að minnsta kosti hef ég alltaf hér í þinginu og ýmsir fleiri, t. d. þm. Barð., hæstv. forseti í þessari deild, verið á móti því að gefa þeim möguleika til þess að gera það. Þeir hafa fengið það, og þeir hafa gert það. Þeir hafa hálflokað iðnaðarstéttunum, svo að á tímabili, á meðan ekki var eins mikið um byggingarleyfi og núna hefur verið síðustu árin, lá við, að væri beinlínis hörgull á iðnaðarmönnum. Ég álít það illa farið. En að Alþ. sjálft ekki bara færi að gefa mönnum leyfi til þess arna, heldur sjálft að ákveða, hvað margir menn megi stunda þessa og hina atvinnu í landinu, það nær ekki nokkurri átt. Nú er sagt t. d., að sé svo þröngt sums staðar við bryggjur í landinu, að það sé eiginlega ekki hægt að bæta við útgerðina. Ættum við þá ekki að ákveða, hvað margir bátar mættu róa á þessum stað? Það komast ekki fleiri við bryggjurnar, það er engin ástæða til þess að hafa fleiri. Það kann að vera, að það vanti menn hingað og þangað til að vinna við útgerðina. Eigum við þá ekki bara að segja: Ja, nú fá ekki fleiri menn að róa úr þessu plássi heldur, nema með þessum sjómönnum, sem til eru í því, fleiri fá ekki að gera út þar?

Þetta er allt eðlileg afleiðing, ef gengið er inn á þessa braut á annað borð, að fara að skipta sér af því á Alþingi, hvaða atvinnu einstakir menn í þjóðfélaginu starfa að. Ég álít það hreinustu fjarstæðu. Og ég álít meira: Ég álít eiginlega, að það sé til hálfgerðrar skammar fyrir Alþ. að koma fram með svona frv., að sýna þann vilja sinn að vilja fara að takmarka, að hverju menn vinni. Það er hægt að reisa skorður, eins og við gerum með prófum og leyfum, menn þurfa að kaupa sér rétt til þess að verzla o. s. frv., kaupa verzlunarréttindi, menn þurfa að sýna próf til að geta fengið þessa og þessa atvinnu, en þegar þau gögn eru í lagi, þá á sá, er þau hefur, að fá leyfi til að stunda hana hvar sem hann vill og eftir þeim lögum, sem annars gilda í þjóðfélaginu. Að segja við manninn: Jú, góði, taktu nú meirapróf. Þú hefur leyfi til að taka meirapróf og kosta þig í þau, en þú færð bara ekki að keyra, góði, þegar þú ert búinn að taka það. Nei takk. Það eru nógir menn fyrir í atvinnunni, og þú færð ekki að keyra, þegar þú ert búinn að taka það. Láttu það bara vera. Við bönnum það, — það álít ég að nái ekki nokkurri einustu átt. Þess vegna er ég alveg á móti þessu frv., og gæti reyndar tínt til margt meira, sem gerir, að ég er á móti því, en ég álít, að þetta sé nóg. Og ég held nú satt að segja, að forseti eigi að gá vel að sér, áður en hann lætur bera þetta frv. upp hér í d. til úrskurðar, því að það er brot á stjórnarskránni. Ég ætla ekki að heimta af honum neinn úrskurð um það. Úrskurðurinn gengur út á það, hvort það sé almenningsheill, að það keyri svona margir menn í Reykjavík eða svona margir menn á Siglufirði bíla á leigu eða ekki. Er það almenningsheill? Er það almenningsheill, að það séu nákvæmlega 30 á bílastöðinni á Siglufirði, en ekki 32 eða einhverjar aðrar tölur? Hvar liggja þau takmörk? Ég held, að það sé ómögulegt undir neinum kringumstæðum að túlka það sem almenningsheill.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ræða hv. þm. N-M. gæfi vissulega tilefni til ýmissa hugleiðinga og athugasemda. En mér finnst nú varla, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, gefi tilefni til þess að ræða um það í alvöru, hvort tímabært sé eða nauðsyn til að setja almennar reglur eða löggjöf um það, hvernig landsfólkið skuli skiptast niður í hinar mismunandi atvinnugreinar. Það mál, sem hér um ræðir, er svo lítill þáttur í því miklu stærra máli, sem hv. ræðumaður drap á, að það gefur varla tilefni til að fara út í almennar umræður um það. En lokaorð hans í ræðu sinni áðan, að það væri þýðingarlítið að leyfa mönnum að taka próf, sem gæfi rétt til bifreiðaaksturs, leigubifreiðaaksturs, ef svo ætti að banna þeim að stunda þessa atvinnu, virtust vera byggð á misskilningi. Ég hygg, að það sé réttur skilningur minn, að þetta frv. sé eingöngu bundið við það að stunda akstur með eigin bifreið, þ. e. a. s., að bifreiðarstjórinn leggi sér sjálfur til atvinnutækið, því að það hefur engin áhrif á starfsemi þeirra bifreiðarstjóra, hygg ég, sem starfa t. d. við stöð eins og bifreiðastöð Steindórs, þar sem þeir eru að vinna fyrir ákveðið kaup, en bifreiðarnar eru gerðar út af eiganda stöðvarinnar. Þeir halda að sjálfsögðu sínum réttindum til þess að stunda leigubifreiðaakstur í þjónustu annarra manna, þó að þetta frv. hér verði að lögum.

Það, sem hér er um að ræða, er því aðeins að setja vissar takmarkanir fyrir því, að menn geti stundað bifreiðaakstur á eigin bifreiðum, þ. e. a. s. með eigin útgerð, umfram það, sem til er ætlazt í lögunum.

Ég skal fullkomlega játa, að það er nokkuð til í því, sem hv. þm. hélt hér fram, að það er að ýmsu leyti varhugavert að setja slíkar takmarkanir sem þessar, vegna þess að það getur farið svo, að sá hópur manna, sem stundar þessa atvinnu, hafi tilhneigingu til þess að loka að sér og skapa þannig óeðlilega sterka aðstöðu til að taka of háa greiðslu fyrir sína þjónustu. Hins vegar virðist mér, að brtt. hv. n. dragi úr þessari hættu.

Fyrsta brtt. er þess efnis, að þegar ríkisstj. setur reglur um fjölda bifreiða, þá eigi ekki einasta að fá tillögu frá hlutaðeigandi stéttarfélögum, heldur einnig meðmæli bæjarstjórnarinnar. Þ. e. a. s., það eru þrír aðilar, sem koma til, áður en þessi takmörk eru ákveðin. Í fyrsta lagi koma tillögur frá þeim, sem atvinnuna stunda, í öðru lagi sé leitað umsagnar bæjarstjórnar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, og loks er á valdi ráðherra að meta það, hvort þessi takmörkun sé eðlileg.

Ég tel, að þessi breyting frá hv. samgmn. sé til bóta og að miklu minni ástæða sé til að óttast, að þessi takmörkun valdi erfiðleikum og vandræðum, ef sú till. verður samþykkt.

Það er ekkert óeðlilegt, að stéttarfélagið sjálft geri sínar tillögur um, hvað það álítur um, hvað eðlilegt sé að margir stundi þessa starfsemi. Síðan er það hlutverk hlutaðeigandi bæjarstjórnar, sem á sjálfsagt að þekkja bezt til í bænum, að segja sitt álit, og loks er svo samgmrh. að ákveða þá endanlegu niðurstöðu. Ég held, að það sé núna þannig frá þessu gengið, að það sé a. m. k. engan veginn meiri hætta en nú er og jafnvel öllu minni á því, að þessi takmörkun verði misnotuð. Þessi brtt. er því að minni hyggju til bóta.

Um b-liðinn hef ég ekkert að segja. Það er nánast orðalag. Það hefur að sjálfsögðu verið skilið svo, að gert væri ráð fyrir því, enda mun það almennt vera svo, að bifreiðarstjórarnir eru meðlimir í sínu stéttarfélagi, svo að það er víst engin breyting frá því, sem nú er.

Í sambandi við till. um nýja gr. til viðbótar langar mig til að spyrja hv. frsm. í fyrsta lagi: Með hverjum hætti hugsar n. sér að það verði tryggt, að atvinnuleyfin geti ekki orðið verzlunarvara? Ég spyr þessa að gefnu tilefni. Það er vitað, að stöðvarpláss núna ganga kaupum og sölum fyrir býsna háar upphæðir, mér er sagt 15—20 þús. kr. á þeim stöðvum, sem hafa starfað hér í nokkur ár. Nú mun vera ný stöð að byrja sína starfsemi, og er mér ekki kunnugt um, hvort hún tekur nokkur ákveðin gjöld eða hvort það er með öðrum hætti. En ég hygg, að eldri stöðvarnar hafi heimtað ákveðna greiðslu til þess að hleypa mönnum inn á stöðina.

Ég þekki þetta nokkuð, vegna þess að Tryggingastofnunin hefur nú upp á síðkastið veitt nokkrum öryrkjum lítils háttar lán til þess að eignast bifreiðar og stunda bifreiðaakstur frá stöð. Mér er kunnugt um, að ýmsir þessara manna, hafi þeir ekki haft stöðvarpláss áður, hafa þurft að greiða milli 10 og 20 þús. kr. til þess að komast inn á stöðina. Þetta er að minni hyggju fjarri öllu lagi og skynsemi, að stöðvunum geti haldizt þetta uppi.

Hér er sagt í 2. brtt., að girt skuli fyrir það, að atvinnuleyfi geti orðið að verzlunarvöru. En hv. frsm. gerði á engan hátt grein fyrir því, á hvern hátt þetta skyldi tryggt, og mér er ekki alveg ljóst heldur, hvernig það verður gert, ef ekki verður sérstakt eftirlit sett á stöðina með þetta og fylgzt með af opinberum aðila í hvert skipti, sem stöðvarleyfi flytjast á milli manna eða ný leyfi eru gefin út.

Í öðru lagi er gert í þessari grein ráð fyrir því, að þeir, sem stundað hafa akstur leigubifreiða, skuli sitja fyrir eftir starfsaldri, þegar leyfum er ráðstafað samkv. reglugerðinni, sem gert er ráð fyrir að setja. Í sjálfu sér finnst mér þetta ekki óeðlilegt. Mér finnst alveg eðlilegt, að ef bifreiðarstjóri, sem hefur stundað leigubifreiðaakstur fyrir kaup í annars manns þjónustu, eignast sjálfur bifreið, þá gangi hann fyrir ýmsum öðrum við að fá leyfi til að starfa með sinni bifreiðastöð. En mér finnst þetta þó nokkuð þröngt, vegna þess að mér finnst, að leigubifreið takmarki þetta of mikið. Strætisvagnar t. d. mundu ekki vera kallaðir leigubifreiðar. En er það ekki fullkomlega eðlilegt, ef strætisvagnstjóri eignast sjálfur bíl og vill taka upp akstur á eigin bifreið, að hann komi í svipaðri röð og aðrir, sem hafa stjórnað leigubifreiðum áður? Og sama mætti einnig segja um þá bílstjóra, sem hafa verið bílstjórar á langferðaleiðum, á „rútubílum“ svokölluðum, sem ég er ekkert viss um að falli undir þetta ákvæði. Ég ber ekki fram brtt. um þetta. En ég held vegna þess bréfs, sem hv. frsm. drap á að borizt hefði frá félagi strætisvagnstjóra, að eðlilegt sé, að athugað verði orðalagið á þessu, hvort ekki mætti hafa þetta nokkru rýmra. Ég sé engan mun á því, hvort bifreiðarstjóri hefur stundað leigubifreiðaakstur t. d. á stöð Steindórs og fái að koma inn í röðina samkv. því eða hvort hann hefur verið strætisvagnstjóri eða bílstjóri á langleiðabifreiðum. Mér finnst, að þessir menn ættu að koma til greina allir nokkurn veginn jafnt.

Ég tel, að þær brtt., sem fluttar eru af n., séu til bóta, og með þeim ákvæðum, sem sett eru nú í 1. gr. frv., eigi ekki að þurfa að óttast, að þessi takmörkunarréttur verði nokkuð misnotaður, þar sem það er bæði hlutaðeigandi bæjarstjórn og ríkisstj., sem hafa síðasta orðið um það, hversu stranglega takmörkununum er beitt.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það hljóta allir að vera sammála um, að það sé út af fyrir sig lítt æskilegt að setja slíka takmörkun á atvinnuréttindi manna eins og gerð er í þessu lagafrv., en þó dylst mér ekki, að ríkar ástæður hafi verið færðar fram fyrir nauðsyn þess. Og ef menn meta, að slík nauðsyn sé fyrir hendi, þá er það auðvitað mesti misskilningur, að það sé brot á stjórnarskránni að setja slíkar takmarkanir. Það er einmitt gert ráð fyrir því, ef nauðsyn er fyrir hendi, að þá sé heimilt að setja þær.

En ég tek undir það með hv. 4. þm. Reykv., að sérstök hætta hlýtur að skapast á því, að stöðvarleyfi séu seld. Og ég læt mjög uppi efa um það, að nokkurn tíma verði til fulls hindruð slík sala. Við þekkjum það frá öllum slíkum leyfisveitingum, að sala á leyfum á sér stað, og ég kann engin ráð til hlítar til að hindra það. Ég er því sammála, að gerð sé tilraun til þess, eftir því sem föng eru á, og ég skil brtt. n. svo, að samgmrn. eigi í reglugerð að setja þau ákvæði, sem það bezt veit til að koma í veg fyrir slíka misnotkun. Það er ekki á okkar færi í dag að segja til um, hvernig þau ákvæði eigi að vera í einstökum atriðum, en ég geri mér alveg ljóst, að hvernig sem að verður farið, þá verður mjög erfitt að komast fram hjá því, að einhver sala á réttindum kunni að eiga sér stað.

Um málið almennt skal ég ekki segja meira á þessu stigi, annað en það, að ég get ekki skilið, að það sé frekar hægt að standa á móti takmörkun á að aka leigubifreiðum til fólksflutninga heldur en á slíkum takmörkunum á leyfum til aksturs vöruflutningabifreiða. Mér skilst, að það hljóti svipaðar reglur að koma til greina um hvort tveggja, og ég sé mér ekki fært að standa á móti þessu, úr því að búið er að setja slíkar takmarkanir á um vörubifreiðarnar, enda er mönnum auðvitað mjög lítill greiði gerður með því að heimila þeim að stunda atvinnu, ef það verður til þess, að enginn hefur af því fullt

framfæri og allt lendir í margháttuðu öngþveiti. Einnig ber á það að líta, að hætta á lögbrotum í sambandi við þennan atvinnurekstur hlýtur mjög að fara vaxandi eftir því, sem erfiðara er fyrir menn að hafa ofan af fyrir sér með eðlilegum hætti við að stunda hann. — Ég tel þetta sem sagt ekki meiri takmörkun en þegar hefur átt sér stað varðandi vörubifreiðarnar og hefur átt sér stað varðandi langferðaleiðir, sem lúta sérleyfum og margir voru á móti, þar á meðal ég, þegar þau ákvæði voru sett, en ég játa það, að nú virðast engir vilja leggja til, að þær takmarkanir séu niður felldar, vegna þess að það hefur komið í ljós, að sú takmörkun, sem sett var, hefur orðið til góðs. Þó að henni séu ýmsir ókostir samfara, þá hefur hún frekar orðið til góðs en ills.

Þessi mál verður að skoða hverju sinni eftir því, sem atvik standa til, en ekki hægt að segja fyrir fram, að einhver ein allsherjarregla hljóti að gilda.

Ég hefði ekki tekið til máls um þetta málefni, ef ekki hefði komið fram brtt. frá hv. n., sem ég vildi óska nánari skýringar á og get ekki með neinu móti samþykkt, nema mér sé gerð fyllri grein fyrir henni en ég hef enn heyrt. Það er b-liður í fyrri brtt. nefndarinnar.

Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar 1. gr. frv. svo nú, niðurlagið:

„Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur, þegar lögin taka gildi.“

Í greininni, eins og hún er þarna orðuð, er mjög skýrlega tekið fram, að ekki megi skerða atvinnuréttindi, og réttindi eiga menn ekki, nema því aðeins að lög standi til. En til viðbótar er lögð á ríkari áherzla og sagt: „atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur“.

Mér virðist það alveg ljóst, að ef ætti að skerða réttindi manna, sem á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur, hlýtur mjög mikið að þurfa að koma til. En n. vill höggva hér skarð í og láta bæta við: „og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi“.

Ég tel, að þessi takmörkun sé ákaflega hæpin. Ef það er í fyrsta lagi, að mennirnir hafa atvinnuréttindi nú þegar, og til viðbótar, að þeir stunda atvinnuna nú þegar á lögmætan hátt, hvaða ástæða er til að krefjast nokkurs umfram það? Ég sé ekki, að löggjafinn geti út af fyrir sig gengið lengra en að krefjast þess tvenns, að maðurinn hafi atvinnuréttindi og hafi stundað atvinnuna á lögmætan hátt. Að gera frekari kröfur þarna finnst mér vægast sagt ákaflega hæpið. Ef mennirnir hafa fram að þessu haft þessi atvinnuréttindi og stundað aksturinn á lögmætan hátt án þess að vera í stéttarfélaginu, þá sé ég ekki, af hverju á að svipta þá þeim rétti héðan í frá. Ef stéttarfélagið hefur ekki haft aðstöðu til þess að takmarka þeirra störf fram að þessu, þá finnst mér ekki standast að gera það að þessu sinni. Og ég vil vekja athygli á því, að það er einungis miðað við þá, sem nú stunda atvinnuna á lögmætan hátt, þannig að það er ekkert miðað við framtíðina, heldur einungis miðað við þá, sem nú eru í þessu starfi.

Ég verð að segja, að ef ég fæ ekki frekari skýringar á því, af hverju þetta ákvæði er tekið inn, sem n. gerir nú brtt. um, þá finnst mér það með öllu óviðeigandi. Og mitt erindi hingað var að óska eftir skýringum frá hv. n. á þessu ákvæði, sem mér kemur mjög spánskt fyrir sjónir.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt, þó að þetta mál veki allmiklar umr. hér í þessari hv. d., svo miklu sem það kann að varða framtíðina, hvernig með þessi mál verður farið, og þá einkum og sér í lagi eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. ráðherra. Hann sagði hér beinlínis, að hann sæi sér ekki fært að greiða atkv. á móti þessu frv. vegna þeirra samþykkta, sem hefðu verið gerðar hér á síðasta þingi um þessi mál. Það bendir til þess, að hugur hans hefði verið allt annar, ef Alþ. hefði ekki verið búið að marka þessa stefnu með lögunum í fyrra. En einmitt þessi aðvörun ráðherra gefur tilefni til þess, að ekki einungis hv. d., heldur og hv. n. hugsi nokkuð um, hvað hún er að gera, áður en hún leggur til, að svona frv. verði samþykkt. Mér finnst, að það hefði verið eðlilegra, og ekki hvað sízt nú, eftir að þessi yfirlýsing kom frá hæstv. ráðh., að það hefði komið brtt. við frv., við 1. gr., að gr. orðist þannig: „Lög nr. 23 16. febr. 1953 skulu falla niður.“

Hér er raunverulega verið að fara inn á braut, sem við vitum ekki hvenær eða hvar við stöðvum okkur á. Og ef það á að verða framvegis þannig, að jafnvel hæstv. ráðherrar koma upp og segja: Við treystum okkur ekki til að vera á móti því að halda lengra áfram inn á brautina, af því að Alþ. hefur áður markað stefnuna — þá er sannarlega rétt að spyrna við fæti og athuga, hvort við eigum ekki að fella þetta frv. einmitt af þeim ástæðum.

Mér finnst, að alveg burt séð frá því, hvort þörf er á að fækka á einn eða annan hátt aðstreymi að þessari stétt á einum eða tveimur eða fleiri stöðum í landinu, þá verði fyrst og fremst að gera sér það ljóst, inn á hvaða braut Alþ. er að fara með slíkri löggjöf eins og hér er verið að setja og eins og hæstv. ráðh. minnti réttilega á að sett var hér í fyrra á Alþingi. Ef það er hugsun Alþ. almennt að fara lengra og lengra inn á þá braut að skipta þjóðinni í stéttir og ákveða, hvað margir menn megi vera í hverri stétt, og miða það þá við aðsóknina að stéttinni, eins og virðist vera gert hér, og fara þá síðan enn lengra inn á þá braut með því að skipa í einhverjar aðrar stéttir mönnum, sem bægt er frá þeim stéttum, sem verið er að loka, þá er það orðið mikið vandamál fyrir Alþ. frá mínu sjónarmiði. Sýnist mér það þá mikill misskilningur hjá 4. hv. þm. Reykv., að þetta litla frv. gæfi ekki tilefni til þess að ræða málið á þessum grundvelli. Ég álít einmitt, að hér sé tími til að ræða málið á þessum grundvelli og á engum öðrum grundvelli, — því að ef á að stöðva aðgang að þessari stétt hér í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum á landinu bara af því að það er tímafyrirbæri, að stéttin sé þar of fjölmenn nú, þá á að fara einhverjar aðrar leiðir til þess að bæta úr því heldur en þá leið, sem hér er lagt til að sé farin.

Við skulum hugsa okkur, að í framtíðinni komi, eins og hv. 1. þm. N-M. benti á, mjög sterk sókn frá iðnaðarmönnum, sem við raunverulega vitum að er þegar hafin, um að loka enn meira þeirri stétt. Henni var lokað hér á einu tímabili þannig, og við það kom mjög mikill kyrkingur í stéttina, þar sem iðnaðarmennirnir lokuðu gersamlega fyrir nýja iðnnema, og það varð þjóðinni raunverulega til stórtjóns. Svo skulum við hugsa okkur, að einn góðan veðurdag taki bændur sig saman, ekki um allt land, heldur taki þeir sig saman í einhverjum ákveðnum hreppi með tilliti til laga um ítölu og segi: Þar sem nú er orðið þröngt í okkar beitilandi, skulum við skrifa undir skjal og heimta, að það sé borið fram í landbúnaðarnefnd frv. um, að það megi ekki vera fleiri býli í byggðinni en okkur sýnist, svo að við getum stækkað okkar bú og stækkað okkar afrétt. — Svo komi búnaðarfélögin og samþykki slíkt um allt land, að nú væri orðin svo mikil framleiðsla á mjólk og kjöti í landinu, að sýnilegt væri, að stéttin þyldi ekki fleiri búendur, þar sem ekki væri fært að skapa öruggan markað fyrir meira magn. Og það er ekki langt frá því, að við séum komnir á það stig, með vaxandi tækjum og vélakosti. — Þá kæmu þeir til þingsins og segðu: Nú viljum við láta fækka býlunum og fá stærri jarðir, og á sama tíma krefjumst við þess, að við einir sitjum að markaðnum, og þá getum við sett okkar verð eins og okkur sýnist.

Sama má segja um allar aðrar stéttir í landinu, og þá erum við komnir inn í slíkt öngþveiti, að ekki er stætt lengur á því, og þá getur enginn staðið upp, ekki heldur hæstv. ráðh., og sagt: Ja, nú fylgi ég þessu, af því að það hefur verið gert áður. — Þá koma væntanlega nægilega margir vísir menn og segja: Nú stöðvum við þessa vitleysu. — Það er áreiðanlegt, að þessi braut, sem við erum að fara inn á hér, er röng í eðli sínu. Og það er einnig áreiðanlegt, að það er hægt að laga þessi mál á einhvern annan óskaðlegri hátt, ef hv. samgmn. vill virkilega hugsa það mál og brjóta heilann um þau atriði. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram sem almenna umr. um málið, úr því að það er hér til umr.

Þá er annað atriði, sem ég vildi minnast hér á. Í frv., eins og það er lagt fyrir hv. Nd. á þskj. 278, er birt fylgiskjal í grg., þar sem sagt er, að þetta frv. sé flutt samkvæmt ósk stjórnar Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils. Síðan er birt hér sem fylgiskjal bréf, dags. 24. nóv. Auk þess hefur hv. frsm. skýrt frá því hér, að þetta hafi einnig komið fram hjá nefndinni, sem hafði með þetta að gera, að þetta sé ósk stjórnar Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og að Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill eða stjórn þess hafi verið á fundum með nefndinni, eins og segir á þskj. 526. Nú er það vitað, að þetta er ekki rétt. Mér hefur verið tjáð hér í dag af mönnum, sem sitja í stjórn þessa félags, að þetta mál hafi aldrei verið rætt, hvorki í félaginu Hreyfli né á stjórnarfundi í Hreyfli, þar hafi engar ákvarðanir verið teknar um málið. Og það er sannarlega varhugavert, ef verið er að senda inn til æðslu stofnunar þjóðarinnar slík fölsk skjöl og skilríki og síðan byggt á þeirra rökum og krafizt framgangs mála. Mér er sagt, að Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hafi verið samsett af þremur deildum, þegar þetta frv. var lagt fram hér í nóvembermánuði, þ. e. sjálfseignarmannadeild, launþegadeild og strætisvagnstjóradeild. Félagið er samsett af öllum þessum aðilum, og allir þessir aðilar eiga stjórn í félaginu. Það er ekki einu sinni leitað álits þessara manna, hvort þeir séu fylgjandi þessu frv. eða ekki. En nú hefur einmitt ein deildin af þessum þremur sent inn mótmæli gegn frv., svo að það er sýnilegt, að það er ekki flutt vegna þess, að stjórn félagsins í heild eða jafnvel ekki einu sinni meiri hluti hennar hafi haft nokkra heimild til þess að óska eftir því, að þetta frv. væri flutt. Og einmitt vegna þessara upplýsinga vildi ég nú óska eftir því, að hv. form. n. færi þess á leit við forseta að fresta umr. um þetta mál nú og afla síðan nánari upplýsinga um þetta frá réttum aðilum. Hvað eru það t. d. margir stjórnarmeðlimir Hreyfils, sem óska eftir, að þetta nái fram að ganga, og hvað er það mikill hluti af þeim mönnum, sem eiga að búa við þessi lög, ef samþ. verða? Og eru það ekki einhverjir aðrir aðilar en þeir, sem eru í stjórn Hreyfils, sem eiga að hafa eitthvað um málið að segja? Hvað segja meðal annars aðrir bifreiðaeigendur um þetta mál, sem ekki eru þar félagar? Og svo er eitt enn, sem ég sé ekki að hafi heldur verið rannsakað: Hvað segir fólkið sjálft, sem á að nota þetta? Hvað segir fólkið í dag, sem verður að bíða í einn klukkutíma, tvo eða þrjá á næturnar eða á kvöldin til þess að ná í bifreiðar og getur ekki fengið þjónustu, jafnvel þó að sé um að ræða mjög nauðsynleg eða aðkallandi atriði? Hvað segir það um það? Ég hef hitt fjöldamarga menn, sem eru æfir út af því, ef á að takmarka aksturinn þannig, að það eigi að verða enn torveldara að geta fengið sig fluttan á milli húsa hér í þessum bæ, eftir að þetta frv. hefur náð fram að ganga. Ég held, að það mál sé ekki rannsakað nógu vel enn, og væri nauðsynlegt að rannsaka það nánar en gert hefur verið. Ég kann e. t. v. að mæla eins og ég hef mælt hér vegna þess, að ég er persónulega andvígur slíkum höftum sem hér er verið að leggja á. Mér var það ljóst, að þegar samin voru hér á Alþ. lögin um fjárhagsráð, þá var það sannarlega gert í góðri meiningu, og það var hugsað til þess að bæta úr því ástandi, sem þá var hjá þjóðinni í efnahagsmálum. En ég er líka alveg viss um það, að þeir verða mjög fáir, sem voru þá sammála því að setja slík lög, sem vildu gera það nú, vegna þeirrar sorglegu reynslu, sem fékkst af þeim höftum. Ég var því andvígur þá, eins og ég er almennt andvígur höftum. Og reynslan hefur sýnt, að aðrar leiðir hefðu verið miklu heppilegri, þó að þær væru ekki farnar á þeim tíma. Það er þess vegna, sem ég vil enn vara við því að vera að fara inn á þessa braut. Mér er það alveg ljóst, að það er enginn veðhlaupahestur, sem nær markinu fyrstur með því að vera í hafti. Það þarf ekki að halda, að það geti skeð. Og engin stétt og engin þjóð kemst fljótast að settu marki með því að vera heft, hvorki á einn né annan hátt.

Hefur hv. n. nokkuð rannsakað það, hver er ástæðan fyrir því, að það er svo mikill ofvöxtur í þessari stétt hér í þessum bæ? Væri það ekki

einmitt rannsóknarefni, jafnvel fyrir hæstv. ríkisstj., að láta rannsaka það, að það skuli vera svo mikið aðstreymi að þessari stétt hér í Reykjavík, að það þurfi sérstök lög til þess að fyrirbyggja, að menn geti komizt þar að, — lög, sem hljóta að framkalla alls konar öngþveiti og alls konar hrossakaup, eins og hv. 4. þm. Reykv. benti á? Væri það ekki rannsóknarefni fyrir hv. n. og hæstv. ríkisstj. að rannsaka ástandið í þessu máli og sjá, hvort ekki sé hægt að laga það með öðrum aðgerðum? Er aðsóknin að stéttinni af því, að þessir menn hafa svo mikil laun, að þeir treysti sér betur til, jafnvel þó að þeir verði að taka upp baráttuna um að fá ekki nema hluta af þessu starfi, að hafa miklu betri lífskjör en að vera í annarri atvinnu, eins og tímarnir eru nú, eða er það vegna þess, að þeir sjái sér leik á borði með að geta haft einhverjar aukatekjur með, sem e. t. v. væru ekki í samræmi við lög og rétt og ekki þarf að borga skatt af? Er það ástæðan? Og á þá Alþ. að hlúa að því? Ég held, að það sé veruleg ástæða til þess að óska eftir því, að það verði rannsakað, hvaða ástæður liggi til þess, að menn sæki svo fast að komast að þessari stétt.

Við, sem erum komnir á efri árin, minnumst þess, þegar vistabandið var hér í gamla daga á Íslandi. Hver treystir sér t. d. til þess að hafa það núna? Hver treystir sér til þess að segja, að menn skuli vera í vist, eins og var fyrir hálfri eða meira en hálfri öld, skuldbundnir til þess að vera það? Vistabandið var leyst vegna þess, að það var fjötur um fót margra manna, sem vildu nota sitt afl til þess að hafa betri lífskjör en þeir gátu haft með því að vera þvingaðir til þess að vera undirokaðir hjá öðru fólki. Þetta er einn hluti af nýju vistabandi, sem verið er að setja á hér, að vísu sams konar þáttur og snúinn var hér á seinasta Alþ., þegar samþykkt voru lögin um leigubifreiðarnar, sem ég frá mínu sjónarmiði álít að ekki hefði átt að gera og álít að eigi að afnema.

Þá vil ég að síðustu benda hv. n. á, að ef það er ætlunin að láta þetta mál ná fram að ganga, sem ég sé nú ekki annað en sé ætlað, eftir því sem sést af nál. og þeim ræðum, sem hér hafa farið fram, og eigi að gera það að lögum, hvort ekki sé þá hægt að setja inn í þessi lög, að öryrkjar skuli ganga fyrir, að svo miklu leyti sem þeir hafa ökuréttindi. Það er víst, að hér í þessum bæ eru margir öryrkjar, sem mætti losa frá því að taka örorkustyrk og eru fullfærir um að gegna slíku starfi. Ef á að fara að skammta þessi störf, þá finnst mér þó, að þeir ættu að ganga fyrir öllum öðrum. Og ég vil mjög óska eftir því, að hv. n. taki það upp til athugunar í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar, hv. 4. þm. Reykv., hvort ekki sé hægt að tryggja það, að einmitt þeir menn hafi fyrsta rétt til þessara starfa, úr því að á að fara að úthluta þessu eins og brauði á borð almennings, því að það eru þó mennirnir, sem við ættum ekki hvað síst að muna eftir. Og það var kannske mest þess vegna, sem ég nú tók til máls um þetta mál.

Ég vil svo að síðustu beina þeim orðum mínum til hv. form. nefndarinnar, hvort hann vildi ekki óska eftir því, að málið yrði tekið út af dagskrá og umr. frestað og hann og n. athuguðu öll þessi atriði, sem hér hefur verið bent á í sambandi við þetta mál.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem mig langar til að benda á og fram hefur komið í umr. og annaðhvort er misskilið hjá þeim, sem það sagði, hv. 4. þm. Reykv. (HG), eða hjá mér. Hann skilur þannig orðið „leigubifreiðarstjórar“ í þessum lögum, að það séu einungis þeir, sem keyri bíl, sem þeir eigi sjálfir og taki greiðslu fyrir að keyra menn í. Þá vil ég segja: Er þá meiningin, að það eigi að takmarka, hvað margir menn megi eiga bíl sjálfir í Reykjavík og aka honum, en ekkert takmarkað, hvað Steindór megi eiga marga og láta keyra þá? Um leið og það er búið að ákveða, að það megi vera 100 á Hreyfli, þá má Steindór láta keyra 200 bíla frá sér, ef skilningur hv. þm. er réttur. Er það til þess að koma rekstri bílanna í Reykjavík, sem nú eru leigubílar í eigu bílstjóranna, yfir á það, að þeir eigi ekki sjálfir sínar bifreiðar, eða er verið að hlúa að þeim mönnum, sem eiga margar bifreiðar og láta aðra keyra þær? Eftir skilningi hv. 4. þm. Reykv. mætti segja, að frv. ýtti undir það, að leigubílarnir færðust á hendur fárra eigenda og sjálfstæðum leigubílstjórum færi fækkandi.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Það hefur nú komið, sem eðlilegt er, ýmislegt fram í þeim umr., sem hér hafa orðið um þetta frv., og skal ég nú með örfáum orðum víkja að þeim fyrirspurnum, sem hafa komið til nefndarinnar viðvíkjandi málinu.

Það er þá fyrst það, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. Hann bað um skýringu á því, hvernig stæði á brtt. n., þar sem því er bætt við í 1. gr., að þeir, sem þessi réttindi eigi að öðlast, skuli auk þess að stunda þessa atvinnu á lögmætan hátt vera fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi.

Um þetta er það að segja, að þegar n. var að ræða þetta atriði, þá var það föst hugmynd hennar og ætlun, að enginn þessara manna, sem þannig væri ástatt um, þegar lögin taka gildi, að þeir stunduðu leigubifreiðaakstur á lögmætan hátt, þ. e. a. s., að þeir væru á bifreiðastöð, sem væri viðurkennd af bæjarstjórninni, missti neins í við samþykkt laganna hvað réttindi snertir. Nú getur það vel verið, að allir þeir, sem stunda á þessum tíma atvinnu þessa á lögmætan hátt, séu lögmætir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélögum, og þá verður afleiðing af því sú, að þetta gæti verið óþarfaviðbót. Ég skal ekki segja um það. En n. féllst á að setja þetta inn til þess að fyrirbyggja það, að menn, sem þannig stæði á um, að þeir væru ekki taldir stunda atvinnurekstur inn á þennan hátt, sem þarna er talað um, en væru þó bifreiðarstjórar og félagar í stéttarfélaginu, misstu neins í við þetta. En n. hefur ekki rannsakað þetta, hvort allir menn, sem þetta mundi snerta, eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, og ef það væri, þá mætti segja, að þessa ákvæðis væri ekki þörf.

Það er nú ýmislegt fleira, sem ég hefði viljað koma inn á viðvíkjandi þessu. Mér finnst þetta vera

tekið nokkuð stíft, þar sem talað er um stjórnarskrárbrot í sambandi við þetta og ýmislegt annað. Frá mínu sjónarmiði er þetta þannig, að þetta sé miklu fremur skipulagsatriði heldur en takmörkun. Nú eru hér í Reykjavík um 500 leigubifreiðar, sem stunda þessa atvinnu, fyrir utan allar bifreiðar aðrar, og það, sem vakir fyrir þessum mönnum, sem hafa beitt sér fyrir þessu máli, er það, að þetta sé a. m. k. nóg fyrir þann mannfjölda, sem nú er í bænum. Ef þetta væri sem sagt skipulagt á þennan hátt, að þessi fjöldi bifreiða héldi sér við sama fólksfjölda, en yrði svo aukinn, ef fólki fjölgaði eða eitthvað breyttist, þannig að nauðsyn væri á, að bifreiðarnar yrðu fleiri, þá er vitanlega alltaf opin leið að gera það. Það eru ekki bifreiðarstjórarnir sjálfir, sem eiga þarna fullan rétt og geta ráðið þessum málum, heldur er, eins og margoft er búið að benda á, þarna um að ræða till. stéttarfélagsins, meðmæli bæjarstjórnar og síðan ráðuneytið, sem á að ákveða um þetta. Það er því ekki hægt að segja, að það séu bifreiðarstjórarnir einir, sem þarna eigi hlut að máli og ráði þessu. Þetta er þess vegna frá mínu sjónarmiði miklu frekar skipulagsatriði en hættuleg takmörkun á athafnafrelsi manna, og að leggja þetta að líku við bændur og þeirra starf og annað slíkt, eins og hér hefur komið fram, finnst mér ekki ná neinni átt og vera alls ekki sambærilegt.

Beinar fyrirspurnir, sem fram hafa komið til n., vil ég athuga nokkuð. Um fyrirspurn frá hv. 4. þm. Reykv. (HG) um það, á hvern hátt nefndin hefði hugsað sér að koma í veg fyrir, að stöðvarleyfi yrðu seld, er það að segja, að nefndin ræddi þetta atriði nokkuð. Vitanlegt er, eins og hæstv. dómsmrh. kom inn á viðvíkjandi þessu atriði, að það er illt að koma í veg fyrir svona lagað að öllu leyti. En ástandið er þannig núna samkv. því, sem hv. 4. þm. Reykv. upplýsir, og ég skal ekki rengja það, sem hann tók fram, að stofnun sú, sem hann veitir forstöðu, hefði lánað bifreiðarstjórum til þess að kaupa bíla, mönnum, sem voru öryrkjar og þurftu að komast í þessa atvinnu, en þá upplýsir hann um leið, að það kosti um 10—20 þús. kr. að komast inn á stöð. Ef þetta er ástandið í dag, finnst hv. þm. þá ekki ástæða til þess að gera einhverja tilraun til þess að laga þetta? Nú skal ég ekki segja um það, að þetta frv. nái því, að þetta verði lagað. En ég vil benda á það, sem kom fram undir umr. í samgmn., að ef reglugerð verður sett um þetta, þá er hugmyndin, að ákvæði um þetta verði sett þar, og við skulum hugsa okkur þá á þann hátt, að bifreiðarstjórafélagið, stéttarfélag þessara manna, hvort sem það starfar í einni deild eða fleirum, fái alltaf leyfi, sem losna, í hendur. Úthlutar stjórn félagsins þeim þá eftir vissum viðurkenndum reglum, sem settar eru í reglugerð, sem byggð verður á þessum lögum. Ef hægt er að koma þessu þannig fyrir, að um leið og hreyfingar eru á leyfunum, þá komi hvert einasta leyfi í hendur stjórnar félagsins og hún úthluti þeim eftir þessum reglum, sem minnzt hefur verið hér á, annaðhvort eftir starfsaldri eða eftir öðrum ástæðum, sem geta verið fyrir hendi, t. d. þeim, sem komu fram hjá hv. þm. Barð. viðvíkjandi öryrkjum, og ég skal sízt hafa á móti því, þá álít ég, að þarna sé einmitt kominn hemill á það, að viðkomandi leyfi verði seld. Og þetta atriði er ekki svo lítils virði. Væri mikið fengið, ef hægt væri að kippa þessu í lag, því að samkvæmt þeim upplýsingum, sem hér hafa fram komið, virðist liggja ljóst fyrir, að ef maður hefur að öðru leyti möguleika til að komast inn á bifreiðastöð og fá þar ökuréttindi, verði hann að borga fyrir það háa upphæð.

Nú getur skeð, að það sé einhver afsökun hjá þeim stöðvum, sem selja þessi leyfi. Ég skal ekki segja um það. Vitanlegt er það, að bifreiðastöðvarnar í Reykjavík gera mjög mikið til þess að auka og bæta þjónustu sína við fólkið. Og ég verð að segja um óbeinar spurningar og bollaleggingar, sem hafa komið fram í þessum umræðum, hvort samþykkt þessara laga yrði til þess, að þjónustan yrði enn verri en hún hefur áður verið, að þetta er áreiðanlega ekki hugmynd þessara manna og það er allt annað, sem kom fram í samgmn. undir meðferð málsins, þegar það var þar til athugunar. Við skulum hugsa okkur bifreiðastöð, sem stofnuð er hér í bænum og hefur 100 bíla, til þess að við segjum eitthvað, og þá er það þannig og staðreynd og búið að framkvæma það hér nú þegar, að þessar stöðvar hafa sett upp nokkurs konar útibú, ef ég má svo að orði kveða, víða um bæinn. Þær hafa gert mjög mikið til þess að auka símakerfi, þannig að nú er það hjá nokkrum stöðvum og kannske flestum stærri stöðvunum, sem eru hér í bænum, að þetta er þannig, að þó að maður sé staddur vestur í bæ og hringi á stöð, sem hefur afgreiðslu hér niðri í bæ eða austur í bæ, þá getur hann tekið bifreið, sem er staðsett á stað rétt þar sem hann hringir. Þetta er aukin þjónusta, og þetta hlýtur að kosta mikið fé hjá bifreiðastöðvunum, og einhvers staðar verða þær náttúrlega að fá það fé upp borið.

Mér er ókunnugt um, hvort það eru stöðvarnar sjálfar, sem selja þessi leyfi, eða eigendurnir, sem eru af einhverjum ástæðum að losa sig við þau, hætta starfsemi eða annað slíkt. Ég skal ekki segja um það. Mér er ekki kunnugt um það, hver selur leyfin. En ef það væri frá stöðvunum sjálfum, þá væri það að þessu leyti skiljanlegt, sem ég tók fram, að hafa eitthvað upp í þann kostnað, sem stöðvarnar hljóta að hafa. Og úr því að ég er nú kominn út í að tala um þjónustu þessara manna við almenning, þá verð ég að segja það, um leið og mér dettur í hug það, sem hv. 1. þm. N-M. var að tala um „harkara“, og sagði, að það væru menn, — og það er víst alveg rétt hjá honum, — sem hafa ekki afgreiðslu eða reyna a. m. k. að koma sér hjá að hafa afgreiðslu á stöðvunum, en stunda þessa atvinnugrein samt, að mér fyndist nú, ef ég ætti að velja um og þyrfti á þessari þjónustu að halda, að ég mundi heldur fara í opinbera bifreiðastöð og fá mér bíl þar en að fara eitthvað út á götu og fá bíl, sem væri ekki á neinni stöð og ég hefði ekki neina hugmynd um. Ég efast ekkert um það, að þeir menn, sem að þessum málum standa, óska eftir því að gera þjónustuna við fólkið sem bezta og bæta hana einmitt með þessari braut, sem þeir eru að reyna að fara inn á með samþykkt þessa frv. Nú er sagt,

að þurfi að bíða eftir bílum í klukkutíma á næturnar til að fá þá. Ég veit ekki, hvort það er rétt. Ég hygg, að bifreiðastöðvar hafi opið allan sólarhringinn, a. m. k. ein eða kannske tvær á hverri nóttu, — ég hef ekki kynnt mér það, — en ég geri ráð fyrir því, að það sé svo. En þessi þjónusta verður vitanlega ekki látin í té nema með auknum kostnaði og skipulagningu. Og ég vil benda á það í þessu sambandi, að stöðvarbílstjórar hafa sagt við mig, að það komi þrávaldlega fyrir, að ýmsir munir séu skildir eftir í bifreiðum, e. t. v. verðmiklir munir, sem bílstjórarnir á stöðvunum skila vitanlega á stöðina, og svo ef maðurinn, sem hefur gleymt þessu, man það, hvaða bílstöð hann skipti við, þá þarf hann yfirleitt ekki annað en að ganga niður á viðkomandi stöð og spyrja um þennan hlut, og þá fær hann hann, hann er þar geymdur. En ef viðkomandi maður skiptir t. d. við bíl eða mann, sem hefur ekki afgreiðslu á neinni stöð, þá hefur hann ekki neina hugmynd um, hvert hann á að snúa sér, sé um slíkt að ræða. Þetta er aðeins eitt dæmi, sem ég bendi á í sambandi við þetta, hver nauðsyn er á því, að þessi mál verði vel skipulögð og að það sé vel hugsað um og búið að þessu, og ef bifreiðarstjórar sjálfir ætla að reyna að bæta um þetta, að það sé ekki settur fyrir þá fótur hvað þetta snertir og þeim gert ómögulegt með umbætur á þessu sviði, því að það vitum við, að bifreiðarstjórastéttin gegnir það ábyrgðarmiklu starfi, að hún hefur líf og öryggi þúsunda manna í höndum sér á hverjum einasta degi, — þúsunda manna, — og það er í allra þágu, að þessir menn séu starfi sínu vaxnir, sem þeir líka eru, og að einhver öfl haldi þeim saman og gefi þeim alltaf það til kynna og láti þá vera vakandi um þá ábyrgð, sem hvílir á þeim í þessu starfi.

Það kom fram, að strætisvagnar væru ekki taldir leigubifreiðar í þessu sambandi. Ég hygg, að þeir séu einmitt taldir leigubifreiðar, svo að þeir, sem aka þeim núna, eigi ekki að missa nein réttindi, þó að þessi lög yrðu samþykkt.

Hv. þm. Barð. spurði um það m. a. eða sló því fram, hvaða ástæða væri til þess, að ásóknin væri svona mikil í þessa stétt núna. Ég er ekki tilbúinn til þess að svara þessu núna, og ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki á valdi þingnefndar með takmörkuðum tíma að eiga að fara að grafast fyrir ræturnar á því, hver sú ástæða er. En yfirleitt er ástæðan fyrir því, að menn sækja í eina stétt, hagnaðarvon. Yfirleitt er það alltaf undirrótin. Ef ekki væri hagnaðarvon fyrir mann að kaupa sér bíl fyrir 100 þús. kr., þá mundi hann ekki gera það, svo að ég geri ráð fyrir því, að það sé hagnaðarvonin, sem þarna rekur á eftir. Eftir því sem kemur fram í grg. bifreiðarstjórafélagsins, sem fylgir frv. eins og það er lagt fram fyrst, þá kemur það einmitt fram, að það sé hagnaðarvonin, sem ýtir mönnum út í þetta starf, en hún því miður bregðist mjög oft.

Hv. 1. þm. N-M. minntist í síðustu ræðu sinni á það eða sló fram þeirri spurningu, hvort þetta væri gert til þess að færa bifreiðarnar yfirleitt yfir á eina hönd. (Gripið fram í.) En þetta er alls ekki hugmyndin. Það kom einmitt fram í n. undir meðferð málsins, að stjórn Hreyfils, sem mætti þar hjá okkur, var að gefnu tilefni spurð að því, hvað mikil brögð væru að því, að einstakir menn ættu fleiri bíla en einn á stöð. N. fékk þær upplýsingar, að það væru ekki meira en einn eða tveir menn, fyrir utan Steindór Einarsson, sem ættu fleiri bíla en einn bíl, og þá eitthvað tvo eða þrjá bíla. Ég veit ekki, hvað Steindór Einarsson á marga bíla núna, en það er ekki hugmyndin að fækka þeim fyrir honum eða fjölga, og sízt að taka einkabíla frá mönnum, sem aka þeim sjálfir, og bæta við bílum til bílaeigenda, sem eiga marga, t. d. Steindórs.

Þá kem ég loks að því, sem hv. þm. Barð. kom inn á, að það væri ekki rétt, sem stæði í frv., sem flutt var fyrst í Nd., eins og þar segir, að það hafi verið stjórn Hreyfils, sem bað um þetta. Ég get ekki svarað því á annan hátt en þann, að þingskjalið segir þetta. Það er lagt fram fskj., sem er undirritað af Bergsteini Guðjónssyni f. h. Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils. Þannig kemur það hingað til þessarar hv. d., þannig liggur það fyrir samgmn., og þannig starfar hún að því. Ef þetta er ekki rétt, þá er það eitthvað, sem hefur a. m. k. aldrei legið fyrir n., og segi ég ekki annað um það. En mér þykir nokkuð undarlegt, að þetta skuli þá koma svona seint fram. Þó að ég viti ekki um það upp á vist, þá þykir mér ekki ótrúlegt, að fyrir þessu geti legið einhverjar skýringar, t. d. þær, að þetta bifreiðarstjórafélag starfar í þremur deildum og þetta sé stjórn einnar deildarinnar eða eitthvað slíkt. Ég þori ekki að segja um þetta, en mér þykir það trúlegt, að þetta geti verið skýring á þessu. En þá verður að fá skýringu á því, hvort þessi deild er bær um að biðja um, að þetta frv. verði flutt f. h. félagsins, en hún hlýtur að vera bær um það f. h. sinnar deildar. En þetta er hægt að athuga.

Ég vil svo að lokum segja það, að til þess að athuga þetta nokkru betur vil ég verða við tilmælum hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað núna, og skal þá halda einn fund með nefndinni á eftir þessari umr., ef eitthvað hefur komið fram, sem n. álítur að hún vildi taka upp í þessu máli.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Mig langar til að benda á eitt atriði, áður en n. tekur málið til athugunar aftur. Það var það, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um, þetta um, að það væru fullgildir félagar í viðkomandi bílstjórafélagi. Mér skildist frsm. n. útskýra þetta á þann hátt, að þetta væri sett inn í til þess að reyna að tryggja þeim, sem núna væru fullgildir bílstjórar í bílstjórafélaginu, t. d. manni hjá Steindóri, sem síðar eignaðist bíl og vildi fara að keyra hann sjálfur, að hann gæti komizt að, þegar einhver maður dæi, sem keyrði bíl frá stöð, og því losnaði eitthvert plass, — eða til að tryggja manni, sem keyrir strætisvagn, að hann gæti komizt að, ef hann fengi sér bíl, og gæti komið í stað annars, er félli frá. En þá gáir hann ekki að því, að það geta komið menn, sem hafa keyrt miklu lengur norður á Akureyri eða vestur á Ísafirði eða norður á Siglufirði eða í Hafnarfirði og eru ekki í neinu bílstjórafélagi hér. Á þetta, fyrir utan það að vera atvinnuhefting,

líka að verða nokkurs konar átthagabann, svo að bílstjórarnir geti ekki flutt sig á milli héraða til að keyra bíl, heldur verði alla tíð að vera á sama stað. Ef maður, sem keyrt hefur norður á Akureyri í tuttugu ár, ætlar svo af einhverjum ástæðum að flytja sig til Rvíkur, — það hefur kannske dáið maður á einhverri stöð og hann getur fengið plássið hans, — þá er hann ekki fullgildur félagi í viðkomandi félagi í Rvík og getur það ekki þess vegna. Þetta vildi ég benda honum á, þegar hann nú fer að athuga frv. aftur. — Enn fremur vil ég benda honum á þann misjafna skilning, sem er á milli mín og hv. 4. þm. Reykv. á því, hvað er leigubíll, þar sem hv. 4. þm. Reykv. skildi það þannig, að það væru ekki leigubílar aðrir bílar en þeir, sem menn ættu sjálfir og keyrðu og seldu mönnum sæti í. Ef það er réttur skilningur, þá er verið að hlaða undir þá, sem eiga marga bíla og ráða leigubílstjóra, sem keyra. — Loks skal ég svo upplýsa hann um það, að án þess að rifja neitt upp, þá man ég a. m. k. eftir fimm mönnum, sem eiga fleiri en einn bíl, og sjálfsagt eru þeir miklu fleiri.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 395, n. 526, 527, 571).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Til viðbótar brtt. samgmn. á þskj. 527, sem áður hefur verið lýst, við frv. það, sem hér liggur fyrir til framhalds 2. umr., flytur n. nú brtt. á þskj. 571 um það, að nú skuli Vestmannaeyjakaupstaður og Keflavík koma til viðbótar þeim kaupstöðum, sem heimildinni um takmörkun leigubifreiða er ætlað að ná til samkv. frv. eins og það var samþykkt frá hv. Nd. En því flytur samgmn. þessar brtt., að henni barst nú milli umræðna símskeyti frá Bifreiðarstjórafélaginu Ekill í Vestmannaeyjum og bréf frá Bifreiðarstjórafélaginu Fylki í Keflavík, þar sem stjórnir þessara félaga fara eindregið fram á, að n. flytji brtt. við frv. í þá átt, að ákvæði þess nái einnig til þessara kaupstaða. Nefndin sá ekki ástæðu til annars en verða við þessum tilmælum félaganna, og því er brtt. á þskj. 571 — að fyrir orðin „og á Siglufirði“ komi: á Siglufirði, í Keflavík og Vestmannaeyjum — flutt. Ég held ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessa brtt. nefndarinnar. Hún skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um málið í heild vegna þeirra ummæla og fsp., sem fram komu við fyrri hluta þessarar umræðu og ég lofaði þá f. h. samgmn. að athuga nokkuð. Nefndin hélt einn fund um málið og varð sammála um að breyta ekki fyrri brtt. sinni, en flytja þá brtt., sem ég nú hef lýst, um Keflavík og Vestmannaeyjar.

Það kom fram við umr., að vafasamt gæti verið, hvað langt það næði, sem talað er um í brtt. nefndarinnar á þskj. 527, að við ráðstöfun ökuleyfa skuli þeir sitja fyrir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, — hvort leigubifreið í þessu sambandi næði til 6—8 manna fólksbifreiða eingöngu. Í þessu sambandi vil ég skýra frá því, að það er álit nefndarinnar, að leigubifreið í þessu sambandi, sem hér er átt við, nái til venjulegra stöðvarbíla, strætisvagna og annarra fólksflutningabíla á sérleyfis- og langleiðum, svo að þeir, sem aka þessum bílum, missa ekki nein réttindi við það, þó að frv. sé samþ.

Hv. 4. þm. Reykv. þótti ekki nægilega skýrt kveðið á um það í brtt. nefndarinnar, að öryrkjar skyldu sitja fyrir um úthlutun ökuleyfa, en um þetta segir í brtt., að úthluta skuli eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Ég vil taka fram, að þegar nefndin vék þarna frá skilyrðislausri starfsaldursreglu, þá hafði hún í huga, að menn, sem hefðu skerta starfshæfni til annarra starfa en bifreiðaaksturs, ættu að öðru jöfnu að sitja fyrir um stöðvarréttindi. Ef til vill hefði mátt orða þetta eitthvað á annan veg í till., en n. áleit nú ekki ástæðu til að breyta þessu. En ég vil að þessu gefna tilefni lýsa því, hvað fyrir nefndinni vakti með þessu ákvæði.

Þá var nokkuð minnzt á, hvernig nefndin hefði hugsað sér að koma í veg fyrir, að stöðvarleyfin gengju kaupum og sölum, en um það eru ákvæði í frv. Stöðvarleyfin eru nú seld háu verði. Í þessu sambandi vil ég skýra frá því, að n. hefur nokkuð athugað, hvernig þessu er nú háttað eins og stendur. Þeir bifreiðarstjórar, sem öðlazt hafa rétt til stöðvarpláss, en láta það af hendi einhverra orsaka vegna, virðast ráða því sjálfir, hver við tekur og við hvaða verði, en stöðvarplássin eru eftirsótt og því margra peninga virði, 15—20 þús. kr., eftir því sem upplýst hefur verið hér við þessa umr.

Eru nokkuð skiptar skoðanir um, hversu heppilegt þetta ástand sé, og viðurkennt af mörgum, að það þurfi lagfæringar við. En ef athugað er, á hvern hátt þetta gæti lagazt, mætti hugsa sér, að eftir að frv. þetta væri orðið að lögum, yrði sett ákvæði í væntanlega reglugerð, þar sem tekið væri fram t. d., að leyfishafa væri óheimilt að láta af hendi afgreiðsluleyfi sitt nema til viðkomandi stéttarfélags eða bifreiðastöðvar. Væri það þá t. d. framkvæmt á þann hátt, að þegar leyfishafi hætti að hafa bifreið í leyfi sínu og segði því upp, þá gæfi hann yfirlýsingu þar að lútandi, sem maður gæti hugsað sér að skráð yrði á leyfið, og það síðan afhent viðkomandi bifreiðastöð, sem strax afhenti það stéttarfélaginu, sem síðan úthlutaði því eftir reglugerðarákvæðum þar að lútandi. Þetta er aðeins bending um, á hvern hátt mætti koma þessu máli fyrir, eftir að þetta frv. væri orðið að lögum.

Þá vil ég enn leggja áherzlu á það, sem felst í síðari málslið 1. gr. frv., þar sem segir: „Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur, þegar lögin taka gildi.“ Á þetta að sjálfsögðu við alla, sem þennan atvinnurekstur stunda nú, bæði þá, sem aka eigin bíl, og þá, sem eiga fleiri bíla og hafa bílstjóra upp á kaup. Er það fyrst og fremst bifreiðastöð Steindórs, sem þannig er ástatt um, þó að aðeins sé dæmi um fleiri, en í smáum stíl. Atvinnuréttindi þessara aðila skal eigi skerða eftir þessu frv.

Þá skal ég að lokum koma að því, sem fram kom hjá hv. þm. Barð., þar sem hann skýrði frá því, að stjórn Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils hefði ekki öll staðið að því að fá frv. þetta flutt, þó að sagt sé í grg. fyrir frv. á þskj. 278, að það sé flutt samkvæmt ósk stjórnar Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, og bréf, sem prentað er sem fskj. með frv., sé undirritað f. h. stjórnar félagsins.

Eins og ég drap á við fyrri hluta þessarar umræðu og ég hef aflað mér gleggri upplýsinga um síðan, starfaði Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill í þremur deildum, sjálfseignarmannadeild, launþegadeild og strætisvagnstjóradeild. Þessar þrjár deildir höfðu hver sína stjórn, sem fóru með sérmál deildarinnar. Í V. kafla félagslaganna, sem er um verkefni deilda, segir: „Sjálfseignardeild skal fara með og taka ákvarðanir um þau mál, er varða hagsmuni sjálfseignarbifreiðarstjóra sérstaklega.“ Það var stjórn þessarar deildar félagsins, sem það um, að frv. yrði flutt, og er ekki annað að sjá en að hún hafi verið í sínum fulla rétti með að biðja um, að frv. yrði flutt. En þótt svo væri, að hinar tvær deildir félagsins hefðu átt rétt á að vera með í ráðum um þetta mál, þá er það þó að athuga hvað snertir strætisvagnstjóradeildina, að þegar hér var komið sögu, voru strætisvagnstjórar orðnir fastir starfsmenn Reykjavíkurbæjar og þá þegar sýnt, að þeir mundu ekki halda áfram að vera í stéttarfélagi bifreiðarstjóra, enda nú svo komið, að þeir eru ekki lengur í því. Samkvæmt nýjum lögum félagsins, sem samþykkt voru á félagsfundi 24. marz s. l. og staðfest af Alþýðusambandi Íslands 30. s. m., starfar það nú í tveim deildum, sjálfseignarmannadeild og launþegadeild, en strætisvagnstjóradeildin er vikin úr félaginu. Virðist því vera, að fram komin skrifleg mótmæli þeirra sem bifreiðarstjóra í strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils séu ekki á réttum grunni reist. Mótmælaskjal þeirra, sem hér liggur fyrir og rætt var um við fyrri meðferð þessa máls, er ódagsett, undirritað af 69 bifreiðarstjórum, afhent mér sem formanni samgmn. af þeim sjálfum 28. f. m., en 24. s. m., eða fjórum dögum áður, víkja þeir úr félaginu. Þó hefst skjalið á þessum orðum: „Við undirritaðir bifreiðarstjórar í strætisvagnstjóradeild Hreyfils mótmælum“ o. s. frv. Af þessu, sem ég hef nú sagt um þetta, er ljóst, að þessir menn geta ekki mótmælt frv. sem félagar í stéttarfélaginu, en geta það vitanlega sem almennir borgarar eða sem bifreiðarstjórar utan félagsins. Umkvörtun þeirra um það, að stjórn sjálfseignardeildarinnar leitaði ekki til þeirra um þetta mál, virðist því vera nokkuð út í bláinn.

Það eru, sem skiljanlegt getur verið, nokkuð skiptar skoðanir um þetta mál. Sumir hv. þm. benda á, að verið sé að skerða atvinnurétt manna í þeirri stétt, sem hér á hlut að máli, loka þessari atvinnugrein o. s. frv.; með þessu sé öðrum stéttum gefið fordæmi um að fara eins að. Ég vil í þessu sambandi benda á, að það, sem hér um ræðir, er ekki neitt nýtt. Eins og bent hefur verið á áður, var félagi vörubifreiðarstjóra í Reykjavík veitt takmörkunarheimild með lögum 1953 og sett um það reglugerð sama ár, sem nú er farið eftir, svo að það er ekki að öllu leyti rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. N-M. í síðustu umræðu, að þessum lögum hefði ekkert verið framfylgt. Þessi reglugerð hefur verið gerð, og eftir henni er nú farið.

Þá má benda á, að langferðaleiðir, hinar svonefndu sérleyfisleiðir, eru allar bundnar samkv. lögum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum. Í stjórn þessara sérleyfisleiða þeirri nefnd, sem fer með þessi mál samkvæmt lögunum, á hv. 1. þm. N-M. sæti. Ég verð nú að segja það, að þessar ferðir eru allar skipulagðar, sem kunnugt er, á þann hátt, að einum eða fleiri aðilum er veitt leyfi fyrir vissum leiðum, og þar fá ekki aðrir að koma til. Á þeim leiðum, sem ég þekki til, virðist þetta ganga vel. Þeir einstaklingar og félög, sem leyfin hafa, virðast kappkosta að hafa góð ökutæki, góða bílstjóra og leggja á það áherzlu að inna þessa þjónustu vel af hendi, þrátt fyrir það að þeir hafa einkarétt á sínum leiðum, og enginn talar um atvinnuskerðingu, þó að öðrum en sérleyfishöfum sé bannað að flytja fólk á þessum leiðum. Ég á t. d. hluta af bíl, sem við rekum eða okkar verzlun. Hann gengur daglega milli Reykjavíkur og Selfoss. Hann er þannig, að hann getur flutt tvo farþega, en við höfum ekki neitt leyfi til þess að flytja farþega með honum og taka gjald fyrir, vegna þess að hann gengur á sérleyfisleið bifreiðastöðvar Steindórs og Kaupfélags Árnesinga. Ég bendi á þetta í því sambandi, að það er ekki neitt nýtt, sem fram kemur í þessu frv., og mér finnst ákvæði þess hliðstæð sérleyfislögunum, þar sem í báðum tilfellum er um skipulagningu og atvinnutakmarkanir að ræða.

Ég vil svo að síðustu enn minna á rökin fyrir máli þessu, sem er að finna í bréfi stjórnar bifreiðarstjórafélagsins, sem prentað er sem fskj. með frv., og minna á, að hugmyndin með frv. þessu er sú að skerða ekki atvinnurétt þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, heldur að gera þessa atvinnu tryggari fyrir þá menn, sem hana stunda nú og framvegis og að gera þjónustu þeirra betri við almenning en hún annars mundi vera.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég hef víst ekki nema stuttan tíma og skal þá líka reyna að vera stuttorður. Ég var búinn að benda á það áður, að ég tel þetta frv., sem hér liggur fyrir, vera brot á stjórnarskránni. Ég var búinn að benda á það áður, hvernig þjóðin skiptist í flokka eftir atvinnu og að sá flokkur, sem vinnur að samgöngumálum í landinu, er ekki það fjölmennur, að það virðist vera ástæða til þess sérstaklega að skerða hann. Meðan ýmsir aðrir eru til muna fjölmennari, virðist meiri ástæða til þess að fækka þeim, eins og t. d. þeim, sem vinna að verzlun, sem er orðið níundi hver maður í þjóðfélaginu hér um bil, og þeim, sem vinna að opinberri þjónustu og orðnir eru nærri því 12% af þjóðinni. Ég skal þess vegna ekki fara meira út í það.

En það, sem ég nú sérstaklega vil benda á og biðja menn að athuga í þessum till., sem hér liggja fyrir, er það, að til viðbótar við það að brjóta stjórnarskrána og svipta menn atvinnu-

frelsi leggur n. til á þskj. 527, í b-lið, að sett sé hér á landi á bifreiðarstjóra — ja, ég vil kalla það átthagafjötur. Það er sett það ófrávíkjanlega skilyrði, til þess að bifreiðarstjóri megi komast að og keyra á stöð hér í Reykjavík, að hann sé í stéttarfélagi bifreiðarstjóra í Reykjavík. Sá maður, sem hefur verið suður í Keflavík, fæddur þar, uppalinn þar og hefur keyrt bíl þar, hefur enga möguleika til þess að komast að bílkeyrslu í neinum öðrum kaupstað í landinu. Hann er ekki í viðkomandi stéttarfélagi. Hann er ekki í stéttarfélagi norður á Akureyri, þó að hann vildi flytja þangað, og hann er ekki í stéttarfélagi manna í Reykjavík, þó að hann vildi flytja þangað. Hann getur það ekki, þó að aðstæðurnar séu þannig, að hann af einhverjum ástæðum þurfi þess, t. d. af því, að hann þurfi að vera undir stöðugri læknishendi sérfræðings, sem ekki er til nema hér, en geti þó keyrt bíl. Honum er það ekki hægt, ef b-liðurinn í till. á þskj. 527 yrði samþykktur. Það nær þess vegna ekki að mínum dómi nokkurri átt að vera bæði að svipta menn leyfi til þess að stunda sína atvinnu, þá atvinnu, sem þeir vilja stunda og hafa stundað, og enn síður hitt, að binda þá við það, að þeir megi ekki vera nema á þeim stað, sem þeir hafa verið á og eru fæddir á og uppaldir á og byrjuðu að aka á. Það kemur náttúrlega ekki til nokkurra mála. Þess vegna vænti ég þess, að b-liðurinn verði undir öllum kringumstæðum felldur. Hann á engan tilverurétt. Það er alveg nóg a. m. k. að svipta menn atvinnu, skerða atvinnufrelsi manna, sem er nú vafasamt hvort er hægt eftir stjórnarskránni, þó að það hafi verið gert í fyrra á Alþingi, þó að það sé ekki líka farið að setja á þá átthagafjötur, eins og gert er með tillögunni.

Svo vil ég einungis segja það viðvíkjandi því, sem frsm., 2. þm. Árn., sagði, að þetta, sem hér er verið að gera, á náttúrlega ekkert sambærilegt við áætlunarferðirnar að neinu leyti. Áætlunarferðirnar eru á Íslandi nákvæmlega sama og járnbrautaferðirnar í öðrum löndum. Það er skipulag, til þess að fólk geti ferðazt. Það er eins og skipsferðir á milli fjarða, eins og járnbrautir annars staðar og eins og strætisvagnarnir í Reykjavík. Munurinn er bara sá eini, — og þó er það nú ekki alls staðar, það eru víða „prívat"-járnbrautir annars staðar, og það fá ekki aðrir að keyra járnbrautir á þeirri leið en þeir, sem hafa þær, — að það er ríkisvaldið, sem gefur einstaklingunum leyfi til þess að keyra eftir þessum brautum gegn því, að þeir skuldbindi sig til að gera það eftir vissum áætlunum og flytja alla farþega, sem eftir þeim leiðum vilja fara. Þetta er því ekkert sambærilegt við það að takmarka bílafjöldann í kaupstöðum yfirleitt. Náttúrlega er ég á móti lögunum. En ég vænti þess, þó að menn séu nú með því að fara að skipta sér af því, hvað einstaka menn geri hér á landi, og byrji á bílstjórunum, taki svo líklega næst kaupmennina og ákveði, að ekki megi vera fleiri búðir í Reykjavík en núna er, — það er núna 12% hér um bil af Reykvíkingum, sem lifa á verzlun, það er alveg nóg náttúrlega og mætti koma með frv. á eftir og ákveða, að ekki megi fleiri búðir opna í Reykjavík en nú eru og enginn geti byrjað á verzlun, nema þegar einhver hætti, — þá verði menn ekki með því að fara að setja á bílstjórana líka átthagafjötur, því að það kórónaði alveg vitleysuna, ef það væri gert.

ATKVGR.

Brtt. 527,1.a samþ. með 9:1 atkv.
— 571 samþ. með 9:2 atkv.
— 527,1.b samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BrB, FRV, KGunn, HG, HermJ, KK, SÓÓ, VH, AE.

**nei:** BBen, IngF, LJóh, PZ, GíslJ.

3 þm. (JJós, JK, BSt) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 527,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10:2 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

---

Á 70. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 575, 582).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 582. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Hv. Ed. hefur nú samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 575. Er þar gert ráð fyrir, að samgmrn. sé heimilt, að fengnum till. frá hlutaðeigandi stéttarfélögum og meðmælum bæjarstjórnanna, að takmarka fjölda leigubifreiða á nokkrum stöðum í landinu. Eftir að búið er að samþ. þetta mál þannig við tvær umr. í þessari hv. d., þótti mér rétt að bera fram nýja brtt., sem er á þskj. 582 og hljóðar þannig:

„Skylt skal leyfishafa að hafa jafnan til taks nægilegan bifreiðakost til þess að fullnægja eftirspurn á hverjum tíma á svæði því, er hann hefur fengið leyfi til að starfa á, enda sé hverjum manni heimilt að leigja sér bifreið frá öðrum, ef leyfishafi uppfyllir ekki þetta skilyrði."

Mér finnst, að það sé alveg óhjákvæmilegt, þegar búið er að gefa einkaleyfi ákveðnum aðilum til þess að reka slíka atvinnu, að þá hafi þeir einnig skyldur við þegna þjóðfélagsins, og það sé það minnsta, sem hægt sé að krefjast, að þeir hafi alltaf til staðar nægilegan bifreiðakost til þess að sinna þeirri eftirspurn, sem verður á hverjum tíma. Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. fallist á þessa brtt. og samþykki hana.

Sökum þess að við síðustu umr. var því haldið fram af hv. frsm. n., að þessi lög væru alveg sambærileg við lögin um sérleyfin fyrir bifreiðar á langferðum, vil ég nú leyfa mér að taka fram, eins og reyndar hv. 1. þm. N-M. einnig benti á, að hér er raunverulega um allt annað að ræða. Það er leyfilegt hverjum manni að leigja sér bifreið til þess að ferðast yfir þessi sömu svæði og það bifreið, sem tekur allt að 6 farþegum. Hér er mönnum ekki leyfilegt samkvæmt þessum l. að leigja sér neina bifreið til þess að flytja sig á milli húsa á þessum ákveðnu stöðum. Þess vegna er einmitt nauðsynlegt að samþ. þá till., sem ég ber hér fram, og vil ég vænta þess, að hún verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál

frekar, en mun ekki sjá mér fært að greiða atkv. með frv. út úr d., nema því aðeins að þessari viðbót verði bætt við.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Viðvíkjandi þeirri brtt. frá hv. þm. Barð. á þskj. 582, sem hann mælti nú fyrir, vil ég segja nokkur orð.

Ég hygg, að það muni geta orðið nokkuð erfitt í framkvæmd, ef þessu ákvæði ætti að fylgja fram og þessi brtt. yrði samþykkt. Það gæti komið til þess, að vissa tíma sólarhringsins gæti stór hópur bifreiða ekki sinnt þeirri eftirspurn, sem fram kæmi. Þetta gæti staðið í hálfan klukkutíma eða einn klukkutíma. En yrði þessi brtt. samþykkt, þá virðist mér það vera alveg skilyrðislaus skylda bifreiðastöðvanna að hafa bifreiðarnar alltaf það margar til taks á stöðvunum, að aldrei þurfi að neita, ef um bifreið sé beðið, en ef það sé ekki gert, þá séu viðkomandi bifreiðastöðvar að brjóta lögin. Ég legg þann skilning í þetta ákvæði. Nú er það vitað, að það gæti dugað viss fjöldi bifreiða á öllum venjulegum tímum sólarhringsins, en svo getur komið sá tími, að það sé ekki hægt að anna þessu með þeim bifreiðafjölda, sem hæglega mundi geta dugað á venjulegum tíma. Ég vil benda á í þessu sambandi, að t. d. hér í Reykjavík, um það leyti þegar samkomuhús eru að loka, um miðnættið, getur eftirspurnin eftir bifreiðum verið það mikil allt í einu, að henni verði ekki annað með venjulegum bifreiðafjölda. En ef þessi brtt. væri samþ. eins og hún er, þá væri það strax orðið lögbrot hjá viðkomandi bifreiðastöð, ef hún gæti ekki annað slíku. Ég held þess vegna, að samþykkt þessarar brtt. geti orðið mjög erfið í framkvæmdinni. Aftur væri hugsanlegt að taka ákvæði þau, sem í henni felast, upp í reglugerð, sem samin yrði eftir þessum lögum. Þá er og sjálfsagt að tryggja það með reglugerðarákvæðum, að bifreiðastöðvar þær, sem fá umrædda takmörkunarheimild, standi í stöðu sinni og hafi svo margar bifreiðar alltaf til taks sem með nokkurri sanngirni er hægt að heimta af þeim. En að setja þetta beint í lögin álít ég að sé ekki heppilegt vegna þess, hve erfitt verður að framkvæma það að því leyti, sem ég nú hef bent á.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vil benda hv. frsm. á, að hann hefur engan veginn skilið rétt þá brtt., sem liggur hér fyrir. Og ég hefði talið miklu heppilegra, að hann hefði óskað eftir því, að umr. yrði frestað og hann ræddi þetta mál við n., heldur en að gefa út slíkt álit hér án þess að hafa rætt um það við hana, en mér skilst, að það hafi ekki verið gert í samráði við samgmn. Hins vegar er ekkert að hafa á móti því, að hv. þm. láti í ljós sína skoðun á málinu, nema síður sé. En mér hefði ekki fundizt óeðlilegt, að málinu yrði frestað og það yrði athugað af n.

Vegna þeirra ummæla, sem hv. frsm. hafði hér um till., vil ég leiðrétta þann misskilning, sem þar kemur fram. Það er skylt, eins og frsm. tók fram, að leyfishafi hafi jafnan nægilegan bifreiðakost, en það er ekkert sagt um, að það skuli varða missi sérleyfis, ef þetta skyldi bregðast. En það er annað, sem tryggt er með till. minni, ef hún verður samþ., en það fór fram hjá hv. frsm., en það er, að ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt, hafa þegnarnir réttinn til þess að leigja sér aðrar bifreiðar, og það er höfuðatriði till. Ég trúi því ekki, að hv. samgmn. og ekki heldur hv. dm. gangi svo á rétt þegnanna í landinu, að þeir vilji ekki fá inn í löggjöfina skýr ákvæði um það, að ef leyfishafi uppfylli ekki þetta sjálfsagða skilyrði, þá megi þegnarnir leita annað um þjónustu. Við skulum hugsa okkur, að það komi fyrir, eins og hv. þm. minntist á, að það væri svo mikið að gera, annaðhvort um hátíðar eða við samkomur, að það væri allur sá bifreiðakostur í notkun, sem undir venjulegum kringumstæðum væri nægilegur til þess að hafa á stöðvunum. Er það þá hugsun hv. frsm., að þegnarnir eigi að bíða kannske í einn, tvo þrjá eða fjóra klukkutíma eða kannske til næsta dags, þangað til þeir geti fengið sér bifreið? En þeir hafa óneitanlega gerzt brotlegir við lögin, ef þeir nota aðra en þá, sem hafa sérleyfi, þótt þeir geti ekki fengið sérleyfishafana til þess að flytja sig.

Höfuðatriði minnar till. er einmitt að tryggja rétt þegnanna til að velja sér aðra þjónustu, ef viðkomandi leyfishafi uppfyllir ekki sínar skyldur. Við skulum hugsa okkar, að hér væri um sjúkling að ræða, sem þyrfti á bifreið að halda. Ætti hann þá að bíða, þar til leyfishafa þóknaðist að hafa bifreið til þess að flytja hann, hve langan tíma sem það kynni að taka og hvaða afleiðingar sem það kynni að hafa? Annars má vera að gert sé ráð fyrir því, að sjúkraflutningur á sérleyfissvæði sé undanþeginn og þyrfti þá að taka það fram í lögunum eða reglugerð.

Annars benti einn hv. þm. mér á áðan, að þetta væri frekar reglugerðarákvæði. Ég viðurkenni, að slíku má koma fyrir í reglugerð, þó að ég telji tryggara að taka það fram í l. sjálfum. Ég mundi þó taka þessa till. aftur, ef hæstv. samgmrh. vildi lýsa því yfir, að hann setti þetta ákvæði í reglugerð. En ég get ekki fellt mig við undir neinum kringumstæðum, að aðila séu gefin slík réttindi, án þess að hann jafnframt hafi skyldur gagnvart þegnunum. Það er höfuðtilgangurinn með minni brtt., og þess vegna vildi ég nú itreka það aftur við hv. frsm., hvort hann vildi ekki óska eftir því, að þessari umr. verði frestað, og athuga málið nánar í n. og einnig við hæstv. samgmrh., sem þá e. t. v. vildi lýsa því yfir, að tekið yrði upp slíkt ákvæði í reglugerð. Þá mundi ég geta fallizt á að taka till. aftur, því að með því væri sá réttur þegnanna tryggður, sem ég vil tryggja með tillögunni.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Í þessari till. hv. þm. Barð. (GíslJ) á þskj. 582 stendur, að skylt sé leyfishafa að hafa jafnan til taks nægilegan bifreiðakost til þess að fullnægja eftirspurn á hverjum tíma á svæði því, sem hann hefur fengið leyfi til að starfa á. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur athugað það, hver er leyfishafi samkvæmt þeim lögum, sem hér um ræðir. Leyfishafi er hver einstakur bifreiðarstjóri, þannig að það, sem farið er fram á í þessari brtt., er, að hver einstakur bifreiðarstjóri hafi

nægilegan bifreiðakost til þess að fullnægja eftirspurninni á hverjum tíma. Eins og allir sjá, er þetta alger fjarstæða, og kemur náttúrlega ekki til mála að samþykkja þessa till. í því formi, sem hún hér er. Hins vegar minntist hv. þm. á það, að hann gæti kannske fellt sig við það, að þetta yrði tekið til athugunar, þegar reglugerð yrði sett, og ég vænti nú þess, að hv. þm. vilji á það fallast að taka þessa till. til baka í trausti þess, að þetta verði tekið til athugunar í sambandi við reglugerðina.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Ég skal taka það fram, að ég talaði hér áðan ekki fyrir hönd n., aðeins frá eigin brjósti. Ég hef ekki talað við nm. um þetta atriði nema lítils háttar. En ég skal verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að taka þessi atriði til athugunar í n. og legg því til, að umr. verði frestað.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 19. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Vegna umr., sem urðu um þetta mál hér í hv. deild í gær vegna fram kominnar brtt. frá hv. þm. Barð., átti samgmn. fund og ræddi um þetta mál, og var mér síðan falið að eiga tal við samgmrh. um brtt. Ég átti síðan tal við hann og síðast í síma í morgun, og þá lét hann það í ljós við mig, að hann áliti, að þetta atriði, sem brtt. fjallar um, ætti frekar heima í reglugerð um þetta mál en í lögunum, og hann gerði ráð fyrir því e. t. v. að verða hér í deildinni, ef málið yrði tekið fyrir til umr. í dag, og mundi þá segja nokkur orð um þetta. Ég vildi nú fara fram á það við hæstv. forseta, hvort hann mundi vilja fresta umr. og taka þá málið fyrir aftur, þegar hæstv. ráðh. væri kominn.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Í brtt. á þskj. 582 er gert ráð fyrir, að aftan við 1. gr. frv. á þskj. 575 komi svo hljóðandi viðbót:

„Skylt skal leyfishafa að hafa jafnan til taks nægilegan bifreiðakost til þess að fullnægja eftirspurn á hverjum tíma á svæði því, er hann hefur fengið leyfi til að starfa á, enda sé hverjum manni heimilt að leigja sér bifreið frá öðrum, ef leyfishafi uppfyllir ekki þetta skilyrði."

Ég vildi leyfa mér að gera þá athugasemd við þetta, að enda þótt það, sem vakir fyrir tillögumanni, virðist stefna í rétta átt, þá virðist mér till. vera dálítið óljós. Í tillögunni er talað um leyfishafa. En ef frv., eins og það liggur hér fyrir, yrði að lögum í svipaðri mynd og það er fram borið, hlýtur leyfishafi að vera fleiri en einn. Hins vegar er nauðsynlegt að búa svo um hnútana, að hér verði ekki um að ræða einokun tiltölulega fárra manna, sem haldi uppi verðinu fyrir þjónustuna, en fullnægi jafnframt ekki eftirspurninni.

Eftir að lögin nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, voru sett, setti samgmrn. reglugerð nr. 230 7. des. 1953, um hámarkstölu vörubifreiða í Reykjavík, þar sem sett eru ýmis ákvæði til að útiloka misferli og einokun. Mér finnst, að svipaða leið mætti fara, og finnst það væri heppilegra, ef frv. þetta verður samþ., að koma svipuðu efni og felst í brtt. í reglugerð, sem samgmrn. mundi væntanlega setja. Þar af leiðandi álít ég, að þessi viðbótartill. sé óþörf, því að það sé hægt að ná sama marki með því að gera örlitla breytingu á reglugerðinni.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Þegar ég ræddi till. mína á þskj. 582 í gær, lýsti ég því yfir, að ég mundi taka till. aftur, ef hæstv. ráðh. vildi lýsa því yfir hér í þessari hv. deild, að reglugerð yrði samin með tilliti til þess að ná því sama og farið er fram á í till. og réttur þegnanna tryggður þannig gagnvart leyfishöfum.

Nú hefur hæstv. ráðh. rætt hér þetta mál nokkuð, en þó svo óljóst, að ég get að sjálfsögðu ekki fellt mig við þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér, nema hann vilji beinlínis taka það fram, að slíkt ákvæði verði sett inn í reglugerðina. Hann gat um, að það mætti setja það inn í reglugerðina, en ekki, að það yrði sett inn í hana. Svo framarlega sem slík yfirlýsing kemur ekki beint fram frá ráðh., að slíkt ákvæði sem hér um ræðir verði sett inn í reglugerðina, þegar hún verður samin, eftir að lögin eru samþ., mun ég ekki treysta mér til að taka þessa till. aftur, heldur óska eftir, að málinu verði frestað enn, og reyna að ná samkomulagi um það við hv. nefnd, að till. verði þá breytt í þá átt, að það skuli sett í reglugerð ákvæði um þetta atriði. Mér þykir rétt að láta það koma fram hér í umræðunum.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Ég hef kannske ekki tekið nógu skýrt fram það, sem ég vildi sagt hafa. Í reglugerðinni, eins og hún er nú, er einmitt ákvæði um það, að slík misnotkun geti ekki átt sér stað, að það yrði haldið uppi einokun eða að bifreiðar væru svo fáar, að stórskaðaði þá, sem þurfa að nota bifreiðarnar. Ég skal lýsa því með ánægju hér yfir, að ég skal sjá um það, ef þessi lög verða samþ. og ég verð svo lengi við þessi störf, að þetta ákvæði skuli koma inn í reglugerðina — eða ákvæði í svipaða átt, ég skal ekki ákveða, hvernig orðalagið á því verður. Ég vona, að hv. flm. till. nægi þetta.

**Páll Zóphóníasson:** Þegar ég fyrst talaði í þessu máli hér í d., gat ég um það, að eina ástæðan til þess, að þetta frv. væri fram komið, væri, að því er mér væri sagt, sú, að til væru hér í bænum menn, sem gengju undir nafninu „harkarar", og þessir menn hefðu það að atvinnu á kvöldin og aðallega seinni part dags að keyra um götur bæjarins og bjóðast til að keyra fyrir Pétur og Pál, sem þeir mættu, en hefðu ekki fast aðsetur á neinni stöð. Ég lét þá þau orð falla, að lögin frá því í fyrra, lög um leigubifreiðar í kaupstöðum, nr. 23 frá 1953, hefðu ekki verið framkvæmd að þessu leyti, og ég sagði þá, að ég héldi, að það hefði engin reglugerð verið gefin út eftir lögunum. Síðan sagði nú frsm. málsins, hv. 2. þm.

Árn., að það mundi hafa verið gert, en þá reglugerð hef ég ekki lesið fyrr en nú. En í þeirri reglugerð er ekki minnzt á það, að bílarnir eigi að keyra frá stöð, ekki einu orði, og lögunum ekki framfylgt að því leyti til. Þetta frv. er þannig til orðið af því einu, að lögin frá því í fyrra hafa aldrei verið framkvæmd. „Harkararnir“ verða til af því, að þeim er leyft að fara um bæinn, þó að þeir hafi ekkert leyfi til þess eftir lögum, og dómsmrh., sem á að sjá um, að lögunum sé fylgt, og sá ráðh., sem fer með umferðarmál, á að setja reglugerð eftir þessum lögum. Reglugerðin hefur verið sett, en ekki hvað þetta snertir. Það er ekki tekið fram í reglugerðinni, að þeir eigi að keyra frá stöð, ekki einu sinni vörubílarnir. Þeir mega vera til húsa hvar sem þeir vilja með sína afgreiðslu.

Orsökin til þess, að þessi lög eru komin fram núna, er því sú, að það hafa ekki verið framkvæmd lögin, sem til eru. Þess vegna koma þessir bílstjórar og segja: Það er tekin frá okkur vinna af þessum „hörkurum“, og við höfum ekki nóg að gera, ekki nógar tekjur til að lifa af, svo að það verður að takmarka, hvað margir megi keyra leigubíla hér í bæjunum. En verða þá ekki „harkararnir“ til alveg jafnt eftir sem áður? Verður nú nokkuð gert til að afnema „harkarana“? Þeir eru til núna. Það er liðið heilt ár, og það hefur ekki verið hreyfð hönd né fótur til að afnema þá. Verða þeir þá ekki til alveg eins eftir sem áður, „harkararnir“? Ég er anzi hræddur um það, að þeir muni verða til alveg eins eftir sem áður. Meðan enginn treystir sér til að eiga neitt við þá, enginn kærir þá, enginn lætur þá verða fyrir sektum og ekki eru sett nein frekari ákvæði en nú eru, þá verður það alveg eins, lögin verða brotin og þeir keyra fyrir utan stöðvarnar og taka atvinnuna frá þeim, sem á þeim eru, hvort sem það verður ákveðið með þessa tölu eða hina töluna, sem megi keyra frá stöð. Á þetta vildi ég nú benda. Annars skal ég ekki vera að endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður.

Ég tel, eins og ég hef áður sagt, að það liggi miklum mun nær að takmarka tölu annarra stétta í þjóðfélaginu en þessarar, sem ekkert hefur stækkað. Þrátt fyrir aukinn kost millilandaskipa, þrátt fyrir aukna bíla hefur hún sama sem ekkert stækkað s. l. tíu ár, meðan kaupmönnunum — þeim, sem lifa á verzlun — hefur fjölgað úr 7% í 9%. Ég spyr enn: þarf tíundi hver maður að lifa á verzlun? Er það umfangsmikið að afhenda hinum níu vörurnar, að einn maður komist ekki yfir það, þurfi að lifa á því? Eigum við ekki heldur núna að koma okkur saman um að búa til lög um, að það megi enginn maður opna búð hér eftir á Íslandi, nýja búð, þær séu orðnar nógu margar, og að það megi jafnvel fækka þeim, sem núna eru, svo að það verði ekki nema svona hæfilegur fjöldi — segjum helmingi færri — sem á því þurfi að lifa að afhenda hinum vörurnar? Eða þjónustufólkið, sem er orðið 11.8%, lifir á þjónustu, mest opinberri þjónustu, við aðra, í bönkum, sparisjóðum o. s. frv., eigum við ekki að búa til lög um að fækka því? Þurfa þeir virkilega að vera svona margir, sem stunda þessa þjónustu, þessi þjónustustörf?

Ef það á að fara að fækka í einni stéttinni og takmarka hana, þá er það alveg eins í mörgum fleiri. Og á þá ekki að takmarka fleira? Það var í einhverju blaði um daginn, ég held það hafi verið í Morgunblaðinu, verið að segja, að það væri svo þröngt í Vestmannaeyjahöfn, að bátar yrðu þar að bíða upp undir átta tíma til að geta komizt að bryggju. Eigum við ekki að takmarka, hvað margir bátar mega róa þaðan, svo að það sé vissa fyrir því, að það sé nóg bryggjupláss við bryggjurnar, að þeir komist að? Ja, hvar á yfirleitt að stöðvast, ef haldið er áfram á þessari braut að takmarka atvinnufrelsi manna í landinu?

Það er ekkert við því að segja, þó að menn segi: Til þess að stunda þessa og þessa atvinnu verður að uppfylla viss skilyrði? Þú verður að taka þitt bílstjórapróf, þú verður að taka þitt embættispróf og prestaskólapróf til að verða prestur og læknispróf o. s. frv., það er allt í lagi. En að segja við mennina, sem er búnir að búa sig undir það að stunda þessa atvinnugrein og aðra ekki, búnir að uppfylla allar þær kröfur, sem ríkið gerir til þess, að þeir geti stundað þessa stöðu: Nei takk, nú verða ekki fleiri menn úr þessu, sem stunda hana, ekki nema þeir, sem við veljum til þess, — það er skerðing á persónufrelsinu og alveg ótvírætt brot á stjórnarskrárlögunum. Og ég er viss um, að sá bílstjóri, sem vill komast að hér og keyra frá stöð og fer í mál við ríkisstj. fyrir að leyfa sér það ekki, eftir að þessi lög eru komin í gildi, fær sig dæmdan til að vera bílstjóri eftir stjórnarskránni. Ég er viss um það.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vildi aðeins ekki láta ómótmælt þeirri ásökun, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) bar hér fram á dómsmrh. eða dómsmálastjórnina, að hún hefði ekki séð um, að lögunum frá 1953 væri framfylgt. Sjálfur gaf hann þær upplýsingar, að skilyrði til þess að framfylgja þeim lögum eru alls ekki fyrir hendi, því að eftir því sem hann segir, þá er það ákvæði þeirra, sem hann talaði um, alls ekki komið í framkvæmd.

Það stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 1. gr. l. nr. 23 frá 1953: „Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.“

Eftir því sem hv. þm. las upp og vitnaði í reglugerð um hámarkstölu vörubifreiða í Reykjavík, þá fjallar sú reglugerð alls ekki um þetta efni, og þar af leiðandi, ef þetta eru einu fyrirmælin, — ég hef ekki kannað það sérstaklega, og mér er ókunnugt um annað, — þá vantar þá ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur, að bifreiðar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem er skilyrði fyrir því, að dómsmálastjórnin geti skipt sér af þessu máli eða samgmrh. Frumkvæði í þeim efnum á að vera hjá stéttarfélögum bifreiðarstjóra, og síðan kemur það undir bæjarstjórn. Eftir lögunum sjálfum heyrir það raunar alls ekki undir samgmrh. Það er bæjarstjórnin ein,

sem getur tekið þessa ákvörðun, og þarf ekki neitt reglugerðarfyrirmæli um það. Það kann að vera, að bæjarstjórn hafi gert um þetta einhverja samþykkt, ég hef ekki kannað það, en það hefur a. m. k. aldrei staðið á neinni framkvæmd af hálfu dómsmálastjórnarinnar, því að hennar aðstoðar hefur ekki verið leitað og ekkert mál þess efnis verið stöðvað af henni eða kæra; það þori ég að fullyrða. Málflutningur hv. 1. þm. N-M. að þessu leyti er því á misskilningi byggður.

Hitt hefur svo reynslan sýnt, að þetta ákvæði fyrri málsgr. 1. gr. l. frá 1953 hefur ekki reynzt nægilegt í þessu sambandi, að stéttarfélag bifreiðarstjóranna hefur ekki talið það nóg, að sett væru fyrirmæli um það, að allar bifreiðar ættu að vera frá stöð, heldur telur nauðsynlegt, að það sé sams konar heimild um fólksbifreiðar og sett var 1953 um vörubifreiðar, til þess að takmarka fjölda þeirra. Og þetta mál hefur af fylgjendum þess fyrst og fremst verið flutt á þeim grundvelli, að eðlilegt væri, að sams konar ákvæði giltu um bæði vörubifreiðarstjóra og fólksbifreiðarstjóra, og hv. þm. hefur ekki fært nein rök því til afsönnunar.

**Hermann Jónasson:** Ég skal ekki blanda mér í þá deilu, hvernig lög hafa verið framkvæmd. En ég vildi segja aðeins örfá orð um þetta mál, sem er talsvert mikið deilumál hér í d. og á Alþ. yfirleitt og víðar.

Það eru nú færð fram þau rök, að það sé óeðlilegt að loka fyrir það, að menn geti stundað atvinnu eftir geðþótta, í þessu tilfelli, að hver og einn geti keypt sér bifreið og stundað bifreiðaakstur, leigt út bifreið hér í bæ. Ég viðurkenni það, að þetta sjónarmið hefur mjög mikið til síns máls. Og það er ekkert óeðlilegt, að það komi fram, því að slíkar takmarkanir eins og þær, sem hér eru gerðar, þurfa að byggjast á nokkuð sérstökum rökum. En það er ákaflega varasamt að taka hliðstæður eins og með bátana í Vestmannaeyjahöfn og jafnvel kaupmennsku, þó að það væri kannske nær. Þessar takmarkanir eru gerðar, að mínu áliti og ég held að áliti flestra þeirra, sem hafa beitt sér fyrir þeim, af því að bifreiðarstjórarnir eru með mjög dýr tæki, sem þeir þurfa að afla sér, — það þurfa að vísu að gera fleiri, sem reka atvinnu, — og þetta er að mínu áliti að verulegu leyti af þjóðfélagslegum ástæðum. Þessi „dagstofa", sem bifreiðarstjóri ræður yfir, „dagstofa" á hjólum, veldur því, að þessir menn, sem stunda þessa atvinnu, verða of margir og geta ekki haft eðlilegt framfæri af bifreiðaakstrinum einum, þá sýnir reynslan annars staðar, að það hefur sótt í það, að þeir fara að drýgja atvinnu sína með öðru, sem þeir hafa ákaflega góða aðstöðu til og er þjóðfélagslega mjög hættulegt. Vegna þess að reynslan sýnir, að þessir menn hafa aðstöðu til þess að stunda þá atvinnu, er það, að þessar takmarkanir hafa verið settar hér, að það þykir eðlilegt, að þessir menn hafi hæfilega atvinnu af því að stunda það að flytja þá, sem þurfa á flutningi að halda, en komist ekki í þessa aðstöðu, sem neyðir þá út í óheiðarlegan atvinnurekstur.

En auk þessara þjóðfélagslegu raka, ef svo mætti að orði komast, þá liggja til þess rök, sem við höfum áður gripið til satt að segja hér á Alþingi. Það er vitanlega alveg tvímælalaust, að það er ætlunin með þessum lögum að vernda stéttina, þannig að hún hafi nægilega atvinnu. Það er tilgangur þessara laga meðal annars. En það er ekki tilgangur þessara laga að fá þessari stétt einokun í hendur, þannig að hún geti misnotað aðstöðu sína gagnvart borgurunum. Verndin á ekki að ná lengra en það að sjá fyrir því, að þessi stétt hafi örugga atvinnu, en ekki komi of margir menn inn í stéttina og eyðileggi atvinnuna fyrir henni. Verndin á ekki að ná svo langt, að þessi stétt geti misbeitt því valdi, sem henni er fengið í hendur gagnvart borgurum landsins. Þar verðum við að setja takmörk. Þess vegna er það, að ég álít, ekki sízt vegna þess, að það er reynsla komin um þetta annars staðar, að við getum varla gengið fram hjá því, að það sé settur eðlilegur varnagli, sem sé þó þannig úr garði gerður, að hann sé ekki heldur misnotaður gagnvart stéttinni, þannig að það geri ákvæði laganna að engu. Þetta meðalhóf verðum við að rata. Með þessu er þjóðfélaginu líka bezt fullnægt, vegna þess að þá eru ekki keypt fleiri tæki til þess að sjá fyrir þessari þjónustu en hæfir, og bifreiðarstjórunum og þegnum þjóðfélagsins er líka bezt fullnægt, enda vitað mál, að þessi þjónusta, bifreiðaakstur, verður því aðeins sæmilega af hendi leyst, að bifreiðarstjórarnir séu þannig settir, að þeir geti haldið bifreiðunum sæmilega við o. s. frv.

En þegar menn tala um það þrátt fyrir þessi rök, að það sé óeðlilegt að setja þessar takmarkanir, þá ættu menn að hugleiða það, að við höfum ekki alltaf hugsað á þennan veg. Hvers vegna erum við að setja takmarkanir um ákveðnar bifreiðar til Akureyrar? Hvers vegna erum við að fá mönnum einkaleyfi til Keflavíkur? Hvers vegna erum við að fá mönnum einkaleyfi víðs vegar um landið og segja við aðra borgara: Þú mátt ekki koma inn á þessar leiðir og ekki flytja neina á þessum leiðum, og ef þú gerir það, þá varðar það refsingu? — Við, sem höfum verið í þeim stöðum, þar sem á að sjá um framkvæmdir, höfum orðið varir við það, að ef nokkur fer inn á þessar leiðir, þá er það ævinlega kært. Hvers vegna erum við að fá þessum mönnum einkaleyfi? Hvers vegna afnemum við það ekki? Og ef það er rétt að fá mönnum einkaleyfi á þessum áætlunarferðum, hvers vegna er þá rangt að fá mönnum jafnframt takmarkað einkaleyfi, eins og ég hef lýst, til þess að flytja fólk í bæjunum? Hver er munurinn á þessu? Vitanlega er ekkert til, sem er algerar hliðstæður, en þetta nálgast það mest að vera algerar hliðstæður. Og þetta er af þeirri einföldu ástæðu, að við erum búnir að prófa hina leiðina. Við erum búnir að prófa það að hafa fjölda af bifreiðum á leiðinni til Akureyrar og leiðinni til Keflavíkur, Selfoss eða Eyrarbakka o. s. frv. Og hver er afleiðingin? Að þeir, sem lenda í samkeppninni, setja of margar bifreiðar inn á þessar áætlunarleiðir. Bifreiðarnar voru niðurniddar, jafnvel svo, að þær reyndust hættulegar í akstri, vegna þess að eigendurnir

höfðu ekki efni á að halda þeim við. Síðan var það þannig, að eftir að mjög margar bifreiðar höfðu verið á sumum þessum leiðum, þá gáfust þær upp, og þá voru engir fólksflutningar á sumum þessum leiðum. Ég efast um, að þeir séu margir núna, sem tala um, að það sé rangt að fá mönnum takmarkað einkaleyfi í hendur, eins og hér er gert, sem ég viðurkenni vissulega að verður að gera með gát, — en ég efast um, að þessir sömu menn vildu horfast í augu við það að afnema einkaleyfin á áætlunarleiðunum. Það hefur a. m. k. ekki heyrzt ein einasta rödd um það hér á Alþingi úr munni eins einasta þingmanns.

Vitanlega getur manni alltaf yfirsézt og gerir það oft, en ég held, að það sé jafneðlilegt skref, sem við stígum hér viðvíkjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir, eins og um áætlunarbifreiðarnar, enda næstum alger hliðstæða, eins og ég sagði áðan. En við þurfum að gæta þess, að þessi lög verði þannig úr garði gerð, að þau fullnægi því sjónarmiði, sem bifreiðarstjórarnir eðlilega þyrftu að hafa, að þeir séu verndaðir á þann hátt, að þeir hafi sæmilega atvinnu við sinn atvinnurekstur, en jafnframt sé séð fyrir því, að ekki dragi úr þeirri þjónustu, sem þegnar þjóðfélagsins eiga heimtingu á að fá. Og þetta meðalhóf er vel hægt að rata, ef skynsamleg ákvæði eru sett um það í reglugerð. Það finnst mér eðlilegra en að setja það í lög, enda þarf verulega athugun, hvernig á að koma þeim ákvæðum fyrir. Ef till. hv. þm. Barð. kemur hér til atkv., þá mun ég ekki greiða atkvæði gegn henni með öðrum formála en þeim, að ég geri það í því trausti, að hæstv. samgmrh. setji slíka reglugerð, enda óskaði ég eftir, að sú yfirlýsing lægi fyrir, að hann mundi gera það. — Frekara sé ég ekki ástæðu til að segja um þetta mál.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það er aðeins tvennt, sem ég vil taka fram. Það fyrra er það, að rétt er hjá hæstv. dómsmrh., að frumkvæðið á að vera hjá bæjarstjórninni til að afnema „harkarana“, og stjórnarráðið getur náttúrlega ekkert gert, fyrr en hún er búin að taka sínar ákvarðanir. Að því leyti til var ásökun mín á ráðherrann röng, því að það var bæjarstjórnin, sem átti að byrja. En það sýnir aftur á móti mönnunum, sem eru með þessu, að bæjarstjórnin vill hafa „harkarana“. Hvers vegna vill hún hafa „harkarana“? Lögin eru samþ. 16. febr. 1953, nú er komið fram í apríl, komnir 26 mánuðir, og bæjarstjórnin hefur engar ráðstafanir gert til að taka upp, að „harkararnir“ verði bannaðir, sjálfsagt að þeir haldi áfram keyrslunni. „Harkararnir“ hafa nóg að gera, þótt hinir bílarnir séu á ferðinni, og maður þarf stundum að bíða þrátt fyrir það eftir bíl, stundum af því að maður getur ekki hringt í „harkarana“, af því að ekki er vitað, hvar þeir eiga heima.

Mér skilst, að ef þetta á að halda áfram, þá verði áframhaldið það, að þessi lög verði samþykkt, — það megi enginn bíll keyra nema frá stöð eftir lögunum, bæjarstjórnin eigi að hlutast til um, að það sé tekið upp og haldið áfram með það, hins vegar fái „harkararnir“ að vera áfram. Eigi ég t. d. vörubíl heima hjá mér og taki hann í keyrslu fyrir þann, sem vill, þá er ekkert hægt að gera, bæjarstjórnin hefur þagað. Hver og einn getur verið áfram vörubílstjóri, keyrt um bæinn eins og honum sýnist, ef hann er ekki skrásettur á neinni stöð. Ráðherrann á bara að ákveða, hvað margir bílar mega vera skrásettir á stöð. Hann á ekki að ákveða tölu „harkaranna“, hann á ekki að ákveða tölu bílstjóra, sem hafa bílinn heima hjá sér, eru ekki á neinni stöð og keyra glatt um bæinn fyrir því. Lögin eru þess vegna alveg tilgangslaus, ef það á að ganga fram hjá því, að bæjarstjórnin sé eins og hún hefur verið og skipti sér ekki af því, að bílarnir séu ekki skrásettir á stöð.

Hv. þm. Str. var að tala um og líkja þessu frv. við áætlunarferðirnar um landið. Það er bara allt annað, og er búið að benda á það hér áður, en hann var þá ekki við umr. hér, svo að hann hefur hvorki heyrt það né það, sem frsm. n. hefur haldið fram í því sambandi, og endurtók þess vegna sumt af því og bætti nokkru við. En ég skal benda honum á í því sambandi, að það er ekki neitt nýtt, að íslenzka þjóðfélagið reyni að skipuleggja ferðalög. Póstferðirnar hafa alltaf verið skipulagðar, og póstarnir léðu mönnum alltaf hesta og létu þá verða sér samferða. Svo langt er síðan menn fundu ákveðna þörf á því hér á landi að hafa skipulegar fastar ferðir milli staða á landinu. Menn vissu, hvenær póstarnir komu og fóru, og þeim urðu menn samferða. Ég hef sjálfur orðið samferða pósti úr Borgarfirðinum til Akureyrar oft í gamla daga. Þeir hurfu og hættu að lána mönnum hesta og lofa þeim að flytja þá með sér. Svo komu bílarnir, fyrst áætlunarlausir, fóru eftir því, sem um var beðið, en þjóðfélagið sá nauðsyn á því að skipuleggja þetta, nauðsyn á því, að þeir menn, sem ætluðu frá Akureyri suður til Reykjavíkur, vissu, hvenær þeir gætu fengið ferð, og þyrftu ekki hver um sig að semja, einn við Pétur og annar við Pál og þriðji við Jón, um að keyra sig frá Akureyri og suður í Reykjavík. Þá komu áætlunarferðirnar, og svoleiðis er það núna, að þjóðfélagið er búið að skipuleggja fastar ferðir, svo að við vitum klukkan hvað og hvaða dag farið er frá þessum stað á hinn staðinn. Þetta er alveg tilsvarandi því, sem er með járnbrautir og aðrar slíkar ferðir erlendis. Það stendur í raun og veru ekkert í sambandi við bílana út af fyrir sig, þeir eru aðeins farartæki, heldur stendur það í sambandi við nauðsyn þjóðfélagsins á því að skipuleggja fastar ferðir um landið, þannig að menn geti notið ferðanna á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt. Þetta á enga samstæðu við þetta bílafrv., sem hér er á ferðinni og gerir ekki annað en takmarka atvinnufrelsi manna og skapa okkur óþægindi, sem að því eigum að búa, hvort sem við erum í Reykjavík, Siglufirði, Vestmannaeyjum, Akureyri, hvar sem við erum í þessum kaupstöðum, sem l. eiga að ná til. Þeim er ekki ætlað að ná til annarra en kaupstaða. Maður úti á Seltjarnarnesinu má hafa bílastöð og keyra eins og hann vill hérna í Reykjavík. Hann má færa einhverja bílastöðina hérna út á Seltjarnarnesið, og þaðan getur hann svo rekið keyrsluna hérna um Reykjavíkurbæ eins og honum sýnist, og ekkert sagt við því eftir

lögunum, — eða hann getur farið með hana suður í Kópavog, hinn nýja kaupstað, sem þar er að rísa upp, og rekið hana þaðan. Það er ekkert að segja við því heldur, þó að hann geri það. Það er þýðingarlaust, hvað þetta snertir. Það teppir ekki „harkarana“, meðan bæjarstjórn Reykjavíkur ekki vill eiga frumkvæðið að því að taka upp, að þeir verði að keyra frá stöð. Það teppir ekki einstaka menn, sem eiga vörubíla og keyra með þá og eru ekki á stöð. Það teppir ekki, að það komi stöðvar rétt í jaðrinum á Reykjavík og keyri eins og þeim sýnist um bæinn, hvort heldur er frá Seltjarnarnesi eða Kópavogi eða úr Mosfellssveitinni. Það eina, sem það gerir, er að hefta atvinnufrelsi manna og er annað sporið, sem stigið er á þeirri braut, og sjálfsagt ekki það síðasta, því að ég mun strax á næsta þingi, ef ég lifi það, koma með frv. um að takmarka tölu kaupmannanna, þeirra sem lifa á verzlun. **(Gripið fram í:** Þá gera lögin ekkert til.) Það er ekkert þægilegt, t. d. fyrir Siglufjarðarmanninn, sem vill keyra, en kemst ekki á stöð, — ja, hann getur verið „harkari“, en hann getur hvorki verið uppi á Siglufjarðarskarði né norður á Almenningnum eða í Héðinsfirði til að ætla að reka atvinnuna frá Siglufirði, og því síður getur hann staðsett sig úti á hafinu. Hann hefur engan stað til að staðsetja sig á sama hátt og þeir, sem vilja keyra í Reykjavík, því að þeir hafa nóga aðstöðu til þess.

ATKVGR.
Brtt. 582 tekin aftur.
Frv. samþ. með 10:5 atkv. og endursent Nd.

---

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 658).

---

## 64. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum** [133. mál] (þmfrv., A. 312).

Á 41. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Ásgeir Bjarnason):** Herra forseti. Landbn. flytur þetta frv. eftir beiðni landbrh., en frv. hefur samið mþn., sem kosin var af búnaðarþingi s. l. vetur, sama mþn. og hefur útbúið frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum.

Þessi lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum eru um það bil 10 ára gömul. Með þeim var stigið stórt spor á sviði ræktunarinnar í landinu — það, að menn ættu þess kost frekar en áður var að rækta á félagslegum grundvelli. Starf ræktunarsambandanna getur nokkurn veginn verið eftir staðháttum, þannig að nokkrir bændur geta staðið að einu ræktunarsambandi og svo einnig nokkur sýslufélög, eins og víða á sér stað hér á landi. Ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að þessi lög hafi unnið ómetanlegt gagn á sviði ræktunarinnar í landinu.

Ég vil vekja athygli á því, að þessi lög eru í raun og veru tvíþætt, í fyrsta lagi að því er varðar jarðræktina og í öðru lagi að því er viðvíkur byggingum í sveitum, því að bændur hafa átt þess kost samkv. þessum lögum að mynda með sér svokallaðar húsagerðarsamþykktir, en sárafáir hafa notað sér þetta, en þó eru til dæmi þess.

Þær breytingar, sem farið er fram á með þessu frv., eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi það, að framkvæmdasjóður ríkisins, sem undanfarið hefur að hálfu leyti kostað þær vélar, sem ræktunarsamböndin hafa fengið, skuli verða efldur nokkuð, eða um 6 millj. kr. á næstu sex árum, því þótt mörg ræktunarsambönd hafi verið stofnuð, hafa þau ekki enn þá öll fengið þann vélakost, sem þau þurfa, og enn þá nokkur svæði á landinu, sem ekki hafa til þessa getað myndað ræktunarsambönd, svo að þær vélar, sem til ræktunar þarf, eru ekki enn þá nægjanlega margar.

Þá er farið fram á í þessum lagabreytingum, að vélageymslur, sem á að geyma vélar ræktunarsambandanna í, verði einnig styrkhæfar, en það hafa þær ekki verið til þessa.

Þá er enn fremur farið fram á það, að stjórn vélanefndar ríkisins skuli árlega ákveða það gjald, sem tekið er fyrir vinnu vélanna, en eins og gefur að skilja, þá hefur þetta gjald verið nokkuð mismunandi á landinu, og stafar það af ýmsum ástæðum, bæði af ókunnugleika manna að áætla, hvað þessar vélar endist lengi, og svo ýmsir kostnaðarliðir, sem hafa ekki legið það beint við, að hægt hafi verið að reikna með þeim í fyrstu. En stjórn vélanefndar ríkisins, sem hefur allmikla reynslu í þessum efnum, á nú samkv. þessu frv. að ákveða að mestu eða í samráði við stjórnir ræktunarsambandanna taxtann á vinnuvélunum.

Þá er einnig sú breyting nú, sem farið er fram á, að vélanefnd ríkisins fái jafnframt heimild til að lækka fyrningarsjóðsgjald af vélunum, ef það sýnir sig, að þær eru ekki notaðar nema sáralitinn hluta úr árinu. En það hlýtur alltaf þannig að verða undir misjöfnum kringumstæðum, að vinnutími vélanna á ári hverju verði allmisjafn, og það liggur því í hlutarins eðli, að eftir því sem vinnutíminn er styttri og tekjurnar minni, eftir því verður erfiðara fyrir ræktunarsamböndin að skuldbinda sig til að greiða sama gjald í fyrningarsjóð og ef þau hefðu haft miklu lengri vinnu-

tíma og þar af leiðandi fengið miklu meiri tekjur.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem farið er fram á nú með þessu frv. Ég vil taka það fram, að nm. hafa áskilið sér rétt til að bæði flytja brtt. og fylgja brtt., ef fram kynnu að koma, og vil ég mælast til þess, að frv., þótt það komi frá n., fari að nýju til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 312, n. 536, 537).

**Frsm. (Ásgeir Bjarnason):** Herra forseti. Þetta frv. var samið af mþn. á s. l. ári eftir tilmælum hæstv. landbrh. Var það lagt fyrir þingið fyrir hátíðirnar í vetur.

Það má með sanni segja, að mörg lagafyrirmæli hafi orðið til þess að styrkja og efla landbúnaðinn í landinu, en ég hygg þó, að fá lög hafi átt ríkari þátt í því að efla jarðræktina eins mikið og sú löggjöf, sem hér um ræðir, því að einmitt eftir að hún öðlaðist gildi og innflutningur á vélum varð nokkru meiri, urðu mjög mikil stakkaskipti í þessum efnum, þannig að það hefur á því tíu ára tímabili, sem þessi lög hafa ríkt, orðið alger bylting í þessum efnum.

Það hafa vegna þessara laga verið fluttar til landsins um 10 skurðgröfur og um 113 dráttarvélar. Meiri hlutinn af þessum vélum var fluttur til landsins fyrir 1950, en nokkrar síðar.

Það voru upphaflega lagðar fyrir í framkvæmdasjóð um 3 milljónir, sem áttu að standa straum af þessum vélakaupum af ríkisins hálfu. Síðan var þetta framlag hækkað 1950 upp í 6 millj., en nú hefur breytingin orðið svo mikil á verðlagi þessara véla, að þessar upphæðir hafa engan veginn nægt eins og til var ætlazt í upphafi, svo að nú er farið fram á, að þessi upphæð sé hækkuð enn þá einu sinni, og mun ekki af veita, því að enn þá hafa ekki allir landshlutar getað komið á hjá sér ræktunarsamböndum og orðið aðnjótandi þessara laga. Það er því farið fram á, að lögð sé fyrir nokkur upphæð til þessara vélakaupa eða um 6 millj. kr. á næstu sex árum.

Landbn. hefur athugað frv. frá því það var lagt fyrir þingið og breytt því nokkuð. M. a. hefur verið felldur úr frv. styrkur til vélageymslna, þ. e. a. s. til að byggja geymslur yfir þessar vélar. Það þykir ekki tímabært að styrkja þær, þar sem enn þá hafa ekki allir getað fengið nægjanlega margar vélar til ræktunar. Hugsanlegt er síðar meir, að komið geti til greina að styrkja geymslurnar einnig, en á þessu stigi málsins hefur n. ekki talið það eðlilegt.

Þá hefur n. gert nokkrar breytingar varðandi fyrningarsjóðina, sem upphaflega var ætlazt til að yrðu greiddir á vissum árafjölda, þannig að vélarnar greiddust niður á fárra ára fresti, eða á sex árum, að mig minnir. Nú er tekin inn heimild í l. að semja við stjórn vélasjóðs um, hvað tíminn verði langur, sem vélarnar eigi að greiðast niður á, vegna þess að notkun vélanna er ákaflega misjöfn, ársvinnutekjurnar eru mjög misjafnar, þannig að það getur tæplega gengið, að vélar, sem hafa sáralitla vinnu árlega, greiði jafnmikið og hinar, sem koma í hámarksvinnu og hafa því miklar tekjur.

Sökum þessa hefur einnig þótt eðlilegt að gera nokkru strangari ákvæði um skil á fyrningarsjóðum, því að það hefur borið við á stöku stöðum, að ekki hafi verið gerð nægjanleg skil eins og l. ætluðust til. En þar sem þessi ákvæði eru sett inn, þá hygg ég, að önnur ákvæði, sem einnig eru tekin inn í þetta frv., verði ekki skoðuð á þann veg, að þau verði neinn fjötur um fót ræktunarsambandanna, nema síður sé.

Þessu frv. hefur fylgt ýtarleg grg., þar sem gerð er grein fyrir öllum þeim brtt., sem fram eru bornar, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér hana. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv., en vænti þess, að það fái góðar undirtektir hjá hv. þm. og að því verði vísað til 3. umr. að þessari lokinni.

ATKVGR.
Brtt. 537,1 (*ný 1. gr.*) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 537,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 537,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 576, 580).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 580 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 70. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 585).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 585, n. 616).

**Frsm. (Jón Kjartansson):** Herra forseti. Lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum voru sett 1945, þau eru þess vegna 10 ára á þessu ári. Í þessum l. fólst sú merka nýjung að verja fé úr ríkissjóði til styrktar ræktunar- og búnaðarsamböndum til kaupa á stórvirkum

vélum til jarðræktar. Það vaknaði þegar mikill áhugi í sveitum landsins til þess að notfæra sér þau hlunnindi, sem lögin buðu upp á. Stofnuð voru ræktunarsambönd í flestum héruðum landsins. Frá því að lögin öðluðust gildi og fram á þennan daga hafa verið stofnuð 66 ræktunarsambönd, sem hafa fengið staðfestingu, og af þeim hafa 65 hlotið styrk úr vélasjóði eða ríkissjóði til vélakaupa. Upphaflega var ákveðið að verja 3 millj. kr. úr ríkissjóði til greiðslu helmings kostnaðar þeirra véla og tækja, sem heimilað var að kaupa. Árið 1950 var ákveðið að hækka þessa upphæð upp í 6 millj. kr., en nú er þetta fé á þrotum eða því sem næst.

Fullyrða má, að með l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum hafi verið mörkuð tímamót í ræktunarmálum landsins. Þau hleyptu af stað mikilli og farsælli framfaraöld í ræktun sveitanna. Svo til í öllum héruðum má sjá merki þessa. En þessi þróun má ekki stöðvast. Verði hins vegar ræktunarsamböndin févana, svo að þau geti ekki sinnt hlutverki sínu, þá getur svo farið, að þróunin stöðvist eða úr henni dragi svo, að kyrrstaða myndist. Það væri illa farið.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, á að koma í veg fyrir þá hættu. Með frv. er lagt til, að varið verði úr ríkissjóði á næstu sex árum 6 millj. kr. samtals til að halda áfram að styrkja þessi vélakaup eins og verið hefur. Og einnig er lagt til í þessu frv., að þau héruð, sem hafa dregizt aftur úr, skuli sitja fyrir, og enn fremur þau, sem urðu fyrir því óhappi að kaupa vélar, sem reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Landbn. leggur einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, og ég vænti þess, að hv. dm. taki því vel og samþykki það eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 659).

---

## 65. Jarðræktarlög.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950** [132. mál] (þmfrv., A. 311).

Á 41. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Setning jarðræktarlaganna, sem upphaflega voru samþ. árið 1923, hefur haft í för með sér meiri framfarir á sviði jarðræktarmála í okkar landi en flest annað, sem gert hefur verið okkar sveitum til gagns, og ég held, að það sé einmæli meðal allra landsmanna, að það hafi verið rétt stefna og heilbrigð, sem þar var tekin í því, að ríkissjóður veitti allverulegan styrk til þeirra framkvæmda, sem eru unnar á þessu sviði og ekki eru einasta unnar fyrir núlifandi kynslóð, heldur og að miklu leyti fyrir framtíðina. Þessum l. hefur verið nokkrum sinnum breytt, en aðalbreyt. hafa farið fram árið 1936 og árið 1950, og þau lög, sem nú gilda í þessu efni, eru lög frá 1950, nr. 16 frá 17. maí það ár.

Það frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. landbn. þessarar d., er flutt eftir tilmælum hæstv. landbrh., en undirbúið af mþn., sem sett var af búnaðarþingi í fyrra. Aðalástæðan til þessa frv. er sú mikla breyting, sem orðið hefur á kostnaði við jarðræktarframkvæmdir frá því árið 1950, að l. voru sett, og samkv. grg. fyrir þessu frv. er svo komið, að á þessu tímabili lætur nærri samkv. fróðustu manna útreikningi, að kostnaður við framkvæmdirnar, margar hverjar a. m. k., hafi um það bil tvöfaldazt, eða það, sem kostaði að rækta hektarann, hafi verið 3500 kr. og upp í 4500 kr., en nú sé það komið upp í 7500 kr. og upp í 9000 kr. Þetta er dálítið misjafnt eftir aðstæðum, eins og gefur að skilja, en aðalorsökin til þessarar miklu hækkunar er hækkun á kaupgjaldi og hækkun á öllum kostnaði við vélar.

Ég fyrir mitt leyti tel það þess vegna mjög sanngjarnt, sem er að vissu leyti meginatriði þessa frv., að það sé farið fram á það og lögfest nú að hækka framlag ríkisins til þessara mála, sem hér er fyrst og fremst ákveðið í 4. gr. þessa frv.

En í þessu frv. eru þó nokkur önnur atriði, sem að vissu leyti er ekki alveg eins ákveðið með, að sjálfsagt sé að samþykkja, þó að það sé hins vegar mjög sanngjarnt og margt mæli með því. Það eru aðallega tvö atriði, sem þar er um að ræða og eru allt annars eðlis en þetta. Það er í fyrsta lagi að hækka styrkinn eða framlagið til vélgrafinna skurða úr 50% kostnaðar upp í 70%. Þetta er, eins og menn sjá, töluvert mikið annars eðlis, vegna þess að framlagið eins og það er í lögunum er „prósentvís“ framlag og er því öðruvísi en með hinn almenna ræktunarkostnað. Hitt ákvæðið, sem í þessu frv. er nýtt, er að taka upp styrk eða framlag, sem ekki hefur verið áður í lögum, til búvélageymslna. Hefur mjög borið á því, að það er mjög vanrækt, ef svo mætti segja, víðs vegar í sveitum landsins, að með hinar dýru búvélar sé svo vel farið sem æskilegt væri og þarf að vera. Þess vegna er það áreiðanlega ekki fjarri vegi, að ýtt sé undir það, að betur sé með þessar nytsömu vélar farið en gert hefur verið, og það verður ekki gert á annan hátt en þann að koma upp hæfilega góðum geymslum yfir þessar vélar, þannig að þær geti jafnan verið undir þaki, þegar þær eru ekki í notkun.

Þessu frv. fylgir nú, eins og menn sjá, ekki nein kostnaðaráætlun, þannig að það er ekki svo þægilegt að segja um það, hvað mikinn kostnað þetta hefði í för með sér fyrir ríkissjóð. Það er

hins vegar vitað, að það er talsverð hækkun frá því, sem nú er. En hér er um að ræða mikið nauðsynjamál, og vil ég því fyrir hönd landbn. mæla með því, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þetta frv. á þessu þingi, annaðhvort eins og það liggur fyrir ellegar þá með þeim breyt., sem samkomulag yrði um.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða á þessu stigi meira um málið. Það er, eins og ég hef þegar tekið fram, flutt af nefnd, og þarf þess vegna ekki að vísa því formlega til hv. landbn. aftur. Hins vegar tel ég sjálfsagt, að n. taki það til athugunar og athugi, hvort það eru einhver fleiri atriði í jarðræktarl., sem henni finnst nauðsyn að breyta, ellegar þá að hún leggur til að breyta einhverjum af þeim ákvæðum, sem eru í þessu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 311, n. 529, 372, 528).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv. var nokkru fyrir jólin flutt af hv. landbn. þessarar d. eftir tilmælum hæstv. landbrh. Síðan hefur það verið mjög rækilega rætt í landbn., og auk þess lágu fyrir n. umsögn og till. varðandi frv. frá búnaðarþingi. N. hefur að nokkru leyti haft samráð við menn úr landbn. Ed., og eru þær brtt., sem n. leggur fram á þskj. 528, samkomulagstill. Þær hníga að nokkru leyti í þá átt að draga úr þeim gjöldum, sem þetta frv. hefur í för með sér fyrir ríkissjóð, og að öðru leyti til frekari skýringar á þeim atriðum, sem um er að ræða.

Ég skal nú með örfáum orðum fara yfir þessar brtt. n. og skýra það, sem ástæða þykir til að víkja að.

1. brtt. er aðeins orðabreyting um það, að í staðinn fyrir „héraðssamböndum" komi: búnaðarsamböndum, og er það auðvitað sjálfsögð breyting.

2. brtt. er umorðun á 3. gr. frv. og gerir ráð fyrir umorðun á 11. gr. l., þar sem styrkákvarðanirnar aðallega eru.

Fyrsta breyt. þar er sú, að í staðinn fyrir, að í frv. stendur „7/10 kostnaðar úr ríkissjóði" við vélgrafna skurði, þá er till. n., að þetta verði fært niður í $^{65}/_{100}$.

Önnur breytingin er sú, að fellt er niður úr ákvæðunum orðið „akur", og er það gert með tilliti til þess, að það er talið ekki örgrannt, að það sé mögulegt að fá tvöfaldan styrk eða tvisvar styrk út á sama land, ef það er fyrst tekið út sem t. d. hafraslétta og svo sáð í það árið eftir grasfræi og það tekið út þannig. En sem sagt, n. þykir nægilegt að miða þetta við jöfnun og vinnslu á landi til túnræktar. Þarna gerir n. aðra breyt. í þessu sambandi, og það er að skipta landinu í tvennt, að það sé heldur lægra framlag á sanda en annað land. Till. búnaðarþings var að vísu um það, að þessu væri skipt í þrennt og það væri enn nokkru hærra út á mýrarjörð, en n. hefur ekki fallizt á það, m. a. með tilliti til þess, að oft er í sama flaginu bæði mýrarjörð og móajörð og erfitt að aðgreina það.

Þá er 3. liður, grjótnám úr ræktunarlandi. Þar er tvennt tekið fram til breytinga. Það er hækkun á þessum lið, eins og gert er ráð fyrir í frv., helmingshækkun frá því, sem nú er í l. Og annað er í þessari brtt., að það er undantekning frá því, að það sé aðeins það grjótnám, þar sem ekki er seljanlegt grjótið, því að það eru dæmi til þess á einstaka stað í kringum kaupstaði, að það er mögulegt að selja grjótið. En þessi hækkun á liðnum um grjótnám er miðuð við það einkum að gera þeim auðveldara, sem erfiðasta hafa aðstöðu og styzt eru komnir með jarðrækt, og gildir þetta einkum um Vestfirði og Austfirði, þar sem örðugast er um jarðrækt.

Þá er tvennt, sem n. vill breyta frá frv. Annað er það, að hún leggur til að fella niður framlag til garðávaxtageymslna úr öðru efni en varanlegu efni, þ. e. öðru efni en steinsteypu. Enn fremur leggur hún til að fella niður framlag til búvélageymslna. Í stað þess tekur n. upp till. um framlag til súgþurrkunarkerfa í þurrheyshlöðum. Eins og menn sjá, er þar lagt til, að það sé miðað við gólfflöt á hlöðunni og 5 kr. á fermetra.

Þá er 6. liður í þessari sömu gr., sem er tryggingarákvæði fyrir því, að mönnum sé ekki liðið, eins og nokkuð hefur þótt bera á, að vanrækja algerlega að leggja fram til fyrningarsjóða í ræktunarsamböndum og félögum, og þetta ákvæði leggur n. til að sé til hindrunar því, að hægt sé að komast undan þessari skyldu, sem er mjög nauðsynlegt að sé hlýtt.

Þá er 3. aðalbrtt. n. Hún er sú, að í staðinn fyrir 20% hækkun fyrir utan verðuppbótarhækkun sé það fært niður í 15%. Þetta er með tilliti til þess ástands, sem nú er. — 2. liður í þeirri brtt. er um það, sem hefur verið tekið upp eftir till. búnaðarþings, að það sé lægra tillag til einstakra búnaðarfélaga af jarðræktarframlaginu, þegar um er að ræða vélgrafna skurði, heldur en aðrar jarðabætur, þannig að það sé ekki nema 3% af því, en 5% að öðru leyti, sem búnaðarfélögin fá til sameiginlegra félagsþarfa. — Þá er enn fremur 3. breyt. við þessa gr. sú, að það sé heimilað, ef áveitu- eða framræslufélög láta ræsa fram sitt land, að þá fái þau þau 3%, sem búnaðarfélögunum eru ætluð, til sinna sameiginlegu félagsþarfa.

4. brtt. n. er breyt. í þá átt, að í staðinn fyrir að í l. eru undir sama lið flóðgarðar, flóðgáttir og vatnsbrýr, leggur n. til að sundurliða þetta og hafa hærra ríkisframlag á flóðgáttir og vatnsbrýr en á flóðgarða, þannig að á flóðgarðana sé ⅓ kostnaður, en á hitt helmingur kostnaðar.

Þá er 5. brtt. n. um umorðun á bráðabirgðaákvæðum l., og er þar um að ræða tvö atriði. Í öðru lagi það, sem er tekið upp eftir till. búnaðarþings, að þegar ekki er kostur á búfræðikandidötum til þess að gegna héraðsráðunautsstörfum, sé heimilt til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands að ráða til þessara starfa, eins og oft hefur áður verið, búfræðing með venjulegri búfræðimenntun. Hitt ákvæðið er um það, eins og að nokkru leyti er í frv. og er mikið atriði, að greiða skuli hærra

framlag á jarðabætur til þeirra jarða í landinu, sem hafa minna tún en 10 ha, og þetta er á sama veg og með grjótnámið til þess ætlað, að það sé létt undir með þeim aðilum, sem versta hafa aðstöðu til jarðræktar í landinu og stytzt eru komnir áleiðis, og gildir, eftir því sem við teljum eða komumst næst, einkanlega fyrir afskekktustu byggðir landsins, á Vestfjörðum og Austfjörðum. Það er þó ekki ætlazt til, að þessi hlunnindi nái lengra samkv. þessu frv. en til ársloka 1960.

Þá er síðasta brtt. um gildistöku þessara laga, og er að sjálfsögðu nauðsynlegt að breyta því ákvæði frá því, sem í frv. er, og leggur n. til, að þau taki ekki gildi fyrr en 1. jan. n. k., en að borguð séu þó út framlög samkv. þessum l. á þær jarðabætur, sem teknar verða út á þessu ári, því að samkv. venjulegum reglum á ekki að borga þau framlög fyrr en á næsta ári, og þykir n. eðlilegt, að þessu sé hagað á þennan veg.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða miklu meira um þetta, en vil endurtaka það, að þessar till. allar eru samkomulagstill., og við væntum þess, að þetta nauðsynlega mál geti fengið greiða afgreiðslu hér í gegnum hv. Alþingi.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. í tveim liðum við frv. það til l., sem hér liggur fyrir til umr. um breyt. á jarðræktarl. Brtt. þessa, sem ég flutti við frv. eins og það var flutt hér af hv. landbn., flutti ég sem sérstakt frv. á síðasta þingi, og var því þá vísað til hv. landbn., en hún skilaði aldrei áliti um málið. Nú hefur hv. landbn. tekið það frv., sem hún hér hafði flutt, til mjög ýtarlegrar rannsóknar og flutt við það margar brtt. Þar á meðal hefur þessi hv. n. tekið inn í brtt. sínar við sitt fyrra frv. fyrri liðinn úr mínum brtt. með ofur litlum orðalagsbreytingum, og einnig hefur hún gert þá breytingu að skipta honum í tvennt og ætla ofur lítið lægra framlag þegar um vinnslu sanda er að ræða heldur en mýrlendis. Nú get ég út af fyrir sig fallizt á þessar smávægilegu breyt. n. og þykir vel, að hún hefur að öðru leyti tekið þennan lið úr mínum brtt. upp í sínar brtt., og þakka henni fyrir það. Mun ég þá að sjálfsögðu draga mína till. að þessu leyti til baka, þar sem ástæðulaust er að karpa um orðalag og minni háttar breytingar og enn fremur ástæðulaust að greiða tvisvar sinnum atkv. um svo að segja sömu till.

Hins vegar hefur hv. landbn. ekki séð sér fært að mæla með síðari brtt. minni, b-lið, en þar er þess farið á leit, að styrkur verði veittur til að rækta skjólbelti í ræktunarlöndum. Um það atriði ræddi ég nokkuð á síðasta þingi, þegar ég flutti frv. mitt um þessa breyt., og þá fylgdi því grg., en þar sem alltaf má gera ráð fyrir, að ýmislegt úr grg. og ræðum fari fram hjá hv. þm., vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa hér upp rökstuðning úr grg. fyrir till. um það, að styrkur verði veittur til að koma upp skjólbeltum í ræktunarlöndum. Í grg. fyrir frv., sem ég flutti á síðasta þingi, segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Því verður ekki unað lengur, að jarðræktarlögin geri ekki ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til skjólbelta í ræktunarlöndum, svo þýðingarmikill þáttur sem skjólbeltin eru í allri ræktun.

Náttúran sjálf er hér óyggjandi vegvísir, því að eins og öllum er ljóst, nær gróðurinn ætíð mestum þroska í skjólinu. **Og þó að skógræktin** hér á landi sé enn svo ung, að hún geti ekki svarað því til hlítar, að hve miklu leyti skjólbeltin bæta eða geta bætt vaxtarskilyrði annars gróðurs, hafa þau þegar sýnt þann vöxt og árangur, að ekki verður um deilt, að mikils má af vænta í framtíðinni. Við okkar óstöðugu veðurskilyrði er engin ástæða til að ætla, nema síður sé, að skjólbeltin hafi minna gildi fyrir annan gróður hér en erlendis, þ. e. a. s. a. m. k. 25% uppskeruaukningu. Þar að auki má gera ráð fyrir þroskaöryggi, sem aldrei verður nákvæmlega reiknað í tölum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, sem er mjög athyglisvert, að hinn merki tilraunamaður Klemenz Kristjánsson á Sámsstöðum hefur gerzt brautryðjandi um ræktun skjólbelta. Hefur hann ritað margt athyglisvert um gildi skjólbelta fyrir ræktun. T. d. má nefna, að hveiti náði þroska á köldu sumri í skjólbelti, þegar það náði ekki meira en hálfum þroska á bersvæði."

Í framhaldi af þessu vildi ég svo enn mega lesa hér upp nokkur ummæli Klemenz Kristjánssonar tilraunastjóra á Sámsstöðum, sem hann viðhefur í viðtali við Frjálsa þjóð nú nýlega, en þar segir Klemenz Kristjánsson um skjólbeltin sérstaklega, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef gert tilraun með ræktun á skýldu landi. Á Sámsstöðum eru skjólbelti úr birki, 4—20 ára gömul. Tilraunir sýna, að korn, sem ræktað er á skjólbeltalandi, verður í góðum árum 16—20% þyngra en á bersvæði. En í erfiðum árum er munurinn miklu meiri. Þá hefur uppskeruaukinn af skjólbeltunum komizt upp í 44%. Skjólbeltin eru til verulegs uppskeruauka í góðum árum, en til stórfellds öryggis í vondum árum. Skjólbelti eru einhver bezta jarðabót, sem hægt er að gera. Nú hlýtur það að liggja fyrir að endurbæta ræktunina, fá meira gras til að vaxa á túnunum og fá fleira en gras eitt til þess að vaxa í íslenzkum jarðvegi. Góð skjólbelti á ræktunarlandi eru eitt af úrræðum til þess."

Spurningu um það, hvort skjólbeltin kosti ekki mikla umhirðu, svarar Klemenz Kristjánsson á þennan veg:

„Því verður ekki neitað, að það kostar nokkuð að koma skjólbeltunum upp. Ég hef aðallega notað birki, en greni er líka gott. Sé víðir notaður, þarf að klippa hann. Skjólbelti úr birki eru 10—15 ár að vaxa til fulls gagns og þurfa góða umhirðu í 10 ár. Þau mega ekki verða fyrir ágangi, þau þurfa áburð, og gras má ekki vaxa að hríslunum. En eftir 10 ár þurfa þau ekki umhirðu. Elztu skjólbelti á Sámsstöðum eru nú orðin yfir tvær mannhæðir."

Þetta segir sá merki ræktunarfrömuður, Klemenz Kristjánsson. Af hans ummælum er það ljóst, að fyrstu 10 árin er það nokkuð dýrt og nokkuð erfitt að rækta skjólbeltin. Það má því fyllilega gera ráð fyrir því, að fátækir bændur treysti sér ekki almennt til að leggja í þann stofnkostnað án þess að fá nokkurn styrk til þess að koma þessum skjólbeltum upp, jafnvel

þótt þeir viti og skilji og geri sér grein fyrir því, hver hagur þeim væri að því að hafa skjólbeltin, eftir að þau hafa náð fullum þroska og geta veitt öðrum vexti það skjól, sem til er ætlazt, og aukið uppskeruna þá á þann veg, sem Klemenz Kristjánsson greinir hér frá, um 16—20% í góðæri, en allt upp í 44%, þegar verra er árferði.

Af þessum sökum þykir mér mjög miður, að hv. landbn. skyldi ekki hafa þann skilning til að bera á þessu máli, að hún sæi sér fært að mæla með því, að till. mín yrði samþ. En ég vil, sérstaklega eftir að ég hef vitnað hér til ummæla Klemenz Kristjánssonar, sem er fræðimaður á þessu sviði, vænta þess, að hv. þm. hafi betri skilning á þessu máli en n. og styðji með atkv. sínu, að það nái fram að ganga.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Eins og að líkum lætur, var þessi till. hv. 8. landsk. (BergS) rædd í landbn. Hér er um að ræða talsvert stóra till. og ekki gott að segja um, hve *mikil útgjöld hún hefði í för með sér.* Það er lagt til, að til skjólbelta sé lagt fram 1800 kr. á hektara, sem þýðir nokkuð yfir 6000 kr. með öllum uppbótum. Það er nú ekki tekið fram í till. að vísu, hvort þetta á að miðast við landið, sem skjólbeltin ná um, eða eingöngu við það, sem skjólbeltin taka yfir. Þetta er nú út af fyrir sig. N. hefði að sjálfsögðu getað breytt þessu með upphæðina. En það er annað, sem gerir það að verkum, að n. sá sér ekki fært að mæla með till., og það er það, að þetta mál er á tilraunastigi og alls ekki samkomulag um það meðal skógræktarmanna, hvaða trjátegundir sé heppilegast að taka í þessu skyni. Meðan svo er, vill n. ekki mæla með því, að lagðar séu fram stórar upphæðir í þessu skyni, enda þótt hún *játi það og viðurkenni,* að hér er um athyglisverða till. að ræða, sem vel getur komið til greina að taka upp, þegar komin er frekari reynsla á það meðal þeirra manna, sem mest hafa með þessi mál að gera, hver sé heppilegasta leiðin í þessu efni. Enda þótt það hafi verið gert á tilraunastöð eins og á Sámsstöðum, þar sem ekki þarf neitt sérstaklega að spara peningana að gera þetta, og það hafi reynzt þar að sumu leyti sæmilega vel, þá er mjög mikið öðru máli að gegna meðal almennings úti um landið, og n. telur nauðsynlegt, að þetta mál sé athugað betur, áður en ákvörðun er tekin um það, hvernig það skuli afgreitt.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Þessu frv. til jarðræktarlaga hefur nú verið lýst hér, og munu menn yfirleitt fagna því, að það er fram komið og að það er til mikilla bóta og samræmingar, miðað við þann tíma, sem nú er starfað á. En það er ein till. hér frá hv. landbn., sem ég vil vekja athygli á og gera aths. við, vegna þess að hún virðist vera flutt af nokkrum ókunnugleika, þar sem gert er ráð fyrir, að það sé miklu ódýrara að rækta sanda en önnur lönd. Þetta er nú ekki alltaf þannig, vegna þess að það er oft með sandana, að jarðvegurinn er það rýr, að það þarf miklu meiri áburð til þess að rækta sand en aðra jörð. Ég hef verið að leita mér upplýsinga um þetta atriði og átti von á skýrslu um það, hve miklu meira áburðarmagn þyrfti í venjulegan sand en t. d. í móa- eða mýrarjarðveg. Það er allmiklu meira. Ég vil ekki staðhæfa það hérna, af því að þessi skýrsla er ekki komin.

*Í öðru lagi er það víða, þegar um ræktun sanda* er að ræða, að þá verður að leggja nokkuð mikið í kostnað til þess að binda sandinn, að binda jarðveginn, og þeir, sem þessum málum eru kunnugir, fullyrða, að undir mörgum kringumstæðum sé sandræktunin á engan hátt ódýrari en önnur ræktun, t. d. miklu dýrari en vallendisræktun, þar sem ekki þarf að ræsa fram og landið er þurrt.

Ég hygg, að það sé vegna þess, að þessi till. er hér fram komin, að hv. landbn.-menn séu ekki nógu kunnugir sandræktun. Þeir munu ekki vera úr héruðum, þar sem sandræktun er eða sandar eru, þótt þeir séu víða hér um land, og hafa þess vegna ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Það er þess vegna *nauðsynlegt,* að hv. d. geri sér fulla grein fyrir þessu.

Það er mikils virði, að sandræktuninni verði haldið áfram, að sá uppblástur og eyðilegging, sem hefur átt sér stað vegna þess, að sandarnir hafa fengið að vera lausir undanfarið, verði heft, ekki aðeins í bráð, heldur einnig fyrir alla framtíð. Ég mun þess vegna koma með brtt. við þennan lið till., ef hann verður samþ. hér við þessa umr.

Tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni. Ég vænti þess, að þessi liður, þ. e. 4. liður brtt. á þskj. 528, um ræktun sanda, a-liðurinn, verði ekki samþ., þótt landbn. hafi flutt þessa till., og er ég dálítið hissa á því, þar sem hér er um landbúnaðarmenn að ræða. En það er aðeins ein skýring á því, þ. e., að þeir séu ekki sandræktuninni nógu kunnugir, að þetta er fram komið.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Af ræðu hæstv. viðskmrh. sýnist mér ljóst, að hann muni minni upphaflegu till. meira fylgjandi en þeirri breyt., sem landbn. hefur á henni gert, og þykir mér það í sjálfu sér vel, þó að ég hins vegar fyrir mitt leyti hafi á það fallizt og geti á það fallizt að samþykkja brtt. hv. landbn., til þess að *þessi till. nái þó fram að ganga í því formi,* sem n. hefur lagt til. Þykir mér það mun betra en ekkert. En þegar ég bar þessa till. fram hér á síðasta þingi, sá hv. formaður landbn., hv. þm. Dal. (ÁB), ástæðu til að stíga hér í ræðustólinn og lýsa því yfir, að með þessari till., eins og hann tók sérstaklega fram um þennan lið till., væri verið að stíga aftur á bak frá núverandi ástandi. En nú hefur þó sú framför á orðið hjá hv. landbn., að þessi skoðun er ekki ríkjandi lengur, og þess vegna hefur hún tekið mína till. upp í sínar, og er það vel. Þykir mér leitt, *ef ég* skyldi þurfa að álíta, að þessi breyting á hugarfari n. stafaði af því og því einu, að nú væri einum framsóknarmanni færra í n. en var á síðasta þingi, og ef ég svo í framhaldi af því skyldi láta mér detta í hug, að leiðin til að fá alla till. samþ. væri að reyna með einhverjum

ráðum að koma því þannig fyrir, að það væri enginn framsóknarmaður í hv. landbn. Ég segi, mér þætti mjög leitt að þurfa að láta mér detta það í hug, en eftir ræðu hæstv. viðskmrh. sýndust mér samt allar horfur á því, að svo væri, þar sem hann er sýnilega meðmæltari minni upphaflegu tillögu en breytingu hv. landbúnaðarnefndar á tillögunni.

Í tilefni af ræðu hv. þm. A-Húnv. (JPálm) vil ég svo segja það, að ég þakka honum fyrir, hve vinsamlega hann tók nú í mál mitt hér, enda þótt röksemdir hans gegn því væru hálfbágbornar, sem vonlegt er. Þar sem hann viðurkennir það, að hér sé um mjög gott og nauðsynlegt mál að ræða, þá er ekki ástæða til að ætla, að maðurinn hafi mjög haldgóðar röksemdir gegn því að samþykkja góða og skynsamlega till. Við því er ekki að búast, enda hafði hann ekki slíkt fram að færa. Hann sagði, að skjólbeltaræktun á Sámsstöðum hefði gefizt vel, þar sem ekki hefði þurft að spara peningana til þessarar ræktunar. Ja, það er leiðinlegt, að Klemenz Kristjánsson á Sámsstöðum skuli ekki eiga sæti á þingi núna. Hann hefði getað lýst því fyrir mönnum, hvort hann hefði haft næga eða helzt til mikla peninga til þessarar ræktunar. Hann hefði getað komið hv. þm. A-Húnv. örugglega í skilning um það, hvort þar hefði aldrei þurft að spara peningana.

Ég held, að þm. A-Húnv. þurfi ekki að álíta það, að Klemenz á Sámsstöðum hafi haft ótakmarkaða peninga til sinnar skjólbeltaræktunar og að skjólbeltaræktunin þar hafi gefizt vel eingöngu af þeim sökum, að það hafi ekki þurft að horfa í peningana til hennar. Það þarf ábyggilega að leita að einhverjum öðrum ástæðum til þess að vera andvígur því, að veittur verði nokkur styrkur til ræktunar á skjólbeltum.

Þá sagði þm. A-Húnv., — og það var helzta röksemdin, skildist mér, hjá honum, — að það væri ekki rétt að fara út á þessa braut, þar sem reynslan væri svo lítil af skjólbeltaræktuninni. Um það segir nú Klemenz Kristjánsson sjálfur í því, sem ég vitnaði til áðan og skal þá vitna til aftur, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir: „Á Sámsstöðum eru skjólbelti úr birki, 4—20 ára gömul.“ Þetta hefði nú í sumum tilfellum, held ég, þótt nægur reynslutími, og ég held, að hið háa Alþingi Íslendinga hafi samþykkt ýmsa hluti, þó að jafnlöng og jafnhaldgóð reynsla hafi ekki verið fyrir hendi og einmitt er í þessu tilfelli. Og ástæðan fyrir því, að reynslan er ekki nógu viðtæk hérlendis, er einfaldlega sú, að stofnkostnaðurinn við þessi skjólbelti er svo mikill, að fátækir bændur hafa alls ekki séð sér fært að hefjast þar handa, þar sem árangurs er ekki að vænta fyrr en eftir tíu ár. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að hér er um allt annað mál að ræða en túnræktina. Eðli þessa máls er allt annað. Túnræktin sjálf skilar arði nærri því strax eða eftir örskamman tíma. Þá fá bændur strax borið uppi nokkuð af þeim kostnaði, sem þeir lögðu í að rækta túnið, og svo árlega á hverju ári síðan. En það er vitað, að skjólbeltin þurfa 5—10 ára vaxtartíma, til þess að árangur sjáist í uppskeru þess lands, sem verið er að skýla.

Sú röksemdafærsla hv. þm. A-Húnv., að ekki væri sýnilegt af till., hvort hún ætti heldur við það, að styrkinn ætti að veita út á það land, sem skjólbeltið sjálft nær yfir, eða allt landið, sem það á að skýla, er algerlega út í hött. Þetta er aðeins hártogun. Það dettur að sjálfsögðu engum manni í hug, að veita eigi styrk aftur fyrir túnið, þó að nú sé búið að skýla því, í viðbót við það, að áður var veittur styrkur út á að rækta það og girða, enda kom það fram í grg. á sínum tíma alveg augljóslega, að hér var eingöngu átt við skjólbeltið sjálft. Og þó að hér sé um nokkuð háa upphæð að ræða, 1800 kr. á hektara, þá held ég, að enginn þurfi að kvíða því, að það fari svo stórar fjárfúlgur til þess arna á næstu árum, að ríkið rísi ekki undir því. Menn sjá það, að einn hektari af skjólbelti tví- eða þrísettu nær í kringum stóra spildu af túni eða akurlendi, og umfang þessarar ræktunar verður aldrei neitt sambærilegt við túnræktina sjálfa. Ef menn hins vegar skyldu samt sem áður vera uggandi við þessa háu tölu þarna, þá er ég vel til með að bera hér fram og mun bera hér fram varatill., þannig að í staðinn fyrir 1800 kr. á hektara verði þetta til vara 1000 kr. Ég vil það til vinna til þess að koma þessum styrk þarna inn, því að ég er sannfærður um, að skjólbelti verða ekki ræktuð almennt hér á landi, nema því aðeins að fyrst verði veittur styrkur til þess. Og það er ómótmælanlega þjóðinni til stórfelldra hagsbóta að rækta skjólbelti, þar sem tilraunir bæði hérlendis og erlendis hafa sýnt, að sama land gefur 16—44% meiri uppskeru, ef því hefur verið skýlt með skjólbeltum, heldur en bersvæði. Það er því ekki aðeins tryggður hagur þeirra bænda, sem hér eiga hlut að máli, heldur þjóðarinnar allrar.

Fleira kom ekki athugasemdavert fram í ræðu hv. þm. A-Húnv., enda var sýnilegt og auðheyrt á hans ræðu, að hann var þessu máli fylgjandi, en af einhverjum ástæðum reyndi hann samt sem áður af mjög veikum mætti að tala gegn málinu.

**Ásgeir Bjarnason:** Herra forseti. Það virðist nú vera óþarfi að svara hv. 8. landsk. (BergS), vegna þess að honum er margt annað betur gefið en að skýra rétt frá mönnum og málefnum, en þó vil ég að nokkru útskýra málið, til þess að það rétta komi í ljós.

Hann sagði, að ég hefði sagt á Alþ., að það væri afturför í frv. hans, en ekki framför, þ. e. a. s., að það framlag, sem hann færi fram á til að endurrækta tún, væri afturför frá því, sem nú gildi í l. Þetta er alveg rétt, vegna þess að það hefur gilt þar til nú við síðustu áramót, að endurræktun túna — sléttun túnþýfis — hefur verið styrkt með helmingi hærra framlagi en hefur verið til nokkurrar annarrar jarðræktar, og hans till. kemur ekki beint fram í þeim brtt., sem jarðræktarnefnd gerir, þó að hún sé þar innifalin, og vil ég koma dálítið nánar inn á það atriði málsins, því að ég tel það mjög mikilsvert.

Það stendur hérna á þskj. 528 í bráðabirgðaákvæðum, að það skuli veita 450 kr. grunnframlag til þeirra, sem hafa innan við 10 hektara tún.

Þetta ákvæði nær bæði til endurræktunar túna og til nýræktar hjá þeim, sem hafa innan við 10 ha. tún, en hinir, sem eiga eftir að endurrækta tún sín og hafa yfir 10 ha. tún, fá ekki neitt framlag til þess samkv. þessu frv., ef að lögum verður, en hitt stendur hvergi í þessum brtt., og ég hygg, að hv. 8. landsk. hafi einnig hugsað sér, að það bæri frekar að styrkja þá, sem væru skemmra á veg komnir með jarðrækt, heldur en hina og geti þar af leiðandi vel sætt sig við þetta ákvæði laganna. En eins og stendur þarna, þá er um 450 kr. grunnframlag að ræða á hektara, en ekki 200 kr., og er það meira en helmingi hærra en hv. 8. landsk. fer fram á, svo að mér finnst, að hann megi í þessu tilfelli vel við una.

Varðandi skjólbeltin, þá er, eins og hv. þm. A-Húnv. (JPálm) gat um, margt mjög mikið órannsakað í þeim efnum. Það liggur ekki það fyrir, sem þarf, og við höfum ekki heldur getað aflað okkur upplýsinga um það, hvað langt ætti að vera á milli þessara skjólbelta, t. d. í einum hektara lands, og svo stendur ekki þarna, að það eigi að vera um ræktað land að ræða, heldur „ræktunarlönd“, þannig að það er hægt fyrir menn, sem þegar eru búnir að ræsa fram mýrar og ætla í framtíðinni að rækta þær, að fá til þeirra ríkisframlag nú þegar, ef till. hv. 8. landsk. yrði að lögum, og það eru engar 1800 kr. á hektara, vegna þess að vitanlega mundi verða greidd visitöluuppbót á þennan lið jarðræktarlaga eins og aðra, svo að upphæðin mundi þá verða nær 8 þús. kr. á hektara. Ég er ekki að telja þetta eftir fyrir bændur, það er síður en svo, og ég veit, að þetta verður eitt af framtíðarmálefnum sveitanna í landinu, að slík skjólbelti geti komið sem víðast. En þar sem þetta mál liggur þannig fyrir nú, að ekki er hægt að afgreiða það án þess að taka jafnframt nokkurt tillit til fjárhags þess opinbera, þá verðum við einhvers staðar að draga markalínurnar, og þar sem hér er um nýmæli að ræða, sem er það lítið rannsakað, að tæplega er frambærilegt að viðurkenna það strax án frekari rannsóknar, þótt hins vegar mér sé ljóst, að það geti komið til greina síðar, þegar þetta mál liggur betur fyrir, að það verði viðurkennt með því að greiða jarðræktarframlag á það eins og annað.

En vitanlega, ef greitt yrði framlag á skjólbeltin, þá yrði síðar, þegar það væri búið að rækta þarna tún, greitt framlag út á túnið einnig, svo að í raun og veru væri tvöfalt framlag á þetta land, miðað við sama hektara.

Ég ætla, að hv. 8. landsk. hafi skilið, hvað hér er um að ræða, og þurfi þar af leiðandi ekki að álíta, að það sé verið með neitt rangt mál. Annars hef ég honum ekki meira að svara, því að honum er sjaldnast svaravert.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 562) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Ég þarf nú ekki mikið að segja í tilefni af ræðu hv. 8. landsk. (BergS), því að síðasti ræðumaður hefur að miklu leyti svarað því, sem hann hafði fram að bera, enda hef ég ekki um þetta mál neitt annað sagt en að skýra frá því, hvaða orsakir til þess liggja, að landbn. gat ekki fallizt á að mæla með þessari till.

Það er náttúrlega rétt hjá hv. þm., að það er komin nokkur reynsla á þetta á Sámsstöðum, en því miður er það nú svo, að það er yfirleitt ekki á landinu jafngóð aðstaða til skógræktar eins og þar eða mjög óvíða, og þar að auki er það álit margra manna, að það geti verið heppilegri aðrar trjátegundir til þessa en birki. Vegna þess, hversu skammt er komið áleiðis rannsóknum á þessu sviði, þykir n. réttara að draga þetta mál, enda þótt hún játi, að hér sé um að ræða framtíðarmál, sem mjög vel þurfi að taka til athugunar. Það er kunnugt, að hér í nágrannalöndunum er mikið að því gert að rækta skjólbelti, en trjátegundirnar eru miklu fljótari að vaxa þar en hér.

Annars var það aðallega ræða hæstv. viðskmrh., sem gerði það að verkum, að ég taldi nauðsynlegt n. vegna að segja nokkur orð enn. Hæstv. ráðh. hefur nú orðið að fara frá, og verður þá við það að sitja, þó að hann sé ekki viðstaddur, en það er varðandi till. n. um, að það sé lægra ríkisframlag á ræktun sanda en annarrar jarðar. Þessi till. er ekki tekin upp frá landbn. Hún kom frá búnaðarþingi til n., og mér er sagt, að hún hafi verið samþ. þar ágreiningslaust. Það kom fram hjá hæstv. viðskmrh., að hann játaði það, sem kunnugt er, að á sléttum söndum, þar sem aðallega er um að ræða foksanda, sem hafa fokið yfir gróið land, er ákaflega auðvelt mál að vinna það land og miklu ódýrara en á grónu landi, hvort sem það er móa- eða mýrarland, en ríkisframlagið er veitt til vinnslu landsins fyrst og fremst. Hitt er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það þarf töluvert meiri áburð í sanda en í gróið land, sem ræktað er. En áburðurinn er nú skoðaður frekar sem rekstraratriði en stofnkostnaður, en þetta ríkisframlag, sem lagt er til jarðræktar, er fyrst og fremst lagt fram sem hluti af stofnkostnaði jarðræktarinnar.

Að öðru leyti held ég að þurfi ekki að skýra þessa till., því að það gefur auga leið, að úr því að 24 búnaðarþingsmenn hafa orðið sammála um, að þetta sé sanngjarnt, þá þarf engan að undra það, þó að við í landbn. höfum getað fallizt á að taka þessa till. upp.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mér þykir leitt, að hin skörulega ræða hv. þm. Dal. (ÁB) skyldi fara algerlega fyrir ofan garð og neðan og vera fullkomlega út í hött, en hún var það, þar sem hún var byggð á algerlega röngum forsendum. Hann sem mælingamaður ætti að vita, að það hefur aldrei verið heimilt að borga styrk út á endurræktun gamalla túna, sem t. d. hafa verið orðin arðlaus vegna þess, að kal hefur verið komið í þau. Það var aðeins um að ræða sérstakan tímabundinn styrk til að rækta túnþýfi, og það er allt annars eðlis. Þessar upplýsingar veitti ég honum í fyrra frá sjálfum búnaðarmálastjóra, sem ætti að vita gerst um þessa hluti. En hann hefur ekki enn þá lært þetta, og ég vil benda honum á það, að ef mælingamenn hafa hingað til mælt upp endurræktuð kaltún,

þá hafa þeir verið að brjóta lög. Það vildi ég benda honum á, svo að hann komi ekki aftur hér eða enn þá einu sinni með þessa sömu ræðu sína algerlega út í loftið.

Annað þarf ég svo ekki að taka fram og ætla ekki að misnota heimildina, sem mér var hér veitt til að gera stutta aths. Báðir þeir hv. þm., sem hér töluðu, töluðu mjög eindregið með því að styrkja skjólbeltin, sem raunverulega væri framtíðarlausnin, sem og er óumdeilanlega. En hvers vegna að tefja og seinka því máli? Við vitum, að þetta verður gert. Það verður tekinn upp styrkur til skjólbeltaræktunar, vegna þess að það er það skynsamlegasta, sem hægt er að gera í íslenzkum ræktunarmálum eins og nú horfir. En hvers vegna þá að draga það og hvers vegna að tefja það? Hv. þm. A-Húnv. endurtekur það, að reynslan sé lítil hér. Við höfum okkar reynslu í 20 ár á Sámsstöðum, sem er ekkert óvenjulegt skógræktarland, eins og hv. þm. A-Húnv. vildi halda fram. Það eru víðast til hér á landinu jafngóð eða betri skilyrði til skógræktar en á Sámsstöðum. Þar að auki höfum við reynslu fyrir þessu erlendis, og hvers vegna getum við ekki lært af þessari reynslu allri saman? Hvers vegna endilega að fikra okkur áfram í hverju einasta máli, hverju einasta atriði eins og fullkomnir steinaldarmenn, hunza reynslu allra annarra og ætla að leggja í kostnað við það að reyna þetta allt saman sjálfir og prófa upp á nýjan leik? Ég segi, að þetta eru engin rök í málinu. Við eigum að veita þennan styrk. Ef hv. þm. geta ekki fallizt á mína fyrri till., þá er ég búinn að bera fram aðra till. um lægri fjárhæð, og ég vonast til, að þeir geti a. m. k. fallizt á hana.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 528,I samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 372,a tekin aftur.
— 528,II (ný 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 372,b og 562 teknar aftur til 3. umr.
— 528,III samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 528,IV (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 528,V (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 528,VI (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 564, 372,b, 562, 565).

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera fsp. um eitt atriði í frv. til hv. frsm. landbn. Eins og fram er tekið í 3. gr. frv., þá er gert ráð fyrir því, að nokkur munur verði á greiðslu jarðræktarframlags til ræktunar lands eftir því, hvort um sanda er að ræða eða ræktun annars lands. En í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að til ársloka 1960 skuli þau býli, er hafa minna en 10 hektara tún, njóta 450 kr. framlags á hektara til jarðræktar. Ég vildi spyrjast fyrir um, hvort það væri álit landbn. og skilningur hennar á málinu, að þeir bændur, sem hafa þá aðstöðu að hafa minna en 10 hektara tún, skuli samkv. bráðabirgðaákvæðinu fá það framlag, sem þar er rætt um, til jarðræktar, hvort sem þeir taka sand til túnræktar eða annað land.

ATKVGR.
Brtt. 565 felld með 12:6 atkv.
— 372,b felld með 14:10 atkv.
— 562 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj.
nei: PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EirÞ, EystJ, GíslG, KS, JóhH, JPálm, JR, JörB, MJ, SB.
GMM, EmJ greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÓTh, EI, HÁ, HelgJ, IngJ, JS, KJJ, LJós) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 564, n. 598).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Það munu vera núna í ár rétt 80 ár síðan Alþ. fór að samþ. að veita styrk til landbúnaðarframkvæmda. Það voru veittar 2 þús. kr. 1875 og mun vera fyrsta fjárveitingin í því skyni. Frá þeim tíma til 1891 voru þessar fjárveitingar ákaflega litlar og ekki neinar algildar, alhliða reglur, sem eftir var farið við úthlutun styrkjanna. Þær gengu í gegnum amtsráðið og voru alltaf sáralitlar. En 1891 voru settar um þetta reglur, og eftir það fór þetta að verða í fastara formi. Það má segja, að frá þeim tíma og þar til jarðræktarlögin voru samþ. og komu til framkvæmda, en til framkvæmda komu þau 1924, hafi verið það „prinsip“ hjá löggjafanum að veita ákveðna fjárupphæð til landbúnaðarframkvæmda, til jarðabóta og annars þess háttar, og síðan voru jarðabæturnar mældar og lagðar í dagsverk og þá lagt í dagsverk þannig, að það, sem ætlað var einum manni að gera á einum degi, var lagt í dagsverkið fyrir hverja einstaka jarðabót. Allan þennan tíma voru þess vegna dagsverkin ákaflega góður mælikvarði bæði fyrir því, hvað mikið var gert og hvað það kostaði, sem gert var. Mannshöndin vann það, og þegar það svo lá fyrir, hvað dagsverkin voru mikil á öllu land-

inu, var tölu þeirra deilt í upphæðina, sem í fjárl. var ætluð til þess, og komu þá út nokkrir aurar, hæst 18 aurar og venjulega á milli 12 og 16 aurar. Þetta hélzt alla leiðina til 1923. Þá var breytt um og fyrir fram ákveðið, hvað mikill styrkur skyldi vera á hvert dagsverk. Það skyldi vera svona mikið, hvort sem það var nú unnið meira eða minna, og þá var fjárveitingin í fjárl. áætlunarfjárhæð, og hefur svo verið alltaf síðan. Áður varð það að fara eftir því, sem verða vildi, hvað styrkurinn varð hár. Það fór eftir því, hvað mikið var gert í landinu hvert árið, þá var fjárveitingin föst, en eftir að jarðræktarlögin komu til framkvæmda, var fjárveitingin færanleg — áætluð — og réð hvað mikið var gert, hver hún varð endanlega. Þetta varð til þess að ýta undir menn að framkvæma umbætur á jörðum sínum, því að nú vita menn, hvaða styrk þeir eigi von á út á ákveðnar umbætur.

Síðan hefur jarðræktarl. oft verið breytt, nú er alveg hætt að leggja í dagsverk, og enn erum við með brtt. á þeim, sem ég mun talsvert koma að. Það hefur alveg fallið burt og er fyrir nokkuð löngu fallinn burt sá allsherjarmælikvarði, sem maður hafði í dagsverkunum. Það kom bæði til af því, að farið var að mismuna í, fá menn til að vinna frekar að þessari jarðabót en hinni með því að styrkja hana hærra. Þetta var gert með því að leggja minna í dagsverkið í einni jarðabótinni en annarri, jarðabætur, er kostuðu t. d. 50 kr., voru dagsverk í einni greininni, en í annarri kostaði það 150 kr., og hættu dagsverkin því að verða sameiginlegur mælikvarði á kostnaðinn.

Það er ekkert langt síðan jarðræktarl. var breytt seinast, 1952. Það var lítilfjörleg breyt., sem þá varð á þeim. Þá voru teknar þar inn í kartöflugeymslur sem styrkhæfar. Nú er enn lagt til að breyta þeim.

Landbn. er sammála um að leggja til, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. Þó er rétt að geta þess, að ég geri ráð fyrir því, að öll landbn. hefði heldur kosið ýmis ákvæði frv. öðruvísi og öll á þá leið, að það hefðu hækkað framlög ríkisins til þessara umbóta. En þegar það er ekki gert þrátt fyrir þetta, þá er það af því, að við sjáum bæði óvissuna, sem fram undan er með tekjur ríkissjóðs, þar sem allt er í óvissu, hvernig því verkfalli linnir, sem staðið hefur um skeið og skerðir útflutningsverðmæti heildarinnar, þar með innflutninginn, tollana o. s. frv., og maður veit ekki heldur nema að einhverju leyti orsaki, að ný gjöld komi á ríkissjóð, og vegna þessa er þessu öllu meira stillt í hóf hér en ella hefði verið.

Enn fremur er á það að líta, að þessar jarðabætur, sem hér er talað um að styrkja, eru ýmislega lagaðar, og hefur þá yfirleitt verið reynt að klípa af og spara á þeim, sem ekki hafa eins almennt gildi fyrir alla og þó alveg sérstaklega fyrir framtíðina og hinar. Þessi sjónarmið bæði hafa komið til greina mjög greinilega við meðferð málsins í Alþ.

Síðan jarðræktarlögin öðluðust fyrst gildi, hafa túnin í landinu stækkað úr hér um bil 23 þús. hekturum og eru núna orðin trúlega 58 þús. ha. Ég veit ekki enn nákvæmlega, hve nýræktin er mikil frá s. l. sumri, en áður en hún kom til, voru túnin orðin 55 þús. ha. að stærð. Í fyrra voru það rétt að segja 3 þús. ha., sem bætt var við, og hafi það verið eins í sumar sem leið, þá geri ég ráð fyrir, að það séu núna í kringum 58 þús. ha. tún.

Þessi aukning hefur leitt til þess, að töðufallið hefur aukizt úr 600 þúsundum og upp í yfir 1½ milljón töðuhesta, sem það var bæði í fyrra og hittiðfyrra. Og þetta hefur aftur leitt til þess, að þó að fólkinu, sem stundar landbúnað, hafi fækkað ákaflega mikið og sé ekki núna orðið nema 19.9% af allri þjóðinni, sem framfærslu hefur af landbúnaði, og því, sem er vinnandi, hefur fækkað enn meira, — eða sem sagt, þó að því, sem stundaði landbúnað, hafi fækkað úr 56 þús. um það leyti, sem jarðræktarlögin komu til framkvæmda, og niður í 28 þús. hér um bil núna, eða um helming á þessum tíma, þá hefur samt sem áður töðufallið vaxið þetta og þess vegna hefur kúatalan tvöfaldazt og mjólkin nærri fjórfaldazt. Kjötframleiðslan hefur aukizt það, að þar sem hún var tæp 10 kg á kind, er hún rúmlega 15 kg.

Allt þetta hefur unnizt einmitt fyrir þetta ríkissjóðsframlag, fyrir það, að ríkið hefur hvatt bændurna og bændurnir lagt sig fram um að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir, hætt að hugsa um sjálfa sig eina, pína jörð sína út og reka á henni hreina rányrkju, heldur farið inn á ræktunarbúskap og búið í haginn fyrir framtíðina.

Nefndin og allir, held ég, sem eitthvað hugsa um það, eru þess vegna í hjarta sínu 100% sammála um, að lagt sé til, að sú stefna, sem tekin var upp með jarðræktarl. og enn er ákveðið að halda áfram um sinn a. m. k. með breyt. á þessum l., haldi áfram, enda þótt hún skapi stóran harmonikulið inn í fjárl., sem er mikill galli. Í fjárl. þurfa að vera sem fæstir áætlunarliðir, en þrátt fyrir það verður svo að vera hér.

Breytingin, sem hér er lagt til, að gerð sé á jarðræktarl., er fyrst og fremst sú, að breytt er til um héraðsráðunautana. Þeim er fjölgað upp í 15. Þeir eru í 9. launaflokki og eiga nú að fá helming af launum sínum greiddan úr ríkissjóði, en hafa áður fengið ⅔.

Um þörf á fleiri ráðunautum, jafnvel enn fleiri en hér er lagt til, held ég, að bændurnir séu núna að verða nokkurn veginn sammála. Það er þá líka ákaflega greinilegt, að á þeim svæðum landsins, þar sem ráðunautar eru búnir að starfa mest og ráðunautar, sem eru dálítið dugandi menn, eins og t. d. á Suðurlandsundirlendinu, eru núna orðnar yfir 700 jarðir af þeim ca. 1200, sem þar eru, sem eru komnar yfir 10 ha. túnstærð, meðan 300 eru á 9. og 10. hektaranum og hinar aðeins neðan við. Aftur á öðrum stöðum, þar sem ráðunautar hafa ekki starfað, eru t. d. í einum stað 26 jarðir einungis komnar upp fyrir 10 ha. stærðina, en nærri 300 eru fyrir neðan hana o. s. frv. Þetta er ákaflega greinilegt og sýnir áþreifanlega, hvernig ráðunautarnir á þeim stöðum, þar sem þeir hafa starfað nú um nokkurra ára skeið og starfað af dugnaði, hafa drifið framkvæmdirnar áfram og gert alveg ómetanlegt gagn. Um það að fjölga þeim hugsa ég þess vegna að verði

ekki neinn ágreiningur, enda hef ég ekki orðið neitt við hann var.

Þá er lagt til að hækka framlagið til skurðgröfuskurða. Það er núna alveg sérstakt í jarðræktarl., það er eina framkvæmdin, þar sem ákveðið er að borga ákveðinn hluta af heildarkostnaðinum til framkvæmdanna. Það koma til okkar á hverju ári allir reikningar yfir rekstur hverrar einstakrar skurðgröfu, og frá því er dregið, ef hún hefur unnið að einhverju öðru en uppþurrkun lands til túnræktar eða beitilands, en helmingurinn af hinu er greiddur.

Eins og menn vita, er nokkuð mikill hluti af skurðgröfunum eign vélasjóðs og rekinn af honum, en nokkrar eru eign einstakra ræktunarsambanda og búnaðarsambanda, eins og Skagfirðinga og Húnvetninga o. s. frv., og hver einstök þeirra er svo rekin sameiginlega á félagslegum grundvelli. Þessar skurðgröfur eru nú búnar að starfa hér á landi upp undir 13—14 ár, og eru þær búnar að grafa núna í kringum 4½ millj. metra langa skurði, sem upp úr hefur komið í milli 17 og 18 þús. millj. teningsmetra af grefti. Þessi uppgröftur hefur orðið þess valdandi, að það má ætla, að búið sé að þurrka í kringum 15 þús. ha. af mýrlendi, sem sumpart er búið að rækta, sumpart er verið að rækta og sumpart verður ræktað. Þetta hefur ákaflega mikla og margvíslega þýðingu. Það gerir fyrst og fremst þessar mýrar, sem áður voru lítt hæfar til ræktunar, ræktanlegar, og það er út af fyrir sig mikils virði, og það bætir í öðru lagi beitilandið geysilega frá því að mýrarnar eru þurrkaðar og þangað til þær eru ræktaðar. Ég vil ekkert segja um það, hvað sé hægt að beita meira, fleiri fénaði, á einn hektara af valllendi, sem mýrarnar breytast í, þegar þær eru þurrkaðar, heldur en á mýrlendi, en það er mikið, sjálfsagt tífalt eða meira, — ja, líklega reyndar miklu meira. Og þetta hefur sína þýðingu og alveg sérstaklega nú, þegar búpeningseignin vex það ört, að margar sveitir eru að tala um það, að þær hafi of lítið beitiland. Enn hefur uppþurrkun mýranna þýðingu, þótt seinna sjáist, á þann hátt að breyta loftslagi landsins, auka hitastig þess og minnka kalhættu. En þetta sést auðvitað ekki og kemur ekki í ljós á meðan ekki er búið að ræsa fram meira en enn er, en barnabörnin okkar, sem orðnir erum eins gamlir og ég, fá að sjá árangurinn á þann veg. — Það er lagt til, að þessi styrkur sé hækkaður upp í 65% af kostnaðarverðinu. Það hafa verið háværar raddir um það hér og þar um landið alllengi, bæði utan þings og jafnvel innan, að hækka hann enn meira og þó sérstaklega með tilliti til þess, hve erfitt er að dreifa eða hve mikið kostar að dreifa uppgreftinum og jafna hann. Nú er það svo, að það horfir ákaflega misjafnt við með þennan uppgröft. Sums staðar og nokkuð víða, sérstaklega þar sem mjög flatt er, er náttúrlega sjálfsagður hlutur að dreifa honum. Og þá þarf að gera meira en að dreifa honum, því að það þarf víða að haga dreifingu hans þannig, að það myndist ofur lítill vatnshalli frá miðju stykkjanna, sem eru á milli skurðanna, og út til skurðanna, svo að það fáist afrennsli af þeim og kalhætta á svæðunum hverfi. Það er ekki nærri því alls staðar, sem þetta er. Sums staðar má grafturinn vera. Hann myndar sums staðar ágætisskjól fyrir fénað, sem á landinu gengur, og menn kæra sig ekki um að dreifa honum. Á öðrum stöðum er mjög líklegt, að menn komist inn á það að gróðursetja í sjálfum uppgreftinum tré og búa þannig til skjólbelti í landinu. Það er ekki byrjað enn neins staðar á því, en það er talað um það, og þar sem svo hagar til, að ekki þarf að taka gröftinn burt, eins og sums staðar er, og þar sem vindstaða er þannig, að hægt er að fá skjólbelti með því að gróðursetja í hann tré, trjágróður, þá er mjög líklegt, að það komi. Það hefur þess vegna verið litið í burtu frá þessari dreifingu uppgraftarins. Hann er ákaflega misjafn og ákaflega erfitt að taka tillit til hans, svo að rétt sé, en hins vegar er skurðgröfuframlagið almennt hækkað upp í 65%.

Þá hefur verið önnur breyting gerð, og hún er sú, að það hefur verið breytt til um orðalag og reyndar líka tölu á liðnum, sem hér ákveður styrk til ræktunar lands. Það var áður svo, að það hét, þegar land var brotið til túna eða akra, að þá var grunnstyrkurinn 200 kr. á hektarann. Þessu „akra“ hefur verið sleppt úr nú. Það hefur sýnt sig, að það er mjög viðsjált ákvæði að hafa það. Akuryrkja verður aldrei stunduð hér á landi nema með sáðskipti. Hún verður aldrei stunduð öðruvísi, og þá er landið, sem brotið er til túns, tún í nokkur ár og síðan aftur tekið til þess að gera úr því akur og svo aftur tún og svo koll af kolli, hvort sem það reynist þurfa að gera það annað hvert, þriðja hvert, fjórða hvert ár eða hvernig sem það nú verður. Þegar þess vegna er hægt að segja, að landið sé brotið til akra og eigi að fá styrk á sig sem slíkt og svo líka til túna, er hægt að tvístyrkja sama landið, en það er ekki meining með l. og hefur aldrei verið, og til að fyrirbyggja, að sá skilningur geti komizt inn, — og hans er orðið vart hjá ýmsum mönnum, — þá var „akur“ felldur niður.

Sömuleiðis hefur reynslan sýnt það, að við ræktun á sandlendi hefur verið hægt að komast af með mjög miklu minni — líklega nokkuð hátt á annað þús. kr. minni tilkostnað á ræktaðan hektara en á öðru landi, og þess vegna var lækkað framlagið á nýræktun sanda úr 200 kr. grunnframlagi niður í 150 kr.

Ég hef orðið var við það, að ýmsir menn hafa orðið óánægðir með þetta, þ. á m. þeir, sem sérstaklega standa að sandgræðslunni, eins og Páll Sveinsson. Þeirri staðreynd geta þeir þó ekki neitað, að þó að það sé 50 kr. lægri grunnstyrkur á nýrækt á sandjörð en aðra jörð, svo sem seigan mýrarjarðveg, sem þarf að plægja upp og herfa, þá er hann hlutfallslega hærri á sandgræðslunni samt, miðað við tilkostnaðinn, þannig að þeir mega í raun og veru prýðilega vel við una.

Þá er breytt nokkuð til um grjótnámið. Það var áður svo, að það var takmarkað, hvað mikið grjót menn gætu fengið framlag á úr ríkissjóði á einu ári. Þetta hámark var fellt niður, og jafnframt var styrkurinn nokkuð hækkaður, þannig að þeir staðir á landinu, sem ekki hafa nema grýtt holt til þess að rækta, eins og er hér á Reykjanesskaganum á nokkrum stöðum, á þó nokkrum stöðum á Vestfjarðakjálkanum og á

nokkrum stöðum, en ekki mörgum á Austurlandi, hafa orðið með þessari hækkun og með því að taka af hámarkið svipaða aðstöðu og aðrir til að rækta, þótt í grjóti sé.

Þá var fellt niður grunnframlag ríkissjóðs til að byggja geymslur yfir kartöflur úr öðru efni en vanalegri steinsteypu. Þetta náttúrlega skiptir ósköp litlu máli. Allur þessi styrkur hefur þessi ár síðan hann var tekinn upp verið milli 10 og 20 þús. kr., einu sinni komizt upp fyrir 20 þús. kr. á ári. Það skiptir ósköp litlu máli fyrir ríkissjóð, hver hann er. En þó að torfgeymslur geti stundum verið ágætar geymslur, meira að segja ljómandi geymslur, t. d. þegar þær eru grafnar inn í þurra hóla, þá þótti þó ekki rétt að styrkja slíkar bráðabirgðageymslur, sem menn kæmu upp, og þess vegna var það fellt niður.

Þá er tekinn upp nýr liður í frv. viðvíkjandi styrk til að koma upp súgþurrkunarkerfum í hlöður. Það eru ekki mörg ár síðan fyrst var reynt hér á landi að koma upp þessari heyþurrkunaraðferð, sem kennd er við súgþurrkunina. Hún er í því fólgin, eins og allir vita, að lögð eru ýmist grindverk í botn hlöðunnar ellegar timburstokkar, sem eru opnir á vissum stöðum, um allt gólf hlöðunnar, sem verður að vera með alveg pottþétta veggi. Það mega ekki vera neinar glufur eða annað þess háttar í veggjunum, því að þá leitar loftið, sem blásið er í gegnum heyið, þar út. Síðan er utan við hlöðuna í sérstöku herbergi blásari, sem rekinn er með einhvers konar mótor, rafmagnsmótor, — það er hægt meira að segja að reka hann með aflvél frá bíl eða dráttarvél, en annars eru sérstakir mótorar til þess víðast hvar, þar sem þetta er komið, — og svo er blásið lofti upp í gegnum heyið. Í sumum sýslum er það komið á nær því fjórða hvern bæ, en það eru líka til aðrar, þar sem ekki er komin nein súgþurrkun. Allir, sem reynt hafa, telja þetta vera langbeztu og langöruggustu heyverkunaraðferð, sem menn hafa. Þó er ekki hægt að setja í hana blautt hey, og í langvarandi óþurrkum, eins og t. d. 1914, þegar ekki kom þurr dagur í Borgarfirði frá því 2. ágúst og þangað til eftir 15. september, þá er vitanlega ekki hægt að þurrka. Þó að svona súgþurrkun sé, verður að hafa aðrar aðferðir, þá verður að hafa votheyið. En þessi súgþurrkunaraðferð við þurrkun heysins þykir svo mikilsverð, að það var alveg sjálfsagt talið af öllum, sem hér komu, að taka það upp sem styrkhæft.

Styrkurinn er þó ekki mikill. Hann er miðaður við 5 kr. á fermetra í gólffleti, og lætur nærri, að hann sé í kringum helmingur af verði timbursins, sem þarf í sjálft gólfið. Bóndinn verður sjálfur að borga hinn helminginn, blásarann, leiðslurnar, mótorinn og sjálft verkið, vinnuna. Þetta ber þess vegna miklu fremur að skoða sem örvun til þess að leggja sig eftir að koma upp slíkri heyþurrkunaraðferð hjá sér en sem beinan styrk, því að um hann sem styrk munar tiltölulega mjög lítið.

Loksins var lagt til, að allir þessir styrkir, sem ég hef nú nefnt, verði borgaðir með 15% álagi og svo náttúrlega líka vísitöluálagi, eins og alltaf hefur verið. Það eru m. ö. o. lögð ofan á þá 15% sem viðbót.

Með þessu eru nú búnar allar þær breyt., sem eru á sjálfum l., en með l. voru bráðabirgðaákvæði, bráðabirgðaákvæði eiga að vera með þeim aftur, og þeim er breytt. Tvær af þeim breyt. eru nokkuð mikils verðar.

Önnur breytingin er sú, að það er lagt til, að hækkaður sé styrkur á handgrafna skurði, þó ekki nema þar, sem ekki er gerlegt af einhverjum ástæðum, annaðhvort af algerum vegleysum eða mikilli einangrun og lítilli vinnu, að koma skurðgröfu á staðnum. — Þá er lagt til, að styrkurinn sé hækkaður, og er hann hækkaður það mikið, að það verður að ætla, að duglegur maður geti með því að grafa skurðinn með handafli aflað sér álíka vinnulauna með framlagi ríkissjóðs, sem kemur árið eftir, eins og ef hann væri á Keflavíkurflugvelli, og þar með er tekin burt frá manninum sú hvöt að fara burt frá sínu heimili haust og vor til að reyna að vinna sér inn annars staðar, en honum gert mögulegt að vinna þarna að því að skapa framtíðartúnstæði og bæta jörð sína, ekki bara fyrir sig, því að það getur vel verið, að hann njóti þess stutt, heldur fyrir þá, sem seinna sitja jörðina.

Ég tel þetta ákvæði ákaflega mikils vert, líka af þeirri ástæðu, að þetta ákvæði minnkar eftirspurn eftir skurðgröfunum á þá staði, sem er hér um bil ómögulegt að koma þeim á. Þegar þær eiga að koma til bónda, sem býr einhvers staðar úti á einhverjum útkjálka, úti á einhverjum nesodda, t. d. í Barðastrandarsýslu eða austur í Borgarfirði, svo að ég sé í kjördæmum bæði mín og hæstv. forseta, þar sem ein jörð stendur úti á nesodda og kostar kannske á 3.—4. þús. kr. að koma þangað skurðgröfu eða það er varla hægt og bóndinn þar þarf að vinna þar með vélinni kannske 5, 6, 7 daga, og meira er ekki þar að gera í það skipti, þá náttúrlega er alveg ólíkt að hafa þá aðstöðu að geta bent bóndanum á: Þetta skaltu bara gera sjálfur. Þú færð álíka mikið borgað fyrir þína vinnu og þó að þú ynnir einhvers staðar utan heimilisins, og er því ómögulegt að verða við því að kosta til þín skurðgröfu til að gera þetta litla, sem hjá þér er. — En þetta hafa menn heimtað og hafa allir verið jafnréttháir og erfitt að standa þarna á móti, þó að það hafi verið reynt og reyndar gert, en þetta léttir ákaflega mikið að gera það.

Þá er fellt niður ákvæði, sem var í gömlu jarðræktarlögunum. Í gömlu jarðræktarl. var svokallaður túnþýfisstyrkur. Það er búið að framlengja hann hvað eftir annað, frá því að hann var settur inn í l., en hann var í því fólginn, að það var ákveðið, að til þess að slétta þýfið í túnunum og gera þau öll véltæk legði ríkissjóður fram miklu hærra framlag, 450 kr. á hektara, meira en helmingi hærra framlag en hann lagði fram til nýræktar. Þetta var náttúrlega aldrei réttmætt út af fyrir sig, því að það kostaði alltaf miklu minna að rækta land í túni en í óræktarlandi, en þetta hefur nú verið svo, og þetta ákvæði hefur staðið þangað til núna, og nú er túnþýfið mikið til búið. Nú eru túnin yfirleitt orðin slétt, og er því þessu ákvæði nú sleppt. Það var lögð á það ákaflega mikil áherzla af mér í fyrra að reyna að sjá um það, að menn legðu sig fram um að ljúka við að slétta túnin

á þessu síðasta ári, sem aukaframlagið átti að gilda. Það var í fyrravetur, í marz, sem skrifað var í hvert einasta búnaðarfélag til að benda á, að þetta væri síðasta árið, sem þetta ákvæði stæði, og nú yrðu þeir að sýna rögg af sér og klára að slétta túnþýfið, því að hærri styrk til þess hefðu þeir ekki lengur. Þetta bar þann árangur, að það hefur líklega í ár verið sléttað töluvert meira en helmingi meira en nokkurt ár áður og jarðræktarstyrkurinn líka farið upp í 8.7 millj. kr., en var áætlaður 7.2 millj., en þýfið er líka að mestu horfið úr túnunum, og þess vegna er þetta ákvæði nú fellt úr l. Hins vegar eru enn þá nokkuð margar jarðir, því miður, sem eru ekki búnar að fá nándar nærri nógu stór tún.

Það má í raun og veru skipta jörðunum í þrennt núna: Í fyrsta lagi í einn hóp, sem hefur undir 5 ha. stórt tún. Það eru um tvö þúsund í þeim flokki, en af þeim eru aftur líklega dálítið á þriðja hundrað jarðir, þar sem sumir hafa enga aðstöðu til að rækta tún og sumir enga þörf fyrir að rækta tún, af því að þeir hafa svo gott og mikið áveituengi alveg heima hjá sér og alveg í kringum sig, sem er betra en túnið, og hafa ekkert þurrt land til að rækta tún á, nema þá að taka áveitulandið, sem þeir ekki vilja. Svo er annar hópur, sem er álíka stór og hefur á milli 5 og 10 ha. tún. Af þeim eru nokkrir komnir alveg upp að takmörkunum. Ég held það séu núna á sjötta hundrað bændur, sem hafa kringum 9 ha. tún og komast upp fyrir núna næstu tvö árin. Og svo er loks þriðji hópurinn, sem er álíka fjölmennur, og er kominn yfir 10 ha. túnstærð. Í honum eru nokkrir, sem eru komnir allt upp í 25 ha. og hafa orðið ágæt tún og ágæta aðstöðu til heyöflunar alla vega lagað. Með breytingunni er ýtt undir það, að þessir bændur, sem hafa minnstu túnin, stækki þau, með því að láta þau hafa 450 kr. grunnstyrk á ha. eða meira en hina, sem hafa stærri túnin. Með því er reynt að lyfta undir það, að þeir komist sem fyrst upp á að afla nægra og góðra heyja, en hvaða þýðingu það hefur fyrir þjóðarheildina, geta menn kannske bezt séð á því, að til eru bændur í þessu landi, sem framleiða sjálfir með konu sinni, — ég held, að mest innlegg frá einum bónda sjálfum með konu sinni hafi verið 72 þús. lítrar af mjólk í eitt mjólkurbú landsins s. l. ár. Sá bóndi hefur að vísu ekki nema um 30 kindur, en hjónin eru tvö ein með krakka um fermingu við búið. En til eru líka bú, sem hafa svo lélega aðstöðu til heyöflunar og til búrekstrar, að sami fólksfjöldi og á þessum bæ er að gutla við að heyja fyrir tveimur kúm og 30—40 kindum og lepur dauðann úr krákuskel. Bóndinn getur ekkert gert og ekkert aðhafzt. (**Dómsmrh.**: Hvað eru margar kýr á fyrri bænum.) Þær eru 29, held ég.

Þess vegna er það ekki bara fyrir bændurna, sem búa á þessum jörðum, heldur fyrir þjóðfélagið sem heild geysilega mikils virði að losna við lélegasta búskapinn á jörðunum, og það verður ekki gert betur með öðru en því að ýta duglega undir það, að aðstaða til heyöflunar og heyöflunin sjálf á þeim bæjum vaxi og batni.

Ég tel þetta nú eiginlega þungamiðjuna og það, sem mest er um vert af þessari breytingu, og skal viðurkenna það ákaflega fúslega, að mér þótti 350 kr. þarna of lágt, en öðrum fannst, að það væri ekki rétt að leggja meira á ríkið. Við sjáum nú á næstu árunum, hvað setur, hverju þær hafa áorkað samhliða með „agitasjón“ og útskýringum fyrir mönnum, hver nauðsyn sé á þessu. Ég vona, að það beri þann árangur, að við þurfum ekki að grípa til þess að hækka það, en fús skal ég verða til þess, ef það sést, að þessar jarðir koma ekki fljótlega til með að verða sambærilegar við hinar hvað framleiðslugetu snertir.

Ég vænti þess, að með þessu hafi ég lagt málið það ljóst fyrir, að menn hafi skilið, í hverju breytingarnar eru fólgnar, og vona, að menn geti orðið sammála n. um að samþykkja þær.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Í 7. og síðustu gr. þessa frv. er svo ákveðið, að jafnframt séu úr gildi felld lög nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðræktarl., en í þessum lögum, sem þarna eru numin úr gildi, var það eitt að framlengja styrkveitingar til að slétta tún til ársins 1954, frá 1952 til 1954. Nú munu þessi lög vera að nokkru leyti sjálffallin úr gildi, sökum þess að árið 1954 er liðið. Og hv. n. virðist líta þannig á, að það sé ekki lengur þörf á þessu lagaákvæði, sökum þess að búið sé að slétta öll gömul tún. En mér er fullkunnugt um það, að svo er ekki. Það er ekki búið enn að slétta öll gömul tún á jörðum, sem þó eru í byggð. Það er sjálfsagt mjög lítið um það, að eftir sé þýfi í túnum, en það er til. Og af því að þetta er án efa mjög lítið, mundi það að sjálfsögðu ekki muna ríkissjóð neinu eða svo sem neinu, þó að ákvæðið um styrk fyrir túnasléttur væri framlengt t. d. þetta ár og jafnvel næsta.

Ég man eftir því, að bændur fengu að vísu aðvörun um það að taka sig nú til og slétta það, sem eftir væri af þýfi í túnum. Sú aðvörun kom frá Búnaðarfélaginu í fyrra, en hún kom ekki fyrr en á slætti, og það mun ýmislegt hafa orðið þess valdandi, að það gátu ekki allir bændur sinnt því að ljúka við að slétta það litla þýfi, sem eftir var.

Ég vildi því leyfa mér að bera fram brtt. við 7. gr. frv., ég er ekki alveg búinn að skrifa hana, gengur auk þess illa að skrifa, vegna þess að ég hef ekki náð mér eftir veikindin. En till. mundi verða á þá leið, að 2. málsl. 7. gr. orðaðist þannig, að í staðinn fyrir 1954 í jarðræktarlagabreytingunni frá 1952 komi 1956.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Viðvíkjandi þessari brtt., sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) er með, vil ég fyrst taka þetta fram: Það er búið að framlengja oft þessi bráðabirgðaákvæði um túnþýfið,

sem gáfu þeim, sem túnþýfið áttu, tvöfaldan styrk, miðað við þá, sem voru að rækta tún í nýrækt. Í marzmánuði í fyrravetur skrifaði ég hverjum einasta búnaðarfélagsformanni í landinu og minnti þá á, að nú væri seinasta árið, sem aukastyrkur á túnþýfið væri í gildi, og nú skyldu þeir ganga fram í því að láta það hverfa úr íslenzkum túnum. Á sumardaginn fyrsta skrifaði ég öllum trúnaðarmönnum, sem mæla jarðabætur, dreifibréf og lagði þar ríka áherzlu á við þá að brýna þetta rækilega fyrir mönnum.

Þegar kom dálítið fram á sláttinn, eins og þm. Eyf. orðaði það, þá komst ég að raun um, að til voru formenn búnaðarfélaganna, sem ekki höfðu sagt sínum félagsmönnum frá því, og að einir þrír trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands höfðu ekkert gert til þess að láta menn vita það. Þá fór ég með það í útvarp og talaði um það og lagði enn ríka áherzlu á, að þetta væri síðasta árið og nú skyldu menn ganga milli bols og höfuðs á þúfunum. Afleiðingin varð sú, að meira hefur verið látið í ár í styrk til að slétta þýfi í túnum en nokkur tvö ár áður, og menn hafa þess vegna sýnilega lagt sig alveg sérstaklega fram um það að koma þúfunum í túnunum burt úr heiminum. En vel má fyrir því vera, að einhvers staðar sé eftir eitthvað af þeim; það má vel vera, og mér þykir það líklegt, en vil ekkert fullyrða um það. En mér finnst nú, þegar Alþ. er búið að framlengja þetta stöðugt og endalaust og þegar túnþýfisstyrkurinn hefur verið eins hár og hann hefur verið eftir bráðabirgðal., þar sem grunnstyrkurinn hefur verið 450 kr., meðan hann hefur verið 200 kr. á ha. í nýrækt, en 450 kr. á ha. í gömlu túnþýfi, sem hefur lítinn nýjan áburð þurft að fá og miklu léttara er að vinna, — þá finnst mér, að það sé búið að gera það vel við þetta túnþýfi eða þá, sem það hafa átt og þurft við það að eiga, að það sé ekki bein ástæða til þess að halda ákvæðinu við. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með breytingunni, en n. hefur vitanlega ekkert talað um það og hefur alveg óbundnar hendur um, hvað hún gerir.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 26. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 564, 642).

Afbrigði um brtt. 642, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Sú brtt. við þetta frv., sem ég boðaði í gær, liggur nú fyrir á þskj. 642 og er þess efnis, að til ársloka þessa árs skuli þúfnasléttun í túni njóta 450 kr. framlags á hektara að viðbættri verðlagsuppbót eins og verið hefur undanfarið, m. ö. o., að ákvæðið um þetta er framlengt aðeins um yfirstandandi ár.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) og formaður landbn. gaf upplýsingar hér í gær viðvíkjandi þessu um það, að bændur hefðu verið aðvaraðir um að hafa lokið því að slétta tún sín, ef þeir vildu fá styrk til þess, á s. l. ári. En eins og ég gat um í gær, þá er tilefnið til þessarar brtt. minnar það, að mér er beinlínis kunnugt um það, að það eru til bændur, sem ekki vöruðu sig neitt á þessu og vissu ekki um þetta, fyrr en þá að hv. 1. þm. N-M. í útvarpserindi brýndi þetta fyrir bændum — ég held, að það hafi verið í ágúst í fyrra. En þá stóð yfir sláttur, og það eru a. m. k. til bændur, sem alls ekki gátu komið því við að fara þá að slétta það, sem eftir var að slétta af túninu, og þess vegna er það, að ég bar fram þessa till.

Á hinn bóginn geri ég ráð fyrir því, eins og hv. þm. líka vék að, að þessir bændur séu ákaflega fáir, og þess vegna er það, að ég geri ráð fyrir, að ríkissjóð muni ákaflega lítið um þetta. En á hinn bóginn getur þessa fáu einstaklinga munað um það að njóta þessa styrks.

Ef einhverjir trassa það nú enn að slétta túnin að fullu, þá ætla ég að heita því, þó að ég yrði hér á Alþ., að biðja þeim ekki oftar vægðar.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Eins og brtt. liggur nú fyrir, þá framlengir hún þetta gamla bráðabirgðaákvæði um túnþýfið, aukastyrk á túnþýfið, í eitt ár. Eins og ég sagði hérna í gær og reyndar líka þegar ég hafði framsögu í málinu við 2. umr., þá er jarðabótastyrkurinn í ár hér um bil 2 millj. hærri en hann var í fyrra, eða nálægt 8.7 millj. kr. í staðinn fyrir 6.7 millj. í fyrra og það er hér um bil allt í aukatúnþýfisstyrk, svo að það sýnir bezt, hvaða áhrif sá áróður hefur haft, sem ég hafði í frammi og byrjaði strax í marzmánuði í fyrra.

Hins vegar fór ég í gær, eftir að þessi till. kom fram, að afla mér upplýsinga um, hvernig málið horfði við í ýmsum héruðum, og þá komst ég að raun um, að það er rétt, sem hv. þm. segir, það eru einstaka menn eftir, en ég hef nú ekki neina samvizku fyrir þá, sem eftir eru, marga hverja, en það eru einstaka menn eftir, t. d. í Vestur-Húnavatnssýslu, af því að þeir fengu ekki vélar til að vinna, vélakosturinn, sem ræktunarsambandið átti, var það lítill, að hann nægði ekki. Þegar þeir vöknuðu við þetta á elleftu stundu um að koma túnþýfinu í burtu, þá nægði hann ekki til að gera það í fyrrasumar. Og sama veit ég um á tveimur stöðum öðrum, sem ég hafði tal af í gær, til að rannsaka, hvernig málið horfði við. Með tilliti til þessa vil ég fyrir minn part leggja til, að till. verði samþ. og þessir menn, sem af óviðráðanlegum ástæðum gátu ekki klárað túnþýfið í fyrra, áttu náttúrlega að vera búnir að því fyrir löngu, en gátu þó ekki klárað það í fyrra, en væntanlega geta það í ár, fái þá að njóta sömu réttinda og aðrir hvað þetta snertir, enda þótt þeir séu síðbúnir.

Það hefur ekki verið fundur í landbn. um þetta, og get ég þess vegna ekki sagt beint um hennar afstöðu, en við höfum nú talað um þetta svona á hlaupum, sem höfum hitzt, — ég hef nú ekki hitt þá alla, ekki náð í hv. 6. landsk. (FRV) síðan á fundinum í gær, — og ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að meiri hl. landbn. eða hún öll kannske sé með því að framlengja þetta bráðabirgðaákvæði í eitt ár og gefa mönnum þar með síðasta frest til þess arna.

Ég held því, að ég tali fyrir munn a. m. k. fjögurra landbúnaðarnefndarmanna, sem leggja til, að till sé samþ. eins og hún nú liggur fyrir um eins árs framlengingu á túnþýfisákvæðinu.

ATKVGR.
Brtt. 642 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 55. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 656).
Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert eina smábreytingu á þessu frv., og er hún á þá leið að taka inn aftur hærra framlag á sléttun túnþýfis eins og var í l. áður, og nær það aðeins yfir þetta ár, árið 1955.
Landbn. þessarar d. felldi þetta niður úr l. og byggði á því, að túnþýfi mundi vera lítið til orðið og auk þess næði ekki þessi breyting til annars en túna á þeim jörðum, sem hafa meira en 10 ha. tún. Nú hefur hv. landbn. athugað þetta og mælir með því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir þrátt fyrir þessa breytingu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 672).

---

## 66. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 8. fundi í Sþ., 2. nóv., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra** [80. mál] (þmfrv., A. 108).

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Ég hef borið fram hér á þskj. 108 frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 frá 1940, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Áður en ég geri grein fyrir breyt., vil ég leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum þetta vandamál þjóðarinnar, meðferð ölvaðra manna og áfengismálin í heild.
Það leikur ekki á tveim tungum, að áfengismálin í landinu eru eitt meðal erfiðustu viðfangsefna þjóðarinnar. Nægir í þessu sambandi að benda á hin mjög athyglisverðu ummæli, sem hæstv. dómsmrh. hafði hér nýlega í þessari hv. d., er hann ræddi um frv. til l. um breyt. á hegningarlögunum, sem upplýstu, að meginhluti lögbrota þann tíma, sem hann hefði farið með dómsmálin, stafaði beint eða óbeint frá ölvun. Hér væri í raun og veru ekki um glæpahneigð manna að ræða, heldur ættu sér hér stað yfirtroðslur laga hjá mönnum, sem vegna ölvunar hefðu ekki vald yfir sjálfum sér eða gerðum sínum. Þegar þeir kæmust til sín sjálfs og vissu um það böl, sem þeir hefðu valdið í ölæði, væri þeim þetta oftast sjálfum óbærilegt. Hér getur oft verið um að ræða tjón, sem ekki verður bætt, svo sem meiðsli eða dauðsföll, sem menn hefðu ekki valdið allsgáðir og vildu mikið til vinna að ekki hefðu skeð.
Meðan menn eru algáðir, er þeim ljóst, að margt af því, sem þeim verður á að fremja í ölæði, er hin freklegustu lagabrot, sem þeim dytti aldrei í hug að fremja án ölæðis og mundi enda hrylla við að vera á nokkurn hátt við riðnir. Þessum sömu mönnum er það einnig ljóst, að þeir kunna að valda slíkum lagabrotum, í hvert sinn sem þeir eru ölvaðir, og að þeim finnst það mjög alvarlegt að fremja þau, þótt svo standi á. En þrátt fyrir þetta hafa þeir ekki siðferðislegan þrótt til þess að halda sér frá þeim nautnalyfjum, sem koma þeim í þetta ósjálfræðisástand.
Allir þeir, sem einhver kynni hafa haft af ofdrykkjumönnum, vita, hversu margir þeirra geta verið meinlausir og indælir menn og góðir borgarar algáðir, en undir áhrifum víns ruddar og ofbeldisseggir og hreinir vesalingar andlega og líkamlega, þegar af þeim er runnið.
Allt staðfestir þetta ummæli hæstv. dómsmrh., að hér er ekki um glæpahneigð að ræða, þótt þessum mönnum verði á að yfirtroða lögin. Hér eru lögbrotin ekki beinlínis framin að yfirlögðu ráði, heldur er hér um að ræða veiklun, sem maðurinn fær ekki við ráðið og þjóðfélaginu ber skylda til sjálfs sín vegna að hjálpa honum til þess að yfirvinna. En höfuðskilyrðið til þess að ná þar nokkrum árangri er að fara ekki með ölvaðan mann sem afbrotamann, heldur sem sjúkling.
Samkv. 1. gr. gildandi laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra skal flytja þá menn, sem teknir eru höndum sakir ölvunar, í fangaklefa lögreglunnar, og það er fyrst eftir að þeim hefur verið haldið þar hæfilega langan tíma og rannsókn hefur farið fram af lækni, að þeir skulu fluttir í sjúkrahús, ef ástæða þykir til, þ. e., ef rannsókn leiðir í ljós, að um drykkjusýki er að ræða. Þessi ákvæði eru hvort tveggja í senn skaðleg fyrir þjóðfélagið og mennina og ómannúðleg, og því geri ég till. til breyt. á þeirri gr. laganna.
Samkv. 1. gr. frv. skal þessu breytt þann veg, að slíka menn skal flytja beint í sjúkrahús, sem til þess eru gerð, og þar skal þegar láta fara fram skoðun á ásigkomulagi sjúklingsins. Í þessu ákvæði liggur meginbreytingin í meðferð ölvaðra manna. Nái þessi breyting fram að ganga, er því takmarki náð, sem ég tel höfuðatriði í þessu máli, að afbrotastimpluninni er létt af, fangelsun þeirra hætt, en flutningur í sjúkrahús tekinn upp í staðinn og þeir látnir fá þar meðferð eins og hverjir aðrir sjúklingar, allt eftir eðli sjúkdómsins og ástandi aðila.
Mér mun seint líða úr minni atvik, sem skeði fyrir nærri 30 árum. Ungur, vel metinn borgari í ágætri stöðu, sem átti glæsilega konu og tvö indæl börn, varð fyrir hreina slysni handtekinn ölvaður og fluttur í fangaklefa á Skólavörðustíg, þar sem hann var geymdur til hádegis næsta dags. Áður en hann var gefinn frjáls, hafði hann sent eftir mér, og ég gleymi aldrei þeirri sorg, sem brennd var í sál hans út af þessu óhappi. Honum fannst beinlínis, að þessi smán, að vera settur í fangaklefa, mundi loða við sig allan aldur

og verða óbrúandi bil milli sín og fjölskyldunnar, og þó hafði hann ekki framið neitt afbrot, ekki orðið neinum að meini, aðeins orðið það á að verða ofurölvi á almannafæri. Þegar hann fylgdist með mér út úr fangelsinu, var eins og þung byrði hvíldi á herðum hans, og ég þekkti hann aldrei fyrir sama mann aftur. Hann lézt á bezta skeiði ævi sinnar, og mér er vel ljóst, að þetta atvik átti ekki svo lítinn þátt í því, hve ævi hans varð stutt.

Ég mun einnig lengi minnast sumra þeirra unglinga, sem ég hef kynnzt og gist hafa af sömu ástæðum í lögreglukjallaranum. Enginn þeirra kom þaðan sami maður aftur. Allir, hver og einn einasti, höfðu glatað þar einhverjum hluta af því, sem þeir áttu bezt í sálu sinni.

Ég veit, að þeir munu margir, er minnast þess atviks, sem skeði fyrir eigi allmörgum árum, að ölvaður maður meðvitundarlaus var fluttur af götunni að nóttu til í fangageymslu og honum ekkert sinnt þar fyrr en næsta dag, að þess varð vart, að hann lá án meðvitundar. Af skoðun, sem ekki fór fram fyrr en að áliðnum degi, kom í ljós, að höfuðkúpan var brotin. Hefðu þau fyrirmæli verið í gildi, sem ég legg til að verði lögtekin nú, þ. e. að flytja slíkan mann beint í sjúkrahús til læknisskoðunar, má vera, að því lífi hefði verið bjargað. Hitt er víst, að þótt svo hefði ekki verið, hefði enginn þurft að ásaka sig eða bera kinnroða fyrir meðferðina á manninum.

Ég hygg, að þessi dæmi, sem ég hef bent hér á og eru aðeins lítið brot af langri sorgarsögu þessara manna, séu nægileg til þess, að hv. þm. geti fallizt á nauðsynina til breytingar þeirrar, sem hér er lagt til að gerð verði á 1. gr. laganna.

Ég minntist hér áðan á umr., sem fram fóru um frv. til l. um breyt. á einum kafla hegningarlaganna. Einhver sú merkasta breyting, sem gerð er þar, er frestun á ákæru á afbrotamenn, þegar sýnt er, að það mundi verða líklegt til, að þeir haldi ekki lengra inn á glæpabrautina, ef ákærunni yrði frestað. En sé þessi stefna rétt, sem þar er mörkuð, og um það efast víst enginn, sem eitthvað hefur kynnt sér þessi mál, hversu miklu réttari er þá ekki sú stefna, sem hér er lagt til að mörkuð verði, að hverfa frá því að líta á ölvaða menn sem afbrotamenn og haga meðferð á þeim þann veg, en skoða þá sem sjúklinga og gera tilraun til þess að lækna þá af þeim sjúkdómi, ef unnt er?

Þegar n. sú, sem ráðh. skipaði á þessu ári til þess að undirbúa gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúklinga, sem vitað var að mundu þurfa langrar hælisvistar, allt samkv. fyrirmælum 8. gr. l. og þeim breyt., sem gerðar voru síðar á þeirri gr., hafði lokið störfum og látið í té álit sitt um það atriði, sem henni var falið að hafa með höndum, lét hún fylgja því áliti sínu svo hljóðandi lokaorð, með leyfi hæstv. forseta. Hún segir svo:

„Þótt það sé ekki í verkahring n. að gera till. um annað eða meira en það, sem snertir 8. gr. l., sbr. þó l. frá 17. des. 1953, þykir henni þó rétt að benda á, að hún lítur svo á, að brýna nauðsyn beri til að koma upp þeim sjúkradeildum, sem 1.—5. gr. l. frá 1949 gera ráð fyrir, þar sem ljóst er, að sú starfsemi, sem þar er gert ráð fyrir að tekin verði upp, er meginskilyrði fyrir því að fyrirbyggja langvarandi drykkjusýki og minnka á þann hátt eða jafnvel útiloka þörfina fyrir hæli handa sjúklingum, sem þyrftu að dvelja um langan tíma á slíkum stofnunum.“

Í þessari n. áttu sæti tveir læknar, sem báðir höfðu haft mikil afskipti af áfengismálum og voru þeim því þaulkunnugir, lögreglustjóri, sem þekkti betur en flestir aðrir áhrif fangelsa á mennina, guðfræðiprófessor, sem jafnframt var sálfræðingur og stórtemplar, og svo ég, sem flyt þetta frv., sem hér er til umr. Má geta nærri, hvort allir þessir menn hefðu einróma lagt til og lagt svo mikla áherzlu einmitt á þetta atriði, að koma þyrfti upp sem allra fyrst sjúkrahúsunum, sem ákveðin eru í 1. kafla l., ef þess væri ekki mikil þörf, í sambandi við þá baráttu, sem hér er háð gegn voða ölvunarinnar.

Með því að reynsla hefur sýnt, að þessi sjúkrahús verða ekki byggð af þeim aðilum, sem l. óbreytt leggja þær kvaðir á herðar, er óhjákvæmilegt að gera á þessu þær breytingar, sem ég legg til með frv. þessu, enda er engin sanngirni í því, að bæjar- eða sveitarsjóðunum, sem engar tekjur hafa af áfengissölunni, en margvísleg útgjöld og erfiðleika vegna þess ástands, sem hún beinlínis leiðir yfir landið, skuli gert skylt að taka verulegan þátt í kostnaði, sem af þessum málum leiðir. Gæzluvistarsjóði ber því einum að leggja fram fé til þessarar starfsemi, á sama hátt og viðurkennt var, að hann einn skyldi leggja fram fé til framkvæmda samkv. 8. gr. l., enda komst þá fyrst skriður á þau mál um að koma þar á einhverjum umbótum, þegar þessari gr. l. hafði verið breytt í það horf, sem hún er nú í. Gæzluvistarsjóður hefur sem stendur yfir að ráða um 3 millj. kr. Að vísu liggur fyrir að koma hér upp í Reykjavík upptökudeild fyrir drykkjusjúka menn, þar sem þeir verða að dvelja, áður en þeir eru sendir á hæli til langdvalar, en bæði er það, að engan veginn er óeðlilegt, að sjúkrahús það, sem hér um ræðir, yrði sambyggt með þeirri byggingu og gæti þá e. t. v. verið til afnota fyrir Reykjavík og nágrenni hennar, og þá einnig hitt, að byggja mætti það, ef henta þætti, í sambandi við þau sjúkrahús, sem fyrir eru, svo sem heilsuverndarstöðina, landsspítalann eða önnur þau sjúkrahús, sem fyrir eru í landinu. Þetta þyrfti ekki að hafa mjög mikinn aukakostnað í för með sér. Þá er það og vitað, að gæzluvistarsjóði eru með l. tryggðar allverulegar tekjur árlega, og eins og ég hef tekið fram, á hann vitanlega að bera kostnaðinn af þessum málum öllum. Kostnaður við að koma upp sjúkradeildum við önnur sjúkrahús ætti ekki heldur að verða tiltakanlega mikill, sé það gert í sambandi við þau sjúkrahús, sem fyrir eru á hverjum stað, enda þörfin mjög mismunandi eftir því, hversu staðirnir eru fjölmennir. Gæzluvistarsjóði ætti því engan veginn að vera það ofvaxið.

Með ákvæði 2. gr. frv. er beinlínis miðað við það, að slíkum sjúkrahúsum verði komið upp og að sá háttur verði upp tekinn að hætta að flytja ölvaða menn í fangaklefa. Með þessari breyt. er ætlazt til, að aðilar fái hjúkrun og rannsókn þegar á fyrsta stigi. Sýni það sig, að hér sé aðeins um að ræða óhappaatvik vegna ofdrykkju, er sjálfsagt, að aðili sé látinn laus að lokinni rann-

sókn og að hlynnt sé að honum eftir þörfum, meðan hann dvelur á húsinu, en að hann greiði allan kostnað af veru sinni þar, rannsókn og flutningum, en sé þó jafnframt gert ljóst, hversu óviðeigandi og hættulegt það geti verið, að slíkt endurtaki sig. Einkum er þetta mjög nauðsynlegt, þegar um er að ræða unglinga, sem eru að byrja á þessari braut. Mundi það verða miklu áhrifaríkara og frekar til góðs árangurs en fangavistin, eins og nú er sú meðferð, sem þeim er látin þar í té.

Hins vegar er sjálfsagt og rétt að skoða ítrekaða handtöku fyrir ölvun drykkjusjúkra manna sem drykkjusýki og haga rannsókn og meðferð á þeim mönnum í samræmi við það, og við þetta eru mínar till. í frv. miðaðar.

Eins og grg. frv. ber með sér, þá kom til hæstv. ráðh. frá félagi áhugasamra manna um áfengisvarnir bréf þess efnis, að hann beitti sér fyrir því, að l. um meðferð ölvaðra manna yrði breytt svo sem fram kemur í 4. gr. frv. Er bréf þetta dagsett 27. f. m. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til viðtals við yður, herra ráðherra, sendist yður hér með frv. til l. um breyt. á l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra frá 1949. En frv. þetta ásamt grg. hef ég tekið saman, ef vera mætti, að þér vilduð annaðhvort flytja það eða hlutast til um, að það yrði flutt á yfirstandandi Alþingi.

Frvgr. sjálfa hef ég rætt við áfengisvarnaráðunaut ríkisstj., herra Brynleif Tobíasson, og landlækni, herra Vilmund Jónsson, og hafa þeir báðir tjáð sig meðmælta því og fylgjandi, að heimild til þess að styrkja frjálst framtak á þessu sviði yrði bætt inn í l. En fari svo, að þér sjáið yður ekki fært að eiga þátt í flutningi frv., þætti mér vænt um, að þér létuð mig vita það, því að þá mundi ég verða að hlutast til um, að það yrði flutt af þingmönnum.

Virðingarfyllst,
Jónas Guðmundsson.

Til heilbrigðismálaráðherra Ingólfs Jónssonar."

Fylgdi þessu bréfi ýtarleg grg., sem prentuð er á bls. 3 og 4 á þskj. 108.

Ráðh. sendi mér þessi gögn og fór þess á leit, að ég tæki þetta atriði upp í frv., þar sem ég hefði í undirbúningi breytingar á l. Ræddi ég þá jafnframt við hann um þær breyt., sem ég hef verið að undirbúa, og hefur hann fallizt á, að rétt sé og nauðsynlegt, að þær nái fram að ganga.

Þá ræddi ég einnig um þessar breyt. allar við áfengisvarnaráðunaut, einnig Kristján Þorvarðsson lækni, sem nú vinnur að áfengisvarnastöðinni hér í Reykjavík, og við Jónas Guðmundsson, sem allir eru sammála um, að nauðsynlegt væri að koma þessum breyt. á. Hins vegar lögðu þessir aðilar einnig allmikla áherzlu á, að 8. gr. l. yrði einnig breytt í það horf, að þessi mál yrðu að öllu leyti slitin úr tengslum við geðveikrahælið, þar sem slík tengsl torvelduðu mjög umbótastarfið. Ég hef í frv. því, sem hér ræðir um, ekki gert um það till., m. a. vegna þess, að mér er kunnugt um, að um þær till. eru skiptar skoðanir hér á Alþ., og ég vildi á þessu stigi málsins forðast allt það, sem gæti torveldað að koma á þeim umbótum, sem mest eru aðkallandi í þessu máli.

Ég lagði til á sínum tíma, að sérstökum áfengisvarnalækni yrðu falin öll þessi mál, einnig störf áfengisvarnaráðunauts. Sú till. fékk ekki fylgi þingsins. Ég tel, að þetta hafi verið misráðið, að hverfa ekki að því ráði, en einmitt vegna þess, að það var ekki gert þá, verður miklu erfiðara að koma þeirri skipan á málið nú, eftir að búið er að skipa málunum á þann veg, sem gert hefur verið. Sýnist þeirri nefnd, sem þetta mál fær væntanlega til meðferðar, að rétt væri einnig að gera þessa breyt. á 8. gr. l., er síðar en svo, að ég sé því andvígur, svo fremi að slíkt ákvæði torveldi ekki framgang málsins.

Um ákvæði 4. gr. frv. vildi ég aðeins segja það, að ég tel alveg sjálfsagt að gefa ráðh. þá heimild, sem þar er farið fram á.

Ég legg að síðustu til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., og vænti þess, að n. hraði afgreiðslu málsins svo sem unnt er og leggi til, að frv. verði samþ., svo og að hv. d. fallist á þá till. Ég tel að sjálfsögðu eðlilegt, að þetta frv. verði sent til umsagnar landlæknis, sem hefur ekki haft tækifæri til að athuga þær till., sem ég ber fram í 1.—3. gr. Ég tel ekki, að það þurfi út af fyrir sig að tefja mjög afgreiðslu málsins, en ég vænti þess hins vegar, að hv. form. n. taki þetta mál fyrir svo fljótt sem unnt er og hraði afgreiðslu þess í nefndinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 375).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar alllengi og leitað umsagna aðila, eins og greint er í nál. N. gat ekki orðið ásátt um að mæla með samþykkt 1. og 2. gr. frv., og eins og nál. ber með sér, leggur hún til, að þær gr. falli burt. Hins vegar leggur hún til, að 3. gr. frv. verði samþ. óbreytt og 4. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

Það er öllum hv. þdm. kunnugt, hver vandræði hafa verið og eru búin lögreglunni í landinu í sambandi við ölvun á almannafæri. Lögreglan hefur ekki haft neina aðstöðu til þess að veita þeim mönnum, sem teknir eru höndum fyrir ölvunarbrot, þá meðferð, sem nauðsynleg er og l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra frá 1949 gera ráð fyrir. Í þeim l. er í 4. gr. gert ráð fyrir því, að reist verði sjúkrahús eða sjúkrahúsdeildir, er taki á móti viðkomandi fólki eftir nánari fyrirmælum laganna, og þar er gert ráð fyrir, að sveitarsjóðir eða bæjarsjóðir kosti að nokkru stofnun og rekstur þessara sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda. Með 3. gr. frv. er þessu breytt, og þetta má kalla meginatriði frv. Því er þessu breytt þannig, að gæzluvistarsjóður

skuli einn bera kostnað af slíkum sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum. Það er ætlun flm. og n. allrar, að með þessu móti yrði greitt fyrir því, að skriður kæmist á framkvæmdir.

Eins og ég gat um, hefur n. lagt til, að gerðar verði orðalagsbreyt. á 4. gr., en efnið má heita óbreytt. Efni gr. er að heimila gæzluvistarsjóði að styrkja félög áhugamanna til að koma upp hælum til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki. Þetta atriði álít ég mjög mikilsvert. Það hefur sýnt sig hér á landi eins og víða annars staðar, að ef félög áhugamanna eru fyrir hendi og starfa af verulegum krafti og ef þau fá eðlilegan stuðning þess opinbera, megna slík samtök oft svo mikils, að fyrir fram hefðu menn kannske ekki látið sig dreyma um það.

Ég hygg, að ekki þurfi að hafa fleiri orð fyrir n. í þessu sambandi. Hún leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., er greinir á þskj. 375.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 375 ber með sér, hef ég fallizt á fyrirvaralaust, að frv. yrði samþ. með þeim breyt., sem þar um ræðir og öll hv. heilbr.- og félmn. er sammála um að leggja til að samþ. verði. Mér þykir þó rétt að gera hér nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég hef fallið frá þeirri kröfu, að samþ. yrði einnig 1. og 2. gr. frv.

Efni 1. og 2. gr. frv., eins og það er á þskj. 108, er það, að hætta skuli við þá reglu, sem nú er samkvæmt lögum, að flytja ölvaða menn á lögreglustöð og láta þá fá þá meðferð, sem kunnugt er að þeir hafa fengið þar, sérstaklega hér í lögreglustöðinni í Rvík, sem hefur mjög takmarkaðar aðstæður til þess að taka á móti slíkum mönnum. Um þetta atriði hefur ekki orðið samkomulag í n., og var ekki hægt að fá nm. til að fallast á, að það væri rétt eða eðlilegt að gera þá breyt., sem farið er fram á í frv., enda hefur m. a. landlæknir lagzt mjög á móti þessari breyt. á löggjöfinni, eins og sést á því fskj., sem birt er hér með í nál.

Ég skal viðurkenna, að ef hægt væri að skapa betri aðstæður á lögreglustöðinni, hafa viðunandi herbergi til þess að taka á móti drykkjuföngum, og ef hægt væri að hafa þar m. a. lækni til þess að úrskurða, hvort maðurinn er í því ástandi, að það sé verjandi að setja hann inn í fangaklefa, eins og gert hefur verið undanfarið, þá væri þetta kannske miklu meira framkvæmdaratriði en lagafyrirmæli, en það er nú svo í dag, að lögreglustöðin hefur ekki neinar aðstæður til þess að láta fara með þetta fólk eins og æskilegt væri. Þess vegna hefur því verið hrúgað saman þarna í algerlega óhæfa klefa. Þessir menn eru brennimerktir af að liggja þarna innan um ýmsa aðra afbrotamenn og enginn vafi á því, að unglingar, sem hafa komið þar í fyrsta skipti, hafa liðið andlega við að vera settir í slíkan félagsskap, og má segja, að það sé miklu meira að kenna því, að ekki séu til sæmilegar vistarverur, heldur en hinu, að lagaákvæðið fyrirbjóði slíka meðferð. Þá hefði einnig verið hægt að fyrirbyggja a. m. k. tvö dauðsföll, sem hafa skeð þar í fangaklefunum, eins og kunnugt er, ekki alls fyrir löngu. Ef því fjárveitingarvaldið tekur á sig rögg og leggur nægilegt fé fram til þess að bæta þessa aðstöðu, — og mér er kunnugt um, að hæstv. dómsmrh. hefur lagt á það mjög mikla áherzlu, að það yrði gert, — þá kann það að vera að deila um keisarans skegg, hvort breyta skuli þessum ákvæðum í l., sem ætlazt er til að breytt sé með 1. og 2. gr. frv., enda væri þá höfuðtilgangi mínum náð, þ. e. að fara mannúðlegar með þessa menn en gert er.

Nú hefur verið upplýst í n., að það muni verða byrjað á því að byggja einmitt við hina nýju lögreglustöð þá klefa, sem ætlaðir eru til að taka á móti föngum yfirleitt til skammrar dvalar, þeim sem teknir eru fastir áður en genginn er dómur um þeirra mál. Má því vænta þess, **að það** verði alveg sérstaklega gerðar ráðstafanir til þess, að þessi hluti hinnar nýju lögreglustöðvar verði útbúinn þannig, að í framkvæmdinni megi ná því, sem ég hafði hugsað mér að ná hér með lagafyrirmælum 1. og 2. gr., en þá er einnig sýnilegt, að óhjákvæmilegt er, að lögreglustöðin hafi á næturvakt lækni til þess að skera úr um þessi mál, svo að meðferð þessara manna fari eftir mannúðlegri reglum en hún fer í dag vegna þeirrar aðstöðu, sem fyrir er.

Allt þetta hefur gert það, að ég hef fallizt á, að lagt yrði til að fella úr frv. þessar tvær greinar, eins og hv. frsm. hefur nú lýst.

Hins vegar hefur verið fullkomið samkomulag um það í n. að leggja til, að 3. gr. frv. verði samþ., og er þar stigið stórt spor í rétta átt. Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á stuttan kafla úr bréfi þeirrar n., sem skipuð var af rn. til þess að undirbúa drykkjumannahælið, sem nú er búið að setja á stofn í Gunnarsholti. Hún segir í bréfi sínu til rn., með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt það sé ekki í verkahring nefndarinnar að gera tillögur um annað eða meira en það, sem snertir ákvæði 8. gr. l., sbr. þó lög frá 17. des. 1953, þykir henni þó rétt að benda á, að hún lítur svo á, að brýna nauðsyn beri til að koma upp þeim sjúkradeildum, sem 1.—5. gr. l. frá 1949 gera ráð fyrir, þar sem ljóst er, að sú starfsemi, sem þar er gert ráð fyrir að tekin verði upp, er meginskilyrði fyrir því að fyrirbyggja langvarandi drykkjusýki og minnka á þann hátt eða jafnvel útiloka þörfina fyrir hæli handa sjúklingum, sem þyrftu að dvelja um langan tíma á slíkum stofnunum.“

Hér er beint svo alvarlegum orðum til hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, og það er einmitt það, sem hugsað er að ná nú með frv. eins og gengið er frá því frá n., að byrjað sé að koma upp slíkum sjúkrahúsum eins og talað er um í 1.—5. gr. l. frá 1949. Og það er miklu stærri sigur í þessu máli en þó að hægt hefði verið að fá ákvæði 1. og 2. gr. samþ. ein út af fyrir sig, og það er m. a. þess vegna, sem ég hef fellt mig við, að þessar breyt. væru gerðar, úr því að ekki náðist samkomulag um frv. óbreytt.

Það er nú verið að undirbúa byggingu á upptökuheimili fyrir drykkjusjúka menn, sem alveg er óhjákvæmilegt að hafa hér nálægt bænum, til þess að þeir verði þar rannsakaðir, áður en þeir fara á heimili til langvarandi dvalar. Ég hygg, að það þurfi ekki að hafa mjög mikið aukinn kostnað í för með sér að byggja vistarverur þar,

sem gert er ráð fyrir í frv. eftir till. minum á þskj. 108 og eftir till. n. á þskj. 375, í áframhaldi af þeirri byggingu. Hér er því stigið mjög stórt spor í áttina til úrbóta á þessu mikla vandamáli þjóðarinnar.

Þá hefur n. einnig fallizt á, að 4. gr. frv. verði efnislega samþ. Ég skal ekki eyða tíma hv. deildar í að ræða hana. Hv. frsm. hefur gert það. Þótt ekki fáist allt í sambandi við þetta mál, þá er þó náð svo miklum áfanga, að ég get sætt mig fullkomlega við það, að málið verði afgr. eins og n. leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 375,1—2 (1.—2. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 375,3 (ný 4. gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 387).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr þar.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 71., 72., 73. og 74. fundi í Nd., 14., 15., 18. og 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 387, n. 555).

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og mælir eindregið með samþykkt þess. Þetta er svo mikið nauðsynja- og mannúðarmál, að einskis má láta ófreistað til að hraða framkvæmdum eins og unnt er.

Hæstv. heilbrmrh. kom á fund n. og skýrði frá því, að undirbúningur væri þegar hafinn að byggingu sjúkradeildar hér í Reykjavík fyrir þessa sjúklinga. Verður þess því væntanlega ekki langt að bíða úr þessu, að meðferð þeirra og lækning komist í viðunandi horf.

Samvinna áhugamanna og hins opinbera í heilbrigðis- og mannúðarmálum hefur gefizt vel, bæði hér og erlendis, og þykir því rétt að hafa í l. heimild til að styrkja félög áhugamanna, ef þau vilja stofna og reka lækningastöð í samráði við heilbrigðisstjórnina.

N. ræddi frv. einnig við landlækni, og taldi hann rétt að samþ. frv., en taldi þó óþarft að hafa heimildarákvæði frv. eins rúm og þau eru nú, þar sem varla kæmi til mála fyrst um sinn a. m. k., að slíkar deildir yrðu stofnaðar nema í Reykjavík og á Akureyri. N. taldi þó ekki rétt að breyta frv. af þeim sökum, slíkt verður, ef til kemur, hvort sem er varla gert nema í samvinnu við heilbrigðisstjórnina, enda varla um verulegan kostnað að ræða á öðrum stöðum. Það kæmi helzt til mála þar, að við stærstu sjúkrahúsin yrðu útbúin eitt eða tvö herbergi til þess að vista slíka sjúklinga til bráðabirgða.

Það virðist því réttara að halda þessari heimild, svo að hægt sé að gera slíka breytingu, þar sem reynslan sýnir að þörf er á því, án þess að breyta þurfi lögunum á ný.

Ég vil svo endurtaka það, að ég vil vænta þess, að þetta frv. verði samþykkt.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Kjarni þessa frv. er í raun og veru eingöngu sá, að kostnaður við að koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til þess að fullnægja gildandi lagaákvæðum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra skuli framvegis greiddur úr ríkissjóði að öllu leyti, en að engu leyti úr sveitarsjóðum.

Nýmæli 2. gr. er í raun og veru aukaatriði, þó að það megi gjarnan verða að lögum.

Í þessu sambandi vil ég ekki láta hjá líða að vekja athygli á, hversu frammistaða Reykjavíkur, sjálfrar höfuðborgarinnar, í þessu mikla nauðsynja- og mannúðarmáli hefur verið slæm, beinlínis vítaverð. 1949 voru gildandi l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra sett í algeru samráði við yfirvöld höfuðborgarinnar, Reykjavíkurbæjar. Grundvallaratriði þeirra laga er, eins og þm. er vafalaust ljóst, að ríkisvaldið eða heilbrigðisstjórnin og sveitarfélögin, og þá fyrst og fremst Reykjavíkurbær, sem er langstærsta og öflugasta sveitarfélagið, skuli hafa samvinnu með sér um það að koma upp nauðsynlegum hælum fyrir drykkjusjúkt fólk. Var gert ráð fyrir, að sum þessara hæla skyldu eingöngu kostuð og rekin af ríkinu, en öðrum skyldi komið upp og þau rekin með samvinnu ríkis og sveitarfélags, svo sem og á sér stað um sjúkrahús.

Á þeim 5 árum, sem liðin eru síðan l. voru sett, hefur ríkið þegar hafizt handa um framkvæmdir á því sviði, sem því var einu ætlað, en á þeim sviðum, þar sem gert var ráð fyrir samvinnu ríkis og sveitarfélaga, fyrst og fremst Reykjavíkurbæjar, hefur ekkert verið aðhafzt, þ. á m. á því sviði, sem hér er um fjallað sérstaklega, að koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til þess að láta þá menn fá læknismeðferð, sem teknir eru úr umferð sakir ölvunar. Þetta var kannske eitt brýnasta og nauðsynlegasta nýmælið í lagasetningunni frá 1949, en það var vanrækt og hefur verið vanrækt til þessa dags. Ég skal ekki fjölyrða um það, hvernig á þeirri vanrækslu stendur, en víst er um það, að úr málinu hefur ekkert orðið, og eftir þessu frv. að dæma, þá virðist Alþ. nú verða að fella þann úrskurð, að vonlaust sé, að nokkuð muni úr þessu máli verða, meðan treysta eigi á aðild Reykjavíkurbæjar að þessu máli. Og þess vegna

er frv. breytt í það horf, að ríkissjóður eða gæzluvistarsjóður einn skuli standa undir þessum framkvæmdum. Þetta finnst mér bera stjórn höfuðborgarinnar svo lélegt vitni, að ekki verði hjá því komizt að vekja sérstaklega athygli á því og átelja það, að þetta skuli eiga sér stað, að ríkissjóður skuli eftir 5 ár neyðast til þess að taka þessar bráðnauðsynlegu framkvæmdir í sínar hendur, af því að útséð virðist vera um það, að Reykjavíkurbær fáist til þess að leggja nokkurn eyri af mörkum til þessara bráðnauðsynlegu framkvæmda.

Ég tel, að eins og nú er komið, sé æskilegra, að ríkið taki þetta alveg að sér og greiði allan kostnaðinn, heldur en að eiga það á hættu, að aðild sveitarfélaganna að þessu verði til þess að tefja málið enn frekar. Þess vegna mun ég greiða atkvæði með þessu frv., þó að ég teldi hins vegar, að sú upphaflega skipun, sem gert var ráð fyrir á málunum, þ. e. a. s., að stofnunin yrði kostuð og rekin með sama hætti og almenn sjúkrahús, sé miklu eðlilegri. En meðan ekki sitja að völdum í sjálfri höfuðborginni myndarlegri yfirvöld en hér á sér stað, virðist ekki vera um annað að gera en að ríkissjóður taki þetta alveg að sér.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég heyrði ekki nema hluta af ræðu hv. síðasta ræðumanns, en ég heyrði það, að hann harmaði, hvað seint hefði gengið að uppfylla þau l., sem samin voru hér fyrir 5 árum í sambandi við að koma upp hælum fyrir drykkjusjúka menn. Samkvæmt þeim l. var gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög kæmu slíkum hælum upp. Þessi l. gerðu ráð fyrir, að það yrðu byggð mörg hæli, en allir, sem athuga þessi mál, hljóta að komast að raun um, að það er skynsamlegast að byggja eitt landshæli. Það hlýtur að verða á allan hátt ódýrara, bæði í stofnkostnaði og rekstri, og sem betur fer eru drykkjusjúklingar ekki svo margir hér á landi, að við þurfum á mörgum slíkum hælum að halda.

Ef það er rétt, að það sé hyggilegast að byggja eitt landshæli fyrir drykkjusjúka menn, hvar sem þeir eiga heima, hvort sem þeir eiga heima í Reykjavík, Akureyri, í öðrum kaupstöðum eða annars staðar á landinu, þá er um leið kippt öllum rökum undan því, að eitt bæjarfélag eigi að hafa forustu um að byggja slíkt hæli, og það er vegna þess, að þessi skoðun er rétt og að þessi skoðun er viðurkennd af öllum fjöldanum, að Reykjavíkurbær hefur ekki talið, að það væri rétt, að hann hefði forustu um að byggja slíkt hæli.

Ríkið rekur áfengisverzlun og græðir á því stórfé. Ríkið hefur viðurkennt, að það beri að gera mikið til þess að útrýma drykkjuskapnum, m. a. með því að stofna gæzluvistarsjóð, þar sem tekinn er viss hluti af áfengisgróðanum og lagður í þennan sjóð. Ríkið hefur einnig stutt templara, sem vinna gegn drykkjuskap og eiga að gera það, og gæzluvistarsjóður hefur nú verið tekinn til notkunar, með því að komið hefur verið upp drykkjumannahæli í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Það er ekki enn liðið að vísu fullt ár síðan þetta hæli tók til starfa, en rekstur þess gefur góðar vonir, gefur þær vonir, að þetta hæli eigi fullan rétt á sér og að komizt verði yfir þá erfiðleika og þau sker, sem hin fyrri hæli strönduðu á, bæði í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi. En þetta hæli er ekki byggt fyrir eingöngu drykkjusjúka menn, ekki þá, sem verst eru komnir, heldur fyrir hina, sem þarf að fjarlægja héðan úr Reykjavík og gætu verið vinnufærir undir góðri stjórn með því að bægja þeim frá drykkjuhneigðinni.

Í sambandi við hælið í Gunnarsholti hefur verið ákveðið að byggja viðbótarbyggingu og sérdeild á Kleppi, þar sem sjúklingar, sem fara austur að Gunnarsholti, verða teknir inn og verða þar í vikutíma, mánuð eða lengur, eftir því sem sérfróðir menn álíta að þörf sé á.

Ég legg til, að framkvæmd hefjist á þessu nú á þessu sumri og að þar verði pláss fyrir 14—20 menn, sem mætti að sumu leyti kalla sjúklinga, vegna þess að þeir verða lagðir þarna inn og síðan ákvarðað eftir vissan tíma, hvort þeir eru færir um að fara austur í Gunnarsholt eða hvort þeir skuli meðhöndlaðir áfram eins og sjúklingar.

Nú munu menn segja, að þrátt fyrir þetta vanti hæli fyrir drykkjusjúklinga, og þetta frv., sem við hér erum að ræða um á þskj. 387, gengur í þá átt, að reisa skuli slíkt hæli svo fljótt sem verða má. Ég geri ráð fyrir, að reynslan skeri úr því og reynslan verði sú, að svo fljótt sem verða má megi prjóna við, byggja við þessa deild, sem ráðgert er að byggja í sumar, og að þar verði þá endanlega reist þessi deild, sem ætluð er fyrir drykkjusjúklinga.

Sumir hafa fundið að því, að þetta væri á Kleppslóðinni, en það ætti að vera alveg ástæðulaust að finna að slíku. Þetta er alveg laust við geðveikrahælið á Kleppi, og það verður aldrei sagt um þá, sem verða lagðir inn á þessa deild, að þeir séu geðveikir, en það er það, sem margir hafa verið sérstaklega næmir fyrir.

Hitt er aftur á móti nauðsynlegt, að njóta þeirra sérfræðinga, sem starfa við þennan spítala, og það hlýtur að verða á allan hátt ódýrara að nota þeirra orku og þeirra sérþekkingu ásamt því hjúkrunarliði og öðrum starfskröftum, sem eru á hælinu, heldur en að byggja sérstakt sjúkrahús, þar sem þyrfti nýja lækna, nýtt hjúkrunarlið og nýtt starfslið að öllu leyti.

Það hefur því verið sameiginleg skoðun mín og landlæknis, að það bæri að byggja þessa deild í nánd við Klepp, svo að unnt væri að nota þá starfskrafta, sem þar eru fyrir. En ég á minn þátt í því, að orðalagið er á 1. gr. frv. eins og það er, að „það verði komið upp svo fljótt sem verða má“, því að þegar ætlazt er til, að gæzluvistarsjóður verði notaður í þetta, verður að gera sér grein fyrir því, að gjaldgeta hans er ekki ótakmörkuð. Og það verður að gera sér grein fyrir því, að það þarf e. t. v. að gera frekari ráðstafanir til tekjuöflunar gæzluvistarsjóði, til þess að hann geti innt af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað, með því, sem þegar er byrjað á að gera, og með því, sem honum er þegar ætlað að vinna.

Þá er samkv. 2. gr. þessa frv. gefin heimild til þess að styrkja félög áhugamanna, en sú heimild

er eingöngu á valdi ráðh., og hvort sú heimild verður notuð, hlýtur að fara eftir því, hversu miklu fé gæzluvistarsjóður hefur yfir að ráða, en ég tel ágætt að fá þessa heimild í lög, því að vissulega geta áhugamenn og félagsskapur þeirra gert mikið gagn og hafa gert mikið gagn í sambandi við baráttuna gegn drykkjuskapnum.

Ég vildi nú láta þetta koma fram hér sem skýringu á þessu máli, og ég held, að sú ásökun, sem hv. síðasti ræðumaður fór hér með áðan á hendur Reykjavíkurbæ, vegna þess að hann hefur ekki hafizt fyrr handa um byggingu slíks hælis, sé ekki á rökum reist, vegna þess að það getur ekki verið hlutverk eins bæjarfélags að byggja eða reka slíka stofnun eins og hér er um að ræða. Það hlýtur að vera hlutverk og verkefni þjóðfélagsins í heild að gera slíkt og að reka eitt landshæli, sem kostað er af landsmönnum í heild eða þá í þessu tilfelli gæzluvistarsjóði, og bera þeir þá kostnaðinn eingöngu uppi, sem kaupa áfengi úr áfengisverzluninni.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Mér fór eins og hæstv. viðskmrh., að ég tók ekki eftir fyrri hlutanum af ræðu hv. 1. landsk. þm., en það var þó ekki vegna þess, að ég væri ekki viðstaddur, en þessi hv. þm. er svo sítalandi, að ég segi ekki símalandi hér í d., að maður hrekkur ekki upp við það, þó að hann kveðji sér hljóðs.

Þegar hv. þm. fór að sletta úr klaufunum í garð Reykjavíkurkaupstaðar og víta afstöðu bæjarstjórnarinnar til þess að koma upp hæli fyrir drykkjusjúka menn, þá lagði ég nokkuð við hlustirnar. Ég hygg, að hægt sé að sanna það, að allar þær fullyrðingar, sem hv. þm. fór með, séu staðlausir stafir og fái ekki staðizt.

Það er sannast að segja mjög löng og næsta flókin saga að rekja afstöðu bæjarstjórnar Reykjavíkur og tilraunir bæjarstjórnarinnar til þess að koma upp hæli yfir drykkjusjúka menn, og hef ég því miður ekki á reiðum höndum nú við þetta tækifæri nægjanlegar staðreyndir til þess að geta rakið hana, en við erum hér með þetta mál til 2. umr., og mun ég reyna að sjá til þess, að það komi hér í ljós við 3. umr. málsins, hvað þessi hv. þm. hefur haft mikið til síns máls — eða öllu heldur lítið eða ekkert. Sannast að segja hafa æ ofan í æ rekið sig á áætlanir og ráðagerðir Reykjavíkurbæjar mjög mismunandi skoðanir sérfróðra manna um það, hvernig haga bæri þessum málum, og oft og einatt rekið sig beinlínis á sjálfa heilbrigðismálastjórnina með landlækni í broddi fylkingar. Ég minnist þess m. a., þegar till. voru uppi um það frá þessum hv. aðilum að vilja koma slíku hæli drykkjusjúkra manna fyrir hér í Engey, að þá þótti bæjarstjórninni ekki ráð, að þessir menn hefðu ljósadýrðina frá Reykjavík fyrir augunum daglega, og réttara væri að skipa þessum málum með nokkru meira ráði og af meiri skynsemi en þar kom fram. Og enn bendi ég á það, sem liggur nú fyrir frá heilbrigðismálastjórninni, áætlanir og till. um að byggja hæli fyrir drykkjusjúka menn á Kleppslóðinni, og skal ég út af fyrir sig ekki fetta frekar fingur út í það, en segja þó og láta það koma hér fram, að um það hafa verið mjög skiptar skoðanir hjá mönnum, sem kvaddir hafa verið ráða um það, þegar Reykjavíkurbær fjallaði um þessi mál. Landlæknir og yfirlæknirinn á Kleppi töldu rétt að koma slíkri deild upp í sambandi við Kleppsspítalann, en bæði sakadómarinn í Reykjavík og lögreglustjórinn, sem kvaddir voru álits af bæjarstjórn Reykjavíkur, voru því andvígir á sínum tíma og töldu marga annmarka á því og vildu fyrir sitt leyti, að slíkri deild yrði komið upp við landsspítalann. Þetta nefni ég aðeins sem eitt af fáum dæmum um það, hvernig oft hafa rekizt á skoðanir manna, sem til hafa verið kvaddir í þessum efnum, og ég mun gera nánari gangskör að því, að það komi fram hér í hv. þd., hver afstaða Reykjavíkurbæjar hefur verið í þessu máli.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Þau fáu orð, sem ég sagði hér áðan, hafa gefið tveimur hv. þm. tilefni til nokkurra ummæla, hæstv. heilbrmrh. og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Ummæli hæstv. ráðh. voru hófsöm; hið sama verður ekki sagt um ummæli hv. 5. þm. Reykv., en segja má líka, að öfugt hlutfall hafi verið á milli vitsins og hófseminnar í ræðum þeirra.

Báðir, einkum þó seinni ræðumaðurinn, reyndu að draga það í efa, að Reykjavíkurbær hefði vanrækt skyldu sína í þessu máli, sem hér er um að ræða. Þóttist hv. 5. þm. Reykv., sem þó hefur verið bæjarráðsmaður í Reykjavík um langt skeið og er þess vegna málum Reykjavíkurbæjar gagnkunnugur, ekki hafa á reiðum höndum upplýsingar til þess að afsanna mitt mál. En staðreyndir málsins eru ofur einfaldar, og skal ég leyfa mér að rifja þær upp í örfáum setningum.

Það er rétt, sem hv. ræðumaður sagði, að um langan aldur var eða hefur verið nokkur ágreiningur um það á milli helztu sérfræðinga í þessum málum hér í bæ, hvernig ráða skyldi fram úr þessum vandamálum. Hefði verið svo í stríðinu og fyrst eftir stríðið, en það náðist um þessi mál allsherjar samkomulag allra aðila 1949, Alþingis, bæjarstjórnar Reykjavíkur og helztu sérfræðinga í bænum. Það samkomulag var gert með setningu l. nr. 55 frá 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Ég hygg mig muna það rétt, að þau lög hafi verið samþykkt einróma hér á Alþingi, og það veit ég með vissu, því að um þau var fjallað í n., sem ég átti sæti í, að þau voru sett með fullu samþykki bæjaryfirvalda Reykjavíkurbæjar og enn fremur að fengnum ráðum ýmissa kunnustu manna í heilbrigðismálum í þessum bæ. Þarna eygðu menn loksins endalok á hinum hvimleiðu deilum, sem mörg undanfarin ár höfðu staðið um staðsetningu þessara hæla og fyrirkomulag þeirra. Samkomulagið var í mjög stuttu máli þannig, að koma skyldi upp sjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeildum fyrir þá, sem teknir væru úr umferð, hætt við að fangelsa þá og setja þá í „kjallarann", heldur skyldu þeir settir í sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild í staðinn. Um þessar sjúkrahúsdeildir átti að fara samkv. nánar tilteknum reglum, í aðalatriðum eins og gilda um byggingu sjúkrahúsa. Þá skyldi komið upp sérstöku drykkjumannahæli fyrir þá drykkjusjúklinga, sem eiga sér batavon, og ríkissjóður tók að sér að reisa slíkt hæli algerlega á sinn kostn-

að. Í þriðja lagi skyldi koma upp drykkjumannahæli fyrir „króniska“ drykkjusjúklinga, þ. e. a. s. fyrir þá, sem ekki var talið að mundu eiga sér nokkra batavon. Um þetta hæli áttu að gilda sömu reglur og um sjúkrahúsbyggingarnar, kostnaðurinn greiðast að hluta af ríki og að hluta af bæ.

Fyrir þessum þrenns konar stofnunum var gert ráð til þess að bæta það mikla þjóðfélagsböl, sem drykkjusýkin hlýtur að teljast. Heilbrigðisstjórnin hófst mjög snemma handa um að sinna því hlutverki, sem henni var ætlað með lögunum. Hins vegar varð ekkert úr því, að komið væri upp sjúkrahúsdeildum eða deildum til þess að setja menn í, sem teknir væru úr umferð, eða hæli fyrir „króniska“ drykkjusjúklinga. Í þessum málum báðum áttu sveitarsjóðirnir, fyrst og fremst auðvitað sá voldugasti, þ. e. Reykjavík, að hafa forgöngu. Hv. 5. þm. Reykv. þarf því engar upplýsingar um það að sækja á bæjarskrifstofurnar, hverjar staðreyndir málsins eru. Þær eru þessar: Það, sem ríkissjóður tók að sér að gera í heildarsamkomulaginu 1949, hefur verið gert. En þar sem forustan átti að vera í höndum sveitarfélaganna, aðallega Reykjavíkurbæjar, hefur ekkert verið gert. Þetta er mergurinn málsins.

Afsökun hæstv. ráðh. fyrir hönd Reykjavíkurbæjar, sem að vísu var mjög hófleg, byggist á misskilningi, því að hún getur aðeins átt við drykkjumannahæli fyrir „króniska“ drykkjusjúklinga. Þar má til sanns vegar færa rök hæstv. ráðh., að eðlilegt geti verið, að slíkt hæli sé byggt fyrir fé ríkisins, því að það þurfi að vera landshæli. Þau rök má a. m. k. virða, en þau gilda alls ekki um sjúkrahúsdeildirnar, sem eiga að veita viðtöku mönnum, sem teknir eru úr umferð sökum ölvunar; þær verða auðvitað að vera í hverjum einstökum kaupstað. Þeim ætti að koma upp í sambandi við hvert einasta sjúkrahús í þéttbýli og þó fyrst og fremst hér í Reykjavík.

Ég endurtek það, að sú framkvæmdin, sem áreiðanlega var hvað nauðsynlegust af öllu, sem um var fjallað í l. frá 1949, var að koma upp slíkri deild við sjúkrahús hér í Reykjavík, t. d. við landsspítalann eða Klepp. Ég skal ekki blanda mér inn í þá deilu, sem uppi er um það, í sambandi við hvora stofnunina slík deild eigi að vera. Það greinir sérfróða menn á um, og þar skal ég ekkert orð í belg leggja. En ég endurtek, að sú framkvæmd, sem nauðsynlegust var, var að koma upp slíkri sjúkrahúsdeild, til þess að þeirri svívirðu yrði hætt að fangelsa þá, sem teknir eru úr umferð sökum ölvunar. Sú framkvæmd átti að vera í höndum Reykjavíkurbæjar samkvæmt l., og það dettur auðvitað engum í hug, að það eigi að vera landsstofnun, sem veita eigi þeim viðtöku, sem teknir eru úr umferð í Reykjavík. Þetta frv., sem hér er til umræðu, fjallar um þetta mál, en ekki hæli fyrir „krónisku“ drykkjusjúklingana. Eftir sem áður á það að vera samkvæmt l. eins og þau verða, þó að þetta nái fram að ganga, sameiginlegt mál ríkis og sveitarfélaga.

Það er 1. gr., sem hér er aðalatriðið, og hún fjallar um sjúkrahúsdeildirnar til þess að veita viðtöku mönnum, sem teknir eru úr umferð í skyndingu sökum ölvunar. Staðreynd málsins er sú, og hún er í mínum augum afar einföld: Það, sem Reykjavíkurbær tók að sér að gera 1949, m. a. að koma upp sjúkrahúsdeild við eitthvert sjúkrahús hér í Reykjavík, til þess að hægt yrði að fangelsa þá óhamingjusömu menn, sem teknir eru úr umferð, hefur verið látið ógert. Því hlutverki hefur Reykjavíkurbær ekki sinnt og hefur þó haft til þess 5 ár. Og þegar það er ljóst mál, að því verður ekki sinnt, þá er til þess ætlazt, að ríkissjóður taki það algerlega að sér.

Ég skal að síðustu endurtaka það, að ég er því sammála, að hann geri það, því að ég hef enga trú á því, að Reykjavíkurbær bæti ráð sitt. Fimm ára vanræksla í þessum efnum af hans hálfu er nægileg sönnun þess, að úr málinu mundi ekkert verða, þó að l. stæðu óbreytt í önnur 5 ár. Þó að ég teldi í sjálfu sér eðlilegra og raunar sjálfsagt, að Reykjavíkurbær tæki þátt í þessum sjúkrahúskostnaði, eins og öðrum sjúkrahúskostnaði, þá vil ég samt sem áður ekki láta málið stranda lengur á deilu um þetta atriði, heldur láta greiða þennan kostnað úr ríkissjóði, gæzluvistarsjóði, til þess að loksins geti eitthvað orðið úr þessum bráðnauðsynlegu framkvæmdum.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Ég þarf litlu við að bæta það, sem ég sagði, en hv. 1. landsk. endaði mál sitt með því að tala um, að það væru einmitt sjúkrahúsdeildirnar á spítölunum, sem ættu að taka á móti drykkjusjúkum mönnum til bráðabirgða, sem fyrst og fremst væri nú um deilt, og Reykjavíkurbær hefði vanrækt skyldu sína til þess að koma upp þessum sjúkrahúsdeildum í 5 ár. En ég geri ráð fyrir því, að menn sjái það án nokkurra frekari bollalegginga, að Reykjavíkurbær byggir ekki við ríkisspítalann Klepp eða landsspítalann öðruvísi en með samkomulagi við heilbrigðismálastjórnina. Reykjavíkurbær getur ekki sent vinnuflokka sína upp að landsspítalanum eða Kleppsspítalanum til þess að fara að byggja þar slíkar deildir. Það var þess vegna óhjákvæmilegt að hafa samkomulag um þessi mál eftir eldri lögunum við heilbrigðismálastjórnina, og á því strandaði vegna mismunandi skoðana sérfróðra manna, sem til voru kvaddir, og ýmissa frekari annmarka í viðhorfi heilbrigðismálastjórnarinnar, sem ég mun síðar láta koma í ljós.

En ég hygg, að þetta eitt sanni fullkomlega, hversu tilhæfulausar eru ásakanirnar í garð Reykjavíkurbæjar, að hann hafi vanrækt að byggja við þessa spítala, sem Reykjavíkurbæ vitaskuld var útilokað að koma í framkvæmd nema með samkomulagi við heilbrigðismálastjórnina.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hörfar nú allhratt frá einni víglínunni í aðra og er nú kominn að þeirri niðurstöðu, að afsökun Reykjavíkurbæjar í þessu máli sé sú ein, að hann hafi ekki getað náð samkomulagi við heilbrigðisyfirvöld um það að fá að byggja sjúkrahúsdeild við annaðhvort Klepp eða landsspítalann. Þetta held ég að hljóti að koma þm. og öðrum kunnugum í hæsta máta undarlega fyrir sjónir. Það væri afar gaman að frétta nánar af þeirri stórsókn, sem Reykjavíkurbær virðist hafa staðið í undanfarin 5 ár til þess að

fá að byggja sjúkrahúsdeild annaðhvort við Klepp eða landsspítalann. Ég hefði gaman af að lesa nákvæma skýrslu um þá herferð. Ég held, að sú skýrsla yrði sérlega fróðleg, er menn hafa það í huga, við hvern Reykjavíkurbær segist aðallega hafa verið að berjast, en það mun vera yfirlæknirinn á Kleppi, dr. Helgi Tómasson. — Hverjum þykir nú líklegt, að þetta mál hafi í 5 ár strandað á harðvítugri baráttu bæjaryfirvaldanna við Helga Tómasson?

Eitt af því fáa, sem rétt var í aðalatriðum í ræðu hv. þm., var, að það hefur verið ágreiningur milli læknisfróðra manna hér í Reykjavíkurbæ um það, hvort reka skyldi slíkt hæli í sambandi við Klepp eða í sambandi við annan spítala. Forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, dr. Helgi Tómasson, hefur staðið fast á þeirri skoðun sinni, að þessi deild ætti að vera í sambandi við Klepp. Aðrir sérfróðir læknar hafa talið þessa deild betur komna í sambandi við landsspítalann. En trúi því hver sem trúa vill, að Reykjavíkurbær hefði ekki getað lægt þessa sérfræðilegu deilu á milli dr. Helga Tómassonar og nokkurra annarra lækna í bænum, ef hann hefði haft einlægan áhuga á framkvæmd málsins.

Nei, sannleikurinn er sá, að þetta er skálkaskjól eitt. Sannleikurinn er sá, að Reykjavíkurbær hefur gripið þessa deilu á milli læknanna fegins hendi til þess að skjóta sér undan skyldu sinni, og núna, þegar þessir menn eiga að standa reikningsskap gerða sinna, þá nota þeir hana til þess að afsaka sleifarlag síðustu 5 ára í þessum efnum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls urðu nokkrar orðahnippingar á milli mín og hv. 1. landsk. þm. (GÞG) af því tilefni, að hann hafði í ræðu sinni hér mjög óviðurkvæmileg orð um afstöðu bæjarstjórnar Reykjavíkur til þessa máls og yfir höfuð afstöðu bæjarstjórnarinnar í sambandi við hæli og sjúkrahús fyrir ölvaða menn og drykkjusjúka. Ég taldi þessi ummæli óviðurkvæmileg og enda órökstudd og benti þá á nokkur atriði því til sönnunar, en sagði hins vegar, að ég mundi gera nánari grein fyrir því, hversu tilhæfulaus þessi ummæli væru, við 3. umr. þessa máls.

Það, sem hér liggur fyrir í þessu frv., er, að kostnaðurinn af því að koma upp sjúkrahúsum *eða sjúkrahúsdeildum í sambandi við meðferð* ölvaðra manna og drykkjusjúkra skuli greiðast úr gæzluvistarsjóði, en samkvæmt eldri ákvæðum átti kostnaður af þessu að skiptast milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs, og var það eftir ákvæðum laga frá 1949, sem nú er verið að breyta, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Þeir sleggjudómar hafa verið felldir, að vegna þess að eftir að þau lög voru sett í gildi hafi ekki verið byggð af bæjarstjórn Reykjavíkur þau hæli, sem þar um ræðir, þeri bæjarstjórnin sök á einhverju sleifarlagi í þessu sambandi. Heyrðist mér á hv. 1. landsk., að honum fyndist, að bæjarsjóðirnir eða sveitarsjóðirnir væru reyndar ekkert of góðir til þess að leggja af mörkum í þessu efni, en þar sem hér í Reykjavík væri við völd jafnáhugalaus *bæjarstjórnarmeirihluti í þessu máli* og raun bæri vitni, gæti hann eftir atvikum sætt sig við að samþykkja þetta frv.

Um afstöðu bæjarstjórnar Reykjavíkur í þessum og skyldum málum vil ég taka fram umfram það, sem áður hefur komið fram af minni hálfu undir umræðum um þetta mál, eftirfarandi:

Árið 1948, svo að ekki sé lengra farið aftur í tímann, þ. e. a. s., áður en samþ. voru l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, var gerð gangskör að því af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur að koma upp hæli fyrir drykkjusjúka menn, sem hefðu þörf fyrir að vera þar til langdvalar. Sérfróðir menn undir forustu borgarlæknis athuguðu þá þetta mál að tilhlutan borgarstjóra og bæjarstjórnar, og var þá sérstaklega, eftir að ýmsar aðrar athuganir höfðu farið fram, athuguð gaumgæfilega aðstaðan til þess að koma slíku hæli upp með því að kaupa jarðir eða jörð á Snæfellsnesi og byggja þar hæli fyrir drykkjusjúklinga til langdvalar. Sú jörð, sem þar leizt álitlegust í augum þessara manna, var Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, og voru gerðar ákveðnar till. um það til bæjarstjórnar af hálfu þessara sérfróðu manna. Hins vegar — og þar komum við varðandi þessa deild sjúkrahúsanna að kjarna þessa máls — varð ekki af hálfu bæjarstjórnar í þetta ráðizt nema í samráði við og með samþykki heilbrigðismálastjórnarinnar, landlæknis og heilbrmrh., því að hér átti að fara saman greiðsla kostnaðar af hálfu bæjarsjóðs og ríkissjóðs. Samkomulag um þetta atriði náðist ekki, og voru uppi ýmsar aðrar till. af hálfu heilbrigðismálastjórnarinnar, eins og ég minntist á í fyrri ræðu minni í þessu máli, m. a. að staðsetja þetta hæli í Engey, sem bæjarstjórnin gat fyrir sitt leyti engan veginn fallizt á. Framkvæmd þessa máls féll þannig niður, að koma þessu hæli upp á mjög heppilegum stað, að því er sérfróðir menn, sem kvaddir höfðu verið til þess að láta uppi álit sitt af hálfu Reykjavíkurbæjar, töldu, sem var Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, og féllu niður allar framkvæmdir í sambandi við hana. Síðar skaut þessu máli upp í ýmsum öðrum myndum, og var m. a. freistað af hálfu bæjarstjórnar að koma upp þessu hæli með kaupum á Skeggjastöðum í Mosfellssveit. Ég hygg, að enginn ágreiningur hafi verið um það mál milli heilbrigðisstjórnarinnar og borgarstjóra, en ágreiningur var um það innan bæjarstjórnarinnar, sem sérstaklega stóð í sambandi við það, *hvort hagkvæmt væri að kaupa þessa* jörð og hvort hún byðist með nógu góðum kjörum.

Um þetta leyti var gæzluvistarsjóður, sem

stofnaður hafði verið með lögum 1949 og myndaður er af ágóða af áfengisverzluninni, orðinn um 3 millj. kr. Þessir peningar voru í sjóði og höfðu ekki verið hagnýttir á einn eða annan hátt. Borgarstjóri bar því fram á Alþ. 1952 frv. til l. um breyt. á l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem stefndi að því, að gæzluvistarsjóði skyldi varið til þess að koma upp slíku hæli eins og ég nú hef gert að umræðuefni fyrir drykkjusjúklinga til langdvalar. Það frv. náði ekki á því þingi fram að ganga, en var aftur af hálfu borgarstjóra flutt á þingi 1953 og varð þá að lögum. Þar með var það komið á ríkissjóð einan að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað af þessu hæli, og þar með var úr sögunni, að ágreiningur á milli bæjarstjórnarvalda og heilbrigðismálastjórnar ríkisins gæti orðið þessu máli ásteytingarsteinn, eins og verið hafði, og hefur núverandi heilbrmrh. tekið röggsamlega á þessu máli og með tilstuðlan ýmissa góðra manna komið því í höfn, að nú er komið upp þetta hæli, sem áður hafði verið svo lengi um deilt og ekki komizt í framkvæmd af þeim sökum, sem ég hef nú gert grein fyrir.

En ágreiningur og deilur milli bæjarstjórnarvalda og heilbrigðismálastjórnar voru á fleiri sviðum en þessu. Í marzmánuði 1952 fól bæjarstjórnin borgarlæknunum í Reykjavík og Alfreð Gíslasyni, sérfræðingi í þessum málum, sem hafði mikið um þessi áfengisvandamál fjallað, að gefa bæjarstjórninni eða bæjarráði álitsgerð í sambandi við það, hvernig haganlegast mætti fyrir koma þessum málum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, og m. a. og fyrst og fremst vegna þess, að bæjarstjórnin hafði áhyggjur af því, að málunum miðaði ekki áfram innan þess ramma, sem lög þá ákváðu, og átti bæjarstjórnin stöðugt í ágreiningi við heilbrigðisstjórnina um framkvæmd málanna.

Ég vil leyfa mér að vitna aðeins til nokkurra meginatriða í þeirri álitsgerð, sem þessir aðilar, borgarlæknirinn og sérfræðingur í taugasjúkdómum, Alfreð Gíslason, gáfu bæjarstjórninni árið 1952. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í læknismeðferð drykkjusjúklinga hefur meir og meir gætt tilhneigingar til að láta þá ekki fyrr en í síðustu lög dveljast langtímum saman á hælum. Sú meðferð þykir ekki hafa reynzt vel og hefur þá augljósu ókosti að vera þjóðfélaginu kostnaðarsöm og sjúklingunum óþægileg vegna frelsisskerðingarinnar. Þá mun það nú almennt viðurkennt, að geðveikrahæli sé ekki heppilegur vettvangur til meðferðar á þessum sjúklingum, fyrst og fremst vegna rótgróinnar andúðar fólks á dvöl í slíkum hælum. Þótt slík andúð sé ekki skynsamleg, er hún engu að síður rík í huga almennings og verður naumast upprætt í náinni framtíð. Þetta er staðreynd, sem verður að taka tillit til, þegar ráðstafanir til drykkjumannahjálpar eru gerðar.

Viðleitnin hefur á síðari tímum beinzt meir og meir að því að hefta sem minnst frjálsræði drykkjusjúklinganna meðan á læknismeðferð stendur. Er þeim þá veitt læknisleg og félagsleg hjálp í sérstökum stöðvum, sem þeir leita til reglubundið eftir læknisákvörðun hverju sinni. Kostir þessarar meðferðar eru þeir, að drykkjusjúklingurinn er áfram í sínu umhverfi og við sitt starf og við þær freistingar, sem jafnan eru því samfara að koma á ný út í lífið að langri hælisvist lokinni. Auk þess er meðferð þessi mun ódýrari en hælisvistin.

Í mörgum tilfellum verður þó ekki hjá því komizt að taka sjúklingana úr sínu venjulega umhverfi til athugunar og lækninga, og eru þeir þá lagðir í sjúkrahús, en dvölin þar höfð sem stytzt, venjulega aðeins nokkrar vikur. Þar, sem ekki er sérstök taugadeild í sambandi við spítala, þykir engin frágangssök að veita þessa hjálp í almennu sjúkrahúsi.

Þá er erlendum sérfræðingum það og ljóst, að ekki verður komizt hjá að hafa hæli fyrir þá drykkjumenn, sem dýpst eru sokknir. Erlendis eins og hér verður viss hópur slíkra manna stöðugir gestir í lögreglustöðvum og í réttarsölum. Eru það menn, sem hafa gefið upp allt starf, eiga sér hvergi athvarf, en lifa fyrir það eitt að drekka. Að sjálfsögðu eiga þessir menn eins og aðrir að fá fullkomna lækn is- og félagsaðstoð, eins og að framan greinir, en reynist allt árangurslaust, ber þjóðfélaginu sjálfs sín og drykkjusjúklinganna vegna að koma þeim fyrir í viðeigandi hæli. Yrði þar um langdvöl að ræða."

Hér er fjallað um tvær tegundir hæla, annars vegar fyrir drykkjusjúklinga til langdvalar, og það er sú tegund hæla, sem ég vék að í upphafi, og hins vegar sjúkrahúsdeildir fyrir drykkjusjúklinga, sem eiga að dvelja um skemmri tíma þar, og það er einmitt um það hæli, sem það frv. fjallar, sem nú er hér til meðferðar.

En eftir þetta fella þessir sérfræðingar um þessi atriði eftirfarandi dóm:

„Í samræmi við framangreindan skilning eru till. okkar sem nú skal skýrt." Og koma þær á eftir. En niðurstöðurnar eru: „Við teljum, að heppileg lausn fáist ekki innan ramma gildandi laga, og eru till. okkar því samdar án tillits til þeirra." Sérfróðir menn, sem bæjarstjórn kvaddi til fyrri hluta árs 1952, slógu því föstu, að þeir teldu, að það væri ekki hægt að fá heppilega lausn þessara mála innan ramma gildandi laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, og miðuðu sínar till. við bæjarstjórn á þeim forsendum eðlilega. Hér má segja, eins og ég hef áður vikið að, að sé að leita orsakanna til þess, að þessum málum hefur ekki skilað lengra áleiðis en raun ber vitni, en það eru órökstuddir sleggjudómar, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi ekki sýnt þessu máli fyllsta áhuga.

Í till. sínum lögðu þessir sérfræðingar til þrennt: að komið yrði upp hjálparstöð fyrir drykkjusjúklinga eins fljótt og unnt yrði, að séð yrði fyrir sjúkrarúmum handa öllum drykkjusjúklingum, sem sjúkrahúsmeðferðar þarfnast, og að vinnuhæli fyrir drykkjusjúklinga verði sett á stofn hið bráðasta. Það þriðja hefur verið gert af hálfu ríkisins, eftir að ákveðið var, að ríkið skyldi kosta það og reka með gæzluvistarsjóði. Reykjavíkurbær hefur komið upp og rekið tvö undanfarin ár hjálparstöð fyrir drykkjusjúklinga í sambandi við heilsuverndarstöð Reykjavíkur, og hefur þar verið unnið að því að framkvæma annað atriðið, að sjá þessum sjúklingum fyrir

sjúkrarúmum á fleiri en einu sjúkrahúsi í þessum bæ. En meginefni málsins er það, að samkv. l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er þeim málum skipað þannig, að geðveikrahælið á Kleppi á að hafa með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkv. ákvæðum laga þessara, en þar byrjaði ágreiningurinn milli bæjaryfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Nú skal ég ekki blanda mér í þann ágreining, en ég vænti þess, að hv. þm. skilji, að þegar þeir sérfróðu menn, sem bæjarstjórnin kveður til, leggja til, að þessum málum sé hagað með allt öðrum hætti en gildandi lög ákveða, þá er ekki eðlilegt, að bæjarstjórnin að rannsökuðu máli vilji fara þá leið, sem er gagnstæð þeirri álitsgerð, sem sérfræðingar hennar lögðu til. Þetta snertir engan veginn neina baráttu við Helga Tómasson, forstöðumann ríkisspítalans á Kleppi, eins og hv. 1. landsk. vildi svo ósmekklega gefa í skyn hér, heldur var þessum málum með lögum skipað á allt annan veg en bæjarstjórn að athuguðu máli taldi eðlilegt.

Nú er það hins vegar svo, að þegar 1953 er ákveðið, að ríkissjóður skuli bæði bera stofnkostnað og rekstrarkostnað af drykkjumannahæli fyrir þá, sem ætluðu að dvelja þar til langdvalar, þá getur ríkisvaldið farið eitt síns götur og þarf engan um að spyrja og leitar ekki álits bæjarstjórnar Reykjavíkur um það. Og þegar nú er lagt til hér, að gæzluvistarsjóður beri stofnkostnað og rekstrarkostnað af sjúkradeildum fyrir drykkjusjúklinga til skemmri tíma, þá er málið þar á eftir í höndum heilbrigðisstjórnarinnar einnar og við engan annan að sakast um það. Þar fyrir er það ekki öruggt í þessu máli, að sú ákjósanlegasta leið verði farin. En einhverja lausn verður að finna á þessu máli, og það er óviðunandi, að það liggi í láginni vegna ágreinings, t. d., eins og ég hef vikið að, á milli bæjarstjórnaryfirvalda annars vegar og ríkisstjórnarvalda hins vegar. Varðandi einmitt þá sjúkradeild, sem hér hefur verið ágreiningur um, þá er bæjarstjórn sannarlega vorkunn af sinni hálfu, eins og ég hef sagt áður; ekki gat bæjarstjórnin farið að byggja við ríkisspítalana, hvorki á Kleppi né landsspítalann, nema með samþykki ríkisstjórnarvalda. En það var enn, að menn, sem bæjarstjórnin hafði kvatt til og ættu að geta haft aðstöðu til að meta þetta mál af skilningi, lögreglustjóri og sakadómari, studdu það álit hinna læknisfróðu manna, sem bæjarstjórn hafði leitað til, að það væri mjög óráðlegt að tengja slíka sjúkradeild fyrir drykkjusjúka menn til skemmri tíma við Kleppsspítalann eða geðveiki.

Eins og ég sagði áðan, þá skal ég ekki kveða upp neinn dóm um þessa deilu, en hún hefur fyrst og fremst orðið því til hindrunar, að þessi deild hafi komizt upp. Í sambandi við ráðagerðir heilbrigðisstjórnarinnar núna um að koma upp þessari sjúkradeild á Kleppi er enn uppi sami ágreiningur um það, og er mér kunnugt um, að læknar hafa aðvarað heilbrigðisstjórnina um það. En eftir að hún fær þetta mál til meðferðar, þá er það hennar mál eitt úr því, og væntanlega greiðir hún þá fram úr því á þann hátt, sem hún telur hæfastan og beztan.

Niðurstöðurnar í þessu máli ættu, held ég, að liggja ljóst fyrir af því, sem ég nú hef gert grein fyrir. Bæjarstjórnin hefur fyrir sitt leyti bæði í þessum málum og öðrum varðandi meðferð drykkjusjúkra manna gert ýmsar ráðstafanir þeim til aðstoðar og leitazt við að koma í framkvæmd öðrum málum, sem hins vegar hafa strandað á mjög djúptækum ágreiningi á milli sérfróðra manna um meðferð þessara mála. Ég vil hins vegar, eins og ég sagði áðan, án þess að taka nokkra afstöðu til þessa ágreinings, leyfa mér að mega vænta þess, að sú leið, sem nú verður væntanlega farin undir forustu og eingöngu á ábyrgð heilbrigðisstjórnarinnar, megi leiða til góðs í þessu máli og verða til þess að greiða úr því þjóðfélagslega vandamáli og böli, sem hér er um að ræða. En hitt er ekki ástæða til, að það sé ómótmælt algerlega órökstuddum og tilhæfulausum sleggjudómum hv. þm. um kæruleysi bæjarstjórnar höfuðstaðarins í slíku máli sem þessu.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði við 2. umr. þessa máls, að hann mundi fyrir 3. umr. þess afla sér gagna, sem mundu algerlega afsanna þá staðhæfingu mína við 2. umr. málsins, að bæjarstjórn höfuðstaðarins hefði vægast sagt staðið sig illa í sambandi við lausn þess þjóðfélagsböls, sem drykkjusýki hlýtur að teljast. Ég hafði á það bent, að á sveitarstjórnunum og þá fyrst og fremst Reykjavíkurbæ hvíldu lögum samkvæmt vissar skyldur í þessum efnum og að öllum þessum skyldum sínum hefði bæjarstjórn höfuðstaðarins brugðizt. Það var þetta, sem hv. þm. sagðist mundi afsanna við 3. umr. Það gerði hv. þm. ekki, heldur þvert á móti staðfesti hann í ræðu sinni allt það, sem ég hafði um þetta sagt við 2. umr. málsins. Þau gögn, sem hann vitnaði í, staðfesta algerlega frásagnir mínar um málið við 2. umr.

Staðreyndir þess eru ofur einfaldar. Það eru í gildi lög frá 1949, og samkv. þeim er gert ráð fyrir þrenns konar sjúkrahúsdeildum eða hælum, sem drykkjusjúkir menn skuli vistaðir á. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir hæli fyrir þá sjúklinga, sem talið er að eigi sér batavon. Það hæli á ríkissjóður að reisa lögum samkvæmt. Svo er gert ráð fyrir sjúkrahúsdeildum fyrir þá drykkjusjúklinga, sem teknir eru úr umferð af lögreglunni. Það var eitt merkasta nýmæli þessara laga, að með slíka menn skyldi farið á sjúkrahús, en ekki á lögreglustöð. Þessum sjúkrahúsdeildum áttu að koma upp í sameiningu bær og ríki, en forustan að vera í höndum sveitarfélaganna, og var þá fyrst og fremst hugsað til Reykjavíkurbæjar. Í þriðja lagi var gert ráð fyrir drykkjumannahælum fyrir „króniska“ drykkjusjúklinga, — fyrir menn, sem þyrftu að dvelja langdvölum á slíku hæli og ættu sér litla batavon. Þessi hæli átti að reisa af bæjarfélögum og ríki sameiginlega og forustan enn fremur að vera í höndum bæjarfélaganna.

Af þessum þremur tegundum hæla hefur aðeins einu verið komið á fót, þ. e. a. s. drykkjumannahæli fyrir drykkjusjúklinga, sem eiga sér batavon, en það var slíkt hæli, sem ríkið átti að koma á fót. Hinar tvær tegundir hælanna, hæli

fyrir „króniska“ sjúklinga og sjúkrahúsdeildir fyrir þá, sem teknir eru úr umferð, hafa ekki séð dagsins ljós enn í dag. M. ö. o., þar sem forustan átti að vera í höndum bæjarstjórna og þó aðallega Reykjavíkurbæjar, þar sem þetta mein er mest áberandi, hefur ekkert verið gert. Það var á þessa staðreynd, sem ég benti við 2. umr. málsins, og þau gögn, sem hv. 5. þm. Reykv. las nokkuð upp úr, staðfesta fullkomlega, að ég fór með rétt mál, enda ekki við öðru að búast; staðreyndirnar tala hér gleggstu máli. Sjúkrahúsdeild fyrir þá, sem teknir væru úr umferð, mundi væntanlega sjást, einhver hefði væntanlega í hana komið, ef hún væri til, og einhvers staðar ætti að sjást á landinu hæli fyrir „króniska“ drykkjusjúklinga, ef það væri til. En hvorugt er til.

Ég hafði sagt, að ástæðan fyrir þessu gæti ekki verið önnur en áhugaleysi forráðamanna Reykjavíkurbæjar í þessum málum. Á þeim hefði hvílt lagaskylda að hafa framkvæmdir með höndum. Þeirri lagaskyldu hefðu þeir brugðizt. Nú segir hv. þm., að höfuðástæðan fyrir því, að Reykjavíkurbær hafi ekki hafizt handa á þessu sviði, hafi verið og sé sú, að uppi hafi verið meðal sérfróðra manna mikill ágreiningur um framkvæmdir á þessu sviði. Sumir hafi viljað, og það væri stefna gildandi laga, hafa þessi hæli í tengslum við geðveikrahælið á Kleppi, en aðrir sérfróðir menn teldu skaðlegt að hafa slík hæli í sambandi við geðveikrahæli. Ég skal taka fram, að ég vil ekki blanda mér í þessar sérfræðilegu deilur, eins og hann sagðist ekki heldur vilja, það er auðvitað ekki á færi okkar leikmanna á þessu sviði að kveða upp um það nokkurn dóm, hvorir sérfræðinganna hafi rétt fyrir sér, þeir, sem réðu stefnu gildandi laga, eða hinir, sem telja þá stefnu vera skaðlega. En á það vil ég benda, að með þessari deilu er þó ekki hægt að afsaka nema það, að ekki skuli vera komið upp hæli fyrir „krónisku“ drykkjusjúklingana, því að lagaákvæðin eru einvörðungu um, að það skuli vera í sambandi við geðveikrahælið á Kleppi, sem og hælið, sem ríkið átti að byggja eitt fyrir hina, sem eiga sér batavon. Í l. eru engin ákvæði um, að sjúkrahúsdeildir, sem eiga að veita viðtöku þeim mönnum, sem teknir eru úr umferð, skuli vera í sambandi við geðveikrahælið á Kleppi. Laganna vegna getur slík sjúkrahúsdeild verið í sambandi við hvaða sjúkrahús sem er, enda hefði verið mjög óskynsamlegt og óeðlilegt að binda það að einhverju leyti við geðveikrahæli, því að hér er ekki til nema eitt geðveikrahæli, en l. gera ráð fyrir því, að slíkum sjúkrahúsdeildum verði ef til vill komið upp víðar en í Reykjavík. Því miður ber það við, að taka þarf menn úr umferð sökum ölvunar á öðrum stöðum en í Reykjavík. Það hefði því verið laganna vegna fullkomlega heimilt og framkvæmanlegt að koma upp slíkri sjúkrahúsdeild án nokkurra tengsla við geðveikrahælið á Kleppi og án þess, að skoðanamunur sérfræðinganna um það efni hefði þurft að vera til nokkurs trafala. Þessi afsökun er því hreinn fyrirsláttur. Bæjarstjórnin getur ekki vitnað í þessa deilu til afsökunar drætti sínum á því að hafa haft forgöngu um framkvæmd þessa þýðingarmikla máls. En það er einmitt um þetta atriði, sem frv., sem hér er til umræðu, fjallar.

Ef forráðamenn Reykjavíkurbæjar teldu það vera svo stórskaðlegt, að slíkri sjúkrahúsdeild fyrir þá, sem teknir eru úr umferð, yrði komið upp að einhverju leyti í sambandi við hælið á Kleppi, ef það væri skilyrði af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar fyrir styrkveitingu til þessa, sem alls ekki mun vera, þá hefði verið eðlilegt, að fram hefði komið brtt., sem bannaði að koma upp slíkri sjúkrahúsdeild í sambandi við geðveikrahælið á Kleppi. Það hefur ekki verið gert, heldur er þetta frv. um það eitt að koma kostnaðinum af þessari sjúkrahúsdeild yfir á ríkið eitt. M. ö. o., frv. fjallar um það eitt að losa bæjarsjóð Reykjavíkur við það að greiða sjálfsagðan og eðlilegan hluta af kostnaðinum við að bæta úr því gífurlega böli, sem hér er á ferðinni. Þeir menn, sem hér eru því miður daglega teknir úr umferð sökum ölvunar og hafna á lögreglustöðinni í Reykjavík, en eiga samkv. þessum l. að fá samastað á einhverju sjúkrahúsi, eiga rétt á því, að bæjarsjóðurinn taki einhvern þátt í þeim kostnaði, sem nauðsynlegur er til þess að bæta hlut þeirra. En stefna frv. gengur þó aðeins í þá átt að losa bæjarsjóðinn við að taka nokkurn þátt í þessum kostnaði.

Ég fyrir mitt leyti er því nú fylgjandi, að ríkissjóður geri þetta einn, af því að ég hef vantrú á því, að nokkuð muni verða úr framkvæmdum, ef það þarf að treysta á fjárframlög úr bæjarsjóði Reykjavíkur til þess, að þetta mál verði leyst.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið skoðun sérfræðinga, sem Reykjavíkurbær hefði leitað til 1952, að heppileg lausn á hælismálum áfengissjúklinga fengist ekki á grundvelli gildandi laga. Um álit þessara sérfræðinga ræði ég auðvitað ekki, um það erum við leikmenn ódómbærir. Ég get aðeins bent á, að Alþingi hefur sagt sitt orð um þetta og ákveðin lagafyrirmæli eru í gildi um, hvernig með þessi mál skuli fara. Þau lög voru auðvitað sett að ráði tiltekinna sérfræðinga. Þeim kann að hafa skjátlazt. Ég vil engan veginn láta skilja orð mín svo, að ég telji þá stefnu, sem lá til grundvallar þessum lögum, hljóta að vera rétta og alveg óumbreytanlega. Það kann vel að vera, að hinir sérfræðingarnir, sem sögðu sitt álit þrem árum seinna, hafi réttara fyrir sér, en framkvæmdavaldið getur auðvitað ekki annað en staðið á grundvelli gildandi laga, meðan þau eru í gildi, og mér hefur skilizt, að heilbrigðisstjórnin, undir forustu hæstv. heilbrmrh., telji enn, að grundvöllur þessara laga sé skynsamlegur og réttur. Ef svo væri ekki, hlyti hann að hafa forgöngu um að fá þessum lögum breytt. En er bæjarstjórn Rvíkur, sem lögum samkvæmt á að vera aðili að framkvæmd þessa máls, hefur talið grundvöll þessara laga og þá fyrst og fremst tengslin við geðveikrahælið á Kleppi hafa verið rangan og óeðlilegan, þá hefur henni auðvitað borið skylda til þess að hafa forgöngu um það, að l. sé breytt.

Hv. þm. upplýsir, að sérfræðingar Reykjavíkurbæjar hafi 1952, eða fyrir þremur árum, sagt það sem skoðun sína, að þessum lögum ætti að breyta. Ef það var einnig skoðun bæjarstjórnar Rvíkur eða meiri hl. bæjarstjórnar, þá bar henni

skylda til þess að koma brtt. um það efni á framfæri hér á hv. Alþingi. Borgarstjóri Rvíkur situr hér á Alþingi, og einn af forvígismönnum bæjarstjórnarmeirihlutans, hv. 5. þm. Reykv., situr einnig hér á Alþingi, svo að því fer víðs fjarri, að bæjarstjórnarmeirihlutinn í Rvík hafi ekki duglega forsvarsmenn hér á hinu háa Alþingi. Ef áhugi hefði verið hjá bæjarstjórnarmeirihlutanum og þessum mönnum, ef sannfæring hefði verið fyrir því, að grundvöllur gildandi laga væri rangur, og áhugi fyrir því að breyta þessum grundvelli, þá hefðu þeir sannarlega ekki átt að láta bíða í þrjú ár að koma þessum hugmyndum um breytingar á framfæri. Það gerist ekki heldur núna. Það eina, sem þessir menn virðast hafa áhuga á, er að losa bæjarsjóðinn við útgjöld. Það eina, sem frá þeim hefur sézt í þessu máli, og það eina, sem þeir fást til að styðja, er að losa bæjarsjóð við lagaskyldur til útgjalda og koma þeim yfir á ríkið. Það er því allt saman fyrirsláttur og fyrirsláttur einn, þegar vísað er í það, að ástæðan til athafnaleysis bæjarstjórnarmeirihlutans í þessum málum sé ágreiningur sérfræðinga, sem hvorugur okkar vill leggja nokkurn dóm á. Svo sanngjarnir menn erum við báðir, að við blöndum okkur ekki inn í deilur sérfræðinga á þessu sviði, en ég segi aðeins: Ef áhuginn hefði verið fyrir hendi, hefðu brtt. átt að koma fram um nýja skipun málanna, til þess að eitthvað hefði getað orðið úr framkvæmdum, en þær till. hafa ekki sézt og sjást ekki enn.

Hv. þm. nefndi eina framkvæmd Reykjavíkurbæjar á þessu sviði, þ. e. áfengisvarnastöðina, sem Reykjavíkurbær hefur komið upp og er mjög gagnleg og nauðsynleg stofnun og Reykjavíkurbær á vissulega þakkir fyrir að hafa komið upp. Það er sjálfsagt að láta hann njóta sannmælis í því, sem hann þó gerir vel á þessu sviði, en áfengisvarnastöðin er þarft fyrirtæki og hefur án efa komið, ekki tugum, heldur hundruðum sjúklinga á þessu sviði að hinu mesta gagni. Ég leyfi mér þó að staðhæfa, að á það hafi mikið skort, að Reykjavíkurbær hafi búið áfengisvarnastöðinni eins góð skilyrði og sú góða stofnun á skilið. Mér hefur skilizt, að forvígismenn áfengisvarnastöðvarinnar hafi sótt það mjög fast til bæjaryfirvaldanna að fá umráð yfir nokkrum sjúkrarúmum í bænum og haldið því fram nú um alllangt skeið, meira en ársskeið, að stöðin yrði í raun og veru gerð alveg óstarfhæf, ef hún fengi ekki aðgang að eða yfirráð yfir um það bil 10—12 sjúkrarúmum. Við þessum bænum forstöðumanna áfengisvarnastöðvarinnar hafa bæjaryfirvöldin skellt skollaeyrum. Enn hefur stöðin engan aðgang að sjúkrarúmum, svo að hún getur í raun og veru aðeins sinnt leiðbeiningarstarfi, sem að vísu er gagnlegt, en kemur engan veginn að fullum notum, ef ekki er hægt að veita þeim sjúklingum, sem þess sérstaklega þurfa, sjúkrahúsvist til þess að stuðla að bata þeirra. Líka á þessu sviði hefur sannazt, að áhugi bæjaryfirvaldanna um lausn þessara mála hefur því miður ekki verið eins mikill og skyldi.

Ég vil svo að síðustu aðeins endurtaka, að ég tel hv. 5. þm. Reykv. með skýrslu sinni í raun og veru hafa staðfest það, sem ég sagði við 2. umr. málsins, að bæjarstjórn Rvíkur hefur ekki innt af hendi þá skyldu um lausn þessara mála, sem á hana var lögð með löggjöfinni frá 1949. Að því er snertir sjúkrahúsdeildirnar fyrir þá, sem teknir eru úr umferð, er ógerningur að vísa í deiluna um það, hvort meðferð þessara mála skuli vera í tengslum við geðveikrahælið eða ekki, því að lögin segja alls ekki, að slík sjúkrahúsdeild skuli vera í sambandi við geðveikrahæli. Hér er því um að ræða hreina vanrækslu af hálfu bæjarstjórnarinnar. Um hæli fyrir „krónisku“ drykkjusjúklingana má að vísu til sanns vegar færa, að þar hafi framkvæmdir getað strandað á ágreiningi um þessi sérfræðilegu atriði, þó að ég vilji ekki trúa því, að ef raunverulegur og sannur, vakandi og lifandi áhugi hefði verið fyrir hendi hjá þeim, sem lögum samkvæmt eiga að hafa forustu í þeim málum, þ. e. a. s. bæjarstjórnarmeirihlutanum, hefði ekki tekizt að jafna þann ágreining eða þá að fá l. breytt, þar sem þeir menn, sem á oddinum eru í sérfræðingahópnum báðum megin, eru ekki líklegir til þess að vilja láta ágreining sín á milli verða til þess að tefja framgang slíks nauðsynjamáls árum saman, en hitt líklegra, að málið hafi strandað á áhugaleysi forvígismanna bæjaryfirvaldanna.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að biðja hv. þdm. velvirðingar á því að eyða dýrmætum tíma þeirra í það að standa í svona málþófi við hv. 1. landsk. Það er líkara því sem hér séu menn að hlusta á skólapilta á málfundi tala. En hann er þó kunnur að því að hafa þá hæfileika til að bera, að það hlýtur að verða að rekja slíkan málflutning til þeirra orsaka, að hv. þm. hafi heldur umfangslitla þekkingu á því máli, sem hann er að tala um, og það skín raunar svo í gegnum allan hans málflutning, að þeir, sem á hann hlusta, komast ekki hjá því að taka eftir því. Hann telur, að mín skýrsla eða ræða hafi sannað, að bæjarstjórnin hafi brugðizt öllum skyldum sínum í þessu máli, og rétt þegar hann er búinn að sleppa því orðinu, þá er hann að tala um áfengisvarnastöð, sem bæjarstjórnin reki. Nú, eitthvað skilst mér, að það sé þó að reka áfengisvarnastöð, en bæjarstjórnin á að hafa brugðizt öllum skyldum sínum. Hv. þm. segir: Sjúkrahúsdeildin fyrir sjúklinga til bráðabirgða átti ekki að vera á Kleppi, og þess vegna hefur það ekki getað strandað á neinum ágreiningi við heilbrigðisstjórnina, hvar átti að setja þá sjúkradeild, sem við erum hér um að ræða, fyrir drykkjusjúklinga til bráðabirgða. — En bæjarstjórnin hafði hug á því og vildi byggja þessa sjúkrahúsdeild við ríkisspítalana, annaðhvort Klepp eða landsspítalann. Vitaskuld gat bæjarstjórnin ekki, eins og ég hef sagt áður, farið upp á landsspítalalóð, þar sem hún vildi byggja, og byrjað að byggja nema með samþykki heilbrigðisstjórnarinnar, og hún gat ekki heldur farið inn á Klepp og byrjað að byggja við spítalann á Kleppi nema með samþykki heilbrigðisstjórnarinnar, en ágreiningurinn þarna á milli varð til þess að þetta strandaði. Sérfræðingar bæjarstjórnarinnar í læknisfræð-

um, sakadómari og lögreglustjóri lögðu til, að þessi deild yrði byggð við landsspítalann, og bæjarstjórn Rvíkur óskaði eftir því. Um það varð ekki samkomulag við heilbrigðisstjórnina.

Ég vitnaði í álit sérfræðinga frá 1952 í þessum málum, og hv. þm. segir: Ja, fulltrúar bæjarstjórnarinnar hér á þingi hefðu átt að koma með breyt. á lögum á grundvelli þessa álits. — En hvað hafa fulltrúar bæjarstjórnarinnar gert? Borgarstjóri bar fram á þingi 1952 og 1953 frv., sem þá var samþ. og leiddi til þess, að ríkisvaldið eitt skyldi hafa með höndum byggingu drykkjumannahælis fyrir þá, sem þyrftu að vera þar til langdvalar. Þá voru fyrir hendi 3 millj. kr. af hagnaði áfengisverzlunarinnar í gæzluvistarsjóði, og hvað var eðlilegra en að þessi sjóður yrði notaður til hagnýtra framkvæmda vegna drykkjusjúklinganna? Borgarstjóri lagði til, að þetta yrði gert, og með því gat ríkið farið sínar götur og fékk eigin skyldur og þurfti ekki við aðra að kljást í þessu efni. Þessa lagabreytingu bar borgarstjóri fram, og hún hefur verið samþ. Með þeirri lagabreytingu, sem hér er lögð til, færist öll skyldan yfir á ríkið, og það getur farið sínar götur varðandi sjúkrahúsdeildir fyrir þá sjúklinga, sem aðeins eiga að vera til skamms tíma á sjúkrahúsum, en bæjarstjórnin hefur líka fyrir sitt leyti, án þess að standa á grundvelli löggjafarinnar, farið sínar götur í samræmi við það sérfræðingaálit, sem hún fékk 1952. Hún kom upp á grundvelli þess álits þeirri áfengisvarnastöð, sem nú hefur verið rekin hér undanfarin ár í Reykjavík og gert áreiðanlega mörgum mikið gagn og minnkað böl margra, sem áður voru þjáðir af áfengisbölinu. Og það er rangt hjá hv. þm., að bæjarstjórnin hafi ekkert gert í því að útvega þessari áfengisvarnastöð sjúkrarúm, en önnur till. sérfræðinganefndarinnar var það, að séð yrði fyrir sjúkrarúmum handa þeim drykkjusjúklingum, sem sjúkrahúsmeðferðar þarfnast. M. ö. o., bæjaryfirvöldin hafa álitið, að það væri æskilegri leið að koma sjúklingunum fyrir á hinum ýmsu spítölum borgarinnar en að byggja sérstaka sjúkradeild, og bæjarstjórnin hefur fyrir sitt leyti látið í té sjúkrarúm á þeim sjúkrahúsum, sem hún hefur yfir að ráða, bæði á farsóttahúsinu og Hvítabandinu, og borgað kostnað af sjúkrarúmum, sem á öðrum spítölum hafa verið fengin handa þessum drykkjusjúklingum.

Allt það, sem hv. þm. sagði í þessu efni, byggist þess vegna á vanþekkingu og fær ekki staðizt.

Eftir að sérfræðingar þeir, sem Reykjavíkurbær kvaddi til á sínum tíma, töldu 1952, að heppileg lausn fengist ekki innan ramma gildandi laga, hafa fyrirsvarsmenn bæjarstjórnar Reykjavíkur bæði beitt sér fyrir því að breyta gildandi lögum í þessu efni og skapað annan vettvang utan ramma gildandi laga, sem ég hef gert grein fyrir áður og sýnt fram á, hver er. Þrátt fyrir þetta stendur hv. 1. landsk. upp og segir: Bæjarstjórnin hefur brugðizt öllum sínum skyldum, bæjarstjórnin hefur ekkert gert. — En þegar því orðinu er sleppt, fer hann að tala um aðgerðir bæjarstjórnar í því efni. Hitt er svo annað mál, að bæjarstjórnin hefði viljað geta gert miklu meira, en það hefur, eins og ég sagði, fram að þessu strandað á ágreiningi milli heilbrigðisstjórnarinnar og bæjaryfirvalda, og fyrir þeim ágreiningi hef ég fært skýr rök.

Það, sem virðist vera mest áberandi í þessu máli í sambandi við málflutning hv. 1. landsk., er það, að enda þótt honum sé sýnt fram á rökin, sannanirnar fyrir því, að það, sem hann er að fara með, sé rangt, þá þurfi hann samt sem áður, eins og sumir eru haldnir af, alltaf að hafa síðasta orðið, og geri ég þess vegna ráð fyrir því, að honum sé orðið brátt að tala enn þá einu sinni í þessu máli og sennilega til að halda sömu firrunni fram og áður.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég skal hugga hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) með því, að ég skal ekki hirta hann verulega, enda eru allar málsástæður orðnar svo ljósar hv. þm., að þess gerist ekki þörf. Hv. þm. ætti sig talsvert í síðustu ræðu sinni. Ég afsaka það við hann. Ég tel það aðeins sönnun þess, að málstaðurinn er ekki góður. Það hafa margir þann sið að tala þeim mun hærra og með þeim mun meira blæstri sem málstaðurinn er verri, og það hefur hent þennan hv. þm. núna.

Ég hef sjálfur enga þörf fyrir slíkt í þessum umr., eins og málstaðurinn er. Ég vildi aðeins leiðrétta eitt, sem hann sagði. Hann andmælti þeirri staðhæfingu minni, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði brugðizt þeim skyldum, sem gildandi lög legðu á sveitarfélögin. Hann vildi afsanna þá staðhæfingu mína með því að segja, að bæjarstjórnin hefði þó komið upp áfengisvarnastöðinni, sem ég hefði farið lofsamlegum orðum um, og taldi, að í þessu fælist mótsögn hjá mér. Mér finnst þessi orð hv. þm. bera þess vott, að hann eigi ekki gott með að segja, að aðrir tali af vanþekkingu um þessi efni, því að hann ætti að vita, ef hann hefur þekkingu á því, sem hann er að tala um, að í gildandi lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra eru engin ákvæði um stofnanir eins og áfengisvarnastöðvarnar. Gildandi lög leggja enga skyldu á herðar Reykjavíkurbæ né nokkurs annars sveitarfélags að koma upp leiðbeiningarstofnun eins og áfengisvarnastöðinni. Þau leggja hins vegar þá skyldu á Reykjavíkurbæ og önnur sveitarfélög að koma upp sjúkrahúsdeildum fyrir þá menn, sem teknir eru úr umferð sökum ölvunar, og hælum fyrir „króniska“ drykkjusjúklinga. Það er þetta tvennt, sem bæjarstjórnin hefur ekki gert. Það er þess vegna, sem ég hef sagt, að hún hafi brugðizt þeim skyldum, sem á hana voru lagðar lögum samkvæmt.

Hitt er svo rétt, að hún hefur gert annað, sem lög skylduðu hana ekki til, sem sagt að koma upp áfengisvarnastöðinni. Hún hefur þó ekki búið eins vel að henni og skyldi, og það játaði hv. þm. líka, að áfengisvarnastöðinni væri ekki séð fyrir neinu tryggu sjúkrahúsrúmi í bænum fyrir þá sjúklinga, sem hún fær til meðferðar.

Þá sagði hv. þm. enn, að forvígismenn Reykjavíkurbæjar hefðu beitt sér fyrir lagabreytingum í þessu efni. Ég skírskota aðeins til hv. þm., sem hér hafa setið á undanförnum þingum, varðandi það, hvaða lagafrv. menn hafa séð frá forvígismönnum Reykjavíkurbæjar til breytingar á gildandi lögum um meðferð ölvaðra manna og

drykkjusjúkra. Allir, sem hér hafa setið síðan 1949, vita, að frá þeim hafa engin frv. sézt til breytingar á þessum lögum nema þau, sem haft hafa þann eina tilgang að létta útgjöldum af Reykjavíkurbæ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

## 67. Bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Á 65. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað** [178. mál] (þmfrv., A. 503).

Á 66. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég þarf ekki að flytja nema örstutta framsöguræðu fyrir þessu frv., sem hér er til umr. og prentað er á þskj. 503, vegna þess að þau rök, sem hníga að þeim óskum, sem hér eru fram bornar, eru prentuð með grg. frv., og hef ég í raun og veru engu málefnalegu þar við að bæta. Mér þykir þó réttara aðeins að geta um það, að það hefur verið venja löggjafans á undanförnum árum, þegar einstakir hreppar hafa tekið örum vexti og fram hafa komið óskir íbúanna um það, að þeir yrðu skildir frá því sýslufélagi, sem þeir hafa tilheyrt, og gerðir að sérstöku lögsagnarumdæmi, að verða við þeim óskum.

Ég hygg, að það sé nærri, ef ekki alveg einsdæmi hér í okkar þjóðfélagi, að nokkur hreppur hafi tekið jafnörum vexti og Kópavogshreppur, og er það öllum hv. þm. áreiðanlega kunnugt. Það hefur um nokkurt skeið að undanförnu verið á döfinni, hvort ekki bæri að hlutast til um að taka eðlilegum afleiðingum af þessum öra vexti, og þar kom, að þrír stjórnmálaflokkar eða félög þriggja stjórnmálaflokka í þessum hreppi, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., báru fram mjög eindregnar óskir um, að þessi skipulagsbreyting mætti ná fram að ganga. Hreppsnefndin hefur hins vegar að meiri hluta til ekki fengizt til þess að ljá þessu samþykki, en hana skipa að meiri hluta flokksbræður þrír, sem tilheyra Sósfl. eða kommúnistaflokknum og hafa haft völd þarna í þessum hreppi um alllangt skeið.

Nú er það ekki tilgangur minn við þessar umræður að deila neitt á þann mann eða þá menn, sem þarna hafa farið með völdin. Ég vek aðeins athygli á því, að það er til mikils mælzt af þeim við þá aðstöðu, sem þeir hafa, að geta haft fullkomna stjórn á þeim vandasömu málum, sem þeir hafa fengið til meðferðar og æ hafa orðið örðugri viðfangs vegna vaxandi fólksfjölda. Það er til mikils mælzt, segi ég, af þessum mönnum, að þeir geti haft á því full tök, og ég hygg, að það sé þá einnig þannig komið, að meiri hluta af hreppsbúum sé það ljóst, að ef vel á að fara, verði að komast á sú breyting, sem hér er farið fram á með þessu frv.

Þetta mál hefur verið borið undir sýslunefndina í Kjósarsýslu, eins og eðlilegt er, og hún lét í ljós það álit, að ef ekki lægju fyrir meðmæli hreppsnefndarinnar, þá yrði að liggja fyrir viljayfirlýsing frá meiri hluta atkvæðisbærra íbúa í Kópavogshreppi. Þessa meirihlutaálits hefur nú verið leitað með undirskriftaskjölum, og ef ég man rétt, hafa 760 menn, búsettir í hreppnum, 21 árs og eldri, lýst yfir þessum vilja sínum. Ég hygg einnig rétt, að það hafi verið á kjörskrá í febr. 1954, við þær kosningar, sem þá fóru fram til sveitarstjórnar í Kópavogshreppi, 1144 menn, og mættu þess vegna vera nú á kjörskrá allmiklu fleiri, til þess að auðið yrði að vefengja, að hér lægi fyrir viljayfirlýsing meiri hluta kjósenda. Það mættu vera á kjörskrá 1519 menn í staðinn fyrir 1144, eða nærri 400 mönnum fleirá en var í febrúar 1954, og þó hægt að staðhæfa með réttu, að fyrir lægi yfirlýsing frá meiri hluta kjósenda í hreppnum. Auk þess er svo rétt, að menn athugi, að jafnvel þó að í hreppnum væru, við skulum segja, 1600 menn, svo að ég taki einhverja tölu, ekki 1520 og ekki 1144, eins og voru í febrúar 1944, heldur t. d. 1600 menn, þá væri þó óhætt að álykta, að hér væri um meiri hluta að ræða, nokkurn veginn örugglega. Ég hygg, að það sé ákaflega fátítt, að við leynilegar kosningar komi fram meira en 90% af atkvæðisbærum mönnum. Ekki er þó ástæða til að halda, að fleiri segi sinn vilja, þegar viljayfirlýsing er birt í skriflegum plöggum í staðinn fyrir að menn gangi að kjörborði. En þó að íbúar væru 1600 og 90% hefðu greitt atkv., þá er það ekki nema 1400 menn, og þyrftu áskorendur þess vegna ekki að vera nema 721, til þess að þar væri fram kominn vilji meiri hluta. En hér er fram kominn vilji 760 manna. Ég hygg þess vegna, að viljinn sé augljós. Ég hygg í öðru lagi, að með þessu sé fullnægt, svo að ekki verði vefengt, þeim skilyrðum, sem sýslunefndin í Kjósarsýslu telur eðlilegt að fullnægt verði. Og ég leiði í þriðja lagi athygli að því, að sá hreppsnefndarmeirihluti, sem fer með völdin, er einlitur flokksmeirihluti, og það er kannske öllum vorkunn, að þeir telji málunum bezt komið í eigin höndum og hafi þess vegna ekki áhuga á breytingum.

Ég á ekki von á því, að Alþ. leggist á móti þessum eindregna vilja mikils meiri hluta kjósendanna, og vil að svo komnu máli ekki einu sinni gera ráð fyrir því, að sá maður, sem hefur farið með oddvitastörfin í þessum hreppi og á sæti í hv. Ed., muni telja sér stætt á því að berjast gegn slíku frv., úr því að það á annað borð er borið fram.

Ég ætla mér ekki að hafa í frammi neina gagnrýni á hans störfum í þessu sveitarfélagi. Mér er ekki nægilega kunnugt um það og hef ekki gert neina tilraun til þess að setja mig inn í það og álít ekki heldur, að það sé það, sem úr sker í þessu máli, heldur hitt, að í fyrsta lagi er það venja löggjafans, eins og ég sagði, þegar honum berast slíkar óskir frá svo stóru hreppsfélagi, að verða við þeim, og í öðru lagi liggur fyrir sá skýri vilji kjósenda í þessum hreppi, sem ætti að nægja til þess að sannfæra Alþ. um, hvers þeir óska, sem þarna búa. — Ég vildi svo

leyfa mér að mælast til, að að lokinni þessari umr. yrði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. félmn.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það mál, sem hér liggur nú fyrir um, að ákveðið verði, að Kópavogshreppur verði gerður að kaupstað, er á margan hátt, eins og það kemur hér fram á Alþ., mjög sérstætt, þegar það er borið saman við hliðstæð málefni frá öðrum kauptúnum. Það er sérstætt að því leyti til, að það er ekki hreppsnefndin í viðkomandi hreppi, sem óskar eftir þeirri breytingu, sem hér er farið fram á, heldur er sagt í grg. frv., að það sé flutt eftir beiðni þriggja stjórnmálafélaga þar í hreppnum. Ég hygg, að það sé ekki til eitt einasta fordæmi um það héðan af Alþ., að hreppsfélagi hafi verið breytt í kaupstað á þann sérstaka hátt, að stjórnmálafélög í viðkomandi hreppi hafi snúið sér til Alþ. og beðið um breytinguna, en hins vegar hafi ekki legið fyrir beiðni viðkomandi hreppsnefndar.

Þetta frv. er líka sérstætt í sinni röð að því leyti til, þar sem nú er kunnugt um, að það hafa verið uppi nokkrar deilur um það, hvort ætti að setja um þetta löggjöf nú strax eða ekki, að íbúarnir í hreppnum hafa ekki enn fengið tækifæri til þess að segja sitt álit um þessa breytingu á ótvíræðan hátt. Hæstv. forsrh., sem hér talaði fyrir þessu frv. að beiðni þeirra stjórnmálafélaga, sem að því standa, að þetta er flutt, sagði, að að vísu hefðu Alþ. borizt undirskriftaskjöl frá um 760 kjósendum í Kópavogshreppi, en að þær undirskriftir jafngiltu því, að meira en helmingur atkvæðisbærra manna þar í hreppi óskaði raunverulega eftir því, að þessi breyting yrði gerð. Ef svo væri, að raunverulegur meiri hluti kjósenda í hreppnum hefði snúið sér skriflega til Alþ. og beðið um, að þessi breyting yrði gerð, þá væri ekki óeðlilegt, þó að málið væri tekið hér fyrir, þó að það væri að sínu leyti ekki samkvæmt þeirri venju, sem hér hefur skapazt. En það liggur fyrir, að þessar undirskriftir eru meira en lítið vafasamar, það hefur sem sagt verið athugað af gerkunnugum mönnum, bornir saman þessir áskorunarlistar og fyrirliggjandi kjörskrár í hreppnum, og þá kemur í ljós, að af 760 nöfnum, sem þarna eru fram sett, eru hvorki meira né minna en 224, sem ekki finnast á kjörskrá í hreppnum. (Gripið fram í.) Ja, það eru nú til lög um það, svo að hæstv. ráðh. ætti að fara nokkuð nærri um það, hver semur kjörskrár og hvernig kjörskrá öðlast gildi í þessu landi. Þar að auki má svo benda á það, að á milli 50 og 60 nöfn af þeim, sem á þessum undirskriftaskjölum eru, eru nöfn manna, sem aldrei hafa verið búsettir í Kópavogshreppi. Margir unglingar eru þarna tilnefndir, sem eru innan 21 árs aldurs, og þar á meðal eitt barn, 11 ára gamalt. (Gripið fram í.) Já, blessað barnið, það er alveg undravert, hvernig einstakir menn geta leikið sér að því að fara með þau mál, sem þeim er falið að standa fyrir. Einnig má benda á það, að á þessum undirskriftalista, sem svona er tilkominn, er t. d. nafn konu, sem hefur verið erlendis í marga mánuði. Enginn maður, sem þarna þekkir til, efast um það, að þarna er nafn falsað á listann. Og svona til bragðbætis eru svo sett á þessa undirskriftalista nöfn 16 útlendinga. (PO: Hafa þeir ríkisborgararétt?) Nei, þeir hafa ekki einu sinni ríkisborgararétt, og hefði því átt að taka a. m. k. fyrir það mál, sem hér er á undan á dagskránni og fjallar um ríkisborgararétt, ef hefði mátt kannske skola einhverjum þeirra þannig inn fyrir, áður en þeir skrifuðu á þetta plagg. Nei, það verður ekki um það villzt, að það, sem hæstv. forsrh. taldi þó eitt réttlæta það, að þetta mál væri flutt á þennan sérstaka hátt hér á Alþ., þar sem hreppsnefndin í hreppnum hefur ekki óskað eftir þessari breytingu að svo komnu máli, — sú eina röksemd, sem hæstv. forsrh. sá nú þó fyrir því að flytja málið, að fyrir Alþ. lægju nú undirskriftaskjöl frá 760 íbúum í þessum hreppi, eða meiri hlutanum, er brostin líka. Það er greinilegt, að hvergi nærri helmingur af kjósendum í þessum hreppi hefur óskað eftir þessu. Ég held því, að það væri að öllu leyti sæmst fyrir hæstv. forsrh., sem hefur látið draga sig út í þetta forað, að draga frv. til baka aftur og segja, að það hafi verið flutt á upplognum forsendum. Það væri langeinlægast í þessu efni.

Það er öllum mönnum kunnugt, að í Kópavogshreppi hafa verið uppi nokkrar deilur manna á meðal um það, hvort ætti að breyta þessu stærsta hreppsfélagi landsins í kaupstað eða ekki. Það er ekkert nýtt, þegar um það er að ræða í hreppsfélögum, að það er rætt um að breyta þeim úr gömlu formi í nýtt form, gera þau að kaupstað, að þá er uppi nokkur skoðanamunur manna á milli í þeim efnum. Þetta hefur alltaf verið látið ganga þannig, að þó að einhverjir pólitískir kappar á viðkomandi stað þreyti um þetta bardaga nokkurn tíma, þá hlaupi ekki ráðh. fram á Alþ. og skerist þar í leikinn öðrum til aðstoðar, heldur er viðkomandi hreppur látinn átta sig á málinu á eðlilegum tíma og kjósendurnir þar spurðir ráða. Hreppsnefndin beygir sig síðan venjulega fyrir því, sem meiri hluti kjósenda í hreppnum óskar eftir, og síðan er það hreppsnefndin, sem snýr sér til Alþ. og biður um þá breytingu, sem hún vill að framkvæmd verði. En hér er þessi gamla venja, sem alltaf hefur verið viðhöfð, þverbrotin, og þá vitanlega hlaut að takast svona til eins og þessi undirskriftagögn þegar sýna.

Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að Kópavogshreppur sé það stór hreppur og fjölmennur, að ef hann óskaði eftir því á venjulegan hátt að fá kaupstaðarréttindi, þá mundi enginn maður á Alþ. standa þar í vegi. Það mundu allir vera því samþykkir, að þá fengi hann kaupstaðarréttindi. En þegar hins vegar málið ber að á þann hátt, sem hér er um að ræða, verður ekki komizt hjá því að rifja það lítillega upp, hvaða orsakir í raun og veru liggja til þess, að það er verið að berjast svona um á hæl og hnakka og fara út úr þessum eðlilega og venjulega farvegi, sem þessi mál hafa verið látin fara eftir.

Það hefur nú staðið nokkuð sérstaklega á um Kópavogshrepp. Hann er víst eini hreppurinn í landinu núna, sem hefur verið látinn ganga út í tvennar kosningar á um það bil einu ári. Það var ekki nóg, að þar færi fram sveitarstjórnar-

kosning, eins og lög standa til, um sama leyti og önnur hreppsfélög og kaupstaðir í landinu háðu kosningar. Það var ekki nóg. Þessir sprettharðir menn, sem að þeim stjórnmálafélögum standa, sem biðja nú um, að þetta frv. verði gert að lögum, ætluðu sér sannarlega að ná meiri hluta af þeim meiri hluta, sem áður hafði farið með völd í hreppnum, ætluðu nú að ná þar völdum. Þeir höfðu mikinn hávaða í frammi, eins og gengur í sveitarstjórnarkosningum, en þeir urðu hins vegar að sætta sig við það, að þeir töpuðu. Þeir náðu ekki meiri hlutanum. Gamli meiri hlutinn hélt velli. Þetta hefur maður nú svo sem séð í fleiri sveitarfélögum áður, að svona hefur gerzt. En af því að þessir menn, sem þarna urðu í minni hluta, þóttust eiga allmikið undir sér, þeir þóttust eiga ítök í ráðherrum og ríkisstjórn og að þeir gætu brotizt um á annan hátt en venjulegar leikreglur sögðu, þá vitanlega hlutuðust þeir til um það, að eftir alveg óvenjulegum leiðum yrðu knúðar fram kosningar aftur eftir röskan mánuð í þessum hreppi. Þær kosningar fóru líka fram. Og mennirnir, sem standa að þessu frv., börðust þarna um líka, álíka hart og fyrr, en það fór á sömu lund, þeir töpuðu enn á ný og hafa ekki sætt sig við tapið. Meiri hlutinn gamli var svo sterkur í þessum hreppi, að hann var álíka sterkur hlutfallslega og sá meiri hluti í Reykjavíkurkaupstað, sem hér fer með völd. Hann var sem sagt með sterkustu meiri hlutum í bæjarstjórn eða hreppsnefnd á landinu. En þrátt fyrir þetta hafa þeir menn, sem að þessum þremur stjórnmálafélögum standa, sem nú hafa hér raunverulega lagt fram frv. á Alþingi, sem er nú nokkuð sérstakt, enn leitað til sinna húsbænda og fara nú fram á það við ríkisstj., að hún hlutist enn til um á óvenjulegan hátt, setji nú löggjöf í skyndi um það, að hreppsfélaginu skuli breytt í bæjarfélag og knúðar fram þriðju kosningarnar á rúmlega eins árs tímabili. Þetta er það, sem allir menn, sem horft hafa á þetta, hljóta að hafa tekið eftir. Þetta eru staðreyndir, sem maður veit um, jafnvel þótt maður sé ekki gerkunnugur málefnum í þessum hreppi.

Ég ætla mér ekki á neinn hátt að blanda mér í þær umræður, hvort sá hreppsnefndarmeirihluti, sem þarna fer með stjórn, hefur staðið vel í sínum málum eða illa. Það er allt annað mál. Það er mál, sem um er deilt í hverju hreppsfélagi á landinu og hverjum kaupstað. En hitt er mjög óvenjulegt, þegar slíkar deilur eru dregnar inn í málefni hér á Alþingi fyrir utan allar venjulegar reglur og á þann hátt, sem hér er gert. Ég skil það mætavel, að það er út af fyrir sig mjög hættulegt fordæmi, ef Alþingi ætlar að fara að skipta sér af slíkum innri deilum, sem oft verða í sveitarfélögum, og hlutast á þennan hátt til um það, að þar fari fram kosningar að nýju, því að vitanlega er hægt með því að knýja fram kosningar nógu þétt og nógu oft að gera einn sveitarstjórnarmeirihluta óstarfhæfan og hálfeyðileggja viðkomandi sveitarfélög. Það vænti ég að allir þeir menn skilji, sem komið hafa nærri sveitarstjórnarmálum, að vitanlega er til mestu vandræða fyrir hvert sveitarfélag að vera knúið út í það.

Þá er næst að athuga með nokkrum orðum, hvað það er, sem knúið hefur nú þessa þrjá stjórnmálaflokka í þessum hreppi til þess að vilja fara þessa óvenjulegu leið. Jú, það er sagt, að Kópavogshreppur sé fjölmennur og stór og hann eigi því rétt á þessu, eins og ég minntist á áðan. Og það verður ekki um deilt, að ef hann raunverulega óskar eftir, þá mundi honum þetta heimilað, vegna þess að hann er svo fjölmennur. En mér er þá spurn: Er Kópavogshreppur kannske alveg nýlega orðinn svona fjölmennur, að þessi rök hafi allt í einu oltið upp á borðið núna nýlega? (**Forsrh.**: Heldur fjölgar nú þar.) Heldur fjölgar nú þar, já, en ég man ekki annað betur en að þetta hafi verið langsamlega fjölmennasta hreppsfélagið í landinu, þegar þær tvennar kosningar í hreppnum fóru fram, sem þar fóru fram fyrir rúmu ári, og hvað sögðu þá þeir menn, sem nú leggja til, að þessu hreppsfélagi verði breytt í bæjarfélag? Voru þeir þá búnir að finna þetta upp? Nei, þá minntust þeir ekki á það einu orði, hvorki í fyrri kosningunum né í síðari kosningunum, að það væri brýn þörf á því að breyta hreppsfélaginu í kaupstað. Það mátti geyma það í handraðanum, ef þeir hefðu tapað í tvennum kosningum, hvort þá mætti ekki fitja upp á þessu í þriðja skiptið til þess að reyna einu sinni enn, ef þeim mætti lánast að ná í meiri hluta.

Það er vitanlega mjög athyglisvert fyrir Alþingi í þessu efni að taka eftir því, að í kosningaátökum í þessu hreppsfélagi, sem tiltölulega nýlega hafa farið fram, hefur þetta ekki verið neitt baráttumál þar í hreppi. Þá var ekkert um þetta deilt. Enginn flokkur gerði þetta sérstaklega að sínu máli, og engin hræring meðal hreppsbúa var komin í þessa átt. En nú er hins vegar fundið upp á þessu, og í fullu samræmi við það liggur nú svo mikið á, að það má ekki með nokkru móti fara venjulegar og eðlilegar leiðir í þessu máli. Það verður að kasta frv. fram hér á Alþingi á seinustu dögum þingsins á þann hátt, sem nú er gert, og það verður í skyndi að hlaupa á milli hreppsbúa, smala þeim saman til þess að skrifa undir blöð, hirða þar nöfn manna, jafnvel þeirra, sem eru staddir erlendis, taka nöfn barna, útlendinga og allra mögulegra manna, þeirra sem aldrei hafa búið í hreppnum, og setja saman slíka lista, senda þá til Alþingis og biðja nú Alþingi um það í krafti þessa, að við fáum hér alveg óvenjulegar starfsaðferðir, og fyrirskipa að breyta þessu hreppsfélagi í bæjarstjórn og efna til kosninga.

Hitt liggur svo aftur fyrir, að meiri hl. hreppsnefndar hefur sett sig upp á móti breytingunni að svo komnu máli, og meiri hl. hreppsnefndar hefur auglýst það, að hann ætlar að efna til almennrar, leynilegrar atkvæðagreiðslu samkv. kjörskrá meðal allra kjósenda í hreppnum nú með eins stuttum fresti og frekast er unnt, þannig að á ótvíræðan hátt verði skorið úr um það við kjörborðið, hvort meiri hl. hreppsbúa óskar eftir því, að hreppnum verði nú breytt í kaupstað, eða jafnvel hvort horfið verði að öðrum ráðum í sambandi við framtíð hreppsins. Það er líka vitað mál, að í þessum hreppi hefur nokkuð verið minnzt á það, að vel kæmi til mála,

ef ætti að fara að breyta hinu gamla formi, að leita eftir samningum við Reykjavíkurkaupstað um sameiningu þessa hreppsfélags við Reykjavík, og því verður ekki neitað, að þeir eru afar margir, sem álíta, að ef á að breyta gamla forminu, þá væri miklu réttara að vinna að sameiningu hreppsins við Reykjavíkurkaupstað. Það er nefnilega þannig ástatt með þetta hreppsfélag, að það er talsvert mikið öðruvísi uppbyggt en flest önnur hreppsfélög í landinu. Það er orðið fjölmennt. Þarna búa margir menn. Hins vegar eru atvinnuvegir og önnur fjárhagsleg undirstaða í þessu hreppsfélagi á talsvert mikið annan veg en í flestum öðrum gömlum og rótgrónum hreppsfélögum í landinu. Langflestir íbúanna í þessu hreppsfélagi vinna hér í Rvík eða nálægum kaupstöðum. Þeir hafa hins vegar byggt sér hús í þessum hreppi og eiga þarna fastan samastað, þó að atvinnustofnanir þeirra séu hér. Það eru því mörg rök í sjálfu sér, sem mæla með því, að sá kaupstaður, sem nýtur starfskrafta þessara íbúa, sem jafnvel heldur hér uppi fyrirtækjum með starfskröftum þessa fólks, að sá kaupstaður, sem á óbeinan hátt fær einmitt útsvör eða gjöld af starfsemi þessara íbúa, t. d. veltuskatta af þeim fyrirtækjum, sem þessir íbúar halda hér uppi í Rvík, ætti að sínu leyti að standa undir ýmsum útgjöldum þessa hreppsfélags, sem íbúarnir þar þurfa alveg óhjákvæmilega að leggja í. Séu t. d. rök fyrir því, að Reykjavíkurkaupstaður eigi að leggja fram fé til gatnagerðar í Kleppsholti, þá eru alveg nákvæmlega sams konar rök fyrir því efnahagslega séð, að Reykjavík ætti að leggja fram fé til gatnagerðar í Kópavogshreppi. Og þannig mætti nefna mörg fleiri rök, sem hníga í þá átt, að sameining við Reykjavíkurkaupstað kæmi fyllilega til greina. Afstöðu til slíks skal ég ekki taka sem óviðkomandi maður í þeim efnum, en mér finnst hins vegar rétt, að íbúarnir í þessu hreppsfélagi geri þetta upp við sig, að þeir greiði atkvæði um þetta á venjulegan hátt með leynilegri atkvæðagreiðslu, þar sem farið er eftir kjörskrá og á lögformlegan hátt. Flokkarnir í hreppnum geta svo barizt, einn fyrir þessari niðurstöðu og annar fyrir hinni á venjulegan hátt. Þetta væri sómasamleg afgreiðsla, en hitt ekki, sem byggt er á í sambandi við flutning þessa frv., þar sem því er kastað fram þvert ofan í vilja meiri hl. hreppsnefndar, þvert ofan í áætlanir meiri hl. hreppsnefndar um þessa atkvgr. og án þess að fyrir liggi ótvíræð yfirlýsing íbúanna í hreppnum um það, að þeir raunverulega óski eftir þessu.

Það er venja, þegar rætt er um breytingu á hreppsfélagi í kaupstað, að þá er leitað eftir áliti viðkomandi sýslunefndar, þar sem hreppsfélagið er. Það hefur verið leitað eftir áliti sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu, og álit hennar er birt hér með sem fskj. I í sambandi við þetta frv. Það leynir sér ekki, að sýslunefndin mælir alls ekki með þessari breytingu. Hún tekur beinlínis fram, að hún álítur, að ekki komi til greina að samþ. þessa breytinga, nema fyrir liggi á alveg ótvíræðan hátt, að meiri hl. hreppsbúa óski eftir breytingunni. En eins og ég hef vikið hér nokkuð að, vantar þennan ótvíræða vilja hreppsbúa algerlega, því að enginn getur væntanlega haldið því fram, eftir að hann hefur athugað nokkuð þau undirskriftaskjöl, sem til Alþingis hafa borizt, að þau tryggi það, að meiri hl. í þessu hreppsfélagi óski raunverulega eftir þessari breytingu. Það vantar því hvort tveggja í þessu máli, meðmæli sýslunefndar þeirrar, sem í hlut á, og einnig meðmæli þeirrar hreppsnefndar, sem í hlut á.

Það hefur nokkuð verið að því vikið, að hreppsfélagið sé orðið svo stórt, að það sé afskaplega miklum annmörkum bundið að stjórna þar málum á eðlilegan hátt í formi hreppsfélags, en allt mundi þetta verða miklu auðveldara, ef um kaupstað væri að ræða. Við, sem höfum nokkuð haft af hvoru tveggja að segja í framkvæmd og þekkjum þetta af eigin reynd, vitum, að þetta er alger fyrirsláttur og getur ekki gilt sem rök hjá þeim, sem nokkuð þekkja til þessara mála. Það er talað um það, að oddvitastarfið í þessum hreppi sé orðið svo umfangsmikið, að einn maður geti ekki haft það í hjáverkum. Hver skyldar einn hrepp til þess að hafa sitt oddvitastarf í hjáverkum? Hver hreppur á landinu núna hefur leyfi til þess að hafa sérstakan sveitarstjóra, sem jafngildir í rauninni bæjarstjóra, ef sveitarfélagið óskar eftir því, og það bannar heldur enginn þessu hreppsfélagi frekar en öðrum að taka sér starfsmenn til ýmissa verka, sem þarf að vinna í sambandi við þessi mál. Þó að oddvitinn heiti allt í einu bæjarstjóri, breytir það engu út af fyrir sig. Sömuleiðis er það, að þó að þetta hreppsfélag sé orðið nokkuð fjölmennt og það sé sagt, að þar sé erfitt að halda uppi löggæzlu, þá er mér fyllilega ljóst, að það gerist ekki nokkur skapaður hlutur í sambandi við löggæzlu í þessu sveitarfélagi, þó að skipt verði þarna um nafnið, nema það, að ef þetta heitir kaupstaður, þá er það að vísu skyldugt til að hafa allmarga lögregluþjóna, en það bannar hreppnum heldur enginn að hafa lögregluþjón, ef hann vill leggja það á sig á annað borð.

Íbúarnir í þessu hreppsfélagi standa ekkert verr að vígi með að standa undir sínum lögreglukostnaði í sínu hreppsfélagi heldur en í bæjarfélagi, og það hefur farið svo hjá flestöllum minni bæjarfélögum úti á landi, að við reynum þar allir að halda niðri okkar lögreglukostnaði eins og tök eru á og förum ekki það langt í þeim útgjöldum, að við verðum þeirrar náðar aðnjótandi að fá örlítinn hluta af þessum kostnaði endurgreiddan úr ríkissjóði. En þar verður að hafa einn lögregluþjón á hverja 700 íbúa til þess að geta fengið örlitla endurgreiðslu úr ríkissjóði út á þennan kostnað. Ég veit það, að í mínum kaupstað og í fleirum hliðstæðum höfum við aldrei kosið að hafa svo marga lögregluþjóna, að við fengjum þessa hungurlús greidda frá ríkinu upp í þennan kostnað. Við höfum heldur sparað okkur lögregluþjónana og reynt að hafa þá við hæfi á okkar stað, og ég hygg, að það yrði niðurstaðan líka, þó að það væri búið að umskíra Kópavogshrepp og kalla hann Kópavogskaupstað. Ég á varla von á því, að íbúarnir í þeim hreppi mundu óska eftir því að hafa þar útgjöld af lögreglumálum, nema þá sem allra minnst.

Lögreglustjóri eða sýslumaður þessa hreppsfélags er alveg á næstu grösum. Hann býr í Hafnarfirði, er tiltölulega léttur upp á fótinn og

á bíl eflaust. Ég hélt, að það væri ekki ýkja erfitt fyrir menn í þessum hreppi að leita til sýslumannsins til Hafnarfjarðar. Og ólíkt er það erfiðara sums staðar annars staðar í þessari sýslu að leita til sýslumannsins en t. d. úr þessum hreppi, og miklum mun erfiðara er víða úti á landi fyrir menn í allstórum hreppum, sem eru einangraðir og hafa lélegar samgöngur við þann stað, þar sem sýslumaðurinn situr, að leita til síns yfirvalds heldur en þarna er um að ræða.

En það er nú eins og stundum áður, að það má tína fram ýmis rök og gera þau nokkuð gild, ef mikill vilji er fyrir hendi, og eins er í þessu efni. Af því að það er ofurkapp á því að reka hér í gegn á stuttum tíma frv. um það að gera Kópavogshrepp að kaupstað, þá grípa menn til þess að segja, að raunverulega geti sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sá sem situr í Hafnarfirði, ekki sinnt sínum málefnum í þessu hreppsfélagi, nema þannig að skömm sé að, og það þurfi endilega að breyta þarna um form til þess að reyna að kippa þessu í lag, og að núverandi oddviti ræki sín störf þannig, að það sé alveg nauðsynlegt að skipta þarna um form á hreppsfélaginu og kalla hann þá væntanlega bæjarstjóra á eftir, og þá muni hann verða miklu betri. Það er vitanlega hægt að seilast eftir svona rökum, en ekki eru þau ýkja sterk.

Ég vildi nú beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún kynni sér þetta mál alveg niður í kjölinn, að hún láti rannsaka það, hvort þau undirskriftaskjöl, sem Alþingi hafa borizt, með 760 nöfnum, eru frá kjósendum í þessu hreppsfélagi, sem hér er um að ræða, eða hvort þau eru jafnvel frá útlendingum, börnum og búsettum mönnum í öðrum hreppsfélögum, eins og ég hef upplýst, og ég hef verið upplýstur um það af mönnum, sem eru gerkunnugir þarna og hafa látið bera saman þessa undirskriftaskrá við kjörskrá í hreppnum. Ég tel alveg óhjákvæmilegt, að heilbr.- og félmn., sem þetta mál fær til athugunar, gerkynni sér þetta mál.

Mér er líka sagt, að kjósendur á kjörskrá í Kópavogshreppi séu nú allmikið á 14. hundrað, eða hafi verið 1351 og muni heldur geta fjölgað frá þeirri tölu, og sé það svo rétt, sem ég hef skýrt hér frá, að af þessum 760 undirskriftum séu 224 nöfn manna, sem ekki finnast á kjörskrá í hreppnum, þá er alveg augljóst mál, að þó að maður tæki hinar undirskriftirnar allar gildar, sem auðvitað er nú ákaflega vafasamt að gera, þegar svona hefur verið unnið að málunum, þá er hér ekki um meiri hl. kjósenda að ræða, heldur greinilega minni hluta. Liggi það svo fyrir, að meiri hl. hreppsnefndar hefur ekki óskað eftir breytingunni, sýslunefndin í viðkomandi sýslu hefur ekki mælt með breytingunni og meiri hl. kjósenda hefur ekki heldur látið uppi vilja sinn í málinu, þá vitanlega á ekki að koma til tals að setja þessi lög á þessu þingi. Þá á að fresta þessu máli, þangað til sú atkvgr. hefur farið fram í hreppsfélaginu, sem nú er búið að auglýsa með almennri auglýsingu og er ráðgert að fram fari 24. apríl n. k., en þar hefur verið, eins og ég sagði áður, leitazt við að efna til þeirrar atkvæðagreiðslu með eins stuttum frestum og lög frekast leyfa.

Ég skal svo að endingu aðeins segja það, að þessar athugasemdir, sem ég vildi að kæmu fram um þetta mál hér við 1. umr., til þess að viðkomandi n. gæti athugað þær, ber vitanlega ekki að skilja á neinn hátt þannig, eins og ég hef reyndar tekið fram áður, að ég mundi ekki verða fyrstur manna til þess að vera með því að samþykkja kaupstaðarréttindi til handa Kópavogshreppi, ef farið yrði í þeim efnum eftir venjulegum reglum, ef meiri hluti hreppsnefndar óskaði eftir því, ef sýslunefnd mælti með því og ef kjósendurnir í hreppnum, þeir sem eru á kjörskrá, hefðu sannanlega óskað eftir breytingunni. Það eru sem sagt allt of léleg rök í þessu máli að ætla að halda sér við það eitt, að vegna þess að íbúarnir í þessu hreppsfélagi séu orðnir svona og svona margir, eigi hreppsfélagið rétt á því að vera gert að kaupstað. Það eru mörg önnur hreppsfélög í landinu, sem líka hafa nú senn nálgazt þá tölu, að það kemur fyllilega til mála að veita þeim kaupstaðarréttindi. Það eru þó nokkur hreppsfélög önnur, sem eru að nálgast 1000 íbúa. Og á þá að fara að viðhafa þann leik líka í þeim hreppsfélögum, að allt í einu verði flutt hér á Alþ. frumvörp frá einu eða fleiri stjórnmálafélögum í viðkomandi hreppsfélögum um að breyta þeim í kaupstað, jafnvel þó að íbúarnir í kaupstaðnum hafi ekki leitað eftir því? Ég er hræddur um, að með því efni sé farið út á nokkuð hæpna braut. Og ég álít, að það eigi að varast að fara út á slíkar brautir. Jafnvel þó að tveir ráðherrar, eins og hér eiga hlut að máli, og flokksforingjar séu nú æstir upp í það af spretthörðum, pólitískum hlaupagikkjum í viðkomandi hreppi að kasta þessu fram svona illa undirbúnu, þá fyndist mér, eins og ég sagði reyndar áður, miklu sæmra t. d. af hæstv. forsrh. að kippa nú frv. til baka og biðja afsökunar á því, að hann skuli hafa farið eftir eins óvönduðum upplýsingum og hann flutti mál sitt eftir hér við framsögu málsins.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Hv. 11. landsk. endaði sína ágætu ræðu með því að segja, að það væri ekki eðlilegt, að tveir ráðherrar færu að hlaupa fram fyrir skjöldu, þó að þeir væru æstir upp í einhverja vitleysu af einhverjum áhlaupahörðum mönnum suður í Kópavogshreppi. Ég tek þessum ummælum mjög rólega. En mér verður á, líka af því að ég sé, við hliðina á hverjum hann situr núna, að beina því til hv. 11. landsk. að vera ekki að hlaupa hér fram fyrir skjöldu, þó að einhverjir æstir stjórnmálamenn suður í Kópavogshreppi sendi hann út af örkinni. Að öðru leyti get ég tekið undir það með honum, að það má náttúrlega teygja fram og aftur léleg rök og gera úr þeim mikið mál. Hans ræða sannaði, að þetta er hægt. Hann hélt hér áferðarlaglega ræðu á móti staðreyndunum. Það mælir með honum sem ræðumanni, en síður sem manni, og er ég þó ekkert að deila á hans innræti, líka af því að ég sé nú ekki alveg í gegnum hann frekar en aðra.

Hitt er svo kjarni málsins, að þessi hv. þm. lýsir því hér æ ofan í æ, að ef lægi fyrir vilji

kjósenda í hreppnum, þá beri að fara eftir honum. Hann sagði að sönnu í lok sinnar ræðu: Ef hreppsnefndin hefði mælt með þessu, ef sýslunefndin hefði mælt með þessu og ef kjósendur hefðu mælt með þessu, þá bæri að gera það. — Ég segi fyrir mitt leyti: Ég er það lengra kominn á lýðræðisbrautinni en það, að ég leyfi mér að halda mig að því, að ef kjósendur vilja þetta, þá ber að fara eftir því, án hliðsjónar af því, hvort sú hreppsnefnd, sem skipuð er einlitum valdhöfum í dag, vill þetta eða vill það ekki. Það er að sínu leyti eins og að ríkisstj. Íslands bæri að beygja sig, ef fyrir lægi ákveðinn vilji þjóðarinnar, og er hún þó ekki einlit, eins og allir vita. Ég get þess vegna í raun og veru leitt allt annað hjá mér af hans staðhæfingum í umræðunum en þessa einu, hvort fyrir liggi vilji kjósendanna, af því að ég hef hans ummæli um það, að ef þessi vilji liggi fyrir, þá sé eðlilegt, að þingið fari eftir honum.

Ég vil þó aðeins leiðrétta það, sem hann sagði, að það er náttúrlega ekki nákvæmlega frá skýrt, svo að ég orði það ekki sterkara, að sýslunefnd Kjósarsýslu hafi ekkert um þetta mál sagt og sízt nokkuð því til meðmæla. Sýslunefndin hefur nefnilega lýst yfir alveg sama vilja sínum, sömu skoðun sinni og hv. ræðumaður gerði, að ef liggi fyrir ótvíræður vilji kjósenda, þá beri að fara eftir honum. Auk þess hefur sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu látið í té sínar umsagnir, mjög skýrar og ótvíræðar, og hann ætti nú að vera manna kunnugastur þessu máli, ásamt oddvita í Kópavogshreppi, og hann leggur mjög eindregið með því, að þessi skipting fari fram, og færir fyrir því einmitt þau rök, sem ég áðan var að geta um, hversu örðugt sé að stjórna þessum fjölmenna hreppi undir þeirri skipan, sem nú ríkir. Ég hef séð, að einhver hafi verið að hæla honum mjög fyrir það — ég held í sjálfstæðisblöðunum — hversu óeigingjarn hann væri í samanburði við oddvitann í Kópavogshreppi: Annar vildi endilega losna við tekjur, sem hann hafði af þessum hreppi, en hinn halda dauðahaldi í sínar. Mér varð nú á að brosa, eins og þar stendur, því að ég hygg, að sá ágæti sýslumaður — og ég vil ekkert illt um hann segja fjarverandi — losni kannske við einhverja fyrirhöfn um leið, að sínu leyti eins og oddvitinn í Kópavogshreppi mundi losna við ærna fyrirhöfn, ef hann væri leystur frá því vandasama starfi, sem á hans herðum hvílir, og dregur það enginn í efa, að hann hefur nægum öðrum störfum að gegna, ef hann vill gefa sig að því, bæði vegna hæfileika sinna og starfsorku.

En ég kem þá aftur að því, sem hv. ræðumaður sagði að væri aðalatriðið í þessu máli. Hann staðhæfði nú, að mínar upplýsingar um það, að 760 kjósendur eða 760 kosningabærir menn hefðu lýst sínum vilja, væru fjarri því að vera óyggjandi. Um það veit ég ekki annað en það, að félmrn. hafa borizt þessi skjöl, og mér hefur verið tilkynnt, að hér væri eingöngu um kosningabæra að ræða. Ég veit ekkert um þetta blessaða barn, sem hefur afvegaleiðzt inn á þessar hálu villigötur, og eins og ég skaut fram hér, þá þykir mér líklegt, að það sé afi drengsins eða amma telpunnar, sem hv. þm. var að tala um, en um það þori ég ekkert að fullyrða.

Hv. þm. upplýsti hins vegar, að nú væru á kjörskrá 1315 menn. Ég hef ekki getað fengið um það upplýsingar fyrr, m. a. af því, að mér hefur verið tjáð, að kjörskráin hefði ekki legið fyrir. Ég hygg, að hún eigi að liggja fyrir í febrúar árlega, og til skamms tíma lá hún áreiðanlega ekki fyrir. Hitt er staðreynd, að við kosningarnar í febrúar 1954 voru 1144 menn á kjörskrá. En nú skulum við miða við, að það væru 1144 á kjörskrá og að það væru 234 nöfn af þessum 760, sem þar ættu ekki að vera. Við skulum hugsa okkur þennan möguleika. Hvað kemur út úr því? 760 að frádregnum 234 eru hvað? 526 nöfn. Segjum svo, að 90% af þeim 1144, sem á kjörskrá eru taldir, hefðu kosið við leynilegar kosningar, þá hefðu kosið 1030 menn. Helmingurinn af þeim eru 515 menn. Þó að við vildum leggja þessar tölur til grundvallar, þá hefðu 526 menn lýst skriflega vilja sínum, en 90% af þeim, sem ætla má mest að mundu kjósa, eru þó ekki nema 515. Ég á svo eftir að fá það upplýst og dettur auðvitað ekki í hug að trúa því eitt augnablik, að það séu réttar tölur, sem hv. þm. fer með í þessum efnum. Mér dettur ekki í hug eitt augnablik að trúa því, að af 760 nöfnum, sem þarna eru skráð og jafnmætir menn og þeir, er þarna eiga hlut að máli, senda félmrn. yfirlýsingu um að þeir hafi kjöraldur til að kjósa í Kópavogshreppi, hafi 234 ekki rétt til að kjósa í Kópavogshreppi í dag.

Ég held, að þessu máli megi velta nokkuð lengi fyrir sér, án þess að menn geti komizt að þeirri niðurstöðu, að leyfilegt sé að vefengja, að þessi 760 manna listi sé vilji meiri hluta kjósendanna. Ég hef ekkert meiri ástæðu til þess að byggja á þeim tölum, að í dag séu 1315 á kjörskrá, sem hefur verið haldið sem fullkomnu leyndarmáli fram á síðustu stundu, heldur en á þeim tölum, sem ég hef fengið frá mönnunum, sem beita sér fyrir þessu máli. Ég hef þvert á móti fulla ástæðu til að trúa þeim skjölum, sem fram eru komin í þessum efnum, og þeim verða þingmenn að trúa, þar til annað er upplýst. Og það er ekki nema eðlilegt, að sú n., sem um þetta fjallar, kynni sér þá hlið málsins. En þá vil ég líka, að hún taki öllum eðlilegum afleiðingum og segi, að ef fyrir liggur vilji meiri hluta kjósenda eða vilji, sem er ástæða til að ætla að sé meiri hluti kjósenda, þá skuli eftir því farið. (Gripið fram í.) Ég spyr nú þennan hv. þm., sem hefur nú Kópavog sér á hægri hönd: Er það rétt hjá mér eða er það rangt, að kjörskráin hafi ekki legið frammi fyrr en þá alveg síðustu daga? (Gripið fram í.) Já, ég ætlast ekki til, að þessi maður segi það með bundið fyrir munninn, heldur tali hann meðan ég þegi og upplýsi það. — Ja, það stendur kannske í fleirum að upplýsa, hvenær kjörskráin var lögð fram.

Ég vil svo að öðru leyti segja þessum hv. þm. það, og hann er nú búinn að vera nægilega lengi á þingi til að eiga að vita það alveg hjálparlaust, að það er náttúrlega engin goðgá, þó að þingmenn og sízt þingmaður hlutaðeigandi kjördæmis verði við óskum sinna kjósenda. Við skulum alveg viðurkenna það, ef hann vill heldur þann

hátt á hafa, að það sé ekki næg málsmeðferð, að þrjú stjórnmálafélög eða stjórnmálafélög þriggja flokka í hreppnum hafi lýst vilja sínum. Ég bendi þó á það, að að baki þeim flokkum, sem hafa lýst þessum vilja, stendur meiri hluti kjósenda frá síðustu kosningum. Má ég minna hv. þm. á það, þegar hann fer að tala á eftir, að að baki þeim flokkum, sem lýstu þessum vilja, stendur meiri hluti kjósenda í hreppnum? En í öðru lagi taka sig fram um það, segjum fyrir atbeina forustumanna þessara flokka, 760 menn að senda félmrn. áskorunarskjal þessum vilja til staðfestingar. Ég tel ekki, að maður, sem hefur átt þetta langa þingsetu, hafi ástæðu til að ráðast að einstökum þingmönnum fyrir það, að þeir gerist boðberar slíks vilja frá kjósendunum, sem biðja um, að sínum vilja sé fullnægt, inn á Alþingi, sem er fært um að fullnægja viljanum og eitt er fært um það.

Ég vil, að það liggi alveg ljóst fyrir í fyrsta lagi, að það hefur verið undir örðugan að sækja, þar sem er hreppsnefndin. Meiri hluti hreppsnefndar hefur jafnan trássazt við að kalla saman fundi þrátt fyrir áskoranir. Þessi meiri hluti tilheyrir einum flokki, og það hefur verið örðugt að koma fram sínum vilja gagnvart vilja hans. Í öðru lagi hefur sýslunefndin mælt með þessari skiptingu, að fullnægðum vissum skilyrðum. Í þriðja lagi: Þeim skilyrðum er fullnægt. Og ég vil svo bæta því við í fjórða lagi, að ég vil ekki þurfa að heyra það frá manni, nema hann vilji viðurkenna, að hann sé þá ekki á þingi í anda þess lýðræðis, sem stjórnarskrá Íslendinga gerir ráð fyrir, að það sé einhver goðgá, þó að þingmaður kjördæmis flytji inn á Alþ. vilja sinna kjósenda.

Ég skal svo enn upplýsa, að um þetta mál hafa verið haldnir nýverið tveir opinberir fundir í Kópavogi, sem allir kjósendur hafa átt aðgang að. Á öðrum fundinum, en fyrir honum beittu sér þeir menn, sem staðið hafa að því að beina beiðnunum til flutningsmanna þessa frv., var borin fram till. um skiptinguna, og hún var þar samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Af vissum aðilum í Kópavogi var þessi vilji vefengdur. Og til þess að staðfesta þá vefengingu var annar fundur haldinn í Kópavogi í gær, árciðanlega af mönnum, sem hefðu þegið að fá gagnstæða yfirlýsingu á sínum fundi. En þeir báru ekki fram neina uppástungu um það. Hvers vegna? Vegna þess að þeim var ljóst, að slík till. hefði ekki verið samþykkt. Það eru þess vegna margar bendingar og það eru líka margar sannanir fyrir því, að kjósendur í þessum hreppi vilja, að þetta frv. verði ekki aðeins flutt, heldur líka samþykkt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en það er ákaflega táknrænt, að þegar þrír umboðsmenn lýðræðisflokkanna hér bera fram frv. um að fullnægja vilja meiri hluta kjósenda í þessum hreppi, þá er það talin goðgá og sæmst að taka frv. aftur og farið um það háðulegum orðum á marga lund. Það er ákaflega eftirtektarvert og sýnir bara, hvaða hugsunarháttur liggur þar til grundvallar. Það er ekki viljinn til þess að fullnægja óskum kjósendanna, heldur til þess að tryggja það, að sá meiri hluti, sem nú er í Kópavogi, geti verið þar áfram meiri hluti. (EOl: En þora lýðræðisflokkarnir ekki að leggja þetta undir leynilega atkvgr., sem er nú fyrir mælt í stjórnarskránni og kosningalögum?) Ég held, að það sé beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins að lofa því að greiða atkv. opinberlega, og það er það búið að gera. (Gripið fram í.) Hvor er að tala, þessi angurgapi, sem aldrei getur haldið sér saman, eða ég? (Gripið fram í.) Hvor okkar er að tala? Ég get auðvitað brýnt röddina, svo að það heyrist ekki í honum, ef það er það, sem menn vilja hafa hér á þingi, en ég vona, að hann fái þá a. m. k. einhverjar lýsingar í Þjóðviljanum á morgun um það, að það hafi ekki verið hægt að halda ræðu um lýðræði á Íslandi fyrir gasprinu í honum.

Umr. frestað.

Á 67. og 68. fundi í Nd., 29. og 31. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Í grg. fyrir frv. því, er hér er til umr., segir, að það sé flutt samkvæmt beiðni flokksfélaga Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. í Kópavogshreppi. Alþingi hefur á undanförnum nokkrum árum samþykkt l. um bæjarstjórnir í einstökum kauptúnum, sem þess hafa óskað, en þetta er í fyrsta sinn, sem slíkt frv. hefur verið flutt samkvæmt beiðni pólitísku flokkanna, og er það í fyllsta máta athyglisvert, þegar málið er nánar athugað og orsakir, sem til þess liggja, að þetta frv. er flutt. Öll slík frumvörp hafa hingað til verið flutt samkvæmt einhuga ósk viðkomandi sveitarstjórna. Þá hefur jafnan einnig verið upplýst, að á bak við þá ósk stæði einhuga vilji íbúanna á staðnum. Þá hafa enn fremur alltaf fylgt slíkum frv. meðmæli sýslunefnda þeirra, sem hlut hafa átt að máli, þar sem þau kauptún, sem átt hefur að gera að kaupstöðum, ganga út úr sýslufélagi því, sem þau hafa áður verið í, á meðan þau voru kauptúnahreppur.

Við lestur grg. frv. sér maður, að ekkert af áðurnefndum skilyrðum liggur fyrir í þessu máli um Kópavogshrepp. Það, að þessum sjálfsögðu skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, ætti að vera nægjanleg ástæða fyrir því, að frv. hljóti ekki samþykki Alþ. a. m. k. fyrst um sinn.

Ég tel rétt að athuga nánar, hvernig undirbúningi hefur verið háttað og hagað í sambandi við þetta mál.

Þá kemur fyrst til: Voru kaupstaðarréttindin fyrir Kópavogshrepp dagskrármál við síðustu hreppsnefndarkosningar? Var mikið rætt og mikið skrifað um þetta mál í blöðin, bæði hér og þau blöð, sem kunna að hafa verið gefin út í þessu sveitarfélagi? Nei, ég held, að það hafi ekki verið gert. Ég held, að ekki einn einasti frambjóðandi til sveitarstjórnarkosningar í Kópavogshreppi á s. l. vetri hafi á fundum eða í blaðaskrifum minnzt einu orði á þetta atriði.

Kosningar til sveitarstjórnar í Kópavogshreppi urðu mjög sögulegar. Lögum samkvæmt skyldu kosningarnar fara fram síðasta sunnudag í jan-

úar eins og annars staðar, nema í smæstu sveitarfélögunum. Vegna deilu um merkingu á framboðslista var kosningunum frestað til 14. febr. Merking lista eftir bókstöfum var þó, eftir því sem mér er tjáð, í engu frábrugðin því, sem víða annars staðar hafði verið látið óátalið.

Þegar kosningunum var lokið og atkvæði höfðu verið talin, kom í ljós, að fyrrverandi meiri hluti í hreppnum hélt velli. Vitanlega var það mikið deilumál, hver ætti að fara með stjórn sveitarfélagsins, eins og víða vill vera. Nú voru góð ráð dýr. Við nánari athugun kom í ljós, að tvö atkvæði, greidd úti í Ameríku undir umsjón einhvers ræðismanns þar, í tilteknum bæ, höfðu ekki fylgt settum reglum um utankjörstaðaratkvæði. Þessi vanræksla var nú notuð til þess samkvæmt kröfu og kæru andstöðuflokks eða flokka meiri hlutans að kæra kosningarnar. Það var úrskurðaður sérstakur setudómari í málið, sem í nafni laga og réttar úrskurðaði kosningarnar í Kópavogshreppi ólöglegar og fyrirskipaði, að fram skyldu fara nýjar kosningar í hreppnum. Forsendur fyrir ógildingu kosninganna mun ég ekki gera frekar að umræðuefni sérstaklega, þó mun mörgum hafa fundizt, að rökin fyrir ógildingu kosninganna hafi verið alllangt sótt og orkað tvímælis.

Hinn 16. maí fóru svo síðari kosningarnar fram. Eins og að líkum lætur, voru þær kosningar og allur undirbúningur í sambandi við þær sótt af hinu mesta kappi af andstæðingum fyrrverandi og núverandi meiri hluta hreppsnefndar Kópavogshrepps. Flest mun hafa verið dregið fram í dagsljósið, sem verða mætti til fylgisauka fyrir þá flokka, sem andstæðir voru meiri hlutanum. Ekkert var sparað til að leiða kjósendur í Kópavogshreppi í allan sannleika. En eitt mál var þó, sem aldrei var minnzt á, og það var, að nauðsyn bæri til þess, að Kópavogshreppur fengi sérstök kaupstaðarréttindi.

Þetta er mjög athyglisvert í málinu. Hvernig gat staðið á því, að þeir menn, sem nú krefjast þess, að samþ. verði lög á Alþingi um kaupstaðarréttindi til handa þessu sveitarfélagi, skyldu aldrei — ekki í eitt einasta skipti — minnast á það mál í sambandi við ekki einar, heldur tvennar kosningar? Sá kosningaundirbúningur hefur aldrei staðið skemur en frá því síðast í nóvember og þar til seinni kosningunum lauk 16. maí; þennan tíma var ekki minnzt einu orði á nauðsyn þess að gera sveitarfélagið að sérstökum bæ.

Hvað hefur gerzt í Kópavogshreppi frá því í maí s. l., sem gerir slíkar breytingar nauðsynlegar að dómi þeirra þriggja flokka, sem að þessu frv. standa? Að mínum dómi hefur ekkert gerzt, svo að vitað sé, annað en það, að fyrrverandi meiri hluti hélt velli í kosningunum. Ég held, að það sé aðalatriðið. Þeim úrslitum vilja þessir flokkar ekki una. Af þeim ástæðum og þeim einum er frv. nú fram komið hér á Alþingi. Þetta frv. er ekki flutt að tilhlutan hreppsnefndarinnar, heldur er það flutt í andstöðu við meiri hlutann. Það mun alveg einsdæmi, að mál hliðstæð þessu skuli vera flutt á móti vilja viðkomandi hreppsnefndar. Frv. fylgja ekki meðmæli sýslunefndar Kjósarsýslu. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp álit sýslunefndarinnar í þessu máli, en hennar álit er þannig:

Í fyrsta lagi, að það muni veikja sýsluna mjög verulega, ef Kópavogshreppur, langfjölmennasti hreppurinn af aðeins 5 hreppum sýslunnar, yrði skilinn frá henni.

Það kemur berlega fram af þessum ummælum sýslunefndar Kjósarsýslu, að hún óttast um framtíð sýslunnar.

Í öðru lagi bendir sýslunefnd Kjósarsýslu á, að engin beiðni um kaupstaðarréttindi frá viðkomandi hreppsfélagi liggi fyrir.

Í þriðja lagi lýsir sýslunefndin því yfir, að því aðeins telji hún eðlilegt, að Kópavogshreppur fái kaupstaðarréttindi, að fram komi eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar í málinu og óumdeilanlegs meiri hluta atkvæðisbærra íbúa sveitarfélagsins.

Í grg., sem fylgir frv., láta flm. þess getið, að borizt hafi áskoranir 760 Kópavogsbúa, 21 árs og eldri, um að gera hreppinn að kaupstað. Þessar áskoranir höfðu ekki borizt Alþ., þegar frv. var lagt fram. Áskoranirnar eru svo til komnar og þeirra þannig aflað, að gengið hefur verið hús úr húsi og safnað undirskriftum undir svo hljóðandi áskorun á lista, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi skorum hér með á hið háa Alþingi að gera núverandi Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum á þingi því, er nú situr, enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir.“ — Menn taki eftir orðalaginu, að endirinn á listahausnum er þannig: „enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir.“

Nú vita það flestir, bæði í Kópavogshreppi og utan hans, að um framtíð hreppsins er um tvær leiðir að velja, sem að sjálfsögðu hefur verið töluvert rætt um manna á meðal. Það er í fyrsta lagi það, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi, að hann verði gerður að kaupstað með sérstökum kaupstaðarréttindum, eða að hreppurinn sameinist Reykjavík. Að sjálfsögðu vissu þeir, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu, að um þessi tvö atriði standa deilurnar um framtíð Kópavogshrepps. Þeir segjast vera að safna undirskriftum aftur á móti undir áskorun til Alþingis um að gera hreppinn að kaupstað með l. á þessu þingi, en til þess að geta fengið þá menn, sem eru eða kunna að hafa verið með sameiningu við Reykjavík, til þess að skrifa undir, þótt þeir hefðu engan áhuga fyrir, að Kópavogshreppur fengi kaupstaðarréttindi, heldur þveröfugt, var gripið til þess ráðs að setja til viðbótar undir áskorunina um að gera bæinn að sérstöku lögsagnarumdæmi: „enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík“. Með þessu er augsýnilega verið að misnota þá skoðanakönnun, sem átti að fara fram með undirskriftasöluninni.

Undirskriftasmölun er hæpin aðferð, ef það er ekki skýr og ótvíræð viljayfirlýsing, sem menn skrifa undir. Hér hafa menn verið látnir skrifa undir hvort tveggja í einu: kaupstaðarréttindi nú, sameiningu við Reykjavík. Það hljóta allir að sjá, sem eru ekki fyrir fram blindaðir af of-

stæki í þessu máli, að hér hafa verið viðhafðar hæpnar starfsaðferðir og beinlínis villandi.

Fram hefur verið látin fara athugun á því, hve margir af þessum 760, sem skrifa undir, séu kjósendur í hreppnum. Mér er tjáð, að við rannsókn, sem fram hefur verið látin fara, hafi komið í ljós, að um eða yfir 200 manns af undirskrifendum séu ekki kjósendur í hreppnum samkvæmt kjörskrá. Af þessum rúmum 200 er talið að 50—60 séu ekki búsettir í hreppnum. Þá er margt fleira athugavert við þessar undirskriftir, svo sem það, að nokkrir unglingar kváðu hafa skrifað undir, sem hafa ekki náð 21 árs aldri, og jafnvel allt niður í 11 ára krakka. Nafn konu einnar, sem talin er vera fjarverandi erlendis í marga mánuði, stendur á þessum lista. Mörg nöfn eru skrifuð með sömu hendi, án þess að nokkur skýring sé gefin þar á, nöfn ekki handsöluð til undirskriftar o. s. frv. Þá hafa allmargir útlendingar, sem eru ekki íslenzkir ríkisborgarar, skrifað undir áskorunina. Það væri ekki úr vegi, að nöfn slíkra manna yrðu nánar athuguð, ef ske kynni, að einhver þeirra hefði sótt nú um ríkisborgararétt. Það virðist vera ótímabært fyrir þá útlendinga, sem hér fá að dvelja um stundarsakir, án þess að hafa öðlazt nein sérstök réttindi, að vera að blanda sér í viðkvæm deilumál meðal Íslendinga.

Að öllu þessu athuguðu er það augljóst mál, að undirskriftir þær, sem nú hafa borizt Alþingi um áskorun um að samþykkja þetta frv., eru harla lítils virði og sýna á engan hátt, eins og hv. flm. vilja vera láta, óumdeilanlegan vilja meiri hluta kjósenda í Kópavogshreppi, eins og sýslunefndin vildi gera þó að skilyrði og flm. telja nú að hafi verið fullnægt. Þessu hefur ekki verið fullnægt, síður en svo.

Á fundi, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps hélt 9. marz s. l., var samþykkt að láta fram fara leynilega atkvgr. meðal kjósenda í hreppnum, þar sem yrði spurt um í fyrsta lagi, hvort þeir væru samþykkir því, að Kópavogshreppi verði veitt kaupstaðarréttindi. Í öðru lagi, hvort þeir óski eftir samningaviðræðum. Atkvæðagreiðslan á að fara fram 24. apríl n. k. Hér er um að ræða tvær sjálfstæðar spurningar, og geta kjósendur við leynilega atkvgr. sett já eða nei við hvora spurningu sem er. Hér er um fullkomlega lýðræðislega aðferð að ræða og þá einu færu leið, sem hægt er að fara til þess að fá úr því skorið, hver sé raunverulegur vilji kjósendanna í hreppnum í málinu.

Þess hefði mátt vænta, að flm. frv. hefðu frestað flutningi þess, þar til úrslit þessarar atkvgr. væru kunn, og því verður ekki trúað á þessu stigi málsins a. m. k., að hv. Alþ. afgreiði málið fyrr en að lokinni hinni leynilegu atkvgr.

Ef forsvarsmenn þessa máls eru öruggir um fylgi meiri hluta kjósenda með málinu, ætti þeim að vera kærkomið að fá þá skoðun sína staðfesta við leynilega atkvgr. meðal Kópavogsbúa og ættu því að geta beðið úrslitanna rólegir.

Ég hef nú hér að nokkru skýrt þetta mál frá ýmsum hliðum, aðdraganda þess og undirbúning. Ég hef enn fremur að nokkru rætt um þau skilyrði, sem hingað til hefur í hverju einstöku tilfelli verið álitið að þyrfti að uppfylla, þegar Alþ. hefur samþykkt l. um kaupstaðarréttindi. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi, að sveitarstjórnin óski þess; annað, að íbúarnir óski þess, a. m. k. yfirgnæfandi meiri hluti þeirra; þriðja, að sýslunefnd mæli með því. Ekkert af þessu liggur fyrir í sambandi við þetta mál. Flutningsmenn frv. minnast í grg. sinni ekki einu orði á afstöðu sveitarstjórnarinnar til málsins. Hvers vegna ekki? Í áliti sýslunefndar er það beinlínis upplýst, að málið sé ekki flutt eftir beiðni sveitarstjórnarinnar. Nú hefur sveitarstjórnin í Kópavogshreppi gert ályktun um þetta mál. Hvernig stendur á því, að flm. stinga þeirri ályktun undir stól? En úr því að flm. hafa af einhverjum lítt skiljanlegum ástæðum ekki birt neitt um afstöðu sveitarstjórnarinnar í málinu, er það sjálfsagt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, sendi það til umsagnar sveitarstjórninni, svo að alþm. gefist kostur á því að vita einnig um hennar afstöðu. Allt annað væri hin freklegasta móðgun við hreppsnefnd Kópavogshrepps og um leið móðgun og lítilsvirðing við íbúa hreppsins.

Um þá hlið málsins, hvort það sé sérstakt hagsmunamál fyrir íbúa Kópavogshrepps að öðlast kaupstaðarréttindi, má að sjálfsögðu margt segja. Í Kópavogshreppi eru nú fá og lítil atvinnutæki. Mikill meiri hluti Kópavogsbúa sækir atvinnu sína til Reykjavíkur, og það er eitt stærsta atriðið, sem ekki er hægt að ganga fram hjá, þegar um þetta mál er að ræða. Bæjarfélag án sæmilegra atvinnuskilyrða er fyrir fram dæmt til að gefast upp í baráttunni. Þetta er deginum ljósara fyrir hvern þann, sem hugsa vill hlutlaust um málið. Nú þegar hefur Kópavogshreppur margt sameiginlegt með Reykjavík, svo sem síma, rafmagn, vatn, póst o. fl. Kópavogshreppur er að mestu vaxinn saman við Reykjavík eða réttara sagt við Fossvog, sem er hluti af Reykjavík. Eins og nú er, hafa Kópavogsbúar vinnurétt í Reykjavík, en hvað verður, ef svo illa skyldi fara, að atvinnuleysi héldi innreið sína t. d. í Reykjavík? Mundu Kópavogsbúar verða taldir fullkomlega hlutgengir á yfirfullum vinnumarkaði í Reykjavík, eftir að hreppurinn væri orðinn sjálfstætt lögsagnarumdæmi? Hafa flm. þessa frv. athugað þessa hlið málsins? Vilja flm. taka á sig ábyrgðina, ef illa fer, ef aftur skyldi koma atvinnuleysi, sem við að sjálfsögðu vonum að ekki verði? Þó er allt á huldu í slíkum málum. Í okkar þjóðfélagi er ekkert, sem heitir það að vera atvinnuöryggi. Á hvaða tíma sem er getur atvinnuleysi skollið yfir, jafnvel hér í Reykjavík. Ég er hræddur um, að verkamenn úr öðrum lögsagnarumdæmum yrðu að einhverju leyti að víkja fyrir þeim, sem ættu heima í Reykjavík, enda er reynslan ólygnust í þessu máli sem öðrum. Á atvinnuleysistímum lokar hvert bæjarfélag vinnumarkaðinum, eftir því sem hægt er, og er Reykjavík sjálfsagt þar engin undantekning. Það er ekki heldur hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að stofnun sérstaks bæjarfélags hefur mikinn fjárhagslegan kostnað í för með sér fram yfir það, sem nú er. Í slíkan kostnað væri þó ekki horfandi, ef hér væri um hagsmunamál að ræða fyrir hreppsfélagið. En engin rök hafa verið færð fram fyrir því, að svo sé, heldur hið gagnstæða. Við at-

hugun á þessu máli virðist mjög margt mæla með því, að Kópavogshreppur sameinist Reykjavík. Að sjálfsögðu yrði slík sameining að fara fram með gagnkvæmum samningum beggja aðila, Reykjavíkur og Kópavogshrepps. Slík tilraun til sameiningar á að geta farið fram án nokkurra illdeilna. Þó er þetta fyrst og fremst mál, sem íbúar Kópavogshrepps eiga sjálfir að gera upp sín á milli. Það er þeirra að ákveða um það, hvor leiðin verður farin; það er þeirra að ákveða um framtíð sveitarfélags síns.

24. apríl gefst svo þeim við leynilega atkvgr. að segja álit sitt um það, hvort þeir óska frekar bæjarréttinda fyrir Kópavogshrepp eða sameiningar við Reykjavík. Ég vona, að hv. alþm. verði mér sammála um að afgreiða ekki frv. þetta fyrr en að lokinni atkvgr. í hreppnum, svo að fyrir liggi vilji kjósenda í Kópavogshreppi um þetta mál.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort honum finnist það vera gerlegt að ræða mál eins og þetta að fjarverandi öllum flm. þess. Ég hafði ætlað mér að taka þátt í umr. um þetta mál, en kann ekki við að beina máli minu til fjarstaddra manna, þ. e. hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. og einnig hv. fyrrverandi ráðh., sem eru flm. málsins og þurfa vafalaust að vera viðstaddir umræðu slíks máls sem þessa.

Þar sem mér finnst málið ekki vera svo aðkallandi, að það mætti ekki fresta umræðu um það, þá teldi ég æskilegt, ef hæstv. ráðherrar og 3. flm. þess gætu ekki verið viðstaddir umræðuna, að málið væri tekið út af dagskrá, og vil mælast til þess við hæstv. forseta.

**Forseti (SB):** Af tilefni þessara orða hv. 3. landsk. vil ég upplýsa, að það er í samráði við flm., að málið er tekið fyrir nú. Forseti hefur að sjálfsögðu ekki vald til þess að knýja hvorki hv. þm. né hæstv. ráðherra til þess að vera viðstadda.

**Einar Olgeirsson:** Mér þykir vænt um, að hæstv. forsrh. er kominn í salinn. Ég ætlaði einmitt að segja nokkur orð út af yfirlýsingu, sem hann gaf.

Ég bjóst nú satt að segja við, þegar þetta mál hófst, að það mundi verða venjulegt allharðvítugt deilumál hér hjá okkur á þingi, en þó ekki meira. Ég bjóst satt að segja ekki við, að gefin yrði í sambandi við þetta mál söguleg yfirlýsing um afstöðu Sjálfstfl. og ef til vill fleiri aðila til kosningaaðferðanna á Íslandi í framtíðinni. Í sambandi við þá undirskriftasöfnun, sem hér hefur verið lögð fyrir og hv. flm. þessa máls byrja sitt mál með, gaf hæstv. forsrh. yfirlýsingu, sem þannig hljóðar viðvíkjandi því, hvernig kjósendur eigi að láta sínar skoðanir í ljós, hann sagði: Ég held, að það sé beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins að lofa því að greiða atkv. opinberlega, og það er það búið að gera. M. ö. o.: Hæstv. forsrh. og form. Sjálfstfl. hefur í þessum umræðum gefið þá yfirlýsingu í sambandi við þá undirskriftasöfnun, sem fram hefur farið í Kópavogi, að þetta sé ekki neitt einstakt fyrirbrigði í sambandi við þetta mál einvörðungu, heldur sé þetta framtíðarskipulagið, sem Sjálfstfl. og ef til vill einhverjir fleiri með honum ætli sér að innleiða á Íslandi, því að það er vitanlegt, að hæstv. forsrh. og form. Sjálfstfl. ígrundar vel það, sem hann segir, og byggir í því á mjög rólegri yfirvegun, þannig að þegar hann hefur komizt að þessari niðurstöðu, þá er auðséð, að hér er ekki um neina augnabliksupphrópun að ræða, heldur um stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. í framtíðinni. Héðan af mun Sjálfstfl. sem sé haga sinni baráttuaðferð viðvíkjandi stjskr. og viðvíkjandi kosningalögum þannig, að hann standi með því, að það, sem gert sé með opinberum undirskriftum, sé rétthærra en leynilegar kosningar, og ekki aðeins það, heldur að bezta aðferðin og réttasti úrskurðurinn um vilja fólksins fáist með því að láta fólk undirskrifa, helzt í heimahúsum, plagg, sem lagt sé fyrir það eða jafnvel skrifað fyrir það á plaggið, og það sé miklu rétthærra en leynilegar kosningar. Og samtímis því, sem hæstv. forsrh. gefur þessa yfirlýsingu, segir hann, að hann sé að tala í anda þess lýðræðis, sem stjskr. Íslendinga gerir ráð fyrir. Stjskr. Íslendinga gerir ráð fyrir allt öðrum hlut í þessu sambandi. Stjskr. íslenzka lýðveldisins gerir ráð fyrir leynilegri atkvgr., og þessi leynilega atkvgr., sem inn í stjskr. er komin og kosningalögin, hefur verið baráttumál um langan tíma. Það eru ekki liðin nema tæp 50 ár síðan við fengum það lögleitt hér á Íslandi, að við mættum greiða leynilega atkvæði í staðinn fyrir opinberlega. En ég sé nú, að Sjálfstfl. ætlar að byrja að beita sér fyrir því og fyrsta fordæmið á að vera í sambandi við Kópavog, að leynilegar kosningar verði afnumdar á Íslandi og ekki í heiðri hafðar, heldur skuli nú fólkið tjá vilja sinn í opinberum kosningum eða með undirskriftum eins og Kópavogsundirskriftunum. Þegar Sjálfstfl. nú er að biðja um það hvað eftir annað, að hann fái meiri hluta á Alþ., að vísu með minni hl. kjósenda, þá vitum við, hvað það er, sem hann er að biðja um. Hann er að biðja um, að það verði tækifæri til þess að framkvæma þá stefnu Sjálfstfl., sem hæstv. forsrh. og form. Sjálfstfl. nú hefur lýst yfir, að fólkið fái að tjá vilja sinn með undirskriftum, með opinberum kosningum, en ekki leynilegum. Við getum hugsað okkur, hvernig það mundi verða, við skulum segja t. d., svo að við séum ekki að taka Kópavoginn, ef við færum í Vestur-Ísafjarðarsýsluna, það ættu að vera opinberar kosningar, og við skulum segja, að rétt áður sé frambjóðandi íhaldsins búinn að ganga þarna til hvers manns og segja við hann: Ja, þú færð bát, svo framarlega sem þú kýst með Sjálfstfl., og þú færð lán út á fisk, ef þú kýst með Sjálfstfl., og þú færð lóð undir hús, ef þú kýst með Sjálfstfl. Og þú færð lán til þess að byggja, segir hann við annan, ef þú kýst með Sjálfstfl. Svo koma menn á kjördeginum, og frambjóðandi Sjálfstfl. stendur inni við kjörborðið, eins og tíðkaðist hjá þeim í gamla daga, og hver maður er leiddur fram eftir annan og spurður: Ja, hérna Jón Jónsson, hvernig kýst þú? Og frammi fyrir honum stendur maðurinn, sem hefur húsið, lánið, bátinn, allt saman í sinni hendi, og hinn á að svara. Þetta er það,

sem form. Sjálfstfl. álítur að mundi vera beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins, og máske þó annar úrskurður enn þá betri eftir hans áliti, og það er að menn taki sig til, t. d. útsendarar Sjálfstfl., gangi í hvert hús um það leyti, sem eigi að fara að úthluta einhverju mikilvægu, t. d. því, sem erfiðast hefur verið að fá í Reykjavík, lóðum undir hús, og segi við hvern: Ja, skrifa þú hér upp á, og þú skalt fá lóð. — Ég veit ekki, hvort þetta hefur kannske verið reynt í Kópavoginum, en a. m. k. virðist það vera þessi regla, sem eigi að fara að innleiða nú. Það var gerð smátilraun með þetta í sambandi við löggjöfina um smáíbúðirnar og smáíbúðalánin. Og formaður sjálfstæðisfélagsins í Reykjavík og formaður framsóknarfélagsins í Reykjavík voru settir til að úthluta því rétt fyrir kosningar, þannig að við sjáum nokkurn veginn, hvað það er, sem er meiningin með þessum hlutum.

Íslenzk alþýða hefur orðið að berjast fyrir því árum og áratugum saman að fá fram leynilegar kosningar. Hún hefur orðið að berjast fyrir því, vegna þess að hún hefur átt undir högg að sækja. Yfirstétt landsins hefur á hverjum tíma haft ráð hennar mjög mikið í hendi sér, og leynilegi kosningarrétturinn var ráð alþýðunnar til þess að skýla sér gagnvart þeim ofsóknum, sem yfirstéttin ella hefði beitt. Nú virðist svo sem hjá auðmannaklíkunni hér í Reykjavík sé sú tilhneiging að koma fram aftur, að þetta séu hentugustu aðferðirnar. Og þegar sjálfur forsrh. landsins og formaður stærsta flokksins, Sjálfstfl., flokks auðmannastéttarinnar í Reykjavík, gefur þá yfirlýsingu, að það sé beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins að lofa því að greiða atkv. opinberlega, þá er auðséð, að hér er á ferðinni stefnubreyting, tilraun til þess að knýja fram alveg nýjar aðferðir hér á Íslandi. Og um leið og hæstv. forsrh. var að halda þessa ræðu, var hann svo að kvarta um, að það væri ekki hægt að fá að tala um lýðræði á Íslandi fyrir framíköllum frá mér, og var að státa af því, að ég væri af einhverju allt öðru sauðahúsi en hann, ég væri alls ekki í anda þess lýðræðis, sem stjskr. Íslendinga gerði ráð fyrir. Ég verð nú að spyrja: Hefur hæstv. forsrh. ekki kynnt sér stjórnarskrá Íslands? Veit hann ekki um ákvæðin um leynilegan kosningarrétt, sem hann hefur þó verið kosinn með undanfarin ár? Eða gefur hann þessa yfirlýsingu sem beina vísvitandi yfirlýsingu Sjálfstfl. um, að hann ætli að beita sér fyrir breytingum á þessu? (Gripið fram í.) Já, hvað kallar hæstv. forsrh. fram í? Máske er þetta ekki aðeins yfirlýsing frá Sjálfstfl. í þessu efni. Hæstv. forsrh. sagði, að þeir væru hér þrír umboðsmenn lýðræðisflokkanna. Það var nú ekkert smáræði, sem hann tók upp í sig. Hann var svo sem ekki einn. Nei, þeir voru þrír umboðsmenn lýðræðisflokkanna. Og mér virtist hann helzt vilja lýsa yfir fyrir þeirra hönd, að þeir heimtuðu allir saman afnám leynilegra kosninga á Íslandi. Og ég vil leyfa mér að spyrja, hvort hæstv. forsrh. talar í nafni þeirra meðflm. sinna og gefur þessa yfirlýsingu í þeirra nafni. Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. og til framsóknarmannanna, hvort þetta sé þeirra skerfur til undirbúnings næstu kosninga, að ætla að standa með íhaldinu í því að knýja fram opinberar kosningar héðan af og afnám leynilegra kosninga á Íslandi. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. 5. landsk. (EmJ), sem er meðflm. þarna, hvort þetta sé máske hans meining líka. Ég þykist þó vita, að því fari allfjarri, að svo sé. En þá held ég sé full þörf á fyrir flutningsmenn þessa frv. að aðgæta, hvað þeir eru að gera, og endurskoða afstöðu sína með þessu frv., og hvort það sé ekki bezt fyrir þá að hætta við að flytja þetta frv.

Nú mundu máske einhverjir vilja segja, að þessi yfirlýsing hjá hæstv. forsrh. um, að hann álíti bezt að koma á opinberum kosningum á Íslandi, hafi ekki verið eins vel yfirveguð frá hans hálfu og ég vildi vera láta. Ef til vill mundu einhverjir vilja segja, að þetta hafi nú verið hálfklaufaleg yfirlýsing hjá honum, skroppið út úr honum, e. t. v. hafi þetta búið undir niðri, en alls ekki verið ætlazt til þess, að þetta kæmi á yfirborðið. En þá vil ég segja eitt. Einmitt það frv., sem hér liggur fyrir, byggist á þessum vilja og þessari yfirlýsingu um afnám leynilegra kosninga á Íslandi. Því fer nefnilega fjarri, að það hafi þarna skotizt upp hjá hæstv. forsrh. bara einhver leynilegur draumur auðmannanna hér í Reykjavík um, hvernig kosningafyrirkomulagið eigi að vera í framtíðinni á Íslandi. Það er meira, sem býr þarna á bak við. Samþykkt þessa frv. hér á Alþ. mundi vera fyrsta skrefið í þá átt að gera opinberar kosningar rétthærri en leynilegar. Þess vegna er þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. full alvara. Það, sem þetta frv. felur í sér og öll þess grg., er það, að Alþ. eigi aðeins að taka tillit til undirskrifta, til opinberra undirskrifta, kannske falsaðra, kannske þvingaðra, en a. m. k. bara tillit til opinberra undirskrifta, en ekki til leynilegrar atkvgr. Það, sem þetta frv. felur í sér, er það, að Alþ. á að dæma eftir undirskriftum og framkvæma eins og það hefðu verið kosningar, sem fram færu, þegar undirskriftunum hefur verið safnað, en ekki að haga sér samkv. stjskr. landsins og í anda þess lýðræðis, sem stjskr. Íslendinga fyrirskipar, að kjósendur fái að láta í ljós sínar skoðanir við leynilega atkvgr., með leynilegum kosningum. Þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. og formanns Sjálfstfl. hefði maður máske getað tekið eins og hvert annað gaspur, hvert annað orð, sem skroppið hefði út að óvörum, svo framarlega sem það væri ekki mælt í þessu máli, þar sem á að þvinga Alþingi, knýja Alþ. til þess að dæma eftir opinberum kosningum, eftir opinberri atkvgr., í staðinn fyrir að láta fara fram leynilega atkvgr. Einmitt vegna þessa er þetta frv. frekja gagnvart Alþingi og brot á öllu lýðræði, öllu því lýðræði, sem stjórnarskrá Íslendinga gerir ráð fyrir. Ef þetta frv. væri staðfest, þá væri þar með beinlínis verið að gefa yfirlýsingu af Alþingis hálfu um, hvert væri verið að stefna. Það er vitanlegt, að hin löglega hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur þegar ákveðið leynilega atkvgr. 24. apríl, eftir 20 daga, um þessi áhugamál íbúa hreppsins. Leynileg atkvgr. er eftir stjskr. sú aðferð, sem menn eiga að fá að láta í ljós sínar skoðanir með. En hér koma nokkrir menn, sem kalla sig umboðsmenn lýðræðisflokkanna þriggja, og tilkynna: Vilji

fólksins kemur bezt í ljós með opinberum undirskriftum. — Og síðan ætlast þeir til, að Alþ. leggi blessun sína yfir þessa nýju aðferð, sem þeir vilja fara að innleiða við stjórn á ekki aðeins sveitarstjórnarmálefnum á Íslandi, heldur líka viðvíkjandi löggjafarstarfinu á Alþingi.

Þess vegna er þessi yfirlýsing frá hálfu hæstv. forsrh. *og form. Sjálfstfl. athyglisverð og þess* virði, að líka þeir menn, sem fram að þessu hafa kannske hugsað sér að standa með svona frv., rísi upp gegn því, að þeir sjái, að svo framarlega *sem farið væri inn á þessa braut, þá væri verið* að stíga fyrsta skrefið til þess að neita kjósendum á Íslandi um að láta sína skoðun í ljós með leynilegri atkvgr. og löggilda opinbera atkvgr. og *opinberar kosningar sem þá aðferð, sem eigi að* vera í anda hins nýja lýðræðis, sem auðmannaklíkan hér í Reykjavík vill fara að innleiða. Hins vegar skal ég vissulega viðurkenna það, að hæstv. forsrh. er ekki einn þeirra valdsmanna, sem hafa verið yfir Íslandi, um þá skoðun, að undirskriftir, opinberar undirskriftir, séu heppilegastar til þess að knýja fram vilja valdhafa gegn lýðréttindum *og gegn þjóðréttindum Íslendinga. Henrik Bjelke* var alveg á nákvæmlega sömu skoðun. Það er alls ekki í fyrsta skipti núna, sem undirskriftum hefur verið safnað í Kópavogi. Það hefur verið *safnað undirskriftum í Kópavogi áður. Og* þessi Kópavogsyfirlýsing, sem hæstv. forsrh. nú hefur gefið, er yfirlýsing á móti lýðréttindum Íslendinga, þeim lýðréttindum, sem við höfum verið *að berjast fyrir áratugum saman. Og* það er eins gott, að hv. alþingismenn geri sér ljóst, að það er ekki nóg að berjast fyrir leynilegum kosningum og fá þær í gegn, það þarf líka að sýna hug til þess að þora að halda í þær og til þess að láta ekki strika þær út, hvenær sem yfirstéttarklíkunni í landinu býður svo við að horfa. Grunnsteinn þess lýðræðis, sem við búum við nú, *eru leynilegar kosningar.* Og svo framarlega sem á nú, eins og þegar forsrh. einnar stjórnar gefur slíka yfirlýsingu og formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins, að fara að strika það burt sem grundvallaratriði stjórnarskrárinnar, þá sést, hvert við erum að fara.

Það var 1908 í fyrsta skipti, sem kosið var leynilegum kosningum hér á Íslandi. Og það hafa aldrei róttækari kosningar svo að segja farið fram hér á Íslandi. Það hefur aldrei sýnt sig betur, hvernig sú alþýða, sem áður naut sín ekki, tók í strenginn með þjóðréttindum og lýðréttindum Íslendinga, en einmitt þá.

Eftir þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. er þetta mál þess vegna miklu þýðingarmeira en það var áður. Þetta verður prófsteinn á, hvert eigi að ganga í baráttunni fyrir lýðræði á Íslandi, hvort það eigi að stíga spor aftur á bak til opinberra kosninga og opinberrar atkvgr. eða hvort við eigum að halda áfram að varðveita þann grundvöll, sem kostaði okkar forfeður langa baráttu að fá, að alþýða manna fengi að tjá sínar skoðanir með leynilegum kosningum.

Þetta vildi ég segja viðvíkjandi yfirlýsingu hæstv. forsrh. og viðvíkjandi þeirri aðferð, sem hefur átt að tryggja þessu frv. framgang hér á Alþingi.

Þá er í öðru lagi rétt að koma nokkuð inn á í sambandi við þetta mál, hvaða afstöðu hreppparnir hafa í okkar þjóðfélagi og hvaða tillit okkur hér á Alþ. ber að taka til þeirra.

Hrepparnir voru frá fornu fari eitt lýðræðislegasta skipulagið á Íslandi. Strax á þjóðveldistímanum og lengi vel fram eftir voru þeir bókstaflega vígi fyrir réttindi lýðsins og samtakaform fyrir bændurna í þeirra baráttu gegn erlendri kúgun. Og það er nauðsynlegt, að við gerum okkur ljóst, að þegar eitt ríkisvald og það ekki sízt ríkisvald eins og nú er í höndum auðmannaklíkunnar hér í Reykjavík ætlar að fara að herða að sjálfstæði hreppanna og svipta kjósendur í einum hrepp réttindum til þess að útkljá sín mál á lýðræðislegan hátt, þá er um leið verið að vega að því sjálfstæði, sem hrepparnir frá fornu fari hafa haft hér á Íslandi. Afskipti ríkisvaldsins af hreppunum í gegnum alla okkar sögu hafa verið með því móti, að ríkisvaldið sem tæki yfirstéttar hefur reynt að brjóta hreppana niður og þeirra upphaflega sjálfstæði og gera þá smám saman að tæki í höndunum á ríkisvaldinu. Frá því að tekið var að endurreisa lýðræði í sambandi við hreppana, um 1874 og þar í kring, hefur þess vegna verið mestmegnis hafður sá háttur á, líka af Alþingis hálfu, þegar ákvörðun hefur verið tekin um hreppa og hreppaskiptingu, að reyna að ráðgast við íbúa viðkomandi hrepps, reyna að ræða við þá í ró og friði um þessi mál, reyna að gefa þeim tækifæri á lýðræðislegan hátt til að láta sína skoðun í ljós og komast þannig að sem beztri og óhlutdrægastri niðurstöðu um, hvaða aðferðir séu heppilegastar til að leysa vandamál hreppanna. Og þetta hefur þá ekki verið gert í anda lýðræðis, sem hæstv. forsrh. hér var að boða um opinberar kosningar, heldur í anda þess lýðræðis, sem ákveðið er í okkar stjórnarskrá, með leynilegum kosningum. Og ég held, að það sé rétt að hafa þennan hátt á viðvíkjandi íbúum Kópavogshrepps. Ég held, að það sé rétt að gefa þeim tækifæri til þess að láta sínar skoðanir í ljós á þann hátt, sem okkar stjórnarskrá gerir ráð fyrir, með leynilegum kosningum, með leynilegri atkvgr. um, hvernig þeir vilja koma sínum málum fyrir.

Það er engum efa bundið, að það er rétt, sem þeir hafa haldið fram, sem ella eru á öndverðum meiði í þessu máli, að sjálf tilvera Kópavogshrepps er nokkurt vandamál. Í þessu frumvarpi er talað um að gera Kópavogshrepp að sjálfstæðum kaupstað, Kópavogskaupstað. Hugtakið kaupstaður í íslenzku máli byggist á því, að skapazt hafi í sambandi við heppilegar samgöngur, venjulegast við útlönd, nokkur markaðsmöguleiki og verzlunarstaður, sem síðan er gerður að kaupstað. Þannig hafa allir kaupstaðir, sem nú hafa það sem kallað er kaupstaðarréttindi á Íslandi, myndazt, hvort sem menn vilja athuga sjálfa Reykjavík, Akureyri, Ísafjörð eða aðra. Sjálfan grundvöllinn að því, sem felst í hugtakinu kaupstað, vantar raunverulega Kópavogshrepp. Þær forsendur eru ekki þarna fyrir hendi á sama hátt og þær hafa verið í flestöllum öðrum kaupstöðum og hreppum, sem gerðir hafa verið að kaupstöðum á Íslandi. Það vantar allan þann sjálfstæða atvinnu- og verzlunargrundvöll, sem allir kaupstaðir á Íslandi hafa byggzt á. Og

þetta er ákaflega alvarlegt vandamál fyrir íbúa þess hrepps. Meðan þetta hefur verið hreppur út úr gamla Seltjarnarneshreppnum, sem sjálf Reykjavík er hluti af, hefur raunverulega verið litið svo á, að hreppsbúarnir í Kópavogshreppi, eins og hreppsbúarnir í Seltjarnarneshreppnum, t. d. hér úti á nesinu, væru raunverulega allir saman hálfgerðir Reykvíkingar, að þeir ættu að hafa öll sömu réttindi og venjulegir Reykvíkingar. Þess vegna hafa ekki að neinu leyti gilt gagnvart þeim — og þeir ekki heldur gert það sjálfir — þau sérstöku réttindi og um leið þær sérstöku takmarkanir, sem fylgja því í öllum mögulegum lögum, iðnlögum og öðrum, að vera sérstakur kaupstaður.

Mennirnir, sem búa í Kópavogshreppi, það eru menn, sem hafa raunverulega flúið frá íhaldsstjórninni í Reykjavík. Þeir hafa flúið frá erfiðleikunum við að fá lóðir og byggingarleyfi í Reykjavík. Þeir hafa getað notfært sér nokkurt frelsi í Kópavogshreppi, sem þeir fengu ekki að njóta í Reykjavík. Þeir hafa getað fengið þar lóðir, og þeir hafa getað fengið að byggja þar hús. Það hafa ekki verið eins nákvæmar og harðvítugar ráðstafanir, sem þeir þurftu að fullnægja samkv. lögum viðvíkjandi sínum húsum. Íbúarnir í Kópavogshreppi hafa unnið stórvirki þarna suður frá. Allir þeir, sem þekkja Kópavogshálsinn eins og hann var þegar menn í gamla daga urðu að ganga hér á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, hljóta að dást að því, hvað íbúarnir í þeim hrepp hafa afrekað — og það mikið til eftir sinn venjulega vinnutíma — í því að ryðja burt öllum þeim klettum og öllu því stórgrýti, sem þarna var fyrir, og vera búnir að byggja þarna upp stærsta hrepp í landinu. Þeir hafa unnið afreksverk í skjóli þess, að þeir voru frjálsir af þeirri kúgun, sem beitt var af íhaldsstjórninni hér í Reykjavík, og því sleifarlagi, sem var á úthlutun lóða. En þeir hafa allir eftir sem áður orðið að hafa sinn atvinnugrundvöll, sinn lífsgrundvöll hér í Reykjavík Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að íbúar þessa hrepps þurfi mjög vel að athuga, hvaða hátt þeir vilja hafa á um framtíðarstjórn síns hrepps.

Við höfum áður haft svipuð vandamál og þessi hér fyrir Alþ. Glerárþorp og Akureyri hafa verið sameinuð nú, en það var lengi vel aðskilið, þannig að Glerárþorp var hluti af sérstöku hreppsfélagi og Akureyrarbær átti samt meira að segja allar lóðirnar þar. Það voru margs konar erfiðleikar fyrir Glerárþorpsbúa, sem stöfuðu af þessu. Þetta mál var rætt og yfirvegað af beggja hálfu vel og rækilega í ró og friði, án þess að nokkrir þrír umboðsmenn lýðveldisflokkanna kæmu hér með frv. og yfirlýsingar og annað slíkt og ætluðu að heimta allt slíkt í gegn. Og það varð fullt samkomulag á endanum um, hvernig heppilegast mundi vera fyrir framtíðina að koma þessum miklu hagsmunamálum Glerárþorpsbúa fyrir og um leið að tryggja þeirra rétt á Akureyri, og Akureyri og Glerárþorp voru sameinuð í eitt lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Það er því engum efa bundið, að spurningin um sameiningu við Reykjavík er mál, sem Kópavogsbúar áreiðanlega yfirvega sem eina af þeim leiðum, sem komi til greina fyrir þá og komi mjög raunhæft til greina við lausn á þeirra vandamáli. Eins og Reykjavík sjálf er allur Kópavogshreppurinn bara hluti af þeim gamla Seltjarnarneshreppi. Og það er e. t. v. ekkert undarlegt, þó að ýmsir þeir, sem hugsa stórt viðvíkjandi Reykjavík framtíðarinnar, álíti, að hún ætti þó a. m. k. að ná yfir allan þann gamla Seltjarnarneshrepp. Sumir hafa tekið meira upp í sig, og jafnvel er farið að leggja hluta af þeim gamla Mosfellshreppi undir Reykjavík. Hins vegar er í fyrsta lagi vonandi, að um það leyti sem farið væri að dreyma þá drauma og framkvæma þá fyrir stækkaða Reykjavík, þá þyrftum við ekki lengur að búa við þá íhaldsstjórn og þann íhaldsmeirihluta, sem við höfum haft í Reykjavík nú um nokkurt skeið og flæmt hefur burt þá menn, sem nú byggja Kópavogshreppinn að mestu leyti. Enn fremur er líka hitt alveg ljóst, að borg — og það eins stór borg og Reykjavík er að verða og mun að öllum líkindum verða — þarf með sínu skipulagi að tryggja rétt hinna einstöku borgarhluta allt öðruvísi og betur en nú er gert, eins og allar höfuðborgir líka gera. Það hefur verið gersamlega óviðunandi, hvernig búið hefur verið um þá aðila, sem hafa byggt upp úthverfi Rvíkur, það er alveg óviðunandi, að það verði þannig til frambúðar, og það er óhugsandi annað en að það verði knúið fram í þeirri stækkandi Reykjavíkurborg, að hinir einstöku borgarhlutar geti haft nokkra sjálfsstjórn um sín sérmálefni og samstarf um það, sem þýðingarmest er og hagfelldast að menn vinni algerlega saman um. A. m. k. eru mál, sem er nauðsynlegt að íhuga í þessu sambandi, ekki sízt þar sem um sjálfa höfuðborgina er að ræða.

Nú eru sumir kannske að segja, að af því að talið sé, að Kópavogshreppurinn sé svo rauður, eins og íhaldið kallar það, mundi íhaldið aldrei nokkurn tíma verða með því að sameina Kópavogshrepp Reykjavík. Þeir ættu á hættu að missa þar meiri hlutann. Margt ljótt má nú segja um íhaldið, en hitt verð ég að segja, að það er ekki svo hrætt, að það þyrði ekki að sameina þetta; þvert á móti. Sjálfur borgarstjórinn í Rvík hefur einmitt við hátíðleg tækifæri gefið þær yfirlýsingar, að Reykjavíkurborg muni í framtíðinni líka ná yfir núverandi Kópavogshrepp, og hans yfirlýsing stendur. Það er mjög leitt, að hann skuli ekki vera viðstaddur á Alþingi til þess að ræða þetta mál nú, en ég býst við því, að þetta mál verði hvort sem er látið bíða, þangað til hann kemur til baka, þannig að hann fái tækifæri til að segja sitt orð um þetta mál og standa við sínar fyrri yfirlýsingar um það, að frá hans sjónarmiði sé eðlilegt, að Kópavogshreppur sameinist Reykjavík.

Hver er þá vilji sjálfra íbúanna í Kópavogshreppi í þessum efnum? Um hann vitum við að vísu ekki enn þá, vegna þess að um þetta mál hefur enn þá ekki farið fram leynileg atkvæðagreiðsla, en það virðist svo sem renna megi nokkurn grun í, hvernig a. m. k. þeir, sem undirskriftunum hafa safnað, hafa haldið að vilji íbúanna í Kópavogshreppi væri. Haus undirskriftaskjalanna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi skorum hér með á hið háa Alþingi að gera nú-

verandi Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum á þingi því, er nú situr, enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Rvík síðar meir.“

Þetta orðalag, og sérstaklega þetta mjög einkennilega orðalag, að nota þarna „rýrir“ í staðinn fyrir „rýri“, virðist benda til þess, að þeir menn, sem með þessi undirskriftaskjöl ganga, vilji fullvissa þá, sem undir skjölin skrifa, að það sé alls ekki verið að stíga neitt spor, sem að neinu leyti dragi úr möguleikum á sameiningu við Reykjavík síðar meir, og þeir virðast gera ráð fyrir því, að þeir, sem undir skjölin eigi að skrifa, vilji gjarnan hafa þá leið opna að geta sameinazt Reykjavík síðar meir. En svo er lagt fyrir Alþingi frv. um að gera Kópavogshrepp að sérstökum kaupstað, og í stuttri grg. þess frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fjölmennum borgarafundi í Kópavogshreppi, sem haldinn var 18. þ. m., var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða að skora á Alþingi að gera Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum á þingi því, sem nú situr. Jafnframt hafa borizt áskoranir sama efnis til Alþingis frá 760 Kópavogsbúum, 21 árs eða eldri.“

Ekki er eitt orð um það í grg., hvernig hausinn hafi verið, sem þessir 760 Kópavogsbúar voru látnir skrifa undir; ekki eitt orð um það, að þessir menn hafi verið látnir skrifa undir yfirlýsingu um, að þó að þeir tjái sig fylgjandi þessu frv., þá megi það ekki rýra möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir.

M. ö. o.: Í þeirri grg., sem flm. þessa frv. leggja fyrir Alþingi, er falsaður vilji þeirra kjósenda, sem þeir segja að standi með þessu frv., og ekki tilgreint rétt fyrir Alþingi, hvað það er, sem þessir 760 Kópavogsbúar eru látnir undirskrifa. Alþingismenn verða að fara í frumheimildirnar um, hvernig hausinn sé orðaður, sem mennirnir í Kópavogshreppi eru látnir undirskrifa, til þess að fá að vita, hvaða vilji það sé, sem þeir eru að láta í ljós.

Þetta er allmikil ósvinna af hálfu flm. þessa frv. að leggja fyrir Alþingi þessa hluti þannig túlkaða, og út yfir gengur þó, þegar félmrn. nú sendir þessi undirskriftaskjöl hingað til Alþingis bréflaust, þetta er lagt hér fram hjá okkur í lestrarsal og það fyrsta, sem við þingmenn rekumst á, þegar við förum að ganga í gegnum þetta, það er heil síða af undirskriftum, allar saman með sömu hendinni, nákvæmlega sömu hendinni, og haldið áfram með sömu hendinni á næstu síðu á eftir. Það er eins og félmrn., þegar það sendir okkur þetta hingað á Alþingi, vilji undirstrika við okkur: Hér sjáið þið. Svona er það sem kosningaskipulagið á að vera á Íslandi í framtíðinni, vilji kjósenda kemur bezt í ljós með opinberri atkvæðagreiðslu, og það er jafnvel enn þá öruggara, að sú opinbera atkvgr. fari fram á þann hátt, að góður trúnaðarmaður hinna þriggja lýðræðisflokka undirskrifi fyrir kjósendur, hann skrifar kannske betur en ýmsir kjósendurnir, hugsar félmrn. Þess vegna setur félmrn. þetta skjal fremst til þess að Alþingi nú þurfi ekki að efast um, hvernig kosningaskipulagið eigi að vera á Íslandi í framtíðinni.

Það er stundum talað um virðingu fyrir Alþingi, og meira að segja hæstv. ríkisstj. er stundum að kvarta yfir því, að Alþingi sé ekki sýnd nægileg virðing, og sýnir hún því þó litla virðingu venjulega. En þetta, að leggja svona plögg fyrir okkur, svona grg. og fyrstu skjölin, undirskriftirnar, skrifaðar allar saman með sömu hendinni, án þess að ein einasta þeirra sé handsöluð, án þess að það sé gerð grein fyrir því, af hverju einn maður skrifar þetta allt saman, það er ósvinna, það er virðingarleysi gagnvart Alþingi. Þetta virðist eiga að verða prófsteinninn á kosningaskipulag íhaldsins í framtíðinni. Ja, það verður líklega ekki vandi fyrir Þorvald Garðar í Vestur-Ísafjarðarsýslu næst.

Ég held þess vegna, að það sé tími til kominn, að Alþingi taki hér í taumana, að við tryggjum, að vilji kjósenda fái að koma í ljós á lýðræðislegan hátt, á þann hátt, sem stjórnarskrá Íslendinga mælir fyrir, ekki með aðferð Henriks Bjelke eða hinna þriggja umboðsmanna lýðræðisins — eða íhaldsins — að vilji kjósendanna fái að koma í ljós í leynilegri atkvgr. í Kópavogshreppi 24. apríl, hvernig þeir vilji hafa sín mál í framtíðinni, og síðan þegar þeir hafa tjáð sinn vilja, þá séu teknir upp samningar um þau mál, hvort það er við Reykjavíkurbæ, ríkisstj. eða aðra, á grundvelli þess álits, sem þá kemur í ljós, — að þetta mál sé tekið fyrir eins og venjulega hefur verið með svona mál, það sé reynt að finna út heppilegasta lausn fyrir íbúa viðkomandi hrepps, það sé rætt um þessi mál án pólitísks ofsa og ofstopa og það sé reynt að finna þá lausn á þessum málum, sem heppilegust sé fyrir þá, sem eiga við lausnina að búa í framtíðinni.

Við hér á Alþingi höfum oft þurft að ræða um lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og það hefur margt verið talað í þeim efnum um framtíð Reykjavíkur. En ég man ekki eftir, að það hafi nokkurn tíma komið fram sú uppástunga áður í öllum þeim umræðum, að Reykjavíkurbær æskti sérstaklega eftir því, að það yrði myndaður sérstakur kaupstaður á milli hans og Hafnarfjarðar. Ég held þess vegna, að þetta mál, sem snertir Kópavogshreppinn og hans framtíðarskipulag, sé mál, sem líka eigi að ræða við Reykjavík, við bæjarfulltrúana, við bæjarstjórn Reykjavíkur, við þingmenn Reykjavíkur, og að athuga, hvort ekki sé hægt að finna þarna út aðferðir við skipulag framtíðarinnar, sem bæði núverandi Kópavogsbúar og núverandi íbúar Reykjavíkur gætu sætt sig vel við. Það hefur hingað til verið vilji bæjarstjórnar Reykjavíkur að stækka Reykjavík. Og ég efast ekki um, að þegar Reykjavík — vonandi mjög bráðlega — verður betur stjórnað en nú er, — íhaldið er, eins og menn vita, í minni hluta í Rvík, en slampaðist á að fá meiri hluta í bæjarstjórninni seinast, af því að vinstri flokkarnir stóðu ekki saman, þó að þeir annars hafi meiri hluta Reykvíkinga á bak við sig, — ég efast ekki um, að þegar Reykjavík verður betur stjórnað í framtíðinni og það mjög náinni framtíð, þá þurfi menn ekki að flýja hana til Kópavogshrepps til þess að geta fengið að byggja og til þess að geta fengið að lifa. Ég vonast til þess, að það verði hægt að koma á þannig stjórn í Reykjavík, að íbúar Kópavogshrepps hefðu sama

vilja og Reykvíkingar ættu líka að fá að hafa til að finna út samkomulagsleið fyrir báða þessa aðila, sem báðir mættu vel við una. Ef þetta er athugað og rætt án alls pólitísks ofurkapps eins og þess, sem nú hefur verið hleypt í þetta mál, og sérstaklega án þess ofbeldis og ofbeldishótana, sem hafðar hafa verið í frammi í sambandi við opinberar atkvæðagreiðslur og annað slíkt, þá efast ég ekki um, að það megi finna lausn á þessu máli.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. minntist á ályktun sýslunefndar Kjósarsýslu og skilyrðin, sem hún hefði sett og prentuð eru í grg. sem fskj. nr. I, og sagði, að þeim skilyrðum hefði verið fullnægt. Skilyrði sýslunefndar Kjósarsýslu voru þau:

1) Að sveitarstjórn, þ. e. hennar meiri hluti, óski eftir svona breytingu. Það skilyrði liggur ekki fyrir.

2) Að meiri hluti íbúa óski eftir slíkri breytingu. Sá vilji liggur ekki fyrir. Það á að leita hans 24. apríl á þann eina hátt, sem íslenzk stjórnarskrá og íslenzk kosningalög gera ráð fyrir, með leynilegri atkvæðagreiðslu, og hann liggur ekki fyrir þangað til, ekki á neinn þann hátt, sem Alþingi Íslendinga tekur til greina.

3) Að sýslunefnd, þegar þetta tvennt lægi fyrir, mælti með.

Hæstv. forsrh. sagði bara einfaldlega: Ja, skilyrðum sýslunefndar er fullnægt. — Hann hafði auðsjáanlega ekki haft fyrir að lesa skilyrði sýslunefndar. Hann hafði hvorki haft fyrir að kynna sér hausinn á undirskriftaplagginu, sem safnað hafði verið í Kópavogi, né lesa skilyrði sýslunefndar Kjósarsýslu, tilkynnti bara, að öllum lýðræðisreglum væri fullnægt og öllum skilyrðum sýslunefndar Kjósarsýslu fullnægt. M. ö. o.: Þeim mönnum, sem hafa fengið hæstv. forsrh. til að bera fram þetta frv. hér á Alþingi, hefur hann auðsjáanlega treyst mjög vel, að allt væri þarna í fyllsta lagi, og talar þess vegna hér án þess að hafa rannsakað þetta mál að nokkru leyti sjálfur. Og það ætti að vera full ástæða til þess, að ef hinir tveir, sem flytja þetta mál með honum, taka sinn flutning á því til baka út af hans yfirlýsingu um það nýja lýðræði, sem íhaldið vill innleiða á Íslandi, þá ætti hann sjálfur að hætta við að þvinga þetta mál áfram, þegar þeir, sem fengið hafa hann til þess að flytja það, hafa búið það svona í hendurnar á honum.

En hver er þá ástæðan til þess, að hæstv. forsrh. lætur hafa sig til þess að flytja þetta mál? Það skauzt upp hjá honum, að það var meira formaður Sjálfstfl. en forsrh. landsins, sem var þar að verki. Hann fór að tala um gagnrýni á oddvitann, og hann fór að tala um, að það væri einlitur flokksmeirihluti. Það voru þá röksemdirnar fyrir framtíðarskipulaginu um Kópavogshrepp hjá hæstv. forsrh. landsins, að hann væri eitthvað á móti oddvitanum og hefði eitthvað út á hann að setja, og að það væri þarna einlitur flokksmeirihluti. Eftir því sem ég veit bezt, er hæstv. forsrh. ekki mjög illa við einlita flokksmeirihluta. Ég veit ekki betur en hann sé mjög státinn af einlitum flokksmeirihluta hér í Reykjavík, að vísu einlitum flokksmeirihluta í bæjarstjórninni, sem styðst við minni hluta kjósenda, en það er líklega réttur litur á þeim flokksmeirihluta. Og ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. og hans flokk sé að dreyma um það að fá einlitan flokksmeirihluta hér á Alþingi. Að vísu dreymir þá aldrei um það með því að fá meiri hluta kjósenda á bak við sig, heldur með því móti að hafa minni hluta kjósenda á bak við sig, en meiri hlutann hér á Alþingi, þannig að ég skil nú ekkert í þessum ótta hæstv. forsrh. við einlitan flokksmeirihluta. Nú er það samt ekki einu sinni svo, ef hæstv. forsrh. væri mjög hræddur við einlita flokksmeirihluta, ef þeir væru ekki með réttum lit, að það sé einlitur flokksmeirihluti í Kópavoginum. Þar er bandalag framfarasinnaðra manna, sem hafa verið að reyna að stjórna fátæku hreppsfélagi, sem hefur átt við mikla erfiðleika að stríða, og hefur tekizt að vinna stórvirki á nokkrum árum. Það sér hver maður, sem sér þá byggð, sem risin er upp, og þar með líka stofnanir eins og barnaskólann, að það hefur verið unnið vel og unnið mikið, bæði af íbúum Kópavogshrepps og þeim, sem forustu hafa haft fyrir þeim. Ég held þess vegna, að hæstv. forsrh. hefði ekki átt að koma upp um það í sinni ræðu, að ástæðan til þess, að hann færi að gerast flm. að svona frv., væri, að honum líkaði ekki liturinn á meiri hl. hreppsnefndarinnar í Kópavogi. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Áður en ég held áfram, þar sem áður var frá horfið, vildi ég aðeins leiðrétta ein mistök, sem hafa orðið í minni ræðu áðan, þ. e., að þessir listar, sem eru fremstir í þessu samsafni, eru skýrðir á litlu blaði, sem fylgir með, en mér sást yfir áðan, þannig að þeir heyra ekki undir að neinu leyti þetta, sem ég vildi telja, að menn hefðu skrifað á fyrir aðra. Aftur á móti er í þessum listum, þegar maður fer í gegnum þá, og ekki sízt í listanum, sem er merktur með nr. 40, alveg auðséð, að hvað eftir annað er ekki bara að menn skrifi undir fyrir tvo, sem er kannske stundum ekki óvanalegt í sambandi við svona undirskriftasafnanir, maður og kona t. d., heldur að menn skrifi undir fyrir 6 og 7 manns. M. ö. o.: Þegar maður fer í gegnum þessa hluti og kynnist þessu, þá sést, hve gersamlega ófær sú kosningaaðferð mundi vera, sem hæstv. forsrh. vill nú fara að innleiða og vill fá Alþingi til að samþ. með því frv., sem hér liggur fyrir.

Svo er annað, sem er rétt fyrir okkur í viðbót við það, sem ég hef áður sagt, að athuga, þegar við erum að ræða um þetta mál. Það var alveg greinilegt, að það, sem fyrir hæstv. forsrh. og e. t. v. þeim, sem með honum standa þarna, vakti, var að framkalla nýjar kosningar í Kópavogshreppi með því að gera hann að kaupstað. Ja, ætli það mundu ekki vera fimmtu kosningarnar í átta ár, ef ekki sjöttu? Það er líklega einar fimm kosningar, sem eru búnar að vera þarna á átta árum. Þeim meiri hluta, sem starfað hefur undanfarið í Kópavogshreppi, hefur verið neitað um þann venjulega starfsfrið, sem flestallar hreppsnefndir og bæjarstjórnir í landinu hafa og telja sér alveg sjálfsagðan. Hann hefur verið lagður í einelti af því opinbera til þess að framkalla þarna sem allra mestan óróa, spilla því almenna friðsemdartímabili, sem venjulega

er á milli kosninga og hægt er að nota til þess að framkvæma ýmis hagnýt mál í þessum hreppum og smáu kaupstöðum. Og allt þetta tímabil, sem þessar mörgu kosningar hafa verið þessi undanfarin átta ár, hefur svo um leið það opinbera gripið þarna inn í, ríkisvaldið, á þann hátt sem annars hefur ekki tíðkazt hér frá því á þeim dögum, þegar konungurinn og útlend stjórn áttu eða réðu megininu af jarðeignum á Íslandi. M. ö. o.: Ríkisvaldið hefur notað sér sitt vald sem jarðdrottinn í Kópavogi til alls konar afskipta af lóða- og lendaúthlutun þar, skapað með því hvers kyns tafir á úthlutun lóða og byggingum, eða reynt að skapa nýtt vald utan við hreppsnefndina, sem skyldi ráða því, hvernig þarna væri byggt, sem sé á allan hátt skapað þarna eins mikinn óróa og mögulegt var. Og nú á að kóróna þetta allt saman með því að knýja nú fram sjöttu kosningarnar a. m. k. og þá líklega helzt að hafa þær opinberar. Þegar svo er athugað allt það lénsskipulag, sem reynt hefur verið raunverulega að koma á þarna í Kópavogshreppnum af hálfu ríkisstj. í krafti síns jarðeignavalds, sér maður bezt, hvernig þarna er búið að og hve þetta er gersamlega öfugt við allt lýðræði. Ég vil þess vegna segja það, að þetta frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, sem hér liggur fyrir, er eitt af þeim frv., sem Alþ. á ekki að láta ganga í gegn. Það á að bíða eftir því, að kjósendur í Kópavogshreppi fái sjálfir að ákveða um þessi mál, fái sjálfir að láta á venjulegan lýðræðislegan hátt með leynilegri atkvgr., eins og stjórnarskráin og kosningalögin mæla fyrir, sína skoðun í ljós um, hvernig þeir vilja haga sínum framtíðarmálum. Hvernig sú skoðun verður, það getum við ekki sagt hér í dag. Það eigum við hér á Alþ. ekki heldur að reyna að ætla að ráða eða stjórna fyrir fram. Það, sem okkur ber að gera, er, þegar við vitum, hverjar þessar skoðanir eru, að ræða málið, að athuga, á hvern hátt er helzt hægt að samræma lýðræðislegan vilja þessara íbúa og afstöðu þeirra annarra heilda í þjóðfélaginu, Reykjavíkurbæjar eða ríkisins, á hvern hátt er hægt að samræma þeirra hagsmuni, áhugamál og þeirra vilja sem bezt.

Ég álít þess vegna, að það offors og sá pólitíski ofsi, sem beitt hefur nú verið í sambandi við þetta mál, allan undirbúning þess og nú seinast flutning þess hér á Alþ., sýni, að svona á ekki að vinna að þessum málum og það er ekki í þágu íbúanna í Kópavogshreppi, að á þennan hátt sé unnið að þeirra framtíðarmálum. Aðferðin, eins og hún er nú orðin með framlagningu þessa frv., hvernig fyrir því er mælt, hvernig það er rökstutt, er hneyksli. Og það er þess vegna ekki að undra, þó að 1. flm. þess, hæstv. forsrh., verði á að gefa hér yfirlýsingar í sambandi við svona slæmt mál og svona slæman undirbúning, sem ég býst við að hann helzt kjósi að hefðu aldrei verið gefnar. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, þó að þetta mál að öðru leyti fái þinglega meðferð, að hv. flutningsmenn sjái sér það sæmst að lofa þessu máli að sofna í friði og ró í þeirri n., sem það fer til, bíða eftir því, að kjósendur í Kópavogshreppi geti fengið að láta í ljós sína skoðun og sinn vilja á þann hátt, sem okkar stjórnarskrá og kosningalög mæla fyrir, með leynilegri atkvgr., og að Alþingi — og ef til Reykjavíkurbæjar kasta kemur bæjarstjórn Reykjavíkur — taki upp sína samninga við þennan stærsta hrepp landsins um hans framtíðarmál og reyni að ráða hans hagsmunamálum og hugðarmálum til lykta án þess að setja þar inn í neinn pólitískan ofsa eða ofbeldi, heldur taki tillit til hagsmuna þessa fólks og til vilja þess og reyni að samrýma sem bezt þeim vilja, sem mun koma fram hér hjá Reykvíkingum, ef það verður ofan á, að Kópavogsbúar, sem margt virðist nú benda til, m. a. þau gögn, sem hér liggja fyrir, óski eftir því. Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vona, að hv. flutningsmenn þessa frv. sjái nú að sér um þetta mál og hætti við þá áætlun sína að knýja þetta mál gegnum þingið þvert ofan í þær kosningar eða þá leynilegu atkvgr., sem þar á að fara fram 24. apríl, lofi Alþingi að bíða í ró eftir henni og ræða þessi mál á þann hátt, sem á að ræða slík mál, þegar vilji kjósendanna í Kópavogshreppi liggur ótvíræður fyrir.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þessari skeleggu ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur flutt hér. Mér var það mikið gleðiefni að heyra þennan þm. láta sitt sálarljós skína hér yfir okkur, og ég fann hlýjuna til frelsis og lýðræðis, sem ég alltaf hef haft löngun til að trúa að byggi innra með honum, þó að mér hafi stundum fundizt hann helga sig nokkuð mikið þeim öflum, sem hafa ekki sama hugarfar til fólksins og frelsis þess og skein út úr þeirri ræðu, sem hv. þm. flutti.

Við förum nú bráðum að yfirgefa þennan sal í bili. Það líður að þinglokum. Ég vildi leggja það til, a. m. k. við ríkisstj., að þessi hv. þm. fengi nú fararstyrk frá ríkinu til þess að fara til Moskva — hann hefur stundum gaman af að vera þar — og flytja þessa ræðu um rétt fólksins til að ráða og kjósa þar með jafnskeleggum orðum og jafnmikilli andagift og krafti og hann flutti hana hér í dag. Ég mundi svo sjálfur sem góður vinur hans og af því að nú er lokuð áfengisverzlunin í bili gefa honum brennivínsflösku í nestið, ef honum liði betur með því og líka til þess að forðast það, að hann þornaði uppi þarna í ríki Stalins hinu forna, ef hann skyldi nú ekki fá þær viðtökur þar, þegar hann væri búinn að halda ræðuna, sem hann kynni að telja sig eiga von á. (EOl: Ég vildi hafa þig með til að hlusta á hana.) Þegar flaskan væri tekin upp, já. (EOl: Á ræðuna.) Ég mundi láta mér nægja, að hv. þm., þegar hann kæmi aftur, segði okkur frá, hvers konar undirtektir þessi ræða hans hefði fengið.

Það er góður háttur, þegar menn vilja eyða málum, að senda fram á vígvöllinn vel máli farna menn hvern á fætur öðrum og láta þá halda skeleggar ræður, og þá ekki sízt, ef þeir, sem að málinu standa, láta ginna sig út í það að ræða hvert smáatriði til þess þannig að fullnægja því, sem fyrir þeim vakir, sem eru sendir fram á vettvang eða vígvöll til að tefja gang málsins.

Ég ætla ekki að láta þá skyssu henda mig,

enda hef ég oft áður séð þeim brögðum beitt, stundum gert það sjálfur, og kann þess vegna skil á, hvernig á að mæta slíkri málsmeðferð. Mér getur alveg nægt að minna á það, sem ég áður hef sagt, að þetta mál er þannig til komið, ef svo illa mætti að orði komast, að almennur vilji hefur í æ ríkari mæli lýst sér í hugum og orðum Kópavogsbúa um að fá þennan rétt þeirra viðurkenndan. Ég segi: Þessi almenni vilji hefur lýst sér í æ ríkari mæli, eftir því sem fólki hefur fjölgað í þessum hreppi. Það er líka mjög eðlilegt. Það er mjög eðlilegt, að það sé örðugt að stjórna hreppi, sem hefur 3 eða 4 þús. íbúa, eftir reglum, sem miðaðar eru við allt annað, miklu minni íbúatölu, kannske 500 eða 1000 menn. Og ég get vel endurtekið það, að ég segi þetta ekki í því skyni að bera neinn óhróður á þá menn, sem borið hafa ábyrgð á stjórn hreppsins. Ég læt það alveg liggja á milli hluta og legg á það engan dóm. En íbúarnir, sem eiga við þessa stjórn að búa, hafa með einu ráði á fætur öðru reynt að koma sínum vilja fram. Ég hef áður getið um það, að þau þrjú stjórnmálafélög, sem standa að baki lýðræðisflokkunum í þessum hreppi, hafa borið fram um þetta óskir. Ég hef viðurkennt, að slíkar óskir væru ekki nægjanlega öruggur vilji hreppsbúa til þess, að óhætt væri að telja, að þær út af fyrir sig fullnægðu því skilyrði, sem sýslunefnd Kjósarsýslu setti fyrir sínum meðmælum um framgang þessa máls, en sem kunnugt er krafðist sýslunefndin, að meirihlutavilji kjósendanna lægi fyrir.

Þegar okkur, sem höfum flutt þetta mál inn á Alþ., þótti nægjanlega ljóst liggja fyrir, hvað menn í Kópavogi vildu, hnigu kjósendur þar að því ráði, sem kunnugt er, að safna um þetta undirskriftum og fengu 760 undirskriftir manna, sem eiga rétt til þess að ráða um þessi mál. Og ég vil í því sambandi sérstaklega leggja áherzlu á það, að sú kjörskrá, sem nú er lögð fram fyrir fáum dögum í Kópavogi og á eru 1315 menn, eftir því sem hér hefur verið skýrt frá, er miðuð við manntal, sem fór fram í desember 1953, en það gefur auga leið, að í þessum hreppi, þar sem mannfjölgunin er jafnör og raun ber vitni um, er manntal frá því í desember 1953 ekki rétt vitni um það, hverjir eru bærir um að kveða á um skipan þessara mála, því að eftir þá skýrslugerð hafa auðvitað hundruð manna, að ég ekki kveði sterkara að, flutzt inn í hreppinn og margir flutzt burt úr hreppnum aftur. En 760 menn hafa skrifað undir áskorun til Alþ. um að gera þau ákvæði að l., sem ég sem þm. þessa kjördæmis hef leyft mér að bera hér inn á Alþ. óskir um, að Alþ. hlutist til um að nái fram að ganga. Mig undrar, að það sætir ámælum, bæði frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og frá hv. 11. landsk. þm. (LJós), að ég hafi leyft mér að gerast boðberi þess vilja, sem kjósendur mínir hafa flutt við mig hingað til Alþ., sem eitt er bært um að lögfesta þann vilja.

Þær vefengingar, sem hafa komið fram um gildi þessara undirskrifta, eiga ekki við rök að styðjast, og það vita líka þeir, sem eru að vefengja gildi undirskriftanna. Eftir að undirskriftaskjölin lágu fyrir, var haldinn almennur kjósendafundur, mjög fjölsóttur, í þessum hreppi til þess þar að fá staðfestan þann vilja, sem vakir fyrir þeim mönnum, sem hlutazt hafa til um, að þetta mál er borið inn á Alþ. Á þessum fundi kemur fram svo að heita einhlítur vilji kjósendanna í hreppnum um, að þessum óskum verði fullnægt. Að loknum þessum fundi hyggja andstæðingar frv. á hefndir og komast að þeirri niðurstöðu, að það sé sjálfsagt að reyna að hrinda ákvörðun þessa fundar með nýjum kjósendafundi. Þessi nýi kjósendafundur var svo haldinn viku síðar en fyrri fundurinn, eða þar um bil, og þar kom kjósendaviljinn það eindreginn í ljós, að þeir, sem vildu hnekkja framgangi málsins, höfðu ekki einu sinni djörfung til að bera fram óskir um það, hvað þá meira.

Ég segi þess vegna, að vilji meiri hluta kjósendanna liggur skýrt fyrir í öllum þeim formum, sem um er að ræða. Oddvitinn hefur hins vegar neitað að halda hreppsnefndarfundi þrátt fyrir fram komnar óskir. Nú hyggst hann að fela sig bak við leynilega atkvgr. um málið. En allt er þetta nokkuð gagnsæ slæða og hylur ekki þann sannleika, að þetta er allt gert í þeim eina tilgangi að hindra framgang málsins. Ég er sannfærður um það, að þegar oddvitinn og hans fylgifiskar tóku þessa ákvörðun, gerðu þeir ráð fyrir, að þingi yrði lokið fyrir páska, enda var almennt gert ráð fyrir því hér á Alþ., og þess vegna heldur hann þannig á málinu, að þessi leynilega atkvgr. megi fram fara 24. apríl, þ. e. a. s. 10 dögum eða 15 dögum eftir páska. Þetta er allt gert í sama tilganginum og þeir eru að þjóna, sem hér eru að halda sömu ræðurnar æ ofan í æ og út í bláinn.

Að ég svo hafi sagt, að það ætti að afnema leynilegar kosningar á Íslandi, — ja, maður skyldi halda, að hv. þm. hefði staðhæft þetta, áður en áfengisverzluninni var lokað, — er alveg út í hött. Ég sagði það eitt, að þegar fólkið væri búið að leita allra leiða til að gera grein fyrir óskum sínum og vilja og þegar oddvitinn vitandi vits með þeim meiri hluta hreppsnefndar, sem að honum stendur, hefði tafið málið, þá hefði fólkið gripið til þess að senda Alþ. sinn vilja skriflega. Um þetta sagði ég, að það væri ekki nema æskilegt, að fólkið hefði þennan rétt. Ég gat um, að margur maðurinn, sem er fylgjandi ákveðnu máli, kýs miklu heldur að láta það fylgi í ljós við leynilega atkvgr. en með því að undirskrifa skjal, sem síðan kemur fyrir almenningssjónir. Og ég segi, að þegar fólkið sjálft kýs að láta sinn vilja í ljós með því að senda Alþ. skriflega áskorun um þetta, þá tel ég þann vilja skýran og líka mjög réttmætan og eðlilegan, eftir að búið er að freista hins ýtrasta til þess að koma málinu fram eftir þeim lögformlegu leiðum, sem venja er helzt til að hafa, en það verið hindrað af mótþróa meiri hluta hreppsnefndar gegn því, að haldnir væru lögformlegir fundir í hreppsnefndinni í tæka tíð um þetta mál.

Ég þarf svo ekki, hæstv. forseti, að gera aðra eða meiri grein fyrir mínu máli og réttmæti þess. Ég hafði ánægju af að hlusta á þessar bollaleggingar hv. 2. þm. Reykv. um frelsi fólkinu til handa. En ég mundi meta enn þá meira hans manndóm, ef hann tæki sig nú til og héldi sína leið til Moskva að loknu þingi, og vil eiga mikinn

þátt í því, að ríkið kostaði þá för, ef hann gefur drengskaparheit um að gefa okkur rétta skýrslu um, hvernig æðstu menn Sovétríkjanna taka undir þetta lýðræðishjal, sem hann var með hér og við metum að vísu meira en flest annað, en þá líka því aðeins, að hugur fylgi máli. Og gjarnan vildi ég, að hann lofaði því að hafast þá ekkert illt að í leiðinni eða ef hann gerir mikið af sér gagnvart íslenzkum hagsmunum, þá fái hann a. m. k. ekki fargjaldið greitt nema aðra leiðina.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Það kemur manni alltaf í einkar gott skap að hlusta á hinar endurteknu ástarjátningar hæstv. forsrh. til hv. 2. þm. Reykv. Þær eru kannske ekki orðnar eins „hrærandi" nú og fyrst, af því að maður er farinn að venjast þeim dálítið, en þó eru þær alltaf skemmtilegar. Af því að ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. þarf að greiða fyrir þessa síðustu ástarjátningu, áður en langt um líður, og segja eitthvað fallegt um hæstv. forsrh., þá skal ég lofa því að hafa þetta mál ekki mjög langt.

Ég tel, að ég geti hæglega rætt um það mál, sem hér liggur fyrir, án þess að blanda inn í það miklum tilfinningahita. Ég vil ræða það lítillega á við og dreif og þá sérstaklega, hvort heppilega og skynsamlega er stefnt, að mínum dómi, í því frv. til l. um bæjarstjórn fyrir Kópavogskaupstað, sem hér er fram borið.

Þegar ég heyrði síðustu fréttir um flokkadrætti og allmikið vopnabrak úr Kópavogshreppi, datt mér í hug ein af okkar gömlu og góðu fornsögum; það var Ljósvetningasaga. Eins og þeir vita, sem þekkja Ljósvetningasögu, skýrir hún frá sífelldum viðureignum hvorki meira né minna en í heilan mannsaldur. Þannig gekk það til, að þegar einn höfðinginn þóttist hafa farið varhluta fyrir öðrum, linnti hann ekki látum fyrr en hann hafði skorið upp herör og farið af stað til þess að reyna að rétta hlut sinn. Ég gæti jafnvel trúað, að ef einhver ritfær maður tæki sig til og skrifaði sögu Kópavogshrepps síðustu ára, þá kynni svo að fara, að sagnfræðingar framtíðarinnar, við skulum segja eftir nokkur hundruð ár, kæmust að þeirri niðurstöðu, að sú saga væri sniðin eftir Ljósvetningasögu. En þegar ég las þetta frv., sem hér er fram komið, og sá, að hæstv. forsrh. var fyrsti flm. þess, datt mér Ljósvetningasaga í hug öðru sinni, og það var vegna þess, að í þeirri sögu eru orð höfð eftir einum höfðingja, sem loksins eftir langa mæðu var orðinn langþreyttur á því að rísa upp, þó að einhver af fylgismönnum hans eggjaði hann lögeggjan til framgöngu, og mælti þessi ágætu orð: „Fýsi ég eigi mína menn að fara í heimsku þessa."

Ég held, að ef hæstv. forsrh. hefði lesið þessa ágætu sögu nýlega, hefði hann ekki lagt þetta frv. fram nú með þeim undirbúningi, sem það hefur fengið. Ég hygg, að það sé einsdæmi, að kaupstaðarréttindi til handa einum eða öðrum kaupstað hafi valdið deilum hér á Alþingi. Það hefur a. m. k. ekki kveðið mikið að því. Venjulega hefur slíkur undirbúningur verið hafður á, þegar frumvörp hafa verið borin fram um það, að eitthvert kauptún fengi kaupstaðarréttindi, að til þess hefur ekki komið, að það ylli verulegum deilum á Alþ. Það hefur venjulega verið svo, að um málið hefur verið nokkurn veginn fullt samkomulag innan þess kauptúns, sem slíks hefur óskað. Hér er því um heldur óvenjulega málsmeðferð að ræða, þar sem það, eins og löngu er upplýst og rakið hefur verið af ýmsum ræðumönnum, kemur ekki frá yfirstjórn viðkomandi hrepps eða hreppsyfirvöldum að æskja eða krefjast kaupstaðarréttinda, heldur eru það þrír stjórnmálaflokkar í hreppnum eða félög þeirra, sem beita sér fyrir þessu máli og virðast gera það af mjög mikilli hörku.

Það fóru fram í Kópavogshreppi kosningar á s. l. ári eins og í öðrum hreppum og kaupstöðum þessa lands. Og það var ekki látið við það sitja, að þar færu fram einar kosningar, heldur urðu þær að vera tvennar. En ég hygg, að það sé rétt með farið, sem hér hefur verið sagt áður, að fyrir þessar tvennar kosningar hafi engin rödd komið fram um það, að á því væri brýn nauðsyn að gera Kópavogshrepp að kaupstað nú þegar. Þær raddir hafa a. m. k. ekki farið hátt.

Nú er skorin upp herör fyrir þessu máli, og hetjur ríða um hérað eins og fyrr á dögum og safna liði. Þetta líkist dálítið görpunum í Ljósvetningasögu, sem aldrei gátu við það unað að lúta í lægra haldi eftir nokkra sennu. Garparnir í Kópavogshreppi, sem bíða lægri hlut í tvennum kosningum á s. l. ári, telja það nú höfuðnauðsyn, að því er virðist, ég veit ekki, hvort heldur er fyrir sig eða fyrir hreppinn, að fara nú út í þriðju kosningarnar og reyna einu sinni enn, hvort ekki megi betur til takast.

Það er ýmislegt einkennilegt í málflutningi þeirra manna, sem telja það nú allt í einu höfuðnauðsyn, að Kópavogur verði gerður að kaupstað, áður en þessu þingi lýkur. Það er m. a. haft á orði, að þótt að vísu þurfi að stofna þarna töluvert embættismannalið eins og í öðrum kaupstöðum, þá komi þetta ekki eins tilfinnanlega við Kópavog og í fljótu bragði virðist, vegna þess að ríkið borgi sumum þessara embættismanna.

Þetta kann að vera sæmileg röksemd út frá sjónarmiði þeirra manna, sem eingöngu hugsa um fjárhag Kópavogshrepps eða fyrirhugaðs Kópavogskaupstaðar. En fyrir okkur hér á hv. Alþ., sem ættum a. m. k. að hugsa eitthvað um hag ríkissjóðsins og viljum, vænti ég, flestir gera það, eru þetta heldur haldlítil rök. Það er að sjálfsögðu engin ástæða til þess að stofna ný embætti, ef þeirra er ekki brýn þörf, jafnvel þó að ríkið eigi að greiða. En það er ómótmælanlegt, að í sambandi við stofnun kaupstaðar í Kópavogi hlýtur Kópavogur að verða að taka á sig mjög verulega auknar útgjaldabyrðar og ríkið einnig nokkrar. Þarna mundi að sjálfsögðu verða að koma allálitlegur embættismannahópur, eins og í öðrum kaupstöðum. Þar kæmi að sjálfsögðu bæjarstjóri ásamt bæjargjaldkera og einhverju starfsliði. Þar kæmi bæjarfógeti ásamt lögregluliði. Þar kæmi skattstjóri. Þar kæmi sennilega bæjarverkfræðingur o. s. frv. Þetta er eitt af því, sem að sjálfsögðu ber að athuga í sambandi við það, hvort nú á að hlaupa að því að gera Kópavog að kaupstað. Ég tel þetta ekkert höfuðatriði, því að ef brýna nauðsyn bæri til,

að sú breyting væri gerð, sem hér er fram á farið með þessu frv., væri sjálfsagt að gera hana, þó að henni fylgdi nokkur kostnaður.

Hæstv. forsrh., fyrsti flm. þessa máls, lagði á það allríka áherzlu í frumræðu sinni, að hér væri ekki nema um tvær leiðir að gera. Önnur væri sú, að allt sæti við hið sama og verið hefði, Kópavogur yrði um langa framtíð hreppsfélag, eins og hann hefur verið, ellegar þá hitt, að hann yrði gerður að kaupstað og það nú strax. Þriðja leiðin er að sjálfsögðu til, og um hana hefur verið nokkuð rætt, a. m. k. nú upp á síðkastið, og þó að ég sé ekki ýkja kunnugur í Kópavogi, þá hef ég góðar heimildir fyrir því, að sú leið á þar mjög verulegu og að ég hygg stöðugt vaxandi fylgi að fagna. Sú leið er, að Kópavogur, annað tveggja nú innan skamms eða þá áður en mjög langir tímar líða, sameinist Reykjavíkurkaupstað.

Ég skal lýsa því yfir þegar, að það er tvímælalaus skoðun mín, að þetta sé skynsamlegasta og eðlilegasta leiðin. Ég segi ekki þar með, að brýn nauðsyn sé á að ganga frá þessu nú á þessu vori. En þetta er sú leið, sem tvímælalaust á að fara að því er varðar stöðu Kópavogs, og það er sú leið, sem farin verður fyrr eða síðar, jafnvel þó að það frv., sem hér er lagt fram, verði gert að lögum, þó að það að vísu muni seinka málinu verulega, eins og ég ætla að koma að lítillega hér á eftir.

Hvað er Kópavogur? Hann er í raun og veru ekki annað en eitt af úthverfunum frá Reykjavík. Hann hefur að mjög verulegu leyti byggzt frá Reykjavík, og í Reykjavík starfa langflestir vinnufærir menn í Kópavogi. Og eins og við sjáum, ef við fylgjumst með þróuninni í byggingarmálum, líður ekki á löngu þar til Kópavogur vex svo að segja algerlega saman við Reykjavík. Þar verður í því efni alveg sama þróunin og við sjáum að er að gerast varðandi Seltjarnarnesið, sem nú er orðið svo að segja algerlega samvaxið Reykjavík og verður það fullkomlega eftir örfá ár. Og það er margt fleira, sem nú þegar sameinar Kópavogshrepp og Reykjavík. Frá Reykjavík hefur Kópavogur ýmsar brýnar nauðsynjar, svo sem póst, rafmagn, vatn og síma og jafnvel fleira. Þetta allt hefur Kópavogur nú þegar í samlögum við Reykjavík. Og eins og margsagt hefur verið, starfa langflestir Kópavogsbúar í Reykjavíkurkaupstað, enda skortir í Kópavogi nálega öll atvinnutæki, sem stafar af því, hvernig hann er upp byggður, að hann er raunverulega byggður upp sem eitt af úthverfum Reykjavíkur.

Það er enginn efi á því, að það er hárrétt, sem einn hv. ræðumaður sagði hér í dag, að ef að kreppir með atvinnu, og alltaf má búast við því, sérstaklega þegar óstjórn er í landi, þá mun Kópavogur finna mjög tilfinnanlega til þess, ef hann væri þá enn hreppsfélag, en enn tilfinnanlegar mundi slíkt ástand sennilega bitna á honum, ef hann hefði að lögum verið gerður kaupstaður.

Það hefur verið nefnt í blaðaumræðum, og ég vil ekki alveg láta hjá líða að minnast á það hér, að nú einmitt á þessu þingi vorum við að samþykkja lög um sameiningu Akureyrarkaupstaðar og Glerárþorps. Ég hygg, að ég fari með rétt mál, þegar ég staðhæfi, að meginástæðan til þess, að talið var sjálfsagt að sameina Glerárþorp og Akureyri, var óttinn við það, að íbúarnir í Glerárþorpi, sem langflestir stunda atvinnu sína í Akureyrarkaupstað, mundu illa settir, ef mjög harðnaði um atvinnu, og væru raunar nú þegar illa settir að vetrinum, þegar atvinna er lítil í Akureyrarkaupstað. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér örfá orð, sem hv. þm. Ak. sagði um þetta mál, þar sem mér virðist það megi að mjög miklu leyti heimfæra upp á Reykjavík og Kópavog. Hv. þm. komst m. a. svo svo að orði:

„Nú hefur þetta verið þannig, að verkalýðsfélögin á Akureyri hafa frekar amazt við því, að verkamenn og sjómenn úr Glerárþorpi sæktu vinnu inn til Akureyrar. Það hefur eingöngu verið vegna þess, að á vetrum hefur alltaf verið þröngt um atvinnu á Akureyri og þá hefur þessi aðsókn verkamanna úr Glæsibæjarhreppi orðið til þess að draga úr atvinnumöguleikum verkamanna í Akureyrarkaupstað."

Og litlu síðar í ræðunni segir hv. þm.:

„Hins vegar er ekki því að neita, að Akureyrarkaupstaður hefur af því verulega hagsmuni að fá Glerárþorp innlimað, vegna þess að bærinn þarf í náinni framtíð á auknu landrými að halda, og því er ekki hægt að neita, að það er ákaflega eðlilegt, að þessir staðir séu eitt og sama sveitarfélagið. Það er eingöngu lítil árspræna, sem skilur þar á milli, og segja má, að hagsmunir þeirra manna, sem á þessum stöðum búa, falli að mestu leyti saman hvað atvinnu snertir."

Þetta er í raun og veru kjarni málsins að því er varðar sambandið milli Kópavogs og Reykjavíkur: Hagsmunir manna þar falla mjög verulega saman að því er atvinnu snertir. Sérstaklega á þetta að vísu við um Kópavog. En þó er það einnig svo, að meðan svo margt er ógert hér í Reykjavíkurbæ og þar eru mörg fyrirtæki, sem hafa hagsmuni af því að njóta vinnuaflsins úr Kópavogshreppi, eru hagsmunirnir að mörgu leyti gagnkvæmir.

Ég hygg, að það sé í sjálfu sér ekki miklu meiri fjarstæða en það að gera Kópavog að sjálfstæðum kaupstað, ef einhver kæmi fram með þá hugmynd og legði jafnvel fram frv. um það hér á hv. Alþ. að gera einhver af þeim úthverfum Reykjavíkur, sem þegar eru sameinuð Reykjavík, að sérstökum kaupstað. Ég tala ekki um Seltjarnarnes, sem enn þá er sjálfstætt hreppsfélag. Þess vegna mætti í framhaldi af þessu alveg búast við því, að við fengjum bráðum frv. um Seltjarnarneskaupstað, Langholtskaupstað, Hlíðakaupstað o. s. frv.

Ég hygg, að því verði ekki á móti mælt, að öll rök hnígi þess vegna að því, að Kópavogur verði á sínum tíma sameinaður Reykjavík. Og ég hef þær fregnir sunnan úr Kópavogi, að þessi stefna eigi þar miklu fylgi að fagna. Um hug Reykvíkinga til þessa máls skal ég ekki margt segja. Á það hefur ekki reynt enn þá, þar sem um þetta efni hefur ekki komið fram nein ósk. En mér þykir þó líklegt, að af skynsemi og skilningi verði á þeim málum haldið, a. m. k. þegar breytt verður um bæjarstjórnarmeirihluta í Reykjavík, þótt ekki verði kannske fyrr.

Allir þeir, sem talað hafa í þessu máli, jafnt hæstv. forsrh. og þeir, sem frv. hafa andmælt, hafa lagt á það mjög verulega áherzlu, að kjósendurnir í Kópavogi eigi miklu og jafnvel mestu að ráða um það, hvernig skipað verður málum þess hreppsfélags. Undir þetta skal ég mjög fúslega taka. Það er aðeins skoðun mín, sem ég hef hér lýst, að það sé skynsamlegast og eðlilegast, að stefnt verði að sameiningu Kópavogs við Reykjavík, en ég mun að sjálfsögðu sem alþingismaður taka fullt tillit til vilja Kópavogsbúa, þegar hann liggur óvefengjanlega fyrir.

Nú mundu þeir, sem að þessu frv. standa, segja, að þetta liggi fyrir nú þegar, og benda þar á þá undirskriftasöfnun, sem fram hefur farið í hreppnum. Eins og kunnugt er, liggja hér í lestrarsal Alþ. nöfn 760 manna, sem taldir eru kjósendur þar í hreppi. Það hefur hins vegar verið vefengt, að allir þeir, sem undir þessi skjöl hafa skrifað, séu á kjörskrá í hreppnum, og játað hefur verið, að a. m. k. einhver brögð séu að því, að aðrir hafi undirritað þessi skjöl en þeir, sem kosningarrétt hafa í Kópavogshreppi. Þeir, sem andmælt hafa þessu frv., hafa fullyrt, og ég hygg, að þær upplýsingar séu frá hreppsyfirvöldum á staðnum, að eitthvað á þriðja hundrað þeirra, sem undir skjölin hafa skrifað, sé ekki á kjörskrá í hreppnum. Um þetta get ég að sjálfsögðu ekkert sagt og skal engar fullyrðingar hafa í frammi um það, hvort hér er rétt frá skýrt eða ekki, en það hlýtur að verða verkefni þeirrar hv. þn., sem málið fær til meðferðar, að kanna þetta. En í þessu sambandi vil ég benda á það, að á hausnum á undirskriftaskjalinu, sem þessir 760 menn hafa undirritað og sent Alþ., er í síðustu setningunni dálítið einkennileg klausa, sem að vísu var aðeins vakið máls á hér í dag, en ég vil þó leyfa mér að vekja alveg sérstaka athygli á, vegna þess að ég tel, að hún skipti nokkru máli. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa stuttu setningu. Þar segir ofan við áskrifendanöfnin:

„Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi skorum hér með á hið háa Alþingi að gera núverandi Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum á þingi því, er nú situr, enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir."

Það eru þessi síðustu orð, sem ég tel fulla ástæðu til að vekja nokkra athygli á. Ég hygg, að það sé enginn efi á því, að þessi klausa er þarna inn komin til þess að friða þá menn, sem í raun og veru vilja ekkert annað en sameiningu við Reykjavíkurkaupstað. Ég hef allgóðar heimildir fyrir því, eins og ég áður sagði, að þeir menn í Kópavogshreppi, sem það vilja, séu margir, og það getur ekki verið önnur ætlun þeirra, sem þetta hafa samið, en að reyna að notfæra sér þann vilja sér til framdráttar í sambandi við undirskriftasöfnunina.

Nú er það alveg vafalaust, að ég hygg, og má færa fyrir því mörg rök, að verði Kópavogur gerður að sérstökum kaupstað með fullum bæjarréttindum, þá hlýtur það að tefja mjög verulega fyrir því, að hann sameinist Reykjavík. Það þarf ekki að fara um þetta efni mörgum orðum. Það má aðeins benda á, að þarna mundi þegar koma upp töluvert embættismannalið, sem sennilega mundi heldur vera því andvígt, þegar til kæmi, að farið yrði að leggja kaupstaðinn niður og sameina hann Reykjavík, og þá mundu Kópavogur og ríkið standa uppi með nokkra embættismenn, sem yrði þá að setja annaðhvort á biðlaun eða eftirlaun, þegar til þess kæmi, að úr sameiningu yrði.

Þá hef ég einnig talað við góða og gegna menn úr Kópavogshreppi, þ. á m. einn mann, sem er alger andstæðingur núverandi bæjarsstjórnarmeirihluta í landsmálum, og hann fullyrti við mig, — það eru að vísu hans orð, sem ég hef enga aðstöðu til þess að gera að mínum, — að þessi síðasta klausa í sambandi við undirskriftirnar hafi verið notuð mjög mikið og, að því er hann vildi telja, mjög freklega misnotuð. Það er að sjálfsögðu erfitt að færa sönnur á slíkt og kannske ógerlegt, en þessi maður taldi sig þó hafa fyrir þessu algerlega öruggar heimildir. Og ef það er rétt, að reynt hafi verið að fá menn til þess að skrifa undir þetta áskriftaskjal á þeim forsendum, að það mundi a. m. k. ekki seinka, heldur jafnvel flýta fyrir sameiningu við Reykjavíkurkaupstað, þá sé ég ekki betur en það séu svo alvarlegir hlutir í sambandi við það að fá fram vilja meiri hluta kjósenda, að það jafngildi fyllilega því, þó að fengnir hafi verið einhverjir til undirskriftar, sem ekki eru á kjörskrá.

Ég hygg, að hér beri allt að sama brunni, að þar sem vefengt hefur verið með nokkrum rökum a. m. k., að ótvíræður vilji kjósenda í Kópavogshreppi í þessu máli hafi komið fram, þá sé sjálfsagt fyrir hv. Alþingi að bíða eftir því, að úrskurður um þetta falli óvefengjanlega.

Nú hefur það verið tilkynnt af yfirvöldum hreppsins, að almenn leynileg atkvæðagreiðsla um þessi mál fari fram eftir þrjár vikur, og ég sé ekki, að það sé minnsta ástæða til þess fyrir Alþingi að fara að hraða þessu máli, áður en úrslit þeirrar atkvgr. liggja endanlega fyrir.

Við vitum það, sem hér sitjum á þingi, að mörg mál liggja hjá nefndum og bíða þar afgreiðslu, sum nokkurn tíma, koma þá, eftir að þau hafa verið allrækilega athuguð, önnur sofna kannske í nefndum algerlega. Ég held, að það séu rétt og skynsamleg vinnubrögð í þessu tilfelli, án þess að ég vilji gerast talsmaður þess almennt, að mál sofi allt of lengi í nefndum, að þetta frv. fái nú dálítinn blund í þeirri hv. nefnd, sem því verður vísað til, og það verði a. m. k. ekki vakið fyrr en óvefengjanlega liggur fyrir vilji kjósenda í Kópavogshreppi, sem á að fást nú eftir þrjár vikur í leynilegri atkvgr. Ég vil í þessu sambandi hafa svo sterk orð, að þar sem þessi atkvgr. hefur verið ákveðin, þá sé það hreint og beint vansæmandi fyrir hv. Alþingi að ljúka afgreiðslu þessa máls, áður en úrslit atkvgr. liggja fyrir.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Almenningur hefur stundum haft það að gamanmálum, þegar Alþingi hefur tekið til umræðu mál, sem fólki hefur fundizt að ætti lítið erindi inn á Alþingi, og Alþingi hefur þó eytt nokkuð mörgum dögum til að ræða, að kalla það rjúpnamál. Það á sína sögu. Og nú hefur almenningur verið að segja undanfarna daga: Ja, nú hefur

hlaupið á snærið fyrir Alþingi; nú hefur stjórnarliðið fundið eitt rjúpnamálið til þess að verja nokkrum dögum þingsins til að ræða um, þó að málið virðist þannig vaxið, að það ætti í raun og veru á þessu stigi ekkert erindi inn á Alþingi. Nú hefur farið svo, að þetta mál hefur tekið svipaðan tíma af starfstíma þingsins og rjúpnamálið forðum.

Hv. ræðumaður, sem hér talaði seinast, vék að því, að þegar slík mál sem þetta kæmu fyrir Alþingi, að breyta ætti hreppsfélagi í kaupstað, þá væru það mál, sem oftast nær gengju greiðlega í gegnum Alþingi, enda væru málin þá þannig undirbúin, að það væri búið að þaulræða slíkt mál í viðkomandi sveitarfélagi, og því aðeins væri farið með það á stað inn á Alþingi, að meiri hluti fólksins hefði fengið að láta á ótvíræðan hátt óskir sínar í ljós um slíka skipulagsbreytingu á stjórnarháttum sveitarfélags síns, að hreppsnefndin eða meiri hluti hennar hefði á sama hátt látið í ljós óskir sínar í þessa átt og sýslunefnd sömuleiðis og önnur þau yfirvöld, sem með hreppsmálin eiga að fara. Og þegar málin eru svona undirbúin, þá er það segin saga, að það er ekki hægt að gera neitt rjúpnamál úr slíkri umsókn, svo vel studdri rökum.

Nú er hér flutt frv. til laga af hæstv. forsrh., hæstv. félmrh., og þriðji flm. er fyrrverandi ráðherra. Það er þess vegna alveg greinilega mjög vel vandað til flutnings á þessu frv., og það ætti ekki heldur að verða því að meini, að það virðist samkvæmt gögnum, sem því fylgja, vera samið af sjálfu félmrn. En hvað er þá áfátt við þetta mál? Jú, það er það, að það hefur að vísu samkvæmt fylgiskjali meðmæli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hann telur, að það sé æskilegt að samþ. þetta frv., af því að það sé orðið erfitt fyrir hann að framkvæma innheimtu gjalda fyrir ríkissjóð og annast skyldustörf, sem á embættinu hvíli vegna tryggingganna, og þess vegna vilji hann að þessu hreppsfélagi sé breytt í bæjarfélag. Nú mun hafa verið á það bent í þessum umræðum, að þessu væri auðvelt að ráða bót á. Það væri vafalaust ódýrara fyrir ríkið að leyfa sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að hafa mann þrisvar til fjórum sinnum í viku í skrifstofu hreppstjórans eða einn eða tvo tíma á dag í skrifstofu hreppstjórans til þess að vinna að þessum innheimtustörfum, sem sýslumaðurinn telur nú vera orðin í ólestri í þessu sveitarfélagi, af því að starfskraftar í hans þjónustu séu ekki nægilegir til þess að inna þetta af hendi. En út yfir þetta virðast meðmæli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu ekki hafa nokkra þýðingu, og hann ræður engar aðrar hliðar þessa máls en þetta með innheimtuaðstöðuna og það, að hann hafi ekki starfskrafta til að aðstoða hreppstjórann við þessi störf. En svo er það, að sýslumaðurinn leitaði til sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og spurði hana, og hún var ekki látin svara í neinu fljótræði, því að það mun vera staðreynd, að sýslufundur, sem ræddi málið, vísaði málinu til nefndar, sem valdir menn voru kosnir í, og þeir héldu fundi og athuguðu málið og komust að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að vísu að bæta aðstöðuna um löggæzlu og skattheimtu að því er snertir embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, til þess að betri framkvæmd yrði komið á þau mál. En svo benda þeir á, og virðast hafa verið sammála um það, og munu það ekki vera pólitískir fjandmenn hæstv. forsrh., sem þar tala, heldur samherjar hans, a. m. k. að meiri hluta, — þeir benda á, að það mundi veikja athafnamöguleika sýslunnar, Kjósarsýslu, ef Kópavogshreppur yrði skilinn frá henni. Og þessi röksemd sýslunefndarinnar bendir í þá átt, að auðvitað vilja sýslunefndarmennirnir ekki veikja sitt sýslufélag, og þetta er þess vegna röksemd á móti því, að frv. verði að lögum. Þó er þetta ekki eina röksemdin, sem sýslunefndin færir fram, heldur heldur sýslunefndin áfram í fylgiskjalinu hér með frv. og segir, að hér sé nokkuð óvenjulega að farið, því að venjulega beri svona mál þannig að, að frumkvæðið að flutningi eða beiðni um flutning á svona málum komi venjulega frá viðkomandi hreppsfélögum, enda telji sýslunefndin, að það sé hinn eðlilegi gangur slíkra mála. M. ö. o.: Sýslunefndin, flokksbræður hæstv. forsrh., hafa bent honum á í fskj. með frv., að hér væru farnar óeðlilegar leiðir um flutning þessa máls á Alþingi. Og í þessu tilfelli segir sýslunefndin, að það liggi ekki fyrir, eins og nú standi sakir, að hreppsstjórnin óski eftir slíkum flutningi sem þessum á frv. um að breyta hreppsfélaginu í kaupstað. Og enn bæta þeir við: Aftur á móti ef það kæmi fram eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar Kópavogshrepps eða óumdeilanlegs meiri hluta atkvæðisbærra íbúa hans, þá gæti sýslunefndin fallizt á, að hreppsfélaginu væri breytt í kaupstað. — Nú er sjálfsagt að líta á það, hvort ekki sé búið að leiða þessi rök fram fyrir málinu, að það liggi nú fyrir óumdeilanlegur meiri hluti atkvæðisbærra íbúa í hreppnum, sem vilji kaupstaðarréttindi nú þegar, eða að hreppsnefndin sjálf sé nú orðin þeirrar skoðunar, að hér beri að breyta skipulagsháttum hreppsfélagsins á þann hátt, að lög verði samþykkt um kaupstaðarréttindi því til handa.

Ég efast ekkert um það, að einmitt hæstv. forsrh. hlýtur að hafa tekið tillit til þessara röksemda sýslunefndarinnar og hefur því gert það að skilyrði fyrir því, að hann flytti þetta mál og aflaði meðflm. til þess að flytja það, að þessi sönnunargögn, sem sýslunefndin taldi að yrðu að koma fram, til þess að hún gæti mælt með málinu, lægju fyrir. Og þá er það, sem hæstv. forsrh. hefur óskað eftir því, að safnað yrði undirskriftum um málið í hreppnum, og þá hafa útsendararnir verið dubbaðir á stað. Og hvað koma þeir svo með? Koma þeir ekki með sönnunargögnin, sem sýslunefndin bað um, sönnunargögn, sem sýndu, að óyggjandi meiri hluti kosningabærra manna í Kópavogshreppi vildi, að frv. yrði flutt um, að hreppsfélagið yrði gert að kaupstað?

Það er búið að upplýsa það margsinnis í umræðunum, að fram hafi verið lagt undirskriftaskjal með 760 nöfnum, en á gildandi kjörskrá eru 1350 manns. Þannig leit út fyrir fljótt á litið, að þarna væri komin viljayfirlýsing meiri hluta hreppsbúa, og ég lái hæstv. forsrh. það ekki, þó að hann teldi, að þarna mundi vera sönnunargagn, sem væri óhætt að byggja á, því að 760 er eins og við sjáum meira en helmingur-

inn af 1350. Nú hafa einhverjir verið að gamna sér við að halda því fram, að á kjörskrá í þessu sveitarfélagi væru ekki nema 1150 eða eitthvað um það bil, en þá hefur þeim skotizt um það, að þeir hafa reiknað með úreltri kjörskrá, en samkvæmt núgildandi kjörskrá sveitarfélagsins eru 1350 á kjörskrá, og þyrftu því a. m. k. að vera 675 manns af hinum atkvæðisbæru kjósendum, sem óskuðu eftir því, að hreppnum væri breytt í kaupstað. En það mun hafa farið fram nú þegar rannsókn á því, hvort öll þessi nöfn væru ekki nöfn kosningabærra manna í sveitarfélaginu, og það stendur enn þá ómótmælt, að 224 séu þar ekki á gildandi kjörskrá. Það er enn fremur búið að upplýsa það, að eitt nafnið þarna sé nafn á 11 ára gömlu barni. Það gat forsrh. ekki vitað fyrir fram. Það er búið að upplýsa það, að þarna sé nafn á konu, sem hafi verið fjarverandi miklu lengri tíma en frá því, að undirskriftirnar hófust, og lítur því út fyrir, að það nafn hafi verið falsað. Hér hefur því farið líkt og í ævintýri Andersens, — og það er eðlilegt, að manni komi í hug ævintýri Andersens nú um þessar mundir, þegar verið er að halda veglegt 150 ára afmæli þessa ódauðlega og heimsfræga skálds um veröld alla — en það gerðist í einu af þessum ævintýrum, að það komu þrír svikarar, falsarar, til konungsins og buðu honum að búa honum klæði svo fín og fögur, að önnur eins hefðu aldrei sézt, áttu að vera úr svo fínum efnum, að enginn konungur hefði nokkurn tíma klæðzt slíkum búnaði áður. Og þeir tóku mál af kónginum og tóku að sér að sauma á hann föt. Og svo klipptu þeir út í loftið, og þeir saumuðu út í loftið, og allar tiltektirnar voru hinar stásslegustu, og það leit út fyrir, að úr þessu ætti að verða dýrindis klæðnaður, eins og lofað var. En svo endaði þessi saga þannig, að það reyndust hafa verið svikarar og falsarar, sem höfðu gert þennan glæsilega samning við konunginn og ætluðu að dubba hann svona vel upp. Og því miður verð ég nú að segja, að það lítur út fyrir, að þrír svikarar hafi líka komizt að forsrh. okkar núna, og þegar þeir áttu að leggja honum í hendur óyggjandi gögn, sem dygðu til þess að gera það réttlætanlegt, að þetta frv. væri flutt, þá leggja þeir fyrir gögn, sem eru með 224 nöfnum, sem ekki áttu að standa á slíku skjali og hafa ekkert sönnunargildi. M. ö. o.: Eins og svikararnir þrír klipptu út í loftið og höfðu alla tilburði til, þá var skrifað þarna út í loftið, skrifuð 760 nöfn, sem eru ekki með neinu gildi nema 530, og þegar svo er komið, þá stendur forsrh., sem var í góðri trú eins og kóngurinn, nakinn, hann vantar sönnunargögnin, sem hann átti að fá, og hann er jafnilla leikinn af hinum þremur svikurum nú og kóngurinn af hinum þremur svikurum í ævintýrinu. Hvað hefði nú hæstv. forsrh. átt að gera, þegar búið var að leika hann svona, alveg að óverðugu? Hann hefði átt að segja: Hypjið þið ykkur í burt, ykkar mál er eyðilagt með þessum vinnubrögðum ykkar, þið þóttuzt ætla að leggja fram sönnunargögn, þið hafið lagt fram svikið plagg. — Hugsið ykkur, þessir menn standa yfir 11 ára gömlu barni og láta það skrifa nafnið sitt á skjal, sem á að færa forsætisráðherranum, og það á að vera sönnunargagn um það, að þarna hafi kjósandi í Kópavogshreppi verið að láta í ljós vilja sinn. Heimurinn er búinn að hneykslast á svikurunum þremur í ævintýrinu, en þarna er alveg fullkomin ástæða til á sama hátt að hneykslast yfir þessum þremur svikurum, sem hafa reynt að gera gabb að forsrh. og félmrh. með þessum óviðurkvæmilega hætti. Það hefði vissulega átt að gera þetta plagg afturreka og segja þessum mönnum: Þið hafið flýtt ykkur of mikið, þið hefðuð átt að flýta ykkur hægar. — En nú virðist þessi aðferð ekki hafa verið höfð. Hæstv. forsrh. virðist ekki hafa runnið í skap við að vera svona leikinn, því að nú mun hafa verið sagt við þessa menn: Farið og látið fleiri skrifa, því að það vantar enn þá á, að það sé kominn meira en helmingur kosningabærra manna í sveitarfélaginu.

Nú kann einhver að segja: Er það nú fyllilega sannað mál, að það séu ekki nema 536 og alls ekki 760 kosningabærra manna, sem hafi skrifað undir plaggið. Ég hef að vísu engar sannanir í höndum, en ég vil segja við hina ágætu flm. frv.: Látið þið engu ljúga að ykkur um þetta, látið þið alls ekki gabba ykkur á ný. Látið þið t. d. yfirvaldið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, einhvern opinberan embættismann, fara í gegnum þessi plögg, bera þau saman við kjörskrá í Kópavogshreppi, hina gildandi kjörskrá, og látið hann gefa vottorð um það, hve margir kosningabærir menn séu þarna á þessu plaggi. — Það er alveg sjálfsagt, að flm. séu ekki í neinum vafa um það, hvað sé hið rétta í þessu efni. Og ég hygg, að þegar málið fer til nefndar, ef flm. útvega sér ekki slíkt vottorð frá eiðsvörnum embættismanni, þá verði þingnefnd, sem fær málið til meðferðar, að útvega slíkt plagg í hendurnar.

Mál eins og þetta á erindi til nefndar og svo bezt erindi til hennar, að hún gangi úr skugga um það, sem um er deilt í málinu, komist t. d. að réttri niðurstöðu um það, hve margir kjósendur hafi þarna ritað nöfn sín undir, hve mörg börn og hve margar fjarverandi konur t. d.

Það er svo annað mál, og tel ég þó, að hæstv. forsrh. hefði nokkuð mátt á það líta strax, þegar hann gerðist flm. frv. síns og fékk það plagg í hendur, sem hann vafalaust hefur gert að skilyrði að fá, að hausinn, sem kjósendurnir áttu að skrifa undir, var um tvo ósamrýmanlega hluti, um það, að þeir í senn óskuðu, að Kópavogshreppur yrði gerður að kaupstað, og í öðrum stað, að þeir með undirskriftinni óskuðu eftir annarri lausn á málinu, sem sé að skerða á engan hátt möguleikana á því, að hann yrði sameinaður Reykjavíkurborg. Þetta gat auðvitað ekki samrýmzt hvort tveggja, og hæstv. forsrh. er áreiðanlega nú búinn að uppgötva það fyrir löngu, að þarna hefur verið á nokkuð óheiðarlegan hátt strax orðaður svo haus undirskriftaskjalsins, að þar væru veiddir á menn með gagnstæðar skoðanir. Það er líka alveg út af fyrir sig ein aðferð við fölsun. Það eitt út af fyrir sig hefði átt að nægja til, að þessir virðulegu flm. segðu: Hér hefur verið óheiðarlega að farið, plaggið ber það með sér, og þetta verður gert afturreka af þeirri ástæðu einni.

Önnur rök mæla gegn því, að þetta mál sé hespað í gegnum Alþingi nú, án þess að fyrir

liggi ótvíræður vilji meiri hl. kjósenda og meiri hl. löglegrar hreppsnefndar og meirihlutafylgi sýslunefndar, en ekkert af þessu liggur fyrir nú. Hafa verið færð fram þau rök, að þetta sveitarfélag hafi ekkert sjálfstætt atvinnulíf að byggja á og geti það verið illa farið, þegar það eigi að búa að sínu sem sjálfstæður kaupstaður. Það hefur enn fremur verið bent á það, að þessi byggð er byggð fólks aðallega úr Reykjavík, fólks, sem hefur ekki fengið að byggja þak yfir höfuðið á sér hér, fólks, sem hefur ekki fengið lóðir til þess að byggja á hér í höfuðborginni og því leitað þangað, sem það gat fengið þetta hvort tveggja, og hefur lagt fram alla krafta sína við að koma þessari byggð upp á svo skömmum tíma, að undrum sætir. Og þarna er það búið á tiltölulega skömmum tíma að búa nokkuð um sig, þannig að það er búið að leggja þarna marga tugi km, ef ekki hundruð km í götum. Það er búið að leggja þarna vatnsleiðslur og skólpleiðslur. Það er búið að byggja skólahús fyrir 5 eða 6 millj. kr. Það er búið að útvega sér þarna þá aðstöðu, sem því var synjað um í höfuðborg landsins, og það valdi að fara á þessar slóðir, af því að það gat þar þó betur fengið að neyta eigin krafta til að brjótast þarna áfram og búa um sig, að vísu með miklum erfiðismunum og að vissu leyti á frumstæðan hátt til að byrja með. Það hefði ekki farið út fyrir endimörk Reykjavíkurbæjar, ef það hefði getað fengið að gera þetta innan endimarka borgarinnar. Það er því fólk frá Reykjavík, sem myndar meiri hluta þessa sveitarfélags, alveg nákvæmlega á sama hátt og fólkið leitaði héðan út fyrir Hringbrautina og kom upp Kleppsholtsbyggðinni eða Bústaðavegsbyggðinni eða byggðinni í Skjólunum. En ef á að gera eina af þessum útbyggðum frá Reykjavíkurborg að kaupstað og til þess liggja þung rök og það svo brýn, að það verður að hraða málinu, er þá ekki eðlilegt, að Bústaðavegsbyggðin verði líka gerð að sérstökum kaupstað og að Kleppsholtsbyggðin, sem er orðin fjölmennari en Akureyrarkaupstaður, verði gerð að sérstökum kaupstað líka? Það sýnist vera nákvæmlega eins ástatt um allar þessar byggðamyndanir, og ef það er rétta leiðin um eina þeirra, þá verður nákvæmlega sama viðfangsefnið og sjálfsagt að leysa úr þörfum fólksins í hinum byggðahverfunum með nákvæmlega sama hætti, og hæstv. forsrh. ætti auðvitað að vera flm. að kaupstaðarfrv. fyrir allar þessar byggðir. Sé það hins vegar rétt, að Kleppsholtsbyggðin og Bústaðavegsbyggðin o. s. frv. séu hluti af Reykjavík, þá liggur það náttúrlega í hlutarins eðli, að það er á sama hátt rétt og eins sjálfsögð lausn, að þessi byggð handan við Kópavogslæk sé líka hluti af Reykjavíkurbæ. Það er enginn eðlismunur á þessu, og á annan hvorn veginn á að taka þetta með sama hætti, annaðhvort að gera þetta að sjálfstæðum kaupstöðum allt saman eða að gera þetta allt saman að hluta af Reykjavík. Það hefur verið vitnað í Glerárþorp á Akureyri, og það er óneitanlegt, að það var mjög hliðstætt mál við þetta. Það var búið að ræða það árum saman heima í Akureyrarkaupstað og í Glerárþorpi og ekki flutt inn á Alþ. fyrr en búið var að ná samkomulagi um málið, þannig að þm. kaupstaðarins mælti hér fyrir sameiningunni, samningar höfðu efnislega átt sér stað milli byggðarlaganna og var ekkert annað en að gefa því hér hina síðustu olíu, þegar málið var í raun og veru fullútkljáð af réttum aðilum. Það tók ekki heldur langan tíma; það varð ekkert rjúpnamál úr því.

Hæstv. forsrh. mun hafa sagt í ræðu, að hann héldi, að það væri beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins, að það fengi að greiða atkv. opinberlega og það hafi það nú fengið að gera. Ég held, að það sé beztur úrskurður fólksins, sem fenginn er með leynilegri atkvgr., og það hyggst fólkið í Kópavogshreppi nú að gera. En e. t. v. hefur hæstv. forsrh. svipaðar skoðanir á hinum leynilega og almenna kosningarrétti eins og ritstjóri einn vestur á landi, sem var einn af helztu framámönnum Sjálfstfl. þar, lögfræðingur að mennt, og hann skrifaði um það í blaðið Vesturland, málgagn Sjálfstfl., að hinn almenni, leynilegi kosningarréttur væri sú mesta plága, sem yfir þetta land hefði komið, því að hinn almenni, leynilegi kosningarréttur hefði leitt af sér meiri bölvun en hafís og svarti dauði og allar styrjaldir til samans. Þetta þóttu furðulegar skoðanir hjá Vesturlands-Páli, en svo hét maðurinn eða var kallaður það hjá okkur vestur frá, og það var mjög sótt að honum út af þessum furðulegu skoðunum. En mér virðist örla á þessu sama hjá hæstv. forsrh.: Það fer bezt á því, fólkið lætur bezt í ljós vilja sinn með því, að það fái að greiða atkv. opinberlega, og það er það nú búið að gera.

Nei, þeir sem eru svo fáránlegir í hugsun að vilja heldur hafa leynilegan almennan kosningarrétt og telja hann ekki eina verstu plágu, sem yfir þjóðina hafi komið, vilja, að fólkið fái að ganga leynilega að kjörborði og tjá sig þar, eins og nú stendur til að það geri í Kópavogshreppi.

Hæstv. forsrh. mun líka hafa haldið því fram, að hreppsnefndin hafi gert tilraun til þess að tefja þetta mál. Ég hef ekki heyrt um þetta mál fyrr en núna fyrir þremur vikum eða mánuði, og það mun vera staðreynd, að ekki hafi verið rætt um þetta mál í sambandi við þær tvennar sveitarstjórnarkosningar sem fóru fram á s. l. ári. Þá mun málið ekki hafa verið talið aðkallandi af neinum flokki eða frambjóðanda neins flokks. Og ég hélt, að byrjunin á málinu nú hefði verið sú, að fulltrúar frá flokksfélögum þriggja flokka í hreppnum hefðu tekið það upp hjá sjálfum sér án viðræðu við fólkið að fá flutt frv. um þetta á Alþingi og þá beðið forsrh. og helzt stjórnina að flytja það sem stjórnarfrumvarp. Síðan mun stjórnin hafa sett sig í samband við sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og hann þegar haldið fund um málið og leitað eftir áliti sýslunefndarinnar, sem rétt var. En þá bara kemur í ljós, eins og ég benti á áðan, að meiri hluti sýslunefndarinnar var andvígur málinu, vildi ekki veikja Kjósarsýslu með því að nema burt úr því sýslufélagi stærsta og fjölmennasta hreppinn og vildi fá fram ótvíræðan vilja hinna kosningabæru manna og kvenna í hreppsfélaginu.

Mjög fljótlega eftir að þessi sýslunefndarfundur var haldinn og eftir að þessi nefnd var þar kosin til að fjalla um málið, mun sveitar-

stjórnin hafa tekið málið til umræðu og tekið þá ákvörðun að leita eftir ótvíræðum vilja fólksins, eins og sýslunefndin krafðist, með leynilegri atkvgr., sem færi fram samkv. gildandi kjörskrá hreppsins. Hæstv. forsrh. mun hafa látið að því liggja, að hreppsnefndin hefði vanrækt að leggja fram kjörskrá þá, sem nú ætti að gilda. En þetta byggist víst áreiðanlega á þekkingarskorti hæstv. forsrh. á sveitarstjórnarlögum, því að í lögum um sveitarstjórnarkosningar stendur, að kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gildi frá 24. janúar næsta ár eftir að þær eru samdar og til 23. janúar næsta ár þar á eftir. Kjörskráin, sem á að gilda í Kópavogshreppi, en þar eiga kosningar að fara fram eins og í kaupstöðunum í janúarmánuði, er kjörskráin, sem nú er rétt nýbúið að semja. Að hún hafi ekki verið lögð fram, byggist á því lagaákvæði, að þegar bæjar- eða sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram, þá skal tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi og fer um allt, sem lýtur að því, á sama hátt og um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur þegar um kosningar til Alþ. er að ræða. Síðan segir:

„Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkv. gildandi kjörskrá."

Þegar kosningar eiga að fara fram eða atkvæðagreiðslur, sem byggðar eru á kjörskrá, á óvenjulegum tíma, þá á að leggja kjörskrána fram tveimur mánuðum áður. Þó eru heimildir til að stytta frestina alla saman, og það mun hreppsnefndin einmitt hafa gert hér til þess að draga málið ekki á langinn. Það mun vera óalgengt að stytta frestina meira en um helming, en nú munu þeir hafa verið styttir einmitt niður í einn mánuð.

Það er því algert öfugmæli hjá hæstv. forsrh. og byggist á ókunnugleika af hans hendi, þegar hann sakar hreppsnefndina um að hafa reynt að draga málið á langinn. Hún hefur farið eftir heimildum sveitarstjórnarlaganna um að stytta alla fresti og fara eftir þeirri kjörskrá, sem ber að leggja fram tveimur mánuðum áður en kosningar fara fram, þegar þær fara fram á óvenjulegum tíma. Þær eru alls ekki lagðar fram í ársbyrjun þau ár, sem ekki eru kosningar. Það vita allir, sem við sveitarstjórnarmál fást.

Það er því auðvelt með þessu að hnekkja því, að sveitarstjórnin hafi enn þá gert sig seka um að vilja draga málið á langinn. Hún hefur gert sér far um að hafa atkvgr. um þetta mál eins fljótt og lög leyfa með því að nota heimildirnar um stytta fresti og tók málið undireins fyrir, þegar sýslunefnd var búin að afgreiða málið og álit sýslunefndar lá fyrir. Þá var eðlilegt, að sveitarstjórnin tæki málið til meðferðar.

Og hvenær á svo þessi ekki opinberlega undirskriftasmölun að fara fram, heldur hin löglega, leynilega atkvgr. eftir gildandi kjörskrá? Hún á að fara fram þann 24. apríl, eftir tæpar þrjár vikur.

Þegar hæstv. forsrh. var að gera að gamni sínu áðan um að kosta hv. 2. þm. Reykv. austur í Moskva, til þess að það fengi að koma í ljós, hve mikils lýðræðið væri virt þar, þá virðist mér, að hæstv. ráðh. hafi skuldbundið sig um að meta íslenzkt lýðræði og fara að lýðræðisreglum og venjum. Annars væri ekkert gaman við það að vera að senda hv. 2. þm. Reykv. til Moskva, ef hæstv. forsrh. er jafnandvígur hinum sanna anda lýðræðis og hann vill telja að þeir austur í Moskva séu. Ég held, að þó að undirskriftasmalanir séu góðar, þá geti hæstv. forsrh. landsins ekki haft á móti því, að leynilegar, skriflegar atkvgr., byggðar á kjörskrá, gefi sýnu réttari og áreiðanlegri niðurstöðu en undirskriftasmalanir manna, sem eru eins og sögupersónurnar í ævintýri H. C. Andersens.

Nú skulum við segja, að þetta frv. til laga verði gert að lögum, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki bíðlund til þess að doka við eftir niðurstöðu hinnar leynilegu atkvgr. og það sé búið að gera Kópavogshrepp að kaupstað, áður en niðurstaða atkvgr. liggur fyrir. Þá bæri ríkisstj. að láta þetta nýja bæjarfélag fá sinn bæjarfógeta, sem ég hygg að væri þá mjög eðlilegt að yrði líka sýslumaður í Kjósarsýslu. Og þangað ætti að setja skattstjóra. Annar gæti verið sjálfstæðismaður, og hinn gæti verið framsóknarmaður, svo að það gæti allt saman fallið inn í kerfið. Það yrði enginn framkvæmdaörðugleiki á því. Svo þyrfti að setja þangað lögregluþjóna, einn fyrir hverja 500 íbúa, — svona 6—7 lögregluþjóna. Þarna þyrfti að byggja fangahús. Og það þyrfti að byggja bæjarfógetabústað, svipaðan og þann í Hafnarfirði. Það þyrfti að byggja veglega skrifstofu fyrir bæjarfógetaembættið. Og svo skyldi eftir nokkrar vikur liggja fyrir vilji fólksins, úr leynilegri atkvgr. að vísu, um það, að það óskaði ekki eftir að vera sérstakt bæjarfélag, heldur hefði ákveðið með meirihlutavilja að leita samninga við Reykjavíkurkaupstað um, að hreppsfélagið fyrrverandi yrði hluti af Reykjavík með sérstökum samningum. Þá held ég að væri ástæða til, að það lyftist brúnin á Eysteini Jónssyni, hæstv. fjmrh. Það yrði búið að búa þarna til nokkuð mörg embætti og búa þessum embættismönnum aðstöðu, og svo léti fólkið í ljós, að það vildi ekkert hafa með þetta að gera, og það yrði að taka þessa hjörð á eftirlaun. Það væri lagleg sparnaðarráðstöfun, af því að þetta mál hefði verið lamið fram af svo miklu offorsi hér á Alþ. á röngum forsendum, því að niðurstaða leynilegrar atkvgr., sem færi í aðra átt en undirskriftaskjölin, hefði sýnt það, að fyrr hefði verið farið með málið á röngum forsendum og það hespað af þrátt fyrir margvíslegar aðvaranir þeirra manna, sem vildu, að vilji fólksins réði úrslitum málsins.

Ég vil halda því fram, að slík málsmeðferð væri algert einsdæmi á Alþingi. Ekkert af rjúpnamálunum fyrrverandi hefur fengið eins hastar-

lega afgreiðslu og lítið grundaða og þetta mál hefði þá fengið. Það er því sama, hvort maður talar um þetta lengur eða skemur. Forsendurnar fyrir þessu máli virðast vera óvandaðar, að maður ekki segi falskar. Og það hefur verið farið með alveg einstaklega óvönduðum hætti með undirbúning málsins, og ég hygg, að forsrh. hafi ekki á þeirri stundu, sem hann varð flm. málsins, haft hugmynd um, að svo væri í pottinn búið. Ég trúi honum alls ekki til þess að hafa tekið að sér flutning málsins, ef hann hefði vitað, hvernig gögnin voru honum í hendur búin. Og því síður trúi ég hæstv. félmrh. til þess.

Ég sætti mig vel við það, að málið, eftir þá rækilegu umræðu, sem það hefur hér fengið, fari til nefndar, og treysti því, að sú nefnd, sem fær það til meðferðar, gangi alveg örugglega og vandlega úr skugga um það, hvort undirskriftir hinna 760 manna eru allar undirskriftir kjósenda í Kópavogshreppi. Ef þær reynast það, þá hef ég farið með rangt mál og þeir, sem hafa haldið öðru fram. Ef þær reynast ekki vera nema 536 eða eitthvað þar í kring og meðal þeirra finnast nöfn 11 ára barns og konu, sem hafði ekki verið í hreppnum frá því löngu áður en undirskriftirnar hófust, þá sýnir sig, að þarna hefur verið með klækjum að farið, og þeir menn, sem töldu sig hafa vilja meiri hluta fólksins á bak við sig í þessu máli, áttu alls ekki að þurfa að grípa til slíkra ráða.

Ég tel, að ef n. kæmist að þeirri niðurstöðu, að svona bellibrögðum hefði verið beitt, þá mundi hún og vafalaust í fullu samráði við flm. vísa málinu frá á þessu þingi og bíða eftir því, að fólkið segði sinn vilja, og væri þá hægt að taka málið fyrir næsta haust, þegar Alþ. kæmi saman, og það væri auðvitað það eina, sem Alþ. væri sæmandi í slíku máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 503, n. 590).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Fjhn. hefur klofnað í þessu máli, og meiri hl. n. leggur til á þskj. 590, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl., Hannibal Valdimarsson, telur málið ekki tímabært og mun gera grein fyrir sinni sérstöðu í málinu.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er að vísu svo, að það er allmikill ágreiningur um þetta mál, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé almennt kunnugt um. Fjhn. fékk hreppsnefnd Kópavogshrepps á sinn fund til þess að ræða við hana um málið, og gerðu þeir grein fyrir sínum sjónarmiðum, bæði fulltrúar meiri og minni hl. í hreppsnefndinni. Hins vegar er það svo, að hér hafa verið lögð fram eða þinginu send undirskriftaskjöl frá íbúum Kópavogshrepps, sem munu vera komnir á 9. hundrað núna, sem óska eftir því, að Kópavogshreppur fái kaupstaðarréttindi eða verði breytt í kaupstað.

Því er haldið fram af meiri hluta hreppsnefndar, að það séu svo og svo margir af þessum íbúum, sem í raun og veru gætu ekki verið atkvæðisbærir um þetta, vegna þess að þeir séu ekki eða eigi ekki að vera á kjörskrá, sem nú á að vera tilbúin og samin, eftir því sem oddvitinn segir, lögum samkvæmt, en hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur ákveðið að láta fara fram atkvæðagreiðslu í hreppnum n. k. sunnudag um það tvennt, hvort kjósendur þar óski eftir, að Kópavogur öðlist kaupstaðarréttindi, og hvort íbúarnir óski eftir sameiningu við Rvík.

Ég vil ekki blanda mér neitt inn í þær deilur, sem milli þeirra innbyrðis standa um gildi þessarar kjörskrár og gildi þeirra undirskriftalista, sem hér hafa verið lagðir fram. Það kann kannske að vera eitthvert misræmi í því, sérstaklega vegna þess, hvernig þessi skjöl eru til orðin, kjörskráin og undirskriftirnar. En það liggur þó í augum uppi, að það mun aldrei verða mikið frávik frá því, að þessir rúmlega 800 undirskrifendur séu þannig lagað atkvæðisbærir, að þeir hafi átt og eigi búsetu í Kópavogshreppi nú, og munu flestir hafa átt við síðasta manntal þar, en kjörskráin, sem gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðslan fari eftir, er samin eftir manntali 1953 í samræmi við gildandi ákvæði um sveitarstjórnarkosningar.

Af því tilefni, að efnt hefur verið til þessarar atkvæðagreiðslu, spurðist heilbr.- og félmn. fyrir um það, hvort hreppsnefndin gæti ekki eða mundi ekki vilja einskorða atkvgr. við þetta mál, sem hér liggur fyrir þinginu. En meiri hl. hreppsn. var ákveðið á móti því, og eftir að n. spurðist einnig fyrir um það, hvort hreppsn. væri þá kunnugt um viðhorf Reykjavíkur til sameiningar, þar sem um það væri spurt annars vegar, þá var því lýst yfir af oddvitanum, að hann óskaði ekki eftir að taka upp viðræður eða leita umsagnar Reykjavíkur um það fyrr en fyrir lægi vitneskja um það, að meiri hl. hreppsbúanna óskaði eftir slíkri sameiningu.

Meiri hl. í heilbr.- og félmn. þótti hins vegar ástæða til þess af sjálfsdáðum að reyna að afla upplýsinga um það atriði, hvernig viðhorf Reykjavíkurkaupstaðar væri í þessu sambandi, og eins og fram kemur í nál., hefur verið leitað umsagnar bæjarráðs um þetta atriði. Er þess að vænta, að það berist þinginu undir meðferð málsins. Meiri hl. skilaði hins vegar sínu nál., m. a. vegna þess, að nú er orðið svo mjög liðið á þing, að það er brýn nauðsyn að hraða þingstörfum og afgreiðslu mála. Mér þykir sennilegt, að fjallað verði um þetta atriði á bæjarráðsfundi, sem halda á á morgun.

Um málið sjálft eða efni frv. hefur enginn ágreiningur verið, ekki komið fram hér innan þingsins og ekki heldur í þingnefndinni, heldur aðeins um það atriði út af fyrir sig, hvort eðlilegt sé að veita nú með löggjöf Kópavogshreppi kaupstaðarréttindi. Efni frv. mun einnig vera samið í samræmi við það, sem tíðkast í slíkum

efnum og hefur tíðkazt áður, þegar hreppum hefur verið breytt í kaupstaði.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að hafa fleiri orð um þetta, en meiri hl. n., eins og fram kemur á þskj. 590, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Það er ekki hægt að segja annað en að nú er haldið til dagsins á Alþ., og lítur út fyrir, að hér sé mál á ferðinni, sem ekki megi bíða næsta dags, ekki megi bíða þess að sól renni.

Þessu máli var vísað til 2. umr. og nefndar rétt áður en þinghlé var gefið fyrir páskana og þm. þá tilkynnt, að þeir hefðu páskaleyfi fram á miðvikudag eftir páska. En ég hygg, að það hafi verið á mánudag, annan páskadag, sem ég var boðaður á nefndarfund í heilbr.- og félmn. og beðinn að mæta á slíkum fundi morguninn eftir. Ég hafði nú ráðstafað mínum tíma til annarra starfa, með því að ég taldi mig enn þá hafa frí frá þingstörfum að boði forseta þingsins, og minnti því form. heilbr.- og félmn. á, að ég og þm. værum enn þá í þingfrii og hefðum ekki vænzt þess að þurfa að mæta á nefndarfundum meðan á friinu stæði. Form. féllst þá á að hætta við að halda fund í n., meðan Alþ. sæti ekki að störfum, og ber að þakka honum að sjálfsögðu fyrir það. En þetta sýnir, að ákaflega mikið hefur þótt liggja við, að hægt væri að koma þessu máli í gegnum þingnefnd, meðan Alþ. sat ekki að störfum, þannig að hægt væri sjálfsagt að taka málið á dagskrá fyrsta dag þingsins, þegar það kæmi saman miðvikudaginn eftir páska. Af því varð þó ekki, og enn var boðaður fundur á miðvikudagsmorgun, þann dag, sem þingið skyldi koma saman eftir friið, þá kl. 2 um daginn. Enn vorum við því í þingfrii í raun og veru, þegar boðað var til nefndarfundar í annað sinn til þess að koma þessu máli til nefndarafgreiðslu. Það var enn ekki hægt að halda fundinn, og var það ekki mín sök, heldur stóð þá þannig á, að fylgismenn stjórnarliðsins voru ýmist ekki komnir í bæinn eða gátu þá ekki mætt á fundi, svo að fundarhald um þetta mál, sem svona mikið lá á að hraða, varð ekki framkvæmanlegt heldur fyrsta dag þingsins eftir páskana, og þá var auðvitað í þriðja sinn boðað til fundar um málið næsta dag þar á eftir, þ. e. a. s. á fimmtudaginn var. Og þá tókst það, þá gátum við mætt þrír og seinna fjórir af nm., og málið var tekið til **meðferðar.**

Á þann fund var, eins og frá er skýrt í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., boðuð hreppsnefndin í Kópavogshreppi, og mætti hún, að ég held, öll á fundinum og ræddi málið við n. Þar var upplýst, að þetta mál væri aðeins búið að vera skamman tíma á dagskrá í Kópavogshreppi, hefði eiginlega fyrst komizt á dagskrá núna í febrúarmánuði og síðan hefði verið unnið að framgangi málsins hér á Alþ. Hins vegar hefði málið ekki verið rætt á s. l. ári, þrátt fyrir það að þá færu fram tvisvar sinnum sveitarstjórnarkosningar í sveitarfélaginu, og var þess getið, að engir þeirra nálega 40 manna, sem þá hefðu verið í kjöri til sveitarstjórnar í þessum tvennum kosningum, fyrir utan alla stjórnmálaflokka landsins, hefðu á þetta mál minnzt fyrir kosningu og ekki eytt einu orði í hina brýnu nauðsyn þess, að þetta mál yrði tekið fyrir til úrlausnar. Nú er þó vitað mál, að á s. l. ári var orðið allfjölmennt í þessari byggð, litlu fámennara en nú, og virðist því sem þá hefði átt að blasa við beztu mönnum byggðarlagsins og ráðamönnum þess öll hin sama nauðsyn þess að gera þarna breytingu á skipan sveitarstjórnarmálanna og ef þörf er fyrir það nú. En þetta vakti a. m. k. furðu mína, að einhver slík skyndiþróun hefði átt sér stað þarna, að nú væri málið svo brýnt aðkallandi sem það virtist vera, en enginn hefði á það minnzt fyrir nokkrum mánuðum.

Á þessum fundi var auðvitað líka skýrt frá því, að undirskriftasöfnun hefði farið fram í byggðarlaginu til þess að leita eftir vilja fólksins í hreppnum um þetta mál, og mun sú undirskriftasöfnun hafa hafizt eftir að búið var að flytja þetta mál hér á Alþ. í frv.-formi. Sennilega hefur verið unnið af nokkuð mikilli skyndingu að þessari undirskriftasöfnun og af miklum dugnaði alveg sýnilega, kannske helzt til miklum, og það viðurkennt líka þarna á nefndarfundinum, að svo slysalega hefði m. a. tekizt til, að til undirskriftanna hefðu verið teknir m. a. unglingar, ja, barn var nefnt, 11 ára gamalt. Það var viðurkennt af hreppsnefndarmanni, Hannesi Jónssyni, að þetta væri rétt, það væri 11 ára gamalt barn meðal undirskrifendanna, og skildi hann ekkert í því, hvernig slíkt hefði getað orðið. Ég skil það nú reyndar ekki heldur, nema svo óhlutvandir menn skyldu hafa þarna fengizt við undirskriftasöfnunina, að þeir hafi getað fengið sig til að standa yfir 11 ára gömlu barni og láta það skrifa sig á undirskriftaskjal, þar sem á hausnum stendur: „Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi lýsum því yfir“ o. s. frv. Þetta slys hefur varla getað átt sér stað öðruvísi en að einhver svo óhlutvandur maður hafi þarna að unnið, að hann hafi getað fengið sig til að standa yfir 11 ára gömlu barni við að skrifa undir slíkt skjal. A. m. k. er það eitt af því fáa, sem ekki er umdeilt í þessu máli, að a. m. k. einn af undirskrifendunum er svona lagaður kjósandi, 11 ára gamalt barn að aldri.

Það var líka viðurkennt á fundinum, að þessi undirskriftasöfnun væri ekki byggð á kjörskrá í hreppnum, þó að á hausnum stæði, að þetta væru kjósendur sveitarfélagsins, sem þarna væru að láta í ljós vilja sinn, heldur hefði verið þarna farið eftir manntali, og um það var mjög rætt á fundinum, að það væri miklu réttara að láta þá væntanlegu leynilegu atkvgr., sem upplýst var að eigi að fara fram núna á sunnudaginn kemur, þann 24. apríl, fara fram á grundvelli manntalsins í hreppnum heldur en á grundvelli kjörskrár, sem er í gildi nú að lögum og ætti að vera búin að ganga í gegnum þann hreinsunareld, sem kjörskrám er ætlað að ganga í gegnum, áður en þær taka gildi, sem er það, að þær liggi frammi ákveðinn tíma og síðan aðgæti íbúarnir, hvort nafn þeirra sé þar, og ef það er þar ekki, þá eigi þeir þess kost að kæra sig inn á skrána og minni hl. og meiri hl. hreppsnefndar geti líka kært inn menn, sem þeir uppgötva að vanti á skrána, og

sömuleiðis geti aðilar kært út þá menn, sem oftaldir séu á skrá og eigi ekki þar að vera lögum samkvæmt. Menn sem sé gátu deilt um það á þessum fundi, hvort væri réttara að láta hina væntanlegu leynilegu atkvgr. fara fram á grundvelli manntals eða á grundvelli slíkrar kjörskrár. Ég fyrir mitt leyti hef aldrei heyrt getið um það, að kosning eða atkvgr. geti byggzt, svo að óyggjandi sé, á öðru en kjörskrá, sem þannig hefur verið frá gengið, að hún hefur verið samin af hreppsn. eða trúnaðarmönnum hreppsnefndar, síðan legið frammi og verið kært út af henni og inn á hana, og þegar það er búið, þá undirrituð og verið hinn fasti grundvöllur, sem á að byggja á við atkvgr. eða kosningu. Hins vegar er ekki vert að halda sér allt of mikið við troðnar götur og gamlar venjur, ef annað betra er fyrir hendi, og þarna var því haldið mjög fast að okkur, að það væri miklu fullkomnara að fara eftir manntali. Á manntali eru, eins og menn vita, allir þeir, sem eru staddir í byggðarlaginu, þegar manntalið er tekið. Þar eru ungir og gamlir, nýfædd börn og gamalmenni, og þar eru útlendingar, jafnvel þeir, sem engan borgararétt hafa hér á landi. Þar eru þeir, sem dæmdir hafa verið frá kosningarrétti og kjörgengi. Og t. d. ef ætti að framkvæma hér hjá Jóhanni Hafstein einhverja atkvgr. í Reykjavík, þá þætti mér ekki ólíklegt, að það væru nokkur hundruð manna, ef það ætti að framkvæma hana eftir manntalinu, sem hefðu lent í þeirri ógæfu að vera af ýmsum sökum dæmdir frá atkvæðisrétti og kjörgengi.

Ég þykist því sjá og ég hygg, að flestir sjái ýmsa meinbugi á þessari uppástungu um þetta nýmæli að framkvæma atkvæðagreiðslu, sem ekki ætti að vera neitt deilt um niðurstöðuna af, eftir manntali fremur en kjörskrá. En því hélt einn af hreppsnefndarmönnunum ákaflega fast fram við okkur í þingnefndinni, að það væri miklu betra að framkvæma þá væntanlegu leynilegu atkvgr. eftir manntali.

Nú er því ekki að leyna, að það eina plagg, sem fylgir frv., sem við erum hér að ræða um og borizt hefur þinginu, eru undirskriftaskjölin, þar sem 11 ára gamla barnið og allir útlendingar í hreppnum eða flestir virðast hafa tekið þátt í að skrifa undir sem kjósendur væru. En það er því miður um það deilt eins og margt annað, hvort þetta plagg sé sönnun fyrir meirihlutavilja kosningabærra manna í hreppnum. Upplýst er, að á þessu undirskriftaskjali séu 760 nöfn, en kunnugir menn, sem telja sig hafa farið í gegnum undirskriftasöfnunina og borið niðurstöðuna þar saman við gildandi kjörskrá, telja sig hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að hvorki meira né minna en eitthvað yfir 220 manns á undirskriftagögnunum séu ekki fyrirfinnanlegir á kjörskránni. Það er óneitanlega smávegis óvandvirkni í því, af því að hausinn er um það, að þetta séu kjósendur í Kópavogshreppi, sem skrifi þarna undir. Nú vil ég engan veginn fullyrða, að þetta sé örugglega rétt. Ég vil leyfa mér að vefengja báða aðila. Þess vegna er það, að ég fékk ljósamyndaútgáfu af undirskriftaskjölunum, sú ljósmyndaútgáfa var tekin hér í skrifstofu Alþ., og ég fékk afrit af kjörskrá Kópavogshrepps, sem gildir frá því í janúar 1955 og til janúar 1956 og er þannig í gildi nú, og leyfði mér því, eftir að málið var komið í hendur þeirrar n., sem ég á sæti í, að skrifa borgarfógetanum í Reykjavík bréf og biðja hann að láta bera saman þetta eintak af kjörskránni og undirskriftaskjölin og komast þannig í embættisnafni að öruggri niðurstöðu um það, hvort allir þeir, sem á undirskriftaskjölunum væru, fyrirfyndust einnig á kjörskránni, en ef svo væri ekki, að gefa mér þá sem alþm. og nm., sem ætti að fjalla um málið, embættisvottorð um það, hversu margir og hverjir af undirskrifendunum fyndust ekki á kjörskrá. Ég óskaði sem sé eftir að fá notarial-vottorð um þetta og endaði bréf mitt til borgarfógetans á því að segja, að þessu máli þyrfti að hraða. Nú er enn, eins og vænta mátti, sá hraði á þessu máli og afgreiðslu þess hér á Alþ., að við erum nú alllöngu eftir miðnætti að ræða það, á 3. fundinum hér í dag, og málið hefur verið tekið á dagskrá undireins eftir að nefndarstarfi okkar var lokið.

Hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. gerði um það tillögu, að leitað yrði umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur um það, hvort Reykjavík vildi, að Kópavogshreppur sameinaðist Reykjavík. Mér fannst nú eiginlega, að þetta væri nú hálfgerð afturfótafæðing, og greiddi þess vegna atkvæði á móti till. Jóhanns Hafsteins um þetta. Ég taldi, að það væri hinn eðlilegi gangur þess atriðis í málinu, að í hinni leynilegu atkvgr. á sunnudaginn kemur væru íbúarnir í Kópavogshreppi spurðir um það, hvort þeir vildu beita sér fyrir þeirri framtíðarskipan í þeirra hreppsfélagi, að leitað væri eftir samningum við Reykjavík. Ef meiri hl. kjósendanna þar léti það í ljós, að hann vildi, að slíks væri leitað, samningar upp teknir við Reykjavíkurbæ um það, þá hefði ég talið vera eðlilega komið að því, að bæjarráð Reykjavíkur svaraði. En að svara fyrir barnið á þennan hátt, svara áður en spurt er, áður en nokkur maður hefur spurt Reykjavíkurbæ, það finnst mér vera nokkuð mikil framhleypni. En hv. nm. Jóhann Hafstein bar fram till. um þetta, og hún var samþ. í n. með 2 gegn 1 atkv. Form. n., Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., greiddi atkv. með þessari till. með Jóhanni Hafstein, en Helgi læknir Jónasson sat hjá, og ég greiddi atkv. á móti, af því að ég taldi ekki tímabært, að bæjarráð Reykjavíkur færi að ómaka sig á fund til þess að fjalla um þetta atriði, fyrr en það væri komið í ljós, að meiri hl. kjósenda í Kópavogshreppi óskaði eftir þessari skipan og leitaði eftir því við Reykjavíkurbæ. Mér þykir nú næsta líklegt, úr því að Reykjavík var svona áfjáð í að fá að svara, áður en spurt væri, að þá leggi bæjaryfirvöldin í Reykjavík ekki aðeins á sig að halda um þetta bæjarráðsfund, heldur líka bæjarstjórnarfund, áður en Kópavogsbúar hafa látið nokkuð í ljós um, hvort þeir vilji þetta eða ekki.

En það fór þannig með notarial-vottorðið, sem ég vildi fá til þess að ganga úr skugga um, hvort það væru raunverulega svona mikil vanhöld á undirskriftaskjölunum, að borgarfógetinn í Reykjavík, sem ég bað að hraða þessu verki hið mesta, kvaðst hafa lítið starfsfólk í sinni skrifstofu, og í dag lét hann í ljós, að hann mundi ekki geta lokið þessu verki með neinum hætti

fyrr en í fyrramálið. Ég hafði þó skrifað mitt nál. skömmu eftir að nefndarfundinum var lokið og gerði þar ráð fyrir að birta sem fskj. hið helzta, sem meiri hl. og minni hl. hreppsnefndarinnar höfðu látið í ljós sem sinn vilja í þessu máli, enda voru bæði meiri hl. og minni hl. hreppsnefndarinnar því fylgjandi, að mér virtist, á þingnefndarfundinum, að öll þau gögn, sem hefðu komið frá bæði meiri hl. og minni hl. varðandi þetta mál, yrðu lögð fyrir n., og þá taldi ég sjálfsagt einnig, að það yrði lagt fyrir þingheim með því að birta það sem fskj. með mínu nál. En síðan ætlaði ég enn fremur að birta sem fskj. með nál. mínu notarial-vottorð borgarfógetans í Reykjavík um það, hvort nöfn allra undirskrifendanna væru fyrirfinnanleg á kjörskrá. Nú hafði meira að segja verið fallizt á það við borgarfógetann til þess að gera honum og hans skrifstofu þetta starf sem auðveldast að taka upp þau nöfn, sem meiri hl. hreppsnefndar telur að ekki séu á kjörskránni og séu þannig ekki fólk, sem eigi að skrifa undir skjal, þar sem á hausnum stendur, að kosningabærir menn í hreppnum ætli að láta álit sitt í ljós, og starfsfólk borgarfógetans þyrfti þannig ekki að fara í gegnum allt undirskriftaskjalið, heldur einungis að bera saman þau nöfn, sem af öðrum eru talin ekki vera á kjörskránni, og bera þau saman við kjörskrána og votta síðan, hvort þau séu þar eða séu þar ekki. Ef það kæmi í ljós, að borgarfógetinn og hans starfsmenn kæmust að þeirri niðurstöðu, að ekkert eða nálega ekkert af því fólki, sem nú er sagt ekki finnast á kjörskránni, væri þar, þá væri þar með fengið embættisvottorð um, að undirskriftirnar væru heldur ómerkilegt plagg og ekki slíkt sönnunargagn um meirihlutavilja kjósenda í Kópavogshreppi sem upphaflega var látið í veðri vaka. En hv. meiri hl. n. hefur ekki getað beðið eftir því, að hægt væri — sem mér fannst þó vera skylt — að ganga úr skugga um það með embættisvottorði, hverjir hefðu rétt fyrir sér, þeir, sem telja, að kjósendur einir séu undirskrifaðir á undirskriftaskjölunum, eða hvort þar sé á þriðja hundrað manns, sem hafi ekki þegnrétt í Kópavogshreppi til þess að taka þátt þar í atkvgr.

Mitt nál. er sem sé nú í prentun og hefur verið það síðan snemma í dag og bíður einungis eftir því, að hægt sé að birta niðurstöðuna af notarialvottorði borgarfógetans, svo að ekki sé lengur hægt að rífast um það, hvort undirskriftaskjölin séu gildur vitnisburður um vilja meiri hluta kjósenda í hreppnum eða undirskriftaskjölin séu það ekki. En svo mikið er víst, að ef það reynist þannig samkv. vottorði fógetans, að um eða yfir 200 manns á undirskriftaskjölunum sé ekki á kjörskrá í Kópavogshreppi, þá er það orðið sannað mál og ekki hægt að rífast um það lengur, að það er ekki enn þá fenginn meirihlutavilji, sem mælir með því, að Kópavogshreppur sé gerður að kaupstað nú. Ef sú stoðin, sú eina, sem þetta frv. hangir á, félli nú þannig og brotnaði í tvennt, þá er sem sé enginn grundvöllur fyrir þessu frv., því að þess eru engin dæmi, að frumvörp um að gera hrepp að kaupstað hafi verið flutt öðruvísi en það væri byggt á í fyrsta lagi vilja kjósenda í viðkomandi sveitarfélagi, í öðru lagi á vilja meiri hluta sveitarstjórnar og í þriðja lagi byggt á vilja og meðmælum sýslunefndar. Með undirskriftaskjölunum var sem sé látið í veðri vaka, og ég hygg, að flm. hafi trúað því, að flutningur þessa frv. væri studdur óyggjandi vilja meiri hluta kjósendanna, en samkv. því, sem haldið er fram og á eftir að sannast náttúrlega með notarial-vottorði embættismanns, mun koma í ljós, að ég hygg, að meiri hluti kjósenda verði ekki lesinn út úr þessum undirskriftaskjölum.

Hitt kemur svo hér í ljós með frv. sjálfu, að sýslunefnd Kjósarsýslu mælir ekki með frv., mælir ekki með því, að þessi skipulagsbreyting sé gerð á sveitarstjórnarmálum í Kópavogshreppi, því að hún vekur athygli á, að slíkt mundi veikja athafnamöguleika sýslunnar verulega, og er því andvíg þessu, tekur það einungis í mál, ef það kæmi í ljós á ótvíræðan hátt og eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar Kópavogshrepps og óumdeilanlegs meiri hluta atkvæðisbærra íbúa, að þá mundi hún þó auðvitað sætta sig við slíka breytingu. Svona djúpt tekur sýslunefndin í árinni á móti því, að þetta frv. verði gert að lögum. Nú vantar þetta hvort tveggja, sem sýslunefndin heimtar. Það vantar meðmæli meiri hluta sveitarstjórnarinnar, og það vantar enn sem komið er örugga sönnun fyrir því, að meirihlutavilji atkvæðisbærra manna sé fyrir hendi til stuðnings þessu máli.

Nú er kunnugt um það, að sveitarstjórnin í Kópavogshreppi hefur ákveðið, að á sunnudaginn kemur, núna eftir örfáa daga, fari fram leynileg atkvgr. um það, hvaða skipan íbúarnir í hreppnum vilji að upp verði tekin um stjórn sveitarmála þar. Ég hefði því talið algerlega sjálfsagðan hlut að halda ekki lengur áfram umr. um þetta mál og vera þannig að eyða tíma þingsins í að fjalla um það, fyrr en fyrir lægi vilji kjósendanna með niðurstöðu þessarar leynilegu atkvgr., sem nú stendur fyrir dyrum og auðvitað á að fara fram á grundvelli kjörskrár, sem meiri hluti og minni hluti hreppsnefndar hafa fjallað um og kært út af og kært inn á eftir réttum reglum og gengið frá lögformlega, þannig að enginn geti efazt um, að þar sé réttilega um hnúta búið.

Við þessa atkvgr. hlýtur að koma í ljós í fyrsta lagi, hvort það er til meirihlutavilji kjósenda í hreppnum fyrir því, að þetta frv. verði samþ. og Kópavogshreppi nú þegar breytt í kaupstað, eða hvort héraðsbúar vilji, að upp verði tekin einhver önnur skipan á stjórn sveitarmálanna. Þar hefur aðallega verið tekið í mál, hvort héraðsbúar, sem að miklum meiri hluta til eru komnir héðan frá Reykjavík, vilji, að þeirra sveitarfélag sameinist Reykjavík og ekki verði stofnaður kaupstaður. Ef það færi svo, að meiri hluti hreppsbúa, þeirra sem atkvæðisrétt hafa um sveitarstjórnarmál, segði: Við viljum ekki stofna kaupstað og viljum heldur, að leitað sé eftir samningum við Reykjavík um, að hreppsfélagið sameinist höfuðborginni, — ja, þá finnst mér a. m. k. hlálegt, ef Alþ. væri að forspurðum íbúunum á grundvelli undirskrifta, sem hefðu þá ekki staðizt og sýndust ekki styðjast við meiri hluta kjósendanna, búið að samþ. lög um það, að þetta hreppsfélag skyldi verða kaupstaður, hvað sem

hver segði, hvort sem þeir vildu það sjálfir eða ekki, og þar skyldi stofna bæjarfógetaembætti, þar skyldi auðvitað reisa veglegan bæjarfógetabústað, þar skyldi auðvitað stofna tollstjóraembætti og þar skyldi auðvitað reisa honum bústað, þar skyldi koma upp lögreglu, sjálfsagt ekki fámennari en svo, að það væri einn lögregluþjónn fyrir hverja 700 íbúa, svo að þarna væru um 6—7 lögregluþjónar; þar þyrfti auðvitað að byggja gott og vandað tugthús, og þar þyrfti að koma upp pósti og síma. Það er ófært fyrir bæjarfélagið að hafa ekki pósthús og símstöð. Pósthúsið hér í Reykjavík er ekki fullnægjandi fyrir Reykjavík, hvað þá heldur fyrir aðra kaupstaði. Þar yrði að koma upp þessum stofnunum báðum og mörgum, mörgum fleirum. Og ekkert skil ég í Eysteini, fjmrh., ef hann vill ekki byggja þetta, þó að það væri bara tjaldað til einnar nætur. Ekkert skil ég í honum, ef hann vill ekki, að ríkisstj. sýni þessa rausn.

En samt er það nú svo, að manni sýnist, að það væri dálítið hlálegt, ef frv. væri keyrt hér í gegnum 2. umr. í nótt, jafnvel 3. umr. líka undir morguninn og svo gengi það á morgun til 1. umr. í Ed. með afbrigðum; það væri reynt að keyra það í gegnum 2. umr. aðra nótt í Ed., svo kæmi miðvikudagurinn, fundur í Sþ., því miður ekki hægt að halda þessu nauðsynjamáli þá áfram, svo kæmi sumardagurinn fyrsti, og ekki geri ég ráð fyrir þingfundum þá, þó að mikið liggi nú við, og væri þá möguleiki til þess að drífa málið í gegnum 2. og 3. umr. í Ed. á föstudaginn og laugardaginn og atkvgr. hjá hreppsbúum ætti að fara fram á sunnudaginn. Það má segja, að þar skylli eiginlega hurð nærri hælum hjá ríkisstj. og stjórnarflokkunum að geta með ýtrustu herkjum og afburða dugnaði unnið stríðið á móti lýðræðinu og komið frv. í gegn nóttina áður en vilji fólksins gæti komið í ljós í leynilegri atkvgr.

En svona standa málin. Með því, að haldið sé vel á öllu og tíminn notaður nætur og daga og allt að því lagt inn á helgidagsbrot vegna starfsáhuga þingsins, þá er hugsanlegt, að það gæti tekizt að gera þetta frv. að lögum nóttina áður en fólkið gengi að kjörborði til að láta í ljós vilja sinn. En alltaf hefur verið venja, að slík mál væru grundvölluð á vilja íbúanna í því sveitarfélagi, sem skipulaginu væri verið að breyta hjá, þangað til núna.

Það er líka alveg sérstaklega vel um það búið, að það fari ekki í neinum undandrætti að framkvæma þessi lög, ef það skyldi takast að ganga frá þeim hér á Alþ. nóttina áður en atkvgr. færi fram í hreppnum, því að það endar ekki á þann venjulega snubbótta hátt, sem frv. enda oft á: Lög þessi öðlast þegar gildi. — Sú setning er hér að vísu í 22. gr., en þar við er bætt: Gerir ráðh. ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda. — Það skal ekkert dragast. Eftir að lögin hafa tekið gildi, þá er ráðh. bundinn lagastaf um að byrja þá þegar að stofna embættin, sem bæjarfélagið nýja á að fá, og sjálfsagt verður líka farið að teikna og reikna út, hvað kosti nýju embættisbústaðirnir, sem þarf að reisa, og alveg sérstaklega vel um það búið í niðurlagssetningu frv. Það er ekki alveg eins og þegar átti að framkvæma frv. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Það tók hátt í þrjú ár, þangað til var farið að framkvæma þau lög, og þannig hefur það oftar gengið til. Það ætti þess vegna líklega að enda fleiri frv. á þessu: Gerir ráðh. ráðstafanir til, að þau komi þegar í stað til framkvæmda.

Ég dreg því enga dul á það, að ég get ekki séð annað en að það væri hinn eðlilegi gangur þessa máls að hætta þessu kapphlaupi við vilja fólksins í sveitarfélaginu, sem hér á hlut að máli. Það er ómögulegt að neita því, að þetta fólk á rétt á því að segja til í leynilegri kosningu, hvort það vill, að hreppsfélagið þeirra sé gert að kaupstað nú þegar eða ekki, og það á rétt á því að geta sagt til við leynilega atkvgr., hvort það vill leita annarra skipulagshátta á sveitarfélagi sínu, og er þessi frv.-flutningur með öllu þessu óðagoti tilraun til að svipta fólkið í hreppnum þessum lýðræðislega rétti sínum. Ég mun því við þessa umr. leggja til, að umr. sé frestað hér, þangað til atkvgr. hefur farið fram og menn vita, hvort fólkið í Kópavogshreppi, það sem atkvæðisrétt hefur þar um sveitarstjórnarmál, vill, að stofnaður sé kaupstaður nú þegar eða hvort leitað sé samninga við Reykjavíkurbæ um sameiningu þessara sveitarfélaga. Ef það kemur í ljós, að meiri hluti fólksins í hreppnum vilji, að stofnaður sé kaupstaður nú þegar, þá verð ég ekki á móti því máli; þá hygg ég, að enginn þm. hreyfi hönd á móti málinu. Og hvað er þá í hættu að bíða fram yfir sunnudaginn? Þá gerist það hér á Alþ., sem stundum kemur fyrir, að allir verða sammála, stjórnarherrar, stjórnarlið og stjórnarandstaða, og þessi eina fylking gengur upp í einingu andans og bandi friðarins og frv. fer í gegn á skömmum tíma. Þá þarf engar kúnstir til þess að koma frv. fljótt og eðlilega og ljúflega í gegnum þingið, því að það liggur ekkert við, að þingið sé að ljúka störfum nú í kringum þessa næstu helgi; það stendur áreiðanlega fram yfir mánaðamótin, sennilega fulla viku af maí. Það er hér verið að leggja fram hvert frv. á fætur öðru frá stjórninni þessa dagana. Var verið að ræða hér mörg frv. frá stjórninni núna í dag við 1. umr. í fyrri d. Þess vegna er nógur tími til þess að afgreiða þetta mál sem samhljóða og einróma mál þingsins. Ef meirihlutavilji kjósendanna í Kópavogshreppi á sunnudaginn kemur tjáir þann vilja, að hér sé stofnaður kaupstaður, þá verður þetta frv. gert að l. ágreiningslaust. En ef hitt yrði ofan á, að fólkið í hreppnum segði: Við viljum heldur leita samninga við Reykjavíkurbæ um sameiningu — þá væri ekkert vit af stjórninni að vera búin að hamra í gegnum þingið móti vilja fólksins, en aðeins byggt á ímynduðum vilja þess vegna undirskriftanna, að stofnaður skyldi verða nýr kaupstaður hérna rétt hjá Reykjavík, kaupstaður, sem hefur ekki nokkurn atvinnumálagrundvöll sjálfstæðan, kaupstaður, sem þarf að leita með vinnu handa flestum sínum íbúum til Reykjavíkurbæjar, enda fólkið þaðan komið. Og þetta er byggð, sem hefur vaxið upp á örfáum árum, byggð, sem hefur vaxið upp vegna þess öngþveitis, sem hefur skapazt undir stjórn íhaldsins í Reykjavík í húsnæðismálunum. Það öngþveitismál var einmitt verið

að ræða hér áðan. Þetta fólk á því sannarlega rétt á því að koma aftur til föðurhúsanna, ef það lætur í ljós þann vilja sinn.

Þannig standa líka sakirnar, að það er full ástæða til þess að taka skipulagsmál byggðanna, sem eru að myndast hérna allt í kringum Reykjavík, til sérstakrar athugunar og rannsóknar og ráða þeim málum til lykta í heild eftir gaumgæfilega athugun þar til kjörinna manna. Það væri ákaflega eðlilegt, ef það yrði ofan á í atkvgr. á sunnudaginn í Kópavogshreppi, að meiri hlutinn þar léti í ljós, að hann vildi sameinast Reykjavík, að þá væri ekki látið við það eitt sitja, heldur væri tekið til athugunar, hvort ekki væri rétt að sameina Seltjarnarnesbyggðina, sem er hluti af hinum gamla Kópavogshreppi, og Kópavogshreppinn við Reykjavík og hvort ekki væri ástæða til jafnframt að athuga, hvort það væri ekki líka skynsamlegt að sameina hluta af Garðahreppi eða Garðahrepp kannske allan Hafnarfirði eða í raun og veru að taka í heild af fulltrúum frá Reykjavíkurbæ, frá Hafnarfjarðarbæ, frá Garðahreppi, frá Seltjarnarneshreppi og Kópavogshreppi þessi mál til athugunar í nefnd, sem Alþ. t. d. skipaði eða flokkarnir tilnefndu fulltrúa í. Það væri að taka á þessum málum með viti, og þar yrði svo ekkert ákveðið, fyrr en búið væri að fá að vita, hver væri vilji íbúanna í þessum sveitarfélögum, og það er áreiðanlegt, að það væri hægt að fá þann vilja fram hjá íbúum þessara hreppa, sem skynsamlegur væri og vel grundvallaður af slíkri nefnd, sem hefði rannsakað þetta mál í heild.

Nú standa sakirnar t. d. þannig, að Hafnarfjarðarbær er að sækjast eftir að fá hluta af Garðahreppi innlimaðan í Hafnarfjarðarkaupstað, undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, og það mál er óleyst og verður áfram deilumál, ef það mál er ekki tekið til rólegrar yfirvegunar af fulltrúum þessara sveitarfélaga. Engin ástæða er til þess að taka þau mál út af fyrir sig til athugunar, en miklu eðlilegra, eins og ég hef nú sagt, að taka þessi mál öll til yfirvegunar í sameiginlegri nefnd Reykjavíkur og allra þessara sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli. Og ég sé ekki, hvaða maður eða menn eða hvaða flokkar gætu haft nokkurt ógagn af því, að málin væru tekin upp á þennan skynsamlega hátt, annaðhvort eftir að búið væri að hverfa frá að samþ. þetta frv. eða í sambandi við afgreiðslu þess. Það væri t. d. ekkert óeðlileg lokaafgreiðsla þessa frv., t. d. hér við 3. umr., að horfið væri frá afgreiðslu þess og samþykkt af þinginu að kjósa slíka nefnd, sem tæki skipulagsmál allra þessara sveitarfélaga í kringum Reykjavík og Hafnarfjörð til rækilegrar yfirvegunar. Það er að myndast sams konar byggð í Garðahreppi, þar sem Silfurtún er, eins og var að myndast fyrir nokkrum árum í þeim núverandi Kópavogshreppi, sem er orðinn nú eins fjölmennur og ýmsir kaupstaðir landsins. Það er út frá fjölmenninu í byggðarlaginu ekki nokkur skapaður hlutur á móti því, að þetta byggðarlag yrði kaupstaður, ef á það eitt er litið.

Ég veit það fyrir víst, að ef hæstv. forsrh. hefði haft áhuga á þessu máli, þá hefði hann ekki látið sig vanta hér við umr. En hann hefur forðazt það eins og heitan eld að vera við umr. um þetta hans ágæta mál, sem hann er 1. flm. að. Hæstv. félmrh. höfum við ekki séð hér í húsinu, þegar málið hefur komið á dagskrá. Það er eins og þeir hafi hlaupið leiðar sinnar eins og byssubrenndir, þegar málið er komið nálægt dagskrá og líkur til þess, að það yrði tekið til umr. Og minn ágæta flokksbróður, Emil Jónsson, fyrrv. ráðh., sem er 3. flm. frv., hef ég ekki heldur séð hér nærverandi, þegar málið hefur verið til umr. Það er eins og hér hafi verið sett, að því er þessa menn snertir, upp svo ægileg fuglahræða, að þeir hafi hlaupið leiðar sinnar og út úr þinghúsinu og vilji hér ekki nærri koma. Ég veit ekki, af hverju þetta er. En svo mikið er víst, að það lýsir hvorki áhuga né því, að þeir beri mjög fyrir brjósti, að þetta frv. þeirri nái fram að ganga. Menn eru vanir að leggja sig fram sjálfir og berjast fyrir hverju því máli, sem þeir leggja mikið kapp á að verði samþykkt.

Það reyndist hér áðan, að það eru ekki svo margir þm. hér við, að hv. d. væri ályktunarfær. Hæstv. forseti gerði skyldu sína um að leita eftir því og komast að þeirri niðurstöðu, að það væri fjarri því, að d. væri ályktunarfær, og það sýnir líka, að þetta ágæta frv. hefur haft svona dreifandi áhrif á lið stjórnarinnar líka, ekki aðeins á ráðh. og flm., heldur allt þeirra lið. Það er, eins og ræðumaður sagði í kjördæmi hæstv. forseta fyrir nokkrum árum: „Það er bara eins og það hafi komizt hundur í hænsnahóp“, þegar þetta frv. hefur komizt hér á dagskrána. Allt er tvístrað. Þess vegna held ég, að það væri bezt að geta kveðið frv. sem fyrst niður eða a. m. k. lagt það einhvers staðar á hillu og til hliðar fram yfir sunnudaginn, þangað til fólkið hefur látið í ljós vilja sinn.

Það er þó vitað um einn mann, sem virðist hafa áhuga fyrir því, að frv. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað verði að lögum. Það er bæjarfógetinn í Hafnarfirði, sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hann segir, að það sé vegna þess, að það sé mjög erfitt fyrir hann sem embættismann að gera þar sínar embættisskyldur, byggðin sé orðin svo fjölmenn og hann hafi ekki mannafla í sinni skrifstofu til að sinna þessu, eða eins og hann segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ósk Kópavogsbúa um bæjarréttindi fyrir hreppinn kemur mér ekki á óvart og hefði ekki gert, þótt fyrr hefði komið. Mér hefur verið ljóst um skeið, að óhjákvæmilegt væri að gera sérstakar ráðstafanir að því er varðar stjórn og skipan mála þessa sveitarfélags, svo ört sem það hefur vaxið hin síðari ár, og hef því fyrir nokkru látið þá skoðun í ljós við rétta aðila. Get ég því fyrir mitt leyti mælt með því, að hreppurinn fái kaupstaðarréttindi, og tel rétt, að nauðsynlegri breytingu á skipan mála í hreppnum verði flýtt.

Kópavogshreppi var skipt úr Seltjarnarneshreppi um áramótin 1947 og 1948 og hann gerður að sérstöku sveitarfélagi. Þegar skiptin fóru fram, voru í Kópavogshreppi um 850 íbúar, en síðan hefur þeim fjölgað svo, að nú 7 árum síðar eru þeir 3230, og nú eru þeir víst orðnir enn fleiri. Verður ekki betur séð en að þessi öri vöxtur muni halda áfram í nokkur ár enn. Störf

þau, sem embættið hér þarf að leysa af hendi í þessum fjölmenna og ört vaxandi hreppi, eru mörg og margvísleg. Auk sjálfrar löggæzlunnar og dómsögunnar og þeirra rannsókna, sem þeim eru samfara, annast embættið, svo sem kunnugt er, alla álagningu skatta á hreppsbúa til ríkissjóðs og tryggingana og innheimtu þeirra. Voru skattgreiðendur í hreppnum á s. l. ári um 1500 talsins. Embættið fer með greiðslu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins til hreppsbúa, bæði ákveður, hverjum skuli greitt, hve mikið hverjum, og greiðir út bætur. Bótaþegar í hreppnum eru nú um 560, og njóta um 900 einstaklingar bótanna, og er fyrsta barn á fjölskylduheimilum þá ekki talið með. Þinglýsingar úr Kópavogshreppi eru nú 700 á ári. Mörg önnur störf eru unnin hér vegna Kópavogshrepps, eins og vera ber."

Þetta eru aðalrök sýslumannsins fyrir því, að hann mæli með, að Kópavogshreppi sé breytt í kaupstað og að frv. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað verði gert að lögum. En þetta hreppsfélag er aðeins búið að vera til í því sniði, sem það nú er í, 7 ár. Og þetta er aðallega vegna þess, að sýslumannsembættið hefur ekki mannafla til að inna þarna störf af hendi, og þetta er orðið svo umfangsmikið, að hreppstjórinn, sem er annars mikill dugnaðarmaður, hefur ekki heldur bolmagn til að inna þessi störf af hendi fyrir sinn sýslumann, og þarf enginn að undrast það. En það hefur verið hins vegar bent á, að það væri hugsanleg leið að leysa þessi vandkvæði á annan hátt en að breyta hreppnum í kaupstað, með öllu því, sem því fylgir. Það hefur verið bent á, að það væri hugsanlega heldur ódýrara fyrir ríkissjóð að leyfa bæjarfógetanum í Hafnarfirði eða sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að bæta við einum fulltrúa hjá sér og að hann fengi athvarf í skrifstofu hreppstjórans annaðhvort hluta úr degi eða svona annan hvern dag til þess að taka á móti tryggingagjöldum og til þess að auðvelda hreppsbúum að koma sínum gjöldum af sér og hafa samband við sýslumannsembættið og losna við ferðir til Hafnarfjarðar nálega daglega í sambandi við þetta. Og þetta væri a. m. k. fyrst um sinn sómasamleg úrbót á þeim vandkvæðum, sem sýslumaðurinn talar um. En aðrar nauðsynjar til þess að breyta þessu minnist hann ekki á. Þetta er þess vegna eins hjákátlegt og þegar vitfirringur fer að sækja vatn yfir lækinn, að biðja um endilega að breyta hreppsfélagi í kaupstað, þó að það þurfi að gera einhverja ráðstöfun í sýslumannsembættinu til þess að framkvæma innheimtustörf og önnur embættisverk þar á staðnum. Það virðist bókstaflega í rauninni ekki hafa neitt hugrænt samband við skipun sveitarstjórnarmálanna í þessu hreppsfélagi. Hitt virðist mér vega miklu þyngra í þessu máli, þegar sýslunefndin í Kjósarsýslu bendir á það, að sýslufélagið mundi verða veikt eftir, ef langfjölmennasti hreppurinn skildi við sýslufélagið.

Ýmsar fleiri breytingar væru einnig eðlilegar í sambandi við stofnun kaupstaðar í Kópavogshreppi, t. d. það, að Gullbringu- og Kjósarsýsla yrðu aðskildar og bæjarfógetinn í hinum nýja kaupstað yrði þá einnig sýslumaður í Kjósarsýslu. Það sýndist vera mjög eðlileg skipan, því að sennilega er embættið ærið stórt og erfitt og umfangsmikið: Hafnarfjarðarkaupstaður og hin sívaxandi byggð, erlend og innlend, á Suðurnesjum í Gullbringusýslunni — svo að það sýnist vera ástæða til að taka óskir sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til greina með því að taka einmitt tillit til framtíðarinnar á þann veg að minnka þá sýslumannsembættið um leið og leggja nokkuð af hans ábyrgðarþunga yfir á herðar þess væntanlega bæjarfógeta, sem kæmi í Kópavogskaupstað.

Ég skal nú ekki fjölyrða miklu meira um þetta mál. Ég hef látið í ljós, að mér þyki það furðulegt, að frv. skuli vera borið fram á Alþ. um breytingu sveitarstjórnar í sveitarfélagi, án þess að með þeirri breytingu sé mælt og það mál sótt af meiri hluta sveitarstjórnar, án þess að það mál sé stutt af ótvíræðum vilja kjósenda í viðkomandi sveitarfélagi og ekki einu sinni búið að spyrja kjósendurna um það, hvaða skipan sinna mála fólkið vilji helzt. Ég hef enn fremur bent á, að það séu óleyst vandkvæði þarna hjá fleiri sveitarfélögum í kringum Reykjavík og Hafnarfjörð, sem öll skynsemi mælir með að séu leyst í sameiningu með tilliti til þess, hvort ekki sé ástæða til að taka, að undangenginni rannsókn á því máli, ákvörðun um, hvernig skuli ákveða mörkin milli Hafnarfjarðarbæjar í framtíðinni og Reykjavíkurbæjar og hvort ekki eigi þar með að leggja Garðahrepp og Kópavogs- og Seltjarnarneshrepp undir þessi bæjarfélög og sameina þau, eða jafnvel að taka til athugunar, hvort lögsagnarumdæmi Reykjavíkur ætti ekki að ná yfir Mosfellssveitina, Seltjarnarnesið, Kópavogshreppinn, Garðahreppinn og Hafnarfjörð og þetta væri allt saman ein borg, því að þetta er allt að vaxa saman, — Mosfellssveitin er auðvitað alveg sjálfsögð undir þetta líka, því að þangað er Reykjavík að byggjast nú óðfluga. Þetta er í eðli sínu allt ein og sama borgin. Það er einnig hugsanlegt, að n., sem athugar þessi mál í heild, komist að þeirri niðurstöðu, að það væri það skynsamlegasta og réttasta. En það, sem ég tel að liggi mest í augum uppi í sambandi við þetta frv., er, að það er hlálegt, að Alþ. skuli sitja að fundarhöldum fram á nætur til þess að reyna að geta komið frv. í gegnum báðar d. einum degi áður en fólkið getur fengið tækifæri til að láta í ljós vilja sinn um efni málsins. Það er og verður hlægilegt og það ber lýðræðinu á Íslandi í dag því miður ekki fagurt vitni, ef hæstv. ríkisstj. undir forustu forsrh. heldur fast við að geta komið því í gegn. Ég er nú í raun og veru að vona, að hann sé frá því horfinn sjálfur, úr því að hann kemur ekki nálægt þessu. Það er líka augljóst mál, að brennandi áhugi er ekki fyrir málinu í Kópavogshreppi.

Ég tók eftir því um daginn, að það var auglýst, að flokksfélag Sjálfstfl. í Kópavogshreppi boðaði til fundar, ekki bara um hreppsmál, heldur um hreppsmál og þjóðmál, viðhorfið í stjórnmálunum í dag. Og það var auglýst í Morgunblaðinu, og það var auglýst í ríkisútvarpinu, að hæstv. forsrh. mundi mæta á fundinum. Og hvernig var mætt? Var ekki allur Kópavogshreppur mættur á stundinni til að bugta sig fyrir

sínum forsrh., sem hafði tekið að sér að flytja um það frv., að það skyldi verða bæjarstjórn í Kópavogskaupstað í staðinn fyrir hreppsnefnd í Kópavogshreppi og að hreppnum skyldi í skyndingu breytt í kaupstað? Maður skyldi ætla, að það hefðu ekki margir af hinum trúu þegnum okkar ágæta forsrh. látið sig vanta. En það mættu um 20 manns í þessari fjölmennu byggð. Ég er alveg sannfærður um, að þá hefur hæstv. forsrh. runnið í skap, þegar hann sá, að dónarnir, sem höfðu staðið yfir 11 ára barni við að skrifa undir undirskriftaskjalið, höfðu ekki einu sinni svo mikið við í trú og hollustu við hæstv. forsrh. að mæta, þegar það hafði verið auglýst með miklu yfirlæti, að hann kæmi til að ræða hreppsmál og þjóðmál. Og þetta er vafalaust skýringin á því, að hæstv. forsrh. lætur ekki sjá sig í sambandi við umr. um þetta mál. Hann er búinn að fá á því skömm og forsmán, og ég lái honum það ekki.

Ég á sem sé mitt nál. í prentun frá því snemma í dag, en því hefur ekki verið útbýtt hér, af því að það vantar annað fskj. með, sem sé notarial-vottorðið frá borgarfógetanum, sem virðist ekki hafa getað lokið því í dag, en hefur nú lofað að ljúka því í fyrramálið. En þar lagði ég til í því nál., að umr. yrði frestað fram yfir þann tíma, sem atkvgr. um skipulagsmál Kópavogshrepps fer fram, en það er á sunnudaginn kemur, eins og ég hef áður sagt. Og ég vil nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að bera fram þessa till., sem er í mínu hálfprentaða eða fullsetta nál., og sú till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem ákveðin hefur verið leynileg atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í Kópavogshreppi innan fárra daga um framtíðarskipan sveitarstjórnarmála þar, ályktar deildin að fresta umr. um málið, þar til atkvgr. hefur farið fram og vitneskja þannig fengin um vilja kjósenda í Kópavogshreppi um skipan þessara mála.“

*Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till. og bið afsökunar á því, að hún er borin fram skriflega, þar sem ekki hefur sem sé verið hægt að bíða eftir því, að nál. fengist prentað til fulls og því útbýtt hér, og læt þar með lokið málið mínu um þetta að sinni.*

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 503, n. 590 og 595).

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir um bæjarstjórn í Kópavogshreppi, hefur átt því sérstaka láni að fagna hér á Alþingi að vera tekið fram yfir flest önnur mál og fá hér meiri hraða en títt er um mál á Alþingi. Þetta er eitt af hinum seinustu málum þingsins, en að því hefur verið unnið af alveg óvenjulegu kappi. Þannig var það, að þetta frv. var látið ganga fram fyrir mörg mál á sínum tíma, þegar það var hér til 1. umr., og af feiknalegum áhuga var reynt að koma málinu í gegnum 1. umr. og til n. fyrir þinghléið um páskana. Raunverulega var þó enginn eðlilegur tími til þessa, en þetta var samt sem áður barið í gegn. Ég var einn af þeim, sem þá tóku nokkurn þátt í umr. um þetta mál, en vegna þess að svo stóð á hjá mér eins og reyndar fleiri þm., að ég átti nokkuð langt heim að fara í þinghléi, þá vitanlega gat ég ekki verið við alla umr. málsins, varð að fara hér frá í miðju kafi. Og eftir sem sagt að ýmsir þm. voru farnir héðan heim í páskaleyfi, var samt sem áður haldið áfram að reyna að koma þessu máli áfram, svo geysilega þýðingarmikið sem það var.

Í þessu sambandi má svo minna á, að hér fyrir hv. Alþingi liggur fjöldinn allur af málum, sem komu fram á fyrstu dögum þingsins, strax í októbermánuði. Hér hafa ýmsir hv. alþm. fundið að því, að þessi mál hafa ekki fengizt afgreidd, þau liggja enn lítt eða ekki athuguð í nefndum, og þau fá ekki að koma til afgreiðslu þingsins. En þetta Kópavogsmál verður að ganga hér fyrir öllu, eins og um eitthvert lífsnauðsynlegt stórmál væri að ræða, og það skal barið hér í gegn.

Nú er svo ástatt, eins og menn vita, að það eru ýmis stórmál uppi með þjóðinni þess eðlis, að flestir landsmenn spyrja um lausn þeirra. Verkfallið hefur nú staðið á annan mánuð, og það er eðlilega spurt mikið um það, hvað Alþingi hugsi sér að gera til lausnar þeim mikla vanda, sem allir landsmenn eiga þar við að glíma. En *Alþingi er ekkert að fást við lausn á verkfallinu.* Hér liggur ekkert fyrir um það, hér fara yfirleitt sáralitlar umr. fram um það, a. m. k. af hálfu þeirra manna, sem mest mega um það ráða. En í staðinn geta menn fengið að glíma við Kópavogsmálið. *Þetta minnir á það, þegar stundum áður hefur verið tekið þannig á alvarlegum málum hér á Alþingi, að þegar einhver stærstu og örlagaríkustu mál hafa legið fyrir nauðsynleg til úrlausnar hér á Alþingi, þá hefur verið fundið upp eitthvert einkennilegt mál, eins og* t. d. rjúpumálið um árið eða minkamálið í annað skipti, allt um það leyti sem hin alvarlegustu mál lágu hér raunverulega fyrir, sem var virkileg þörf á að leysa.

*Ég lít svo á,* að þetta Kópavogsmál sé mjög í sama stíl. Vitanlega hafa ekki verið færð hér fram nokkur minnstu rök fyrir því, að það liggi lífsnauðsynlega á að skáka þessu máli fram fyrir önnur mál og ætla að knýja þetta mál hér í gegnum Alþingi nokkrum dögum áður en sá hreppur, sem hér á hlut að máli, lætur fara fram almenna, leynilega atkvgr. meðal íbúa um það, hvort þeir yfirleitt óska eftir því, sem þetta frv. fer fram á, eða ekki. En það eru þung og sterk öfl, sem ýta hér á eftir, krefjast þess af forsetum þingsins að vinna að þessu máli með meira atfylgi en nokkru öðru máli. Þetta skal barið í gegn á tiltölulega örfáum dögum.

Hér í umr. um þetta mál hefur verið m. a. skýrt frá því, að svo mikið lá á í sambandi við afgreiðslu málsins, að þm. máttu ekki einu sinni hafa frið þann tíma, sem var þó yfirlýst þinghlé og menn áttu að eiga frí frá þingstörfum. Á þessum tíma voru þeir nefndarmenn, sem áttu að athuga um þetta frv., kallaðir til starfa. Á meðan yfirlýst þinghlé var og ekki var unnið að neinum málum hér á Alþingi, voru þeir boðaðir til fundar til að ræða um þetta Kópavogsfrv. Þegar neitað var af þm. að taka þátt í slíkum algerum aukastörfum við þetta mál, var þó látið

kyrrt liggja um skeið. Nú þegar 2. umr. þessa máls á að hefjast, er það líka mjög athyglisvert, hvenær hún var látin byrja. 2. umr. málsins fór ekki fram hér á Alþingi á venjulegum fundartíma og eins og venjulegast er um mál. Nei, það var byrjað á 2. umr. málsins um kl. 2 í nótt. Þá voru auðvitað flestir alþm. farnir heim að sofa, höfðu ekki treyst sér til þess að vaka svo lengi hér, og í tilraunum hæstv. forseta til þess að fá hér afbrigði fyrir till., sem fram komu, kom í ljós, að þingið var ekki starfhæft, það voru alls ekki nógu margir þm. vakandi hér í húsinu, til þess að hægt væri að sinna hér eðlilegum þingstörfum, og þá varð auðvitað að hverfa frá um sinn og fresta málinu. En enn skal nú þetta mál tekið upp hér og reynt að reka það í gegn af þessu ofurkappi, af því að það liggur lífið við. Það þarf sem sagt endilega að reyna að koma í kring samþykkt málsins hér á Alþingi daginn áður en íbúar þeir, sem þarna eiga hlut að máli, greiða opinberlega atkv. um málið í sínu byggðarlagi. Þetta eru alveg furðuleg vinnubrögð, og þau munu lengi í minnum höfð á Alþingi, ef svo heldur áfram sem til stendur í þessu máli. Að vísu verður að játa það, að nokkuð hefur dregið úr móði þeirra, sem hér beita sér einkum fyrir þessu máli. Það vill nú að vísu svo til, að þeir ofurkappar, sem eru frumkvöðlar að málinu úr byggðarlaginu, eru ekki hér í þessum sölum enn þá og geta því ekki fylgt því eftir af fullum sprettþunga; þeir hafa fengið aðra menn til þess að hlaupa með þetta mál hingað inn fyrir sig, en þeir virðast ekki vera eins sporléttir. Þeir fylgja málinu þannig að vísu eftir, að þeir reka fast á eftir forsetum að halda fund um málið og reyna að koma því í gegn, en þeir hafa sig ekki ýkja mikið í frammi um það að ræða um þetta mál, upplýsa eða sinna því á eðlilegan hátt. Þeir eru venjulega ekki mættir hér, þegar málið er á dagskrá.

Fyrsti flm. þessa frv. er hæstv. forsrh. (ÓTh). Hann talaði hér nokkur orð fyrir þessu frv., þegar málið kom hér fyrir til 1. umr. Síðan hefur hæstv. forsrh. ekki látið sjá sig, og við 2. umr. hefur hann ekki komið hér í deildina. Maður skyldi líka ætla það, eins og ég vék að áðan, að hæstv. forsrh. hefði í sjálfu sér öðrum hnöppum að hneppa nú um þetta leyti en að stússa í þessu Kópavogsmáli, ekki þýðingarmeira en það er í sjálfu sér, enda hefur hann nú valið þann kostinn að kasta málinu hér fram, getur í rauninni engu svarað þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, og standa hér þannig frammi fyrir þm. að vera uppvís að því að vera illa undirbúinn um allt, sem málinu við kom, og hlaupa svo frá öllu, flýja umr. og taka ekki þátt í þeim á neinn hátt.

Þessi málsmeðferð öll er vitanlega alveg óvenjuleg. Ég vék að því hér við 1. umr. málsins, að það væri unnið að þessu bæjarmáli fyrir Kópavog á allt annan hátt en áður hefði tíðkazt hér á Alþingi um hliðstæð mál. Í öllum tilfellum, þegar sveitarfélag hefur óskað eftir því að breyta skipulagi sínu og taka upp kaupstaðarskipulag með bæjarstjórn, hefur legið fyrir Alþingi ósk frá viðkomandi sveitarstjórn um þessa breytingu. Hér í þessu tilfelli liggur ekki fyrir nein ósk frá sveitarstjórninni í Kópavogshreppi. Þessi almenna regla, sem alltaf hefur verið viðhöfð, er brotin í þessu tilfelli. Í öllum slíkum tilfellum áður hefur líka legið fyrir umsögn viðkomandi sýslunefndar um breytinguna, og það er örsjaldan, sem gripið hefur verið til þess að breyta skipulagi hrepps í einu sýslufélagi gegn mótmælum sýslunefndar. Hér liggur hins vegar fyrir umsögn sýslunefndar, og umsögnin er tvímælalaust neikvæð. Sýslunefndin tekur greinilega fram, að hún telji, að ekki komi til mála að samþ. þessa breytingu, nema á ótvíræðan hátt liggi fyrir viljayfirlýsing meiri hluta hreppsbúa um þessa breytingu. Að þessu leyti til eru líka öll þau form, sem hér hafa gilt áður um breytingu á hreppsfélagi í kaupstað, brotin.

Ég hef bent á það áður, að það er sannarlega þess virði fyrir hv. Alþingi að gera sér fulla grein fyrir því, hvort rétt er að brjóta þessar gömlu reglur, sem gilt hafa í þessum efnum. Ef nú verður farið inn á þá braut að hlaupa eftir till. minni hl. í hreppsfélagi og eftir ákaflega vafasamri undirskriftasöfnun meðal íbúa til þess að fara fram á, að Alþingi breyti skipulagi sveitarfélags, þá getum við fyllilega átt von á því, að hingað berist ákaflega margar beiðnir héðan og þaðan af landinu á hliðstæðan hátt og þarna er gert, því að vitanlega eru æði oft uppi deilur í hreppsfélögum um það, hvaða skipulag skuli þar haft á málum. Og ég hygg, að það hafi gengið svo til í flestum byggðarlögum, sem hafa þurft að glíma við þennan vanda áður, að þá hafi ekki allir verið þar á einu máli í upphafi. Það hefur í upphafi venjulega verið einhver minni hl. og einhver meiri hl. um það, hvort rétt væri að stefna að því að gera viðkomandi stað að kaupstað eða breyta stjórnarskipulagi þar. En sú regla hefur verið látin gilda, að heimamenn verða að jafna sín ágreiningsmál sjálfir á eðlilegan hátt. Meiri hl. meðal hreppsbúa verður að koma fram. Ef meiri hl., sem er í hreppsnefndinni á þeim tíma, sem kröfurnar koma fram, er andvígur því, að breytt verði þar um skipulagsform, þá vitanlega hlýtur vilji hreppsbúa að koma fram t. d. í næstu kosningum á eftir, og ef vilji stendur raunverulega að baki, þá verður það knúið í gegn af hreppsbúum, að meiri hl. skapist í hreppsnefndinni fyrir þeim kröfum, sem hreppsbúar standa að, sem sagt því að breyta um skipulag á staðnum.

En hvernig stendur nú á því, að þetta má ekki ganga fyrir sig í þessu byggðarlagi eins og annars staðar? Það hefur verið á það bent, að í þessu byggðarlagi hafa farið fram tvennar sveitarstjórnarkosningar nú á stuttum tíma. Í fyrsta lagi fóru þar fram almennar sveitarstjórnarkosningar um sama leyti og í öllum öðrum sveitum á landinu af þessari stærð. Þá mátti taka eftir því meira að segja allt austur á land, maður eins og ég gat orðið var við hávaðann af kosningum þaðan. Þá mátti taka eftir því, að þar fóru ákaflega hávaðasamir menn og án efa sprettharðir og duglegir ungir menn. Þeir ætluðu að steypa viðkomandi meiri hl., sem þarna var, og tryggja sínu sveitarfélagi miklu betri forustumenn á næsta kjörtímabili. Það fór eins og gengur, eins og oft hefur farið fyrir okk-

ur ýmsum, sem að sveitarstjórnarmálum höfum unnið, að þeir töpuðu í kosningunum; þeir gátu ekki náð meiri hluta. En vegna þeirrar sérstöðu kannske, sem þessir menn hafa, að þeir sögðust eiga ríkisstj. landsins og marga ákaflega sterka menn á bak við sig, undu þeir ekki úrslitunum, eins og ævinlega var algengt að una. Þeir stóðu fyrir því að gera sitt sveitarfélag ákaflega hlálegt í augum almennings í landinu og knúðu fram aðrar kosningar eftir örstuttan tíma. Auðvitað hafa þessar síðari kosningar í Kópavogshreppi verið sveitarfélaginu til baga á allan hátt. Í þessum síðari kosningum var vopnabrakið ekki minna þar, en úrslitin urðu þau sömu. Þessir menn, sem börðust um á hæl og hnakka og sprikluðu sem fastast og ekki vildu una eðlilegum úrslitum í kosningum, féllu enn á rassinn og náðu ekki meiri hluta.

Í þessum tvöföldu kosningum höfðu þessir menn ekki verið búnir að finna út, að það væri lífsnauðsyn fyrir þetta sveitarfélag að skipta um stjórnarform og hætta að vera hreppsfélag, en verða bæjarfélag. Þá voru þeir ekki enn farnir að berjast fyrir því, voru ekki enn búnir að finna þetta upp. En svo kemur þriðja atrennan á örskömmum tíma, og þá á að nota hið mikla ríkisvald, sem þessir menn eiga, sem höfðu tapað í kosningum í byggðarlagi sínu, — þá á að nota hið mikla ríkisvald, nota það, að ráðh. standi á bak við þá, o. s. frv., og þá skal nú knýja það í gegn, að enn einu sinni verði efnt til kosninga í þessu byggðarlagi, þvert ofan í lög og rétt allan, það skuli breytt um stjórnarform í byggðarlaginu, þetta skuli ekki lengur heita hreppsfélag, þar skuli ekki lengur vera hreppsnefnd, heldur skuli nú koma bæjarstjórn og það skuli verða kosnir bæjarfulltrúar með öllu tilheyrandi. Ég held, að það geti varla farið fram hjá mönnum, sem eitthvað hafa hlustað á þessar deilur, að svona er þessu varið, að hér er verið að knýja fram með einhverju ofurkappi manna, sem hafa tapað í kosningum, eftir mjög afbrigðilegum leiðum ákvörðun um það, að þarna skuli kjósa enn einu sinni og þarna skuli þeir, sem hingað til hafa tapað, fá að reyna enn einu sinni við það, hvort þeir gætu nú ekki náð meiri hluta eða a. m. k. einhverjir gætu orðið bæjarfulltrúar, sem hafa ekki hingað til getað orðið hreppsnefndarmenn.

Það atriði út af fyrir sig, hvort á að veita Kópavogshreppi rétt til að öðlast bæjarréttindi eða ekki, er allt annað mál en það, sem hér liggur raunverulega fyrir. Hér eru engar deilur um það, að Kópavogshreppur er orðinn það fjölmennur, að honum yrði ekki neitað um að gerast kaupstaður með þeim réttindum og skyldum, sem kaupstaðir hafa, ef farin væri venjuleg leið um breytingar í þessu efni, eins og farin hefur verið hjá öðrum hliðstæðum aðilum á landinu.

Ég fyrir mitt leyti hef lýst því hér yfir, að ég skyldi glaður vera með því, greiða því hér atkv., að Kópavogshreppur fengi kaupstaðarréttindi, en ég vorkenni honum ekki að sækja um þetta og ganga í gegnum þessi form á venjulegan hátt. Íbúarnir eiga að óska eftir því. Ef meiri hluti hreppsnefndar gerir það ekki f. h. þeirra, þá á að láta fara fram atkvgr. meðal íbúanna, og sú atkvgr. á að segja til um það. Einhverjir pólitískir ofurkappar, sem geysast um í blöðum og á fundum og hafa tapað í nokkrum kosningum, eiga ekki, þó að þeir eigi að baki sér heila ráðh. og stóra stjórnmálaflokka, að hafa vald eða aðstöðu til þess að troða sínum málum inn á Alþ. og heimta forgang til afgreiðslu á sínum málum fram yfir aðra og brjóta þær reglur, sem í gildi hafa verið í þessum efnum um áraraðir. Til slíks er engin ástæða.

Þegar þetta mál var lagt hér fram og lítils háttar talað fyrir því af 1. flm. málsins, hæstv. forsrh., fann hann sjálfur, að það vantaði veruleg rök fyrir framgangi þessa máls hér. En hann þóttist þó geta fest sig við eitt ákvæði, sem hann hefði í höndum og ætti út af fyrir sig að nægja, en það var, að það hefði verið hlaupið á milli húsa í hreppnum og óskað eftir því, að hreppsbúar skrifuðu undir skjöl, þar sem þeir skoruðu á Alþ. að samþ. þessa breytingu, sem hér er farið fram á. Og forsrh. benti á, að nú væru komnir hingað til Alþ. undirskriftalistar með 760 nöfnum kjósenda úr þessum hreppi, en 760 kjósendur mundu vera meiri hluti hreppsbúa og þar með væri í rauninni þessu fullnægt, að meiri hluti hreppsbúa óskaði eftir breytingunni.

Nú var hæstv. forsrh. bent á það, að allnákvæm athugun kunnugra manna hefur farið fram á þessum undirskriftalistum, og þá hafði komið í ljós, að við samanburð á gildandi kjörskrá í hreppnum, — en það er vitanlega sú eina kjörskrá, sem getur verið hið gildandi plagg í þessum efnum í hreppnum, það er sú opinbera skýrsla, sem er lögð til grundvallar, þegar kosningar fara þar fram, hún er samin samkvæmt lögum, og það er auðvelt að sjá um, að hún sé samin á réttan hátt, því að um það eru skýr lagafyrirmæli til, — þá sögðu þessir kunnugu menn, að eftir nákvæman samanburð hefði komið í ljós, að af þessum 760 undirskriftum væru, ef ég man rétt, 224 nöfn, sem væru ekki finnanleg á kjörskrá í hreppnum. Það var því alveg augljóst mál, að ef þessi athugun á undirskriftalistunum var rétt, þá hafði ekki einu sinni fengizt meiri hluti hreppsbúa til þess að greiða atkvæði á þennan sérkennilega hátt, sem sagt á opinberan hátt, með undirskriftum á undirskriftalista; þá vantaði allmikið upp á, að fengizt hefði meiri hluti kjósenda í hreppnum.

Síðan hefur sannazt, þannig að ekki verður um deilt, að hinir mestu ofurkappsmenn í þessu máli og höfundar málsins, sem hafa hrundið því á stað, hafa jafnvel viðurkennt það hér fyrir þingnefnd á Alþ., að það sé veruleg brotalöm á því, hvernig þessi undirskriftasöfnun hefur farið fram. Þeir hafa t. d. fyrir þingnefnd á Alþ. viðurkennt, að í þessum undirskriftum sé að finna nafn 11 ára gamals barns, og engum dettur vitanlega í hug að halda því fram, að þetta 11 ára gamla barn sé kjósandi í hreppnum. Fleira hafa þeir svo viðurkennt í sambandi við þessar undirskriftir, sem sannar alveg ótvírætt, að þarna er ekki um kjósendur í hreppnum að ræða að öllu leyti.

Þegar þessir menn hafa nú séð, að þeir höfðu enga undankomu í þessum efnum, að þeir gátu ekki haldið því fram með neinum sanni, að þessir listar væru nöfn kjósenda úr Kópavogshreppi,

hafa þeir horfið að því einkennilega ráði að reyna að halda því fram, að raunverulega ætti ekki að leggja kjörskrána í hreppnum til grundvallar, þegar talað er um það, hvort meiri hluti hreppsbúa hefur lýst sig fylgjandi þessari breytingu eða ekki, heldur ætti að leggja til grundvallar manntalið í hreppnum. Þetta er vægast sagt alveg furðuleg tilraun til þess að snúa sig út úr miklum vandræðum. Allir, sem nokkuð hafa komið nærri hreppsmálum og að ég tali nú ekki um nærri bæjarmálum, hljóta að þekkja það, að manntölin eru allt annað en kjörskrá. Á manntal verður að taka fjöldamargt fólk, sem hefur ekki samkvæmt landslögum rétt á því að komast inn á kjörskrá. Á manntal eru t. d. skráðir útlendingar, sem hafa ekki borgararéttindi og hafa ekki rétt til þess að verða settir á kjörskrá og vera fullgildir kjósendur. Og ýmislegt fleira getur komið til greina í sambandi við þá, sem á manntal kunna að koma, að þeir lendi aldrei á kjörskrá. Sú regla er líka svo gömul, að það ættu ekki einhverjir sprettfiskar þarna sunnan úr Kópavogi, sem nú standa fyrir þessu máli, að vera menn til þess, þó að þeir eigi sterka menn að baki sér, að ætla að breyta þeirri reglu líka, að þegar kosningaleg átök þurfa að fara fram í byggðarlagi hér á landi, þegar um það er deilt, hvort meiri hluti eða minni hluti er til staðar í einu máli, að þá megi ekki leggja kjörskrá þar til grundvallar og almenna leynilega atkvgr. samkvæmt gildandi kjörskrá, — hún skuli ekki vera hinn rétti mælikvarði í þessu efni, heldur eigi að taka upp allt aðra reglu, sem aldrei hefur verið farið eftir áður, reglu t. d. um það, að þeir greiði atkvæði í málinu, sem staddir eru í hreppnum, þegar deilan stendur yfir, eða eitthvað því um líkt. En það er nánast það, sem menn eru að fara fram á, þegar þeir vilja taka tillit til manntalsins.

Mér virðist, að þeir menn, sem standa nú mest að þessu Kópavogsmáli, eigi eftir að læra allmikið í meðferð hreppsmála og hefðu endilega þurft að fá að vera í námunda við hreppsnefnd eða jafnvel í hreppsnefnd nokkuð mörg ár enn, áður en þeir fara í bæjarstjórn, því að það virðist vera, að þá skorti ákaflega mikið á kunnugleika í þeim efnum, hvernig menn verða að haga sér í slíkum málum sem þessum, ef þeir ætla að neita eins gömlum og settum reglum og þessu.

Svo hefur verið þyrlað upp nokkru moldviðri um það, hvernig kjörskráin í þessum hreppi muni vera til komin og hvernig hún sé. Og það er verið að draga í efa, að kjörskráin sé samin þannig, að hægt sé í rauninni að leggja hana til grundvallar. Ja, hvað er að heyra! Það eru þó til lög í þessu landi, og svo er líka til yfirvald í þessu umdæmi, sem þarna á hlut að máli. Það eru til mjög skýr lög um það, hvernig á að semja kjörskrá og hvenær hún á að semjast og eftir hvaða reglum, og það er allajafna svo, að það eru ákveðnir aðilar á hverjum stað, sem semja kjörskrá, venjulega er það sérstök kjörskrárnefnd. Og löggjafinn í þessu efni gerir ráð fyrir því, að það geti verið svo óvandaðir menn til í einni hreppsnefnd eða í einu byggðarlagi, að þeir semji kjörskrána vísvitandi rangt og svíkist um eitthvað í þessum efnum, — lögin gera fyllilega ráð fyrir öllu slíku, og þá er til kærufrestur samkvæmt lögum, og það hefur hver og einn rétt til þess að kæra yfir framlagðri kjörskrá, ef kjörskrá hefur ekki verið rétt samin. Það sýnist þá vera hægur vandi í þessu efni fyrir þá, sem mest hafa beitt sér fyrir þessu máli og nú vilja tortryggja kjörskrána í þessu umdæmi, að leita til yfirvalds síns, fyrst til hreppstjórans í umdæminu, sem mér skilst að muni vera á þeirra bandi, og síðan til næsta yfirvalds, sem er sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og m. a. þingmaður úr kjördæmi þeirra, og mér skilst nú, að hann muni heldur vera á þeirra bandi í þessu máli líka, því að hann hefur a. m. k. lagt hér fram heldur meðmæli með því sem sýslumaður, að þessi breyting yrði gerð. Og hvernig stendur á því, að þessir spretthörðu og duglegu menn leita ekki eftir eðlilegum lagaleiðum, kæra samningu kjörskrár, kæra kjörskrána, sem kann að vera ólögleg, eftir réttum lagalegum leiðum og tryggja það samkvæmt landslögum, að í þeirra byggðarlagi eins og alls staðar annars staðar sé viðurkennd kjörskrá, sem hægt sé að kjósa eftir, og það í tíma?

En í staðinn fyrir að fara alla þessa venjulegu leið grípa menn til þess ráðs að segja: Ekki kjörskrána, hún er samin af vondum mönnum og illa samin og óréttlát og ekkert hægt eftir henni að fara, en við notum hið mikla vald, sem á bak við okkur stendur, við eigum ráðh., við eigum ríkisstj., og við skulum keyra þetta eftir óvenjulegum leiðum í gegn, hvað sem öllum lagareglum líður.

Nei, ég held, að það verði að viðurkennast, að svona vinnubrögð eru ekki þess eðlis, að hv. Alþ. geti fallizt á þau og geti gefið mönnum fordæmi um að óska eftir því, að svona sé á málunum haldið.

Ég vil líka í þessu efni minna á það, eins og ég kom að áður, að það hafa nú með stuttu millibili farið fram kosningar í þessu hreppsfélagi, væntanlega eftir kjörskrá, og sú kjörskrá hefur auðvitað verið samin samkvæmt lögum, og þá trúi ég ekki öðru en þeir menn, sem þar deildu fast um það, hvort þeir gætu náð meiri hluta í þessu byggðarlagi eða ekki, hafi kært yfir samningu kjörskrár, hafi þeir talið á sinn hlut hallað, og einhver vindgangur held ég að hefði nú sézt um það einhvers staðar, ef kjörskráin hefði verið talin vera mjög vilhöll í seinustu kosningum, þegar hin hörðu átök fóru þarna fram. Nei, þá var sem sagt kjörskráin góð, og hún átti a. m. k. að vera góð, ef upplesturinn úr atkvæðakassanum hefði orðið hagstæður. Þá var allt í lagi, og þá var ekki kært yfir neinu. En svo þegar á að fara að nota þessa kjörskrá við almenna atkvgr. í hreppsfélaginu um allmikið hitamál þar, er hlaupið í að segja, að kjörskráin sé svo vafasöm, að það sé ekki hægt eftir henni að fara. Svona rök geta ekki dugað, það er útilokað.

Eins og ég vék að, eru undirskriftaskjöl, sem til Alþ. hafa borizt, og á skjölunum, sem fyrst komu, voru 760 nöfn, og kunnugir menn töldu, eins og ég sagði, að 224 nöfn af þeim væru ekki finnanleg á kjörskrá í hreppnum. Nú eru auðvitað deilur manna á milli um það, hve miklu kunni að skakka þarna, þó að allir viðurkenni,

að á þessa lista hafi skrifað ýmsir, sem eru ekki á kjörskrá í hreppnum og ættu ekki þarna að vera. Þó að allir séu orðnir sammála um það, þá eru hins vegar ekki allir sammála um það, að hve miklu leyti þessir undirskriftalistar eru réttir um kjósendur í hreppnum og hve margir þeir menn séu, sem þarna ættu ekki að vera taldir sem kjósendur.

Af hálfu þeirra manna, sem andæfa hér á móti þessu frv. og telja hér rasað um ráð fram, hefur verið bent á það og óskað eftir því, að þessir undirskriftalistar yrðu lagðir fyrir opinberan aðila, bæjarfógeta eða annan slíkan, hann yrði látinn lesa þessa undirskriftalista saman við gildandi kjörskrá, og á þann hátt fengi Alþ. á ótvíræðan hátt upplýsingar um það, hvað margir raunverulegir kjósendur í þessu sveitarfélagi hafa með undirskrift sinni óskað eftir þessari breytingu og að hve miklu leyti þessar undirskriftir eru aðeins markleysa.

Hvernig bregðast nú þeir, sem ákafast sækja þetta mál, við þessum tilmælum? Nei, auðvitað máttu þeir ekki vera að því að bíða eftir þessu, og þessu neituðu þeir harðlega, þetta kæmi ekki til mála. Og svo fast var að þeirri n. gengið hér í Alþ., sem þetta mál fékk til meðferðar, að þar voru fulltrúar stjórnarliðsins, en það virðist aðallega standa að þessu máli, reknir til að neita þessu sjálfsagða ákvæði. Ég verð nú að segja það, að borið saman við það, sem algengast er hér í nefndum á Alþ., þykir ekki goðgá að senda þau bréf og þær skýrslur og þær umsagnir, sem hingað berast, til ýmissa aðila til þess að fullprófa þessi gögn eða til að fá úr því skorið, hvort þau eru rétt eða ekki rétt. Það þykir alltaf sjálfsagt að verða við slíkum tilmælum, svo framarlega sem nokkur leið er að koma því við. En í þessu tilfelli má ómögulega beita þessari reglu. Það á að fara hina leiðina. Helzt af öllu á að berja málið svo fast hér í gegnum þingið, að það sé búið áður en yfirlýsingar frá opinberum starfsmönnum, eins og t. d. fógeta, um það, hversu traustar þessar undirskriftir séu, geta legið fyrir.

Hvers konar ofurkapp er nú þetta? Nú er alveg ómögulegt, held ég, að halda því fram, að það geti haft úrslitaþýðingu fyrir þetta sveitarfélag, hvort það öðlast sín bæjarstjórnarréttindi deginum fyrr eða deginum síðar. Því hefur ekki verið haldið fram af neinum, og mér er ekki nokkur leið að koma auga á, að það geti skipt máli í þessu tilfelli. Og ef menn hefðu því viljað fara eftir eðlilegum reglum, virðist ekkert vera sjálfsagðara um afgreiðslu þessa máls en að játa, að það sé réttmætt, að það fari fram nákvæm athugun opinbers aðila á þessum undirskriftaplöggum, sem eru einu rökin, sem standa á bak við flutning þessa máls, og beðið sé einn dag eða svo, meðan þessi athugun fer fram. Kæmi það svo í ljós, sem hinir kunnugustu menn hafa haldið fram í þessum efnum, að það vanti allmikið á, að með þessum undirskriftum hafi meiri hluti kjósenda í hreppnum óskað eftir breytingunni, þá virðist ekkert annað liggja beinna við en að fallast á það að doka við með afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþ. fram yfir næstu helgi, þar til íbúarnir eru búnir að ganga að kjörborðinu í sínu byggðarlagi og greiða þar atkvæði samkv. réttum, lýðræðislegum reglum um það, hvort þeir óska eftir þeirri breytingu, sem þetta frv. fer fram á, eða ekki.

Því hefur verið hér lýst yfir af þeim, sem andæft hafa þessu máli hér á Alþ., að færi nú svo, að atkvgr. um næstu helgi leiddi til þess, að meiri hluti hreppsbúa óskaði greinilega eftir því, að hreppnum yrði breytt í bæjarfélag, þá mundi verða svo til einróma samþykkt þetta frv. hér á Alþ. og þá gæti þetta orðið afgr. á tiltölulega örfáum mínútum og þyrfti ekkert um það að karpa á neinn hátt. Og það er vitað mál, að Alþ. á eftir að standa a. m. k. eina viku fram yfir næstu helgi, það er það minnsta, svo að það er mjög auðvelt að tryggja þessu sveitarfélagi bæjarréttindi eftir réttum reglum, ef menn bara þora að glíma um þessi mál eftir réttum lýðræðislegum reglum. En það er svo hjá þeim miklu lýðræðisköppum, sem að þessu máli standa og í tíma og ótíma eru að tala um lýðræðisást sína og það, hvernig þeir séu verndarar lýðræðisins, að þegar þeim er boðið upp á að leysa eitt mál eftir þessum sönnu lýðræðislegu reglum með almennri, leynilegri atkvgr. fólksins, sem hlut á að máli, þá þora þeir ekki að taka slíkri hólmgöngu á neinn hátt. Það er alveg augljóst mál, að þeir menn, sem neita slíku, treysta ekki á það, að meiri hlutinn í þessu byggðarlagi óski við leynilega atkvgr. eftir þessari breytingu. Ef þeir treystu á það, að meiri hl. óskaði eftir breytingunni, þá sjá allir menn, að það kæmi ekki til mála annað en að þeir féllust á að fresta þessu fram yfir næstu helgi. Þá ættu þeir sigurinn alveg vísan. Þá ættu þeir það alveg öruggt, að þetta mundi fljúga gegnum Alþ. umræðulaust og málið væri leyst.

En er það þá hitt, sem þeir vilja? Er það það, sem þeir óska eftir, að samþykkja þetta mál hér á þann hátt, sem ég hef nú nokkuð rakið, með öllum þeim afbrigðum frá settum reglum, sem hér er farið fram á, þvert ofan í vilja meiri hl. kjósenda í hreppnum, daginn áður eða þar um bil en íbúarnir tjá vilja sinn í málinu? Langar hv. alþm. til þess, langar stjórnarflokkana til þess raunverulega að standa frammi fyrir því, að þeir hafi knúið hér í gegnum Alþ. þetta mál, sem er brot á öllum starfsreglum í þessu efni, undir þeim forsendum, að meiri hl. íbúanna hafi óskað eftir þessu og vilji þessa breytingu, en standandi þó frammi fyrir því innan örfárra daga, að á ótvíræðan hátt lægi fyrir eftir leynilega atkvgr., að meiri hlutinn hefði ekki verið sá, sem þeir reyndu að halda hér fram á Alþ.? — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði fyrr í dag á þessum fundi rætt nokkuð um þá óvenjulegu meðferð, sem þetta mál hefur sætt hér á Alþ., og ég rakti þar í stórum dráttum, í hvaða efnum er brugðið hér út af þeim margviðurkenndu reglum, sem gilt hafa í öllum hliðstæðum málum, sem hafa komið fyrir hv. Alþ. Ég benti einnig á það, að ef þessi háttur yrði almennt upp tekinn, þá væri það hættulegt fordæmi, og mætti þá fyllilega búast við því, að minni hlutar í hreppsnefndum, þar sem deilur eru uppi um ýmis mál, notuðu sér þetta fordæmi og sneru sér til Alþ. og óskuðu

eftir breytingum, jafnvel þó að ekki hefði verið fullnægt heima skilyrðum, sem almennt hefur verið krafizt fram til þessa. Og ég er ákaflega hræddur um, að það mundi í slíkum tilfellum geta farið nokkuð svipað og í þessu tilfelli, sem hér liggur fyrir, að það yrði erfitt fyrir alþm. að gera sér fulla grein fyrir því, hvað rétt er af þeim rökum, sem minni hluti og meiri hluti leggja fram í málinu, t. d. eins og það, sem hér hefur gerzt, þegar minni hlutinn í hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur safnað undirskriftum meðal íbúanna þar og lagt þessar undirskriftir fram hér á Alþ. og heldur því fram, að þessar undirskriftir sanni meirihlutavilja kjósenda í hreppnum, en meiri hluti hreppsnefndar heldur því hins vegar fram, að þarna sé um að ræða fjöldamarga menn, sem eigi ekki kosningarrétt í hreppnum. Vitanlega eru ýmis svona gögn, sem koma fram í deilum stríðandi aðila í einu hreppsfélagi, þannig, að það getur verið erfitt fyrir hv. Alþ. að átta sig á þeim, þó að þessar undirskriftasafnanir út af fyrir sig í þessu tilfelli séu tiltölulega auðveldar viðfangs.

Ég gat þess, að það væri mín skoðun, að meginástæðan til þessarar málsmeðferðar allrar væri sprottin af því, að hér væru á ferðinni pólitískir ofurkappar heima í þessu hreppsfélagi, sem gætu ekki sætt sig við að hlíta settum lögum og reglum og hlíta þeim kosningaúrslitum, sem þeir hafa nú staðið frammi fyrir, og þeir krefðust svo þess að fá sérréttindi í þessum efnum og geta komið fram einum kosningum enn í krafti þess, að þeir eigi á bak við sig ráðamenn í þjóðfélaginu.

Ég held, að þetta sé að öllu leyti rétt, orsökin fyrir þessu mikla brambolti nú skyndilega liggi einmitt í þessu. Það er áreiðanlega ekki hægt að finna því stað, að það sé neitt, sem kallar á þessa breytingu svona skyndilega, annað en þetta pólitíska ofurkapp.

Þessi einu rök, sem haldið hefur verið fram af þeim, sem talað hafa fyrir þessu máli hér á Alþ., að þessar undirskriftir, sem Alþ. bárust, 760 talsins, ættu að sanna, að meiri hlutinn í hreppnum óskaði eftir þessari breytingu, eru fyrir löngu að engu orðin. Ég minntist á það í fyrri hluta ræðu minnar, að samkvæmt athugun gerkunnugra manna á þessum málum væri því haldið fram, að af þessum 760 nöfnum væru 224, sem stæðu ekki á kjörskrá í hreppsfélaginu. Nú hefur þetta verið sannað á óvefengjanlegan hátt. Í því nál. minni hl., Hannibals Valdimarssonar, sem hér hefur nýlega verið útbýtt á þinginu, kemur fram, að borgarfógetinn í Reykjavík hefur staðfest það með bréfi, þar sem segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þér hafið, herra alþingismaður, með bréfi, dags. 14. þ. m., sent mér ljósprentuð áskorunarskjöl um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, tölusett með númerunum 1—63, og auk þess fimm skjöl ótölusett, og óskið þér eftir því sem alþingismaður að fá undirskriftaskjölin borin saman við kjörskrá, sem fylgdi bréfi yðar, og notarial-vottað, hverjir undirskrifendur séu ekki á skránni.

Leyfi ég mér hér með að senda yður notarialstaðfesta skrá yfir nöfn manna, sem ritað hafa undir áskorunina, en finnast ekki undir því nafni eða tilgreindu heimilisfangi á kjörskrá, staðfestri af oddvita Kópavogshrepps þann 16. þ. m.

Hin ljósprentuðu skjöl ásamt áminnstri kjörskrá endursendast hér með.

Kristján Kristjánsson.

Hr. alþm. Hannibal Valdimarsson, c/o Alþingi Íslands."

Bréfinu fylgdi svo hljóðandi notarialvottorð:

„Það vottast hér með notarialiter eftir samanburð, að nöfn þeirra manna, sem hér eru skráð að framan, 224 að tölu, með þar tilgreindu heimilisfangi, finnast ekki í því endurriti af kjörskrá, staðfestu af oddvita Kópavogshrepps 16. þ. m., sem talin er gilda frá 24. jan. 1955 til 23. jan. 1956." — Og undirskriftin er svo: Ólafur A. Pálsson fulltrúi.

Það sem sagt kemur í ljós við nána athugun málsins, eins og ég hef haldið fram, og þar með er það staðfest sem fullkomlega rétt, að 224 af þeim, sem skrifa undir skjölin, eiga ekki kosningarrétt í Kópavogshreppi.

Þegar ég við 1. umr. málsins skýrði frá því, að þessu væri haldið fram, að þessar undirskriftir væru vefengdar á þennan hátt, þá virtist 1. flm. frv., hæstv. forsrh., vera með öllu óviðbúinn þessu. Hann hafði byggt allar röksemdir sínar fyrir því, að hann hefði tekizt á hendur að flytja þetta mál inn í þingið, á því, að meiri hluti kjósenda hefði raunverulega óskað eftir þessu. Þá sagði hæstv. forsrh., að hann tryði því ekki, að það gæti verið um nokkrar skekkjur í þessum undirskriftum að ræða, hann tryði því fastlega og hv. alþm. yrðu að trúa því, að þessar undirskriftir væru áreiðanlegar, það væru heiðarlegir og góðir menn, sem hefðu staðið að söfnun þessara undirskrifta, og alþm. hefðu ekki á neinn hátt ástæðu til að vefengja það. Ef 1. flm. frv., hæstv. forsrh., væri nú staddur hér, þegar þessi dómsumsögn um málið liggur fyrir, þá ætla ég, að eftir þeim málflutningi, sem hann hafði hér frammi fyrir málinu, hefði hann, a. m. k. ef hann hefði viljað breyta rökrétt, átt að óska nú eftir því, að þessum umr. yrði slitið hið fyrsta og málinu frestað a. m. k. fram yfir næstu helgi til þess að sjá, hvort meiri hluti íbúanna, eins og hann hafði byggt málflutning sinn á, væri raunverulega þessu máli fylgjandi.

Ég held nú samt, að þegar á þetta var minnzt við 1. flm. frv., hafi gert vart við sig hjá honum nokkur skjálfti í sambandi við þessar undirskriftir, hann hafi orðið svona eilítið hræddur. Og af þeim ástæðum voru menn reknir af stað á nýjan leik og margir undirskriftalistar sendir út meðal hreppsbúa, og átti nú að gersópa þannig, að tryggt væri, þó að veruleg afföll yrðu á umræddum tölum, að samt yrði hægt að merja upp meiri hluta á þennan hátt.

Eftir nokkra daga — í páskafríinu hefur það líklega verið — barst Alþ. viðbótarskammtur af svona undirskriftum. En ekki reyndist þetta uppsóp vera ýkja mikið, því að það komu aðeins 23 nöfn. Nöfnin voru 23, en listarnir

voru mjög margir, því tók ég eftir; það voru ekki ýkja mörg nöfn á hverju blaði. En það tókst nú ekki, þó að svona iskyggilega stæði á um málið, að fá nema 23 til viðbótar.

Ef upphaflega talan, sem kom á undirskriftaskjölunum, er nú tekin til greina, 760, og bætt við þessum 23, sem bættust í hópinn síðar, þá hafa samtals verið talin 783 nöfn á þessum undirskriftalistum. Nú er upplýst, að miðað við kjörskrá hreppsins má draga frá þessari tölu a. m. k. 224 nöfn, þó að gert sér ráð fyrir því, að þessir 23, sem seinna komu, séu allir þar rétt tilfærðir. Þá eru eftir 559. (Gripið fram í.) Eru komnir margir í viðbót? Nú, er enn verið að sópa? En þetta er nú það eina, sem hefur legið hér frammi opinberlega á Alþ. Ég var meira að segja að líta í gluggakistuna, þangað sem þetta berst, fyrir stuttu, og þá var þetta ekki komið, svo að það er ósköp eðlilegt, að ég haldi mér við þá tölu. Ég vona þá, að sá hv. þm., sem kallaði hér fram í, eigi eftir að koma hér fram og lesa upp þessi viðbótarnöfn, sem enn hefur tekizt að skrapa upp. — En sem sagt, fyrir mitt auglit hefur ekki borið meira en þetta; ég hef ekki séð það. Það var hér fyrir nokkrum mínútum ekki hærri tala en 783. Frá því er svo óhætt að draga 224, og þá er þarna í mesta lagi um að ræða 559 nöfn. Hins vegar er mér sagt, að á kjörskránni sé 1351 maður. (Gripið fram í.) Það er því alveg augljóst mál, að þessi 559 nöfn, sem hér eru á undirskriftalistunum, ná hvergi nærri því að skapa meiri hluta, þar sem 1351 maður er á kjörskrá.

Hvernig sem á þetta mál er litið, er sýnilegt, að þessi höfuðröksemd, sem notuð var hér við flutning málsins, að þessar undirskriftir ættu að sanna, að meiri hluti íbúanna óskaði eftir þessari breytingu, nær ekki tilgangi sínum, hún er ónýt.

En svo er hitt atriðið, að það er líka vítað mál, að það er ógeðfelld aðferð, sem yfirleitt ætti ekki að eiga sér stað, að þegar verið er að ganga úr skugga um það, hvort meiri hluti kjósenda í einu bæjar- eða sveitarfélagi óskar eftir einu eða öðru, á ekki að fara þá leið, nema ekki sé annað hægt, að fá úr því skorið með því að ganga á milli manna og fá menn til þess að skrifa opinberlega undir einhver skjöl um það. Slíkt er vitanlega opinber atkvgr. Menn hafa ekki fengið að tjá vilja sinn í leynilegum kosningum, sem er miklu eðlilegri aðferð. Og þegar full völ er á, að menn geti fengið að segja álit sitt í leynilegri atkvgr., þá á vitanlega að viðhafa þá aðferð, en ekki þessa undirskriftaaðferð, sem hér er tekin upp.

Þegar hæstv. forsrh. var bent á það í umr. málsins, að vitanlega hefðu svona undirskriftir aldrei nema takmarkað gildi, leynileg atkvgr. væri miklu eðlilegri, þá komst hann alveg í mát, af því að hann sá ekki margar leiðir út úr þessu máli, en sagði hér í ræðustóli, að það ætti að viðhafa opinbera atkvgr., opinber atkvgr. væri sú réttasta og bezta. Ja, þetta lætur dálítið einkennilega, og það er sannarlega þess virði, að menn veiti þessu athygli. Hæstv. forsrh., sem er formaður stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, leyfir sér að segja þetta hér í ræðustól á Alþ. Ég vil ætla, að hann hafi ekki sagt aðra eins fjarstæðu og þetta nema mjög aðþrengdur í málinu, þar sem hann hafði ekki komið auga á neina aðra leið út úr þeim vandræðum, sem hann var kominn í. Eða er það kannske meining hans, að það væri æskilegt að stefna að því yfirleitt, þar sem kjósendur eiga að segja sitt álit, að hverfa frá hinni leynilegu atkvgr. og stefna til opinberrar atkvgr., þar sem ýmsir öflugir menn ganga fram fyrir almenning og óska eftir því, að þeir skrifi nafn sitt undir eitthvert blað, sem þeir sýna þeim?

Ég vil því benda þeim hv. þm., sem vilja reyna að halda sér við þessa undirskriftaleið, á það, að hún er fjarri því að geta nokkurn tíma verið sú leið, sem Alþ. getur yfirleitt lagt til grundvallar í svona málum, ef hægt er á auðveldan hátt að koma leynilegri og formlegri atkvgr. við. Og nú stendur þetta til boða. Ágreiningurinn í þessu hreppsfélagi, sem virðist vera æði mikill á milli meiri hluta og minni hluta, a. m. k. í hreppsnefndinni, er ekki ágreiningur um, að það fari fram almenn, leynileg atkvgr. eftir kjörskrá, þar sem íbúarnir eru greinilega spurðir um, hvort þeir vilji óska eftir þeirri breytingu, sem hér er farið fram á með þessu frv. Menn eiga því af báðum örmum í þessu fulla samleið um að geta farið æskilegustu leið í málinu, sem sagt leið hinnar leynilegu atkvgr. Ég held því, að það sé langsæmilegast fyrir þá menn, sem vilja nú halda uppi vörnum fyrir þá, sem eru upphafsmenn þessa máls, að hverfa með öllu frá undirskriftaleiðinni, játa það, að hún ætti ekki að vera þeim samboðin. Þeir hljóta að vera menn til þess að stefna liði sínu að kjörborði og fá þar úr því skorið á eðlilegan hátt, hvort skoðun þeirra á meirihlutafylgi að fagna eða ekki í hreppnum.

Ég hef hér aðallega dvalizt við þann hluta þessa máls, sem snýr að málsmeðferðinni, að því, hvað hér er unnið óeðlilega að framgangi málsins. En það er ekki óeðlilegt, að í þessu sambandi sé líka nokkuð rætt um þá breytingu, sem hér er verið að ræða um í sjálfu sér, sem sagt að breyta Kópavogshreppi í kaupstað.

Ég hef lýst því yfir áður, að fyrir mitt leyti er ég ekki á neinn hátt andvígur því, að Kópavogshreppur verði gerður að kaupstað, ef farin er í þeim efnum eðlileg leið og meiri hluti hreppsbúa óskar eftir því. Ég hef hér fyrst og fremst deilt á leiðina, sem unnið er eftir í málinu, fyrst og fremst á þessar starfsaðferðir, sem brjóta allar venjur. En ég vildi nú fara nokkrum orðum líka um þá breytingu, að Kópavogshreppur hætti að vera hreppsfélag, en taki upp að verða sérstakur kaupstaður.

Kópavogshreppur er orðinn svo fjölmennur, að hann hefur fulla ástæðu til þess að vera kaupstaður þess vegna; það er rétt. Og ég hygg, að það reyni enginn alþm. að neita hreppnum um að fá kaupstaðarréttindi, ef meiri hluti hreppsbúa óskar eftir því, af því að hreppsfélagið er orðið það fjölmennt.

Því er ekki heldur að neita, að það eru einstaka kostir, sem geta fylgt því að breyta einu hreppsfélagi yfir í kaupstað. En þeir eru ekki út af fyrir sig ýkja margir. Það getur í ýmsum tilfellum verið kostur. Í staðinn fyrir það, að yfirvaldið í hreppsfélaginu í Kópavogi er t. d. nú ekki búsett þar, heldur í Hafnarfirði, getur verið í vissum tilfellum hentugra og eðlilegra, að sérstakur bæjarfógeti ætti heima í hreppsfélaginu. Ég hef ekki á móti þessu. Ég teldi í mörgum tilfellum eðlilegt, að það yrði skipaður sérstakur bæjarfógeti fyrir Kópavogshrepp eða Kópavogskaupstað. Það gæti í einstaka tilfellum verið hentugra. Þó er því ekki að neita, að það er ekki ýkja langt á milli Kópavogshrepps og þess staðar, þar sem yfirvald þeirra á heima, í Hafnarfirði, og tiltölulega mjög greitt um samgöngur þar á milli, svo að a. m. k. mér, sem kem utan af landi, óar það ekki út af fyrir sig að þurfa að sækja þangað til yfirvalds. Þó má gera nokkuð úr þessu. En það væri þó ákaflega auðvelt að bæta úr þessu, og sýnist ekkert annað eðlilegra en að yfirvald þeirra í Kópavogshreppi nú, sýslumaðurinn í Hafnarfirði eða bæjarfógetinn í Hafnarfirði, skipaði eða setti fastan starfsmann, sem þjónaði undir hans embætti, fastan fulltrúa, sem hefði skrifstofu í Kópavogshreppi, þangað sem allir hreppsbúar gætu eðlilega leitað til með öll þau mál, sem þarf annars að leita til fógetaskrifstofu um. Ég verð að segja það, að mér sýnist þetta ákaflega auðvelt framkvæmdaratriði, svo að þess vegna eins getur varla verið ástæða til þess að taka á sig ýkja stóran krók.

En það eru líka ýmis önnur atriði í sambandi við breytingu úr hreppsfélagi í kaupstað, sem gera þetta miklu erfiðara einmitt í þessu tilfelli, eftir því sem mér sýnist málið liggja fyrir. En mér þykir nú rétt að víkja nokkrum orðum að því, sem ég hef tekið eftir að fram hefur komið frá upphafsmönnum þessa máls og þeim, sem harðast hafa beitt sér fyrir því, — að víkja nokkrum orðum að þeim rökum, sem þeir hafa flutt fyrir því, að það sé nú alveg brýn nauðsyn á því að breyta Kópavogshreppi í kaupstað.

Ég hef tekið eftir því, að meðhaldsmenn þessa máls hafa sérstaklega haldið því fram, að þeir ættu við slík ókjör að búa í sambandi við oddvitann í hreppnum, það sé slæmur oddviti, hreppurinn sé orðinn svo stór, að sá maður, sem nú er oddviti, geti á engan hátt annað sínum störfum eðlilega o. s. frv.

Ég þekki talsvert inn á þessi mál, því að ég hef búið í hreppsfélagi, sem síðar tók upp á því að breytast úr hreppsfélagi og verða að kaupstað, og þekki nokkuð inn á hvort tveggja. Í mínum augum er þetta alger tylliástæða. Þessi vondi oddviti, sem þeir eiga að búa við nú, gæti hæglega orðið bæjarstjóri hjá þeim eftir kosningar. Það er ekkert, sem bannar það. Kópavogshreppur út af fyrir sig minnkar ekkert við það, þó að hann verði að Kópavogskaupstað. Og bæjarstjóri þeirra getur vitanlega setið hér á Alþ. og unnið að ýmsum störfum, þó að hann verði nú bæjarstjóri í staðinn fyrir að heita oddviti. Það er ekkert, sem bannar honum slíkt, og ég veit ekki betur en að sjálfur borgarstjórinn í Reykjavík sitji hér á Alþ. og hafi ýmsum hnöppum að hneppa. Það leysir ekki þennan minni hluta, sem þarna kvartar sáran undan því, hvernig málum er skipað í Kópavogshreppi, undan þessum vanda, þó að umdæmið hætti að heita hreppur og verði að kaupstað. Sami maður, jafnvondur maður getur haldið áfram að vera bæjarstjóri eins og nú er oddviti. Ekkert bannar slíkt.

Ég vil líka benda á, að það er heimilt samkv. lögum að ráða í hreppsfélagi sérstakan sveitarstjóra, sem þá gefur sig algerlega að þeim málum. Það er framkvæmdaratriði hreppsnefndar og íbúanna sjálfra með milligöngu hreppsnefndar að breyta til í þessum efnum, ef það er talið æskilegt og ef meiri hl. á einlægan hátt óskar eftir þessari breytingu, enda hefði það vitanlega átt að koma fram í hreppsnefndarkosningum, sem þarna hafa farið fram tvær á stuttum tíma. Ef meiri hluti hreppsbúa er óánægður með oddvita og telur hann rækja störfin illa og hann geti ekki gefið sig nægilega mikið að þeim, þá eiga vitanlega kjósendurnir í þessu sveitarfélagi eins og öllum öðrum að hrinda þessum meiri hluta af sér, sem svona skipar málunum, og koma þeim fyrir á annan veg. En meiri hlutinn hefur ekki gert það. Meiri hlutinn hefur staðið enn þá að því, að þessi sami oddviti verði þarna í meiri hl. og meiri hl. haldi áfram að efla hann til starfa í þessu sveitarfélagi.

Þessi aths. hjá upphafsmönnum þessa máls ber greinilega vitni um það, að þeir eru hér að glíma við hrein sveitarmálefni, hrein rifrildisefni, sem eiga sér stað í flestum sveitarfélögum landsins. Haldið þið virkilega t. d., að það séu ekki mörg sveitarfélög annars staðar, þar sem minni hl. segir, að oddvitinn sé með öllu óhæfur og að hann sinni á engan hátt svo sveitarstjórnarmálum sem hann ætti að gera? Jú, ég hygg, að þeir séu meira að segja margir kaupstaðirnir, sem fengið hafa kaupstaðarréttindi, þar sem minni hl. segir, að viðkomandi bæjarstjórar séu með öllu óhæfir og að það sé lítt þolandi að búa við ástandið hjá þeim. Þetta eru sveitamálefni. Þetta eru rifrildisatriði, sem allir sveitarstjórnarmenn þekkja. En það eru bara einstaka menn í sveitarstjórnarmálefnum, sem eru þannig gerðir, að þeir una því ekki að hafa beðið lægri hlut í kosningum. Þeir geta ekki sætt sig við það að bíða út kjörtímabilið og reyna á nýjan leik og fylgja réttum lýðræðislegum reglum. Þeir verða að brjótast út úr því, sem þeir hafa sjálfir sett sig í, og leita á óvenjulegan hátt til Alþ. í gegnum vald stórra flokka og óska eftir því, að þeir breyti reglum sér í hag, þannig að þeir geti komið vilja sínum fram. Og það er um þessa menn, sem ég sagði áður í þessum umræðum, að mér sýnist, að þeir menn, sem svona eru gerðir, þurfi að búa í hreppsfélagi talsvert lengi enn og læra ýmislegt af því, sem fer fram í einu hreppsfélagi, áður en þeir verða fluttir upp í bæjarfélag. Og þeir þyrftu að fá að vera í hreppsnefnd í nokkur kjörtímabil til að læra þar eðlilegustu vinnubrögð í þessum efnum,

áður en þeir fara að brjótast um á þennan hátt og vilja ekki una eðlilegri niðurstöðu.

Þá hafa upphafsmenn þessa máls mikið bent á það, að við völd í Kópavogshreppi sé mjög vondur meiri hluti, afleitur meiri hluti, ofbeldisríkur, beiti minni hlutann ofbeldi í alls konar tilfellum, og við þetta sé ekki unandi. Jafnvel er kvartað undan því, eins og ég vék að fyrr í dag, að það fáist ekki samin eðlilega rétt kjörskrá í hreppnum samkv. lögum. Þetta er líka nákvæmlega sama eðlis. Hér er um venjulegt hreppsmál að ræða, ekki málefni um það, hvort er í eðli sínu eðlilegra, að þetta hreppsfélag hætti við það stjórnarform, sem það hefur búið við að undanförnu, eða hvort rétt er að breyta því yfir í kaupstað.

Það er nauðsynlegt, að menn geri sér fulla grein fyrir þessu, því að slík baráttumál á milli minni hl. og meiri hl. í hreppsnefndum og bæjarstjórnum eru alltaf fyrir hendi. Minni hlutinn heldur allajafna fram, að meiri hlutinn sé ráðríkur og ofbeldisgjarn og það sé erfitt að búa við hans meirihlutavald. Og það eru því engin rök í sambandi við það, hvort breyta á um skipulagsform í þessu byggðarlagi eða ekki, þegar minni hlutinn heldur því fram, að meiri hl. sé ofbeldisgjarn og erfiður í viðskiptum. Sérstaklega er það mikil fjarstæða að reyna að halda því fram sem rökum í þessu máli, að ofbeldi meiri hl. komi m. a. fram í því, að kjörskrá sé ekki samin á eðlilegan hátt. Minni hl. hefur, eins og ég vék að fyrr í dag, alla aðstöðu til þess að beita fyrir sig þar lögum og réttum yfirvöldum til að tryggja það, að kjörskrá sé samin á réttan hátt. Kjörskrá á að semjast á tilteknum tíma. Það eru ákveðnar reglur, sem gilda um samningu kjörskrár. Kjörskrá á að liggja frammi. Menn geta kært yfir henni. Og ef meiri hl. brýtur þar gildandi lagareglur, þá hlýtur að vera hægt í gegnum rétt yfirvöld að koma því til leiðar, að kjörskráin verði höfð samkv. lögum. Og ég þekki dæmi um það úr minu byggðarlagi, að minni hl. hefur kært yfir samningu á kjörskrá; þar sem minni og meiri hluti rifust um það í bæjarstjórn, hvort nafnið ætti að vera á kjörskrá eða ekki, fór fram eðlilegur úrskurður um það, hvað var rétt í málinu, hvað skyldi standa. Og samkv. lögum stendur þessi úrskurður yfirvaldsins, hvað svo sem meiri hl. segir um það. Það er því alger fyrirsláttur líka hjá talsmönnum þessa máls að vera að finna að þessum störfum. Þeir hafa þar eðlilega leið til að vinna eftir, aðra en þá, sem þeir virðast kjósa að fara hér.

Þá halda stuðningsmenn málsins því fram, að það sé kostur fyrir Kópavogshrepp að fá kaupstaðarréttindi, því að sveitarfélagið verði miklu sjálfstæðara með því, það sé þá algerlega sjálfstætt um sín málefni, þetta sé því á sinn hátt sjálfstæðisbarátta. Í hverju kemur þetta sjálfstæði fram? Ég hef ekki orðið var við það af minum kunnugleika til þessara mála, að bæjarfélag hafi á nokkurn hátt réttindi, sem umtalsverð eru, fram yfir það, sem hreppsfélög hafa. Það væri þá ekki heldur úr vegi í þessu efni að spyrja þessa menn um það: Í hverju hefur þetta ósjálfstæði Kópavogshrepps komið fram? Hvað er það, sem þeir hafa ekki fengið ráðið við sjálfir? Og hver hefur legið á rétti þeirra? Hefur sýslunefndin þeirra, þar sem þeir eru eitt hreppsfélag, verið að banna þeim að aðhafast eitthvað? Er það svo, að minni hlutinn í hreppsnefndinni hafi flutt till. um gagnleg framfaramál og jafnvel fengið þau samþ. í hreppsnefndinni, en þá hafi komið til ósjálfstæðis hreppsins, vegna þess að sýslunefnd hafi bannað að framkvæma þessi nauðsynjamál? Ég er alveg viss um það, að ef einhverju slíku væri til að dreifa, þá væri búið að minnast á þessi mál. Nei, það er alveg ábyggilegt, að það er ekki um það að ræða í neinum málefnum þessa sveitarfélags, að það verði á nokkurn hátt sjálfstæðara um málefni sín, þó að það verði kallað kaupstaður, heldur en þótt það heiti hreppsfélag.

Þá er minnzt á það, — ég sá það einhvers staðar í grein um þessi mál, — að mikill yrði nú munurinn, ef þetta væri orðinn kaupstaður. Þá yrðu t. d. haldnir opnir bæjarstjórnarfundir, svo að allir íbúar í hreppnum gætu þarna hlýtt á mál manna. En ég vil nú bara spyrja: Hver bannar hreppsnefnd að halda opna fundi um málefni sín? Mér er ekki kunnugt um það. Mér er hins vegar kunnugt um það, að hreppsnefndir hafa æði oft haldið opna hreppsnefndarfundi. Það má vel vera, að það hafi ekki verið haldnir opnir fundir í Kópavogi, en hafi þetta t. d. verið eitt af baráttumálum þeirra manna, sem eru upphafsmenn þessa máls, í fyrirfarandi sveitarstjórnarkosningum, þá hafa hreppsnefndarbúar ekki talið þetta ýkja mikilsvert, fyrst þeir hafa ekki tekið það upp við þessa baráttu þeirra. Þar að auki verð ég að segja það, að það er sá siður í flestum bæjarstjórnum, sem ég þekki, að talað er um, að það skuli halda einn opinn bæjarstjórnarfund í mánuði hverjum. Það vill nú víða við brenna á hinum stærstu stöðum, að þeir séu ekki einu sinni haldnir, og meira að segja á allra stærstu stöðum í landinu vill það líka við brenna, að því er komið þannig fyrir, að ekki geta æði margir hlustað á fundina. Ég held því, að það ætti ekki að þurfa að breyta neinum lögum eða umskíra neitt sveitarfélag bara til þess að koma því fram, að sveitarfundir verði þar hafðir opnir, svo að mönnum gefist kostur á að hlýða þar á fundi, þetta sé afar einfalt framkvæmdaratriði, ef einhver brennandi hugur er á bak við þessa beiðni. Þetta er því að mínum dómi líka algert hreppsmál, rifrildismál, sem vill verða á milli minni og meiri hluta, hvenær eigi að hafa fundi opna og hvenær þeir eigi að vera lokaðir.

Einhvers staðar sá ég hjá stuðningsmanni þessa máls, að það var rætt mikið um, að það væri ríkjandi ófremdarástand í ýmsum málefnum hreppsins, m. a. væri hið skaðlegasta ástand þar í öllum skólpveitumálum og öðrum slíkum, að þrifnaður þar væri víða í lakara lagi, og margt fleira var tiltekið í sambandi við framkvæmdir í hreppnum, þar sem var mjög áfátt. Mér er nú spurn: Eru einhverjar sjáanlegar líkur til þess, þó að skyndilega

yrði breytt þarna um nafn og þetta héti á eftir Kópavogskaupstaður, að þá yrðu einhverjar verulegar breytingar í þessum efnum? Koma nokkrir peningar við það út af fyrir sig í kassann, að þetta yrði Kópavogskaupstaður í staðinn fyrir Kópavogshreppur? Hækka útsvörin allt í einu? Hækka tekjurnar? Nei, ekkert slíkt gerist; ekki er mér kunnugt um það. Það er því áreiðanlega ekkert auðveldara fyrir þann meiri hluta, sem þarna fer með völd, að leysa hreinlætismál þarna í hreppsfélaginu eftir en áður, og það verður ekkert auðveldara að vinna að framkvæmdum þar, þó að þetta heiti kaupstaður í staðinn fyrir hreppur áður. Barátta á milli meiri hluta og minni hluta um þessi mál er vitanlega afar eðlilegt hreppsmál þarna eins og annars staðar. Og þetta á ekkert skylt við það, að breyta þurfi þarna um stjórnarform. Ekkert í þessum efnum yrði auðveldara, nema jafnvel síður sé í einstaka tilfellum. Í nokkrum tilfellum er það svo, og það eru í rauninni þau einu, sem eru umtalsverð, að löggjafinn hefur mælt svo fyrir, að framlög ríkisins til framkvæmda eða styrkir eru nokkru lægri í kaupstöðum heldur en í hreppum. Þannig er þessu t. d. háttað, þegar sjúkrahús eru byggð. Ef sjúkrahús er byggt í hreppsfélagi, leggur ríkissjóður fram ⅔ hluta eða 67% af byggingarkostnaði, en viðkomandi hreppsfélag þarf að leggja fram ⅓. En ef þetta er í kaupstað gert, þá leggur ríkissjóður ekki fram nema 40%, en bæjarfélagið verður að leggja fram 60% sjálft. Sama er einnig að segja um ýmsar aðrar framkvæmdir, sem eru styrktar úr ríkissjóði, að framlögin eru yfirleitt lægri, ef um kaupstað er að ræða, heldur en ef um hreppsfélag er að ræða. Það er því alveg víst, að Kópavogsbúar geta ekki vænzt þess að óbreyttum ástæðum, að þeim gengi neitt betur að leysa sín áhugamál, hvorki viðvíkjandi hreinlætismálum, menningarmálum, vegamálum né öðru slíku, sem talsmenn þessa máls hafa gert að umtalsefni, eftir að búið er að breyta stjórnarformum þarna á staðnum.

Ég held því, að rök upphafsmanna þessa máls séu ákaflega veik. Öll þeirra rök sanna það, sem ég hélt fram hér í upphafi míns máls, að það er ekki vegna efnishliðar þessa máls, sem verið er að knýja það í gegn, það er ekki af brýnni nauðsyn, það er ekki vegna áhuga á málefnum í þessu sveitarfélagi, heldur er það fyrst og fremst vegna þess, að það er þetta feiknarlega pólitíska ofurkapp í nokkrum mönnum, sem geta ekki með neinu móti sætt sig við að bíða lægri hlut í kosningum og hlíta almennum leikreglum og bíða þangað til næstu kosningar eiga eðlilega að fara fram. Þeir vilja í krafti ráðherravalds, í krafti meirihlutavalds hér á Alþ. grípa inn í þær reglur, sem almennt gilda, og knýja fram kosningar sér til handa í von um, að þeir geti einhvern tíma í síendurteknum kosningum í þessu sveitarfélagi slysazt á meiri hlutann. Það er alveg áreiðanlegt, að þetta eru orsakirnar fyrir því, að þessu máli er nú kastað hér inn á Alþ. á seinustu stundu og það er rekið á eftir því á þann hátt, sem hér er gert.

Ég segi það alveg eins og er, að við mundum ekki standa hér, komið langt fram á kvöld, og sennilega verðum við að standa hér lengi í nótt, ef hér væri á ferðinni mál, sem raunverulega skipti miklu máli fyrir landsmenn yfirleitt, eins og t. d. verkfallsmálin, sem svo að segja allir landsmenn spyrja nú um daglega, hvað Alþ. muni gera í. En vegna þess að hér er á ferðinni algert hégómamál, sem engu máli skiptir, hvort leyst verður t. d. fyrir næstu helgi eða ekki, þá er Alþ. haldið hér uppi til afgreiðslu á þessu máli, alveg að ástæðulausu. Það er verið að tefja eðlileg störf þingsins, en að öllu eðlilegu hefði málið mátt liggja og bíða eftir þeirri leynilegu, almennu atkvgr., sem á að fara fram meðal íbúa hreppsins og væntanlega mundi segja til um það, hvort þeir yfirleitt óska eftir þessu eða ekki.

Nú er það svo, að þótt ég fyrir mitt leyti vilji ekki mæla gegn því, að Kópavogshreppur geti fengið kaupstaðarréttindi, eins og ég hef margsinnis tekið fram, og ég ætla mér ekki að vera á móti því, — ef ótvíræður vilji hreppsbúa lýsir yfir, að þeir vilji þessa skipulagsbreytingu, þá skal ég gjarnan vera með því, — þá sé ég það samt sem áður, þó að ég sé heldur lítið kunnugur aðstæðum í Kópavogshreppi, að það eru margir verulegir annmarkar á því fyrir þetta sveitarfélag að breyta um stjórnarform eins og nú háttar málum.

Kópavogshreppur er með yngstu sjálfstæðu hreppsfélögunum, þannig að þar hafi verið um nokkra teljandi byggð að ræða. Hann hefur vaxið ákaflega ört á fáum árum, og hann hefur vaxið upp á alveg hliðstæðan hátt og ýmis úthverfi Reykjavíkur hafa vaxið upp nú á síðustu árum. Mér sýnist, að vísu sem heldur ókunnugum manni í þessum málum, vera ákaflega hliðstætt háttað með Kópavogshreppinn í þessu efni og t. d. Kleppsholtið. Ég sé engan verulegan mun á uppvexti þessara tveggja svæða hér í nágrenni Reykjavíkur. E. t. v. verður það næsta baráttumál þessara manna að berjast fyrir sérstökum bæ í Kleppsholtinu. Það er sjálfsagt að athuga það á sínum tíma, ekki síst ef íbúarnir þar óska eftir því, og e. t. v. mundi þessi hv. þm., sem kallaði fram í hjá mér, vilja vinna að því með mér að láta athuga, hvort meiri hluti íbúanna í Kleppsholtinu vildi ekki óska eftir sérstakri bæjarstjórn, og fylgja þá málinu, ef það kæmi hér fyrir. Það er sjálfsagt, ef íbúarnir raunverulega óska eftir því, að verða við þeirra vilja; ég sé ekkert á móti því.

En Kópavogskaupstaður er þannig á vegi staddur í þessum efnum, svipað og Kleppsholtið, að hann á í rauninni ekkert sjálfstætt atvinnulíf. Flestallir íbúar í Kópavogshreppi sækja vinnu sína í önnur sveitarfélög og þá fyrst og fremst hingað til Reykjavíkur. Þetta er nokkuð sérstakt. Ég held, að öll þau sveitarfélög, sem hafa hingað til sótt um að breyta stjórnarformi sínu úr hreppsfélagi í kaupstað, hafi verið komin vel til ára og búin að búa við sitt sveitarskipulag í mörg ár, hafi smám saman vaxið upp í það gegnum sjálfstætt atvinnulíf að vilja breyta til. En hér gegnir allt öðru

máli um þetta sveitarfélag. Það hlýtur að þurfa að glíma við ýmis sérstæð vandamál, ef þarna verður gerður kaupstaður, nema svo takist til, að nágrannastaðirnir, eins og Reykjavík, veiti þeim, þrátt fyrir það að þeir hafa gerzt kaupstaðir, nokkur sérréttindi.

Ég býst við, að það mætti búast við því um ýmis samtök manna hér í Reykjavík, t. d. í sambandi við stéttarfélög ýmis og ýmis fleiri samtök, að það yrði farið að draga skarpari línu en nú er gert á milli þessa uppvaxandi hreppsfélags, sem þarna er við hliðina á Reykjavík, og Reykjavíkurborgar. Það yrði farið að draga skarpari línur á milli, og það yrði farið að segja: Þá samninga, sem segja, að stéttarfélagið hér í Reykjavík skuli fyrir sína meðlimi hafa forgangsrétt til þessa eða hins, vill það láta gilda, og það gerir þar ekki neinn greinarmun á, hvort það heitir Kópavogskaupstaður eða einhver annar kaupstaður annars staðar á landinu. — Ég mundi a. m. k. fyrir mitt leyti óttast þetta nokkuð, meðan Kópavogur á við þá sérstöðu að búa að hafa ekkert sjálfstætt atvinnulíf, sem teljandi er. Það er alveg ástæðulaust að ganga alveg fram hjá þessu, þegar er verið að ræða um það, hvort rétt er, eins og nú standa sakir, að grípa til þessara breytinga.

Ég tel á ýmsan hátt eðlilegra, að það yrði unnið að því í hinum unga hreppi í Kópavogi, að þar yxi upp skipulegur atvinnuvegur, að þar yxu upp atvinnugreinar, sem verulegur hluti íbúanna hefði vinnutekjur sínar frá. Það mundi auka mjög á rökin fyrir því, að þetta sveitarfélag óskaði síðar eftir skipulagsbreytingu og yrði sjálfstæður kaupstaður.

Ég tel líka þó nokkurn annmarka á því fyrir Kópavogshrepp að gera þessa breytingu í sambandi við lögreglumálið. Einmitt á meðan eins er háttað og nú í Kópavogi, að þar hefur ekki vaxið upp neinn sjálfstæður atvinnurekstur, sem heitið getur, hlýtur sveitarfélagið að eiga á ýmsan hátt erfiðara með að standa undir miklum útgjöldum heldur en mörg önnur sveitarfélög. Af atvinnurekstri eru vitanlega margvíslegar tekjur, sem koma að verulegu leyti á óbeinan hátt fram. Halda menn t. d., að Reykjavík hafi ekki miklar óbeinar tekjur af öllum þeim miklu verzlunarstörfum, sem rekin eru hér í borg? Jú, Reykjavík hefur gífurlega miklar atvinnutekjur meðal annars af allri þeirri innflutningsverzlun og heildverzlun, sem hér er rekin fyrir alla landsbúa. Og Reykjavík hefur auðvitað líka gífurlega miklar óbeinar og beinar tekjur af þeim atvinnurekstri, sem hér er rekinn, reyndar að verulegu leyti í þágu allra landsmanna, sem er rekstur skipafélaga. Þannig er það yfirleitt með allan atvinnurekstur, að sveitarfélögin hafa verulegar tekjur af atvinnurekstrinum. Nærri öll sveitarfélög á landinu og bæjarfélög afla talsverðs hluta af sínum bæjartekjum á hverju ári í formi veltuútsvars af atvinnurekstri, og þar að auki er svo vitanlega atvinnureksturinn sjálfur meira og minna skattlagður. En þar sem atvinnureksturinn er nær enginn fyrir hendi, hlýtur að verða skarð fyrir í þessum efnum, og tekjurnar hjá sveitarfélaginu verða þá að byggjast næstum einvörðungu á tekjum íbúanna, sem þar eru.

Ég held því, að fyrir byggðarlag eins og Kópavog verði að sínu leyti á margan hátt erfiðara en fyrir marga aðra staði að rísa undir verulegum lögreglukostnaði, t. d. að taka. Ef þarna væri kominn kaupstaður, þá er ekki um það að villast, að skylt yrði að halda þarna uppi ákveðnum fjölda af lögregluþjónum. Og mér vitanlega hefur enginn kaupstaður komizt undan því að hafa lögreglu, sem jafngildir um það bil einum lögregluþjóni fyrir 1000 íbúa, og hann verður að hafa meira að segja einn lögregluþjón fyrir hverja 700 íbúa, ef hann vill fá örlitla þátttökugreiðslu í lögreglukostnaði frá ríkissjóði.

Það er því alveg augljóst mál, að það þyrfti að setja upp í Kópavogskaupstað þó nokkurt lögreglulið samkvæmt því, sem lög og reglur standa til um, og kaupstaðurinn yrði að standa að langsamlega mestu leyti undir þessum útgjöldum. Nú mun Kópavogshreppur sleppa við þetta að mestu eða kannske öllu leyti. Ég mundi fyrir mitt leyti líta á þetta, eins og nú standa sakir, sem verulega annmarka, og ég get ekki séð, hvað knýr á það sérstaklega að efna til þessara útgjalda, eins og nú er háttað málum þarna í hreppnum.

Lögreglustjórinn yrði auðvitað búsettur þarna. Það kæmi bæjarfógeti, sem ríkið greiðir laun, og hreppurinn þyrfti auðvitað ekki að sjá fyrir því sérstaklega. En það er ekki aðeins sá kostnaður, sem hlýzt af allmörgum lögregluþjónum. Það er ekki hægt að reka svo lögreglumál í einu sveitarfélagi, þar sem lögregluþjónarnir eru orðnir kannske 5—6, að ekki fylgi allmikill annar kostnaður líka. Það verður að hafa dálitla lögreglustöð, einhvers staðar verða þessir menn að hafa sína bækistöð, og þeir lifa þar ekki í kuldanum. Það verður áreiðanlega að sjá þeim fyrir sæmilegu húsnæði og upphitun o. s. frv. Nokkur rekstrarkostnaður vefst upp á þetta; útgjöld af lögreglumálum mundu áreiðanlega segja talsvert til sín í þessu byggðarlagi. Það er svo ekki því að neita, að vel getur komið til mála að leggja í þennan kostnað, en ég kem ekki auga á það, að þetta skipti máli, eins og sakir standa enn þá, og það mætti vel bíða a. m. k. í nokkurn tíma að taka upp þetta skipulag þess vegna.

Ég held, að Kópavogur eigi í þessu efni hliðstætt vandamál og úthverfin í Reykjavík, nema að því leyti til, að Reykjavíkurkaupstaður er á margan hátt ákaflega eðlilegur aðili að eiga að standa undir þeim óneitanlega óhjákvæmilegu útgjöldum, sem hlýtur að verða að leggja í í uppvaxandi byggðarlagi eins og þarna. Það er Reykjavíkurkaupstaður, sem nýtur góðs af mestöllu því vinnuafli, sem býr suður í Kópavogshreppi. Ef íbúarnir þar ynnu ekki á vinnumarkaðnum hér í Reykjavík, þá væri beinlínis ekki hægt að reka ýmis fyrirtæki hér. Reykjavíkurbær hefur því á óbeinan hátt verulegar tekjur, umsetningartekjur, á margan hátt af vinnuaflinu úr Kópavogi, sem hér starfar. Og

það væri því ákaflega eðlilegt, sýnist mér, að Reykjavík legði fram af sínum miklu tekjum nokkuð til þess að leysa ýmis sameiginleg vandamál Reykjavíkur og íbúanna suður í Kópavogshreppi.

Ég tel því ekki óeðlilegt út af fyrir sig, að það yrði athugað, hvaða samstarf eða samstöðu íbúarnir í Kópavogshreppi og íbúarnir í Reykjavík gætu haft sín á milli. Reykjavík og Kópavogur hljóta að eiga margt sameiginlegt, þannig að það væri eðlilegt að hafa þar samstarf, ef ekki yrði um neina sameiningu á milli þessara svæða að ræða.

Ég vil t. d. nefna í þessu efni málefni eins og brunamálefni, sem allir kaupstaðir verða að sinna að nokkru leyti og hafa talsverð útgjöld af. Það er auðvitað ekkert annað eðlilegra en að Reykjavík og Kópavogur hafi sameiginlegar brunavarnir, sama brunavarnarliðið starfi á báðum svæðunum, og þetta á vitanlega að gerast með gagnkvæmu samkomulagi, með hlutagreiðslu frá hálfu Kópavogs, eða þá að þetta rynni alveg saman í sambandi við sameiningu, ef menn væru á þeirri skoðun.

Þá vil ég einnig benda á öll umferðarmál. Hér ganga umferðaræðar svo að segja í gegn á báðum stöðunum og eru sameiginlegar. Rekstur strætisvagna og annað þess háttar er þannig lagað, að þarna fara hagsmunir eðlilega saman. Það þarf að flytja menn að og frá vinnu og annað eftir því. Þessi mál eru þannig samtvinnuð hjá þessum eiginlegu úthverfum Reykjavíkur, að það er ofur eðlilegt, að það sé haft samstarf um þessi mál, eða þá að þessir aðilar séu að meira eða minna leyti undir sömu stjórn og reki þessi mál saman sem einn aðili.

Mér sýnist líka, að það væri í rauninni ekkert annað eðlilegra en hin fjölmenna lögregla hér í Reykjavík, þar sem er allveruleg ríkislögregla líka, annaðist lögreglumál fyrir þetta svæði, sem ég kalla eiginlegt og eðlilegt úthverfi Reykjavíkur engu síður en t. d. Kleppsholtið, sem ég minntist á. Mér sýndist það vera ákaflega eðlilegt og sennilega langkostnaðarminnst að annast lögregluefirlit á þessu svæði með Reykjavíkurlögreglunni og því öðru lögregluliði, sem hún hefur hér yfir að ráða, og að um þetta ættu að takast gagnkvæmir samningar á milli hreppsfélagsins í Kópavogi, ef það heldur áfram að vera sjálfstætt, eða þá með beinni sameiningu þessara svæða.

Þetta eru almennar hugleiðingar um það, hvernig ég lít á þetta. Mér sýnist því, auk þess sem þetta mál vekur furðu flestra um alla málsmeðferð hér á Alþ., að málið sé einnig þannig vaxið, að það sé ákaflega eðlilegt, að heima í sveitarfélaginu séu menn ekki allir á eitt sáttir um það, hvernig þessum málum á að koma fyrir. Það er ofur eðlilegt, að sumir hallist þar að því að sameina hreppsfélagið við Reykjavík, og út af fyrir sig er ekkert við því að segja, þótt ýmsir haldi því fram, að það væri eðlilegt að gera þetta að sjálfstæðum kaupstað, og líka eðlilegt, að menn haldi því fram, að þetta mætti áfram vera í nokkur ár í því formi, sem það hefur verið. Þetta eru hrein innanhreppsmál, sem íbúarnir verða að gera upp við sig. Komi í ljós eftir tilheyrandi þrætur heima fyrir, að það hefur skapazt eðlilegur meiri hluti fyrir því, að ein þessara leiða verði valin, þá á að fara þá leið, þá á að leggja þann ótvíræða vilja íbúanna fyrir Alþ. og reyna að vinna að lausninni eftir þeim till. En vitanlega á ekki á neinn hátt að reyna að vinna að framgangi málsins á þann hátt, sem hér er gert. Hér er beinlínis stefnt að því að þvinga fram samþykkt um breytingu á hreppsfélagi í kaupstað, án þess að nokkuð liggi öruggt fyrir um það, hverju íbúarnir á staðnum óska eftir og hvað þeir vilja í þessum efnum.

Þó að minni hlutanum í hreppsnefndinni í Kópavogi, þeim sem hefur komið þessu máli af stað, tækist nú að koma því fram, að ákveðið yrði að stofna bæjarstjórn í Kópavogi, og síðan yrði þar efnt til nýrra bæjarstjórnarkosninga og kosnir yrðu 7 bæjarfulltrúar í stað 5 hreppsnefndarmanna, og a. m. k. einhverjir tveir, sem hingað til hafa ekki getað komizt í stjórn sveitarmála þarna, fengju þó pláss fyrir sig í bæjarstjórn, þar sem hún yrði nokkru fjölmennari, þá held ég, að það yrði sízt af öllu þessu sveitarfélagi til nokkurra happa, eins og málin standa nú. Ég trúi því ekki, að það sveitarfélag, sem hefur verið dregið nú á skömmum tíma út í tvennar kosningar og ætti að fara út í þriðju kosningarnar, græði á slíku kosningastússi. Mín skoðun er sú, að sveitarfélagið og öll málefni þess hafi óhag af því. Hörð og illvíg kosningabarátta æ ofan í æ truflar vitanlega eðlilegan gang hreppsmála. Þetta þekkja allir, sem nærri þessum málum hafa komið. Ég held því, að það sé síður en svo nokkur greiði við íbúana í þessu byggðarlagi að steypa þeim nú út í einar kosningarnar enn, og ég held, að það mætti vel bíða til eðlilegs tíma að láta þá spreyta sig á því að velja sér nýja forustu.

Allar ofbeldisaðgerðir, sem gripið er til, hvort sem þær eru notaðar af meiri hluta eða minni hluta í einu sveitarfélagi, hljóta að segja til sín og koma mönnum í koll. Það er ómögulegt annað. Ef meiri hlutinn hefur gert sig sekan um það, ætti minni hlutinn að reyna að tileinka sér það á eðlilegan hátt og vinna kosningasigur, þegar að kosningum kemur. En ef til vill er það svo, að minni hlutinn sé jafnvel allfljótur að grípa til ofbeldisaðgerða, og það liggur við, að ég haldi það af öllum þeim vinnubrögðum, sem hér hafa greinilega komið fram, að minni hlutinn í hreppsnefndinni í Kópavogi sé ákaflega næmur á að reyna að grípa til þess að koma sínu fram með algerum ofbeldisaðgerðum. Ég held t. d., að ráðstafanir eins og þær, sem gerðar hafa verið í þessu hreppsfélagi í sambandi við úthlutun lóða, hljóti að vera ákaflega óheppilegar. Það er alveg tvímælalaust álit allra þeirra, sem farið hafa með hreppsmál eða bæjarmál, að það sé eitt þýðingarmesta atriði í sambandi við stjórn slíkra mála, að viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn ráði á óumdeilanlegan hátt yfir sínu bæjarlandi, og því er það, að flestar bæjarstjórnir og hreppsstjórnir hafa reynt, eftir því sem efni og geta hefur staðið til, að ná eignarhaldi á bæjarlandinu. Það vill nú víst svo til, að ríkissjóður á annaðhvort allt eða mikinn hluta af Kópavogs-

landi, — ég er ekki gagnkunnugur því, en veit, að ríkissjóður á þarna allmikið land. Nú eru í gildi lög, sem hér voru sett á sínum tíma um það, að ríkissjóður getur veitt hreppsfélögum sérstaka aðstoð til þess að eignast sitt eigið bæjarland eða næsta nágrenni. Það var gert ráð fyrir því vegna þess, að það er óumdeilanleg nauðsyn fyrir sveitarfélög að ráða yfir sínu bæjarlandi, að ríkisstj. mætti takast á hendur fyrir sveitarfélagið allverulega ríkisábyrgð eða raunverulega framkvæma kaup á bæjarlandinu og láta síðan bæjarfélaginu eða hreppsfélaginu landið í té til þess, að viðkomandi sveitarstjórn gæti á óumdeilanlegan hátt ráðstafað landinu.

Í Kópavogi hygg ég að þessu hafi verið þannig farið lengst af, að ríkið hafi viðurkennt þetta í framkvæmd með því að leyfa viðkomandi hreppsnefnd að ráðstafa nokkuð hindranalítið lóðum undir byggingar í hreppsfélaginu. En svo hefur orðið á þessu veruleg breyting. Það, sem áður hafði verið viðurkennt hér á Alþ. með setningu laga sem mjög nauðsynlegt atriði í sambandi við yfirráð sveitarfélaga yfir landi sínu, og það atriði, sem almennt hafði verið framkvæmt úti um allt land hjá sveitarfélögum, að þau reyndu að eignast sitt bæjarland, — allar þessar gömlu viðurkenningar og reglur voru nú allt í einu brotnar, meira að segja þar sem ríkið átti sjálft hlut að máli, og einmitt sá maðurinn, sem sprellað hefur harðast í þessu máli og virðist aldrei fá sig fullsaddan í sambandi við kosningakeppni í þessu sveitarfélagi, gerist svo forgöngumaður þess að svipta eðlilega kosinn meiri hluta í hreppsnefnd síns byggðarlags þessu sjálfsagða og nauðsynlega valdi yfir bæjarlandinu og vill nú gerast sjálfskipaður landstjóri þarna og ráðstafa sjálfur lóðum og lendum til íbúanna þarna, eftir því sem honum býður svo við að horfa. Og þá var vitanlega skapað þarna það vandræðaástand, sem alþekkt er úr sveitarstjórnarmálefnum á Íslandi, þar sem einstakir menn eða félög hafa ráðið yfir tilteknum hluta af bæjarlandinu og getað ráðskað með það, leigt það út í fullkomnu ósamræmi við það, sem meiri hluti í hreppsnefnd eða bæjarstjórn hafði ætlazt til eða óskað eftir á hverjum tíma, og þannig höfðu þessir aðilar beinlínis orðið til þess að trufla eðlilegan gang á stjórn viðkomandi bæjarfélags. En nú grípur sem sagt þessi minnihlutamaður í hreppsnefnd Kópavogshrepps, sá sem gengur nú einna harðast fram í því að koma þessu máli hér fram í gegnum Alþ., til þess alveg óumdeilanlega þvert við hagsmuni síns sveitarfélags að ætla að gerast valdamaður sem minnihlutamaður, en í skjóli ríkisvaldsins sem valdamaður yfir meiri hluta þeim, sem íbúarnir hafa valið sér og á að fara með málefni hreppsins. Slík ráðsmennska sem þetta ber vitni um mikla ofbeldishneigð. Hún ber vitni um það, að þessi maður, sem beitir sér fyrir þessu, kann ekki á eðlilegan hátt að vinna að hreppsmálum í sínu byggðarlagi, og hann vinnur sýnilega byggðarlaginu til óþurftar.

Menn verða að sætta sig við það hverju sinni að vera í minni hluta í einu byggðarlagi og keppa síðan aftur við næstu kosningar, ef svo ber undir. En ef sá, sem hefur á einum tíma viðurkennt, að það sé grundvallarnauðsyn, að meiri hluti sveitarstjórnar geti ráðið yfir sveitarlandinu, grípur svo til þess, þegar hann er sjálfur ekki í meiri hluta, heldur í minni hluta, að reyna þá að hrifsa til sín þetta vald, þá er hann að vinna sínu sveitarfélagi ógagn. Það mundi líta alleinkennilega út, ef svo yrði haldið á málunum. En það er alveg jafngildi þessa, ef svo yrði haldið á málunum í öðrum kaupstöðum, að þegar menn héldu, að það væri komið að því, að þeir gætu sjálfir misst meiri hlutann og hætt á þann hátt að ráða yfir bæjarlandinu, þá yrði bara gripið til þess að ráðstafa bæjarlandinu, að selja það, að leigja það út með slíkum skilmálum, að það væri alveg öruggt og tryggt, að sá nýi meiri hluti, sem á að taka við, gæti ekkert með yfirstjórn þeirra mála haft að gera, og þannig ætti að reyna að gera hann svo að segja óstarfhæfan við þau málefni, sem íbúarnir höfðu annars kosið hann til þess að fara með. Svona vinnubrögð ættu vitanlega ekki að þekkjast í neinu sveitarfélagi á Íslandi, og svona vinnubrögð eiga að dæma sig sjálf. Um svona vinnubrögð á vitanlega að deila á eðlilegan hátt í hreppsnefndarkosningum og hlýtur að verða gert í þessu byggðarlagi, þegar þar að kemur, og það á sem sagt ekki að geta skýrt málið, hvorki í sambandi við framkvæmd svona mála né í sambandi við það, hvort breytt er um stjórnarform í sveitarfélagi. Það á ekki að geta ráðið um úrslit mála, hvort menn eiga að baki sér háa ráðh. og sterka þingflokka. Eðlilegar reglur verða að gilda einnig um þá, sem eiga mikið og öflugt vald að baki sér. Annars erum við komnir út á æði hálar brautir í þessum efnum, og er þá ekki gott að segja, hvar menn geta stöðvað sig.

Ég held fyrir mitt leyti, að það hljóti að vera í Kópavogshreppi eins og víða annars staðar, í þessu unga hreppsfélagi, ört vaxandi með mörg vandamál, sérstök nauðsyn á því, að hreppsnefndarmönnum þar geti tekizt að vinna saman um stærstu og þýðingarmestu málin. Ég held, að það væri miklu nær af ríkisvaldinu og hv. alþm. að segja þessum aðilum, sem þarna berjast á þennan hátt, á kurteisan hátt og eðlilegan, að þeir ættu nú að hvíla þetta mál og snúa sér að þeim málum heima hjá sér, sem meira máli skipti, því að það er ótrúlegt, að þrátt fyrir allan ágreining, sem kann að vera á milli þeirra, eigi ekki allir þeir menn, sem sitja í hreppsnefnd Kópavogshrepps nú, sameiginlega allmörg eða þó nokkur stórnauðsynjamál, sem bíði úrlausnar þar í hreppnum og þeir hafi nóg við að gera. Hins vegar mæltist Alþ. svo til þess, um leið og óskað væri eftir því, að hreppsnefndin í Kópavogshreppi gæfi sig að þarflegri og nauðsynjameiri málum en þessu, að hv. Alþ. fengi næði frá relli eins og þessu til þess að sinna líka þýðingarmeiri málum en þetta er fyrir þjóðfélagið sem heild. Ég tel það mesta rell, þegar minni hluti í einu byggðarlagi getur ekki sætt sig við orðinn hlut í kosningaúrslitum og leitar eftir óvenjulegum leiðum, eins og í þessu tilfelli, eftir því að fá andanþágu frá lögum og reglum og vill knýja fram ótímabæra breytingu.

Ég skal svo enda þessa ræðu mína með því að benda á það, að fyrir hv. Alþ. liggja hér mál,

sem krefjast úrlausnar, mál, sem raunverulega er ekki hægt að bíða með afgreiðslu á lengi enn, mál t. d. eins og verkfallsmálið, sem ég sé ekki annað en sé að fara út í algert öngþveiti fyrir okkar þjóðfélag. Verulegur hluti af framleiðslu landsmanna er stöðvaður og þar með allur kaupskipaflotinn. Nú mun t. d. vera komið að því, að bændur landsins almennt kalla á það, að hafizt geti flutningur á áburði út á land. Á kannske að eyðileggja alla framleiðslu bænda á næsta sumri líka, vegna þess að Alþ. kemst ekki að því að snúa sér að þýðingarmiklum málum, af því að Kópavogsmálið bíður úrlausnar? Á þá kannske að fara svo, að það verði engin grasspretta og það verði kannske ekki nokkur þörf einu sinni fyrir allar þær þýzku vinnukonur, sem var verið að panta til landsins? Á hér yfirleitt að stefna til stórvandræða í landinu, vegna þess að Alþ. er önnum kafið við þetta Kópavogsmál?

Ég fyrir mitt leyti held því fram, að hæstv. forseti ætti að beita sér fyrir því, að þessum næturfundi yrði nú sem fljótast slitið, þetta mál yrði látið hvílast a. m. k. fram yfir næstu helgi, þangað til hin almenna atkvgr. hefur farið fram í Kópavogshreppi, en hins vegar verði nú hafizt handa um það, að Alþ. taki til verulegrar lausnar hin miklu vandamál þjóðfélagsins og þá fyrst og fremst verkfallsmálið.

**Gunnar M. Magnúss:** Herra forseti. Mottó: „Að kaupstað skaltu verða.“ Ólafur Thors, Þórður á Sæbóli.

Kópavogsmálið svonefnda hefur ekki einungis verið til umræðu hér á hv. Alþ. undanfarna daga og vikur. Það hefur einnig verið umræðuefni manna á milli, bæði í Reykjavík og víðar á landinu, og flest eða öll dagblöð borgarinnar hafa eytt miklu rúmi undir greinar um málið og birt flest langar frásagnir af fundum, sem um málið hafa verið haldnir, og einstakar frásagnir um einstaka menn. Margir hafa neitað sér um væran blund sökum þess og ef til vill einhver orðið andvaka fyrir þær sakir. Það hefur einhvern veginn atvikazt svo, að þetta mál virðist í augum almennings vera nú um skeið aðalhugsjónamál ríkisstj. og jafnvel hið eina áhugamál hennar, enda frá hennar sjónarmiði sennilega ekki mörg mál, sem svo mjög aðkallandi er að leysa, þegar frá er skilið, að séð verði um, að engar tafir verði á byggingu hinnar bandarísku borgar á Suðurnesjum. Það er þó sennilega annað og ef til vill meira áhugamál ríkisstj., sem bæði er fyrr til komið og mun lengur vara, bæði meðal ríkisstj. og fylgifiska hennar, hvar sem þeir eru.

Það virðist ekki liggja þunglega á ríkisstj., þó að nú hafi staðið í nálega 5 vikur 7000—8000 menn í verkfalli í höfuðstaðnum, þó að milljónum verðmæta sé kastað á glæ beinlínis fyrir tilverknað ríkisstj., þó að Reykjavíkurhöfn fyllist af kaupskipum og fiskiskipum, sem bundin eru til athafnaleysis við hafnarbakkann, jafnótt og þau koma í höfn, þó að iðnaðurinn hafi stöðvazt, þó að fiskurinn taki að skemmast í skipunum, þó að bændur landsins vanti áburð á grænkandi tún sín, þó að matvælin gangi til þurrðar, þó að allt dragi til falls í þjóðfélaginu, einungis ef hægt er að halda áfram að byggja bandarísku borgina á Suðurnesjum og gera Kópavogshrepp að kaupstað. Að kaupstað skaltu verða, Kópavogur! Þetta er kjörorðið: Að kaupstað skaltu verða fyrir klukkan 12 laugardagskvöldið 23. apríl 1955. Að kaupstað skaltu verða, Kópavogur!

Þetta margumtalaða mál hefst hér á Alþ. með því, að 3 tignir menn, 2 ráðherrar og 1 fyrrverandi ráðherra, leggja fram frv. til laga um bæjarstjórn í Kópavogi. En flm. eru hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hæstv. landbrh., Steingrímur Steinþórsson, og hv. 5. landsk., Emil Jónsson, sem sagt fulltrúar fyrir einhverja sjálfstæðismenn, einhverja framsóknarmenn og einhverja Alþýðuflokksmenn.

Forsrh. fylgdi þessu frv. úr hlaði hér í deildinni með stuttri ræðu, sem allir munu nú vera búnir að gleyma að undanteknu einu atriði. Hann lagði sem sé áherzlu á það, að fyrir lægi áskorun til Alþ. frá kjósendum í Kópavogi um að veita Kópavogshreppi kaupstaðarréttindi, og vitnaði ráðh. þar til undirskrifta frá 760 manns, sem flestir höfðu skrifað með kúlupenna nafn sitt undir áskorunina. Þegar hann hafði þetta mælt, var nokkurri byrði af honum létt. Hann hafði fengið þinginu málið til fyrirgreiðslu, gefið forseta d. fyrirskipun um meðferð málsins, og skyldi sá háttur á hafður að hraða málinu allt hvað af tæki, því að mikið lægi við, meira en svo, að því mætti hvísla í eyra á Alþ., þar sem gripnæmir hljóðnemar eru hvarvetna.

Mun ég koma að gangi málsins síðar, en tel ekki úr vegi að minnast að einhverju sögu Kópavogs, þar sem hann er nú svo mjög á dagskrá.

Vífilsstaðir munu vera landnámsjörðin hér í nágrenni Reykjavíkur, þar sem Ingólfur festi byggð, og þá Hofstaðir, sem eru við núverandi braut til Vífilsstaða frá Hafnarfjarðarvegi. Undir þessar jarðir hefur Kópavogur og landið þar suður um legið. Þingstaður er þó ekki í Kópavogi fyrr en á miðöldum. Annar þingstaður í þessu héraði er enn eldri, og mun sá vera hinn elzti þingstaður í þessu umdæmi. Það er í Þingnesi við Elliðaár. Þar gerast ýmis tíðindi, er snerta sögu byggðarinnar og sögu landsins. En þegar þingstaðurinn er fluttur til Kópavogs, gerast þó enn stærri tíðindi, sem flestum Íslendingum eru minnisstæð. Þegar fram kemur á 16. öldina gerast þau tíðindi, sem gjarnan má minna á nú sökum þeirra sambærilegu atburða, sem hafa gerzt hér á landi á vorum dögum, en það er verzlunin með Ísland, verzlunin með þjóðina. Þá eru menn sendir til Íslands til þess ýmist að fá samþykki Íslendinga og viðurkenningu þeirra til þess, að Danakonungur megi ekki einungis selja landið á leigu, ekki einungis setja það að veði fyrir fjárfúlgum, sem Danakonungur þarfnaðist í bili, heldur jafnvel að selja landið hreint og klárlega í hendur þjóðhöfðingja annarrar framandi þjóðar, þ. e. Englendinga.

Um þetta leyti fóru miklar trúarhræringar um Norðurálfu. Marteinn Lúther nokkur hafði árið 1517 hengt upp hin frægu og afdrifaríku mótmæli sín gegn páfanum og páfadómnum. Þá mynduðust hópar mótmælenda í Þýzkalandi, og kirkjustarfsemi þeirra breiddist út. Mótmæl-

endahópar mynduðust á Norðurlöndum í ríki Danakonungs, og þegar sú trú hafði verið gerð að ríkistrú í Danmörku, var stigið næsta skrefið, að krefjast þess af nýlendunum, að þær tækju sömu trú og heimalandið. Og hér á Íslandi voru aflátssalarnir með syndakvittunarbréfin ekki horfnir úr landi, þegar boðberar mótmælenda og Lútherstrúarmenn tóku að prédika hina nýju trú eða trúarskipti, sem síðar hlutu nafnið siðaskipti. Gegn þessu trúboði snerust hinir kaþólsku biskupar. Andstaða þeirra varð brátt ekki einungis andstaða gegn hinum nýju trúarbrögðum eða trúarskiptum, heldur snerist hún upp í baráttu gegn Dönum og yfirráðum þeirra, svo sem mörg dæmi sanna. Það varð í rauninni sjálfstæðisbarátta til þess að þola ekki kúgun Dana. Frá þessu tímabili þarf naumast að nefna þau nöfn, sem hér ber hæst, þau eru svo kunn úr Íslandssögunni, nöfn Jóns Arasonar og Ögmundar Pálssonar.

Skal þá minnzt á hinn minnisverða sögulega atburð, þegar hinn raunverulegi fyrsti landssölumaður var hálshöggvinn í Kópavogi. Það var árið 1510, að Hinrik VIII. hafði numið úr gildi lög frá 1429 og gaf Íslandssiglingar frjálsar, en 1429 hafði Hinrik VI. lögfest, að þegnar hans, sem hygðu á skreiðarkaup í norska ríkinu, skyldu einungis sigla til Björgvinjar, en þar var aðalstöð skreiðarverzlunarinnar, og Englendingar áttu að njóta þar sömu réttinda og Hansamenn. Það er sagt frá því um svipað leyti, að 11 íslenzk börn hafi fundizt í kaupskipi. Þau höfðu verið seld mansali frá Íslandi. Árið 1518 býður Kristján II. Danakonungur Hinriki VIII. Ísland til kaups fyrir 50 þúsund til 100 þúsund flórínur. Þjóðverjar tóku þá Hafnarfjörð af Englendingum með áhlaupi. Liðu svo örfá ár fram til ársins 1523, að þá býður Kristján II. Danakonungur Hinriki VIII. Ísland að nýju í veð fyrir 100 þúsund sterlingspund. En þá taka Íslendingar Týla Pétursson af lífi, en hann var umboðsmaður Kristjáns II. En Hinrik VIII. lýsir yfir því, að hann girnist ekki kaupin á Íslandi, eftir að honum bárust tíðindin um afdrif Týla og manna hans. Týli Pétursson, hinn fyrsti skjalfesti landssölumaður, hugðist hér vinna konungi sínum fé og hefur sennilega ætlað sér frama af, ef hann ræki erindi konungs, svo sem hann fékk fyrirmæli um. Hann mætti þá hinni einarðlegu andúð Íslendinga, sem höfðu með andstöðu biskupanna öðlazt þá vitneskju, að hér væri í húfi verzlunin með sjálft Ísland og sjálfa íslenzku þjóðina. Hér gætir sennilega áhrifanna frá baráttu Ögmundar gegn Dönum. Lauk þeirri viðleitni Týla til landssölunnar þann veg, að hann var tekinn af lífi, höggvinn á Kópavogsþingi, svo sem fyrr segir, árið 1523. (**Forseti (HÁ)**: Má ég aðeins benda hv. ræðumanni á það, að þó að mjög fróðlegt sé að rekja sögu Kópavogs frá landnámstíð, þá er það mál ekki hér til umræðu, heldur um það, hvort Kópavogur skuli nú eignast kaupstaðarréttindi. Það er líka stutt á milli sögu Kópavogs og að fara kannske út í jarðfræðina, hvernig Kópavogur hefur myndazt jarðfræðilega, og það er æskilegt, að við vörumst alla svona útúrdúra.)

Herra forseti. Fyrst er landið, svo er þjóðin, svo er sagan, svo eru afkomendurnir, og það er ekki hægt að tala um þetta stórmál ríkisstj. hér án þess að tengja það viðburðum sögunnar, viðburðum landsins, forfeðrunum og e. t. v. afkomendunum.

En ef hæstv. forseta þóknast að taka af mér orðið fyrir það, að ég hef haft þennan formála, *án þess að vita, hvað næst kemur, hvort* það kemur í næstu línu vantraust á ríkisstj. fyrir þetta fram komna mál hér eða hvort ég bæri þá ósk fram, að hv. flytjendur málsins sæjust nú hér á næturþeli einu sinni þegar fundur er haldinn um þetta mikilvæga mál, þá mundi ég e. t. v. bíða í ræðustólnum, meðan hæstv. forsrh. væri sóttur, hæstv. landbrh. væri sóttur og hv. 5. landsk. væri sóttur. Hv. 5. landsk., *sem situr mér til hægri handar venjulega*, hefur haft þann hátt á að skjótast burt, þegar þetta mál hefur verið rætt. Hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. létu fyrir nokkrum vikum þau skilaboð ganga til fundar, sem haldinn var í Kópavogshreppi um þetta mál, að þeir mættu ómögulega vera að því að koma á þann fund, sem ræddi um það mál, sem þeir höfðu sjálfir flutt fram á Alþ. og varðaði íbúa hreppsins, *sökum þess að þeir væru önnum kafnir* við að leysa það mikla vandamál, sem þá í svipinn var frá þeirra sjónarmiði enn stærra, verkfallsmálin. Þeir máttu ekki vera að því í kringum miðjan marz, um það bil sem verkfallið hófst, að mæta á fundi í Kópavogi, sem ræddi það mál, sem þeir höfðu borið fram, vegna þess að þeir voru svo uppteknir við verkfallsmálin. Nú hafa liðið margir dagar og margar vikur síðan þeir sendu þessi skilaboð. En hvað hafa þessir hæstv. ráðh. gert í verkfallsmálunum? Jú, það er vel hægt að upplýsa það í sambandi við þetta Kópavogsmál, úr því að hæstv. forseti minnti mig á það. Þeir hafa komið hér fram með tvær skýrslur í málinu og fengið til aðstoðar með sér fjmrh. ríkisins, hinn fræga Eystein, flokksbróður hv. forseta, til þess að villa bæði launþega og landsfólkið í heild, tefja verkfallið og gerast þar með með sínum aðgerðum algerir friðarspillar og það á fyrsta stigi málsins. Ég veit ekki, til hvers hv. flm. þessa frv. ætlast, ef þingmenn, sem rétt er þetta frv. í hendur til þess að ræða það, eiga ekki rétt á því, að flm. eða fulltrúar þeirra hlusti á þau rök, sem fram eru borin gegn þeirra rökum fyrir þessu stórmáli.

Það hefur verið minnzt á verkfallsmálin hér ofur lítið áður í sambandi við þetta mál, og sennilega ætti ekki að tala um neitt annað á þingi en verkfallsmálin, vegna þess að það er skylda ríkisstj. og skylda Alþ. að gera eitthvað jákvætt í þessum málum. Ríkisstj. hefur brugðizt svo herfilega, ekki einungis að hún hafi brugðizt, hún hefur gert ýmsar ráðstafanir til þess, að málið drægist á langinn og að það fái hin örlagaríkustu afdrif. Það hefur verið bent á það hér í kvöld af öðrum ræðumanni, að nú horfi til voða bæði til lands og sjávar, og er ekki ósennilegt, áður en þessu fræga Kópavogsmáli verður lokið hér á þingi, að enn dragi til stærri atburða í þessum málum, ef ríkisstj. sinnir þeim ekki á sæmandi hátt.

Nú ætla ég að koma aftur að því, sem frá var horfið, í bili a. m. k., þangað til hv. forseta þóknast að gefa mér aðra bendingu.

Þarna í Kópavogi er aragrúi af minjum um fornar kynslóðir, svo sem reyndar víða hér á landi. Naumast munu þó annars staðar vera á svo litlu svæði svo margar minjar sem í Kópavogi innanverðum. Í Kópavogstúninu, í hlíðinni inn af voginum, á bökkunum bæði fyrir innan og utan túnið í Kópavogi eru þinghústættur. Þar eru einnig staðir ýmsir, sem minna á hryllilegt réttarfar. Þar eru aftökustaðir, þar eru dysjar, og þar eru leiði. Þar austan við núverandi veg er hjónadysin svonefnda, og hvílir yfir henni forneskja. Þar eru einnig systkinaleiði, en þar munu hvíla undir systkini frá Árbæ, sem hafa orðið fyrir þeim grimmu örlögum að lenda undir svipu og öxi Bessastaðavaldsins, tekin af lífi í Kópavogi og dysjuð þar. Þar liggja okkar varnarlausu landar, karlar og konur, dysjuð og urðuð, þar sem nú liggur vegurinn frá ósnum inn að Fífuhvammi, og e. t. v. hafa þar ýmis mannvirki verið byggð á leiðum þeirra.

Ég hafði hugsað mér að bera fram síðar till. um, að Alþ. veitti fé til þess, að þarna í Kópavogi yrði reistur varði og á honum stæði: „Hér var landssölumaður höggvinn". Á öðrum stað gæti risið minnisvarði með áletruninni: „Hér voru Íslendingar píndir undir herveldi Dana að sverja konungi hollustueið". Það fer vel á því, að slíkir varðar séu reistir á alfaraleiðinni frá Reykjavík til Keflavíkur.

Víkur nú sögunni um stund að Seltjarnarnesinu. Ég vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mér það, því að Kópavogur og Kópavogshreppur var til skamms tíma hluti af Seltjarnarneshreppnum. Þar hafði á áratugunum frá 1930 til 1950 — og þó einkum milli 1930 og 1940 — tekið að aukast byggð úti á Seltjarnarnesi. Byggðin teygðist frá Reykjavík út í Skjólin, út á Lambastaðahverfið og jafnframt að nokkru út fyrir Valhúsahæðina. Var á orði haft, að þeir, sem tóku sér bólfestu á Seltjarnarnesi um þessar mundir, væru að flýja skatta og fjárálögur í Reykjavík, og komst í því sambandi á kreik orðið „skattflóttamaður". En fyrir á Seltjarnarnesinu bjuggu ýmsir gamlir og grónir bændur og efnamenn og sums staðar skipstjórar eða útgerðarmenn. Á Seltjarnarnesinu myndaðist það andrúmsloft, að þar væru bjargálnamenn, en hinir, sem ekki væru það, ættu lítið eða ekkert erindi í hreppinn, að ekki væri talað um þá, sem ekki héngu í því að kallast milli húsgangs og bjargálna. En um sömu mundir og hinir svokölluðu „skattflóttamenn" fluttust á Seltjarnarnesið, tóku ýmsir efnaminni menn að setjast að á Digraneshálsi milli Kópavogs og Fossvogs. Skilyrðin þarna suður frá voru erfið til húsbygginga og aðdrátta, en að hinu leytinu höfðu menn að ýmsu leyti meira svigrúm, meira frjálsræði í byggingu húsa sinna, en það var mjög þýðingarmikið atriði fyrir þá, sem höfðu ekki úrræði til þess að byggja í hinni dýru Reykjavík. Þeir, sem höfðu ekki efni á að kaupa eða leigja hinar dýru lóðir Reykjavíkur, ekki efni á að kaupa dýrar teikningar, ekki byggja eftir fullkomnustu kröfum, fengu svigrúm til þess að byggja þak yfir höfuð sér, sem þeim hefði ekki verið kleift að öðrum kosti. Þessara landnámsmanna biðu ýmsir erfiðleikar. Þeir fluttu þangað suður eftir með fjölskyldur sínar, en sóttu atvinnu sína til Reykjavíkur við hin erfiðustu samgönguskilyrði. Þannig tóku fleiri og fleiri að búa um sig á dreif um hálsinn og við voginn, ruddu grjóti af lóðum og löndum, grófu brunna, lögðu stíga, gerðu garða. Og enn risu ýmis vandamál hjá hinum áhugasömu landnemum. Þarna voru komin mörg börn, en enginn skóli fyrir börnin. Þau áttu í rauninni að sækja skóla út á Seltjarnarnesið, voru undir stjórn skólastjóra Mýrarhúsaskóla. Börnunum hafði verið komið í heimavist, meðan þau voru fá og aðeins frá nokkrum heimilum, en þegar þeim fjölgaði mjög, jókst vandinn. Var þá fyrst í stað gripið til þess ráðs að senda börnin í barnaskóla Reykjavíkur, og mátti það heita ill nauðsyn. Börnin þurftu að bíða eftir óhentugum ferðum fram og aftur. Stundum voru þau selflutt, stundum urðu þau að fara gangandi og þá oft í misindisveðrum, veðrum skammdegisins og vetrarins. Á móti þessari viðleitni frá Reykjavík að taka börnin í skóla tók Mýrarhúsaskóli við börnum úr vestanverðum hluta Reykjavíkur, ef á þurfti að halda. Sökum þessara vandkvæða landnemanna var sett fram krafan um skóla og kennslu þar suður frá, en litla áheyrn fékk sú krafa. Ég var þá búsettur á Seltjarnarnesi og var í skólanefnd þar. Þegar krafan um skólahald í Kópavogi var orðin almenn og þung og mikil nauðsyn, varð ekki umflúið að gera eitthvað málinu til úrlausnar. En hinum ríka Seltjarnarneshreppi fannst óþarfur baggi vera lagður á „skattflóttamennina", þar sem um var að ræða skólahald hjá landnemunum. Eftir margs konar vafninga og drátt og eftirrekstur fékkst loks viðurkennt, að reisa þyrfti barnaskóla í hinni vaxandi byggð suður frá. Var fyrst leigt til skólahaldsins herbergi í íbúðarhúsi, en loks fengin viðurkenning fyrir stofnun og byggingu skóla. Þegar svo var komið, þurfti Seltjarnarneshreppur að fara að losna úr sambandi við landnemana og láta þá sigla sinn sjó, láta þá standa undir sínum eigin byrðum, sínu eigin skólahaldi, sínum eigin kröfum. Var þá fyrst reist krafan á Seltjarnarnesi um að kljúfa Seltjarneshrepp, skera hinn nýja lim af. Og undirskriftasöfnun um kröfuna um skiptingu hreppsins fór fram. Sú undirskriftasöfnun var að ýmsu keimlík þeirri, sem fram hefur farið nýverið í Kópavogi og fengin hefur verið flm. þessa frv. í hendur, svo sem frægt er orðið hér á þingi og víðar.

Í þessari undirskriftasöfnun á Seltjarnarnesinu árið 1946 kenndi ýmissa grasa. Þar var ýmiss konar túlkun í frammi höfð og ekki í vil landnemunum, en sumum hreppsbúum voru ekki sýnd undirskriftaskjölin. Þannig var t. d. gengið fram hjá mínum dyrum, og fékk enginn á mínu heimili að sjá skjalið. Það var vitað, að hinir fátæku landnemar í Kópavogi höfðu horfið með fjölskyldur sínar úr Rvík

af öðrum og gagnólíkum ástæðum en „skattflóttamennirnir“, sem settust að á Seltjarnarnesi. Þeir, sem leituðu suður á hálsinn og á bakkana og ströndina við Vogana, fóru þangað í þeim tilgangi að drýgja tekjur sínar til lífsframfæris fjölskyldum sínum með aukinni vinnu, þrotlausu starfi í aukavinnu, sýknt og heilagt, myrkranna á milli, vetur, sumar, vor og haust, í veðrum stórum, úrfelli, hríðum, og þá einnig á hinum blíðu stundum. Þá var því annan veg farið með „skattflóttamennina“, sem fluttu út á Seltjarnarnesið. Þeir fluttu þangað til þess að fela svo sem unnt væri stóreignir sínar, til þess að njóta þar verðar og friðar fyrir griptöngum skattheimtumannanna í Reykjavík, til þess að njóta svefnværðar fyrir áhyggjum eignamanna og vakna svo glaðir við „úa-úa“ sjófuglanna í fjörumálinu. Það var því sízt að undra, þótt hinir fornu Seltirningar litu upp til „skattflóttamannanna“, en niður á lýðinn, sem festi byggð sína suður á Digraneshálsi og enda með fullum rétti kallaði sig Seltjarnarneshreppsbúa og gerði kröfur á hendur hinum fræga og forna hreppi, þar sem landlæknir hafði setið, þar sem biskup hafði setið eina tíð, þar sem stórútgerðarmenn, stórbændur og aðrir grónir heiðursmenn höfðu slegið hring um einkaréttindi þeirra, sem áttu sparisjóðsbækur í gildara lagi. Það var sjálfsagt að skera þennan lim af, og það var gert með hreppaskiptingunni 1947, og nú voru tveir hreppar, þar sem áður var einn, Seltjarnarneshreppur og Kópavogshreppur.

Landnemarnir urðu nú að bera sínar byrðar, byggja alla menningar- og félagsstarfsemi sína upp. Og viti menn: Þó að hinn ríki Seltjarnarneshreppur væri nú ekki lengur svokallað höfuðskjól, tóku landnemarnir að sýna, að þeir áttu tilverurétt sem sjálfstætt samfélag manna, sem var ekki byggt upp á stéttamismun, heldur sameiginlegum þörfum til lífsbjargar og menningar og sameiginlegri sjálfsbjargarviðleitni. Það gerðust þau tíðindi, að þarna reis brátt hin myndarlegasta skólabygging, svo að börnin þurftu ekki lengur að hrekjast hina löngu leið til náms í Reykjavík. Þarna voru lagðar við mikla erfiðleika og ærinn kostnað götur, vatnsleiðsluskurðir voru grafnir og vatn lagt um byggðina úr æð frá Gvendarbrunnalínunni, sem til Reykjavíkur liggur. Rafmagn var lagt um byggðina, og reynt var að tileinka sér flest þau þægindi, sem annars staðar eru nú talin sjálfsögð. Hreppurinn eignaðist jafnvel stórvirkt véltæki, skurðgröfu, sem kostaði tugi þúsunda króna, gróf með henni skurði fyrir sína vatnsleiðslu og leigði hana einnig til tekna fyrir hreppinn. Framsýni og stórhugur markaði stefnuna hjá hinni fyrstu hreppsnefnd undir forustu oddvitans, Finnboga R. Valdimarssonar, sem hlotið hefur fyrir sitt ágæta, en erfiða brautryðjandastarf þá viðurkenningu að vera kjörinn til forustunnar hverju sinni sem kosningar hafa farið fram í hreppnum, en það mun vera fjórum sinnum. Sé hins vegar litið til hins ríka Seltjarnarneshrepps, sem skar af sér liminn, þá viðhelzt margt þar, svo sem það var á hinum gömlu góðu dögum. Þar hélt skólahaldið áfram með vatnslausum kömrum í gamla skólahúsinu á Valhúsahæð, því að hrúturinn niðri í mýrinni var sannarlega ekki nógu duglegur til þess að spýta vatninu þessa óraleið upp á efri hæð skólans. Þar fengu bréfin að liggja í friði í pósthúsinu án brottrekstrar frá því opinbera. Bréfin voru send heim með skólabörnum, þegar skólahald var, en vei þeim, sem hafði gleymt að framlengja víxilinn sinn í bankanum og ekki átti barn í skóla. Sá gat átt það á hættu, að tilkynningin kæmi fjúkandi á alfaravegi nokkrum dögum eftir að víxillinn hafði lifað sitt fegursta og fallið í hendur þeirra, sem hirtu slík blöð og bættu nokkrum aurum við upphæð víxilsins. Bókasafn á Seltjarnarnesi, sem einu sinni var í blóma, var nú lokað og læst og vel geymt. Ekkert lestrarfélag á Seltjarnarnesi, ekkert ungmennafélag, ekkert íþróttafélag, og þannig mætti halda áfram að segja „ekkert, ekkert“ um þann gamla góða hrepp, sem einu sinni var.

En byggðin í Kópavogshreppi jókst svo ört, að undrum sætti. Má geta nærri, hvílíkir erfiðleikar hafa verið því samfara að byggja upp allt félagskerfi í hreppi, sem óx svo ört sem raun ber vitni. En það er mála sannast, að vel hafi tekizt, þótt að ýmsu megi finna, og verður fátt svo gott, að ekki megi jafnan finna veilur á. En þegar hreppurinn er aðeins 7 ára og hinir mestu erfiðleikar eru yfirstignir, hlaupa fram menn til þess að krefjast breytingar á högum hreppsins, grípa fram fyrir þær starfandi hendur, sem þar hafa unnið að því að byggja upp hreppinn við núverandi fyrirkomulag, sem hann býr við, segjandi: Að kaupstað skalt þú verða, Kópavogur, taka af því þeim afleiðingum, auka þær byrðar, sem af því hljótast, en vitanlega njóta þeirra miklu gæða, sem því eru samfara.

Er þá komið að því, að rétt væri að víkja nokkuð að sögu þessa fræga máls. Ég held, að hún hafi ekki verið rakin hér í samfelldu máli, frá því að frv. er lagt inn í þingið og í raun og veru áður en frv. er lagt inn í þingið og til þessa dags, þangað til yfirlýsingin kemur hér í dag inn á hv. Alþ. um undirskriftasöfnunina, sem hæstv. forsrh. reifaði hér fyrsta daginn, þegar hann flutti sína framsöguræðu, sem allir eru nú búnir að gleyma nema því atriði, að hann talaði um undirskriftasöfnunina, — að yfirlýsingin kemur frá borgarfógetanum í Reykjavík, að undirskriftirnar hafi verið falsaðar. Það er síðasta atriði málsins, en ég vil þá leyfa mér að byrja á því fyrsta.

Það mun hafa verið laugardaginn 26. febrúar, kl. 4 síðdegis, árið 1955, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps kom saman á fund. Þar voru mættir allir hreppsnefndarmenn, og þar leggja fram 2 hreppsnefndarmennirnir, Hannes Jónsson og Jósafat Líndal, ályktunartillögu, sem svo hljóðar, með leyfi forseta:

„Ályktunartillaga minni hluta hreppsnefndar Kópavogshrepps um kaupstaðarréttindi til handa Kópavogshreppi:

Hreppsnefnd Kópavogshrepps ályktar að fara þess á leit við félagsmálaráðuneytið, að það hlutist til um, að flutt verði og lögfest á yfir-

standandi Alþingi frv. til laga um kaupstaðarréttindi, bæjarstjórn og sérstakt lögsagnarumdæmi í núverandi Kópavogshreppi.“

Þetta eru þá hin fyrstu drög, sem finnast skjalfest um þetta mál í Kópavogshreppi. En þegar þetta er komið fram á hreppsnefndarfundinum, ber oddviti hreppsins fram eftirfarandi dagskrártillögu, er svo hljóðar, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Kópavogshrepps telur enga knýjandi ástæðu til þess að svo stöddu að óska eftir lagabreytingu í því skyni að gera hreppinn að kaupstað, þar sem af slíkri breytingu mundi aðeins leiða stórum aukin útgjöld fyrir sveitarfélagið, en engar teljandi réttarbætur eða bætta aðstöðu fyrir það eða íbúa þess. En sérstaka fjarstæðu telur hreppsnefndin að setja fram þá kröfu nú, aðeins tæpu ári eftir að tvennar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram í hreppnum, án þess að nokkrar raddir kæmu fram í sambandi við þær um slíka breytingu, en vitanlegt, að með slíkri lagabreytingu yrðu enn að fara fram sveitarstjórnarkosningar hér, sem þá yrðu hinar sjöttu á 8 ára tímabili.“

Ég hef þá ekki sagt alveg rétt áðan; það munu vera búnar að fara fram 5 hreppsnefndarkosningar í Kópavogi, en ég sagði 4 áðan.

„Hreppsnefndin telur, að áður en horfið verður að því að breyta hreppnum í kaupstað, verði að gera verulegt átak til þess að tryggja sjálfstætt atvinnulíf í þeirri byggð, sem hér hefur risið upp, og álítur, að Kópavogshreppur eigi siðferðislega kröfu til aðstoðar af ríkisvaldsins hálfu í því efni.“

Þessi tillaga oddvitans var svo samþykkt með 3 atkv. gegn 2.

Það næsta, sem gerist í þessu máli, mun vera það, að miðvikudaginn 9. marz, kl. 4 síðdegis, árið 1955, kemur hreppsnefndin saman í barnaskólanum. Allir hreppsnefndarmenn voru þar mættir nema Jósafat Líndal, en í hans stað var mættur Sveinn S. Einarsson. Þá var tekin fyrir tillagan um kaupstaðarréttindi handa Kópavogshreppi. Þá er liðinn hálfur mánuður frá því að málinu er fyrst hreyft á hreppsnefndarfundinum 26. febrúar. Oddviti skýrði frá því á fundinum, að menn úr fulltrúaráðum Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksfélaga og úr Framsóknarfélagi Kópavogs hefðu skömmu eftir síðasta hreppsnefndarfund snúið sér til félmrn. með erindi, þar sem þeir óska eftir því, að ráðuneytið láti semja og flytja frv. til laga um kaupstaðarréttindi og bæjarstjórn fyrir Kópavogskaupstað, og óska eftir, að slíkt frv. verði lögfest á Alþ. því, sem nú situr, með því að málið þoli enga bið.

Það hefur nú komið greinilega fram hér á Alþ., að málið þolir enga bið. Það þolir a. m. k. ekki lengri bið en til kl. 12 á laugardagskvöldið 23. apríl n. k., því að þann sunnudag á að fara fram almenn atkvgr. í Kópavogshreppi um það, hvort samið skuli verða við Reykjavík um samvinnu og ef til vill sameiningu eða hvort fram skuli borin krafan eða óskin um það, að Kópavogur verði gerður að kaupstað.

Félmrn. hafði síðan, eftir móttöku þessa erindis, sent það sýslunefnd Kjósarsýslu til umsagnar. Á þessum fundi lá umsögn sýslunefndar fyrir. Oddviti las einnig á fundinum ályktun sýslunefndar, sem gerð hafði verið á nefndarfundi 7. s. m. með samhljóða atkv. sýslunefndarmannanna. Þessi ályktun sýslunefndarinnar er að mörgu leyti mjög eftirtektarverð vegna þess, að í henni koma fram gagnrök móti þeim rökum, sem hæstv. forsrh. lagði hér fram með frv., og er því furðulegt, að hann skyldi leggja það fram sem fskj. hér á Alþ., því að gagnrökin, sem koma fram í ályktun sýslunefndar, eru svo augljós og svo sterk, að þau eru meiri en hitt, sem er jákvætt fyrir málflutning forsrh. og hans meðflytjenda að frv. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þessa ályktun sýslunefndarinnar, þar eð hún er allmikið innlegg í sögu málsins:

„Viðvíkjandi erindi félmrn. til sýslunefndar Kjósarsýslu um það, hvort Kópavogshreppur skuli skilinn frá Kjósarsýslu og gerður að kaupstað með venjulegum kaupstaðarréttindum og skyldum, vill sýslunefndin taka fram:

1) Sýslumaður Kjósarsýslu hefur upplýst, að löggæzla, skattheimta og fleiri opinber starfræksla sé erfið í framkvæmd í Kópavogshreppi við það sveitarstjórnarfyrirkomulag, sem nú er þar. Fellst sýslunefndin á, að ráða þurfi bót á þessum erfiðleikum.

2) Kjósarsýsla er ein af minnstu sýslufélögum landsins, telur aðeins fimm hreppa, og af þeim er Kópavogshreppur langfjölmennastur. Það mundi því veikja athafnamöguleika sýslunnar verulega, ef Kópavogshreppur yrði skilinn frá henni.

3) Þegar einstökum hreppum hafa með sérstökum lögum verið veitt kaupstaðarréttindi, mun frumkvæðið að því eða beiðni um slíkt hafa komið frá viðkomandi hreppsfélögum, enda lítur sýslunefndin svo á, að það sé hinn eðlilegi gangur málanna. Í þessu tilfelli liggur það ekki fyrir, eins og nú standa sakir. Ef *aftur á móti kemur fram eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar Kópavogshrepps eða óumdeilanlegs meiri hluta atkvæðisbærra íbúa hans um kaupstaðarréttindi fyrir hreppinn*, telur sýslunefndin eðlilegt, að Kópavogshreppur fái kaupstaðarréttindi.“

Þarna eru dregin fram tvö veigamikil atriði, sem undirstrikuð hafa verið í þessum umræðum af ýmsum þeim ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, og verða ekki undirstrikuð of oft, vegna þess að gegn þeim er gengið í berhögg við það, sem venja eða hefð er í flestum eða öllum tilfellum, þar sem um hefur verið að ræða að gera þorp eða bæjarhluta að kaupstöðum. En á þessum sama fundi, 9. marz, leggur oddvitinn fram fyrir hönd hreppsnefndarmeirihlutans eftirfarandi till. til ályktunar, með leyfi forseta:

„Fram hefur komið krafa nokkurra manna úr Framsóknar-, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokknum hér í hreppnum til félmrn., að flutt verði og lögfest á þessu þingi frv. til l. um að gera Kópavogshrepp að kaupstað nú þegar. Þessu máli hefur aldrei verið hreyft fyrr hér í hreppnum opinberlega og almennar umræður því aldrei farið fram um það meðal hreppsbúa.

Meiri hluti sveitarstjórnar hefur með samþykki hreppsnefndar 26. f. m. lýst sig andvígan þeirri breytingu og talið hana ótímabæra. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur 7. þ. m. með ályktun — samþykktri með samhljóða atkv. sýslunefndarmanna — lýst yfir og beint því til félmrn., að hún telji slíka breytingu því aðeins eðlilega, að fram komi eindregin viljayfirlýsing meiri hluta atkvæðisbærra íbúa hans með slíkri breytingu.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur hins vegar upplýst, að skattheimta, löggæzla og fleiri starfræksla hér í hreppnum af hálfu embættis hans sé orðin svo erfið við núverandi fyrirkomulag, að óviðunandi sé, og hefur sýslunefnd fallizt á, að ráða þurfi bót á þeim erfiðleikum.

Með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu samkv. framansögðu, ályktar hreppsnefnd Kópavogshrepps eftirfarandi:

1) Hreppsnefndin telur, að hæglega megi bæta úr erfiðleikum umboðsstjórnarinnar án þess að gera Kópavogshrepp að kaupstað með öllum þeim kostnaði, sem af því leiðir fyrir sveitarfélagið. Í því sambandi vill hreppsnefndin eindregið benda á þá leið, að stofnað verði sérstakt sýslumannsembætti fyrir Kjósarsýslu, og beinir því til viðkomandi ráðuneyta að bera tillögu um þessa skipan undir sýslunefnd og sveitarstjórnir í Kjósarsýslu eins fljótt og við verður komið.

2) Verði þessi leið ekki talin fær eða aðrar lausnir á vandkvæðum umboðsstjórnarinnar í þessu efni á þeim grundvelli, að Kópavogshreppur haldi áfram að vera sérstakur hreppur innan K''sarsýslu, eins og meiri hluti sveitarstjórnar g sýslunefnd óska, ákveður hreppsnefndin ð leita álits kosningabærra íbúa hreppsins um þær leiðir, sem þá koma til greina. Skal sú atkvgr. fara fram í samræmi við lög um sveitarstjórnarkosningar, en efnt til almenns borgarafundar til umr. um málið að tilhlutan hreppsnefndar, áður en atkvgr. fer fram."

Það er eftirtektarvert við samþykkt þessarar till., að þar stendur ekki hinn venjulegi meiri hluti hreppsnefndar Kópavogshrepps að samþykkt till., þ. e. 3:2, heldur standa að seinni liðnum 4:1. Þarna hefur annar sjálfstæðismaðurinn og andstæðingur meiri hl. hreppsnefndar Kópavogshrepps fallizt á þá till., sem kemur fram í seinni liðnum, eða ályktun.

Af þessu er bert og má ljóst vera þeim, sem hafa haldið því fram, að einhugur væri í sambandi við allt þetta mál, að hann hefur ekki verið fyrir hendi alls staðar. Í þessari atkvgr. er það augljóst, að það skiptir a. m. k. nokkru máli, þegar heil ályktun er borin upp, að það eru ýmsir liðir í henni, sem andstæðingarnir geta fellt sig við og samþ., þó að þeir séu andvígir öðrum, og má það ekkert undarlegt kallast.

Nú líða nokkrir dagar, það líða 8 dagar, þangað til hreppsnefndarfundur er haldinn, en það er fimmtudaginn 17. marz, kl. 5 síðdegis, árið 1955. Þá eru allir hreppsnefndarmenn mættir. Þar kemur fram bréf, sem oddvitinn les upp og honum hafði borizt daginn áður, 16. marz, og það er frá hreppsnefndarminnihl., þar sem oddvitanum og öðrum hreppsnefndarmönnum meiri hl. er boðin þátttaka í borgarafundi um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, sem 3 stjórnmálafélög í hreppnum boðuðu til, og áttu þeir samkv. þessu fundarboði eða bréfi að fá þrír til samans jafnan ræðutíma og fulltrúar hvers hinna þriggja stjórnmálaflokkanna eða hinna þriggja stjórnmálafélaga, sem að fundarboðinu stóðu. Þá las oddviti einnig upp bréf, sem hreppsnefndarmeirihl. í þessu máli hafði sent fundarboðendum þennan sama dag, þar sem hreppsnefndarmeirihl. neitaði að taka þessum kostum. Enn kom fram á þessum fundi till. frá Ólafi Jónssyni, er var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af fyrri samþykkt hreppsnefndar um almennan borgarafund um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp samþykkir hreppsnefndin að boða til slíks borgarafundar sunnudaginn 27. marz, kl. 4 síðdegis. Tilhögun fundarins verði sú, að meiri og minni hl. hreppsnefndar hafi jafnan ræðutíma um málið, og komi þeir sér saman um fundarstjóra og fundarsköp, enda sé kjósendum veittur ríflegur tími til umræðna um málið."

Þessi till. var samþ. með 3 shlj. atkv.

Einn andstæðingur meiri hl., Jósafat Líndal, tjáði sig samþykkan því að halda fundinn á þessum tíma, en vildi ekki taka að öðru leyti afstöðu til þeirra atriða, sem þarna komu fram. Og Hannes Jónsson kvaðst að öllu forfallalausu mæta á fundinum, en taldi það þó ekki rýra gildi þess fundar, sem hann og hans félagar höfðu auglýst.

Þá er hér bréf, sem er næsta stigið í sögu þessa máls. Það er frá 18. marz, eða daginn eftir að hitt bréfið hafði verið skrifað, og það er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnmálafélög lýðræðisflokkanna þriggja, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., í Kópavogi hafa ákveðið að efna til borgarafundar í barnaskólahúsinu á Digraneshálsi n. k. föstudagskvöld, kl. 20.

Umræðuefni: Kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp.

Fyrir hönd fyrrnefndra stjórnmálafl. bjóðum vér undirritaðir yður, herra oddviti, ásamt núverandi meiri hl. hreppsnefndar Kópavogs, á fund þennan. Á fundinum munuð þér og aðrir fulltrúar hreppsnefndarmeirihl. fá til samans jafnan ræðutíma og fulltrúar hvers hinna þriggja stjórnmálafélaga, sem til fundarins boða. Á fundinum verða enn fremur frjálsar umræður.

Á borgarafund þennan bjóðum vér jafnframt hinum þremur þingfulltrúum kjördæmisins og félmrh., og fáið þér, herra oddviti, sem alþm. sérstakan ræðutíma til jafns við aðra þessa boðsgesti.

Vér munum enn fremur fara þess á leit við skrifstofustjórann í félmrn., að hann mæti á fundinum og svari fyrirspurnum varðandi dagskrármálið, sem til hans kann að verða beint af fundarmönnum."

Undir þetta er skrifað f. h. fulltrúaráðs Alþýðuflokksfélaganna í Kópavogi, Framsóknar-

félags Kópavogs og fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksfélaganna í Kópavogi.

Það er á þennan fund, sem hæstv. forsrh. Ólafur Thors og hæstv. landbrh. Steingrímur Steinþórsson sendu þau skilaboð, að þeir gætu ekki mætt sökum anna vegna verkfallsins. Þær annir hafa íþyngt þessum hæstv. ráðh. mjög til þessa dags, en ekki þó svo, að þeir létu það ekki viðgangast, að þetta mál héldi sína leið, eins og þeir höfðu ætlað í upphafi, þrátt fyrir það að þeir sjái þess nú litla von, að því verði lokið fyrir kl. 12 laugardaginn 23. marz 1955.

Þessu bréfi um borgarafundinn í Kópavogi, sem fulltrúar frá hinum þremur stjórnmálafélögum í Kópavogi sendu, svaraði meiri hl. hreppsnefndar Kópavogshrepps á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Okkur undirrituðum hreppsnefndarmönnum hefur borizt boð yðar um þátttöku í fundi, sem þér nefnið „borgarafund", um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, þar sem okkur þremur sem meiri hl. hreppsnefndar er boðið að „fá til samans jafnan ræðutíma og fulltrúar hvers hinna þriggja stjórnmálafélaga, sem til fundarins boða", þannig að við þrír, meiri hl. hreppsnefndar, fengjum aðeins ¼ af þeim ræðutíma, sem ætlaður er til framsögu í málinu, en naumast meira en 1/10 af öllum fundartímanum.

Þessum kostum hinna „þriggja lýðræðisflokka" viljum við ekki taka.

Hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur samþykkt að efna til almenns borgarafundar um þetta mál, áður en það verði lagt undir atkv. allra kosningabærra íbúa hreppsins. Teljum við sjálfsagt, að þeim borgarafundi verði hagað svo, að meiri hl. og minni hl. hreppsnefndar í þessu máli verði veittur jafn ræðutími og komi þeir sér saman um fundarstjóra og fundarsköp, enda verði kjósendum veittur ríflegur tími til umr. um málið. Að sjálfsögðu verður fundurinn eingöngu fyrir hreppsbúa.

Þá teljum við ófært að halda slíkan fund á virkum degi.

Erum við til viðræðna um þetta mál við minni hluta hreppsnefndar, og verður ákvörðun um boðun slíks fundar tekin á hreppsnefndarfundi."

Undirskrifendur eru svo þeir þrír, sem eru í meiri hluta hreppsnefndar Kópavogshrepps gegn hinum, sem höfðu boðað borgarafundinn.

Í sambandi við þetta má svo enn lesa upp sem lið í sögu þessa máls það bréf, sem oddviti Kópavogshrepps sendi til fundarstjóra fundar hinna þriggja stjórnmálaflokka, sem halda átti í Kópavogshreppi 18. marz 1955. Leyfi ég mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það bréf upp, þar sem það snertir mjög málið:

„Mér hefur sem alþm. verið boðið að mæta á fundi þeim, sem haldinn er í kvöld um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp.

Um leið og ég þakka boðið, óska ég að skýra fundinum frá því, hvers vegna ég sé ekki ástæðu til að taka því, og bið yður því að lesa bréf mitt fyrir fundarmönnum.

Það mál, sem rætt verður á fundinum, kom fyrst fram fyrir tæpum þremur vikum og var þá borið fram af forustumönnum þeirra þriggja stjórnmálaflokka hér í hreppnum, sem boða til fundarins í kvöld. Mér er kunnugt um rök þeirra fyrir því, að það sé nú mesta hagsmunamál hreppsins, að honum sé breytt í kaupstað með lagasetningu. Þykir mér þetta seint séð hjá þeim, svo rækilega sem hagsmunamál hreppsins hafa verið rædd í margendurteknum sveitarstjórnarkosningum. Ég hef tekið afstöðu til þessarar till. sem hreppsnefndarmaður og sýslunefndarmaður, í báðum nefndum á sama veg.

Sem alþm. hef ég hins vegar ekki tekið afstöðu til málsins. Hefur enginn séð ástæðu til að flytja það inn á Alþ. enn sem komið er, enda varla ástæða til, þar sem meiri hluti sveitarstjórnar og sýslunefnd hafa lýst sig andvíg því, eins og á stendur.

En á meðan ekki er kominn fram „óumdeilanlegur vilji meiri hluta kosningabærra íbúa hreppsins" um kaupstaðarréttindi fyrir hann, eins og sýslunefnd hefur kveðið að orði, tel ég, að alþm. geti að skaðlausu látið málið afskiptalaust á málfundum hér í hreppnum, a. m. k. þeir, sem hvorki eru borgarar hér í hreppnum né búsettir í sýslunni.

Nú hefur mér sem hreppsnefndarmanni verið boðinn fimm mínútna ræðutími á fundinum í kvöld. Því boði hef ég hafnað ásamt tveim meðnefndarmönnum mínum, og tel ég víst, að bréf okkar um það verði kynnt fundarmönnum af fundarboðendum. Þar sem fundarboðendur virðast ekki vilja veita okkur hreppsnefndarmönnum, sem höfum fjallað um málið, sæmilegt málfrelsi á fundinum, en ég sé ekki ástæðu til að ræða málið sem alþm. á núverandi stigi þess, mun ég ekki mæta á fundinum, en bið yður, herra fundarstjóri, að flytja honum þessa orðsendingu mína um ástæður til þess."

Nú var þessi fundur haldinn, og fara ýmsar sögur af þessum borgarafundi, sem þeir stofnuðu til. M. a. þykir það skemmtileg tilbreyting við atkvgr., sem hv. fundarstjóri hafði, sóknarpresturinn í Kópavogs- og Bústaðahverfissóknum, þegar hann sagði öðrum hlutanum, — ég veit nú ekki vel, hvort það var sá, sem átti að vera með till., — að fara út, en hinum að vera kyrrum inni. En þá kom vandamálið, hið mikla vandamál. Þeir, sem vildu vera hlutlausir, áttu hvorki að fara út og ekki heldur að vera inni. Sem sagt hefðu þeir þurft annaðhvort að fara niður úr gólfinu eða stíga upp, en fyrir kraft prestsins gerðu þeir hvorugt, svo að upp úr öllu varð glundroði, sem frægur mun verða í þessu máli eins og annað fleira.

Þessi glundroði varð náttúrlega til athlægis fyrir þessa fundarboðendur, málsflytjendur, og það hefur fylgt þessu máli með forsrh. í broddi fylkingar hér inn í þingið, og mun sennilega verða svo, þangað til yfir lýkur, en það verður bráðum, því að bráðum verða einhver úrslit í málinu.

En svo er að geta þess, sem er meginkjarni þessa máls, og hann er sá, að hreppsnefnd Kópavogshrepps auglýsti fyrir íbúum Kópavogs, að það yrði látin fara fram leynileg, almenn at-

kvgr. um málið, þar sem íbúarnir, kjósendurnir í hreppnum, ættu þess kost að greiða atkv. um það, hvort þeir vildu, að Kópavogshreppur yrði gerður að kaupstað. Hitt atriðið, að til samninga gæti komið við Reykjavík um sameiningu eða samvinnu, hefur einnig verið til umræðu.

Auglýsing sú, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps birti, er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Almenn atkvgr. kjósenda í Kópavogshreppi fer fram sunnudaginn 24. apríl n. k. Verður leitað álits kjósenda um það, hvort þeir óski, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað nú þegar með lögum, og um það, hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ.

Kjörskrá verður lögð fram í skrifstofu hreppsins föstudaginn 25. marz. Kærur út af kjörskrá skulu komnar til oddvita fyrir laugardag 9. apríl."

Og eftir þessari atkvgr. bíða allir, nema flm. þessa frv., sem hér um ræðir á Alþ. Þeir vilja ekki heyra þessa atkvgr. nefnda af einhverjum undarlegum ástæðum, sem þeir hafa ekki fært skýr rök fyrir hverjar eru.

En svo að vikið sé aftur að frv. og grg. þess, þá vil ég benda á örfá atriði, sem sýna ýmist veilur í rökstuðningi eða beinlínis einkennilegt orðalag.

Í grg. frv. segir, að það sé flutt samkv. beiðni flokksfélaga Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. í Kópavogshreppi. Alþ. hefur á undanförnum árum nokkrum sinnum samþ. l. um bæjarstjórnir í einstökum kauptúnum, sem hafa óskað þess. Aldrei fyrr hefur slíkt frv. verið flutt samkv. beiðni pólitískra félaga á staðnum. Þetta er því ein nýjungin í grg. frv. Slík frv. hafa hingað til alltaf verið flutt samkv. einhuga ósk viðkomandi sveitarstjórnar, og þá hefur jafnan einnig verið upplýst, að bak við þá ósk stæði einhuga vilji íbúanna á staðnum. Þarna er ekki þessum atriðum heldur til að dreifa: ekki eindregin ósk viðkomandi sveitarstjórnar, ekki einhuga vilji íbúanna á staðnum. Í þriðja lagi hafa alltaf fylgt slíkum frv. meðmæli sýslunefnda þeirra, sem hlut hafa átt að máli, þar sem þau kauptún, sem gerð eru að kaupstöðum, ganga út úr sýslufélagi því, sem þau áður voru í sem kauptúnahreppar. Ekkert af þessu liggur fyrir í þessu máli um Kópavogshrepp: engin meðmæli, enginn eindreginn vilji.

Í grg. frv. er að vísu prentuð umsögn sýslunefndar Kjósarsýslu, sem ég hef minnzt á áður. En enginn, sem hana les, mun geta litið á hana sem meðmæli með málinu, öðru nær.

Eins og ég hef áður bent á, bendir sýslunefndin á, að engin beiðni um kaupstaðarréttindi frá viðkomandi hreppsfélagi liggi fyrir, eins og nú standa sakir, og bætir við, að slík beiðni hafi jafnan legið fyrir áður í sams konar tilfellum, enda telji sýslunefndin, að það sé hinn eðlilegi gangur málsins. Í þriðja lagi lýsti sýslunefndin yfir, að því aðeins telji hún eðlilegt, að Kópavogshreppur fái kaupstaðarréttindi, að fram komi eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar og óumdeilanlegur meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hans, en hvorugt lá fyrir eða liggur fyrir í þessu máli enn til þessa dag, og þetta er því algert einsdæmi um mál af þessu tagi.

Með frv. fylgir umsögn sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og snýst hún öll um þau vandræði, sem embætti hans sé komið í með að framkvæma venjuleg skyldustörf sín fyrir fólkið í Kópavogshreppi, svo sem álagningu og innheimtu skatta, greiðslu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins o. s. frv. Það er eftirtektarvert, að sýslumaður segir, að þorri þeirra 900 manna, sem njóta tryggingabóta í Kópavogshreppi, geri sér ferð suður í Hafnarfjörð til þess að sækja bæturnar. Hvers vegna skyldu þeir ekki sækja bætur sínar til umboðsmanns sýslumannsins, hreppsstjórans í Kópavogshreppi? Er honum ekki trúað fyrir því að borga þær út, t. d. í sambandi við skattgreiðslu viðkomandi manna? Er honum ekki trúað til þess, eins og alls staðar annars staðar tíðkast? Eða vilja hinir 900 bótaþegar heldur gera sér ferð til Hafnarfjarðar en eiga viðskipti sín um bótagreiðslur og skattgreiðslur við hreppstjórann? Og þá er það enn furðulegt við lýsingu sýslumanns á því, hvernig embættisstörf hans vegna íbúa Kópavogshrepps séu rækt nú, að hann segir, að embættið verði að annast innheimtu þinggjalda hjá 1500 gjaldendum auk allra annarra innheimtna, sem embættinu berist frá öðrum innheimtumönnum opinberra gjalda. Á að skilja þetta svo, að sýslumaðurinn geti ekki fengið aukna starfskrafta í hlutfalli við aukinn íbúafjölda í umdæmi hans til þess að annast innheimtu opinberra gjalda?

Það eru venjulegir innheimtumenn, rukkarar, sem hér virðist vanta. Þeir þurfa ekki að vera sérstaklega lærðir menn. Stendur ef til vill á samþykki ráðuneytisins, að sýslumaður geti ráðið sér einn eða tvo rukkara, eða þarf yfirleitt nokkurt samþykki ráðuneytis til að ráða slíka nauðsynlega aðstoðarmenn til innheimtu skatta í ríkissjóð?

En bæði um þessi innheimtustörf og önnur störf embættisins vegna íbúa í Kópavogshreppi, bótagreiðslur, þinglýsingar o. s. frv., er það furðulegt, að sýslumaður skuli ekki fyrir löngu hafa komið til móts við íbúana í hreppnum, t. d. með því að láta fulltrúa sinn taka við gjöldum, þinglýsingum o. s. frv. á ákveðnum tímum. Ekki hefur það vandræðaástand embættisins, sem sýslumaður kvartar yfir, skapazt skyndilega nú.

Íbúatalan í Kópavogshreppi nálgaðist 2000 árið 1951, var yfir 2000 árið 1952 og yfir 2500 árið 1953. Það er augljóst, að þegar fyrir mörgum árum hefði verið bæði rétt og skylt að auka starfskrafta embættisins við innheimtu, bótagreiðslur og fleira því um líkt og láta þá auknu starfskrafta koma til móts við Kópavogsbúa, hvort sem þeir voru til að rukka þá um gjöld í ríkissjóð eða færa þeim tryggingabætur. Og þetta er auðvelt að gera nú. Til þess þarf ekki sérstakt sýslumanns- eða bæjarfógetaembætti í Kópavogi, byggja yfir hann sérstakan embættisbústað eða því um líkt. Til þess þarf ekki annað en að ráða aðstoðarmann við innheimtu skattanna, láta fulltrúa

sýslumanns mæta á þar tilgreindum tíma á þingstað hreppsins til þess að taka á móti gjöldum, þinglýsingum og greiða út tryggingabætur.

En aðalatriðið í þessu máli, þegar það er nú flutt inn á Alþ., er vitanlega ekki það, hvernig sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu rækir störf sín eða kemur fyrir starfrækslu þeirra í Kópavogshreppi. Það er hans mál, en ekki Alþingis. Hitt er vitanlega aðalatriði málsins, að engin þau skilyrði, sem hingað til hafa í hverju einasta tilfelli verið uppfyllt, þegar Alþ. hefur samþ. l. um kaupstaðarréttindi, eru fyrir hendi hér. Í fyrsta lagi ekki það, að sveitarstjórnin óski þess. Í öðru lagi ekki, að íbúarnir óski þess eða a. m. k. yfirgnæfandi meiri hluti þeirra. Og í þriðja lagi ekki, að sýslunefnd mæli með því. Ekkert þessara atriða liggur fyrir. Og flm. frv. minnast í grg. ekki einu orði á afstöðu sveitarstjórnarinnar til þessa máls. Hvers vegna ekki? Í ályktun sýslunefndar er það þó hins vegar upplýst, að málið sé ekki flutt eftir beiðni sveitarstjórnar. Hvers vegna taka flm. málsins það ekki upp í sína grg.? Nú mun sveitarstjórn í Kópavogshreppi hafa gert ályktanir um þetta mál, en hvernig stendur á því, að flm. frv. stinga þeim undir stól? En úr því að flm. hafa ekki — af einhverjum ástæðum — birt neitt um afstöðu sveitarstjórnarinnar í málinu, virðist sjálfsagt, að sú nefnd, sem kynni að fá málið til meðferðar, sendi það til umsagnar sveitarstjórnarinnar, — það er hrein og bein skylda, annað væri vanvirða, — svo að það sé hægt að fá skýlaust inn í rök málsins, hver afstaða sveitarstjórnarinnar er.

Í grg. er látið liggja að því, að meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi óski eftir þeirri breytingu, sem felst í frv., að Kópavogshreppur verði gerður að sérstökum kaupstað. Þetta er þó ekki sagt berum orðum, heldur er sagt, að kjósendur í Kópavogshreppi hafi verið 1144 í febrúar í fyrra, en þá hafi síðustu sveitarstjórnarkosningar farið fram. Þetta er rangt. Síðustu sveitarstjórnarkosningar fóru fram 16. maí í fyrravor, en nú eru kjósendur í hreppnum hátt á 14. hundrað. 1351 eru á kjörskrá, en nokkrir geta enn bætzt við vegna flutninga inn í hreppinn um það bil, sem kjörskráin var samin.

Nú segja flm., að borizt hafi áskoranir 760 Kópavogsbúa, 21 árs og eldri, um að gera hreppinn að kaupstað. Þessar áskoranir höfðu ekki borizt Alþ., þegar frv. var lagt fram, og mun skrifstofa Alþ. hafa orðið að ganga eftir því. En þó er sagt frá því í grg. sem innsendu hingað í sali Alþ.

Þessar áskoranir eru svo til komnar, að gengið var hús úr húsi og safnað undirskriftum undir svo hljóðandi undirskriftalista, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi skorum hér með á hið háa Alþ. að gera núverandi Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum á þingi því, er nú situr, enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir.“

Nú vita allir, bæði í Kópavogshreppi og utan hans, að um framtíð hreppsins er um tvær leiðir að velja: að hann verði gerður að kaupstað eða hann sameinist við Reykjavík. Um þetta skiptast skoðanir í hreppnum svo sem annars staðar. Þetta vissu undirskriftasafnararnir. Þeir eru að safna undirskriftum undir áskorun til Alþ. um að gera hreppinn að kaupstað með lögum á þessu þingi, en til þess að fá líka menn, sem eru með sameiningu við Reykjavík, til þess að skrifa undir, gripa þeir til þess ráðs að skjóta inn í setningunni: „enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík“, og fá þar með undirskriftirnar. Með þessu er augsýnilega verið að falsa þá skoðanakönnun, sem er að fara fram með undirskriftasmöluninni. Það er fölsun, vegna þess að þarna er um tvö atriði að ræða og þau ekki samstæð.

Undirskriftasöfnun er vitanlega hæpin aðferð, sérstaklega ef hún er ekki skýr viljayfirlýsing um eitthvert ákveðið, tiltekið atriði. En í þessu tilfelli skrifa menn undir tvö atriði, fyrst kaupstaðarréttindi og í öðru lagi sameiningu við Reykjavík, og svo getur farið í þessu máli og um þessar undirskriftir og um þennan haus undirskriftalistans eins og um biblíugreinarnar; það geta spunnizt margir trúflokkar, og hver getur tileinkað sér sína biblíugrein eftir sinni skoðun.

Í þessu tilfelli hafa flm. frv. tileinkað sér þá skoðun, að hér væri aðeins um kröfuna eða óskina að ræða að gera Kópavog að kaupstað, en gengið fram hjá hinni, vegna þess að það var ekki heppilegt, og þetta er í raun og veru augljós fölsun.

Og þá má minnast á það atriði, sem reyndar er búið oft að minnast á hér áður, að þessi undirskriftasöfnun var hrein fölsun, þar sem nú hefur komið í ljós, eins og bent var á strax í upphafi og í fyrstu ræðu, sem haldin var gegn þessu frv. hér á þingi, að 224 af undirskrifendum mundu ekki vera kjósendur í Kópavogshreppi. Og það er nú staðfest í dag og lagt hér inn í þingið vottfest af borgarfógeta, að um hreina fölsun á 224 nöfnum í þessu fylgiskjali hefur verið um að ræða.

Ég ætla ekki að rekja það aftur, að það eru bæði í þessu útlendingar, menn, sem aldrei hafa verið í hreppnum, fólk, sem dvelur erlendis, og svo unglingar, og svo enn eitt, að ýmis nöfn voru skrifuð með sömu rithönd, án þess að þess væri getið, að um handsal væri að ræða.

Þá vil ég minnast á það aftur, sem ég minntist á fyrr, að sú nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, athugi vel þau rök, sem hér hafa verið borin fram gegn því, að Alþ. samþykki slíkt frv. eftir þær kórvillur, sem hafa verið í rökstuðningi flm. á ýmsan hátt.

Það má til áréttingar og ábendingar benda á það, að undir áskoruninni um það, að Kópavogshreppur verði gerður að kaupstað, stendur Framsóknarflokksfélag Kópavogs og fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksfélags Kópavogs. Sem sagt eru það ríkisstjórnarflokkarnir, sem þarna standa að, enda hafa ráðh. þeirra borið frv. fram. En

það er eftirtektarvert, að einmitt annað stjórnarblaðið hefur hafið harðan áróður gegn þessu. Það er blað Framsfl., Tíminn. Það voru birtar í því fleiri en ein grein, sem algerlega mæla á móti því, að þessi aðferð sé viðhöfð, heldur fái Kópverjar eða Kópavogsbúar að ráða sínum málum í friði, og þegar þróunin hefur komizt á það stig að þeirra eigin dómi, þá skírskoti þeir til þeirra raka, sem alltaf eru fyrir hendi, og sameinist um þá kröfu, sem þeim þykir bezt henta, annaðhvort að óska eftir sameiningu við Reykjavík ellegar þá að óska eftir því, að Kópavogur verði gerður að kaupstað.

Þetta er rétt að benda á, vegna þess að það er ekki víst, hvort það hefur verið tekið eftir þessu svo mjög í málinu. En það hefur verið töluvert eftirtektarvert, að einmitt stjórnarblaðið skuli birta þessi rök gegn ráðh. sínum, sem flytur þetta frv.

Í Tímanum 27. marz er grein, sem heitir „Glerárþorp og Kópavogur". Og það er ekki að furða, þótt gripið sé nærtækasta dæmið um þá samþykkt, sem hv. Alþ. gerði að veita þorpi eða hluta úr bæ kaupstaðarréttindi, en það var Glerárþorpið. Mátti því í því tilfelli, sem enda hefur oft verið gert, bera saman þær aðstæður, sem voru í Glerárþorpi og Kópavogi. Nú fann enginn athugavert við þá málsmeðferð, sem höfð var í frammi, þegar Glerárþorp var sameinað Akureyrarkaupstað, og málatilbúnaður viðvíkjandi Kópavogi hefði þess vegna átt að vera í sama anda og með sömu rökum, en í þessari grein, sem hér er um Glerárþorp og Kópavog, er komizt svo að orði í niðurlagi greinarinnar, með leyfi forseta:

„Reykjavík og Kópavogur eru að vaxa saman, og vitanlega á þetta svæði að sameinast Reykjavík, hvort það er í ár eða á næstu árum skiptir ekki máli. Að byrja á því að gera útjaðar bæjarins að sérstökum kaupstað er bókstaflega hlægilegt. Alþ. hefur áreiðanlega eitthvað þarfara að gera en að eyða tíma sínum til að fjalla um þetta mál."

Þar er ég hv. greinarhöfundi sammála, og þarna birtir Tíminn þessa setningu, að það sé bókstaflega hlægilegt af hæstv. ráðh. Framsfl., landbrh. Steingrími Steinþórssyni, að flytja þetta frv. Ég veit ekki, hvort ritstjóri eða blaðamenn hafa fengið persónulegar ákúrur hjá landbrh. fyrir að flytja svona andúð og andstöðu gegn málinu, en ekki þætti mér ólíklegt, að eitthvað slíkt hefði farið fram á ritstjórnarskrifstofum Tímans.

Hin greinin birtist í Tímanum 1. apríl s. l. og heitir „Reykjavík og nágrenni". Hún er skrifuð af víðfrægum ferðamanni, víðfrægum framsóknarmanni og mesta dugnaðarmanni, þeim manni, sem hefur staðið við hlið Eysteins Jónssonar dyggilegast við að byggja Framsfl. upp og við hlið Jónasar Jónssonar og alla tíð borið á herðum sínum byrðar og skyldur Framsfl. og hlotið ofur litinn heiður hans líka. Þessi maður skrifar svo hógværlega undir greinina bara V. G., en það er Vigfús ferðamaður, sem allir kannast við, Vigfús Guðmundsson, sem lengi hefur verið í miðstjórn Framsfl. og oft hans skjöldur og skjól. Hann hefur ferðazt undanfarin missiri og undanfarin ár víða um lönd og víða um álfur, og hann hefur séð ýmislegt, sem er skylt þessum málum, sem nú eru til umræðu hér á Alþ., og þykir gaman að bera saman við það brölt, sem hér er. Þegar hann ekur um slétta vegina í Suðurlöndum, er hann að bera þá saman við okkar hnjóskóttu vegi o. fl., o. fl. En svo kemur hann að Kópavogi, af því að Kópavogurinn var mál dagsins, og þá hefur hann líka ýmislegt til samanburðar frá öðrum löndum. Ég ætla ekki að lesa mikið úr þessari grein, því að hún er nokkuð löng, en ég ætla aðeins að lesa örfáar línur til þess að sýna, að í þessari grein gengur Vigfús Guðmundsson algerlega á móti þeirri stefnu, sem ráðherra hans hefur haft í þessu máli. Hann er að tala um úthverfi Reykjavíkur, og þar segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt af þessum hverfum, úthverfum Reykjavíkur, sem byggzt hafa í nágrenni bæjarins af fólki, sem starfar í bænum, er Kópavogur. Þar hefur komið upp hreyfing á síðustu mánuðum um að gera hverfið að sérstökum kaupstað. Ugglaust vakir aðallega gott fyrir þeim, sem þeirri hreyfingu valda" (m. a. Steingrími). „Sýnist þó, að jafnvel sé þar að verki nokkur „mannapólitík", þar syðra, og ef til vill trúleysi á stjórnarvöld höfuðstaðarins. A. m. k. þykir mörgum einkennilegt, að við tvennar nýafstaðnar hreppsnefndarkosningar (báðar á liðna árinu) var harla lítið hreyft þessari „nauðsyn" að gera Kópavog að sérstöku bæjarfélagi."

Og svo segir hann í lok greinarinnar:

„Er næstum undravert, hvað ötulir áhlaupa- og áróðursmenn geta teymt langt ýmsa háttsetta trúnaðarmenn þjóðarinnar í þessum efnum" (og á þar við sína eigin ráðherra). „Eitt er það að gera Kópavog að sérstökum kaupstað allt í einu og fjarlægja með því þá sjálfsögðu framtíðarleið, að þetta íbúðarhverfi Reykvíkinga — gersamlega atvinnuvegalaust — tengist höfuðstaðnum í sameiginlegu bæjarfélagi."

Svo mörg eru þau orð.

Ég vil þá benda á það, að af því, sem hér hefur verið dregið fram, má ljóst vera, að grundvöllurinn fyrir þeirri kröfu, sem sett er fram í frv. um bæjarstjórn í Kópavogshreppi, er mjög veikur. Og á þennan fund berst nú nál. frá minni hl. heilbr.- og félmn. (HV), ýtarleg grg. og m. a. sú yfirlýsing um fölsuðu nöfnin, sem ég las áðan og hirði ekki um að minnast á aftur. Það er ekki ætlun mín að skipta mér sérstaklega af því, hvernig málum verði skipað í Kópavogi í framtíðinni, hvort það verður hreppsfélag áfram, svo sem verið hefur, hvort Kópavogur sameinast Reykjavík eða hvort hann verður gerður kaupstaður. En af því að þetta mál er fengið þessari d. í hendur og lagt fyrir eins og það hefur verið lagt, þá er það skylda þm. að rökræða það og benda á þær veilur, sem fram hafa komið, og í raun og veru krefjast þess, að ekkert sé gert í málinu, fyrr en atkvæðagreiðslan á sunnudaginn í Kópavogshreppi hefur farið fram. Það er því áskorun mín til flytjenda málsins, að þeir dragi frv.

til baka, — þeim er í raun og veru ekki stætt á öðru, — eða láti það liggja, þangað til fyrir liggur ótvíræður meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi um það, hvort þeir óska eftir því, að Kópavogshreppur öðlist kaupstaðarréttindi nú, ellegar þeir óska eftir einhverju öðru fyrirkomulagi á hreppsmálunum.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Hér liggur fyrir okkur nál. um frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað frá meiri hl. heilbr.- og félmn. Í þessu nál. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur athugað frv., og m. a. hefur hreppsnefnd Kópavogshrepps mætt á fundi n. til viðræðu um málið. Hefur oddviti látið n. í té útskrift úr gerðabók Kópavogshrepps varðandi þetta mál.“

Enn fremur segir:

„Hreppsnefndin tjáði nefndinni, að hún hefði ákveðið að efna til atkvgr. um það innan Kópavogshrepps þann 24. apríl n. k., hvort kjósendur óski, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað nú þegar með lögum, og um það, hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ. Af þessu tilefni hefur meiri hl. heilbr.- og félmn. leitað umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur um þetta atriði, og er þess að vænta, að þinginu berist sú umsögn undir meðferð málsins.“

Undir þetta nál. hafa skrifað Páll Þorsteinsson, Jóhann Hafstein, Helgi Jónasson.

Það verður ekki sagt um þetta nál., að það sé mikið að vöxtum, og því síður, að þar sé gerð tilraun til þess að rökstyðja og mæla sérstaklega með því frv., sem nál. fjallar um. Það má segja, að n. hafi svikizt um flest það, sem henni bar að gera til að afla upplýsinga í málinu. Ekki hefur verið leitað eftir umsögn sýslunefndar um málið. Það hefur ekki einu sinni verið rætt við sýslunefndina, hún hefur ekki einu sinni verið boðuð á fund til viðræðna við hv. heilbr.- og félmn., sem hafði með málið að gera. Ekki hefur n. rannsakað eða látið rannsaka undirskriftalistana og borið þá saman við gildandi kjörskrá. Nei, nei, það datt hv. heilbr.- og félmn. ekki í hug að gera. Þá hefur ekki verið hið minnsta tillit tekið til skoðana meiri hluta hreppsnefndar í málinu. Aftur á móti hefur minni hlutinn, hv. 3. landsk., látið fara fram allýtarlega rannsókn á undirskriftalistunum, og við þá rannsókn hefur það komið í ljós, sem búið var að benda hér á við 1. umr. þessa máls, að hvorki meira né minna en 224 menn af þeim, sem á listann hafa skrifað, fyrirfinnast ekki á þeirri kjörskrá, sem er gildandi í dag fyrir þetta sveitarfélag.

Það má segja, að þessu máli hafi verið flýtt mjög mikið af þeim, sem málið fluttu, og n., sem málið hafði til meðferðar, hefur gert sitt til þess að hraða því sem hægt væri. Svo ört var þetta drifið áfram, að minni hlutanum vannst ekki tími til að semja álit og því síður til að afla þeirra gagna, sem nauðsynlegt var að fá fram í málinu. Það var fyrst í kvöld, að áliti minni hl. var útbýtt hér á meðal hv. alþm.

En eitt hefur þó meiri hl. gert í þessu máli, og það er það, að hann hefur gert pöntun á umsögn bæjarráðs Reykjavíkur um það, hvort bæjarráð sé fylgjandi því, að Kópavogshreppur sameinist Reykjavík. Í nál. er lofað, að þetta álit liggi hér fyrir. Ég hef ekki orðið var við, að það liggi hér fyrir. Ég tel það út af fyrir sig illa farið, að það skuli ekki liggja hér fyrir, ekki aðeins álit bæjarráðs Reykjavíkur, heldur líka bæjarstjórnar Reykjavíkur. Og það hefði mátt ætlast til þess, þegar svona stórmál, — við skulum kalla það stórmál, því að það er eitt af mestu hitamálum og áhugamálum núverandi hæstv. ríkisstj. að koma þessu máli í gegnum þingið, — þegar stórmál eru á dagskrá, eins og þetta mál virðist vera í augum þessara manna, þá hefði verið a. m. k. að því unnið af miklum dugnaði að fá álit þessara aðila um afstöðu þeirra til málsins. Auðséð er, að öll meðferð þessa máls er hin furðulegasta og mun tæplega eiga sér hliðstæða sögu í málum þingsins um hliðstæð efni.

Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í þessari hv. d., benti ég á nokkur meginskilyrði, sem þyrfti að liggja ljóst fyrir hvort hefði verið fullnægt, svo að hægt væri fyrir hv. Alþ. að taka afstöðu í slíku máli eins og því, sem hér hefur verið flutt. Þessi skilyrði eru:

1) Að sveitarstjórnin óski eftir, að frv. sé flutt.

2) Að yfirgnæfandi meiri hluti íbúanna í sveitarfélaginu óski þess.

3) Að sýslunefndin veiti frv. meðmæli sín.

Ekkert af þessum skilyrðum lá fyrir, og ekkert af þeim liggur fyrir enn. Meira að segja það eina hálmstrá, sem hv. flm. frv. héngu í í sinni framsöguræðu og frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur líka reynt að hanga í, sem sagt undirskriftirnar, eru líka roknar út í veður og vind, með því að það hefur sannazt, að stór hópur af þeim mönnum, sem skrifuðu á þessa lista, hefur ekki haft rétt til þess að skrifa á þá sem kjósendur í Kópavogshreppi. Með flutningi þessa frv., sem flutt er í óþökk meiri hl. hreppsnefndar, er verið að fótumtroða allar vanalegar lýðræðisvenjur, eins og þær hafa hingað til verið túlkaðar og skildar af öllum almenningi. Enginn hefur leyft sér að halda því fram, að núverandi hreppsnefnd í Kópavogshreppi hafi ekki verið kosin á fullkomlega löglegan hátt; ekki einn einasti maður. Ég hef lesið flest það, sem hefur verið skrifað um þessi mál, frá því að deilurnar voru sem harðastar um sveitarstjórnarkosningar í Kópavogshreppi í fyrravetur og fram til þessa dags, og ég hef hvergi séð því hreyft eða séð í einni einustu blaðagrein dregið í efa, að kosningarnar, sem fóru fram 16. maí s. l., hafi verið í alla staði löglegar, enda hefur enginn leyft sér að halda því fram, að núverandi hreppsnefnd í Kópavogshreppi hafi ekki verið kosin á fullkomlega löglegan hátt. Mér vitanlega komu engin kæruatriði fram að kosningum loknum, og allir aðilar beygðu sig að sjálfsögðu undir dóm kjósendanna í hreppnum, sem m. a. sannast á því, að fulltrúar minni hl. tóku sæti í hreppsnefndinni án nokkurs fyrirvara. Ef eitthvað hefði verið við kosningarnar að athuga,

þá liggur það í hlutarins eðli, sérstaklega þegar það er haft í huga, hvað þessar kosningar voru heitar, að það hefði ekki verið legið á því, ef hægt hefði verið að benda á einhverja agnúa í sambandi við kosningarnar. Hefði minni hl. talið eitthvað athugavert við kosningarnar, hefði hann að sjálfsögðu látið það koma fram opinberlega. Ekkert slíkt kom fram, eins og ég benti hér á áðan. Með flutningi þessa frv., eins og allt er í pottinn búið, er gerð hin grófasta árás á sjálfsagðan og löglegan sjálfsákvörðunarrétt hreppsfélagsins.

Hér leyfa sér m. a. tveir hæstv. ráðh. og annar þeirra sjálfur forsrh. að flytja frv., sem breytir algerlega því skipulagi, sem áður hefur ríkt í þessu byggðarlagi, og gerir að engu þær kosningar, sem fóru fram á algerlega löglegan hátt og vitanlega áttu að gilda að óbreyttu ástandi til fjögurra ára. Engin frambærileg rök eru færð fram í málinu. Engar sakir eru fram komnar eða fram bornar á meiri hluta hreppsnefndarinnar, engin vanræksla í störfum, engar ásakanir á meðferð fjármála. Öll meðferð þessa máls, allur undirbúningur þess einkennist af fljótfærni, fyrirhyggjuleysi og alvöruleysi. Aftur á móti hníga flest rök að því, að málið sé flutt til að þóknast nokkrum pólitískum gæðingum stjórnarflokkanna, sem ekki vildu una úrslitum síðustu sveitarstjórnarkosninga. Ef slíkar starfsaðferðir ættu að verða ráðandi, er orðið *lítið eftir af hinu marglofaða lýðræði* í okkar ágæta landi. Flutningur þessa frv., án þess að uppfyllt séu nauðsynleg og sjálfsögð skilyrði, er hreinasta hneyksli og móðgun við Alþ. að hafa lagt frv. þetta fram. Þó er frv. þetta fyrst og fremst hin mesta móðgun við íbúa Kópavogshrepps, sem í almennum kosningum kusu á löglegan hátt hreppsnefnd til 4 ára. Í þessu máli er það mjög táknrænt, að það er Sjálfstfl., sem fyrst og fremst hefur beitt sér fyrir þessu máli, en þó með ágætum stuðningi að minnsta kosti framsóknarmanna í Kópavogshreppi. Til að undirstrika stuðning sinn við flokksbræður sína í Kópavogshreppnum við málið hafa þeir fengið hæstv. félmrh. til þess að vera meðflm. að málinu. Það er svei mér ekki verið að fá minni spámennina í flokkunum til þess að flytja slíkt stórmál sem þetta, *enda liggur nú mikið við.*

Fyrir nokkru birtist grein í blaði framsóknarmanna hér, Tímanum, um Sjálfstfl. Í þessari blaðagrein var Sjálfstfl. lýst á heldur ófagran hátt sem ólýðræðislegum flokki, svo að ekki sé nú meira sagt. Sjálfstfl. var talinn að eðli, uppbyggingu og starfsaðferðum líkjast mjög mikið stjórnmálaflokkum afturhaldsins í Suður-Ameríku. Ekki var nú stutt róið á miðin. Gefið var í skyn, að slíkur flokkur mundi ekki hika við að beita ofbeldi, hvenær sem hann teldi sér það fært. Sérstaklega ef Sjálfstfl. fengi meiri hluta á Alþ., mundi hann misnota rétt sinn á hinn herfilegasta hátt og jafnvel ekki hika við að óska eftir erlendri aðstoð, ef hann teldi þess þörf. Ja, þetta er ófögur lýsing. Þetta er ekki lýsing okkar sósíalistanna á Sjálfstfl. Þetta er lýsing samstarfsflokksins á Sjálfstfl., og er þó mjög mikið úr henni dregið. — Ég skal nú taka það fram, að mér finnst að sumu leyti, að með flutningi þessa frv. hafi skoðun dagblaðsins Tímans reynzt nokkuð rétt, því miður. En eitt er þó mjög athyglisvert í málinu, og það er, að Framsfl. styður þó Sjálfstfl., sem blað Framsóknar stimplaði sem ofbeldisflokk, í því að flytja hér á Alþ. frv., sem er brot á öllum venjulegum lýðræðisvenjum, og allar forsendur fyrir frv. eru gerólíkar þeim frv., sem flutt hafa verið hér á Alþ. í hliðstæðum málum. Hvernig mundi nú Sjálfstæðisfl. haga starfsemi sinni, ef hann t. d. næði hreinum meiri hl. á Alþ.? Mundi flokkurinn starfa í anda almenns lýðræðis? Ja, mér finnst, að framkoma flokksins í þessu máli bendi til hins gagnstæða og af hendi Sjálfstfl. mætti vænta ýmissa þeirra ráðstafana, sem almennt eru taldar brot á lýðræði. Sú takmarkalausa frekja, sem Sjálfstfl. hefur sýnt í þessu máli, lofar ekki góðu, a. m. k. ef slík ógæfa skyldi henda Íslendinga að veita þessum afturhaldsflokki meiri hluta á Alþ. Íslendinga. Svo mikilli frekju er beitt í málinu af flm. frv., að flm. frv. munu ófáanlegir til að bíða eftir þeirri leynilegu atkvgr., sem fram á að fara n. k. sunnudag. Er nú ekki hér heldur langt gengið, eða hvað finnst hv. alþm.? Hvernig sem á þetta mál er litið, er það hin mesta óhæfa af fylgjendum frv. að knýja það í gegn, áður en hin leynilega atkvæðagreiðsla hefur farið fram og úrslit atkvgr. *liggja fyrir.*

Eins og þessu máli er nú komið, eru mjög litlar líkur fyrir því, að hægt verði að afgr. málið á Alþ. fyrr en á laugardag í fyrsta lagi, þ. e. a. s. nokkrum klukkutímum áður en hin leynilega atkvgr. á að fara fram meðal kjósenda í Kópavogshreppi. Sjá það nú ekki allir, sem vilja sjá, að hér er beitt alveg óvanalegum aðferðum? Og ég verð að segja það, að ég get ekki trúað því fyrr en ég tek á, að hv. alþm. láti hafa sig til slíkra aðgerða. Ég endurtek það, að ég get ekki trúað því, fyrr en ég sé sjálfur, að hv. alþm. greiði atkv. með því að afgr. málið á síðasta degi áður en leynileg atkvgr. á að fara fram í málinu, sérstaklega þegar það er upplýst, að þeir undirskriftalistar, sem hér hafa legið fyrir, eru ekki réttir og 224 af þeim mönnum, sem hafa skrifað á listana, *eru ekki á kjörskrá.*

Nú verður manni á að spyrja: Hvað veldur því, að flm. frv. leggja slíkt ofurkapp á það að fá málið afgr. frá Alþ. fyrir atkvgr. meðal kjósenda í hreppnum um málið? Það er engin leið að finna út aðra ástæðu fyrir slíku framferði, slíku ofurkappi en þá, að þeir séu hræddir um, að kjósendur í hreppnum muni vera andvígir málinu og fella það við atkvgr. á sunnudaginn kemur. Það eru engin önnur frambærileg rök til í málinu frá hendi þeirra manna, sem málið flytja, ef hægt er að kalla þetta rök. Sé þetta rétt og komi það í ljós, að meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi sé mótfallinn bæjarréttindum og óski máske eftir annarri tilhögun á málefnum sveitarfélagsins, væri það hið mesta glapræði af Alþ. að afgr. frv., áður en fyrir liggur óumdeilanlegt álit íbúa hreppsins.

Ég tel rétt að athuga örlítið nánar, þó að

það hafi verið gert reyndar mjög rækilega af þeim, sem hafa talað í málinu á undan mér, hvaða hagnað Kópavogsbúar mundu hafa af því að öðlast bæjarréttindi fram yfir það, sem þeir nú þegar hafa. Engin atvinnuaukning getur átt sér stað fyrir það eitt, þó að hreppurinn öðlist bæjarréttindi. Það er alveg útilokað. Bæjarfélag fær engar sérstakar fjárveitingar fram yfir hreppsfélögin.

Þá er rétt að athuga hina hliðina, þ. e. a. s. kostnaðarhliðina á málinu. Sumir af þeim mönnum, sem harðast hafa barizt fyrir þessu máli, sérstaklega utan þings, — það hefur lítið verið rætt um það hér á Alþingi, — hafa viljað halda því fram, að það sé engin skylda t. d. að hafa lögreglu í bæjarfélagi. Þetta er hin mesta og hin fáránlegasta fjarstæða. Samkv. lögum frá 12. febr. 1940 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

2. gr.: Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa.“

Hér kemur það mjög skýrt fram í lögum, að bæirnir eru lögum samkv. skyldaðir til að hafa tvo lögregluþjóna á hverja 1000 íbúa. Ég veit ekki til þess, hver sem hefur annars farið með dómsvaldið, að nokkurn tíma hafi fengizt nokkur undanþága frá þessu ákvæði laganna fyrir eitt einasta sveitarfélag. Mér er kunnugt a. m. k. um, að það sveitarfélag, sem ég er frá, hefur farið fram á að þurfa ekki að hafa tilskilda tölu lögregluþjóna. Þessu hefur verið neitað hvað ofan í annað og því hótað jafnframt, að ef ekki væri fylgt lögunum út í yztu æsar, þá tæki ríkissjóður ekki þátt í að greiða þann ⅙ hluta af kostnaði við löggæzluna, sem áskilið er í lögunum. Og halda menn svo virkilega, að Kópavogshreppi, sem þá væri orðinn bær, verði veitt einhver sérstök undanþága í þessu máli? Nei, síður en svo. Þar er ekki að ræða um neina undanþágu. Það þekkjum við af gamalli reynslu.

Þessu til viðbótar verða svo að sjálfsögðu viðkomandi bæir að greiða mikinn hluta af kostnaðinum við aðra löggæzlu. Ríkið greiðir, eins og áður er tekið fram, aðeins ⅙ hlutann. Allan annan kostnað verður bæjarfélagið að sjálfsögðu að greiða, þar með talin nauðsynleg áhöld, sem lögreglan þarf að hafa, svo sem lögreglubifreið o. s. frv. Verði samþykkt að veita Kópavogshreppi bæjarréttindi, þarf ríkissjóður að kosta sérstakan lögreglustjóra. Auk þess þarf að byggja lögreglustöð og fangahús. Þá þarf hinn nýi bær að kaupa lögreglubíl og sjá um rekstur hans. Auk þess er ýmis annar kostnaður, sem að mestu leyti lendir á viðkomandi bæ, að öðru leyti en því, að ríkið greiðir að sjálfsögðu laun lögreglustjórans.

Þá þarf vitanlega ríkið að uppfylla sínar skyldur gagnvart þessu nýja bæjarfélagi. Það þarf að skipa sérstakan skattstjóra. Þar myndast nýtt embætti fyrir einhvern stjórnargæðinginn. Það verða sjálfsagt nógu margir til þess að hirða þann bitann. Þá verður ríkið að láta byggja símstöð og pósthús með tilheyrandi embættum.

Þetta Kópavogsævintýri gæti orðið alldýrt, kostað allálitlegan skilding fyrir ríkissjóð, en það er ekki horfandi í það, þegar svona stórmál er um að ræða, sem ríkisstj. virðist hafa gert að einu sinna aðalmála. Margvíslegur kostnaður annar en við löggæzluna er samfara rekstri bæjarfélags. Og það verður ekki um það deilt, að það kostar mjög mikið að reka eitt bæjarfélag. Á það má benda, að það verður að ráða sérstakan bæjarstjóra. Sá bæjarstjóri geri ég ráð fyrir að þurfi að hafa skrifstofu, þar af leiðir náttúrlega stærra skrifstofupláss en nú er. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi að ráða eina 6—7 á skrifstofu, og hef ég þar í huga starfslið hjá öðrum bæjum, og má benda á það, að í bæ eins og Ísafirði, þar sem eru heldur færri en íbúar Kópavogshrepps eru, munu vera a. m. k. 6 eða 7, ef ekki fleiri starfandi menn á skrifstofum bæjarins. Sama er að segja um Siglufjörð og fleiri staði. Það er heill hópur af starfandi embættismönnum hjá bæjunum, og virðist vera yfirleitt erfitt að komast hjá því að hafa slíka tilhögun á málunum.

Þá er rétt í þessu sambandi að athuga, hvort í Kópavogi séu sérstök skilyrði til stofnunar sjálfstæðs bæjar. Allir þeir, sem til þekkja, vita, að þeir staðir úti á landi, sem öðlazt hafa kaupstaðarréttindi á undanförnum árum, eru vaxnir upp í kringum sæmilega góð hafnarskilyrði og margvíslegan atvinnurekstur, sem þróazt hefur þar í áratugi. Ég er ekki vel kunnugur því, hvernig hafnarskilyrði eru í Kópavogshreppi. Ég geri ráð fyrir því, að í Kópavogshreppi sé hægt með töluverðum tilkostnaði að byggja sæmilega höfn eða bryggju, það mun vera byrjað á því og mundi vera sjálfsagt að gera það, hvort sem byggðarlagið fær bæjarréttindi eða ekki. En eitt er víst, að þarna á þessum stað hefur a. m. k. fram til þessa tíma ekki vaxið upp sérstakur atvinnurekstur að neinu ráði. Flestir þeir staðir á landinu, sem öðlazt hafa bæjarréttindi, hafa t. d. mjög góð sambönd við nálæg landbúnaðarhéruð. Margir þeirra eru þannig í sveit settir, að landbúnaðarhéruðin hafa góð sambönd við bæina með góðu vegasambandi, en sumir ekki, og þeim bæjum, sem hafa ekki slík vegasambönd, stendur það mjög mikið fyrir þrifum. Að hafa góð sambönd við landbúnaðarhéruðin skapar að sjálfsögðu mjög mikla atvinnumöguleika og m. a. mikla verzlun. Engu líku er til að dreifa með Kópavog. Það pláss er vaxið upp eins og hvert annað úthverfi Reykjavíkurbæjar, og það getur, að ég held, aldrei orðið annað. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég beri nokkurt vantraust út af fyrir sig til þess fólks, sem býr í Kópavogshreppi. Mér finnst bara allar aðstæður vera þannig, að það muni vera mjög erfitt að byggja þarna upp sérstaklega

fjölskrúðugt atvinnulif. Og ég held, að Reykjavík verði fyrst og fremst sá staðurinn, sem sogar til sín yfirleitt það fjármagn, sem þarf til þess að byggja upp atvinnulífið. Það finnst mér að dæmin sýni deginum ljósara. Og að sjálfsögðu þurfa aðrir þeir bæir, sem þegar eru komnir vel á veg hér við Faxaflóa, mikið fjármagn til þess að halda í horfinu og auka sinn atvinnuveg frá því, sem nú er. Sérstaklega ef það er haft í huga, að einhvern tíma linnti því hernámi, sem nú er, þá gæti maður látið sér detta í hug, að þeir bæir og þeir staðir hér á Suðurlandi, sem að einhverju leyti hafa stuðzt við hernámsvinnuna, mundu þurfa að auka sitt atvinnulif, ef ekki ætti að myndast atvinnuleysi þegar hernámsvinnunni lýkur, sem við vonum að verði sem allra fyrst.

Það er mjög mikið lagt upp úr því af vissum hópi manna, að Kópavogshreppi verði veitt æjarréttindi, eins og oft er búið að taka fram. Ég er einn af þeim, sem telja þetta vera mál, sem fyrst og fremst snertir íbúa Kópavogshrepps sjálfa, en hef þó mínar ákveðnu skoðanir á málinu. Ég tel t. d., að ef það er rétt, að það fari vel á því og það sé nauðsynlegt fyrir Kópavogshrepp að fá bæjarréttindi, þá væri það ekki meiri fjarstæða, þó að íbúar í Kleppsholti og í Vogunum t. d. krefðust þess að fá sérstök bæjarréttindi. Og hví þá ekki að stofna sérstakt bæjarfélag um Bústaðahverfi og Fossvog? Jafnvel gæti komið til mála að veita Seltjarnarneshreppi sérstök bæjarréttindi. Ja, hvað segja Reykvíkingar t. d. um það að veita öllum úthverfum Reykjavíkurbæjar sérstök bæjarréttindi og liða þar með Reykjavík í sundur í 4—5 bæjarfélög. Þetta gæti vel komið til mála. Það má ræða alla hluti. Það er hægt að finna rök fyrir svo að segja hverju einasta máli. Það er hægt að tína ótalmörg rök fram fyrir því, að það væri ekkert meiri fjarstæða að liða Reykjavík sundur og stofna þar fjögur eða fleiri bæjarfélög heldur en að veita Kópavogshreppi sérstök bæjarréttindi. Hví þá ekki að skipta Austur- og Vesturbæ í tvo bæi, skipta um Aðalstræti. Vesturbæingar tala alltaf um sig sem nokkurs konar bæjarfélag og Austurbæingar um sig sem sérstakt bæjarfélag o. s. frv. Nei, það væri ekkert meiri fjarstæða að samþykkja bæjarréttindi handa þessum sérstöku úthverfum Reykjavíkurbæjar heldur en að veita Kópavogi bæjarréttindi.

Þá er rétt að athuga örlítið nánar, hvert mundi verða hlutskipti verkamanna og iðnaðarmanna eftir stofnun bæjarfélags í Kópavogshreppi. Ég tel það ekki minnsta atriðið í þessu máli. Eins og nú er högum háttað, hafa verkamenn og iðnaðarmenn, búsettir í Kópavogi, fullkomin vinnuréttindi í Reykjavík. Ég veit a. m. k. ekki annað en svo sé. Þessi réttindi eru, að ég tel, í yfirvofandi hættu, ef stofnað verður sérstakt bæjarfélag þar suður frá. Þetta sjá fleiri menn en ég. Til dæmis hefur yfir 70% iðnaðarmanna búsettra í Kópavogshreppi lýst því yfir, að þeir séu fylgjandi athugun á samkomulagi við Reykjavík um sameiningu byggðarlaganna, áður en lagt sé út í að stofna sérstakan kaupstað í Kópavogshreppi. Af hverju vilja þeir láta athuga sameininguna við Reykjavík áður? Af því að þeir eru hræddir um það, að þeir kunni að missa þau réttindi, sem þeir hafa til að standa fyrir húsbyggingum í Reykjavík.

Í þessu sambandi er vert að benda á, að engar líkur eru á því, að nokkur trésmíðameistari eða múrarameistari fái að standa fyrir byggingum í Reykjavík, ef hann er búsettur í öðrum kaupstað. Eða dettur nokkrum manni í hug t. d., að trésmíðameistari eða múrarameistari búsettur norður á Akureyri eða uppi á Akranesi, búsettur í Vestmannaeyjum eða búsettur í Hafnarfirði, fái að standa fyrir húsbyggingum hér í Reykjavík? Nei. Ég fullyrði, að það dettur engum í hug. Sú regla hefur gilt hingað til, að meistari með réttindum, sem flutzt hefur til Kópavogs, hefur haldið réttindum sínum til að standa fyrir byggingum í Reykjavík áfram, en meisturum búsettum í Kópavogi, er sótt hafa um ný réttindi, hefur verið neitað um það leyfi. Af hverju? Af því að þar er um annað sveitarfélag að ræða. Þetta er ósköp skiljanlegt og ekkert til að undrast yfir.

Bæði iðnfélögin og verkalýðsfélögin hafa látið félagssvæði sitt ná yfir Kópavogshrepp. Eftir að Kópavogshreppur fengi kaupstaðarréttindi, eru miklar líkur fyrir því, að á þessu yrði einhver breyting. Sérstaklega er mikil hætta á því, ef um atvinnuleysi yrði að ræða, t. d. í Reykjavík. Á þeim tímum, þegar atvinnuleysið var sem alvarlegast, bæði hér sunnanlands og annars staðar, — það er reyndar atvinnuleysi víða á Norður-, Vestur- og Austurlandi enn þá, því miður, — var það regla, að yfirvöld bæjanna og verkalýðsfélögin, þar með talin Reykjavík, auglýstu aðvaranir til verkafólks annars staðar frá um að koma í atvinnuleit til viðkomandi staða, þar sem óheimilt væri að taka aðkomuverkafólk í vinnu vegna atvinnuleysis á staðnum. Þetta er ósköp skiljanlegt og jafnvel sjálfsögð ráðstöfun á atvinnuleysistímum.

Halda menn virkilega, að t. d. Reykjavíkurbær færi að halda uppi atvinnubótavinnu fyrir Kópavogsbúa til jafns við Reykvíkinga, ef um atvinnuleysi væri að ræða? Ja, ég veit það ekki. Ég held ekki. Ég held, þrátt fyrir það að það séu ágætir menn, sem stjórna Reykjavík, ég er ekki að hnýta neitt í þá, það eru að sjálfsögðu góðir og gegnir menn, að fyrst og fremst mundu þeir hugsa um íbúa Reykjavíkurbæjar í þessu tilfelli og létu að sjálfsögðu íbúa Kópavogsbæjar sjá um sig. Hvert bæjarfélag telur það skyldu sína að reyna fyrst og fremst að sjá íbúum sínum fyrir atvinnu. Þetta er eðlileg og sjálfsögð skylda hvers bæjarfélags, og það er ekkert til að undrast yfir. Það má hins vegar vel vera, að Kópavogshreppur, sem þá væri orðinn bær, gæti í framtíðinni sjálfur séð íbúum sínum fyrir nægjanlegri atvinnu. Til þess þarf þó geysilegt átak, sem mundi taka líka langan tíma. Það er ekkert smáatriði, að í þessu plássi eru svo að segja engin atvinnufyrirtæki til. En þarna munu nú vera hátt í 3000 eða jafnvel yfir 3000 íbúar. Og það þarf mikið átak til þess að byggja upp viðunandi

atvinnulíf fyrir svo stóran bæ. En það, sem hefur valdið því, að þarna hefur ekki verið farið inn á þá braut sérstaklega að byggja atvinnuvegina upp, er m. a. það, að alltaf hefur verið litið á þetta sem nokkurn hluta af Reykjavík, jafnvel þó að það væri sérstakt hreppsfélag, og íbúar í þessu hreppsfélagi hafa notið þeirra hlunninda að fá að sækja vinnumarkaðinn óhindrað hingað í Reykjavík. En það er, eins og ég hef þegar tekið fram, mikil hætta á því, að þessi hlunnindi yrðu af þeim tekin, í fyrsta lagi ef Kópavogshreppur fengi bæjarréttindi og þó sérstaklega ef atvinnuleysi héldi innreið sína aftur hér í höfuðborgina, sem við skulum út af fyrir sig vona að ekki verði. En eins og ástandi er háttað í atvinnumálum okkar í dag, verður aldrei hægt að fullyrða neitt um það, hvenær skellur hér yfir atvinnuleysi. Við búum í þjóðfélagi, þar sem ekkert atvinnuöryggi er til, þar sem hið opinbera jafnvel telur það ekki skyldu sína að sjá öllum landsins börnum, sem þurfa og vilja vinna, fyrir nægri atvinnu. Þetta er staðreynd, sem er gott að hafa í huga, þegar við ræðum þessi mál og önnur, sem snerta hliðstæð mál.

Hitt er svo jafnsjálfsagt, að íbúar Kópavogshrepps verða og eiga sjálfir að ákveða um þessi mál. Alþingi hefur engan siðferðislegan rétt til þess að skipa málefnum sveitarfélagsins nema að vilja þess fólks, sem þar býr. Þetta er mjög stórt atriði í málinu, að Alþ. leyfi sér ekki að fara að skipa sveitarfélögum fyrir verkum um það, á hvern hátt þeim er stjórnað og undir hvaða formum. Það er leið, sem hv. Alþ. hefur aldrei farið inn á nema eftir beiðni íbúanna sjálfra, eftir beiðni þeirra, sem bæjunum hafa stjórnað, og með samþykki viðkomandi sýslunefndar. Þetta er staðreynd, sem er ekki hægt að mæla á móti að er rétt. Allt annað væri tvímælalaust brot á okkar lýðræði og öllum þeim venjum og reglum, sem gilt hafa um hliðstæð mál því, sem hér liggur fyrir. Vilji hins vegar meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi fá bæjarréttindi, þá á að verða við þeirri ósk. Óski meiri hlutinn eftir annarri tilhögun þessara mála, t. d. að sameinast Reykjavík, ber að taka það mál upp til viðræðna við ráðamenn Reykjavíkurbæjar. Vilji meiri hluti kjósenda óbreytt ástand, þá þeir um það. Þá skoðun hefur Alþ. enga heimild til þess að taka af íbúum Kópavogshrepps. Þeir eiga að hafa einir vald til að ráða því, hvernig og við hvaða stjórnarfar þeir búa, hvort þeir vilja heldur sameinast Reykjavík, hvort þeir vilja vera við það ástand, sem nú er, þ. e. a. s. hafa bara hreppsfélag, eða hvort þeir óska eftir sérstöku bæjarfélagi. Þetta er mál, sem þá eina varðar, og Alþ. getur ekki og hefur ekki leyfi til að blanda sér inn í þetta nema eftir beinni ósk þess fólks, sem þar býr.

Ég hef hér bent á, að öll nauðsynleg skilyrði þessu máli viðkomandi vantar. Hv. flm. að þessu frv. voru mjög upp með sér af undirskriftasmöluninni, hún átti að sanna allt í þessu máli. En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Í nál. minni hl. liggur fyrir staðfest vottorð frá borgarfógeta um, að hvorki meira né minna en 224 menn, sem skrifað höfðu nöfn sín á undirskriftalistana, eru ekki til á kjörskrá. Það verð ég að segja, að það hafa verið duglegir menn, sem gengið hafa með þessa lista í Kópavogshreppi, og þeir hafa ekki verið neitt að rannsaka hlutina nákvæmlega. Ég veit ekki, hvort það er rétt, en mér er sagt, að það sé fjöldi manns, sem sé búsettur hér og þar úti um allar byggðir landsins, sem hafi verið skrifaður á þessa lista. Ef öll meðferð í þessu máli er á líkum grunni reist sem undirskriftasmölunin, þá læt ég það bara vera. Og mér sýnist öll rök hníga í þá átt, að þannig sé það.

Ekki hafa hv. flm. leyft sér að fullyrða út af fyrir sig, að kjörskráin væri fölsuð. Það mátti kannske draga það að meiningu til út úr því, sem kom hér fram við umr. um þetta mál. Það hefði verið mjög létt verk fyrir þá hv. nefnd, sem fjallaði um þetta mál, að rannsaka kjörskrána og beinlínis fá úr því skorið, hvort hún væri rétt eða ekki. Mér er sagt, að sumir af þeim mönnum, sem um þetta mál hafa fjallað, telji, að það sé mjög rétt og alveg sjálfsagt að láta síðasta manntal ráða um það, hverjir hafi skrifað á þessa lista. Það er út af fyrir sig alveg ný skilgreining og ný skoðun, sem hér kemur fram, ný stefna, eða ég veit ekki hvað ég á að kalla það. Hingað til hefur það verið látið gilda og gildir nú við allar kosningar, að það er samin kjörskrá og hún fær löglega staðfestingu af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og það er það eina plagg, sem hægt er að fara eftir. Og vitanlega er ekki hægt að taka undirskriftir, sem eru ekki byggðar á kjörskrá, alvarlega. Við vitum, að maður, sem er fluttur fyrir nokkrum vikum inn í viðkomandi pláss, er ekki kominn á kjörskrá, þó að hann telji sig vera kominn inn í sveitarfélagið.

Það hefur engin tilraun verið gerð til þess að rannsaka kjörskrána. Það hefur bara verið hvíslað um það í skúmaskotum hér og þar, að það væri margt við hana að athuga. Og það mun meira að segja hafa komið fram á fundi ekki alls fyrir löngu, borgarafundi suður í Kópavogi, að einn af forustumönnum annars stjórnarflokksins vildi halda því fram, að kjörskráin væri ekki rétt. Hvað var hv. heilbr.- og félmn. að gera? Af hverju fór hún ekki fram á það að fá kjörskrána? Af hverju lét hún ekki rannsaka, hvort kjörskráin væri rétt eða ekki? Hvaða starfsaðferðir eru þetta, sem hv. meiri hluti hefur sýnt í þessu máli? Er hann í raun og veru að gera gabb að þm. með því að leggja nefndarálit eins og þetta hér fyrir? Ja, ég verð að segja, að ég tel, að þetta nál. sé alveg með endemum, það hafi ekki verið í öðrum málum, sem ég minnist, málum, sem jafnmiklar deilur hafa staðið um, útbýtt jafnómerkilegu og í alla staði ófullkomnu nál. og þessu nál., sem beinlínis er ekki neitt og verra en það. Meira að segja það, sem lofað er í nál., er ekki einu sinni staðið við. Það liggur ekki hér fyrir, svo að ég viti til, umsögn bæjarráðs Reykjavíkur, sem sagt er að þinginu muni berast undir meðferð þessa máls. Ég veit ekki annað en að málið sé hér á dagskrá,

ég veit ekki annað en sé verið að ræða um málið, og hvar er umsögn bæjarráðs Reykjavíkur? Hvar er umsögn bæjarstjórnar Reykjavíkur um málið? Hvað er verið að lofa hér og svíkja það, sem búið er að lofa?

Nei, þessum hv. mönnum, bæði hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. og hv. flm., dettur ekki slíkt í hug. Þeir eru ekki að láta rannsaka neina hluti í sambandi við þetta mál. Hér skal bara nota pólitískt meirihlutavald stjórnarliðsins á Alþ. og berja málið í gegn, hvað sem öllum rökum líður. Til hvers er svo verið með allt þetta Kópavogsbrölt? Hvað er hér á ferðinni? Hverjum er verið að þjóna með flutningi frv. þessa á Alþ.? Ég fullyrði, að það er ekki verið að þjóna hagsmunum alþjóðar með þessu, síður en svo. Það er verið að þjóna óskum og kröfum nokkurra ágætra flokksmanna Sjálfstfl. og Framsfl., sem töldu sig hafa farið illa út úr síðustu hreppsnefndarkosningum. Það er mergurinn málsins. Þetta er kjarni málsins. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að málið er flutt hér á Alþ., og ekkert annað. Það hefur ekkert skeð, síðan síðustu hreppsnefndarkosningar fóru fram 16. maí s. l., sem hefur gert nauðsynlegt að breyta um stjórnarhætti í Kópavogshreppi, annað en það, að núverandi minni hluti hreppsnefndar beið ósigur í kosningunum. Það er aðalatriðið, og við þann ósigur vilja þeir ekki una. Hvernig lízt mönnum á það, ef í hvert sinn sem einhverjir pólitískir forustumenn telja sig hafa farið illa út úr kosningum, yrði það að viðteknum hætti, að þeir gætu farið með mál inn á Alþ. og þar fengju þeir flokksmenn sína til að flytja frv. til að ónýta kosningarnar og nota til þess meirihlutavald á Alþ. og þar með vitanlega fengju réttan hlut sinn að þeirra dómi? Ég verð að segja það, að þá færi að minnka glansinn á lýðræði hér á landi, ef slíkar aðferðir yrðu almennt teknar upp. En mér finnst, að einmitt með flutningi þessa máls sé verið að leiða hér asnann í herbúðirnar, og við vitum aldrei, hvað getur komið í kjölfar slíkra óþurftarmála eins og þessa máls, sem hér er flutt.

Það hefur mörgum fundizt að vinnubrögð hv. Alþ. í vetur hafi verið heldur léleg. Fjölmörg mál hafa legið hjá nefndum Alþ. óafgreidd um marga mánuði. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir forseta Alþ. hafa málin ekki fengizt afgr. frá n. Ég ætla ekki að fara að draga í efa, að hæstv. forsetar Alþ. hafi talað við n. og óskað eftir því, að mál, sem lægju hjá þeim, yrðu afgr., en það hefur bara ekki borið neinn árangur. Ég a. m. k. vil leyfa mér að halda því fram, þar til annað upplýsist, að hæstv. forsetar hafi orðið við áskorunum hinna mörgu þm., sem hafa óskað eftir því, að þau mál, sem þeir hafa flutt, yrðu tekin til afgreiðslu hjá n., en árangurinn hefur enginn orðið, það er víst. Nefndirnar hafa gert sér leik að því að liggja á fjölmörgum málum hinna ýmsu þingmanna. Sérstaklega hafa þm. stjórnarandstöðunnar orðið fyrir barðinu á starfsleysi nefndanna.

Þetta er út af fyrir sig ekkert nýtt fyrirbæri hér á hv. Alþ. Í tíð núverandi og fyrrverandi ríkisstj. hefur það verið föst regla meiri hlutans á Alþ. að afgr. engin mál svo að segja frá þm. stjórnarandstöðunnar. Þetta er þeirra lýðræði. Það er ýmislegt, sem hægt er að færa undir þingræði og lýðræði, jafnvel að neita stjórnarandstöðunni um þann sjálfsagða rétt að fá mál sín afgr. á þinglegan hátt. En það er ekki hægt að tala um, að mál séu afgr. á þinglegan hátt, ef þau fást ekki aftur frá n., ef nefndirnar gera sér leik að því að liggja á þeim mánuðum saman án þess að afgr. þau.

Það hefur staðið hér yfir í þessum bæ og víðar reyndar á annan mánuð mjög hart verkfall. Það mál hefur ekki fengizt rætt nema lítils háttar utan dagskrár. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki talið sér fært að vera að ræða slík mál sem það, þó að 7 þús. manns sé í verkfalli, einhverju því harðasta, sem hér hefur verið háð á þessu landi. Það er mál, sem ríkisstj. virðist ekkert koma við. Hún hefur skipað sáttanefnd í málið án þess að aðstoða sáttanefndina á nokkurn hátt til að fá lausn deilunnar. Það er framlag ríkisstj. í það mál. Jú, hún hefur gert annað, hún hefur látið hagfræðinga sína semja álit og látið dreifa þeim út, birta í blöðum og útvarpi, álit, sem eru þannig úr garði gerð, að undravert er, að menn með ekki minni menntun en hagfræðimenntun skuli hafa látið setja nöfn sín undir slíkt. Hv. Alþ. hefur verið látið bíða eftir frumvörpum frá ríkisstj. mánuðum saman. Allan þennan tíma mátti heita, að Alþ. væri starfslaust. Alltaf var beðið eftir stóru málunum frá ríkisstj. Loksins komu svo stóru málin, þ. á m. frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogi.

Loksins fékk Alþ. mál, sem vert var að tala um. Málið var flutt af sjálfum hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. Það var ekki verið að velja af verri endanum með flutningsmennina.

Þetta stórmál skyldi nú keyrt í gegn, hvað sem á gengi. Nú skyldi meiri hl. hreppsnefndar Kópavogshrepps verða að láta í minni pokann. Það var aðalatriðið. Það stendur náttúrlega ekki í frv., en þetta er andinn. Þetta er það, sem meint er. Hvað varðar ríkisstj. um verkfall 7 þús. verkamanna og kvenna í Reykjavík, sem búnir voru að vera í verkfalli í 1½ mánuð? Það var mál, sem kom ríkisstj. ekki mikið við að hennar dómi. Hvað varðar hana um verkafólk, 7 þús. verkakarla og verkakerlingar, þegar annað eins stórmál var komið á dagskrá og bæjarstjórn í Kópavogshreppi?

Þetta Kópavogsmál sýnir okkur allvel starfshætti hæstv. ríkisstj. Nú er þetta fræga mál tekið á dagskrá dag eftir dag, og það eru hafðir kvöldfundir eftir þörfum. Ekkert er til sparað að koma þessu ástfóstri hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. í gegn. Í gegn skal það fara, hvað sem það kostar. Öllu skal fórnað, öllum málum er til hliðar hrundið fyrir þessu mikla hagsmunamáli, þessu mikla ástfóstri hæstv. ráðh.

En sjálfir láta flm. ekki mikið sjá sig hér á fundum í d., þegar málið er á dagskrá. Þeir telja sig örugga um framgang málsins, hvort sem þeir eru við eða ekki. Þeir eru alveg óruggir um að koma því fram með flokksvaldi.

Ég veit ekki um það, hvort þm. stjórnarflokkanna eru sérstaklega hrifnir af þessu máli.

Engin sérstök hrifning hefur komið fram hér, ekki einu sinni í framsöguræðu meiri hl. heilbr.- og félmn. Frsm. var ósköp hógvær í sinni framsögu, og hann er það nú yfirleitt í málflutningi, en mér fannst hv. alþm. vera sérstaklega framlágur, þegar hann var að halda sína framsöguræðu um þetta mál. Það var eins og hann vantaði alla hrifningu með málinu. Þegar stórmál eru á ferðinni, þá þurfa þeir, sem tala fyrir þeim, að tala af hrifningu, sýna hv. alþm. fram á, að hér sé í raun og veru um stórmál að ræða, hér sé mál, sem alþjóð varðar, hér sé alþjóðarheill í voða, ef slík mál fari ekki í gegn eins og hér um ræðir, en alla slíka hrifningu hefur vantað í málflutning þeirra hv. þm., sem hafa mælt með þessu frv. Og þó alveg sérstaklega vantaði þessa hrifningu, þennan áhuga, sem einmitt hefur auðkennt oft hæstv. forsrh. í málflutningi hans fyrir hinum ýmsu málum. Mér fannst hann ósköp framlágur, hæstv. forsrh., þegar hann var að flytja þetta mál hér í d., og er ég ekkert hissa á því, eins og allt er í pottinn búið.

Sjálfsagt munu hv. stjórnarþm. greiða atkv. með frv. Hins mætti þó vænta, að hv. alþm., hvort sem þeir eru í stjórnarliðinu eða ekki, gætu fellt sig við frestun á málinu þar til eftir helgi, en þá liggja áreiðanlega fyrir úrslit atkvgr. þeirrar, sem fram á að fara 24. apríl næstkomandi.

Ég verð að segja það, að svo mikið álit hef ég á þessum hv. alþm., að ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að þeir láti sig henda slíka reginvillu og vitleysu að keyra málið í gegn nokkrum klukkutímum áður en atkvgr. á að fara fram. Ég er alveg viss um, þó að maður tæki sig til og læsi alla þingsöguna í gegn, sögu Alþ. frá fyrstu hendi, þá væri engin hliðstæða til sambærileg við það og ef ætti að fara að keyra þetta mál í gegn t. d. á laugardaginn, þ. e. a. s. nokkrum klukkutímum áður en atkvgr. á að fara fram um þetta mál á meðal kjósenda í viðkomandi sveitarfélagi. Ég vil endurtaka það, að ég trúi því ekki fyrr en ég sé hv. alþm. rétta upp hendurnar með því að koma málinu í gegn, áður en atkvgr. fer fram.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að ég hef viljað láta álit mitt í þessu máli koma fram á sem allra skýrastan hátt, vegna þess m. a., að hér er um að ræða mál, sem er alveg einstakt í sinni röð. Hér er lagt til, að réttkjörin sveitarstjórn sé svipt löglegu umboði sínu án nokkurs tilefnis og á móti vilja meiri hl. sveitarstjórnar. Þessu frv. fylgja ekki tilskilin og nauðsynleg meðmæli viðkomandi sýslunefndar, og ekki liggur heldur fyrir álit meiri hl. íbúa sveitarinnar í málinu. Slíkum starfsaðferðum vil ég mótmæla. Þær eru í alla staði óeðlilegar og eiga ekkert skylt við það, sem við í daglegu tali köllum lýðræði, eiga ekkert skylt við það, sem áður hefur gilt um hliðstæð mál, sem flutt hafa verið hér á hv. Alþ. á undanförnum árum. Og ég vil endurtaka það: Ég vildi mega vænta þess, að Alþ. gætti það vel virðingar sinnar, að það léti sig ekki henda það að troða á eigin samþykktum og eigin stefnu með því að samþ. þetta frv., áður en fyrir liggur sú atkvgr., sem fram á að fara n. k. sunnudag.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér sýnist vera fylgt allfast eftir við meðferð þessa máls af hálfu flm. þess að koma því hér í gegn, en þeir leggja því þó sjálfir lítið lið. Og ég vil leyfa mér að átelja þá meðferð, sem höfð er í sambandi við þetta mál af hálfu forseta, að hafa nú kvöldfund um mál eins og þetta. Það væri skiljanlegt, ef hér væri um að ræða stjórnarfrv., sem eðlilegt er að forseti, sem ætíð er kjörinn af stjórnarliði, mundi reyna að sjá um og beita til þess öllum þeim venjulegu aðferðum, sem hann telur færar, til að fylgja eftir. En hér er ekki um að ræða stjórnarfrv. Hér er um að ræða venjulegt þingmannafrv., sem hefur raunverulega engin réttindi fram yfir önnur venjuleg þmfrv., mitt eða einhverra annarra. Þó að það séu tveir ráðh. af þeim þm., sem flytja þetta mál, þá flytja þeir ekki þetta mál sem ráðh. Þeir flytja þetta mál, annar sem þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, hinn sem þm. Skagafjarðarsýslu, og þetta mál hefur engin þau sérréttindi, sem stjórnarfrv. er veitt í þinginu, hvað snertir afbrigði eða annað slíkt. M. ö. o.: Í þessu tilfelli eiga þessir þm., sem flytja þetta mál, að sitja við sama borð og aðrir þm., og þeir eiga að sætta sig við það. Ef þeir vildu láta þetta mál njóta þeirra sérréttinda, bæði lagalegra og siðferðislegra, sem stjórnarfrv. hafa, þá gátu þeir flutt þetta sem stjórnarfrv., og það er ekki sæmilegt af hálfu flm. þessa frv. að leyfa sér að vera ekki viðstaddir og þora ekki sjálfir að taka til máls um eigin frv., þegar það kemur frá n. Það er ekki viðkunnanlegt, jafnvel þó að það séu ráðh., og þó að það sé siður ráðh. að vera yfirleitt ekki í þingsölum, þá er það ekki viðkunnanlegt, þegar þeir sem þm. flytja frv. Það hefur t. d. þótt sú minnsta kurteisi, sem þm. gæti sýnt, sem flytur mál hér á Alþ., að þegar n. skilar slíku frv. og ég tala nú ekki um þegar meiri hl. hennar mælir með því, að hann a. m. k. standi þó upp til þess að þakka meiri hl. n. fyrir að hafa afgr. þetta mál. Ekki einu sinni svo mikið er haft við af hálfu flm. þessa frv., þeirra hv. þriggja þm., sem það flytja.

Yfirleitt virðist svo sem þetta frv. eigi hér formælendur fá, það fæst enginn maður, ekki einu sinni flm., til að standa upp til að mæla með því. Og hvernig var við 1. umr. þessa máls um þeirra framkomu og sérstaklega 1. flm., hæstv. forsrh.? Ég tók þetta mál fyrir við 1. umr. málsins og flutti um það eina ræðu, eina einustu ræðu, og ég taldi mig taka málið allmálefnalega og hrekja, eins og ýmsir aðrir líka gerðu, innihald þess og sýna fram á vissar falsanir, sem hv. minni hl. heilbr.- og félmn. nú hefur fengið staðfestar með „notarial"-vottorði. Og ég tók alveg sérstaklega fyrir þá yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. hafði gefið og var mjög merkileg yfirlýsing um leynilega atkvgr. annars vegar og opinbera atkvgr. hins vegar, og sýndi fram á, hvað í þessu fælist. Hvað gerist svo við þessa 1. umr.? Jú, það gerist það, að 1. flm. málsins, hæstv. forsrh., treystir sér ekki til þess að svara neinu af þeirri gagnrýni, sem kom fram á frv. Hann skrapp í sinni ræðu austur til Moskva, og

ég skal koma nánar að því síðar, flúði síðan af fundi, hefur ekki sýnt sig síðan í sambandi við umr. um málið og hefur ekki sýnt sig hér í dag við 2. umr. þessa máls. Ég er óvanur slíkum bardagahætti af hálfu hæstv. forsrh. Hann er sá þm. stjórnarliðsins, sem er þó venjulega einna vígreifastur eða til í að ræða málin og jafnvel skammast um þau, og það kemur ekki fyrir, að hann geri slíkt sem að flýja gersamlega af hólmi, nema því aðeins að hann finni sjálfur, að hann hafi orðið sér til skammar, hann sjái, að hann hefur verið flæktur inn í að flytja mál og ætla að kúska fram mál í þinginu, sem ómögulegt er að verja. En eftir að hann er orðinn sér þannig til skammar, hefði honum verið nær að segja við sína flokksbræður í Kópavogi: Ég kem ekki nærri þessu máli meir, þegar þið hafið farið svona að. Þið hafið sýnt mér óvirðingu sem forsrh. og þm. kjördæmisins, og ég hendi þessu í ykkur aftur. — En í staðinn kemur hann hér, eða réttara sagt kemur hann ekki hér, heldur segir sínum mönnum: Setjið þið nú þetta í gegn, því að ég skammast mín fyrir að koma nærri því. — Hvers konar framkoma er þetta og það af hæstv. forsrh., sem sjálfur talar svo við 1. umr. þessa máls öll ósköp um, að þetta frv. sé flutt af lýðræðisflokkunum og fulltrúum lýðræðisflokkanna og það sé til þess að framfylgja þeim eina sanna anda lýðræðisins í okkar landi.

Mér liggur við að spyrja: Til hvers hefur verið barizt fyrir málfrelsi á undanförnum áratugum í heiminum og hér á Íslandi, ef þeir menn, sem ætla sér að fá fram mál hér á Alþ., treysta sér ekki orðið lengur til þess að nota það málfrelsi, sem þeir hafa til þess að vinna að framgangi þeirra, ef handjárnin ein eiga að duga?

Ég held þess vegna, að það sé mjög rangur metnaður, sem hæstv. forsrh. hefur lagt í það að pína þetta mál fram, og að það sé mjög misráðið að beita því offorsi, sem nú er beitt með að halda næturfund eftir næturfund til þess að knýja mál eins og þetta í gegn.

Mér þykir mjög slæmt, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera staddur hér. Þó að hann hafi ekki svarað þeirri rökstuddu gagnrýni, sem ég kom fram með við 1. umr. þessa máls, í þeirri ræðu, sem hann hélt, og það af góðum og gildum ástæðum, af því að hann treysti sér ekki til þess, þá kann ég þó ekki við annað, sumpart upp á góðan og gamlan kunningsskap og sumpart af því að hann er þó forsrh. í augnablikinu, en að svara því ágæta tilboði, sem hann var að gefa mér. Ég hefði svarað því við 1. umr., ef hann hefði ekki sjálfur verið farinn af fundi, þegar þar kom að, og ég hélt, að við 2. umr. málsins mundi hann þó a. m. k. sýna sig. En við þá seinni ræðu, sem hann hélt við 1. umr. málsins, byrjaði hann og endaði á því sama. Hann endaði á því að bjóða mér, að ríkisstj. sendi mig til Moskva, kostaði för mína fram og aftur, og ég skyldi þar flytja þá ágætu ræðu, sem honum fannst ég halda hér um ágæti lýðræðisins, fyrir æðstu mönnum Sovétríkjanna. Það er ekki daglega, sem maður fær svona tilboð frá hæstv. ríkisstj. og það frá sjálfum forsrh., og það væri nú skárri ókurteisin, ef maður ekki í fyrsta lagi svaraði slíku tilboði og í öðru lagi þakkaði kærlega fyrir sig. Ég vil að vísu segja, að það er ekki í fyrsta skipti, sem hæstv. forsrh. býður mér að senda mig til Moskva eða sendir mig þangað; ég hef farið slíkar ferðir fyrir hann áður, ekki aðeins til Moskva, heldur til fleiri höfuðborga. Í það skiptið var verkið, sem hann fól mér að gera, að boða þar austur frá, bæði í Helsingfors og Moskva og Varsjá og Prag, ágæti hins íslenzka fisks og hve heppilegt væri fyrir þessar þjóðir að taka upp viðskiptasambönd við Ísland og hve það gæti orðið til gagnkvæmra hagsmuna fyrir báða aðila, að þessar þjóðir færu að kaupa íslenzkan fisk. Það varð góður árangur af þeirri för, sem hann bauð mér að fara þá og ég fór, og við búum að þeim árangri enn þá. Nú býður hann mér að fara til Sovétríkjanna, til Moskva, til þess að boða ágæti lýðræðis og lýðréttinda þar, og í þetta skipti á ég ekki að tala við neina verzlunarfulltrúa eða neina slíka þar, heldur við sjálfa æðstu menn Sovétríkjanna, og ég verð að segja það, að ég þakka ákaflega mikið fyrir það traust, sem hæstv. forsrh. sýnir mér með því að ætla mér svo virðulegan starfa, og tek því með miklum þökkum.

Nú þykist ég vita, að hæstv. forsrh. hefur athugað það mál mjög vel, hvernig hann ætlaði að koma því fyrir, að ég fengi að flytja, að því er mér skilst í nafni Alþingis Íslendinga, þann boðskap um lýðræði og lýðréttindi, sem hann sagði að ég hefði flutt svo vel hér, fyrir æðstu menn Sovétríkjanna. Það er vafalaust ekki auðhlaupið að þessum körlum, svo að það hefur vafalaust verið vel athugað hjá forsrh. Íslands, áður en hann setti þetta tilboð fram, því að hann veit af gömlum vana, að þegar hann biður mig um svona hluti, þá hef ég venjulega reynt að bænheyra hann. Hann veit sem sé, að alveg nýlega er komið til ríkisstj. sérstakt tilboð, og það tilboð hefur verið frá ríkisstj. síðan sent hingað til forseta Alþ. og af forsetum Alþ. sent til flokkanna á Alþ., og jafnhliða hefur svo verið útbýtt hér til allra alþm. yfirlýsingu frá Æðsta ráði Sovétríkjanna og í þessari yfirlýsingu Æðsta ráðs Sovétríkjanna, sem okkur hefur borizt eftir tveim leiðum, stendur m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Æðsta ráðið telur, að bein tengsl milli þjóðþinga, skipti á sendinefndum þingmanna sem og ávörp slíkra sendinefnda á þingum annarra þjóða væri í fullu samræmi við óskir þjóðanna um eflingu vinsamlegra samskipta og samvinnu.“

Ég sé þess vegna alveg, hvað það er, sem hæstv. forsrh. hefur haft í huga, þegar hann gerir mér *þetta ágæta tilboð, að flytja þessa ræðu frammi* fyrir æðstu mönnum Sovétríkjanna. Hann hefur þarna fyrir sér tilboð frá Æðsta ráði Sovétríkjanna um, að sendinefndir, sem séu sendar á milli þjóðþinganna, ávarpi þing þjóðanna og fái þannig tækifæri til að segja þeim ýmsa góða hluti, og mér virðist líka þetta vera eina tækifærið, sem hæstv. forsrh. getur haft í huga, þegar hann gerir mér þetta tilboð. M. ö. o.: Ég geri ráð fyrir, að það verði að vísu ekki ég einn, sem verð sendur, enda álít ég, að það væri mjög viðeigandi, að það væri fritt föruneyti, sem færi héðan af alþingismönnum, en mér finnst bókstaflega felast í þessu, að hæstv. ríkisstj. óski alveg sérstaklega

eftir því, þegar t. d. okkar forsetar ávarpa þar þing Sovétríkjanna, þá fái ég að flytja þar alveg sérstaklega ræðu um ágæti lýðræðis og lýðréttinda, og eftir að hæstv. forsrh. nú hefur gert þetta tilboð, þá vona ég, að þetta verði munað, þegar þar að kemur.

Mér þykir mjög leitt, að hæstv. forsrh. skuli nú ekki vera hér til þess að taka undir þetta og lýsa ánægju sinni yfir því, að ég skuli hafa orðið við þessari bón hans. En hitt vildi ég segja við hann, að til þess að geta talað af þeim krafti, sem honum fannst ég gera hér við 1. umr. málsins, þarf ég að geta verið það stoltur af lýðræðinu í framkvæmd heima hjá okkur og meðferð Alþingis á því, að það hafi ekki verið beint, rétt áður en slík sendinefnd fer og áður en ég á eftir hans ósk að fara að flytja ræðu um ágæti okkar lýðræðis þar eystra, verið að misþyrma því lýðræði hér heima hjá okkur. M. ö. o.: Ég álít, að hann þurfi að sjá til þess, að það sé ekki farið að beita því valdi, sem virtist vaka fyrir honum við 1. umr. þessa máls, að hann láti meiri hl. pína þetta mál í gegn og hunza eða brjóta á bak aftur lýðræðislegan vilja kjósendanna í Kópavogshreppi og þeirra sjálfsforræði, sem þeir eins og aðrir hreppar í Íslandi hafa haft um svo langt bil. Ég vildi gjarnan, ef ég á að fara að tala fyrir hann þar eystra í Moskva um ágæti lýðræðisins, að hann forðaði því, að það yrði búið að setja þann blett á það, sem meiningin var að setja með því að pína þetta frv. fram á móti vilja meiri hl. í Kópavogshreppi. Þess vegna vil ég leyfa mér að vonast til þess, að það verði hætt við að pína þetta frv. fram fyrir atkvgr. 24. apríl og það verði gert meira; það verði hætt við allar þær fyrirætlanir, sem fólust í yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að þurrka út leynilegar atkvgr. á Íslandi og að fara að gera undirskriftasafnanir að réttthærri framkvæmd á vilja fólksins en leynilegar atkvgr.

Hæstv. forsrh. gaf við 1. umr. þessa máls yfirlýsingu, þar sem hann sagði: Ég held, að það sé beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins að lofa því að greiða atkv. opinberlega, og það er það búið að gera. — Þetta var hans yfirlýsing. Og frá þessari yfirlýsingu gat hann ekki hlaupið í sinni ræðu við 1. umr. þessa máls, þó að hann reyndi að fara í kringum hana. En mér sýnist, að enn þá sé þó ekki búið að ganga þannig frá þessu máli, að tryggt sé, að vilji fólksins í Kópavogshreppi fái að njóta sín á eðlilegan og lýðræðislegan hátt við leynilega atkvgr. Hvað hefur sem sé gerzt, eftir að hæstv. forsrh. gaf þessa yfirlýsingu og þar með formaður Sjálfstfl., að undirskriftir, þ. e. a. s. opinber atkvgr., væru réttthærri að sínu áliti og lýðræðislegri en leynileg atkvgr.? Það hefur gerzt, að nokkrir af æstustu meðmælendum þessa frv., þ. e. í Kópavogshreppnum, hafa lýst því yfir, að atkvgr. 24. apríl væri skrípaleikur og að atkvgr. 24. apríl væri skollaleikur, — skollaleikur kommúnista, eins og þeir komust að orði. M. ö. o.: Það hefur orðið vart þeirrar tilhneigingar að reyna að fæla menn frá því að greiða atkv. á sunnudaginn kemur í Kópavogshreppi.

Nú vil ég biðja menn að athuga, hvað verið er að gera með þessu tvennu. Fyrst er sagt af hálfu forsrh.: Ef fólkið lætur í ljós sína skoðun með opinberum undirskriftum, þá er það réttthærra en leynileg atkvgr. — Síðan er sagt af ofstækisfullum fylgjendum þess frv., sem hér liggur fyrir: Þeir menn, sem taka þátt í atkvgr. 24. apríl í Kópavogi, eru að taka þátt í skollaleik kommúnista. — Það á að reyna að fæla fólk á þennan hátt frá því að taka þátt í leynilegri atkvgr., sem hreppsnefnd í einum hreppi gengst fyrir. Hvað er verið að reyna að gera þarna? Það er verið að reyna að gera þá leynilegu atkvgr., sem á að fara fram, opinbera með því að reyna að sjá um, að það fari helzt ekki aðrir á kjörstað en þeir, sem ætla megi að væru fylgjandi því t. d. að sameina Kópavog Reykjavík, þannig að það væri hægt þannig að vinza úr, hverjir það væru, sem væru mótfallnir því frv., sem hér er um að ræða, m. ö. o. að reyna að hindra menn í að taka þátt í leynilegri atkvgr. til þess á þennan hátt að gera hina leynilegu atkvgr. raunverulega opinbera. Þessar aðferðir ná ekki nokkurri átt, fyrst að ganga með undirskriftaskjal og segja mönnum að skrifa undir það, síðan að lýsa því yfir hér á Alþingi, að slíkar undirskriftir séu hin raunverulega atkvgr. og réttthærri en leynileg atkvgr., og síðan að reyna að hindra menn í því að taka þátt í leynilegri atkvgr. og stimpla hana sem skrípaleik og skollaleik.

Með þessu er verið að grafa grunninn undan lýðræðinu. Með þessu er verið að eyðileggja leynilegar atkvgr. Þetta nær því ekki nokkurri átt. Þetta verður að koma í veg fyrir, og ef það tekst með þeirri skörpu gagnrýni, sem þetta frv. eðlilega hefur fengið hér í þinginu, að hindra, að það verði orðið að lögum fyrir 24. apríl, þá þarf að sjá um, að þær ólýðræðislegu aðferðir, sem nú er verið að reyna að beita til þess að hindra menn í því að taka þátt í atkvgr. 24. apríl, heppnist ekki. En það er eftirtektarvert hins vegar, hve lítt málsvarar þessa máls treysta á lýðræði, á sjálfstæðan vilja, á málfrelsi og venjulega framkvæmd á atkvgr. hér á Íslandi við að framkvæma og koma í gegn sínu máli.

Ég ætla svo að láta útrætt um afstöðu hæstv. forsrh. og þeirra flm. málsins. En ég get ekki stillt mig um að minnast á smáhlut, sem mér fannst hálfskrýtinn, í því blaði, sem er gefið út í Kópavogi og heitir Kópavogstíminn, hinn 14. apríl, þ. e. síðasta fimmtudag, þar sem það gefur dálitla hugmynd um, hvernig þessir menn hugsa, sem þar í heimahögunum standa að þessu máli. Þessir menn skýra þar frá því, það er aðalfyrirsögnin hjá þeim, fimm dálka fyrirsögn á forsíðunni um þetta mál, og er sagt í fyrirsögninni: Látum ekki málþóf og skollaleiksatkvgr. kommúnista blekkja okkur. — Síðan er sagt: Kommúnistar reyna að tefja kaupstaðarréttindamálið með málþófi á Alþingi. — Þetta er í tvennum fyrirsögnum. Síðan er sagt í feitletruðum inngangi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafa kommúnistar á Alþingi, einkum Einar Olgeirsson, haldið uppi miklu málþófi um málið til þess að tefja það í þeirri von, að það dagi uppi.“ — Og svo er sagt í greininni sjálfri: „Þess í stað hafa kommúnistar á Alþingi gripið það örþrifaráð að þæfa um formgalla og annað snertandi undirskriftirnar.“

Þetta er það, sem þessi Kópavogstími hefur að segja um 1. umr. þessa máls. Og nú vil ég taka það fram, að við 1. umr. þessa máls flyt ég eina ræðu, eina einustu ræðu, og tveir aðrir af þm. Sósfl. eina ræðu hvor. Þetta kalla þessir menn málþóf. Ég svaraði ekki einu sinni forsrh. þetta kvöld, af því að hann var farinn.

Ég vil aðeins segja þessum mönnum, sem svona skrifa um mál og kalla mikið málþóf, ef haldin er ein ræða t. d. af minni hálfu, að þeir ættu að fá að kynnast því, hvað málþóf væri. Það er yfirleitt svo, að það er ekki gripið til þess hér á Alþingi, og ég vil segja það alveg hreinskilnislega, að ég held, að ef stjórnarandstaðan yfirleitt gripi til þess að stunda málþóf, þá dygði ekki árið til þess að koma stjórnarfrv. í gegn, hvað þá fleirum. Sannleikurinn er, að venjulegast er þannig háttað hér í þinginu, ekki ólíkt jafnvel og er nú í nótt, að meira að segja við atkvgr. um stjórnarfrv. mætir í fyrsta lagi ríkisstj. sjálf svo illa og venjulega þar að auki stjórnarliðið sjálft, að hvað eftir annað komast þessi frv. ekki í gegn öðruvísi en að stjórnarandstæðingar hjálpi til þess, jafnvel þá, ef þeir eru á móti málunum, með því að greiða atkv. á móti þeim. Það er þess vegna ekkert fjær en að ásaka yfirleitt stjórnarandstöðuna um málþóf í sambandi við þau mál, sem samþ. hafa verið hér í þinginu. Ég held, að það væri nær fyrir ríkisstj. að þakka stjórnarandstöðunni fyrir þá samvinnu og fyrir það langlundargeð, sem hún yfirleitt sýnir í því að aðstoða við, að það sé hægt að halda uppi yfirleitt þingfundum, að það sé hægt að samþ. mál í þinginu, að það sé hægt að afgr. mál í þinginu, og ráðh. mætti gjarnan sýna ofur lítið meiri kurteisi en þeir gera í því að ræða þau mál, sem stjórnarandstaðan óskar eftir að ræða við ráðh. Hins vegar virðast mér skrif eins og þarna eiga sér stað í þessum Kópavogstíma bera vitni um, að þeir menn, sem þar heima í héraði leggja svona mikla áherzlu á að véla sína forustumenn eins og hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. út í að flytja annað eins frv. og það, sem hérna liggur fyrir, séu haldnir slíkum oflátungshætti, að þeim bókstaflega finnist það ósvífni, ef einn alþm. vogar sér að halda eina ræðu um mál, sem þeir sjálfir, einhver Hannes eða einhver „idiot“ í Kópavogshreppi, leyfa sér að láta sér detta í hug að sé sjálfsagt að fari í gegn. Þetta er að verða „týpiskt“ fyrir, hvers konar hugsunarháttur ríkir hjá þessum mönnum, sem eru aldir upp sem skjólstæðingar núverandi ríkisstj. og halda, að þeir geti fyrirskipað Alþ. hvað sem þeim þóknast, og voga sér að fara að tala um málþóf, ef einn alþm. heldur eina ræðu, þegar hann hefur eftir stjórnarskránni og þingsköpum rétt til þess að halda tvær og athugasemdir þar að auki.

Mig skal að vísu ekki undra, þó að svona oflátungsháttur komi fram hjá þeim stjórnarkálfum, sem eru þannig ofaldir, að þeir bókstaflega ofmetnast af þeim frama, sem þeim er sýndur. Ég hef það fyrir satt, að sá maður, sem ég held að sé á oddinum af hálfu Framsfl. í Kópavogshreppnum í þessu, hafi fyrir síðustu kosningar verið gerður eins konar lénsmaður félagsmálaráðherra til þess að úthluta þar lóðum ríkisins, gripið fram fyrir hreppsnefnd og alla venjulega aðila. Og hann fer að sletta sér fram í, hverjir það séu, sem eigi að fá lóðir þarna, rétt eins og það sé jarðeigandinn, þó að það í þessu tilfelli sé ríkið, sem eigi að ráðstafa lóðum í hreppum á Íslandi. Og þessi sami maður, sem er lénsmaður hvað lóðir snertir fyrir félmrh., kemur svo þarna fram sem umboðsmaður fyrir þann umboðsmann, sem á að úthluta lánum til smáíbúða, líka fyrir hreppsnefndarkosningarnar. Mig skal ekki undra, þegar farið er að ala pólitíska gæðinga á þennan hátt með því að tvinna svo að segja saman að veita þeim lénsvald skyldast aðalstímabilinu og eins konar lánveitingavald frá tímum bankavaldsins, þó að það sé ef til vill hægt að pína þá einhvern veginn inn í hreppsnefnd. En það fer að færast skörin upp í bekkinn, ef þessir menn ætla að fara að tala gagnvart Alþ. eins og þeir hafi eitthvert vald gagnvart því. Ég verð þess vegna að segja það, að svo lélega sem flm. þessa máls hafa haldið á sínum málstað hér á Alþ., hér í þingsölunum, þá standa þeir sig auðsjáanlega ekki betur menntirnir, sem eiga að berjast heima í héraði fyrir þessum málum.

Þá hefur verið gripið til þess ráðs, þegar ekki þótti vænlegt að leyfa íbúum Kópavogshrepps að kveða sjálfir á með leynilegri atkvgr., hvaða hátt þeir vildu hafa á stjórn síns samfélags í framtíðinni, og þegar ekki heldur þótti rétt að láta hreppsnefndina í Kópavogshreppi og sýslunefndina gefa sínar skriflegu yfirlýsingar til heilbr.- og félmn. í heild, að vísa málinu til bæjarráðs Reykjavíkur. Það er nú dálítið furðulegt að ætla að fara að knýja fram umsögn frá bæjarráði Reykjavíkur í þessu máli. Það stendur svo sérstaklega á í bæjarstjórn Reykjavíkur og bæjarráði sem stendur, að sjálfur aðalforustumaður bæjarins, borgarstjóri Reykjavíkur, sem líka á sæti hér á Alþ. sem þm. Reykv., er farinn af landi burt, en borgarstjóri Reykjavíkur gaf um það yfirlýsingu í ræðu 17. júní 1952, að hann áliti, að núverandi Kópavogshreppur ætti að sameinast Reykjavík. Og borgarstjóri Reykjavíkur var spurður að því nú, áður en hann fór til Ameríku, af einum góðum sjálfstæðismanni, sem er búsettur í Kópavogshreppi og vinnur hjá einu af fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar, hvort hann, borgarstjórinn, væri þessarar sömu skoðunar enn þá, að það ætti að sameina Kópavogshrepp Reykjavík, og borgarstjórinn kvaðst vera sömu skoðunar enn þá. Ég vil nú spyrja: Af hverju er verið að flýta þessu máli svo og jafnvel að fara að knýja fram einhverjar umsagnir frá einhverjum mönnum í bæjarráði Reykjavíkur, á meðan sjálfur borgarstjórinn, sjálfur æðsti maður höfuðborgarinnar, er fjarverandi af landi burt? Og af hverju er verið að reyna að pína fram slíkar umsagnir, þegar ekkert virðist þó liggja á að taka ákvarðanir um þetta mál fyrr en hann kæmi heim? Ég vil þess vegna alveg eindregið mælast til þess, að þessu máli sé frestað, ekki aðeins þangað til þeir í Kópavogshreppi eru sjálfir búnir að fá að láta á lýðræðislegan hátt sína skoðun í ljós um, hvaða meðferð þeir vilja hafa í framtíðinni á sínum samfélagsmálum, heldur einnig þangað til okkur Reykvíkingum, bæjar-

stjórn Reykjavíkur og borgarstjóra Reykjavíkur, gæfist tækifæri til þess að láta okkar skoðanir í ljós um, hvort við álítum, að Reykjavík sem bæjarfélag hefði alveg sérstakra hagsmuna að gæta í þessu efni og vildi mjög gjarnan taka upp samninga við núverandi Kópavogshrepp um sameiningu, eins og ég raunar kom nokkuð inn á við 1. umr. þessa máls. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að sameining Kópavogshrepps og Reykjavíkurkaupstaðar sé heppilegasta framtíðarlausnin á þessum málum. Og ég álít, — og um það held ég líka að hv. minni hl. heilbr.- og félmn. hafi einmitt verið að flytja tillögu, ef ég man rétt, — að það beri að setja sameiginlega nefnd frá bæði Kópavogshreppi, sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ til þess að athuga um framtíðarskipan þessara mála. Ég held, að það sé það mest misráðna, sem hægt er að hugsa sér í sambandi við afgreiðslu á svona málum, að ætla að knýja í gegn frv., sem upphaflega eru illa hugsuð, samin í flýti og fylgt eftir af offorsi heima fyrir í héraði, síðan góðir og gegnir menn á Alþ. plataðir til þess að kasta þessu hér inn, treysta sér síðan ekki til þess að mæla með slíkum málum, en kunna ekki við annað en að láta reka á eftir þeim í þinginu, eins og það væru stærstu frumvörp, sem ríkisstj. nokkurn tíma hefur flutt, sem um væri að ræða. Ég kann ekki við svona meðferð á málum, sem eru þó eins þýðingarmikil og það, hvernig hafa skuli í framtíðinni hátt á um stjórnarfarið viðvíkjandi þeim hreppi, sem næst liggur Reykjavík og þeir, sem mest hafa um þetta mál hugsað, eins og m. a. borgarstjórinn í Reykjavík, álíta að ætti í framtíðinni að sameinast Reykjavíkurbæ. Ég vil aðeins minna hæstv. ríkisstj. á, að henni hefur ekki tekizt það vel, þegar hún hefur verið að flýta þessum málum um lögsagnarumdæmi og slíkt í gegnum deildir þingsins, að hún ætti að læra ofur lítið af sínum óförum. Á síðasta þingi lá hér mál fyrir um lögsagnarumdæmi í sambandi við Keflavíkurflugvöll. Ég gagnrýndi það mál mjög, þá skiptingu, sem þar var verið að framkvæma, og ég benti á, hve ófær allur frágangur á því frv. væri, hvernig það væri í andstöðu við allar þær aðferðir, sem tíðkazt hefðu um að ákveða, hvernig lögsagnarumdæmi, hreppaskipting og annað slíkt væri á Íslandi, og í andstöðu við, hvernig verið hefði frá upphafi vega um hreppatakmörk og takmörk lögsagnarumdæma og allt slíkt. Það varð engu tauti við komið. Nei, ríkisstj. setti frv. í gegnum báðar deildir þingsins. En hvað gerðist svo á eftir? Jú, það varð mál út af frv., og það mál fór fyrir hæstarétt, og hæstv. ríkisstj. tapaði fyrir hæstarétti, vegna þess hve frv. var vitlaust hvað þetta snertir. Og hvað varð að gera? Það varð að láta forseta Íslands setjast niður norður á Sauðárkróki, — og síðan Álfur í Króki var að flækjast á Hegranesþingi, sællar minningar, þá held ég varla, að miklar aðgerðir æðstu manna landsins hafi verið framkvæmdar þar norður frá, — sem sé þar á Króknum verður forsetinn að setjast niður og gefa út brbl., einu brbl., sem út hafa verið gefin á Sauðárkróki, allt saman vegna þess, að ríkisstj. lá svo mikið á að setja lög um vitlausa framkvæmd á því, hvernig lögsagnarumdæmi skyldu vera, í gegnum þingið og gat ekki tekið tillit til neins af því, sem stjórnarandstaðan sagði, að hún varð að athlægi um allt land fyrir, varð sjálf að líða þá smán að verða bæði í undirrétti og hæstarétti dæmd út af því, að hún hafði ekki sjálf skilið, hvað fólst í lögunum, sem hún hafði pínt í gegn. Þá fylgdi hún þó þessu frv. eftir og var að reyna að verja það við umr. í þinginu. Nú hins vegar gefast þeir upp, formælendur frv., eftir 1. umr. í fyrri deildinni. Ja, hvað verður eiginlega síðar, við þær fimm umræður, sem eftir eru og af hverjum ein stendur nú yfir? Og hvernig verður þetta frv., þegar hitt varð stjórninni svona til skammar, þegar það loksins verður að lögum, ef hún í raun og veru ætlar að gera það að lögum? Nei, ég held, að það sé tími til kominn, að hv. flm. þessa frv. sjái að sér, að þeir stöðvi sjálfir þetta mál, þeir bíði í fyrsta lagi eftir því að heyra, hvaða álit kjósendur í Kópavogshreppi hafa á því, hvernig skipa skuli þeirra málum í framtíðinni, og í öðru lagi hafi þann hátt á að stofna til skynsamlegra, rólegra og friðsamlegra umræðna milli fulltrúa Kópavogshrepps, Reykjavíkurbæjar og sýslunefndarinnar, og ríkisstjórnin gæti vafalaust haft sína fulltrúa þar líka, um það, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið í framtíðinni. Það held ég væri affarasælasta lausnin á þessu, en ekki að fara að setja neinn falskan metnað í að knýja þetta mál í gegnum þingið með offorsi.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Þrátt fyrir að flm. þessa frv. hafi ekki lagt mikið til umr. um málið, hefur þó teygzt það úr umr. um það, að hægt var að koma að minnihlutanál., áður en umr. var lokið. En svo hraðan þurfti að hafa á um að taka málið á dagskrá, að hv. meiri hluta nefndarinnar gafst ekki tóm til og hefur ekki gefizt það enn þrátt fyrir þessa alllöngu umr. að geta staðið við það fyrirheit sitt að láta umsögn bæjarráðs Reykjavíkur um vissa hlið þessa máls liggja hér fyrir, og minni hlutanum hefur ekki heldur gefizt tóm til að koma sínu nál. á framfæri fyrr en undir lok umræðunnar. Er þó venjan sú, að gefið sé hæfilegt tóm til þess, að gögn í málum liggi fyrir þingmönnum, meðan málin eru rædd. Ég hafði þó ekki neinn drátt á því að semja mitt nál. Ég gerði það sama daginn og nefndin lauk störfum. En ástæðan til þess, að nokkuð dróst að ganga frá prentun nál., var sú, að embættismaður, sem ég hafði leitað til um að gefa vottorð í embættisnafni um sönnunargildi undirskriftaskjalanna í Kópavogshreppi, gat ekki skilað þessu verki fyrr en í morgun, og þá var það þegar sent í prentun, prentsmiðja ríkisins lauk prentun á nál. seinni hluta dagsins í dag, og þannig standa nú sakirnar, að minnihlutanál. hefur einnig verið lagt fram og liggur nú fyrir. Það er sem sé öllu meiri hraði á máli þessu hjá forsetum þingsins en á mörgum öðrum málum, sem borin hafa verið fram á þessu þingi, því að í flestum nefndum þingsins liggja nú fyrir mál, sem voru flutt í byrjun þings, fyrstu dagana í októbermánuði sum hver, og hafa ekki verið tekin fyrir í nefnd enn.

Á þeim sama fundi sem verið var að pressa þetta mál í gegnum nefndarafgreiðslu vakti ég athygli á því og hafði raunar gert það á næsta nefndarfundi á undan, að fyrir heilbr.- og félmn. lægi mál frá því í október um þriggja vikna orlof til handa verkamönnum, en það hefur ekki fengizt rætt í nefndinni fram til þessa. Slík mál mega sofa svefninum langa, og í þessu tilfelli er svefninn orðinn um það bil sex mánuðir. Svona er munur á, hvort það eru stjúpbörn, sem borin eru fram af stjórnarandstöðunni, sem fá líka stjúpmóðurlega meðferð, eða afkvæmi ráðherra eins og þetta mál, sem við erum hér að ræða. Það skal afgreiðast á nokkrum dögum á Alþingi, þegar hin eru látin liggja mánuð eftir mánuð.

Ég skal ekki rekja þau gögn, sem nú liggja fyrir í nál. mínu, en í skjölum og gögnum frá meiri hl. og minni hl. hreppsnefndar er rakinn allur gangur þessa máls, frá því að málinu var fyrst hreyft þ. 26. febr. þ. á. og þangað til nú, að borgarfógetinn í Reykjavík hafði látið bera saman af starfsmönnum sínum kjörskrá í Kópavogshreppi, sem ég hafði sent honum, og ljósmyndaútgáfu af undirskriftaskjölunum, sem margoft hefur verið vikið að í sambandi við þetta mál. Fógetinn hafði, þegar þessu verki lauk, þessum samanburði á undirskriftaskjölunum og kjörskránni, komizt að þeirri niðurstöðu, að á undirskriftaskjölunum væru nöfn 224 manna og kvenna, sem fyrirfyndust ekki á kjörskránni. Þessi nöfn hafa slæðzt inn fyrir einhverja óskiljanlega ónákvæmni þeirra, sem stjórnuðu undirskriftasmöluninni og voru þá að vinna að því að fá forsætisráðherra sínum óyggjandi sönnunargögn í hendur sem grundvöll fyrir því góða máli, sem þeir höfðu beðið hann að flytja. En ónákvæmnin er slík, að það hefur ekki slæðzt eitt eða tvö eða þrjú nöfn með, sem ekki fyrirfinnast á kjörskrá, heldur eru það 224 nöfn, þ. e. a. s. nöfn, sem borgarfógetaembættið hefur ekki komið fyrir á minna en 9 vélrituðum síðum.

Þegar borgarfógetaembættið hafði lokið þessu verki, gaf borgarfógetinn út samkv. ósk minni svo hljóðandi „notarial"-vottorð:

„Það vottast hér með notarialiter eftir samanburð, að nöfn þeirra manna, sem hér eru skráð að framan, 224 að tölu, með þar tilgreindu heimilisfangi, finnast ekki í því endurriti af kjörskrá, staðfestu af oddvita Kópavogshrepps 16. þ. m., sem talin er gilda frá 24. jan. 1955 til 23. jan. 1956.

Notarius publicus í Rvík, 19. apríl 1955.

Ólafur A. Pálsson, fulltrúi."

Ég var ekki staddur hér, þegar þetta mál var lagt fyrir og hæstv. forsrh. flutti sína framsöguræðu, en ég leit í ræðu hæstv. forsrh. áðan og sá þá, að hann hafði lengi í ræðu sinni dvalizt við það, að sýslunefndin hefði lýst því yfir, að til þess að hún gæti mælt með þessu máli og fylgt því fram, yrði að liggja fyrir viljayfirlýsing óumdeilanlegs meiri hl. kosningabærra manna í sveitarfélaginu fyrir því, að þeir vildu, að hreppnum yrði breytt í kaupstað, og svo segir forsrh., að nú liggi þetta óumdeilanlega fyrir, því að nú séu komin undirskriftaskjöl frá 760 kosningabærum mönnum í sveitarfélaginu, sem hafi skrifað undir það, að þeir óski þess, að hreppnum sé breytt í kaupstað. Síðan segir hann: Þetta er þess vegna sterkur meiri hluti, sem þarna hefur látið álit sitt í ljós, og ef gert væri ráð fyrir 90% kjörsókn, þá er þarna um að ræða, að í staðinn fyrir að fyrir liggja nú undirskriftir 760 manna, hefði ekki þurft nema 721 mann til þess, að þar væri um að ræða samt öruggan meiri hluta.

Þetta sýnir það ósköp vel, að hæstv. forsrh. var í þeirri góðu trú, þegar hann flutti málið hér á Alþingi og hélt sína framsöguræðu, að það væri sannað mál, að hann væri að flytja frv., sem væri í samræmi við vilja kjósendanna í hreppnum, og þess vegna fór hann um þetta sönnunargagn svo mörgum orðum. En nú er komið í ljós með embættisvottorði óhlutdrægs embættismanns, að það eru ekki nema 559 kjósendur í Kópavogshreppi, sem með undirskriftum hafa látið í ljós, að þeir vildu, að stofnaður yrði kaupstaður í Kópavogshreppi, þó þannig, eins og stendur á hausnum á undirskriftaskjölunum, að það rýri ekki möguleika til þess að sameinast Reykjavík, sem erfitt er að sjá, hvernig geti samrýmzt. Eins og þetta stendur núna, er ekkert vitað samkvæmt þessum undirskriftum um afstöðu 792 kjósenda í hreppnum. 559 hafa látið í ljós, að þeir séu fylgjandi þessu tvennu, stofnun kaupstaðar og sameiningu við Rvík, en 792 eða rétt við 800 vitum við ekkert um, og þá vitneskju fáum við ekki fyrr en fram hefur farið hin leynilega atkvæðagreiðsla, sem fram á að fara á sunnudaginn kemur. Hæstv. forsrh. komst að þeirri niðurstöðu, að það hefði ekki þurft nema 721, sem léti í ljós ákveðinn vilja sinn um, að stofnaður yrði kaupstaður, til þess að það væri meiri hluti kosningabærra manna. En eru þeir nú 721? Nei, þar vantar talsvert á. Nú eru þeir ekki nema 559, og vantar því 162 upp á þá tölu, sem hæstv. forsrh. sagði að væri nauðsynleg til þess að sanna, að meirihlutavilji væri fyrir málinu. Það vantar 162 samkv. niðurstöðu undirskriftanna núna til þess, að þeirri tölu sé náð, sem hæstv. forsrh. sagði að væri lágmark þess, sem yrði að liggja fyrir, til þess að málið hefði meirihlutastuðning, sem hann tæki mark á. M. ö. o.: Þær stoðir, sem hæstv. forsrh. hélt að þetta mál hvíldi á, eru brotnar. Þar með ætti málið líka að vera úr sögunni, og það gleður mig, að nú virðist svo sem hæstv. ráðherrar og stuðningsflokkar ríkisstj. séu horfnir frá því áformi að knýja málið í gegnum Alþingi rétt á undan atkvgr. í Kópavogshreppi. Það er a. m. k. haft eftir þeim hv. þm., sem hafði framsögu fyrir málinu hér við 2. umr., að frá því sé horfið, og ég trúi því, því að það hefði ekki verið hægt að reisa háðulegri níðstöng gegn lýðræðinu í landinu en einmitt að gera tilraun til þess að sigra í kapphlaupinu um afgreiðslu málsins við atkvgr. um vilja fólksins í Kópavogshreppi.

Ég held, að það sé ástæðulaust fyrir mig að þylja lengri lestur í sambandi við þetta mál nú, því að öll gögn málsins liggja nú mjög aðgengilega og í stuttu máli eins og í hnotskurn fyrir öllum hv. þm., og málið hefur verið mjög rækilega og ýtarlega rætt og það sannað í þessu máli, sem sanna þurfti, að af mjög litilli

vöndun, ráðvendni og samvizkusemi hafi verið unnið að undirbúningi þess af þeim mönnum, sem bjuggu það í hendur flm. Nú eru þeir orðnir uppvísir að þessum vinnubrögðum sínum, og það eitt á að nægja svo ágætum mönnum sem hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. og hv. fyrrv. ráðherra Emil Jónssyni til að sannfærast um, að það er ekki heiðri þeirra samboðið að knýja málið fram á þeim feysknu stoðum, sem undir þetta mál var stillt.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en tek það fram, að ég áskil mér rétt til að bera fram brtt. við frv. sjálft og um meðferð þess, áður en meðferð þess hér í hv. deild lýkur. 2. umr. verður máske lokið nú í nótt, en þá er 3. umr. eftir, sem bíður þá morgundagsins, vænti ég, og munu þá verða lagðar fram brtt. við málið sjálft. Fyrir liggur frá mér frá s. l. nótt till. um að fresta frekari umr. og meðferð þessa máls, þangað til atkvgr. liggi fyrir, og virðist vera einsætt, að hv. alþm. verði við slíkri ósk með því að samþ. þá till. Það er nefnilega auðskilið mál, að ef Kópavogsbúar í hinni leynilegu atkvgr. á sunnudaginn samþykkja, að þeir vilji stofna kaupstað, þá verður það mál afgreitt hér einróma á Alþingi, en verði það hins vegar ofan á. að þeir hafni því, tjái sig mótfallna því, þá dettur mér ekki í hug, að svo sé traðkað á lýðræðinu á Íslandi, að haldið verði áfram með að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum. Mér dettur ekki í hug, að það verði gert, eftir að vilji fólksins í byggðarlaginu lægi fyrir um annað. Það sýnist því vera alveg tilefnislaust að halda næturfund í nótt sem leið og aftur í nótt til þess að þjarka um mál, sem allir verða sammála um, ef það hefur þá undirstöðu, sem þarf, þ. e. a. s. fylgi fólksins, en á ekki að vera þingmál stundinni lengur, ef það reynist vera flutt í ósamræmi við vilja kjósendanna, sem hér eiga hlut að máli.

Ég hef ekki orðið þess var, að hæstv. forseti hafi leitað afbrigða fyrir þeirri till., sem ég bar hér fram í gærkvöld, og þykist því vita, að hann geri það, þegar atkvgr. fer fram, sennilega á morgun, því að ég geri ráð fyrir, að það sé nú í nótt eins og í nótt sem leið, að hv. deild sé óályktunarfær, þó að hæstv. forseti hafi ekki gert tilraun til að sannprófa það nú, eins og hann gerði í fyrrinótt. En sé svo, að deildin sé enn óályktunarfær, þá bíður náttúrlega öll meðferð tillagna þangað til á morgun.

Ég læt svo máli mínu lokið og vænti þess, að enginn þurfi að kveinka sér undan því, að ég hafi þreytt hér málþóf, þó að sífelldar kvartanir séu nú um það í sambandi við þetta mál í blöðum. En sannast að segja hefði engan þurft að undra það, þó að svo furðulega heimanbúnu máli væri svarað með allýtarlegum umræðum, og sú er líka ástæðan til þess, að hér hafa farið fram allfjörugar umræður um þetta nauðaómerkilega mál.

**Forseti (SB):** Ég vildi aðeins vekja athygli hv. 3. landsk. þm. á því, að sú skriflega yfirlýsing, sem hann afhenti forseta í gær, getur ekki skoðazt sem brtt. við sjálft frv. Þess vegna þarf ekki að leita afbrigða fyrir henni. Á hana ber að líta sem munnleg tilmæli til forseta um ákveðna meðferð málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 20. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Undir umr. málsins bar ég fram tillögu um það, að þar sem vitað væri um, að fram ætti að fara í Kópavogshreppi leynileg atkvgr. n. k. sunnudag um afstöðu til þess máls, sem hér er um að ræða, og niðurstaðan af þeirri atkvgr. gæti valdið því, að þm. tækju afstöðu til málsins í samræmi við þá niðurstöðu, væri rétt að vera ekki að eyða tíma Alþ. í að ræða þetta mál fyrr en sú niðurstaða úr leynilegri atkvgr. í hreppsfélaginu lægi fyrir. Ef það verður ofan á, að meiri hluti hreppsbúa óski eftir sameiningu við Reykjavík, þá þykist ég vita, að þetta mál eigi ekki erindi í gegnum þingið, og þá væri öllum þeim tíma spillt, sem færi í umr. um það. Hins vegar væri það meirihlutavilji kjósenda í þeirri leynilegu atkvgr., að stofnaður verði kaupstaður, þá geri ég ráð fyrir, að þá þurfi heldur engum tíma að eyða, því að þá yrði þingheimur sammála um málið, og það þyrfti enga næturfundi og ekkert annað en að afgreiða málið eins hratt og nokkurt mál getur verið afgreitt. Ég bar því fram till. um þetta, hún var lögð fram hér á þingfundi og liggur fyrir þinginu. Það voru ekki tilmæli til forseta, og ég álít því, að hann hafi ekki heimild til þess að stinga slíkri till. í sinn vasa. Að minnsta kosti hafi hann tekið það svo, að þessum tilmælum væri til hans beint, þá bar að svara því undir umræðunni, og er enn tími til þess, áður en atkvgr. fer fram. En þetta var í tillöguformi til þd., og tel ég, að það verði einhver úrskurður forseta að koma til, ef sú till. á að hverfa í hans vörzlu, og ég mótmæli því.

**Forseti (SB):** Það verður orðið við ósk hv. þm. um það að bera till. upp. En hún er þá ekki lengur till. um að fresta umr., heldur um að fresta atkvgr.

Verður þá þessi till. frá hv. 3. landsk. þm. (HV), sem er í nál. á þskj. 595 og er um að fresta umr. um málið, nú borin upp sem till. um það að fresta atkvgr. um málið.

ATKVGR.

Till. frá minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 595 um að fresta atkvgr. fram yfir 24. apríl felld með 14:9 atkv.

1. gr. samþ. með 15:5 atkv.

2.—22. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BÓ, EI, EmJ, GíslG, KS, IngJ, GGísl, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, ÁB, SB.

**nei:** EOl, GJóh, HV, KGuðj, LJós, GMM.

EirÞ, GilsG, GÞG, HÁ, BergS greiddu ekki atkv.

8 þm. (EggÞ, EystJ, HelgJ, JóhH, JPálm, PO, SkG, StgrSt) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, ÁB, BergS, BÓ, EI, EirÞ, EmJ, GíslG, KS, IngJ, GGísl, SB.

nei: KGuðj, LJós, GMM, EOl, GJóh, HV.

GilsG, GÞG, HÁ greiddu ekki atkv.

8 þm. (PO, SkG, StgrSt, EggÞ, EystJ, HelgJ, JóhH, JPálm) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Í trausti þess, að þetta mál verði ekki afgreitt hér á þingi, fyrr en lokið er atkvgr. þeirri, sem boðuð hefur verið í Kópavogi, og kjósendur Kópavogshrepps hafa með þeirri atkvgr. látið í ljós vilja sinn um það, hvort þeir æski eftir kaupstaðarréttindum eða ekki, segi ég já við að vísa frv. til 3. umr.

---

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 503, 634).

Afbrigði um brtt. 634, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þær umræður, sem hér eru að hefjast um þetta mál, enda hefur það verið svo margrætt að undanförnu og hv. þm. hefur gefizt kostur á að kynnast það rækilega öllum atriðum varðandi Kópavog, bæði sögulega, menningarlega og jarðfræðilega, að þess gerist ekki mikil nauðsyn að bæta við þær upplýsingar. Ástæðan til þess, að ég tek hér til máls, er sú, að hv. 5. þm. Reykv. hafði ekki aðstöðu til að mæta hér á fundinum í kvöld, og bað hann mig því að koma hér á framfæri atriði, sem hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir afstöðu manna til þessa máls.

Svo sem vitað er, eru þrjár leiðir, sem koma til greina varðandi skipun sveitarstjórnar í Kópavogi, þ. e. að velja þá leið, sem frv. það, er hér liggur fyrir hv. d., gerir ráð fyrir, að stofna þar sérstakan kaupstað; í annan stað, að sú leið verði valin, sem einnig hefur borið allmikið á góma, að Kópavogshreppur verði sameinaður Reykjavíkurkaupstað; og í þriðja lagi, að þar ríki áfram „status quo“, þ. e. a. s., að skipan sveitarmálefna verði þar með sama hætti og verið hefur til þessa, að þar verði hreppsnefnd starfandi og sveitarstjórnarmálum verði skipað svo sem er í öðrum hreppum landsins.

Nú sýnast allar umræður hér á Alþingi hafa hnigið í þá átt, að menn séu horfnir frá því að hugsa sér, að sú skipan geti áfram verið, a. m. k. til langframa, á málefnum Kópavogs, að þar verði áfram hreppsnefnd með þeirri skipan, sem nú er, enda mun reyndin vera sú, að sú skoðun sé efst í huga mikils meiri hluta Kópavogsbúa, að horfið verði frá þeirri skipan mála, þannig að því hefur ekki beint verið haldið hér fram af þeim mönnum, sem talað hafa f. h. oddvita Kópavogshrepps í þessum umræðum, að þeirri skipan verði áfram haldið, sem nú er, heldur lögð á það mikil áherzla, að þá leið beri að fara að sameina Kópavog Reykjavík. Þetta bendir ótvírætt í þá átt, sem enda virðist nokkuð augljós, að ekki sé þess kostur að halda áfram þeirri skipan mála þar, sem nú er, enda vitanlegt, að í svo mjög fjölmennu sveitarfélagi er þess naumast að vænta, að slíkt geti gengið til lengdar.

Það varð því niðurstaða vegna þeirra umræðna, sem fram hafa farið um þetta mál, að hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar taldi rétt að leita um það álits bæjarráðs Reykjavíkur, hvort mundi vera fyrir því vilji hjá bæjaryfirvöldum hér, að sú leið yrði farin að sameina Kópavogshrepp Reykjavíkurkaupstað. Að vísu vildi svo kynlega til, að það mun hafa verið andstaða gegn þeirri fyrirspurn frá andstæðingum kaupstaðarmálsins hér í þinginu, þótt það væri lítt skiljanlegt, að ekki skyldu allir telja sjálfsagt að leita álits og úrskurðar þess aðila, sem hlýtur að hafa um það úrskurðarvald, hvort Kópavogur verði sameinaður Rvík eða ekki, ekki sízt þar sem það liggur fyrir, að það muni vera ætlunin í þeim kosningum, sem hugsað er að efna til í Kópavogi nú, að því er mér skilst, á sunnudaginn kemur, að þar verði einmitt spurt um vilja hreppsbúa til þess að sameinast Reykjavík. Það getur verið gott og blessað, að hreppsbúar láti uppi þann vilja sinn, en sá vilji hefur enga raunhæfa þýðingu, ef ekki liggur fyrir, að bæjaryfirvöld Rvíkur séu til viðtals um það efni. Það þótti því rétt og sjálfsagt að leita þess álits, og það álit hefur borizt frá bæjarráði Reykjavíkur. Vil ég leyfa mér að lesa það upp hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur í dag var lagt fram bréf hv. n., dags. 16. þ. m., þar sem leitað er umsagnar bæjarráðs um sameiningu Kópavogs við Reykjavík. Bæjarráðsmenn Sjálfstæðisflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu að svari:

Engar málaleitanir hafa borizt til bæjarstjórnar Reykjavíkur frá Kópavogshreppi um sameiningu hreppsins við Reykjavík, og innan bæjarstjórnar hefur þetta mál ekki komið til umræðu. Bæjarráð telur ekki tímabært að hefja viðræður eða samningaumleitanir um sameiningu hreppsins við Reykjavík, enda torveldar það ekki aðstöðu til sameiningar síðar, þótt Kópavogur hefði þá öðlazt kaupstaðarréttindi.

Tillagan samþykkt með 3:2 atkv.

Guðmundur Vigfússon og Bárður Daníelsson óskuðu bókað:

Það er skoðun okkar, að framtíðarskipan sveitarstjórnarmála í Kópavogshreppi eigi að ráða til lykta í samræmi við vilja meiri hluta kjósenda í hreppnum. Allsherjaratkvgr. um afstöðu íbúanna til málsins hefur verið auglýst n. k. sunnudag, 24. apríl, og er þess að vænta, að vilji kjósenda komi þá skýrt í ljós og verði ekki deiluefni lengur. Reynist það skoðun meiri hluta þess fólks, er atkvæði greiðir um málið, að leita beri samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um sameiningu Kópavogshrepps við Reykjavík í náinni framtíð, teljum við einsætt, að bæjarstjórn beri að taka slíkum tilmælum af velvild og lýsa sig reiðubúna til viðræðna um þessi mál.“

Þetta er það bréf, sem borizt hefur frá borgarstjóranum í Reykjavík, þar sem skýrt er frá afgreiðslu bæjarráðs og afstöðu þess til þessa sameiningarmáls. Af því verður ljóst, að meiri hluti bæjarráðs telur ekki tímabært á þessu stigi máls-

ins eða eðlilegt, að Kópavogur verði sameinaður Reykjavík, og tekur það einnig skýrt fram, að það telur ekki neitt vera því til fyrirstöðu, að sú sameining fari fram síðar, enda þótt sá kostur verði valinn, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir hv. deild, að Kópavogshreppur verði gerður að sérstökum kaupstað.

Ég mun ekki að öðru leyti efnislega ræða þetta mál. Það hefur verið gert ýtarlega og rækilega við fyrri umræður þess.

Það hefur verið mikið um það talað, að undirskriftir þær, sem safnað hefur verið, sýni ekki ótvíræðan vilja meiri hluta hreppsbúa. Þær undirskriftir munu nú vera komnar á níunda hundraðið, sem hingað hafa borizt. Það hefur verið talið, að allmargt af því fólki sé ekki á kjörskrá, sem samin er eftir manntali 1953, og er það rétt, vegna þess að kjörskrá sú, sem átti að hafa verið samin þá, lá ekki fyrir, þegar undirskrifta var safnað. Var því sá kostur valinn að fara eftir manntali í haust sem leið, enda verður að segja það, að það er ekkert, sem gerir það ótvírætt, að það eigi að greiða atkv. um ákvörðun sem þessa, hvort sameina skuli hrepp kaupstað eða gera hrepp að sérstökum kaupstað, eftir kjörskrá þeirri, sem gert er ráð fyrir við bæjarstjórnarkosningar, heldur virðist vera raunhæfari leið að láta það fólk, sem býr í hreppnum, þegar sú ákvörðun er tekin, segja til um það, hvað það vilji um sína framtíð. Það er vert að upplýsa það, að um 150 manns af því fólki, sem talið er á kjörskrá þeirri, sem lögð var fram nú fyrir skömmu, en átti að leggjast fram 1954, og er miðuð við manntal 1953, er nú flutt úr hreppnum, og það virðist a. m. k. ekki goðgá að hugsa sér, að það fólk, sem flutt hefur inn í hreppinn fyrir alllöngu og hefur byggt sér þar hús og hugsar sér að dvelja þar framvegis, hafi eigi síður, heldur fremur ákvörðunarrétt um það, hvað verði um framtíð þessa sveitarfélags, en það fólk, sem endanlega er þaðan burtu flutt.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, en bendi aðeins á, að úr því að það liggur upplýst hér fyrir ótvírætt, að það sé ekki grundvöllur til sameiningar við Reykjavík að svo stöddu, þá virðist sýnt, að sú leið komi naumast til álita við afgreiðslu þessa máls, og enn fremur, að það geti á engan hátt, nema síður sé, tafið fyrir eða komið í veg fyrir, að sú sameining kynni að fara fram síðar, ef það yrði talið æskilegt, þó að Kópavogur yrði nú gerður að sérstökum kaupstað.

**Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Enn þá er það svo, að þetta mál er tekið fyrir á næturfundi á Alþ., og á það sjálfsagt að sýna, að svo mikil sé nauðsyn og bráð á því að samþykkja þetta frv., að það megi ekki úr hömlu dragast. Málið hefur verið nokkuð ýtarlega rætt efnislega við 1. og 2. umr. og varla ástæða til að fara mjög ýtarlega út í efni þess, sem er það, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað með löggjöf frá Alþ. Því er haldið fram, að þetta sé mjög aðkallandi, en engin rök hafa þó, að ég hygg, verið færð fram fyrir því.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði hér áðan, að það mætti kannske segja, að um þrennt væri að ræða: að hreppsfélagið væri áfram óbreytt, að það væri stofnaður kaupstaður úr hreppnum eða í þriðja lagi sameining við Reykjavík.

Kjósendur í Kópavogshreppi kusu sér hreppsnefnd til þess að stjórna hreppnum í næstu fjögur ár, áreiðanlega ekki til þess að leggja hreppinn niður á miðju kjörtímabili. Hreppsnefndir eru ekki kosnar til þess. Og þar með hafa kjósendur í Kópavogshreppi látið í ljós, að þeir vilji, að Kópavogshreppur haldist út þetta kjörtímabil. Og þetta hafa þeir staðfest við tvennar sveitarstjórnarkosningar á liðnu ári. Það hlýtur því að hafa orðið einhver straumhvörf í vilja fólksins í sambandi við þetta mál einmitt á seinustu vikum eða mánuðum, ef þetta sjónarmið væri nú orðið breytt. En nú hefur því verið hreyft og það flutt inn á Alþ., að hreppsfélagið skuli lagt niður og samþ. lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað. Þetta er gert með því að ganga um hreppinn með undirskriftaskjal, sem fyrst og fremst ber það yfirbragð, að fólkið eigi að segja til um, hvort það vilji með undirskrift sinni láta í ljós fylgi sitt við hugmyndina um stofnun kaupstaðar, en undirskriftamennirnir hafa haft löngun til að fá fleiri á skjal sitt en þá, sem eindregið væru fylgjandi kaupstaðarhugmyndinni, og setja því aftan við undirskriftaskjalið, að þó rýri það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir. Þarna er með þessu orðalagi í undirskriftaskjalinu fiskað eftir því að fá fólk með tvenns konar skoðanir, fólk, sem vilji báðar leiðirnar, sem hv. 2. þm. Eyf. minntist hér á að væri um að ræða, að fá þá hvora tveggja til þess að skrifa undir skjalið. Og með því að orða skjalið svona og ganga rösklega fram í undirskriftasmöluninni tókst að fá menn til að skrifa undir skjalið, þannig að því var skilað inn á Alþ. með 760 nöfnum. Þegar svo kom í ljós, að það mundu ekki allt vera kjósendur í Kópavogshreppi, sem hefðu skrifað nöfn sín á skjalið, þrátt fyrir það að upphafsorð undirskriftaskjalsins séu þessi: Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi skorum hér með á hið háa Alþingi að gera núverandi Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum — þá var rokið til og reynt að bæta við undirskrifendurna, og fengust þá 23 í viðbót, þannig að nöfn sín hafa skrifað undir þessa tvíþættu áskorun 783 menn.

Ég þarf ekki að rekja það, að líka er orðið upplýst í þessu máli, að svo langt hafi verið farið út fyrir óumdeilanlega kjósendur í Kópavogshreppi, þegar undirskriftunum var safnað, að 11 ára gamalt barn — það er viðurkennt af öllum — er meðal undirskrifendanna og margir, sem hafa ekki íslenzkan ríkisborgararétt, og fjölmargir, sem hafa ekki kosningarrétt í Kópavogshreppi.

Nú var það eitt af deilumálunum í sambandi við þetta mál, hve margir þeir kynnu að vera, sem væru ekki kjósendur í Kópavogshreppi, en hefðu þó skrifað undir þessi áskorunarskjöl til Alþingis. Þess vegna var það, að ég sneri mér til borgarfógetans í Reykjavík og óskaði eftir því, að hann gæfi út embættisvottorð um það, hversu margir af undirskrifendunum væru ekki á kjörskrá hreppsins. Þá kom í ljós, eftir að embættismaðurinn, borgarfógetinn í Reykjavík, hafði látið

bera þessi skjöl saman, að 224 menn voru á undirskriftaskjölunum, sem fyrirfundust ekki á kjörskrá hreppsins. Þetta sönnunargagn liggur nú fyrir Alþ. í svo hljóðandi vottorði frá borgarfógetanum, — hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það vottast hér með notarialiter eftir samanburð, að nöfn þeirra manna, sem hér eru skráð að framan, 224 að tölu, með þar tilgreindu heimilisfangi, finnast ekki í því endurriti af kjörskrá, staðfestu af oddvita Kópavogshrepps 16. þ. m., sem talin er gilda frá 24. jan. 1955 til 23. jan. 1956."

Þannig er þá sannað, að það eru ekki 783 kjósendur í Kópavogshreppi, sem hafa skorað á Alþ. að gera Kópavogshrepp að kaupstað, heldur aðeins 559, eftir að þeim 23, sem síðar komu í undirskrifendahópinn, hafði þó verið bætt við. En það er svo langt frá því, að það sé meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi, að þar á vantar yfir 160 manns, til þess að það væri meiri hluti kjósendanna.

Nú var þetta mál lagt fyrir Alþ. af hæstv. forsrh. landsins, Ólafi Thors, hv. þm. G-K., með skörulegri ræðu, eins og vænta mátti. Og þar ræddi hann rækilega um, hvaða rök lægju helzt til þess, að hann flytti þetta mál á Alþingi og teldi sjálfsagt, að Alþ. samþykkti frv. Hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að mál eins og þetta hefðu jafnan verið samþ. á Alþ., ef fram hefðu komið um það óskir íbúanna, þannig að meirihlutavilji kjósendanna í viðkomandi sveitarfélagi lægi fyrir. Hann endurtók það, að þegar svo stæði á, að órækar óskir meiri hluta íbúanna lægju fyrir, þá hefði það verið venja löggjafans að verða við þeim óskum, endranær ekki. Þá rökræddi hann auðvitað um það, hvaða vitneskju hann hefði um meirihlutavilja kjósendanna í þessu máli, og sagði þá, með leyfi hæstv. forseta, — ég hef hér frumhandrit að ræðu forsrh. fyrir framan mig og les úr eintaki því, sem lagt hefur verið fram á lestrarsal. Hæstv. ráðh. sagði:

„Þetta mál hefur verið borið undir sýslunefndina í Kjósarsýslu, eins og eðlilegt er, og hún lét í ljós það álit, að ef ekki lægju fyrir meðmæli hreppsnefndarinnar," — og þau liggja ekki fyrir, — „þá yrði að liggja fyrir viljayfirlýsing frá meiri hluta atkvæðisbærra íbúa í Kópavogshreppi. Þessa meirihlutaálits hefur nú verið leitað eð undirskriftaskjölum, og ef ég man rétt, hafa 0 menn, búsettir í hreppnum, 21 árs og eldri," — þar skeikaði honum nú, þar hafði hann verið blekktur, — „lýst yfir þessum vilja sínum. Ég hygg einnig rétt, að það hafi verið á kjörskrá í febrúar 1954, við þær kosningar, sem þá fóru fram til sveitarstjórnar í Kópavogshreppi, 1144 menn, og mættu þess vegna vera nú á kjörskrá allmiklu fleiri, til þess að auðið yrði að vefengja, að hér lægi fyrir viljayfirlýsing meiri hluta kjósenda. Það mættu vera á kjörskránni 1519 menn í staðinn fyrir 1144, eða nærri 400 mönnum fleira en var í febrúar 1954, og þó hægt að staðhæfa með réttu, að fyrir lægi yfirlýsing frá meiri hluta kjósenda í hreppnum. Auk þess er svo rétt, að menn athugi, að jafnvel þó að í hreppnum væru, við skulum segja, 1600 menn, svo að ég taki einhverja tölu, ekki 1520 og ekki 1140, eins og voru í febrúar 1954, heldur t. d. 1600 menn, þá væri óhætt að álykta, að hér væri um meiri hluta að ræða, nokkurn veginn örugglega. Ég hygg, að það sé ákaflega fátítt, að við leynilegar kosningar komi fram meira en 90% af atkvæðisbærum mönnum. Ekki er þá ástæða til að halda, að fleiri segi sinn vilja, þegar viljayfirlýsing er birt í skriflegum plöggum, í staðinn fyrir að menn gangi að kjörborði. En þó að íbúar væru 1600 og 90% hefðu greitt atkv., þá er það ekki nema 1440 menn, og þyrftu áskorendur þess vegna ekki að vera nema 721, til þess að þar væri fram kominn vilji meiri hluta. En hér er fram kominn vilji 760 manna."

Þetta eru orð hæstv. forsrh. í framsöguræðu. Hann heldur sig alltaf fast við, að það sé kominn fram vilji 760 manna, en þyrfti ekki að vera kominn fram vilji nema 721, til þess að það væri alveg öruggt, að hann hefði fyrir sér vilja meiri hluta hreppsbúa. En hvað er nú komið á daginn með „notarial"-vottorði borgarfógetans í Reykjavík? Það, að ekki liggur fyrir viljayfirlýsing 721, eins og hæstv. ráðh. sagði að væri nauðsynlegt, til þess að hann hefði yfirlýsingu um meirihlutavilja, heldur aðeins um 559. Þar með er allur grundvöllurinn undir flutningi málsins einmitt samkvæmt rökum hæstv. forsrh. í framsöguræðu rokinn út í veður og vind. Öll undirstaða málsins er brostin. Það var að fenginni öruggri viljayfirlýsingu meiri hluta kjósenda, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri alltaf vani að samþykkja svona mál, og hann taldi sig hafa það, og það er von, að hann héldi það. Hann gat ekki látið sér detta í hug, að það væri á þriðja hundrað manns, sem hefði verið rubbað upp á þessi undirskriftaskjöl, án þess að þeir væru kjósendur í hreppnum, eins og undirskriftaskjalið gaf til kynna. Þar með hefði ég haldið að hæstv. ráðh. hefði kippt málinu til baka, en það hefur hann ekki gert enn þá.

Ég læt þetta nægja til að sýna, að hæstv. ráðh. flutti málið á þeim grundvelli, að hann hefði fyrir sér meirihlutaviljayfirlýsingu íbúanna í Kópavogshreppi um það, að þetta mál væri flutt að þeirra vilja. 760 hélt hann að þeir væru, sagði, að það þyrfti ekki, til þess að þetta hefði gildi, nema 721, en nú standa ekki eftir nema 559.

Ég hef nú sýnt fram á, að grundvöllur sá, sem hæstv. ráðh. byggði málið á, er ekki lengur fyrir hendi. Kunnugt er um, að nú á sunnudaginn kemur verður leitað með leynilegri atkvgr., sem byggð verður á núgildandi kjörskrá í hreppnum, en á henni eru 1357 kjósendur, eftir vilja kosningabærra manna í hreppnum um það, hvora af þessum tveim leiðum, sem hv. 2. þm. Eyf. talaði um að væru fyrir hendi, ætti að fara, stofna kaupstað eða sameinast Reykjavík. Og það er einmitt um þessar tvær leiðir, sem kjósendurnir verða spurðir á kjörseðlinum í Kópavogi á sunnudaginn kemur. Ef þar kemur fram meirihlutavilji fólksins óþvingað við leynilega kosningu, að þeir segi: Við viljum ekki stofna kaupstað — jáin við það verði svo fá, að það verði minni hl., en meiri hl. verði með því að sameinast Reykjavík, að fela hreppsnefndinni að leita eftir samkomulagi við Reykjavíkurbæ um sameiningu, þá er enn fremur brostinn grundvöllur

fyrir flutningi þessa frv. hér á Alþ. Ég léti mér ekki detta í hug, ef niðurstaðan yrði þessi, að Alþ. hygðist þá setja löggjöf þvert ofan í vilja fólksins, því að hæstv. ráðherra byggði á vilja fólksins í framsöguræðu sinni og hélt, að hann lægi fyrir, og sagði, að Alþ. væri vant að afgreiða svona mál með lagasetningu, ef vilji fólksins lægi fyrir sem grundvöllur. Hins vegar er það víst, að ef meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi tjáir þann vilja sinn við atkvgr., að hann vilji kaupstað stofnaðan nú þegar, þá verður þetta mál ekkert deilumál hér á Alþ. stundinni lengur, þá þarf enga næturfundi um það og menn mundu þá afgreiða það samhljóða.

Ég hef haldið því fram, að það ætti að bíða eftir þessum vilja fólksins og það eigi síðan að vinna að lausn málsins í samræmi við þann vilja, sem fram kemur við þessa væntanlegu atkvgr., og ég hygg, að í hjarta sínu geti enginn lýðræðissinnaður þm. neitað því, að það væri það rétta í þessu máli.

Þegar um það var rætt í heilbr.- og félmn., þar sem þetta mál var til umr., að kjósendur í Kópavogshreppi yrðu spurðir um þetta tvennt, þá vildi hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) ekki bíða eftir því, hvort það kæmi í ljós, að meirihlutavilji kjósenda í Kópavogshreppi yrði fyrir því að leita eftir samkomulagi við Reykjavíkurbæ um sameiningu. En þá og þá fyrst þegar slíkur meirihlutavilji lægi fyrir, er mögulegt fyrir sveitarstjórnina að taka upp þetta mál, því að hún hefur enga heimild til að taka það upp nema í umboði fólksins og að vilja þess, og þá ætti hreppsnefnd Kópavogshrepps að fengnum vilja fólksins um þetta að spyrja, ekki bæjarráð Reykjavíkur, heldur bæjarstjórn Reykjavíkur, um það, hvort hugsanlegt væri, að Reykjavík vildi ganga til samkomulags eða samninga um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga. En Jóhanni Hafstein fannst eðlilegra að haga þessu öðruvísi. Hann taldi rétt, að bæjarráð Reykjavíkur svaraði, áður en neinn vissi neitt um vilja fólksins í Kópavogshreppi um þetta og áður en hreppsnefndin kæmi neitt á stúfana til þess að tala um þetta mál við þá. Og það finnst mér vera nokkuð öfugt að farið eins og um fleira í þessu máli.

Nú er það vitanlega þar að auki alveg öfugt að farið að láta bæjarráð marka stefnu í svona máli, en ekki bæjarstjórnina. Bæjarstjórn hefði getað vísað þessu máli til bæjarráðs til frekari athugunar og falið bæjarráðsmönnum kannske að eiga í samningum við hreppsnefndina, ef hreppsnefndin hefði að vilja fólksins verið búin að hefja þetta mál við bæjaryfirvöldin í Reykjavík. En vitanlega er það bæjarstjórn Reykjavíkur, sem hefði átt að afgreiða þetta mál, hvort sem hún hefði þá valið þann kostinn að vísa því svo til bæjarráðs eða ekki.

Nú er það vitað, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur sótt fast eftir því að sameina nágrannahreppinn hér til annarrar handar við Reykjavík, Seltjarnarneshrepp, Reykjavík. Og bæjarstjórnin hefur, að mér virðist, verið sammála um, að það væri nokkuð eðlilegt mál. En hreppsnefndin þar hefur verið því andvíg, og á því einu hefur strandað, að sú sameining ætti sér stað. Það mætti því þykja undarlegt, ef bæjarstjórn Reykjavíkur væri hins vegar andvíg því um hið fjölmenna sveitarfélag, sem vaxið hefur upp til hinnar handar við Reykjavík og vaxið er upp af Reykvíkingum, sem hafa ekki fengið aðstöðu til að búa um sig hér á borgarlóð Reykjavíkur og þess vegna leitað út fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur til þess m. a. að geta byggt yfir sig, því að þar voru frjálsari hendur með það, og óskuðu nú eftir að hverfa aftur heim til sinna fyrri föðurhúsa, til Reykjavíkur, en þá væri sagt: Nei, við viljum ykkur ekki. — Það væri undarlegt.

Nú er opinberlega upplýst, að borgarstjórinn í Reykjavík er þeirrar skoðunar, að hann sé fylgjandi því, að Kópavogshreppur sameinist Reykjavík. En svo undarlega vill til, að einmitt meðan hann er ekki hér á landi, — og hefur hann þó átt drjúgan þátt í því að marka stefnu Sjálfstfl. í bæjarmálum Reykjavíkur, síðan hann varð borgarstjóri, — þá er rokið til og bæjarráð látið óaðspurt af hendi þessa viðkomandi sveitarfélags svara því neitandi, að sameiningu vilji þeir ekki milli þessara tveggja sveitarfélaga. Þó er þetta nú dálítið loðið, því að í plaggi því, sem hv. 2. þm. Eyf. las hér upp áðan, er sagt, að í till. Sjálfstfl. sé tekið fram, að þeir vilji ekki hefja umræður um sameiningu þessara sveitarfélaga. Takið eftir því: Þeir vilja ekki hefja umræður. Það er ekki heldur þeirra að hefja þær umræður. Það er hreppsnefndarinnar í Kópavogshreppi að hefja þær umr., ef meiri hluti kjósenda þar óskar þess, — og það virðist vera reiknað fastlega með því af hv. 2. þm. Eyf. og öðrum þm. Sjálfstfl. hér, að meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi óski eftir sameiningu við Reykjavík, og þá mundi hreppsnefndin þar hefja þessar umræður. Um það er ekkert sagt af bæjarráði Reykjavíkur eða sjálfstæðisflokksmeirihlutanum þar, hverjar undirtektirnar mundu þá verða, enda geta þeir ekki sagt um það fyrir fram, því að það fer mjög eftir því, hvernig hreppsnefndin í Kópavogshreppi kann að leggja það mál fyrir og á hvaða grundvelli hún fer fram á eða býður samning. Þessu er því ekki hægt að svara af neinu viti fyrir fram, enda er sjaldan vit í svari, sem gefið er áður en spurt er. Það verður líkt og svarið hjá þeim heyrnardaufa í ævintýrinu, sem svaraði, sem frægt er orðið: „Í axarskaft.“ Og þetta svar er áreiðanlega „í axarskaft“, alveg svar út í hött. En nú liggur það þá fyrir og er upplýst hér, að bæjarráð Reykjavíkur er ekki sammála um að hafna hugsanlegri sameiningu við Kópavogshrepps. Nei, minni hl. bæjarráðs tekur það fram, að hann telji rétt að taka tillit til vilja fólksins í Kópavogshreppi, og ef hann lægi fyrir, virðast þeir vera fyllilega til viðtals um, að þessi sameining ætti að eiga sér stað.

Það er óumdeilanlegt, að það er fólkið í viðkomandi sveitarfélagi, sem á auðvitað að ráða því með meirihlutavilja sínum, hvernig skipað er í framtíðinni sveitarstjórnarmálum í því sveitarfélagi. Það er ekki bæjarráðs Reykjavíkur að leggja neitt til þeirra mála og sízt án þess að til þeirra sé leitað.

Nú var vikið að því við 2. umr. málsins, að skipulagsmál byggðanna í kringum Reykjavík, Seltjarnarneshrepps, Kópavogshrepps, Álftaneshrepps og Garðahrepps, með tilliti til Hafnar-

fjarðar og Reykjavíkur væru óleyst mál og væru í rauninni margþætt vandamál, og ég hélt því fram, að það væri í raun og veru langsamlega eðlilegast að víkja frá sér þessari skyndiákvörðun um lagasetningu um framtíðarskipulag á sveitarstjórnarmálum eins þessara sveitarfélaga og láta heldur ríkisstj. það hlutverk í hendur að skipa n. manna, sem skipuð væri fulltrúum frá Reykjavík, frá Hafnarfirði og frá sýslufélögunum, sem hér eiga hlut að máli, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, og öllum hreppsfélögunum, sem hlut eiga að máli, og ræða þetta mál frá öllum hliðum og taka síðan ákvarðanir um þessi skipulagsmál í heild. Ég er enn þeirrar skoðunar, að þetta sé það eina, sem sé sjálfsögð leið, og mun því nú flytja till. til rökstuddrar dagskrár í þessu máli, sem er að efni til samhljóða þessari skoðun minni. Þessi rökstudda dagskrá er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Deildin telur það eðlilegustu meðferð þessa máls, að ríkisstj. skipi nú þegar 9 manna n. til þess að athuga og gera till. um, hvernig bezt verði fyrir komið til frambúðar skipan sveitarstjórnarmála í næsta nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að bæði þessir bæir og núverandi nágrannasveitarfélög þeirra megi vel við una, og að n. sé skipuð tveimur mönnum kosnum af bæjarstjórn Reykjavíkur, tveimur mönnum kosnum af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, en eftirtaldir aðilar tilnefni einn mann hver: sýslunefnd Kjósarsýslu, sýslunefnd Gullbringusýslu og hreppsnefndir Kópavogshrepps, Seltjarnarneshrepps og Garðahrepps.

Í trausti þess, að n. þessi hraði störfum svo, að till. hennar geti komið fyrir næsta þing, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessa leið ætti að mínu áliti að rannsaka, áður en flaustrað verði af lagasetningu um skipun sveitarstjórnarmála í Kópavogshreppi einum.

En mál þetta, þessi rökstudda dagskrá, er slíkt nýtt viðhorf í málinu, að ég hlýt að fara fram á það við formann heilbr.- og félmn. og við hæstv. forseta, að umr. sé frestað um málið, svo að tóm gefist til að athuga það í n., hvort þessi leið þyki ekki sjálfsögð. Hún setur málið á allt annan og víðtækari grundvöll og leysir vandamál, sem snertir fólk á þessu svæði. Það er t. d. nú vandamál í Garðahreppi, hvort það eigi að innlima hluta af þeim hreppi í Hafnarfjörð, og ekkert liggur fyrir um, að vilji fólksins í Garðahreppi sé fyrir því. Ef það gerist, þá verður Garðahreppur bútaður í tvennt og Hafnarfjarðarlögsagnarumdæmi látið ná þar inn á milli þessara tveggja hluta Garðahrepps, og með það verða íbúar Garðahrepps varla ánægðir.

Ég veit, að hv. form. heilbr.- og félmn., þm. A-Sk. (PÞ), er svo sanngjarn maður, að hann mun mæla með því við hæstv. forseta og þdm., að hlé verði gefið á umr., svo að n. gefist tóm til þess að athuga, hvort ekki ætti að slá afgreiðslu málsins á frest og að fela ríkisstj. að skipa slíka 9 manna n. til þess að athuga málið á þessum breiða grundvelli.

Þá vil ég enn fremur lýsa hér 5 brtt., sem ég vil leyfa mér að flytja við frv. sjálft, efnislegar breytingar við hinar ýmsu greinar frv.

Á 2. gr. tel ég sjálfsagt að verði gerð sú breyting, að á eftir orðunum „í Kópavogskaupstað“ í 1. málsgr. komi: og er hann, þ. e. a. s. bæjarfógetinn í hinum nýja kaupstað, jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu, og greiðist laun hans úr ríkissjóði.

Þessi breyting væri þá um það, að þegar búið væri að skipa sérstakan bæjarfógeta í Kópavogskaupstað, skuli hann ekki aðeins hafa það embætti að vera þar bæjarfógeti, heldur einnig vera sýslumaður í Kjósarsýslu, en Kópavogshreppur er núna einn af fimm hreppum Kjósarsýslu. Ég hygg, að bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði, með sýslumannsembætti í Gullbringusýslu, með Keflavíkurflugvellinum og því öllu saman og hinni fjölmennu og sívaxandi byggð þarna á Suðurnesjunum, sé ærið umfangsmikið embætti, og væri þetta jafnara, að bæjarfógetinn í hinum nýja Kópavogskaupstað væri jafnframt sýslumaður í hinni litlu, tiltölulega fámennu Kjósarsýslu.

Við 3. gr. flyt ég þá brtt., að gr. orðist svo:

„Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landareign jarðanna Kópavogs og Digraness.“

Í frv., eins og það er nú, stendur, að verzlunarlóð kaupstaðarins skuli vera landssvæði allt innan núverandi takmarka Kópavogshrepps. Þetta sýnir, að samning þessa frv. er sennilega stjórnarráðsvinna og hefur þá aðallega verið í því fólgin að taka einhver kaupstaðarlög og leggja þau fram í frv.-formi.

Verzlunarlóðir kaupstaðanna eru yfirleitt mjög takmörkuð svæði, en í þessari gr. mundi verzlunarlóð hins nýja Kópavogskaupstaðar ekki vera láglendið í nágrenni Reykjavíkur, heldur allt landssvæðið upp til heiða og fjalla, allt austur að mörkum Árnessýslu, heiðalönd mikil og víðlend, sem allt heyrði þá undir verzlunarlóð hins nýja Kópavogskaupstaðar.

Það er alveg áreiðanlegt, að það hefur ekki vakað fyrir flm. frv., að þetta væri eðlileg kaupstaðarlóðarstærð, heldur er þarna áreiðanlega um óaðgæzlu að ræða. Það virðist því vera alveg sjálfsagt mál að hafa kaupstaðarlóðina nokkru þrengri takmörkum háða en þetta og væri hún ærið rúm, líklega upp undir það eins víðlend og lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, ef það væri öll landareign þessara tveggja jarða, Kópavogs og Digraness, og það er það, sem ég legg til í mínum brtt. Það yrðu sannarlega ekki landþrengsli í þessum nýja kaupstað, þó að landareignir þessara jarða einar væru kaupstaðarlóðin.

Við 19. gr. flyt ég þá smávægilegu brtt., sem þó er full ástæða til, að á eftir orðinu „slökkvilið“ komi: ef stofnað verður.

Þessi brtt. víkur að því, að í 19. gr. frv. segir, að bæjarstjórnin í Kópavogskaupstað skuli semja reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðh. staðfesti hana. Þannig er ákveðið, af því að þetta er tekið upp óbreytt úr öðrum bæjarstjórnarlögum, að þarna skuli stofna slökkvilið, rétt við hliðina á hinu fullkomnasta slökkviliði, sem til er í landinu, slökkviliði Reykjavíkur. En nú er gildandi samningur milli Kópavogshrepps og Reykjavíkurbæjar um það, að Reykjavíkurslökkviliðið skuli annast brunavörzlu í Kópavogskaupstað, og óefað mundi væntanleg bæjarstjórn í Kópavogskaupstað einnig semja við Reykjavíkur-

slökkviliðið á sama hátt, af því að það mundi tryggja hina beztu fáanlega vörn móti eldsvoða. Þess vegna væri mjög óvarlegt að lögbinda það, að bæjarstjórnin skyldi semja reglugerð fyrir slökkviliðið þar í kaupstaðnum, þegar það mundi tvímælalaust vera skref aftur á bak og til minna öryggis fyrir íbúana. Þess vegna væri nauðsynlegt að hafa þennan varnagla, að þetta skyldi gert, ef slökkvilið yrði stofnað í hinum nýja kaupstað, en þá væri málinu borgið.

Við 22. gr. flyt ég till. um, að greinin orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma því aðeins til framkvæmda, að meiri hluti kjósenda í hreppnum hafi óskað eftir því.“

Þarna er lagt til, að lögin skuli öðlast strax gildi, og það er mjög algengt, að lokagrein frv. sé orðuð þannig, en þar sem bæði frsm. og 1. flm. frv., hæstv. forsrh., byggði allan sinn málflutning á því, að slíkt mál sem þetta yrði að byggjast á vilja fólksins, vilja meiri hluta kjósenda í hreppnum, þá tel ég sjálfsagt, að í þessari gr. um gildistöku laganna skuli koma þessi viðbót: enda hafi meiri hluti kjósenda í hreppnum óskað eftir því. — Það er byggt sem sé með þessu orðalagi mínu á þeim sama grundvelli sem hæstv. ráðh. flutti málið upphaflega á og er sá eini, sem hægt er að réttlæta að byggja svona mál á.

22. gr. í frv. er aftur með einstæðum hætti. Hún er á þann hátt, að lög þessi skuli öðlast þegar gildi, og gerir ráðh. ráðstafanir til, að þau komi strax til framkvæmda. — Ég veit ekki til, að í nokkru frv., sem hefur verið flutt á Alþ. fram til þessa dags, hafi svona „klásúla“ verið í lokagrein frv. Er því tvímælalaust þessi brtt., sem ég flyt, í lýðræðisátt, en ég minnist þess, að hæstv. forsrh. og ýmsir fleiri ræðumenn, sem hafa rætt málið, hafa mjög rætt um lýðræði og hinn rétta anda lýðræðis, sem ætti að gegnsýra okkar löggjafarstarf hér á Alþ., og ætti það því að vera trygging fyrir því, að þessi brtt. mín yrði samþ.

Þá eru aftan við frv. ákvæði um stundarsakir. Þau eru öll góð og gild og engin ástæða til að hafa neitt á móti þeim. En það er ástæða til að taka nokkru fleira fram undir ákvæðum um stundarsakir, og þess vegna legg ég til, að aftan við ákvæði frv. um stundarsakir bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

„Ríkissjóður afhendi hinum nýja kaupstað verzlunarlóð hans, eins og hún er ákveðin í 3. gr., kvaðalaust og auk þess 2 millj. kr. vegna óvenjulegs kostnaðar við hina ört vaxandi byggð.“

Það er eitt af frumskilyrðum hvers bæjarfélags, að það eigi sína byggingarlóð. Það er mjög ill aðstaða til að skipuleggja kaupstað án þess, að hann eigi sjálfur þann grundvöll, sem hann á að byggjast á, sífelldir árekstrar og alls konar skipulagslegt klúður. Auk þess er braski boðið heim með lóðir, þegar menn eru að stritast við, eins og hér í Reykjavík, að hafa þau áhrif á skipulagið, að þeirra lóð verði ekki baklóð, heldur liggi vel að fjölfarinni götu, og þar fram eftir götunum.

Nú vill svo til, að ríkið sjálft á víðlendar lendur þarna í Kópavogshreppi, þar sem byggðin aðallega mun rísa og hefur þegar risið. Það er alveg sjálfsagt, að þeir hæstv. ráðh., sem hafa nú beitt sér fyrir flutningi þessa máls og viljað þannig vera feður þessa kaupstaðar, sjái til þess, að hann fái sem tannfé það land, sem kaupstaðurinn á að byggjast á, og ætti þá auðvitað að afhenda þetta land ríkisins kvaðalaust til hins nýja kaupstaðar.

Samkvæmt till. minni er búið að takmarka bæjarlóðina meira en áður var, og er því ekki um hin víðlendu lönd að ræða, sem annars hefðu fallið undir hugtakið bæjarlóðin eða kaupstaðarlóðin samkvæmt frv., sem er land langt upp á Hellisheiði og upp um allar sveitir.

Til þess að sýna fram á, hversu sjálfsagt þetta er, að íslenzka ríkið afhendi hinum nýja kaupstað kaupstaðarlóðina, er sjálfsagt að geta þess, að þegar Danir stofnuðu til kaupstaðanna Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Ísafjarðar, Grundarfjarðar og Eskifjarðar, sem er gert allt með sömu tilskipuninni, var þessum kaupstöðum afhent ákveðin ferálna spilda, nokkuð rífleg, til eignar sem verzlunarlóð, og ekki nóg með það, að bæjarfélaginu væri afhent þetta, heldur voru einstaklingum, sérstaklega iðnaðarmönnum, sem áttu að vera uppistaða og öruggur vinnukraftur á þessum verzlunarstöðum, einnig afhentar eignarlóðir á kaupstaðarlóðinni.

Ég tel því alveg víst, að hæstv. ríkisstj. vildi ekki verða eftirbátur þeirra dönsku um það að búa sómasamlega að hinum unga kaupstað að því er þetta snertir. Þess vegna er það réttlátt í alla staði og sjálfsagt mál, að verzlunarlóð hins nýja Kópavogskaupstaðar verði afhent kvaðalaust.

Um hitt atriðið, að afhenda kaupstaðnum 2 millj. kr. sem eins konar tannfé, þykist ég hafa tilnefnt allt of lága upphæð, því að ég hef orð hæstv. forsrh. í öðru sambandi fyrir því, að af því, að fólkið hafi brotizt í að reisa þessa miklu og myndarlegu byggð þarna í kjördæmi hans og þannig losað Reykjavík við margvísleg vandkvæði, sem Reykjavík hafi ekki getað risið undir, eigi Kópavogshreppur sérstaklega rétt á margra tuga milljóna fé frá ríkinu fyrir að hafa leyst þennan mikla þjóðfélagslega vanda, sem Reykjavík hefði orðið að fá hjálp ríkisins til að öðrum kosti.

Það hefði því verið miklu eðlilegra að nefna þarna miklu hærri milljónafúlgu en 2 millj., en það er gert til þess, að þessi till. mín eins og allar hinar sé svo sanngjörn, að hver maður, sem er frjáls að því að greiða atkvæði samkvæmt eigin skoðun og sannfæringu, eigi hægt með að gera það.

Ég vil vænta þess, að þessar brtt., sem allar eru til bóta á frv., verði samþ., ef til þess kemur, að frv. sjálft fái nokkra endanlega afgreiðslu á þessu þingi, en það tel ég alls ekki rétt að það fái, heldur miklu eðlilegra, að allt þetta skipulagsmál nágrennis Reykjavíkur verði athugað í 9 manna n., sem ég legg til í rökstuddu dagskránni að verði skipuð af ríkisstj. En ef dagskráin verður samþ., kemur hvorki frv. né mínar brtt. við það til atkvæða, enda skiptir engu máli, hvort það leggst þá í guðskistuna breytt eða óbreytt.

Ég læt svo máli mínu lokið og ítreka aðeins

þá ósk, sem ég bar fram áðan, að hæstv. forseti og form. heilbr.- og félmn. fallist á, að gert sé hlé á umr., þannig að n., sem fékk málið til meðferðar, gefist kostur á að athuga þessa nýju leið gaumgæfilega, og ef þeir vildu ekki fallast á hana, þá að athuga einnig, hvort brtt. mínar væru ekki til bóta á frv., en hvort tveggja þarf vitanlega að athugast í n., og er ósanngjarnt mjög að synja um það.

Ég er ekki með þessu á neinn hátt að reyna að bregða fæti fyrir málið, því að ég tel, að þetta mál eigi að fá framgang, ef fólkið í Kópavogshreppi lætur í ljós á sunnudaginn, að það vilji stofna kaupstað nú. Ég álít, að málið sé algerlega réttlaust og eigi ekki að fara lengra en það nú er komið, ef meiri hl. kjósendanna við þá atkvgr., sem fram fer á sunnudaginn, lætur í ljós, að hann vilji, að hreppsnefndinni sé falið að leita eftir sameiningu við Reykjavík. Og þá gæti svo farið, að það gæfist tóm til þess að athuga um leið að því er snerti önnur sveitarfélög hér í grenndinni, hvernig ætti að haga skipulagsmálum þeirra, hvað eigi að sameinast Hafnarfirði og hvað eigi að sameinast Reykjavík, eða hvort Hafnarfjörður og öllu þessi byggð eigi að sameinast í eina borg.

En það virðist mér augljóst mál, að Alþ. hlýtur, eins og nú standa sakir, að bíða eftir því að fá að vita vilja fólksins í Kópavogshreppi um þessi mál, hvora af þessum tveim leiðum eigi að fara, því að vilji fólksins liggur ekki fyrir nú. Samkvæmt því vottorði, sem borgarfógetinn hefur gefið, er nú aðeins vitað um vilja 559 manna, sem tjá sig fylgjandi því, að stofnaður verði kaupstaður og að sameinast Reykjavík, og enginn getur dregið þá undirskrifendur frá, sem eru með því síðara. Þannig vitum við ekkert, hversu margir eða fáir þeir eru, sem vilja það fyrrnefnda.

En þó að maður haldi sér nú við þessa sameiginlegu niðurstöðu, 559, sem er þó tjáning um þá, sem vilja báðar þessar leiðir, er eftir að vita um vilja nærri 800 kjósenda í Kópavogshreppi. Og það er spurningin um, hvað þeir vilja, sem kemur í ljós með atkvgr. á sunnudaginn kemur, og eftir því verður að minni hyggju að bíða, ef menn eru haldnir eins af anda lýðræðisins og látið var í veðri vaka undir þessum umræðum af flm. málsins.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hv. 2. þm. Eyf. flutti hér áðan nokkurn boðskap um afstöðu nokkurra bæjarfulltrúa í Reykjavík til sameiningar Kópavogshrepps við Reykjavíkurbæ. Það hafa sem sé þrír bæjarfulltrúar Sjálfstfl. í Reykjavík, þeir sem eiga sæti í bæjarráði í svipinn, lýst því yfir, að það hafi enn ekki verið talað um neina samninga um sameiningu Kópavogshrepps og Reykjavíkurbæjar og að þeir sæju fyrir sitt leyti ekki, að það stæði neitt í vegi fyrir slíkri sameiningu, þó að Kópavogshreppur yrði gerður að kaupstað.

Satt að segja er nú ekki sérstaklega mikið með þessa yfirlýsingu þessara þriggja bæjarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykjavík að gera. Í fyrsta lagi er þarna um að ræða þrjá bæjarfulltrúa af 15. Í öðru lagi er vitað, að borgarstjórinn í Reykjavík, sem einnig er þm. Reykjavíkur, einnig er einn af bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins og á sæti í bæjarráði, þegar hann er hér heima, er fylgjandi því, að Kópavogshreppur sé sameinaður Reykjavík. Enn fremur vil ég leyfa mér að fullyrða, að a. m. k. 6 bæjarfulltrúar í Reykjavík séu fylgjandi því, að nú þegar væru teknir upp samningar, ef meiri hluti Kópavogsbúa óskar eftir því, um sameiningu Kópavogshrepps við Reykjavíkurbæ. Og mikið má vera, ef það sýnir sig ekki, þegar farið væri að ræða það mál fyrir alvöru, að jafnvel þeir flokkar, sem eiga til samans 7 fulltrúa í bæjarstjórn Reykjavíkur, en hafa meiri hluta Reykvíkinga á bak við sig í kosningum, yrðu e. t. v. allir saman sammála um að taka upp samninga við Kópavogshrepp um sameiningu við Reykjavík. Og þegar svo þar að auki liggur fyrir yfirlýsing um, að borgarstjórinn í Reykjavík er fylgjandi slíkri sameiningu, þá má meira að segja vel vera, að auk þess sem þeir flokkar, sem hafa á bak við sig meiri hluta Reykvíkinga, séu fylgjandi slíkri sameiningu og samningum um það nú þegar, þá væri kannske meira að segja meiri hlutinn í sjálfri bæjarstjórn Reykjavíkur, eins og hún er skipuð núna, með því að taka upp slíka samninga.

Með þessa pöntuðu yfirlýsingu, sem hér var flutt áðan frá þrem bæjarfulltrúum, sem sem stendur eiga sæti í bæjarráði, meðan borgarstjóri er fjarverandi, er ekki neitt að gera. Þetta er alger markleysa, sem sýnir sig líka bezt í því, að þeir hafa ekki einu sinni þorað að fara í sjálfa bæjarstjórn Reykjavíkur og spyrja bæjarstjórn Reykjavíkur, spyrja borgarstjóra Reykjavíkur og bæjarstjórn Reykjavíkur um þeirra álit á þessum hlutum. Þess vegna er ekki neitt með þessa yfirlýsingu að gera frá einni n. bæjarins, sem þar að auki er ekki einu sinni frá öllum þeim mönnum, sem eiga fast sæti í henni.

Viðvíkjandi því spursmálinu, hvort ekki mundi að neinu leyti tefja fyrir slíkri sameiningu, ef Kópavogshreppur væri gerður að kaupstað áður, verð ég að segja, að ég er dálítið hissa á þeim mönnum, sem halda því fram, að slíkt mundi ekki tefja fyrir. Það er ekkert dæmi til um það á Íslandi, að einn kaupstaður hafi sameinazt öðrum kaupstað. Það er ekki til neitt dæmi um það. Um leið og búið er að mynda kaupstað úr einum hreppi, er farið að koma þar upp og það er skylda að koma þar strax upp svo og svo miklu af öllum mögulegum stofnunum, embættum bæjarfógeta og allra mögulegra annarra embættismanna; enn fremur er löggjafinn ákaflega frjálslyndur hvað snertir að byggja bústaði fyrir slíka menn, og ég býst við, að þótt mikillar sparsemi hafi gætt í stjórn hreppsins sem hrepps, þá verði talið sjálfsagt, þegar hann væri orðinn kaupstaður, að fara að verða ósköp „flott“. Ég held þess vegna, að það sé alveg misráðið að halda, ef Kópavogshreppur væri gerður að kaupstað, að hann mundi ekki fara sömu leið og aðrir kaupstaðir hvað þetta snertir, það yrði komið upp öllu því embættiskerfi, sem snertir kaupstaðina, og þar með yrði líka komið upp heilmiklu af embættismönnum, sem ynnu á móti því, að þessi kaupstaður væri lagður niður.

Það að leggja niður hrepp á Íslandi og sam-

einast stórum kaupstað er altítt fyrirbrigði. Það höfum við hvað eftir annað verið að gera hér á Alþ. En að leggja niður kaupstað og sameina hann öðrum kaupstað, það hefur aldrei komið fyrir áður.

Ég held þess vegna, að það sé sjálfsblekking, þegar menn eru að halda því fram, að það að gera Kópavogshrepp að sjálfstæðum kaupstað mundi ekki standa í vegi fyrir sameiningu við Reykjavík. Ég held, að það mundi þvert á móti spilla mjög allri heilbrigðri framtíðarlausn á skipulagsmálum bæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þar með allrar byggðarinnar þarna á milli. Það mundi skapa þarna alveg óeðlilegt ástand, sem mundi valda margs konar vandræðum fyrir okkur, enda er vitanlegt, að það er ekki nokkur skapaður hlutur, sem rekur á eftir þessu, nema þetta brambolt nokkurra pólitískra æsingarmanna suður í Kópavogshreppi, sem hafa platað sjálfan forsrh. og sjálfan félmrh. út í að flytja þetta frv. hér, sem svo hvorugur þeirra vill koma nálægt og hvorugur þeirra vill verja hér í þinginu.

En síðasta og stærsta málið í sambandi við það, sem er að gerast, er þó það, sem ég gerði að aðalmáli eftir ræðu hæstv. forsrh., hans yfirlýsing um, að það væri beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins að lofa því að greiða atkv. opinberlega. Lýsti ég yfir, að það væri hættuleg yfirlýsing af hálfu formanns Sjálfstfl. og af hálfu forsrh. landsins, og sýndi, hvað við ættum í vændum, svo framarlega sem ekki yrði svarað bæði af hálfu þings og þjóðar slíkri yfirlýsingu, að þess háttar yrði ekki látið fram ganga. Það að ætla að fara að greiða atkvæði með undirskriftasöfnun er tilræði við almennan kosningarrétt í landinu, tilræði við almennan, leynilegan kosningarrétt. Ég lagði áherzlu á það í umr. um þetta mál, og hæstv. forsrh. hefur, síðan það var undirstrikað, ekki reynt að verja þetta, hann hefur séð, hvaða glópska þetta var. En það er það versta í þessu sambandi, að í staðinn fyrir að snúa við á þessari braut, virðist nú eiga að halda áfram. Nú hefur því verið lýst yfir suður í Kópavogi af hálfu þeirra manna, sem stundum leyfa sér að kalla sig lýðræðisflokka, að þeir muni ekki taka þátt í þeirri leynilegu atkvgr., sem fram fer á sunnudaginn, heldur muni þeir sitja heima, og þeir muni gera meira, þeir muni reyna að fylgjast með því, hvaða fólk það sé eiginlega, sem leyfi sér að nota rétt sinn sem íslenzkir kjósendur til þess að taka þátt í leynilegri atkvgr. M. ö. o.: Það á að fara að beita þeirri tegund af ógnunum við menn, að ef þeir leyfi sér að kjósa á þann hátt, sem stjórnarskráin mælir fyrir og fyrirskipar með leynilegri atkvgr., þá eigi svo að segja að fara að brennimerkja menn. Fyrst er gengið á milli manna og safnað undirskriftum og sagt af hálfu forsrh.: Þetta er sú eina sanna aðferð, þetta er sá rétti lýðræðisandi. — Síðan er komið, þegar rétt stjórnarvöld fyrirskipa leynilega atkvgr. samkvæmt stjórnarskrá og kosningalögum, og sagt af hálfu þessara ofbeldismanna: Það að taka þátt í leynilegri atkvgr. er sama sem að vera kommúnisti eða eitthvað annað ljótt, að vera fjandmaður lýðræðisins.

Þá sjáum við, á hvaða braut við erum, ef á að fara inn á þetta. Þess vegna vil ég hér eindregið mótmæla þeim aðferðum, sem hér hafa verið hafðar í frammi. Þessar aðferðir eru viðvörun til manna um það, hvers konar hættir megi ekki viðgangast á okkar landi. Svona aðferðir eru tilræði við lýðræði, við þann vilja, þann rétt fólksins, sem helgaður er af stjórnarskrá og kosningalögum, að fá að láta í ljós sínar skoðanir með leynilegri atkvgr.

Þess vegna er tvímælalaust sú eina sómasamlega lausn, sem Alþ. getur nú fundið á þessum málum og allir ættu að geta sætt sig við, sú sem hv. 3. landsk. þm. (HV) leggur hér til með sinni rökstuddu dagskrá, að allir aðilar, sem þetta mál snertir, fyrir forgöngu ríkisstj. skipi n. til að athuga þessi mál í ró án allra pólitískra æsinga með hliðsjón af vilja kjósendanna, þeim vilja, sem látinn er í ljós á þann lýðræðislega hátt, sem lög og stjórnarskrá fyrirskipa.

Ég vil þess vegna eindregið lýsa fylgi mínu við þessa rökstuddu dagskrá hv. 3. landsk. þm. og vonast til þess, að hv. þm. geti á hana fallizt, vegna þess að með því móti yrði þetta mál leyst þannig, að það væri Alþ. til sóma.

**Forseti (SB):** Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Atkvgr. um málið er frestað.

Í tilefni af ósk hv. 3. landsk. (HV) um að fresta umr. um málið vil ég geta þess, eins og áður hefur verið getið, að atkvgr. um það mun ekki fara fram fyrr en á mánudag, þannig að sú hv. n., sem um málið fjallar, hefur tóm til þess að kynna sér hina rökstuddu dagskrá hv. 3. landsk. og taka afstöðu til hennar og enn fremur til þeirra brtt., sem hann hefur lagt fram við frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 636 felld með 19:8 atkv.
Brtt. 634,1 felld með 18:9 atkv.
— 634,2 felld með 18:8 atkv.
— 634,3 felld með 17:9 atkv.
— 634,4 felld með 17:8 atkv.
— 634,5 felld með 20:7 atkv.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Þetta mál hefur verið allmikið rætt í hv. Nd. og raunar miklu meira en venja er til um svipuð mál. Ég þykist vita, að allir hv. efri deildar menn hafi fylgzt það með málinu af þeim skjölum, sem frammi liggja, og blaðaskrifum, sem um það hafa orðið, að það sé nauðsynjalaust að fara út í langar umr. um það af minni hendi hér í deildinni.

Það, sem er aðalatriði málsins, er, að Kópavogsbúar hafa óskað eftir því, að stofnað verði

sérstakt lögsagnarumdæmi, enda eru íbúarnir nú orðnir það margir og þau störf, sem hvíla á þeim, sem hreppnum eiga að stjórna, svo umsvifamikil, að það er ekki eðlilegt, að hreppurinn búi lengur við það form eða við þá sveitarstjórn, sem ætluð er miklu minni hreppsfélögum.

Um þetta, að stofnað sé sérstakt lögsagnarumdæmi, hafa Alþingi borizt áskoranir og óskir frá yfirgnæfandi meiri hl. hreppsbúa, eða ef ég man rétt nokkuð á níunda hundrað manns, en á kjörskrá þeirri, sem nú liggur frammi og að sönnu mun ekki vera rétt, er 1351 maður. Til þess þó að frekar yrði gengið úr skugga um vilja kjósendanna, stofnaði meiri hl. hreppsnefndar til atkvgr. um þetta mál, sem fór fram s. l. sunnudag. Lýðræðisflokkarnir í hreppnum lýstu yfir, að þeir mundu ekki taka þátt í þessari atkvgr., því að þeir teldu, að þeirra vilji lægi ljóst fyrir af yfirlýsingum þeirra félagssamtaka annars vegar og undirskriftunum hins vegar, og þó náttúrlega fyrst og fremst af undirskriftunum. Hins vegar var lögð á það megináherzla af þeim, sem voru á móti því, að stofnað yrði sérstakt lögsagnarumdæmi, að þeirra liðsmenn mættu á kjörstað og berðust gegn þeirri hugmynd, og í því skyni að reyna að tryggja, að allt það lið, sem væri andvígt lögsagnarumdæminu, mætti á kjörstað, var það haft á oddi, að hreppsbúum mundi heppilegra að sameinast Reykjavík en að stofna sérstakt lögsagnarumdæmi.

Niðurstaðan af þeim kosningum var, eins og ég segi, að af 1351 manni, sem talinn er á þeirri kjörskrá, sem frammi liggur, voru það ekki nema 533, sem voru andvígir stofnun sérstaks lögsagnarumdæmis, þ. e. a. s. rúmlega ⅔ hlutar þeirra, sem á kjörskrá eru, en 824 menn hafa sent þinginu áskorun um, að þetta verði gert.

Þó að það væri haft á oddi, sem talið var að væri líklegast til að skapa andúð gegn því frv., sem hér liggur fyrir, voru ekki nema 533 menn af 1351, eða ⅔, sem andvígir voru frumvarpinu. Aftur á móti hafa ⅔ lýst sig samþykka frv., sem liggur fyrir. Þar við er svo því að bæta, að bæjarráð Reykjavíkur hefur sagt það sem sína skoðun í málinu, að það sé alls ekki tímabært að taka upp svo mikið sem viðræður um sameiningu við Reykjavík á þessu stigi málsins, enda engin tilraun verið gerð til þess af hendi hreppsstjórnar eða þess hreppsstjórnarmeirihluta Kópavogs, sem af mestum fjandskap hefur beitt sér gegn þeirri hugmynd, sem felst í því frv., sem hér er til umr. Og það er mjög eftirtektarvert, að sá þm. Nd., sem var frsm. málsins af hendi andstöðumanna frv., beitti sér beinlínis gegn því, að Reykjavík væri um það spurð, hvort hún vildi fallast á sameiningu, og þarf þó sannarlega vilja Reykvíkinga ekki síður en Kópavogsbúa, til þess að sameining geti átt sér stað.

Meginkjarni málsins er þess vegna sá, að það liggur fyrir ljós yfirlýsing frá ⅔ hlutum hreppsbúa um það, að þeir vilja, að frv. verði samþ., að þrátt fyrir magnaðan undirróður hefur ekki tekizt að draga á kjörstað, og það þó að hv. minni hl. í þessu máli hafi haft sérstaka aðstöðu nú í verkfallinu til að fá nóg benzín til að keyra sína bíla, sem aðrir höfðu ekki, nema ⅔ og tæplega það til þess að vera á móti frv. Vilji hreppsbúa liggur þess vegna ljóst fyrir, og það er tæplega sæmandi, þegar slíkur vilji liggur jafnaugljóslega fyrir, ef þessu máli verður hér fylgt með eitthvað svipuðu ofurkappi og því var fylgt í Nd. af hendi andófsmanna eða andstæðinga þess. Ég vil raunar engar getsakir gera þeim manni, sem ég á helzt von á að sé nú í hjarta sínu á móti frv., um baráttu hér í d. gegn því, enda situr það illa á honum, sem sjálfur er oddviti hreppsins, að berjast nú augljóslega á Alþ. gegn yfirlýstum vilja kjósenda sinna.

Ég endurtek svo það, að slík mál hafa ekki, svo að ég muni eftir, sætt svipaðri andúð og þetta, og mér hefur fundizt sem vinnubrögð andstæðinga málsins hafi verið nokkuð einræðiskennd og ofstækisfull, og er kannske út af fyrir sig ekki að undra það, þegar athugað er þeirra pólitíska hugarfar í einu máli og öðru.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þetta frv. geti nú fengið skjóta afgreiðslu samkv. yfirlýstum vilja mikils meiri hluta kjósenda í hreppnum, og að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú fylgt þessu máli úr hlaði í þessari hv. d. og gert það sem forsrh., þótt hann hafi nú raunar flutt þetta mál, að því er virðist, sem þm. G-K. og eigi sem þm. þess kjördæmis sæti í hv. Nd. En ég vil ekki deila á hann fyrir það, þó að hann hafi talað hér sem forsrh. núverandi ríkisstjórnar, því að hann hefur fylgt þessu máli fram hér á hv. Alþ. með ofurkappi, fyrst og fremst sem forsrh. þeirrar ríkisstj., sem nú situr.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að umr. um þetta mál í Nd. hefðu orðið nokkuð langar og miklar. Það var af sérstakri ástæðu, að umr. um málið urðu miklar þar. Það var af þeirri ástæðu, að það lá ljóst fyrir, að fylgja átti þessu máli fram með því ofurkappi að koma því fram á sem allra skemmstum tíma, svo að búið væri að afgr. það, áður en við yrði komið almennri, leynilegri atkvgr. heima í því héraði, sem það fjallar um, Kópavogshreppi, en sú atkvgr. fór fram sunnudaginn 24. apríl s. l. Allt það kapp, sem hæstv. forsrh. og meðflm. hans að þessu frv. lögðu á að koma því með sem mestum hraða í gegnum hv. Nd., miðaðist við það, að þetta frv. gæti orðið að l., áður en þessi atkvgr., sem var háð og haldin til þess að leiða í ljós vilja íbúanna um þetta mál, gæti farið fram, og það var þetta, sem var rætt um í hv. Nd., og margir hv. þm. mótmæltu því í umr., að málið yrði afgr. með slíkum hraða. Það var einmitt þetta atriði, sem hefur valdið deilum og um hefur verið deilt í þessu máli, hvort íbúum í Kópavogshreppi ætti að gefast kostur á því að láta í ljós við leynilega atkvgr. vilja sinn um þetta mál, eftir að það var flutt fram á Alþ. Um þetta hefur verið deilt, og þetta er höfuðatriðið í þeim deilum, sem átt hafa sér stað um þetta mál, en ekki annað.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að ég hefði beitt mér með ofurkappi á móti þessu máli. Þetta er ekki rétt. Ég hef marglýst því yfir í öllum umr. um þetta mál, frá því að það kom fyrst á dag-

skrá, að ég mundi fúslega sætta mig við þann vilja kjósenda í Kópavogshreppi, sem fram kæmi í þessu máli. Og ég vil minna á það þegar í upphafi máls míns, að strax tveimur dögum eftir að umsögn sýslunefndar í Kjósarsýslu um þetta mál lá fyrir, — hún lá fyrir 7. marz s.l., — samþ. hreppsnefnd í Kópavogshreppi að láta fara fram almenna, leynilega atkvgr. meðal íbúa hreppsins, kjósenda til sveitarstjórnarkosninga, til þess að leiða fram vilja þeirra í þessu máli. Þessari staðreynd verður ekki hnekkt, hún liggur fyrir prentuð í þskj. En það er um þetta, hvort þessi atkvgr. mætti fara fram með eðlilegum hætti, sem hefur verið barizt síðan, og það hefur verið lagt á það ofurkapp af hálfu þriggja flokka, sem sífellt kalla sig lýðræðisflokka, að þessi atkvgr. mætti ekki fara fram, áður en þetta frv. væri samþ.

Fylgismenn hæstv. forsrh. lýstu því yfir á opinberum fundum um þetta mál í Kópavogshreppi, að þessi atkvgr. væri þýðingarlaus, vegna þess að þetta mál yrði afgr. fyrir páska hér á Alþ. Þeir þóttust vita það og höfðu það eftir hæstv. forsrh., töldu, að málið yrði afgr. hér fyrir páska. Þeir gátu sagt kjósendum í Kópavogshreppi það fyrir fram, að þessi atkvgr. mundi ekki eiga sér stað, því að málið yrði samþ. hér á Alþ. áður.

En þegar ekki var hægt að koma þessu máli fram með þeim hraða, sem hæstv. forsrh. lét sér sæma að krefjast í hv. Nd., þegar ekki tókst að koma því fram, áður en þessi atkvgr. átti að fara fram, var gripið til þess ráðs af hálfu þriggja lýðræðisflokka að lýsa því yfir, að þeir tækju ekki þátt í þessari atkvgr. Og það var gert meira. Það var af hálfu þessara flokka gert allt, sem í þeirra valdi stóð til þess að hindra það, að kjósendur neyttu atkvæðaréttarins í atkvgr. um þetta mál. Það var gert með hótunum og ógnunum, sem hægt var að sanna. Það var gert með þeim hætti, að forustumenn þessara lýðræðisflokka stóðu úti fyrir kjörstað, í dyrum hússins, þar sem kosningin fór fram, og í göngum þess húss og í kjörstofunum og skrifuðu upp þá menn, sem leyfðu sér að mæta á kjörstað til að neyta atkvæðisréttar síns. (Gripið fram í.) Já, þessar hótanir og ógnanir, sem þessir hv. lýðræðisflokkar leyfa sér að beita, hafa víst áhrif, það er rétt. En þetta er einsdæmi í lýðræðissögu þessa lands, að þrír flokkar, sem kenna sig við lýðræði, leyfi sér að berjast á móti því af alefli, með öllum þeim ráðum, öllu því valdi, sem þeir hafa yfir að ráða, löglega og ólöglega, að kjósendur neyti atkvæðisréttar síns.

Baráttan um þetta mál hefur ekki staðið um annað heima í héraði en það, hvort þessi atkvgr., sem ákveðin var 9. marz, ætti að fara fram eða ekki. Um það hefur baráttan verið háð. Það hefur auðvitað verið rökrætt um leið, hverjir kostir fylgdu því fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, ef það væri gert að kaupstað með lögum. En það er annað mál.

Hæstv. forsrh. fullyrðir nú, þegar hann fylgir þessu frv. úr hlaði, að vilji íbúanna liggi fyrir, fyrst og fremst, eins og hann sagði, með þeim undirskriftum, sem fram hafa farið. Þetta er víst rétt hjá hæstv. forsrh. Það er ekkert, sem hann getur stuðzt við í þessu máli nema undirskriftirnar, sem hefur verið smalað í Kópavogshreppi um þetta mál, með þeim hætti, sem það hefur verið gert. Hann mun aldrei geta bent á það, að vilji íbúanna og óskir um, að Kópavogshreppur verði gerður að kaupstað, liggi fyrir sem árangur af þeirri atkvgr., sem fór fram á sunnudaginn var. Það verður aldrei sýnt með neinum rökum, að sá vilji hafi komið fram í þeirri atkvgr.

Ástæðan til þess, að þrír lýðræðisflokkar vildu ekki, að fram færi leynileg atkvgr. eins og gerist um opinber mál í okkar landi, var auðvitað sú, að þeir þorðu ekki að leggja þetta mál undir dóm kjósendanna í leynilegri atkvgr. Þeir vissu, að þeir mundu tapa þeirri atkvgr., vegna þess að þeir hafa heilbrigða skynsemi fólksins á móti sér í þessu máli. Þetta mál er ekki þess eðlis, að það hafi þurft að verða neitt flokkspólitískt mál. Það er síður en svo. Og þó að það kunni að verða um það deilt með rökum fram og aftur, hvort kostir fylgi því fyrir þetta sveitarfélag að verða gert að kaupstað með lögum, þá snýst málið ekki fyrst og fremst um það, heldur um hitt, eins og ég hef sagt, hvort þessi vilji mætti koma fram. Og það er vitanlegt, að um leið og það er rætt, hverjir kostir fylgi kaupstaðarstofnun, þá er hitt rætt um leið, að það er til önnur leið í þessu máli, sú, að þetta byggðarlag sameinist Reykjavíkurbæ, en það var einmitt það, sem þessir lýðræðisflokkar óttuðust, að sá vilji fólksins kæmi í ljós, því að þeim var vel kunnugt um hann. En ég skal koma að því síðar, hvaða rök fylgja því, að fara eigi þá sjálfsögðu leið í þessu máli.

Það hafa ýmsir af allra merkustu mönnum, sem hv. stjórnarflokkar eiga á að skipa, bæði hér innan þings og utan þess, látið svo um mælt, að þetta mál sé áreiðanlega vitlausasta málið, sem liggi nú fyrir hv. Alþ.; þó að önnur mál kunni að orka tvímælis, þá geti það ekki leikið á tveim tungum, að þetta mál sé vitlausasta málið. Og það virðist í góðu samræmi við það, að reynt hefur verið að flana þessu vitlausasta máli þingsins gegnum þingið með meira ofurkappi en nokkru öðru máli, því að það er oft svo, að því verri og vitlausari sem málin eru, sem hér eru á ferðinni, því meira kapp er lagt á að koma þeim fram með sem mestum hraða.

Tilgangur þessa frv. er sá og sá einn að rífa niður löglega kosna héraðsstjórn í stóru og fjölmennu héraðsstjórnarumdæmi í næsta nágrenni höfuðstaðarins. Sú sveitarstjórn, sem þar situr, var kosin, ekki aðeins einu sinni, heldur tvisvar, fyrir aðeins 11 mánuðum. Nú eru sveitarstjórnirnar samkvæmt almennum sveitarstjórnarlögum kosnar til fjögurra ára. Þetta kjörtímabil sveitarstjórna er að vísu ekki stjórnarskráratriði, eins og kjörtímabil alþm., sem er ákveðið í stjórnarskránni að skuli vera fjögur ár. En í 76. gr. stjórnarskrárinnar er hins vegar ákveðið, að sveitarfélögin í landinu eigi rétt til að ráða sjálf málefnum sínum, þó að hins vegar megi skipa þeim málum með lögum. En réttur sveitarfélaga til þess að ráða málum sínum er tryggður með þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Héraðsstjórnafyrirkomulag á þeim grundvelli, að sveitarfélög ráði sjálf málum sínum, er eitt af grundvallaratriðum stjórnarskipunar okkar, og löggjöf t. d. um að svipta sveitarstjórnir þessum sjálfsákvörðunarrétti sínum, sem þeim er tryggð-

ur í stjórnarskránni, væri tvímælalaust stjórnarskrárbrot. Þetta atriði í sveitarstjórnarlögunum, að kjörtímabil sveitarstjórna sé fjögur ár, er eitt af grundvallaratriðum héraðsstjórnarfyrirkomulagsins sjálfs, því að það sjá allir menn, að ef t. d. væri fyrirskipað, að sveitarstjórnarkosningar færu fram á hverju ári í stað þess að fara fram fjórða hvert ár, þá væri stigið stórt spor í þá átt að afnema héraðsstjórnarfyrirkomulagið sjálft, því að með því væri öll festa í þessu fyrirkomulagi horfin og numin á brott, því að allur starfsfriður þessara sveitarstjórna, sem gegna mikilvægu hlutverki í okkar þjóðfélagi, væri þá úr sögunni. Og þá væri e. t. v. ekki langt til þess í reyndinni, að héraðsstjórnarfyrirkomulagið sjálft væri líka úr sögunni.

En þetta sveitarstjórnarfyrirkomulag hefur um langan aldur verið samgróið því lýðræðisfyrirkomulagi, sem gildir í okkar landi, og það er raunar elzti hluti þess, sá langelzti, svo gamall, að það má rekja hann fram í gráa forneskju. Það má benda á, að hreppar voru stofnaðir á Íslandi, áður en allsherjarríki var stofnað, og það með svo merkum hætti, að hrepparnir fóru með framfærslumál og tryggingamál, svo að það gæti verið til fyrirmyndar enn í dag. Ef lögð væri áherzla á að sýna fram á, hvað við Íslendingar höfum lagt til lýðræðisfyrirkomulagsins, þá má benda á þetta sveitarstjórnarfyrirkomulag á Íslandi frá upphafi vega engu síður en stofnun þjóðveldis hér á Íslandi að fornu. En það eru til með öðrum lýðræðisþjóðum fræðimenn, sem leggja á það ríka áherzlu, að þetta héraðsstjórnarfyrirkomulag sé einn af hornsteinum lýðræðisins, eins og það tíðkast nú á dögum, og því viðtækara sem það sé, því öruggari fótum standi lýðræðisskipulagið sjálft.

Það má sannarlega ekki gleyma því, að það væri hægt að afnema þetta héraðsstjórnarfyrirkomulag. Það væri vel hugsanlegt að leggja þau störf, sem héraðsstjórnunum eru ætluð, undir ríkisvaldið sjálft. Það mætti færa rök að því, að það sé ekki alveg nauðsynlegt okkar lýðstjórnarfyrirkomulagi, að héraðsstjórnir leggi skatta á borgarana, sem eru um þriðjungur þeirra skatta, sem lagðir eru á fólkið til opinberra þarfa, að þetta vald til að leggja svo mikinn hluta skattanna á, sé falið hinum ýmsu sveitarstjórnum í landinu. Og þetta mikla fé, þriðjungur allra skatta í landinu, sem er lagt á af sveitarstjórnum, er aftur á móti um það bil þreföld sú upphæð, sem ríkisvaldið sjálft leggur á sem beinan skatt, tekju- og eignarskatt. Svo mikið vald er sveitarstjórnunum gefið. Og það má, eins og ég sagði áðan, færa ýmis rök að því, að það væri hægt að afnema þetta, það væru einhver rök, sem mæltu með því, alveg eins og það má færa einhver rök með einræðisskipulaginu sjálfu á móti lýðræðisskipulaginu.

En hingað til hefur það ekki komið fram hér á Alþ., að Alþ. eða ríkisvaldið vildi afnema héraðsstjórnarfyrirkomulagið sjálft eða ganga á það á nokkurn hátt eða draga úr því. Ég minnist þess að vísu, að það kom einu sinni fram, síðan ég tók hér sæti á hv. Alþ., frv., þar sem því var haldið fram, að réttast væri, að framkvæmdarstjórar sveitarfélaganna yrðu opinberir starfsmenn ríkisins, og þótti mér það furðulegt, að það kæmi fram frá því ráðuneyti, sem fer með sveitarstjórnarmál hér á landi. En það var komið í veg fyrir það, að farið væri inn á þessa braut, og fastákveðið, að framkvæmdarstjórar sveitarstjórnanna yrðu framvegis eingöngu valdir af þeim, eins og verið hefur, og að þeir störfuðu á þeirra ábyrgð, en ekki ríkisvaldsins.

Hingað til hefur það því verið stefna Alþ. að halda við og halda í, ef svo mætti segja, það héraðsstjórnarfyrirkomulag, sem hefur gilt. Það hefur verið reynt að halda við því fyrirkomulagi, að sveitarstjórnir, eins og Alþ. sjálft, séu kosnar til fjögurra ára í senn og fái að sitja í friði að störfum í þágu sinnar sveitar það kjörtímabil, í fjögur ár. En með flutningi þessa frv. er farið inn á þá braut, að Alþ. geti með löggjöf svipt löglega kosna héraðsstjórn því umboði, sem kjósendur í fjölmennu héraði fengu henni fyrir aðeins 11 mánuðum. En með þeirri kosningu, sem fram fór fyrir 11 mánuðum, veittu íbúar í Kópavogshreppi sinni sveitarstjórn, sem nú situr, umboð til þess að starfa í friði að málefnum síns sveitarfélags um næstu 4 ár.

Nú er ekki farið dult með það á nokkurn hátt heima í Kópavogshreppi, að þetta mál sé vakið upp og flutt í þeim eina tilgangi að steypa af stóli þeirri sveitarstjórn, sem þar var kosin fyrir rúmum 11 mánuðum. Þetta liggur fyrir í ræðu og riti af hálfu þeirra manna, sem eru upphafsmenn þessa máls heima í héraði. Þetta mál er vakið upp fyrir aðeins 2 mánuðum af þeim mönnum, sem lutu í lægra haldi í kosningum til sveitarstjórnar, sem fóru fram fyrir 11 mánuðum. Það er játað í grg. frv., að þetta frv. sé flutt að ósk og tilhlutun þeirra flokka, sem þá urðu í minni hluta, að ósk þeirra og engra annarra. Þessir þrír lýðræðisflokkar urðu í minni hluta samkvæmt þeim reglum um hlutfallskosningar, sem gilda um sveitarstjórnarkosningar hvarvetna á landinu. Sveitarstjórnin í Kópavogshreppi var kosin á allan hátt samkvæmt lögum, með sama hætti og allar sveitarstjórnir í landinu voru kosnar þá. En hún var kosin tvisvar, og þeir menn, sem eru upphafsmenn þessa máls í Kópavogshreppi, hreyfðu þessu máli í fyrsta sinn fyrir aðeins tveimur mánuðum. Þessir sömu menn voru í framboði til þess að starfa í hreppsnefnd Kópavogshrepps um næstu 4 ár frá því í janúarmánuði í fyrra, 1954, og þangað til um miðjan maí. Allan þennan tíma stóðu yfir kosningar í Kópavogshreppi. Þær voru endurteknar með valdboði sérstaks dómara. Þessir menn höfðu því nægan tíma og tækifæri til þess að koma á framfæri við kjósendurna öllum sínum hugðarmálum og tillögum um stjórn hreppsins næstu 4 ár. Ef þeir hefðu þá talið, að það væri nauðsynlegt að breyta til um sveitarstjórnarfyrirkomulag sveitarfélagsins sjálfs, hví skyldu þeir ekki hafa flutt og gert grein fyrir slíkri till.? Það kom að vísu fram fyrir þessar kosningar till. í hreppsnefnd Kópavogshrepps um að fjölga hreppsnefndarmönnum úr 5 í 7, en það var ekki till. um að gera Kópavogshrepp að kaupstað. Hún var flutt af manni, sem var fulltrúi Sjálfstfl. í hreppsnefndinni. Hann vildi aðeins fjölga hreppsnefndarmönnum úr 5 í 7. Þessi till. var felld, og réð

þar úrslitum atkvæði annars sjálfstæðismanns, sem taldi ekki ástæðu til þess að fjölga hreppsnefndarmönnum og taldi nóg, að þeir væru 5 næstu 4 árin. Þetta var góður og gegn og valinkunnur sjálfstæðismaður. Enginn maður mun nokkurn tíma geta bent á það eða fært að því neinar líkur, að nokkurs staðar í opinberum umræðum, í ræðu eða riti, sem stóðu yfir í Kópavogshreppi í nærri 5 mánuði í fyrra, hafi komið fram nokkur till. um það eða uppástunga um að breyta sveitarstjórnarfyrirkomulagi hreppsins. Nei, allir þeir frambjóðendur, sem voru í kjöri af hálfu þriggja lýðræðisflokka, voru fúsir til þess að sitja í fjögur ár sem hreppsnefndarmenn í hreppi og datt ekki í hug, að það ætti að verða kaupstaður. Þessir þrír lýðræðisflokkar höfðu 30 menn í kjöri, og sumir af þeim voru skýrir og gegnir menn. En enginn af þeim impraði á því, að þeir teldu nauðsynlegt að breyta hreppnum í kaupstað.

En það fór nú svo, að kjósendur í hreppnum, eftir rækilegri umr. um sín mál en ég held að hafi farið fram í nokkru sveitarstjórnarkjördæmi, þar sem kosið var í fyrravetur, vildu ekki fela þessum fulltrúum lýðræðisflokkanna, hversu ágætir flokkar og ágætir menn sem það eru, sitt umboð til þess að stjórna hreppnum í næstu 4 ár. Og þessir flokkar og þeirra fulltrúar sættu sig við þessi úrslit kosninganna í 9 mánuði. En eftir 9 mánuði virðist hafa vaknað hjá þeim ný von um það, að ef kosningar færu nú fram á ný, innan árs frá því að kosið var síðast, hefðu þeir einhverja möguleika til að ná nú kosningu.

Ekki hefur því samt verið haldið fram af hálfu þessara manna neins staðar, svo að ég minnist, að sveitarstjórnin, sem kosin var fyrir 11 mánuðum, hafi gert nokkuð það af sér, sem valdi því, að hún hafi fyrirgert trausti þeirra kjósenda, sem kusu hana fyrir tæpu ári. Ég man ekki eftir, að það hafi komið nokkurs staðar fram. En hitt er sagt, að það hafi flutzt nokkur hundruð manna inn í byggðarlagið á þessum 11 mánuðum og það kunni að breyta afstöðunni, ef kosningar færu fram. Meðan þeir menn eru nýkomnir í sveitarfélagið og ókunnugir málefnum þar, væri einhver von til þess, ef kosningar færu fram, að þeir frambjóðendur, sem féllu og var hafnað af kjósendunum í fyrra, hefðu einhverjar líkur til þess að komast nú að. Þetta er mergurinn málsins. Það er vegna þess, að það hafa flutzt inn nokkur hundruð menn, bætzt við nokkrir nýir kjósendur, að nú eiga að vera einhverjar líkur til þess og von til þess, að þeir þrír lýðræðisflokkar, sem kjósendur höfnuðu í fyrra, næðu nú meiri hlutanum. Til þess er þetta mál flutt.

En hingað til hefur það, þó að tilflutningar eigi sér stað milli héraða, t. d. til Reykjavíkur, ekki verið talin næg rök fyrir því að láta fara fram kosningar í Reykjavík, hvorki til sveitarstjórnar né Alþingis. Ef innflutningur nýrra kjósenda í Kópavogshrepp væri ástæða til nýrra sveitarstjórnarkosninga þar, þá mætti í fyrsta lagi segja, að sveitarstjórnarkosningar ættu að fara þar fram á hálfs árs fresti, a. m. k. tvisvar á ári. Og hvað mætti þá segja um Reykjavíkurbæ? Mundi Alþ. vilja ljá því eyra, ef flokkarnir, sem urðu í minni hluta í bæjarstjórn Reykjavíkur í bæjarstjórnarkosningunum, sem þar fóru fram í fyrra, segðu núna: Nú hefur skipt um kjósendur í Reykjavík, það hefur ekki skipt um nokkur hundruð, það hefur skipt um mörg þúsund kjósendur í Reykjavík, það eru mörg þúsund nýir kjósendur komnir í stað gamalla, sem hafa horfið af kjörskrá, og nú teljum við víst, þessir flokkar, sem höfðum meiri hluta kjósenda í fyrra, en fengum ekki meiri hluta fulltrúa samkvæmt hlutfallskosningareglu, að við séum í yfirgnæfandi meiri hluta meðal íbúanna, og nú viljum við fá kosningar? Mundi Alþ. vilja sinna því? Það ætti að gera það, ef það vill sinna kröfum þeirra manna í Kópavogshreppi, sem bornar eru fram með þessu máli. Eða mundi Alþ. t. d. vilja breyta bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur á einhvern hátt, til þess að þessir flokkar gætu fengið kosningar? Það mætti t. d. benda á, að það væri ekki úr vegi að fjölga bæjarfulltrúum í Reykjavík, þeir eru núna 15. Ef það er ástæða til þess, eins og hæstv. forsrh. benti á, að ætla, að 5 menn séu of fáir til þess að stjórna Kópavogshreppi, og það séu ein af höfuðrökunum fyrir þessu frv., mætti þá ekki eins segja: Fimmtán menn eru of fáir til að stjórna Reykjavíkurbæ? Ef 5 menn eru of fáir til að stjórna Kópavogshreppi með sína 3000 íbúa, þá eru 100 menn það minnsta, sem rétt er að fela stjórn Reykjavíkurbæjar í sama hlutfalli.

En það er þetta og þetta eitt, sem er ætlunin að gera með þessu frv., að gefa mönnum, sem urðu í minni hluta við tvennar kosningar á s.l. ári, möguleika til þess að reyna á nýjan leik. En með sömu rökum ætti að gefa nær öllum sveitarstjórnarumdæmum í landinu rétt til þess að reyna á nýjan leik, og alveg sérstök ástæða væri til þess að gefa kjósendum í Reykjavíkurbæ tækifæri til þess að reyna á nýjan leik.

Allar þær ástæður, sem bent er á af flutningsmönnum og forsvarsmönnum þessa frv. hér á Alþ. og eiga að vera því til stuðnings, að breyta þurfi um sveitarstjórnarskipulag í Kópavogshreppi, lágu fyrir í fyrra um þetta leyti. En þá varð enginn maður til þess að benda á þær. Þá var sannarlega tækifæri til þess í sambandi við sveitarstjórnarkosningar, ef óskir og vilji hefðu verið um það hjá nokkrum manni í þessu sveitarfélagi, að flytja það mál fram. Þá hefði líka verið tækifæri til þess af hálfu annarra, eins og t. d. umboðsstjórnarinnar, að benda á, að hún ætti í erfiðleikum, eins og nú er bent á. Það hefur engin breyting orðið í Kópavogshreppi, sem þetta mál varðar, síðan fyrir ári, að kosningar fóru fram, önnur en sú, sem fyrir mátti sjá, að nokkuð margir íbúar bættust enn við. Ef umboðsstjórninni var þá orðið örðugt með 3000 íbúa í Kópavogshreppi að framfylgja sínum störfum og skyldum, þá var full ástæða til þess að láta það koma fram. En af einhverjum ástæðum hefur það farizt fyrir þá, því að það komu ekki fram heldur af hálfu umboðsvaldsins neinar óskir eða nein rök fyrir því, að það þyrfti að breyta um fulltrúa umboðsstjórnarinnar í Kópavogshreppi, setja þar bæjarfógeta til þess að gegna venjulegum störfum, skattheimtu o. s. frv., eins og nú er talin rík ástæða fyrir þessu frv.

Þetta mál er, eins og hæstv. forsrh. benti á, nokkuð mér skylt, vegna þess að ég hef verið

viðriðinn sveitarstjórn í þessu byggðarlagi síðan sumarið 1946. Ég hef verið kosinn til þeirra starfa í fimm kosningum, og mér hefur af ýmsum ástæðum verið kennt öðrum fremur um það, sem miður hefur þótt fara. Og því er lýst yfir nú, að það, sem fyrir flm. þessa frv. vaki og upphafsmönnum, sé að losa sveitarfélagið við mína stjórn, og hefur þetta komið fram bæði í ræðu og riti á opinberum vettvangi.

Ég ætla nú ekki að nota þennan ræðustól til þess að afsanna það á nokkurn hátt, að mínum sveitungum kunni að vera hagur að því að losna við mig frá sveitarstjórnarstörfum, enda er ekki víst, að ég yrði sá óánægðasti, ef ég yrði leystur frá þeim störfum. En gallinn á því fyrir mig hefur verið sá hingað til, að sveitungar mínir, þeir sem til þess hafa verið bærir, hafa ekki séð sér hag í því í fimm sveitarstjórnarkosningum að losna við mig. En það er vegna þess, að andstæðingar mínir og samstarfsmanna minna í Kópavogshreppi hafa ekki í fimm endurteknum sveitarstjórnarkosningum getað losnað við okkur, mig og mína samstarfsmenn, frá sveitarstjórn, að þeir fara nú þessa leið, að snúa sér til flokksmanna sinna hér á Alþ. og krefjast þess af þeim, að þeir beiti flokksvaldi sínu hér til þess að koma þessu máli fram, til þess að gera eina tilraun enn, þá sjöttu, til þess að losna við mig og mína samstarfsmenn frá sveitarstjórnarmálum. Það er auðvitað ekkert nýstárlegt, að andstæðingar einnar sveitarstjórnar vilji losna við hana, því að það má áreiðanlega segja um allar sveitarstjórnirnar á landinu. Þær eiga andstæðinga innan síns byggðarlags, sem vilja losna við þær. En hitt er nýstárlegt, að nú er það Alþ., sem á að nota til þess. Og það eru 3 flokkar, sem hafa vitanlega nægan meiri hluta á Alþ. til þess að gera hvað sem er, sem nú ætla að beita þeim meiri hl. sínum til þess að hjálpa þessum vanmáttugu andstæðingum einnar sveitarstjórnar í landinu til að losna við hana, svo að þeir geti freistað þess enn þá einu sinni, áður en komið er til jafnlengdar frá kosningum, síendurteknum kosningum, að losna við sína sveitarstjórn. Ja, þeim er sannarlega gert hærra undir höfði en öðrum andstæðingum sveitarstjórna og bæjarstjórna í þessu landi, þessum herrum suður í Kópavogshreppi. En þetta þýðir það, að hv. flm. þessa frv. og stuðningsmenn þessa máls á Alþ. og þeir flokkar, sem að því standa, skulu minnast þess, að þeir munu ekki geta mótmælt því síðar, þótt sami leikur eða svipaður verði leikinn við aðrar sveitarstjórnir í landinu, — sami greiði gerður þá þeim mönnum, sem innan þeirra umdæma eru óánægðir með þeirra stjórn á einhverjum tíma. Það getur vel verið, að það sé geysilega þýðingarmikið fyrir þessa 3 höfuðflokka hér á Alþ. að koma fram þessu máli og hjálpa sínum flokksmönnum suður í Kópavogshreppi. En ég held, að það sé þýðingarmeira atriði í löggjöf landsins og sögu Alþ., að þetta skuli vera gert með þeim hætti, sem það hefur verið gert, því að það kostar þetta: Það er ákveðið með samþykkt þessa frv. hér á hv. Alþ., að Alþ. geti, hvenær sem því býður við að horfa, stytt líf sveitarstjórnar, sem kosin hefur verið til fjögurra ára með löglegum hætti, og svipt hana því umboði, sem hún hefur fengið í kosningum til þess að stjórna í 4 ár, og þetta sé hægt að gera með þeim einum rökum, að aðstæður séu að einhverju leyti breyttar frá því, að kosning fór fram. Það hefur verið gerð vanmáttug tilraun til þess að sýna fram á í umr. um þetta mál hér á Alþ., að aðstæður séu að einhverju leyti breyttar frá því, að sveitarstjórn var kosin í Kópavogshreppi til fjögurra ára fyrir 11 mánuðum. En ósköp eru þær tilraunir nú vanmáttugar, því að það hefur alls ekkert breytzt nema það, að nokkur hundruð manna hafa flutzt inn í hreppinn. Ja, það gæti verið, eins og ég hef sýnt fram á áður, að stórfelldari breyting á íbúum eins sveitarfélags gæti átt sér stað. Það má t. d. benda á mörg kjördæmi, bæði sveitarstjórnarkjördæmi og alþingiskjördæmi á landinu, þar sem verður stórfelld breyting á tölu íbúa á hverju ári, vegna þess að íbúarnir flytjast burt, en það ætti vitanlega að vera jafngild ástæða til þess að krefjast þá nýrra kosninga vegna breyttra aðstæðna. Með samþykkt þessa frv. verður fastákveðið um fjögurra ára kjörtímabil og starfsfrið þann, sem sveitarstjórnum í landinu er ætlaður með því og er hornsteinn bæði héraðsstjórnarfyrirkomulagsins og í raun réttri einnig þess lýðræðisfyrirkomulags, sem við eigum að búa við, að það megi víkja frá því hvenær sem vill, hvenær sem pólitískum flokkum býður svo við að horfa. Það er óvandari eftirleikurinn í þessu efni héðan í frá. Þegar búið er að leika einu sinni þennan leik hér á Alþ., að rífa niður löglega kosna héraðsstjórn, þá verður hægt að hefja upp slíkt mál síðar og vitna til þessa. Nú standa að þessu frv. menn og flokkar, sem hingað til hafa þótzt vilja viðhalda hinni viðteknu þjóðfélagsskipun. En eins og ég hef margsýnt fram á og allir vita og ætti ekki að þurfa að sýna fram á hér á Alþ., er héraðsstjórnarfyrirkomulagið með 4 ára kjörtímabil héraðsstjórna einn af hornsteinum þjóðfélagsskipunarinnar, eins og það er nú. En þetta héraðsstjórnarfyrirkomulag er að vísu ekki á neinn hátt bundið því efnahagsskipulagi, sem við búum við, því að það hefur komið í ljós, að það getur staðizt við aðra þjóðfélagshætti og annað efnahagsskipulag. En það er eigi að síður stórt og þýðingarmikið atriði í því þjóðfélagsskipulagi, sem við höfum í dag og kennum við lýðræði og viljum halda í.

Það hefur rifjazt upp fyrir mér við að hlusta á umr. um þetta mál hér í hv. Alþ. atvik, sem kom fyrir í mínu ungdæmi vestur á Ísafirði. Það fóru þá fram þar einhver hörðustu átök, sem þá áttu sér stað, og mætti kannske segja þau hörðustu átök, sem hafa átt sér stað um sveitarstjórnarmál. Það var á árunum eftir 1920. Áttust þar við harðskeyttir menn og flokkar, annars vegar jafnaðarmenn, þá kallaðir „rússabolsar“ af andstæðingunum, og hins vegar menn, sem játuðu það og fóru ekki í felur með það, að þeir væru íhaldsmenn, og kölluðu sig það. Samkvæmt þágildandi lögum, eins og eimir eftir af í sveitarstjórnarlögum enn í dag, var bæjarfógeti sjálfsagður forseti bæjarstjórnar og var gefið vald til þess samkvæmt lögum, ef honum virtist bæjarstjórnin fara út fyrir sitt valdsvið, að úrskurða þá samþykkt bæjarstjórnar ógilda. Nú var þar

einu sinni sem oftar barizt hart um höfuðmál kaupstaðarins og þar á meðal um fjárhagsáætlun kaupstaðarins eitt árið. Þá var það, að bæjarfógetinn kvað upp úrskurð um það, að fjárhagsáætlun kaupstaðarins væri ógild, af því að ráðandi flokkur hefði farið út fyrir valdsvið sitt með samningu hennar. En ef fjárhagsáætlunin var ógild, þá var náttúrlega allt ógilt, sem bæjarstjórnarmeirihlutinn ætlaði sér að gera, og vöknuðu nú miklar vonir hjá andstæðingum hans um, að nú væri veldi „rússabolsa" á Ísafirði úr sögunni. Og ekki virtust þær minnka við það, að þessum úrskurði var áfrýjað hingað til Reykjavíkur, til stjórnarráðsins hér, og vitað var, að sá ráðh., sem málið heyrði undir, var líka íhaldsmaður og honum var vel kunnugt um hin hörðu átök þarna á Ísafirði. Flokksbræður hans á Ísafirði töldu sér þess vísa von, að hann liti á lögfræðileg atriði eins og bæjarfógetinn á Ísafirði og þeir gerðu og nú mundi fjárhagsáætlun bæjarstjórnarinnar verða úrskurðuð lögleysa ein og nú yrðu þeir að fara frá, sem hana höfðu gert, og mundi nú verða von nýrra kosninga og að ná meiri hlutanum. En þetta fór á annan veg. Sá ráðh., sem fékk þetta mál til úrskurðar og allar hinar miklu vonir flokksbræðra hans á Ísafirði voru bundnar við, leit ekki eins á málið og þeir. Hann vildi ekki gefa þeim það tækifæri, sem þeir töldu sig hafa og eiga rétt á. Hann felldi úrskurð bæjarfógetans úr gildi, og allar vonir íhaldsmanna á staðnum um nýjar kosningar urðu að engu. Sá ráðherra leit áreiðanlega eins á og flokksbræður hans á Ísafirði, að meiri hl. bæjarstjórnar þar væri niðurrifsmenn og ekki til neinnar uppbyggingar í þjóðfélaginu og það væri bezt, að þeir fengju skell og yrðu að fara frá völdum, ef hann meinti eitthvað með því, að hann væri á móti niðurrifsmönnum í þjóðfélaginu. Hann var ágætur lögfræðingur, og hann gerði sér ljóst, að það að ógilda fjárhagsáætlun löglega kosinnar sveitarstjórnar, þó að eitthvað mætti út á hana setja af pólitískum andstæðingum, var að rífa niður vald löglega kosinnar héraðsstjórnar í landinu, og það var fordæmi, sem hann vildi ekki gefa andstæðingum sínum, sem hann kallaði niðurrifsmenn, með athöfn sinni sem ráðherra. Hann vildi ekki gerast niðurrifsmaður sjálfur.

Þeir hæstv. ráðh., sem flytja þetta frv., telja sig enn eiga í höggi við niðurrifsmenn í þjóðfélaginu. En þeir hika ekki við að setja löggjöf hér á Alþ. til þess að rífa niður löglega kosna stofnun í þjóðfélaginu, sveitarstjórn í fjölmennu byggðarlagi, og setja það fordæmi, að það megi gera síðar með sama hætti og veikum eða alls engum rökum. Þeir eru reiðubúnir til þess og flokkar þeirra virðast vilja fylgja þeim í því að gera þetta, eins og játað er í grg. þessa frv., fyrir flokksbræður sína í einu sveitarstjórnarumdæmi, eftir ósk þeirra og kröfu, til þess að klekkja á pólitískum andstæðingum þeirra þar. Þeir gerast með þessu, eins og ég hef sýnt fram á, ekki aðeins niðurrifsmenn þessarar sveitarstjórnar í Kópavogshreppi, — þeir gerast með þessu fordæmi sínu niðurrifsmenn hvaða sveitarstjórnar sem er í landinu framvegis, því að til þessa fordæmis má síðar vitna.

Ég játa, að það er kannske skiljanlegt, frá sjónarmiði þessara þriggja lýðræðisflokka, að þeim virðist liggja á að styðja flokksbræður sína í Kópavogshreppi, þessa vesalings menn, þessi vesalings flokksbrot þar, sem öll samanlagt hafa ekki getað náð völdum í þessu sveitarfélagi í 5 kosningum. Það er kannske vorkunn þeim voldugu stjórnarflokkum hér á hv. Alþ. og taglhnýtingi þeirra, að þeir vilji nú koma til hjálpar.

Það kemur fram á ýmsan hátt í þessu frv. og grg. þess, að hv. flm. er ekki of vel ljóst ýmislegt, sem varðar Kópavogshrepp, og er það heldur furðulegt, þar sem aðalflm. er þm. þessa kjördæmis og kemur einstaka sinnum til fundar við flokksbræður sína í þessu sveitarfélagi, sem er annað stærsta eða stærsta sveitarfélagið innan kjördæmisins. Ég hef hér einhvers staðar í fórum mínum blað, sem hæstv. forsrh., sem þá var frambjóðandi til þingmennsku í Gullbringu- og Kjósarsýslu, gaf út sérstaklega fyrir kjósendur sína í Kópavogshreppi. Þar birti hann ávarp til kjósenda í Kópavogshreppi, og í því ávarpi sagði hann, að íbúar þessa sveitarfélags ættu að sínu áliti stórfé hjá ríkissjóði, það væru engar smáupphæðir, það væru milljónir króna, — þeir ættu milljónir króna hjá ríkissjóði og jafnvel hjá Reykjavíkurbæ. Þetta stendur prentað í blaði forsrh., sem var gefið út, ég held við síðustu kosningar. En hvers vegna ættu íbúar í Kópavogshreppi að eiga milljónir hjá ríkissjóði og Reykjavíkurbæ að áliti sjálfs forsrh.? Ég trúi því ekki, að flokksmenn og fylgismenn og stuðningsmenn hæstv. forsrh. haldi, að hann fari með hreint fleipur, þó að það sé við kjósendur fyrir kosningar. Nei, þessa skoðun hæstv. forsrh. má styðja allgóðum rökum. En hvers vegna ætti þetta sveitarfélag öðrum fremur, að eiga milljónir hjá ríkissjóði og Reykjavíkurbæ? Jú, það er af sérstökum ástæðum. Kópavogshreppur varð ekki til fyrr en árið 1948, en byggð varð fyrst nokkur á hálsinum, sem mun að réttu lagi heita Kópavogsháls og Digranesháls, á síðustu styrjaldarárunum, og hún hefur aukizt svo ört, að þess eru engin dæmi fyrr eða síðar á Íslandi. Síðan 1946 hefur íbúatala þarna, sem nú er Kópavogshreppur, sex- til sjöfaldazt. Ég hef hér andspænis mér tvo hv. þm., sem hafa starfað árum saman að sveitarstjórnarmálum og gera það enn. Ég veit, að þeir gera sér ljóst, hvað það þýðir fyrir stjórn sveitarfélags, að íbúafjölgun sé svo ör sem þetta, — eða vill einhver gera sér í hugarlund, hvað hefði gerzt, ef íbúatala Reykjavíkurbæjar hefði aukizt um 600% síðan 1946? Ég veit, að allir, sem hafa fengizt við sveitarstjórnarmál í þessu landi síðustu árin, munu gera sér ljóst, að þetta muni kosta allmikla erfiðleika fyrir sveitarfélag. Það hefur oft verið bent á það af hálfu Sjálfstfl. í Reykjavík, að íbúaaukningu þar undanfarin ár og áratugi hafi fylgt ýmsir sérstakir erfiðleikar fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, og skal ég sízt neita því. En hve stórkostlegir hefðu þeir erfiðleikar verið, ef íbúafjölgun í Reykjavík hefði verið eins og sú, sem ég hef nú skýrt frá að hefur orðið í Kópavogshreppi?

Nú vil ég aðeins minna líka á hina almennu erfiðleika sveitarfélaganna í landinu, fjárhagslega og aðra, sem oft hefur verið lýst af þeim

mönnum, sem því eru kunnugir í liði hv. stjórnarflokka, bæði borgarstjóranum í Reykjavík og öðrum. En það er almennt viðurkennt, að í raun réttri hafa sveitarfélög í landinu, einkanlega hin stærri þeirra, ekki haft skilyrði til þess að gegna sínum störfum og skyldum við íbúana undanfarin ár, vegna þess að ríkisvaldið hefur gengið svo langt í því að taka til sín skattana, að sveitarstjórnirnar, bæjarstjórnirnar hafa ekki treyst sér til að taka af borgurum sínum þær upphæðir, sem þær þyrftu að hafa til þess að sinna sínum skyldum. Þetta er staðreynd, sem allir vita og viðurkenna, mest við, sem kunnugastir erum.

Nú ætla ég ekki að fara mörgum orðum um það hér á þessum stað, hvernig sveitarstjórn í Kópavogshreppi síðan 1946 hefur farið að því að berjast við þessa erfiðleika, bæði hina almennu erfiðleika og þá alveg sérstöku erfiðleika, sem hafa skapazt vegna þess, að íbúatala hefur þar sex- til sjöfaldazt á þessum árum.

Ég ætla ekki að fara að lýsa því, sem hefur verið gert; ég skal aðeins gefa hv. þm. ofur litla hugmynd um það. Það, sem hefur verið gert, er í stuttu máli, að það hefur verið lagður grundvöllur að byggð margra þúsunda manna, sem getur risið upp á þessu hrjóstruga landi á næstu árum og áratugum. Það hafa verið lagðir á milli 20 og 30 km vegir, 20 km vatnsveita, byggð skólabygging fyrir 500—600 börn og eitt og annað fleira, milli 5 og 10 km af skólpræsum, smábátabryggja o. s. frv., margt, sem þarf að byrja á, en ekki er hægt að gera eins ört og eins myndarlega og menn óska. En það er hlutur, sem ekki aðeins sveitarstjórnir, heldur við líka hér á Alþ. könnumst við, að það er ekki hægt að gera það, sem menn vilja gera og æskilegt þykir. Það þykja oft fullgóð rök í málum hér, að æskilegt hefði verið í lagasetningu Alþingis að gera betur, en við það verði að sitja, sem hægt er á þeirri stundu.

Nú skal ég ekki neita því hér né mun gera annars staðar, að mér, sem hef þessi ár, sem um er að ræða, setið í sveitarstjórn þessa einstaka sveitarfélags og verið manna mest kennt um það, sem ábótavant hefur þótt, af mínum andstæðingum, að ég hafi gert margar skyssur; ég játa það fullkomlega. En ég held, að þegar öllu er á botninn hvolft, þá séu það tvær höfuðsyndir, sem ég hef drýgt, og að það sé hægt að sýna fram á það, að allur sá gauragangur, sem átt hefur sér stað í sambandi við þetta sveitarfélag, innan þess og utan, fyrr og síðar, stafi af því, að ég hef drýgt þessar höfuðsyndir.

Fyrri syndin er sú í augum þessara hv. lýðræðisflokka, að ég hef aldrei og mun aldrei viðurkenna sem grundvöll í sveitarstjórnarmálum og starfi að sveitarstjórnarmálum, að aðilar þar séu þeir pólitísku flokkar sem slíkir. Ég dróst inn í sveitarstjórnarmál óvart og gegn eigin ósk, aðeins vegna þess að ég vildi með nokkrum góðum mönnum fara fram á það við ágæta menn, sem þá sátu í sveitarstjórn, að það væri hafið skólahald fyrir börn í þessu byggðarlagi. Það varð til þess, eins og gengur og gerist og menn geta lent í, að ég var settur 3. maður á lista til sveitarstjórnarkosninga 1946 og náði kosningu til þess fyrst og fremst að byggja einn barnaskóla. Það var það eina áhugamál, sem ég hafði í þeim málum þá. En ég hóf þarna starf með mönnum, sem alls ekki voru kosnir af neinum flokkum, og ég hef haldið því fram síðan og mun halda því fram enn, að þessir pólitísku flokkar, hversu miklir lýðræðisflokkar sem þeir kunna að vera, hafa ekkert að gera að starfa að baráttu í sveitarstjórnum, því að sveitarstjórnarmál séu þess eðlis, að það er ekki heppilegt og æskilegt, að pólitísku flokkarnir í landinu standi beint að þeim. Þetta hefur verið mín afstaða, og ég veit, að þetta er fyrsta höfuðsyndin, sem ég hef drýgt gagnvart þessum flokkum. Þessi skoðun mín þykir úrelt í landinu. Ég hef fundið, að þessi skoðun mín er miklu skyldari skoðunum og hugmyndum einstakra þm. úr bændakjördæmunum, sem eru vanir því í sínum sveitum, að menn geti starfað þar í friði saman að sameiginlegum sveitarmálum, jafnvel þótt þeir tilheyri hinum ýmsu pólitísku flokkum. Og það er uppreisn gegn þessu flokkakerfi og það í stóru byggðarlagi að neita því, að þessir flokkar geri nokkurt gagn með því að koma fram í sveitarstjórnarkosningum sem slíkir.

Ég hef frá upphafi fengið mæta menn úr hinum ýmsu flokkum í mínu byggðarlagi til þess að fallast á þessa skoðun mína og vera saman á framboðslista, — menn, sem neita einmitt þessari höfuðkröfu flokkanna að koma að sveitarstjórnunum. Í þeim hópi, sem ég hef starfað í, hafa allir viðurkennt, að þeir séu frjálsir að því að starfa í og kjósa þá flokka, sem þeir samkv. skoðun sinni í landsmálum vilja tilheyra, en jafnfúsir til þess að bindast samtökum um að láta ekki þá flokka, sem þeir kjósa og tilheyra, fyrirskipa sér neitt í sveitarstjórnarmálum. Og þessir menn, sem svona hugsa, hafa alltaf orðið í meiri hl. í sveitarstjórnarkosningum í Kópavogshreppi til þessa dags. Þetta þola ekki lýðræðisflokkarnir. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. þola ekki svona sjónarmið, að frjáls samtök manna, sem vilja starfa saman að sveitarstjórnarmálum án tillits til flokka, séu í meiri hl., og þess vegna er ekki linnt látum. En ég hef alltaf sagt: Það getur ekki verið neitt flokksmál Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl., Sósfl. eða Þjóðvfl., hvort það er lagður vegarspotti að húsum manna eða vatnsveita eða byggður barnaskóli. Ég hef aldrei orðið var við mál, sem þessum flokkum, sem hafa boðið fram í Kópavogshreppi, hafi tekizt að gera að flokksmáli sínu. Þeir hafa aldrei myndað neitt mál, sem þeir sem slíkir setji á oddinn, bendi á, fremur en allir aðrir. Það er hægt að tala um ýmislegt, sem þurfi að gera, en það vita allir, að það vilja allir jafnt, í hvaða flokki sem þeir eru. Ég gæti þessari skoðun minni til stuðnings bent á vissar forustugreinar í Morgunblaðinu eftir núverandi ritstjóra þess, stjórnmálaritstjórann, sem hníga mjög að annarri skoðun í þessu máli, en eins og vant er var það skoðun Morgunblaðsins bara við sérstakt tækifæri, eitt sérstakt ár, einn sérstakan dag. Það var þegar hann heimtaði að vinna með Sósfl. að bæjarstjórnarmálum á Ísafirði. Þá var þessi skoðun góð og gild: Það er hægt að vinna með hverjum sem er að sveitarstjórnarmálum, af því að þau eru ekki pólitísk og eiga ekki að vera pólitísk.

Lýðræðisflokkarnir í Kópavogshreppi hafa aldrei í 5 kosningum haft neitt mál annað en að losna við þá menn, sem ekki vilja gera málin að pólitískum flokksstreitumálum, svo að verði hægt að koma á þar eins og víðast hvar í landinu því fyrirmyndarkerfi, að fyrir kosningar bítist fjórir eða fimm flokkar og flytji allir góð og göfug mál, till. um að leggja veg þarna, byggja skóla, leggja vatnsveitu, skólpræsi o. s. frv., allt höfuðstefnumál, og svo eftir kosningar semji 2 eða 3 þeirra um það að stjórna hreppnum, og þá byrja samningarnir um það, hverjir þurfi að komast að í stöðu og störf hjá bænum úr þessum og þessum flokki og hvað þeir eigi að gera af því, sem þeir hafa hampað framan í kjósendur fyrir kosningar og allir vita jafnvel, hvað erfitt er að gera, og svo er gengið til samstarfs, sem á að standa í 4 ár, en stendur stundum ekki nema í nokkra mánuði.

Hv. þm. S-Þ. (KK) þekkir síðasta dæmið um þetta, þó að þau séu mörg, að bæjarstjórnir hafa orðið óstarfhæfar á miðju kjörtímabili, stundum nokkrum mánuðum eftir að þær hafa verið kosnar, vegna þess að það tekst ekki að semja um bitlingana, hverjir eigi að fara með fyrirtæki bæjarins o. s. frv., og svo rofnar stjórnarsamstarfið, og það þarf að semja upp á nýtt um nýja bitlinga fyrir nýja menn. Ætli hv. þm. S-Þ. hafi ekki staðið í því núna nýlega að koma á nýju stjórnarkerfi í Húsavíkurkaupstað? En dæmin eru svo mörg, að ég fer ekki að telja þau upp, um þær stjórnarbyltingar, sem hafa orðið í kaupstöðum landsins og sveitarfélögum fyrir þetta flokkakerfi. Það er staðreynd, sem verður ekki neitað, að því fylgir alger óvissa um sjálfa stjórn sveitarfélaga, og er þá oft mikið í húfi, þegar um stóra kaupstaði er að ræða. En Sjálfstfl. hefur nú tekizt að vinna bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík síðustu árin og áratugina á því og ég held mest á því að benda á ókosti þessa flokkaskipunarfyrirkomulags í bæjarstjórnarmálum. Þó að andstöðuflokkar hans hafi kosningar eftir kosningar hreinan meiri hl. kjósenda í Reykjavík, þá dugir það ekki. Sjálfstfl. nær bæjarstjórninni, vegna þess að það verða ekki nógu margir til þess að treysta því, að andstöðuflokkar Sjálfstfl. í Reykjavík geti unnið saman, að það verði ekki stjórnarbylting á miðju kjörtímabili. Mér hefur tekizt kosningar eftir kosningar að láta ráða hið heilbrigða sjónarmið, að menn geti unnið að nauðsynjamálum í sínu sveitarfélagi sem sveitungar, þó að þeir séu í mismunandi pólitískum flokkum, og það er vegna þess, að mér hefur tekizt að koma þessu sjónarmiði fram í Kópavogshreppi í nærri áratug, að hv. lýðræðisflokkar leggja svo mikið ofurkapp á að fella mig og minn meiri hl. í Kópavogshreppi með sérstakri löggjöf.

Ég hef líka gert annað, sem ég veit að mjög fer í taugarnar á þessum hv. lýðræðisflokkum, — atriði, sem er í beinu framhaldi af þeirri skoðun minni og stefnu um sveitarstjórnarstörf, sem ég hef lýst. Það er það, að ég hef í hverju máli, sem fyrir hefur komið í öllum þeim erfiðleikum, sem við hefur verið að stríða, fyrst og fremst reynt að gera mér ljóst, hvað heilbrigð skynsemi mæli með að sé hægt að gera, — ekki tillit til manna eða flokka, ekki tillit til stuðningsmanna eða andstæðinga, heldur aðeins hvað er hægt að gera á hverri stundu. Það verður gert og annað ekki. Oft hef ég orðið að segja mönnum fyrir kosningar: Ég lofa ykkur engu, því að ég get engu lofað. Ég veit ekkert, hvað verður hægt að gera. Þið vitið jafnvel og ég, hvað þarf að gera. Ég get ekki lofað neinu, af því að ég veit ekki, hvað verður hægt að gera. En ég verð að skipta því í flokka, og það, sem er bráðlífsnauðsynlegt að gera, það geri ég. Annað er æskilegt að gera, en það kemur sjaldnast að því, að það sé hægt að gera það. — Þetta segi ég mönnum fyrir kosningar, en ekki eftir kosningar, og er ekki hræddur við. En þetta er auðvitað ekki að skapi hinna þriggja lýðræðisflokka. Og í þessu máli, sem hér liggur fyrir, hef ég líka frá upphafi látið heilbrigða skynsemi segja mér, hvað ég eigi að gera, og ég hef ekki dregið dul á það við menn. Ég hef frá upphafi, að ég kom nálægt sveitarstjórnarmálum í Kópavogi, sagt: Heilbrigð skynsemi segir hverjum manni, að þessi byggð eigi og hljóti fyrr eða síðar að sameinast Reykjavíkurbæ, og meira að segja fyrr en síðar. — Þegar á það reyndi, hvort við, sem þarna störfum að sveitarstjórnarmálum, ættum að ráðast í að leggja grundvöll að fjölmennri byggð þarna með því að leggja vegi og sérstaklega vatnsveitu um byggðina, þá fór ég á fund forráðamanna Reykjavíkurbæjar. Það var einmitt hæstv. menntmrh. (BBen), sem þá var borgarstjóri í Reykjavík, og átti ég tal við hann. Ég lagði til og fór fram á það, að Reykjavíkurbær tæki að sér að leggja vatnsveitu um byggðina, og ég fékk það svar, að Reykjavíkurbær treysti sér ekki til þess að svo stöddu. Ég óskaði eftir því, að Reykjavíkurbær gerði þetta, af því að að því kæmi fyrr eða síðar, að þetta yrði hluti af Reykjavíkurbæ. Þetta var árið 1947. Og ótal menn vita, að þessi hefur verið afstaða mín til þessa máls, að vegna þess að það sé ómögulegt að neita því, að heilbrigð skynsemi segi manni, að þetta eigi að gerast með skynsamlegum, sanngjörnum hætti, að þessar byggðir í kringum Reykjavík, sem eru allar hluti af einum og sama bæ, eigi að sameinast undir einni stjórn. En það væri æskilegt, hef ég sagt um leið, að þá yrði um leið breytt nokkuð stjórnarháttum þeirrar stóru borgar, sem þá yrði til.

Öll þessi ár hefur hinni skoðuninni, að það ætti að stofna kaupstað í Kópavogi og þá kannske kaupstaði í kringum Reykjavík, Seltjarnarnesið, Mosfellssveit o. s. frv., aldrei skotið upp, fyrr en þrír flokkar allt í einu koma með hana fyrir 2 mánuðum. Henni hefur aldrei skotið upp fyrr en fyrir 2 mánuðum, og þá eru það þessir 3 lýðræðisflokkar, sem uppgötva hana, og þeir fara inn á hana vegna þess, að þeir telja, að þetta sé hagkvæmt frá flokkspólitísku sjónarmiði. Það dettur engum skynsömum manni í hug innan þessara flokka að halda því fram, að þessi till. byggist á heilbrigðri skynsemi. Ég hef aldrei heyrt annað. Og ég efast um, að nokkrum hv. þm. detti í hug, að þetta sé í samræmi við heilbrigða skynsemi, að stofna röð af kaupstöðum í kringum Reykjavík, en neita að ræða það að fara hina leiðina, sem heilbrigð skynsemi mælir

með, að byggðirnar sameinist Reykjavík. Það er hér eins og fyrr annars vegar leið heilbrigðrar skynsemi, hins vegar hagsmunir pólitískra flokka eða ímyndaðir hagsmunir. Og þetta ber allt að sama brunni. Þannig hefur það verið vegna þess, að þessir þrír lýðræðisflokkar hafa miðað allar till. sínar um sveitarstjórnarmál í Kópavogshreppi við pólitíska hagsmuni og flokksstreitu, þó að þeir væru í minni hl., en hins vegar hafa verið þau sjónarmið heilbrigðrar skynsemi, sem ég hef nú lýst, að segja: Við tökum höndum saman, ýmsir menn úr öllum flokkum, og reynum að gera sem hægt er til þess að koma fram sameiginlegum málum. — Þetta hefur orðið ofan á, og þetta hefði líka orðið ofan á í þessu máli, ef það hefði fengizt að fara með þetta mál á eðlilegan hátt.

Þetta mál var þegar í upphafi gert að flokksstreitumáli, en af upphafsmönnum þess, sem komu fyrst með till. fram um það 26. febr., var alltaf gengið fram hjá íbúum Kópavogshrepps. Þeim var ljóst, að það þurfti að ganga fram hjá íbúum Kópavogshrepps. Þeir fluttu sína till. beint til félmrn., fram hjá íbúum Kópavogshrepps. Maður skyldi ætla, að ef þetta mál væri nauðsynjamál fyrir Kópavogsbúa, þá hefðu Kópavogsbúar orðið varir við þá nauðsyn. Við erum vanir því, fólkið þar, að finna til þarfarinnar, áður en henni er fullnægt, finna jafnvel til nauðsynjar, áður en hægt er að bæta úr henni, því að það verður að játa, að þar eins og víða annars staðar er ekki hægt að gera allt, sem æskilegt er, jafnvel ekki það, sem nauðsynlegt er. En það hefur enginn orðið var við nauðsynina á breytingu á stjórnartilhögun.

Eftir að þessi till. kom fram fyrir tveimur mánuðum, hvað var þá eðlilegt og í samræmi við heilbrigða skynsemi að gera við hana? Eftir að ágreiningur var kominn í ljós innan sveitarstjórnar um þessa nýju og nýstárlegu till. um að gera hreppinn að kaupstað, var eina eðlilega og skynsamlega leiðin að leggja það fyrir íbúana, láta þá ræða um þetta, halda um það fundi og láta svo fara fram almenna, leynilega atkvgr., sem allir tækju þátt í, sem nokkurn áhuga hefðu á málinu. Þessa leið kaus hreppsnefnd Kópavogshrepps að fara og ákvað það strax; það var rétt rúmri viku eftir að þessi till. hafði komið fram í fyrsta skipti. Þann 9. marz er hreppsnefndin búin að ákveða þetta, en till. kom fram fyrst á hreppsnefndarfundi 26. febr., og ályktun sýslunefndarinnar var gerð þann 7. marz. Hvað var nú eðlilegra en að fara þessa leið, og hví má ekki fara hana? Það varð að viðurkenna, að engan borgarafund svo stóran er hægt að halda í 3000 manna byggðarlagi, að hann geti skorið úr þessu máli með nokkrum skynsamlegum hætti. Undirskriftaaðferðin var auðvitað til, henni er stundum beitt í landinu. En ég álít, að hún geti að vísu átt rétt á sér, ef ekki fást kosningar um eitthvert mál; ef ekki fást leynilegar, almennar kosningar um eitthvert mál, þá megi verja það að beita undirskriftum. En undirskriftir hafa augljóslega svo mikla ágalla, að það er ómögulegt að láta þær jafngilda leynilegum kosningum.

Ýmis aukaatriði hafa verið rædd hér mikið í sambandi við þetta mál, en það eru svo alger aukaatriði, að það tekur því varla að fara að leggja mikla áherzlu á það í umr.

Hæstv. forsrh. leyfir sér nú að fullyrða, að kjörskrá í Kópavogshreppi sé ekki rétt. Það hefur verið deilt um það nokkuð, hvaða kjörskrá ætti að leggja til grundvallar leynilegri atkvgr. um framtíðarskipulag þessa sveitarfélags, atkvgr., sem færi fram nú 24. apríl. Ég hef haldið, að það þyrfti ekki um það að deila, það ætti að gilda einfaldlega sú kjörskrá, sem gildir lögum samkv., þá kjörskrá yrði hvort sem er að viðhafa, ef bæjarstjórnarkosningar færu fram á næstu mánuðum, meðan hún er lögum samkv. í gildi. Hví skyldu ekki einmitt þeir sömu menn sem fengju að kjósa bæjarstjórn í nýjum kaupstað fá líka að ákveða með atkv. sínu, hvort eigi að stofna þessa bæjarstjórn, eða ættu aðrir menn að hafa áhrif á það, hvort þessi bæjarstjórn verði stofnuð, heldur en þeir, sem fengju að velja hana lögum samkv.? Ég sé það ekki. Þessi kjörskrá hefur legið frammi á löglegan hátt, að visu var ekki hægt að láta hana liggja frammi nema hálfan mánuð í stað eins eða tveggja, eins og venjulega er gert, en það var vegna þess, að hreppsnefndin vildi ekki draga málið nema allra minnst, láta atkvgr. fara fram með sem stytztum frestum. Þetta er sem sagt mergurinn málsins.

Svo hefur verið talað um, að atkvæðisbærir í þessu máli ættu að vera ekki aðeins þeir, sem eru á gildandi kjörskrá, heldur allir íbúar í hreppnum, sérstaklega þeir, sem hafa flutzt inn í hann síðustu mánuðina. Nú vil ég benda á eitt í því sambandi, að ákvæði sveitarstjórnarkosningalaganna um kjörskrá eru ekki ný. Og í þeim sveitarstjórnarkosningalögum, sem giltu áður en núverandi lög gengu í gildi, var gert að skyldu, að kjósendur til sveitarstjórna væru búnir að vera búsettir heilt ár, áður en þeir kæmu á kjörskrá. Það er því ekkert nýtt, að löggjafinn ætlist til þess, að kjósandi í sveitarstjórnarmálum sé búinn að vera þó nokkurn tíma búsettur í byggðarlaginu, áður en hann fær þar kosningarrétt. Þetta má svo til endalaust deila um, en það er ósköp einfalt að bera þetta mál, kjörskrá í Kópavogshreppi, saman við kjörskrá annars staðar. Ef menn vilja leyfa sér að halda því fram, að hún sé ólögleg þar eins og hún er samin samkv. lögum, hvað er þá um kjörskrána í Reykjavík? Eftir hvaða kjörskrá er bæjarstjórn Reykjavíkur kosin í janúar 1954? Var hún ekki kosin eftir kjörskrá, sem var samin í janúar 1953 samkv. gildandi lögum? Og hefur enginn maður í landinu haft neitt við það að athuga. Allar sveitarstjórnir í landinu hafa verið kosnar samkv. kjörskrám, sem taka gildi árið eftir að þær hafa verið samdar, þ. e. a. s. allar sveitarstjórnir í kaupstöðum með yfir 300 íbúa, sem kjósa í janúarmánuði. Það er því ekkert einstakt. En þetta er ég fús til að leggja undir dóm óvilhallra manna, hverra sem væri. Ef t. d. félmrn. vildi setja nefnd til að kynna sér það með eðlilegum hætti, ekki í ofsóknaranda, heldur kynna sér það, hvernig er með þessi mál í Kópavogshreppi og í bæjunum hér í kring og í öllum bæjum landsins, sem sömu lagaákvæði gilda um, þá mundi ég fagna því. Mér þykir leiðinlegt, að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur umr. um frv. sitt, svo að hann gæti

heyrt þessa yfirlýsingu mína. Ég óska beinlínis eftir, að það sé kannað, hvernig er háttað með samningu kjörskráa og gerð, ekki aðeins í Kópavogshreppi, heldur í byggðarlögum hér, sem auðvelt er að ná til.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að vilji íbúanna í Kópavogshreppi, eins og hann lægi fyrir Alþingi, kæmi fyrst og fremst fram í undirskriftunum, þeim undirskriftum, sem hafa verið lagðar fram. Það liggur fyrir í þskj. vottorð borgarfógetans í Reykjavík um það, hverjir af þeim, sem skrifuðu undir af þeim 760, sem var talið að hefðu skrifað undir í upphafi í þessu máli, væru atkvæðisbærir í Kópavogshreppi samkv. gildandi kjörskrá, og það gengu frá 224 af þessum mönnum, sem töldu sig kjósendur í skjali til Alþingis. En samt eru það þessar undirskriftir og ekkert annað sönnunargagn en þær, sem hæstv. forsrh. vill leggja fram fyrir Alþingi til sönnunar um vilja íbúanna. Eftir þessu væri kannske nóg að safna nú undirskriftum í Kópavogshreppi um að skora á núverandi hreppsnefnd að sitja áfram eða félmrn. að láta hana sitja áfram, þó að það væru orðin lög, að það ættu að fara fram bæjarstjórnarkosningar. Þá væri það alveg eins gott og gilt, ef það sýndi sig, að meiri hl. fengist á slíkar undirskriftir. Og væri þá kannske framvegis hægt að losna við þetta umstang við kosningar. Ef t. d. meiri hl. kjósenda í Reykjavík lýsti sig fylgjandi því, að bæjarstjórn Reykjavíkur sæti áfram, ætti þá að vera að láta fara fram kosningar með öllu því umstangi? Hví ekki að láta undirskriftirnar gilda? Undirskriftir eru eftir þessu beztar. Það hefur verið sagt hér, að þær séu bezta sönnunargagnið um vilja íbúa; það er eins og opinber atkvgr., sagði hæstv. forsrh. í umr. í Nd. Það er eins og opinber atkvgr., hún er bezt. — Það mætti kannske safna undirskriftum um fleira, undirskriftum í staðinn fyrir kosningar til Alþingis, skora bara á þingmennina að sitja, skora t. d. á núverandi stjórnarmeirihluta að vera ekki að láta fara fram almennar kosningar samkv. lögum, heldur sitja bara, ef það fengist meiri hluti kjósenda í landinu fyrir því. Væri það ekki gott og gilt? (Gripið fram í.) Það er góð hugmynd, já. Hæstv. forsrh. virtist hún vera góð, þegar hann sagði í opinberri umr. í Nd., að opinber atkvgr., sem kæmi fram í undirskriftum, væri betri en leynilegar kosningar.

Nei, eins og ég sagði í upphafi máls míns, hafa öll þau átök, sem hafa þurft að eiga sér stað um þetta mál heima í héraði og ég tala nú ekki um í blöðum hér í Reykjavík og svo hér á hv. Alþ., verið alveg óþörf, aðeins ef menn hefðu viljað viðurkenna í upphafi þá sjálfsögðu leið að láta málið ganga til leynilegrar atkvgr. meðal kjósenda. Þetta var sú leið, sem meiri hluti sveitarstjórnar ákvað þegar í upphafi, tveimur dögum eftir að sýslunefnd hafði lýst yfir, að hún teldi því aðeins eðlilegt, að Kópavogshreppur yrði gerður að kaupstað, að meiri hluti sveitarstjórnar eða óumdeilanlegur meiri hluti atkvæðisbærra manna óskaði þess. Þá var þetta ákveðið. Og það hefðu engin átök þurft að fara fram um þetta mál meðal íbúa í Kópavogshreppi, nema þá um það, hvort þessi breyting væri æskileg eða ekki. Rökræður um það gátu farið fram, en ekki þær deilur, sem hafa átt sér stað um málið að öðru leyti, því að deilur og áróður um mál er auðvitað óaðskiljanlegur hluti lýðræðisins. En grundvallaratriði lýðræðisins er það, eins og við þekkjum það í dag, að eftir að umræður, rökræður, deilur og áróður á báða bóga hafa farið fram, komi úrslitin fram við leynilega atkvgr., og ekkert annað. Undirskriftir kjósenda eru ekki neins staðar, svo að ég viti, viðurkenndar í lögum, sem tryggja okkar lýðræði, vegna þess vitanlega að höfuðundirstöðuatriði lýðræðisins er það, að annarlegar ástæður í viðhorfi manna á milli, efnalegar eða aðrar, geti ekki haft áhrif á vilja kjósandans, þegar hann lætur hann í ljós um opinber mál, í einrúmi, í kjörklefa, svo að enginn sér til og enginn getur vitað, hvað hann hefur kosið, hvernig hann hefur látið í ljós vilja sinn. Þetta höfuðundirstöðuatriði lýðræðisins, leynilegar kosningar, er til að útiloka það, að þegar kjósandi lætur endanlega í ljós vilja sinn, geti nokkur komizt að honum til þess að hafa áhrif á hann, hvorki með rökum né neinu öðru. Og þess vegna er það hart og nýstárlegt, að þetta skuli ekki fást, að það skuli ekki fást að hafa almenna, leynilega atkvæðagreiðslu um mál, sem varðar stjórnskipun í einu byggðarlagi, og að móti því skuli þrír lýðræðisflokkar í landinu berjast með hnúum og hnefum og síðast grípa til þess ráðs að neita að taka þátt í slíkri leynilegri atkvgr. og segja: Opinber atkvgr., undirskriftir, er betri. Það er búið að hafa opinbera atkvgr., þegar við komumst að mönnum til þess að hafa áhrif á þá og láta þá skrifa nafnið sitt. Það liggur fyrir, það er búið, og þess vegna þarf ekki leynileg atkvgr. að fara fram og á ekki að fara fram. — Þetta er staðreynd í þessu máli. Og það eru þrír lýðræðisflokkar, sem lýsa þessu yfir og grípa svo síðast til þess ráðs að skora á menn að neyta ekki atkvæðisréttar síns. Og þeir gera meira; þeir reyna með öllum mögulegum ráðum að hafa áhrif á það, að menn neyti ekki atkvæðisréttar síns, og menn þora ekki að neyta atkvæðisréttar síns. Það er hægt að sanna það með ótal dæmum og vitnum, að menn hafa óskað að neyta atkvæðisréttar síns í Kópavogshreppi, en ekki þorað.

Ég hef aldrei efazt um það, að hv. stjórnarflokkar geti komið þessu máli fram með þeim hætti, sem þeir nota stundum hér á hv. Alþ., að afgreiða málin frá umræðu til umræðu, en taka ekki þátt í umræðunum, láta aðra um að ræða þau, leggja þar ekki eyrun við, anza engum rökum, hversu góð sem þau eru, og láta aflsmun atkvæða aðeins ráða. Ég veit, að það er þessi aðferð, sem einstöku sinnum kemur fyrir að hv. stjórnarflokkar beita hér á Alþ.; það er það, sem hefur verið krafizt af þeim að þeir gerðu í þessu máli af nokkrum flokksmönnum þeirra suður í Kópavogshreppi, og það er þetta, sem er verið að gera. Engin rök, ekki rök heilbrigðrar skynsemi, sem eru til í hugum allra þm., mega komast að; aðeins þetta. Viðkomandi flokkar hafa nægan meiri hluta til þess að koma málinu fram hér á Alþ., og þeir gera það. Hvernig sem málið stendur, skal það gert.

Ég veit, að hv. stjórnarflokkar geta gert hvað sem er með núverandi meiri hluta sínum á Alþ.,

en ég hélt, að það væru enn þá takmörk fyrir því, sem þeir vildu gera í málum, sem á engan hátt geta talizt stórmál. Þetta mál getur náttúrlega engan veginn talizt til stórmála, og því skyldi maður nú ætla, að það hefði ekki verið gripið til þeirra úrræða, sem einstöku sinnum er beitt hér á Alþ., þegar um stórmál er að ræða — stefnumál, — þeirri aðferð að rökræða þau ekki, heldur berja þau fram. En ég veit, að stjórnarflokkarnir hér geta vel komið þessu smámáli fram þvert ofan í vilja sveitarstjórnar og án þess að þeir geti fært nokkur rök fyrir því eða líkur að því, að meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi óski þessarar breytingar, þó að þeir hafi ekkert annað en þær undirskriftir, sem enginn lýðræðisflokkur mun í nokkurri alvöru, þrátt fyrir ummæli hæstv. forsrh., vilja leggja að jöfnu við atkv., sem fram koma í leynilegri atkvgr., — ekki enn þá mun nokkur lýðræðisflokkur finnast, sem vill fullyrða, að opinberar undirskriftir séu jafngildi atkvæðatölu, sem fram kemur í leynilegri atkvgr. Ef flokkar gera það, þá eru þeir horfnir af grundvelli lýðræðisins, því að þetta er grundvöllur lýðræðisins.

Ég veit að vísu, að hæstv. forsrh. hefur sagt í umr. í Nd., að opinberar atkvgr. og undirskriftir séu betri en atkv., sem koma fram við kjörborðin í leynilegri atkvgr. En ég hef enn þá viljað trúa því, að þetta hafi aðeins hrotið af munni hans eins og orð gera stundum, en ekki að hann meini það.

Það birtust í aðalmálgagni Framsfl. hér í október í haust nokkrar greinar, sem allir vissu að voru skrifaðar af aðalritstjóra blaðsins, sem hefur verið það um mörg ár. Þessar greinar voru um samstarfsflokk Framsfl. í ríkisstj., Sjálfstfl. Því var haldið fram í þessum greinum, að Sjálfstfl. væri ekki lýðræðisflokkur lengur eins og íhaldssamir flokkar í nágrannalöndum okkar, heldur væri helzt hægt að líkja honum við bófaflokka í Suður-Ameríku, sem stundum brytust til valda. (Forseti: Má ég biðja hv. ræðumann að halda sér að frv., en ekki vera með útúrdúra hér. Samkvæmt þingsköpum ber að halda sér að frv. sjálfu.) Ég skal gera það, koma undireins að því. Þarna var verið að halda því fram af öðru aðalmálgagni ríkisstj., að það væri alls ekki vilji fyrir því hjá stærsta flokki landsins að halda við okkar lýðræðisskipulagi. Og þetta skrifaði maður, sem hefur verið í nánasta samstarfi við ráðherra Framsfl., sem aftur hafa verið í nánu samstarfi við Sjálfstfl. í um 14—15 ára skeið. Ég sagði við sjálfan mig, eftir að ég hafði lesið þessar greinar, að þær væru stórmerkilegar með tilliti til þess, hver skrifaði og í hvaða málgagn, eftir hve mikla reynslu, að fullyrða, að stærsti flokkur landsins viðurkenni ekki í rauninni grundvallaratriði lýðræðisins, og ef það væri satt, þá væri það stórkostlega alvarlegt. (Gripið fram í.) Já, en hver ætti að vita það betur en þeir, sem eru kunnugastir í innstu hringum stjórnarflokkanna?

Nú hef ég haldið því fram, að aðferðirnar í þessu máli allar, meðferð þess í héraði og á Alþ. af hálfu þeirra flokka, sem eru að gera það að sínu máli, séu ekki lýðræðislegar, og ég veit, að það er hv. formaður Sjálfstfl., sem hefur gert þetta mál að svo miklu kappsmáli hér á Alþ., að sumir segja, að hann hafi gert það að fráfararatriði, ef það yrði ekki samþ., því að það væri svo mikil minnkun fyrir sig, hvað sem á gengi, að koma því ekki fram. Ég sé hins vegar, að hv. þm. Framsfl. sumir, ekki allir, fylgja þessu máli og ætla að fylgja því fram, en aðrir segja, að meðferð þessa máls sé einmitt eitt af atriðunum, sem bendi til þess, að Sjálfstfl. sé ekki eins tryggur lýðræðinu og hann vill láta. (Forsrh.: Hverjir flytja frv.?) Það flytja þrír þm., ekki sem ráðh.; hv. þm. G-K. er aðalflm., hv. 1. þm. Skagf. og enn fremur hv. 5. landsk. þm. En með hverjum hætti flytja þeir það, með hvaða rökum og í hvaða tilgangi?

Ég hef sýnt fram á það hér í ræðu, sem er að vísu orðin nokkru lengri en almennt gerist um ræður mínar hér á hv. Alþ., að öll meðferð þessa máls á Alþ. hafi ekki verið lýðræðisleg og það sé ekki lýðræðislegt að vilja ekki taka þátt í leynilegri atkvgr. um mál eins og þetta og að það sé ekki lýðræðislegt að berja þetta mál fram þvert ofan í heilbrigða skynsemi og þrátt fyrir þann vilja, sem fyrir liggur í málinu við leynilega atkvgr. Hins vegar er hægt að gera það, og þá kem ég að því, að það verður dæmi um það, hvaða lýðræðisandi ríkir raunverulega jafnvel í meðferð smámála hjá hv. stjórnarflokkum, og þess vegna leyfi ég mér að minnast á þessa merkilegu kenningu, sem hefur komið fram í aðalmálgagni annars stjórnarflokksins, að hinn flokkurinn, Sjálfstfl., sé horfinn af grundvelli lýðræðisins, sé ekki lýðræðisflokkur. Og ég hugsa, að frammistaða hans í þessu máli verði eitt af atriðunum, sem megi benda á síðar, að hann hafi verið að hverfa af grundvelli lýðræðisins.

Ég legg það ekki í vana minn að halda löngum umræðum uppi hér í hv. deild, og aldrei held ég að ég hafi gert neina tilraun til þess að tefja mál með þeirri aðferð, enda þykist ég vita, að það sé ráðið og fyrirskipað frá hærri stöðum, að þetta mál gangi fram óbreytt. En ég minntist á það áður í minni ræðu, — hæstv. forsrh. var víst ekki viðstaddur, þegar ég kom að því, — að frv. sjálft virtist ekki bera vitni um mikinn kunnugleik á því, sem snertir Kópavogshrepp, og þetta kæmi allt of berlega fram í frv., ef það ætti að ganga óbreytt fram sem lög frá Alþingi. Hv. þm. G-K. leggur til að gera allan Kópavogshrepp að kaupstað í einu, líka þá sveitabæi, sem honum fylgja nú uppi á Hellisheiði, og þeirra lönd, og hann leggur til enn fremur, að afréttarlöndum hreppsins skuli breytt í verzlunarlóð að lögum, að verzlunarlóð kaupstaðarins skuli framvegis ná að endimörkum Árnessýslu á miðri Hellisheiði. Auðvitað er hægt að samþykkja allt, og auðvitað er hægt að hafa þessa aðferð við lagasetningu, að taka gömul lög og skrifa þau upp, taka afrit af þeim og leggja svo fram sem frv. og gera það svo að lögum, ef maður hefur bara nóg fylgi á Alþingi til þess. En er hægt að gera þetta, ef bent er á það, að þetta ákvæði í lögunum eigi alls ekki við? Það kann að vera, að ákvæði í lögum um verzlunarlóðir skipti nú ekki eins miklu máli og áður fyrr. Ég minnist þess, að það er ekki ýkja langt síðan Reykjavíkurbær breytti lögum um sína verzl-

unarlóð, en hann var ekki stórtækari en svo, að hann færði verzlunarlóðina aðeins inn fyrir Rauðará, og þetta er ekki í neinum lögum. En þegar hæstv. forsrh. fer að semja frv. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, hefur hann afréttarlönd uppi á Hellisheiði með undir verzlunarlóðina. Hann ætlar kannske að stofna verzlun þar uppi á heiðinni. Hver veit? — Ég vildi benda hv. n. á þetta atriði og gæti bent henni á mörg önnur, sem ég teldi einsdæmi, ef þau væru samþykkt óbreytt í þessu frv., og líklega kæmist frv. fram fyrir því, þó að einhverju atriði verði breytt í því hér í hv. d. við skynsamlega athugun, ef hæstv. forsrh. beitir öllu sínu valdi til þess að koma því fram.

Ég vil benda hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á það, að í frv. er gert ráð fyrir að stofna sérstakt bæjarfógetaembætti í Kópavogskaupstað, en það er ekki gert ráð fyrir, að sá bæjarfógeti verði um leið sýslumaður í Kjósarsýslu, þeim hreppum sýslunnar, sem liggja norður af Kópavogi og eftir eru af Kjósarsýslu, ef Kópavogur verður að kaupstað, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Íbúar í þessum hreppum eiga sókn til sýslumanns í Hafnarfirði, og í grg. og rökstuðningi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem fylgir þessu frv., er á það bent, að það sé að því mikið óhagræði fyrir íbúa í Kópavogi að þurfa að fara til Hafnarfjarðar með sín mál, sem þeir eiga undir það embætti að sækja. Mér virðist nú, að ef bæjarfógeti væri kominn í Kópavog, þá yrði að því hagræði fyrir íbúa í norðurhreppum Kjósarsýslu að þurfa ekki að fara nema í Kópavogskaupstað þeirra erinda, sem þeir ættu við valdsmann, og venjan hefur alls staðar verið sú, að bæjarfógetaembætti fylgdi sýslumannsembætti í nálægri sýslu. Nú kostar þetta ekkert ríkissjóð, því að laun bæjarfógeta yrðu þau sömu og skrifstofukostnaður áreiðanlega ekki miklu meiri, þó að hann gegndi störfum einnig sem sýslumaður í Kjósarsýslu. Það væri alls ekki meira en meðalembætti fyrir bæjarfógeta og sýslumann, þó að sýslan fylgdi með kaupstaðnum.

Nú getur vissulega dregið að því, að Seltjarnarneshreppur hverfi úr tölu hreppa og sameinist Reykjavík. Það getur kannske átt sér stað án nokkurra átaka og án þess að því sé mótmælt af nokkrum, að það sé skynsamlegt. En ef þá væru aðeins eftir þrír hreppar í Kjósarsýslu, og einn þeirra liggur alveg fast að Kópavogskaupstað, eins og hann er ákveðinn í þessu frv., þá held ég, að það væri mjög óeðlilegt, að Kjósarsýsla fylgdi ekki Kópavogskaupstað, því að það gæti annars komið að því, að þeir væru of lítil uppistaða í sýslufélag, ef Kópavogshreppur væri orðinn að kaupstað og Seltjarnarneshreppur horfinn. Og ég álít, að skynsamleg takmörk þess embættisumdæmis, sem yrði stofnað með bæjarfógetaembætti í Kópavogi, væru þau, ef það er á annað borð samþykkt, að Garðahreppur og Bessastaðahreppur fylgdu því einnig, öll sveitarfélögin fyrir norðan Hafnarfjörð. En nú er það eitt af því, sem benda má á í þessu máli, að það eru uppi deilur nú á þessari stundu um það, hvað eigi að gera við þá hreppa, því að Hafnarfjarðarbær óskar eftir því mjög eindregið að innlima stóran hluta úr Garðahreppi, þann hlutann, sem liggur vestan Hafnarfjarðarvegar, þó ekki allan, ekki Garðahverfi, og hefur til þess heimild í lögum og krefst þess nú. Mér hefur verið sagt svo, að um þetta séu nú nokkur átök, því að Hafnarfjarðarbær óski eftir því að innlima hluta af Garðahreppi í Hafnarfjarðarkaupstað, og staðreynd er hitt, að hann hefur til þess heimild í lögum, en þá yrði Garðahreppur eftir í tveimur hlutum, annar hlutinn Silfurtún aðeins, sem kallað er, eða aðeins sá hlutinn, sem liggur austan Hafnarfjarðarvegar, og hins vegar Garðahverfi sjálft. Ég geri ráð fyrir, að þessi innlimun hljóti að gerast á næstunni, með því að Hafnarfjörður krefst þess. Og það er eitt dæmið um það, hvort heilbrigð skynsemi fær að ráða í þessum málum, að mönnum dettur í hug að láta þetta koma til framkvæmda, að Hafnarfjörður teygi sig öðrum megin vegarins að Kópavogskaupstað, síðan komi Kópavogskaupstaður, Garðahreppur liggi eftir í tveimur mjög aðskildum og vanmáttugum hlutum, síðan Bessastaðahreppur fremst á Álftanesi, Seltjarnarneshreppur einangraður á nestá Seltjarnarness og svo Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur, sem ómögulega mega heyra undir yfirvald, sem situr í Kópavogi, næsta kaupstað. Ég held, að þessi mynd af takmörkum umdæma, hreppa, kaupstaða, sýslna, í nágrenni Reykjavíkur, sem ég hef dregið upp og á að fara að staðfesta, sýni það, að heilbrigð skynsemi hefur ekki komizt að enn þá í þessum málum, því að það er ekki heilbrigð skynsemi, sem mælir með því að kljúfa hrepp eins og Garðahrepp í tvennt. (Gripið fram í.) Nei, en það liggur fyrir hjá viðkomandi ráðuneyti, og það liggur fyrir í lögum, en hæstv. forsrh. veit það kannske ekki. Það liggur fyrir í lögum heimild til þess, að Hafnarfjörður innlimi hluta úr Garðahreppi að Kópavogshreppi eða Kópavogskaupstað. Það er vitlaust, en það er ekkert vitlausara en að fara að stofna sérstaka kaupstaði í kringum Reykjavík, á svæði, sem allir vita að innan skamms tíma verður ein samfelld byggð.

Nýlega hefur verið sýnt fram á það, að með áframhaldandi fólksfjölgun, þeirri sömu og verið hefur undanfarin ár, ætti íslenzka þjóðin að vera orðin um 300 þús. um næsta aldamót, eftir 45 eða 50 ár. Hvað verður þá Rvík? Verður þá ekki Reykjavík áfram helmingurinn eða ⅔ hlutar þjóðarinnar? Hvað verður hún þá viðáttumikil? Verður hún þá ekki um allar þessar sveitir, á næstu áratugum jafnvel? — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn ræðu minni, þegar fundi var frestað, að ég hafði bent á nokkur atriði í þessu frv., sem ég tel æskilegt og nauðsynlegt að sú nefnd, sem þetta mál fær hér í hv. deild, taki til gaumgæfilegrar athugunar. Ég hafði þar rætt um það atriði, hvaða umdæmi þetta embætti umboðsstjórnarinnar, sem gert er ráð fyrir að stofna í Kópavogi, bæjarfógetaembættið, ætti að hafa, og látið í ljós þá skoðun mína, að það væri mjög óeðlilegt, ef sá nýi embættismaður, sem kostaður væri af ríkissjóði, mætti ekki hafa innan síns umdæmis einnig þá fáu hreppa og heldur fámennu, sem eftir yrðu í Kjósarsýslu, eftir að Kópavogs-

hreppur væri gerður að kaupstað. Ég hef enn fremur bent á, að ákvæði í frv. um verzlunarlóð hins nýja kaupstaðar mundu vera algert einsdæmi og ekki eiga sér nein fordæmi efnislega í þeim lögum um bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem sett hafa verið hér á Alþingi, því að verzlunarlóð kaupstaðarins, eins og hún er ákveðin í þessu frv., á að ná um afréttarlönd, hraunbreiður og sandfláka uppi á Hellisheiði, og tel ég alveg vafalaust, að engin nauðsyn eða skynsamleg rök geti mælt með því. Enn fremur tel ég fyllstu ástæðu til þess, að hv. n. athugi það, hvort takmörk hins nýja kaupstaðar sjálfs séu skynsamlega ákveðin í frv.

Kópavogshreppi fylgja allmargar bújarðir. Honum fylgir jörðin Vatnsendi, og í landareign þeirrar jarðar eru útvarpsstöðin á Vatnsendahvarfi og sendistöðin á Rjúpnahæð. Er sú landareign víðlend, þó að hún hafi nú verið mjög skert vegna útfærslu Reykjavíkurbæjar með lögum frá Alþingi, þar sem mjög stór landsspilda, sem heitir Heiðmörk, hefur verið tekin undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Kópavogshreppi fylgja enn fremur jarðirnar Gunnarshólmi, Geirland og Lögberg upp með Suðurlandsbraut og eiga allvíðlend lönd, sem fylgja þeim. Nú þykist ég vita, að eigendur þessara jarða og ábúendur muni ekki út af fyrir sig óska eftir því, ef þeir mættu ráða, að fylgja hinum nýja kaupstað, og engin nauðsyn út af fyrir sig væri það fyrir kaupstaðinn, að þessar jarðir og þessar landareignir fylgdu honum. Ef ástæða væri til að stofna kaupstað í Kópavogi, þá væri hið eina eðlilega, að hann næði eins og aðrir kaupstaðir, sem stofnaðir hafa verið með lögum, aðeins yfir það, sem kalla má með nokkrum rökum þéttbýli í núverandi Kópavogshreppi, eða það svæði, sem getur orðið þéttbýli á næstu árum, en það kemur varla til með þau landssvæði, sem ég áðan nefndi. Ef ætti að spyrja íbúana, hvort sem það er gert með undirskriftum eða á annan hátt, og þeir mættu ráða, þá tel ég víst, að bændur á þessum jörðum kysu heldur að fylgja þeim sveitahreppum, sem liggja að takmörkum núverandi Kópavogshrepps, annars vegar Mosfellshreppi, hins vegar Garðahreppi. Ég hef orðið þess var í viðtali við þessa menn, að það væri eindregin ósk þeirra, ef þeir mættu ráða því. Ég vil ekki segja með þessu, að það geti alls ekki komið til greina, að bújarðir fylgi kaupstöðum, en yfirleitt hafa takmörk þeirra kaupstaða, sem stofnaðir hafa verið með lögum, verið nokkuð þröng og miðuð við það, að sveitahreppar í kring fengju að halda sér, en kaupstaðurinn fengi nauðsynlegt land til þéttbýlis, jafnvel þó að gert væri ráð fyrir nokkurri útþenslu.

Ég held, að hinn nýi Kópavogskaupstaður yrði með allra stærstu, ef ekki langstærsti kaupstaður landsins, ef takmörk hans væru eins og þau eru í þessu frv., og alveg útilokað, að hann þyrfti það landssvæði allt sem verzlunarlóð. Ef hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, vildi kynna sér óskir íbúanna á þeim jörðum, sem ég hef nú nefnt, og hvort þeir kysu heldur að fylgja hinum nýja kaupstað, sem gert er ráð fyrir að stofna, eða leggjast til sveitahreppanna, sem eftir verða, þá teldi ég það sýna, að Alþingi vildi þó að einhverju leyti virða vilja íbúanna.

Það eru fleiri atriði í þessu frv., sem orka tvímælis. Þar er gert ráð fyrir ýmsum stofnunum, sem eru ekki til og varla verða til í Kópavogi, t. d. slökkviliði. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé álit sérfróðra manna, að það væri ekki betur borgið hagsmunum íbúanna í Kópavogi með því, að þar verði stofnað sérstakt slökkvilið. Ég er kunnugur áliti manna, sem verða að teljast sérfróðir í því efni, eins og slökkviliðsstjórans í Reykjavík, forstöðumanna tryggingarfélaganna hér í Reykjavík, og allir eru þeir á einu máli um það, að fyrir brunavörnum í Kópavogi, hvort sem hann heitir hreppur eða kaupstaður, væri bezt séð með þeim hætti, sem verið hefur undanfarin ár, þ. e. a. s., að slökkviliðið í Reykjavík taki að sér samkv. samningi að gegna slökkvistörfum á þessu svæði. Það hefur tekizt vel. Þeir samningar, sem um það hafa verið gerðir, hafa verið vel haldnir af slökkviliði Reykjavíkurbæjar. Það hefur verið greitt fyrir það fullt verð, og þetta dæmi um slökkviliðið sýnir eitt með öðru, að ýmsum störfum og starfrækslu í þessum nýja kaupstað, sem gert er ráð fyrir, verður til frambúðar langbezt fyrir komið með því, að þau séu sameiginleg við Reykjavíkurbæ. Það mætti nefna fleiri starfsemi en slökkviliðið. Ég get aðeins minnzt á það, að nú er verið af hálfu sveitarstjórnarinnar í Kópavogi að gera ráðstafanir til þess að koma upp heilsuverndarstarfsemi. Það kemur í ljós, að henni verður langbezt fyrir komið í nánu sambandi við samsvarandi starfsemi í Reykjavíkurbæ. Það yrðu erfiðleikar á því að skilja þessa starfrækslu að og hafa hana sjálfstæða og einangraða miðað við Kópavogshrepp eða Kópavogskaupstað. Það væri dýrara og óhagkvæmara, lélegri þjónusta, sem fengist, jafnvel þó að ekki væri horft í kostnað. Og þannig er með hvaða atriði sem tekin eru. Það er hagkvæmara og skynsamlegra, kostnaðarminna fyrir alla, að stefna að því fyrr eða síðar, að sú opinbera þjónusta, sem þarf að eiga sér stað á þessum stað, verði rækt í sambandi við sams konar starfrækslu hjá Reykjavíkurbæ, enda veit ég, að það þarf ekki að rökræða lengi um það frammi fyrir hv. þm.; þeir sjá þetta allir, og þeir munu sjá það bezt. sem eru kunnugir sveitarstjórnarmálum. En ég veit, að allir hinir skilja það líka og rödd skynseminnar segir þeim, að það sé eina skynsamlega lausnin á þessum málum öllum, að fundið verði hið rétta, sanngjarna form, sem þarf að finna fyrir því, að Kópavogur sameinist Reykjavík. Það getur ekki staðið á neinu öðru en að það sé tekið á því máli með sanngirni og lempni af báðum aðilum.

Ég hef haldið því fram um mörg ár, að sú aðferð, sem beitt hefur verið af hálfu Reykjavíkurbæjar til þess að koma fram nauðsynlegri útþenslu bæjarins, að krefjast þess af Alþingi, að sett séu lög um útfærslu lögsagnarumdæmis Reykjavíkurbæjar, eins og gert hefur verið á undanförnum áratugum hvað eftir annað, sé ekki sanngjörn, að taka svæði með lagasetningu á Alþingi án þess að spyrja íbúa á þeim svæðum, sem hafa verið lögð undir Reykjavík, nokkuð að; það

sé ekki sanngjarnt og ekki skynsamlegt, heldur eigi að taka þessi mál öll til athugunar í einu og finna leið, sem báðir geta sætt sig við og unað við til frambúðar. En aðferðin hefur sem sagt verið þessi, að Reykjavíkurbær hefur vegna þarfa sinna fyrir landssvæði í kringum bæinn innlimað stórar spildur úr hreppunum í kring smátt og smátt, ekki alltaf með sterkum rökum um nauðsynina. Þetta þarf alls ekki að halda áfram. Þó að hins vegar geti legið fyrir, að þessar þarfir Reykjavíkurbæjar verði enn til staðar og fari vaxandi, þarf ekki að hafa þessa heldur harkalegu aðferð, að innlima þetta með lögum án þess að spyrja einn eða neinn. Það er vel hægt að gera þetta með samkomulagi, svo að báðir geti við unað.

Í hv. Nd. voru fluttar nokkrar brtt. við þetta frv., þ. á m. ein till. á þá leið, að ríkissjóður afhendi hinum nýja kaupstað verzlunarlóð hans, eins og hún sé ákveðin innan skynsamlegra takmarka. Þetta var gert í upphafi, þegar kaupstaðir voru fyrst stofnaðir á Íslandi. Þá var það talið sjálfsagt mál af Danastjórn að leggja hinum nýju kaupstöðum til land, sem þeir gætu byggzt upp á, og það til fullrar eignar. Og ég er viss um, að allir, sem nokkuð þekkja til sveitarstjórnarmála, eru á einu máli um það, hvaða pólitiskar skoðanir sem þeir hafa, að það sé eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir sveitarfélag, þar sem um þéttbýli er að ræða, vaxandi þéttbýli meira að segja, að eiga landið, sem byggðin stendur á. Ég minnist þess vel, að hv. þm. S-Þ., sem er reyndur sveitarstjórnarmaður, flutti hér á síðasta þingi frv. til laga um heimild til eignarnáms handa Dalvíkurhreppi á hluta af því landi, sem það þorp er að vaxa upp á, og hann hóf ræðu sína hér í hv. d. á því að segja þetta, sem ég nú sagði, að hverri vaxandi byggð sé það langmesta nauðsynjamálið að eiga það land, sem hún er að vaxa upp á.

Nú liggja fyrir frá sveitarstjórn í Kópavoginum eindregnar óskir um það, að hreppurinn fái að eignast það land, sem byggðin er að vaxa upp á. Núverandi hreppsnefnd, sem lagði það mál fyrir, skömmu eftir að hún var kosin, fékk till. um það samþykkta samhljóða atkvæðum. Fulltrúi Sjálfstfl. í hreppsnefndinni var því mjög fylgjandi, en fulltrúi Framsfl. sat hjá. Þessari till. kom svo sveitarstjórnin á framfæri við þm. kjördæmisins og óskaði eftir því, að hann hlutaðist til um, að hreppurinn fengi keypt það land, sem byggð hans stendur á. Hv. þm. G-K. (ÓTh) hafði um það góð orð að koma þessu máli fram með sínu mikla áhrifavaldi, en síðar kom í ljós, að hann treysti sér ekki til þess að taka það upp, og skilst manni þó, að það ætti ekki að vera mjög erfitt, því að það er ríkissjóður, sem á allt landið, sem Kópavogsbyggðin stendur á. Og þegar það er viðurkennt af öllum, að það sé eitt af því allra nauðsynlegasta hverri byggð, hverju sveitarfélagi og þá ekki síður kaupstað, að eiga landið, sem þéttbýli stendur á og er í örum vexti, þá sýnist mér, að um leið og samþykkt eru lög um stofnun kaupstaðar á þessu svæði, væri langeðlilegast og stórmannlegast af þeim voldugu mönnum, sem að þessari lagasetningu standa, að leggja þá hinum nýja kaupstað til landið, sem hann á að rísa upp á, eins og Danastjórn gerði, þegar fyrst voru stofnaðir kaupstaðir á Íslandi.

Ég hef ekki enn flutt brtt. við þetta mál, en ég hef hér bent á þau atriði, sem ég tel æskilegt, að n. athugi.

Það kom einnig fram í hv. Nd. till. um það, að hinum nýja kaupstað yrði vegna þeirra alveg sérstöku aðstæðna, sem hann býr við og mundi búa við, og sérstöku erfiðleika, sem ég hef nokkuð lýst í minni ræðu, lagt til nokkurt fé úr ríkissjóði. Í fyllsta samræmi væri það við þau ummæli hæstv. forsrh. í opinberu blaði, sem var ætlað sérstaklega kjósendum hans í Kópavogshreppi og gefið var út fyrir ekki meira en tveimur árum, að ég hygg, og ég minnti hér á áðan, en þar taldi hæstv. forsrh., þá í framboði fyrir kjósendur í þessu byggðarlagi, að byggðarlagið sem slíkt ætti rétt á að fá margar milljónir úr ríkissjóði vegna sinna sérstöku aðstæðna og jafnvel tillag frá Reykjavíkurbæ. Það væri því ekkert út í hött eða of langt gengið, þó að farið væri fram á einnig slíkt tillag með hinum nýja kaupstað.

Ég verð að játa, að ég hef ekki verið kröfuharður í garð ríkissjóðs fyrir þetta umdæmi mitt né heldur fyrir það kjördæmi, sem hefur lagt mér til þau atkv., sem valda því, að ég á sæti hér á hv. Alþ. Ég hef þvert á móti oft og tíðum sagt við mína sveitunga, alltaf þegar um það hefur verið rætt að gera kröfur til ríkissjóðs: Við verðum fyrst að sýna það, að við viljum leggja mikið á okkur til þess að koma nauðsynjamálum fram, síðan skal ég vera með því að gera kröfur til ríkissjóðs. — Þetta fólk hefur sannanlega lagt fram stórfé til ríkissjóðs í sköttum á undanförnum árum. Það væri hægt að taka það saman, hvað beinu skattarnir nema, um hina er ekki hægt að vita með neinni vissu, þó að þeir séu miklu meiri, — en um beinu skattana er það víst, að þeir skipta milljónum, sem skattgreiðendur í Kópavogshreppi, síðan hann var stofnaður aðeins, hafa lagt til ríkissjóðs, og hitt væri auðvelt að taka saman, hvað ríkissjóður hefur lagt þessu einstaka byggðarlagi á sömu árum. En það hafa ekki verið nema um 50 þús. kr. alls á hverju ári, sem hafa runnið þangað úr ríkissjóðnum og það til vegarlagningar á þessu landi ríkissjóðs, sem ríkið í raun réttri skuldbatt sig til fyrir nærri 30 árum að leggja vegi um, svo að menn gætu ræktað það, svo að það er ekki um stór fríðindi að ræða frá ríkissjóði handa því fólki, sem þarna hefur búið og þegar lagt grundvöll að svo stórri byggð sem þar getur risið. Hitt sjá allir, að það fólk hefur staðið í harðri baráttu að koma sér upp húsum yfir sig og sína. Það hefur ekki notið til þess mikils styrks frá því opinbera. Lán hafa verið lítt fáanleg og mjög af skornum skammti, og eins og ég sagði: um styrk til þessa fólks úr ríkissjóði hefur ekki verið að ræða, ekki í neinu hlutfalli við það, sem við alþm. vitum að gerist um styrki til annarra umdæma eða kjördæma.

Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta atriði fremur en ég hef gert, en ef hv. Alþ. vildi skiljast með sóma við þetta mál, þrátt fyrir þá meðferð, sem það hefur nú hlotið, þá held ég, að það

geti nokkuð bætt um með því að leggja hinum nýja kaupstað nokkurt fé til að standast, þótt ekki væri nema þann aukna kostnað, sem leiðir af kaupstaðarstofnun. Það hefur verið rætt um og er rætt gjarnan í sambandi við þetta mál um sérstök kaupstaðarréttindi. Þetta er fast orðtak í málinu frá þeim tímum, fyrir 150 árum, þegar kaupstöðum voru gefin raunveruleg réttindi af hálfu einokunarstjórnar, sem þá réð lofum og lögum í þessu landi. Þessi réttindi voru í því fólgin að gefa ákveðnum stöðum undanþágur frá einokuninni. En það er mikill misskilningur, ef menn halda, að nú á okkar dögum fylgi þessu nafni, sem helzt í málinu, nokkur sérstök réttindi fram yfir það, sem sveitarfélögum almennt í landinu er veitt. Eins og ég drap á í upphafi máls míns, er í sjálfri stjórnarskrá landsins tryggður réttur sveitarfélaga til að ráða sjálf sínum málefnum. Þann rétt hafa öll sveitarfélög samkv. stjórnarskránni og samkvæmt almennum sveitarstjórnarlögum, og ef menn vilja leggja á sig að bera saman annars vegar hin almennu réttindi sveitarfélaga og hins vegar hin almennnu réttindi og skyldur þeirra sveitarfélaga, sem eru í lögum kölluð kaupstaðir, þá veit ég, að hver maður kemst að þeirri niðurstöðu, að á réttindum annars vegar og skyldum hins vegar sveitarfélaga, hreppa og kaupstaða, sé enginn munur. Þó að skyldurnar séu teknar sérstaklega, finnst ekki heldur munur á þeim. Ef litið er í það frv., sem hér liggur fyrir og er beinlínis afrit af þeim lögum og ekkert annað en afrit af þeim lögum, sem sett hafa verið áður hér á hv. Alþ. um kaupstaðarstofnun, þá má t. d. sjá í 16. gr. þessa frv., hverjar skyldur kaupstaðarins eru. Hann má ekki takast á hendur neinar skuldbindingar til langframa, sem hvíla ekki á honum samkvæmt lögum. Hann má ekki taka af innstæðufé bæjarins, þar undir hlýtur að heyra sparisjóðsinnstæða t. d. eða almenn innstæða í banka, ekki selja né veðsetja fasteignir né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslum þeirra. — Þetta eru skyldur kaupstaðarins.

Eftir bókstafnum eru þetta mjög ríkar og allt of miklar skyldur, og sannleikurinn er sá, að eftir þessum lagaákvæðum er alls ekki farið og ekki hægt að fara, þau eru algerlega úrelt. En nákvæmlega sömu skyldur og þessar eru nú í almennum sveitarstjórnarlögum á herðum almennra sveitarfélaga, hreppa, en þó er þar því bætt við, að borgarafundur í hreppnum getur ráðið og framkvæmt eitthvað af þessu, sem takmarkar vald sveitarstjórnar. Hann getur það og jafnvel fellt úr gildi samþykktir sýslunefndar, sem yfir hreppsnefndirnar er sett, ef þær takmarka valdsvið hreppsnefndar að einhverju leyti í þessum efnum, sem ég hef nú sagt frá, svo að ef farið yrði að athuga skyldurnar nákvæmlega og réttindin, þá eru réttindi hinna minni sveitarfélaga, sem nefnast hreppar, heldur meiri en kaupstaðanna.

Hins vegar vita það allir, sem hafa athugað þessi mál og íhugað gaumgæfilega, að með stofnun kaupstaðar fylgir óhjákvæmilega kostnaður, vegna þess að í ýmsum lögum öðrum en hinum sérstöku bæjarstjórnarlögum eru kaupstöðum lagðar nokkrar ákveðnar skyldur á herðar. Þetta felst í fjölmörgum l., en engin heildarbæjarstjórnarlög hafa verið sett, því miður.

Það vill svo til, að fyrsta mál, sem ég hafði afskipti af og talaði um hér í hv. d., þegar ég tók hér sæti, var frv. til laga um bæjarstjórn í Húsavíkurkaupstað. Það lá þá fyrir og var ekkert vafamál, að sveitarstjórn og íbúar óskuðu eftir, að Húsavíkurkauptún yrði gert að kaupstað, og það voru færðar fram skynsamlegar ástæður til þess. Þá voru í lögum þær takmarkanir á framkvæmdarstjórn sveitarfélaga, að það mátti ekki fela neinum manni framkvæmdarstjórn fyrir sveitarstjórnirnar, nema hann ætti sæti í sveitarstjórn, og þetta var eitt veigamesta atriðið, sem hefur verið bent á í sambandi við þau lög, sem hafa verið samþ. til eins kauptúns um að breyta því í kaupstað. Þá voru þessi vandkvæði á framkvæmd sveitarstjórnanna, en úr þessu var bætt með lögum, sem voru samþ. á þessum árum, skömmu eftir að Húsavík fékk sín kaupstaðarlög, með því að sveitarstjórnum var heimilað að ráða sérstaka starfsmenn, sveitarstjóra, sem þurftu ekki að eiga sæti í sveitarstjórn.

Ég minnist þess að vísu, að frv. um þetta kom fyrst í mjög einkennilegri og annarlegri og jafnvel ótrúlegri mynd frá því ráðuneyti, sem þessi mál heyra undir, og að við hv. þm. Barð. (GíslJ) þurftum að berjast dálítið fyrir því, að þetta frv. yrði sett í það form, að það væri skynsamlegt og þýddi ekki það beinlínis, að verið væri að hverfa inn á þá braut af hálfu Alþ. að takmarka og afnema rétt héraðsstjórnanna í landinu með því, að þeim væru skipaðir embættismenn, sem heyrðu undir embættismannakerfi ríkisins.

En það efast enginn um það, að stofnun kaupstaðar fylgi kostnaður, nýr, aukinn kostnaður. Ég man eftir, að hv. 1. þm. Eyf. (BSt) benti á þetta að fenginni reynslu, því að hann hafði sjálfur beitt sér fyrir stofnun kaupstaða út úr hans kjördæmi, Eyjafjarðarsýslu, og hafði fengið um það reynslu, hver þessi kostnaður var við kaupstaðarstofnunina, t. d. í Ólafsfirði, — hann benti á það í umr. hér í hv. d., þegar frv. um bæjarstjórn í Húsavíkurkaupstað var til umr., að það gæti verið álitamál, hvort það borgaði sig lengur fyrir kauptúnin að vera að sækjast eftir kaupstaðarréttindum, eftir að sú leið væri opnuð með sérstökum lögum, að þau gætu ráðið sér sveitarstjóra.

Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég mega minna á ummæli hv. 1. þm. Eyf. um þetta efni. Hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftur á móti munu kauptún, sem gerzt hafa bæjarfélög, hafa komizt að raun um það, að þeirra eigin útgjöld hafa vaxið, og það er ábyggilega spursmál, hvort það út af fyrir sig er svo mikið hagsmunamál fyrir kauptún að slíta tengslin við nærliggjandi sýslu, heldur er það þetta, að í stærri kauptúnum er ekki hægt að fá menn til að gegna oddvitastörfum í hjáverkum, og er því nauðsynlegt að fá þar sérstaka menn til að gegna sömu störfum og bæjarstjórar vinna í kaupstöðunum."

En úr þessu vandkvæði um framkvæmdarstörfin var bætt, eins og ég hef áður sagt, með lögum um sveitarstjóra.

Nú er því ekki að leyna, að Kópavogshreppur á fullt í fangi með þau útgjöld, sem honum skapast vegna þess, hve byggðin vex ört þar og hefur vaxið á undanförnum árum. Það þarf að leggja í mikinn kostnað til þess að gera því fólki, sem þar óskar að byggja yfir sig, mögulegt að byggja, það þarf að fá vegi, vatnsleiðslur, skólpleiðslur o. s. frv. Það þarf að fá skóla fyrir börn sín, það þarf að geta lifað þar menningarlífi. Þetta er fólk, sem kemur frá Reykjavíkurbæ um það bil 90% af því, og það þarf að geta notið hinna og þessara frumstæðu menningarskilyrða, þar sem annnars staðar. Þessi útgjöld verður að leggja á íbúana, sem fyrir eru, áður en þeir, sem njóta gagns af þessum útgjöldum, eru orðnir borgarar, útsvarsgreiðendur í hreppnum. Þetta hafa verið stærstu örðugleikarnir, þetta hefur verið það stóra framlag, sem íbúar í Kópavogshreppi hafa tekið á sig til þess að skapa borgurum Reykjavíkurbæjar möguleika til þess að byggja yfir sig, og það er þetta, veit ég, sem hæstv. forsrh. átti við, þegar hann í sinni merku blaðagrein staðhæfði, að Kópavogshreppur ætti í raun og veru stórfé hjá ríkissjóði og Reykjavíkurbæ. Það er fyrir þessar byrðar, sem hann hefur tekið á sig til þess að gera 3000 manns kleift að setjast að þarna nú þegar við almenn skilyrði.

Ofan á þetta bætist svo, þegar hreppnum er breytt í kaupstað, alveg óvefengjanlega, eins og ég hef fært rök að, aukinn kostnaður, sérstakur kostnaður vegna skyldna, sem hvíla á kaupstöðum í lögum, en ekki hreppum, eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á í þeim ummælum, sem ég hef nú minnt á.

Ef t. d. hv. þm. S-Þ. (KK) væri spurður að því og segði frá því hér í hv. d., hvort kaupstaðarstofnunin í Húsavík hefði skapað Húsvíkingum raunverulega mikil ný réttindi, þá efast ég um, að hann kæmist að þeirri niðurstöðu. Og ég veit ekki, hvort þeir hefðu farið þá leið, ef lögin um sveitarstjóra hefðu verið þá gengin í gildi. En ef hann væri einnig spurður að því, hvort það hefði ekki fylgt því nokkur kostnaður, þá veit ég alveg, að hann mundi játa það. Og ef hann væri spurður, hvort því hefðu fylgt einhverjir stórfelldir nýir möguleikar til fjáröflunar til þess að standa undir þeim almennu byrðum, sem á kaupstaði eru lagðar, þá efast ég um, að hann bæri það, að það hefðu við kaupstaðarstofnunina eina opnazt stórir möguleikar fyrir Húsavíkurkaupstað. Ég efast um það, að nokkur maður, sem þekkir til sveitarstjórnarmála, geti haldið því fram, að það verði til nokkur ný réttindi, í fyrsta lagi, né heldur að það opnist neinir nýir möguleikar betri en áður til þess að bera sínar byrðar. En ég efast ekki um það, og það mun hver maður, sem er dómbær um kostnaðarhliðina, staðfesta það, að því fylgir allverulegur kostnaður og ný aukin árleg útgjöld að stofna kaupstað, og það er í þessu sérstaka tilfelli varla á bætandi, eins og ég hef sýnt fram á, þær kostnaðarbyrðar, sem þegar hvíla á þessu byggðarlagi, og ekki sanngjarnt að leggja þær á, nema rík nauðsyn krefjist, en ég hef ekki getað sannfærzt um það til þessarar stundar, að það krefjist þess nokkur nauðsyn í dag að breyta Kópavogshreppi í kaupstað.

Það má benda á með góðum rétti, að störfum umboðsstjórnarvaldsins, sem hvíla nú á sýslumannsembættinu í Hafnarfirði vegna Kjósarsýslu, væri haganlegar fyrir komið vegna íbúanna, ef bæjarfógeti væri í Kópavogi. En það má líka benda á, að það er ekkert nauðsynlegt til þess að fá það fram að stofna þar bæjarfógetaembætti, því að það væri alveg nóg, eins og nú er, að hafa þar sérstaka starfsmenn, sem heyrðu undir embættið í Hafnarfirði, innheimtu þar skatta, greiddu tryggingarbætur o. s. frv. Það þarf ekki þess vegna að leggja mikinn kostnað á sveitarfélagið, þó að bætt væri úr þessu.

En það er ekki aðeins sveitarfélagið, sem ber nýjan kostnað við þessa nýju skipan málanna, það er ríkissjóður einnig. Það mun áreiðanlega kosta mikið fé að setja upp hið fyrirhugaða bæjarfógetaembætti með skrifstofubyggingum og embættisbústað o. s. frv., og ef einhvern tíma kæmi að því, að það væri talið óþarft að hafa það embætti þar, þá væri lagt út í þennan kostnað að óþörfu.

Ég er því alveg viss um það, að ef skynsemi og rökvísi hv. þm. fengju að ráða í þessu máli, þá mundu þeir ekki komast að þeirri niðurstöðu, að það sé knýjandi nauðsyn að samþ. þetta frv. nú. Og eins vel og ég þekki það, hvað skynsamir menn eiga sæti í þessari hv. d., þá veit ég vel, að rödd skynsemi þeirra mun segja þeim öllum, hverjum og einum, að þetta sé ekki skynsamleg lausn í þessu máli og til neinnar frambúðar, heldur algert vixlspor, og að hin eina skynsamlega leið sé að taka það nú þegar til íhugunar, á hvern hátt sveitarskipunarmálum og sveitarstjórnarmálum verði fyrir komið til frambúðar í nágrenni Reykjavíkur öllu, ekki aðeins í Kópavogi, á þann veg, að bæði Reykjavíkurbær sjálfur og íbúar hans og þessi sveitarfélög í kringum Reykjavík og íbúar þeirra megi vel við una til frambúðar. Það er hin eina skynsamlega leið í þessu máli að leita að slíkri lausn, sanngjarnri og skynsamlegri lausn á þessum málum, sem allir aðilar, sem til greina geta komið, gætu sætt sig við. Og ég veit, að það er vegna þess, því miður verður að segja það, að það liggur svo í augum uppi, að þetta er leið heilbrigðrar skynsemi í málinu, að þessir flokkar hafa ekki fengizt til þess að leggja málið undir dóm kjósendanna, eins og sveitarstjórnin í Kópavogshreppi óskaði eftir, þegar er málið var flutt.

Það er hart að þurfa að segja það, að það sé vegna þess, að menn óttist, að leið heilbrigðrar skynsemi verði ofan á í málinu, að það má ekki fara hina einu lýðræðislegu leið í málinu og láta fólkið ráða og láta sinn vilja í ljós við leynilega atkvæðagreiðslu. En þetta er sannleikurinn, og sannleikann verður að segja. Þetta mál er flutt vegna ímyndaðra hagsmuna þriggja flokksbrota suður í Kópavogi, sem vitanlega eru óánægð með sína sveitarstjórn, andstæðingar hennar, vilja losna við hana, eins og allir andstæðingar stjórna, stórra og smárra, vilja losna við þær, og ég hef ekkert við það að athuga. Það er flutt

vegna ímyndaðra pólitískra hagsmuna þessara litlu hópa af hinum stóru hópum hér inn á hv. Alþ., af hinum stóru þingflokkum eða a. m. k. af mestu ráðamönnum þessara flokka, og það er það furðulega í málinu. Það er flutt eftir beiðni flokksbræðra, sem þykjast ekki mega sín nógu mikils í einu sveitarfélagi. Og það er sagt: Það verður að gera þetta frv. að lögum tafarlaust, því að málið þolir enga bið. Það kemur fram hér í þskj., að þessir menn telji, að þetta þoli enga bið. Það verður að gerast á stundinni. Þess vegna er það flutt með slíkum hraða og kappi gegnum þingið. Og þess vegna er það, að það þolir ekki bið, að það má ekki íhuga það, hvaða leiðir eru færar í þessu máli.

En er það nú regla lýðræðisins, að það verði að taka mál fyrir og afgr. þau með svo skjótum hætti eins og þetta mál, að mál megi ekki þola neina bið og íhugun? Er það leið lýðræðisins, að mál eins og þetta þoli ekki að vera rætt og íhugað í meira en 2 mánuði, lausn á skipun stórs sveitarfélags, sveitarstjórnarmálefni stórs sveitarfélags til frambúðar? Það má ekki bíða eftir endanlegri afgreiðslu löggjafarsamkomunnar í meira en 2 mánuði. Það eru í dag réttir 2 mánuðir síðan málið kom fyrst fram, var fyrst nefnt á nafn. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að vegna lýðræðis væri það nauðsynlegt oft og tíðum, að mál fengju að vera nokkurn tíma á döfinni, einkanlega nýmæli, svo að mönnum gæfist kostur á að hugsa og íhuga, því að hugsun manna á að ráða. Það er aðal lýðræðisins. Nú er gert ráð fyrir að setja lög um þá skipun sveitarstjórnarmála hér í nágrenni við Reykjavík, að það verði stofnaður kaupstaður í Kópavogi, bent á íbúatölu og slíkt. Öll þau rök, sem kynni að vera hægt að færa fram fyrir þessu nú í dag og eru að mínum dómi og eins og ég hef rakið ekki veigamikil, geta komið til um aðrar byggðir en Kópavog. Þau geta fljótlega komið til t. d. um Seltjarnarneshrepp. Í Seltjarnarneshreppi eru nú yfir 1000 íbúar, og ef menn telja, að Alþ. eigi að hlaupa til og breyta í kaupstaði öllum sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa, þá er ekki hægt að neita einum um það fremur en öðrum. Og ef nú Seltjarnarneshreppur óskaði eftir því að verða gerður að kaupstað, mundi Alþ. þá neita því, mundi Alþ. neita einu sveitarfélagi í nágrenni Reykjavíkur um það, sem það neyðir upp á annað sveitarfélag gegn vilja íbúanna? Ef Mosfellshreppur, sem hefur líka nálægt 1000 íbúum, vildi nú verða kaupstaður, mundi Alþ. neita um það? Og er þá þetta frambúðar- og framtíðarlausnin á sveitarstjórnarmálum í þessari stóru byggð, Reykjavík og nágrenni með Seltjarnarnesi, að stofna marga nýja kaupstaði, hvern af öðrum? Ja, það liggur þegar fyrir í dag, því ef það er gert á einum stað, þá á það að vera jafnskynsamlegt og sanngjarnlegt á öðrum stöðum, eins og Seltjarnarnesi og Mosfellssveit. Eða Silfurtún, ef íbúar þar óskuðu þess, eða einhverjir flokkar þar — einn eða tveir flokkar? Því ekki það?

Þannig liggur þetta mál fyrir. Það er ekki hægt að færa fram rök fyrir því, að það sé nein knýjandi nauðsyn, nema þá að koma fyrir innheimtu opinberra gjalda í Kópavogshreppi eða greiðslu tryggingarbóta. Það er nauðsyn og hefði verið nauðsyn, þó að fyrr hefði verið, að koma henni betur fyrir en nú er. En það má gera án þess að fara þá leið um skipun sveitarstjórnarmála, sem hér er verið að fara inn á. Það fylgja því engin réttindi eða kostir fyrir íbúana í Kópavogshreppi, að hann heiti kaupstaður. Það fylgir því kostnaður, sem þeir mega lítt við. Það fylgja því engir möguleikar til þess að komast betur af, hvorki fyrir sveitarfélagið né íbúa þess. Stofnun kaupstaðar þar á engan rétt á sér sem framtíðarlausn. Hún á engan rétt á sér sem bráðabirgðalausn heldur, nema í hugum þeirra manna, sem ímynda sér, að þeir geti fengið pólitískan hag af því í augnablikinu. Það á engan rétt á sér með neinum rökum, að Alþ. ákveði þessa skipan mála byggðanna í kringum Reykjavík, að gera þá að sérstökum kaupstöðum. En Alþ. hlýtur að hafa það í huga, hvað á eftir fer og hvað á eftir getur farið. Alþ. verður að sjá víðar og lengra fram í tímann en nokkrir menn, sem taka þátt í sveitarstjórnarpólitík suður í Kópavogshreppi. Og Alþ. verður að líta á málið frá hærri sjónarhól en þeim, hvort einhver flokksbrot hafi hag af því á stundinni, að samþykkt séu lög. Það var flutt í hv. Nd. till. um að taka ekki aðeins þetta mál, heldur einnig framtíðarskipan mála byggðanna í kringum Reykjavík til rækilegrar íhugunar og setja í það nefnd, sem starfaði fram að næsta þingi, og væru í þeirri nefnd menn frá byggðarlögunum öllum, sem hér geta átt hlut að máli, og sýslunefndum þeirra tveggja sýslna, sem hér geta átt hlut að máli. Ekki get ég ímyndað mér, að starf slíkrar nefndar gæti annað en leitt til þess, að þessi mál væru betur upplýst fyrir hv. Alþ., sem þekkir ekki af skiljanlegum ástæðum allar þær ástæður, sem kunna að vera í hugum manna í þessum byggðarlögum, og skoðanir, sem þar eru uppi um þessi mál. En ef fulltrúar þeirra byggðarlaga, sem hér eiga hlut að máli, kæmu saman og reyndu að finna sanngjarnlega og skynsamlega lausn á þessu máli til frambúðar, þá trúi ég ekki öðru en að hv. Alþ. vilji taka mark á því og miða sína löggjöf við það. Ef takast mætti að fá sameiginlegt álit og tillögur fulltrúa þessara byggða, tveggja stórra bæjarfélaga og margra mismunandi stórra sveitarfélaga, sem liggja að þeim, ef nefnd frá þessum byggðarlögum öllum væri á einu máli um það, hvernig bezt verði fyrir komið framtíðarskipan mála á þessu stóra svæði, þá veit ég, að Alþ. mundi fara eftir því, og þá mundu verða upplýst öll rök með og móti bæði einni lausn og annarri á þessu máli. Ég trúi því ekki, að svokölluð hreppapólitík eða pólitík yfirleitt þyrfti að koma inn í afgreiðslu þess máls, ef það væri tekið þeim tökum. Það eru að vísu til ýmsar skoðanir um það og ýmsir hagsmunir, eins og gengur og gerist. En það yrði þá upplýst og kæmi fram, hvað mælti með eða móti einni lausn eða annarri. En það vitum við allir, sem hér eigum sæti á hv. Alþ., að þetta svæði í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar heldur áfram að byggjast, þangað til það verður ein samfelld byggð.

Það liggur sem sagt fyrir till. um það að taka þau mál til athugunar, sem einmitt þetta frv.

gefur tilefni til, frá hærri sjónarhól og víðara sjónarmiði en kemur fram og er fyrir hendi hjá þeim mönnum, sem eru upphafsmenn þessa máls, og þeim, sem hafa veitt þeim stuðning með því að flytja þetta mál inn á Alþ. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að það gæti ekki skaðað einn eða neinn aðila, þó að lausn þessara mála með löggjöf væri slegið á frest til næsta þings, nokkra mánuði. En ég veit, að það fallast líka allir hv. þdm. á það með mér, að slík nefndarskipun mundi stuðla að því að finna skynsamlega og sanngjarnlega lausn á þessum málum og öðrum málum sams konar, sem kannske liggja ekki fyrir hv. Alþ. í dag, en þau geta áreiðanlega legið fyrir hv. Alþ. innan skamms. Og það gæti vel verið svo, að þá væri erfiðara að finna skynsamlega lausn og sanngjarna á þessum málum, ef hv. Alþ. hefði flaustrað af í þetta sinn samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 503, n. 669).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft frv. á þskj. 503 til umræðu á tveimur fundum. Hún hefur borið það saman við gildandi lög um ýmsa kaupstaði á landinu, einkum þá, sem hafa fengið kaupstaðarréttindi hin síðari árin, og sannfærzt um, að í öllum meginatriðum er það samhljóða þeim lögum, enda er hér um sameiginlega heildarlöggjöf að ræða á líkan hátt og var áður um hafnarlöggjöf, þar til ein allsherjarlöggjöf var samþykkt fyrir landið í heild, að undanskilinni þó Reykjavík, sem hefur sérstöðu í löggjöf um hafnir.

Í þessari löggjöf er því ekki mörkuð nein ný stefna eða farið inn á neinar nýjar leiðir hvað snertir fyrirmæli í frv. Þar er farið eftir áður margræddum og þaulhugsuðum fyrirmælum gildandi laga. Uppbygging frv. og orðalag og efni gefur því ekki tilefni til neinna breytinga. Þykir mér rétt að láta þetta koma fram.

Þá hefur n. einnig kynnt sér öll þau gögn, sem fram hafa komið í þessu máli undir meðferð þess í hv. Nd., og auk þess kvatt á sinn fund hreppsnefnd Kópavogshrepps til þess að ræða við hana um frv. Af hreppsnefndarmönnum mættu þó aðeins oddviti hreppsins, sem eins og kunnugt er á einnig sæti hér í þessari hv. d., og Jósafat Lindal, sem mun vera í andstöðu við meiri hluta hreppsnefndar; aðrir hreppsnefndarmenn mættu ekki á fundinum. Voru hinir mættu hreppsnefndarmenn spurðir að því, hvort þeir vildu taka nokkuð sérstaklega fram í málinu eða benda á nokkur ný atriði, er ekki hefðu þegar komið fram í þskj. eða í umræðum á Alþ., og kváðust þeir geta í heild vísað til þeirra gagna í rökum í sókn og vörn í málinu. Mér þykir einnig rétt að láta þetta koma fram hér í framsöguræðunni.

Rök hv. flutningsmanna fyrir nauðsyn á löggjöf þeirri, sem hér um ræðir, eru sem hér segir samkvæmt grg. frv. og framsöguræðu hv. 1. flm.:

1) Að komið hafi fram ákveðin ósk þriggja stjórnmálafélaga í Kópavogshreppi um flutning á frv. og að á bak við þau félagssamtök standi meiri hluti greiddra atkvæða kjósenda í Kópavogshreppi við síðustu hreppsnefndarkosningar. Á bak við þessa ósk standi enn fremur sýslunefnd Kjósarsýslu, sbr. fskj. I á þskj. 503, og ummæli sýslumannsins í sömu sýslu, sbr. fskj. II á þskj. 503.

2) Að Kópavogshreppur sé langfjölmennasti hreppur landsins og mun fjölmennari en þeir hreppar margir, sem áður hafa fengið kaupstaðarréttindi.

3) Að á fjölmennum borgarafundi í Kópavogshreppi 18. marz þ. á. hafi verið samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta að skora á Alþ. að gera Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi með fullum kaupstaðarréttindum og að enn fremur hafi borizt um þetta sama efni áskorun til Alþ. frá 760 íbúum í Kópavogshreppi, 21 árs og eldri.

Þessum rökum hefur hv. 6. landsk. (FRV), sem jafnframt er oddviti Kópavogshrepps, viljað hrinda og borið eftirfarandi gagnrök:

1) Að meiri hluti hreppsnefndar hefur ekki óskað, að hreppnum yrðu fengin nú kaupstaðarréttindi, og er hann andvígur því, að um það verði sett lög gegn mótmælum meiri hl. hreppsnefndarinnar.

2) Að tvennar kosningar nýafstaðnar hafi sýnt, svo að ekki verði um villzt, að meiri hluta hreppsnefndarmanna er gefinn löglegur réttur til þess að stjórna málefnum hreppsins út yfirstandandi kjörtímabil.

3) Frv. sé því beinlínis borið fram til þess að koma frá stjórn hreppsins löglega kosnum meiri hluta án saka og á fyrri hluta kjörtímabilsins, þar sem hreppsnefndin hafi ekki starfað nema um eins árs tímabil.

4) Að meiri hlutinn líti svo á, að rétt sé að sameina Kópavogshrepp Reykjavík, vilji hreppurinn ekki vera sjálfstæður hreppur, í stað þess að gera hann að kaupstað, og að verið sé að athuga þá möguleika og því eigi ekki að gera frv. að lögum, fyrr en þeir möguleikar hafi verið athugaðir að fullu.

5) Að í frv. séu auk þess ákvæði, sem séu óeðlileg, m. a. ákvæði um verzlunarlóð, sbr. 3. gr. frv.

Hv. 6. landsk. (FRV), sem er oddviti hreppsins, eins og ég tók fram áðan, hefur því lagt höfuðáherzlu í andmælum sínum á þau atriði, að rangt sé að skipta um löglega kosna sveitarstjórn, fyrr en kjörtímabil hennar sé útrunnið, og að hér sé verið að skapa hættulegt fordæmi af Alþ., sem haft geti í för með sér örlagaríkar afleiðingar fyrir lýðræði landsins. Þykir því rétt hér í framsöguræðu að ræða nokkuð öll þessi atriði, sem fram hafa verið sett frá báðum aðilum.

Skal ég þá fyrst ræða 1. atriðið.

Það hefur ekki verið vefengt, að komið hafi fram áskorun frá þeim aðilum, sem ég hef minnzt

á, um að leggja fram frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp og að það yrði gert að lögum á þessu þingi. Það sýnast engin rök vera fyrir þeim mótmælum, þó að þessar óskir séu bornar fram af þrem pólitiskum félögum í hreppnum. Það hefði verið nægilegt fyrir hv. Alþ. til að taka afstöðu til málsins, þó að það hefði ekki verið borið fram af neinum nema hv. þm. kjördæmisins. Um það eru engar reglur eða fyrirmæli laga, hvaða óskir þurfi að koma fram til þess að bera fram slíkt frv. Það er sýnilegt af þeim lagafrumvörpum, sem áður hafa verið borin fram í þingi um slík mál. Það verður því ekki hægt að taka það sem nein gild rök til að stöðva frv., þó að það sé borið fram samkv. ósk þriggja pólitiskra félaga í Kópavogshreppi, einkum þegar vitað er, að á bak við þá ósk standa 760 íbúar hreppsins. Ég hygg, að það sé vandfundið, að nokkru sinni hafi staðið á bak við ósk um að gera einn hrepp að kaupstað meiri mannfjöldi en hér um ræðir. Og það er sýnilegt, að síðustu kosningar, eins og hefur verið tekið fram hér í þingsölunum, sýna það, að þessi fjöldi er meiri hluti kjósenda í hreppnum, svo að ef á að fylgja hreinum lýðræðisreglum, er sýnilegt, að þeim hefur verið fylgt hér frekar en oft áður í sambandi við sams konar mál. Það atriði verður því ekki hægt að vefengja.

Þá er ekki heldur hægt að vefengja það, að sýslunefndin í Kjósarsýslu er því meðmælt, að lög um þetta atriði nái fram að ganga, segir að vísu ekki, að það skuli endilega vera á þessu þingi; en hún er því meðmælt, að Kópavogur fái sérstök kaupstaðarréttindi, svo framarlega sem íbúarnir óski þess, þ. e. a. s. sannanlegur meiri hluti hreppsbúa óski þess, eins og kemur fram í fskj. I. Hún bendir hins vegar á, eins og segir í skjalinu í 2. tölul., með leyfi hæstv. forseta:

„Kjósarsýsla er ein af minnstu sýslufélögum landsins, telur aðeins fimm hreppa, og af þeim er Kópavogshreppur langfjölmennastur. Það mundi því veikja athafnamöguleika verulega, ef Kópavogshreppur verður skilinn frá henni.“

Þetta bendir sýslunefndin á. En hún setur sig þó engan veginn á móti því, að hreppurinn fái kaupstaðarréttindi, og tekur einmitt alveg berlega fram í sinni ályktun, að hún telji það eðlilegt, þegar fyrir liggi vilji eða vitund um vilja meiri hluta íbúanna í hreppnum. Hún beygir sig því sjáanlega undir að taka á sig þá erfiðleika, sem af því kunna að stafa, ef hreppurinn verði gerður að sérstökum kaupstað, og hefur ekkert við það að athuga út af fyrir sig.

Enn fremur verður því ekki á móti mælt, að sýslumaðurinn í Kjósarsýslu telur það mjög aðkallandi, að Kópavogshreppur fái kaupstaðarréttindi nú þegar, og færir fyrir því allsterk rök. Hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ósk Kópavogsbúa um bæjarréttindi fyrir hreppinn kemur mér ekkert á óvart og hefði ekki gert, þótt fyrr hefði komið.“

*Hann segir enn fremur:*

„Mér hefur verið ljóst um skeið, að óhjákvæmilegt væri að gera sérstakar ráðstafanir að því er varðar stjórn og skipan mála þessa sveitarfélags, svo ört sem það hefur vaxið hin síðari ár, og hef ég fyrir nokkru látið þá skoðun í ljós við rétta aðila. Get ég því fyrir mitt leyti mælt með því, að hreppurinn fái kaupstaðarréttindi, og tel rétt, að nauðsynlegri breytingu á skipan mála í hreppnum verða flýtt.“

Hér eru ummæli manns, sem óneitanlega hefur engan fjárhagslegan hag af því, að hreppurinn gangi undan sýslunni, nema síður sé, og verður því ekki sagt, að hann geri það í hagnaðarskyni; þvert á móti. Hann hlýtur að sjálfsögðu að tapa allmiklum aukatekjum, ef jafnstórt svæði og Kópavogur er tekið undan hans lögsagnarumdæmi, og getur því ekki vakað fyrir honum hér annað en bein nauðsyn á því vegna málanna sjálfra. Hann bendir enn fremur á, hversu ör hafi verið stækkunin í Kópavogshreppi síðan um áramótin 1947 og 1948, að hann var gerður að sérstökum hreppi, sérstöku sveitarfélagi, þá hafi íbúarnir verið 850, en nú séu þeir orðnir 3230, en það er hærri tala en hefur verið í nokkrum öðrum hreppi undanfarið, sem óskað hefur eftir að fá kaupstaðarréttindi og fengið þau án nokkurrar andstöðu hér í hv. Alþingi. Vil ég í sambandi við það leyfa mér að benda á, að í Ólafsfirði munu aðeins hafa verið um 900 íbúar, á Sauðárkróki munu íbúarnir hafa verið um 1300, og á Húsavík munu íbúar hafa verið 2048. Mun það hafa verið þá fjölmennasti hreppur, sem hafði fengið kaupstaðarréttindi, þar til nú, að óskað er eftir kaupstaðarréttindum fyrir Kópavog, sem hefur á fjórða þúsund íbúa.

Sýslumaðurinn segir enn fremur:

„Verður ekki betur séð en að þessi öri vöxtur muni halda áfram í nokkur ár enn. Störf þau, sem embættið hér þarf að leysa af hendi í þessum fjölmenna og ört vaxandi hreppi, eru mörg og margvísleg. Auk sjálfrar löggæzlunnar og dómsögunnar og þeirra rannsókna, sem þeim eru samfara, annast embættið, svo sem kunnugt er, alla álagningu skatta á hreppsbúa til ríkissjóðs og tryggingana og innheimtu þeirra.“ — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar frestað var fundi áðan, var ég að lýsa því, hvernig álit sýslumannsins í Kjósarsýslu væri um þetta atriði samkv. fskj. II, og stöðvaðist við það að benda á, að hann hefði sagt, að það væru 1500 skattgreiðendur í hreppnum. Hann segir enn fremur, að embættið fari með greiðslu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins til hreppsbúa, í hreppnum muni nú vera um 560 bótaþegar og 900 einstaklingar njóti bótanna. Svo segir hann hér um störfin, sem mér þykir rétt að benda á í þessu sambandi:

„Til aðstoðar við störf í Kópavogshreppi hefur embættið engu starfsliði á að skipa í hreppnum sjálfum, nema hreppstjóranum einum. Er ráðuneytinu kunnugt um, að laun hreppstjóra eru slík, að þeir geta ekki haft hreppstjórastörf ein að atvinnu og jafnvel ekki stundað þau sem aðalstörf, þótt í fjölmennum hreppi sé.“ Telur hann þetta vera mikil óþægindi fyrir hreppsbúa. „Lögregluþjónn er enginn í Kópavogshreppi,“ segir hann, „og verður því að leita aðstoðar bæjarlögreglunnar í Hafnarfirði og Reykjavíkurlögreglunnar, ef eitthvað ber út af, sem ekki verður ætlazt til að hreppstjórinn geti einn

annað. Á þetta jafnt við er rannsaka þarf mál, stilla til friðar og fjarlægja ölvaða menn.“

Í þessu sambandi vil ég benda á, að það er ekki þess að vænta, að aðrir hreppar eða önnur sveitarfélög vilji standa undir lögreglukostnaði í svo stórum hreppi, eins og hér er réttilega bent á, enda segir sýslumaðurinn, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar sé ekki ánægð með, að lögreglulið það, er hún kosti, sé þannig notað til óeðlilegra starfa utan svæðis Hafnarfjarðar.

Allt eru þetta rök, sem styðja að því, að frv. verði samþ. um að gera Kópavog að sérstöku lögsagnarumdæmi og þá um leið að kaupstað.

Hv. 6. landsk. hefur nokkuð í ræðu sinni hér við 1. umr. vefengt, að raunverulegur meiri hl. hreppsbúa stæði á bak við þessa ósk. Í því tilefni hefur hann látið fara fram athugun á því, hve mikill hluti af þeim 760 mönnum, sem skrifað hafa undir áskorunarskjalið, sé á gildandi kjörskrá hreppsins, og liggur fyrir vottorð frá yfirvaldi um það, að af þeim séu ekki 224 aðilar á þeirri kjörskrá, sem kosið var eftir síðast. En jafnvel þó að sú upphæð öll sé dregin frá, þá er þó eftir enn stærri fjöldi en sá, sem hefur óskað eftir því í ákveðnum kosningum, sem fram hafa farið, að frv. verði frestað. Og þó er víst, að allmargir af þessum 224 aðilum, sem hér um ræðir, hafa flutzt inn í hreppinn síðan kjörskráin var samin og hafa þar af leiðandi mikinn siðferðislegan rétt og áreiðanlega einnig lagalegan rétt til þess að segja um það á einn eða annan hátt, hvort þeir eru fylgjandi þessari skipan málanna eða ekki. Það verður því á engan hátt hægt að viðurkenna, að ekki liggi fyrir ósk frá meiri hl. íbúanna um, að frv. nái fram að ganga, og er þá einnig uppfyllt það skilyrði, sem sýslunefndin hefur sett í sambandi við ályktun sína, sem birt er á fskj. I.

Um hitt atriðið, að Kópavogur sé langsamlega fjölmennasti hreppur landsins, hefur mér verið bent á, að þær tölur, sem ég las hér upp áðan, í sambandi við aðra hreppa, sem fengið hafa kaupstaðarréttindi, muni vera á einhverjum misskilningi byggðar, og skal ég fara yfir þessar tölur, en þær hef ég fengið gefnar upp af skrifstofu Alþingis.

Sauðárkrókur hefur fengið þessi réttindi 24. maí 1947 samkv. l. nr. 55 1947, og hafa þá verið á 10. hundrað manns í hreppnum. Ólafsfjörður hefur fengið þau samkv. l. nr. 60 1944. Gengu þau í gildi 1. jan. 1945, og þá hafa íbúar í Ólafsfirði verið um 900. Húsavík hefur fengið réttindi 1949 með l., sem gengu í gildi 30. des. 1949, og íbúar þá 1213. Þar mun hafa mistalizt hjá mér áðan, að ég hef talið tölu, sem heyrði til öðru bæjarfélagi, og leiðréttist það hér með. Keflavík hefur fengið réttindin samkv. l. nr. 17 1949, er gengu í gildi 28. marz það ár, og þá er íbúatalan þar 2048. Allir þessir hreppar hafa því haft færri íbúa en Kópavogshreppur hefur nú, þegar þetta frv. liggur hér til umr., svo að það sýnist einnig full ástæða til þess að taka það til greina.

Á þriðja atriðið, sem var það, að vísað er til borgarafundarins í Kópavogi 18. marz og undirskrifta 760 íbúa, hef ég þegar minnzt og þarf ekki að endurtaka það. Mér sýnist því öll rök hníga að því, að það eigi samkv. ósk hv. flm. að samþ. þetta frv. óbreytt, en þó skal ég fara hér nokkrum orðum um þau andmæli, sem hafa komið fram frá hv. 6. landsk. í sambandi við þetta mál og ég minntist nokkuð á áðan.

Það fyrsta, sem hann ber fram sem mótmæli, er, að hreppsnefndin eða meiri hl. hreppsnefndar hafi ekki óskað, að hreppurinn fengi kaupstaðarréttindi. Ég sé ekki annað en það sé fullkomlega í samræmi við lýðræðislega hugsun, að ef sannað er, að meiri hl. íbúa eins hrepps hafi óskað eftir einhverju, þó að það stríði á móti skoðun og vilja meiri hl. ákveðinna hreppsnefndarmanna, jafnvel þótt þeir séu löglega kosnir, þá beri að taka meira tillit til íbúanna en til hreppsnefndarinnar. Það er mín skoðun. Ég hygg, að það fylgi alveg fullkomlega þeim reglum, sem eru um lýðræðið í landinu, og það sé réttur skilningur á því hugtaki, að þá sé fylgt meira lýðræðisreglunni, ef meira tillit sé tekið til þeirra manna, sem við eiga að búa, heldur en til þeirra einstöku fulltrúa, sem á einhverjum tíma hafa verið kosnir til þess að fara með þeirra umboð, svo að þessi rök fái ekki staðizt sem mótrök.

Hv. 6. landsk. sagði einnig, að tvennar kosningar hefðu sýnt það, svo að ekki verði um deilt, að meiri hl. hreppsnefndar er gefinn löglegur réttur til að stjórna málefnum hreppsins út yfirstandandi kjörtímabil. Það atriði hefur ekki verið vefengt af neinum aðila. En það sannar hins vegar ekki, ef íbúarnir sjá, að á kjörtímabilinu komi upp einhver sérstök mál, sem þeir tvímælalaust telja sér hagsbót í að nái fram að ganga, að þeir geti ekki haft fullkominn rétt til þess að óska þess, að slíkri skipun verði komið á, og það er það, sem hefur verið gert hér í þessu tilfelli. Sá réttur meiri hl. hreppsnefndarmanna, þó að þeir séu réttilega kjörnir, að halda niðri umbótum fyrir íbúana gegn vilja meiri hl. þeirra, getur ekki verið svo sterkur, að hann eigi að halda, og brýtur það ekki heldur í bága við hugmyndina um lýðræði. Og í þessu sambandi vil ég benda á, að það er ekkert nýtt fyrirbrigði, m. a. á Alþingi, að Alþingi sé rofið, stytt umboð þeirra manna, sem hafa fengið með löglegum kosningum umboð kjósenda í 4 ár, það umboð sé stytt með því að rjúfa Alþingi og láta fara fram nýjar kosningar, einmitt vegna þess, að á bak við liggur, a. m. k. að skoðun þeirra manna, sem það gera, að Alþingi fari ekki að vilja meiri hl. íbúanna í landinu og með nýjum kosningum eigi síðan að sanna, að sú skoðun sé rétt.

Þá get ég ekki heldur fallizt á, að hér sé verið að gera þetta beinlínis til þess að koma frá löglega kosinni stjórn meiri hl. án saka. Um sök er ekki að ræða hér, því að það hafa ekki verið bornar fram neinar sakir yfirleitt í sambandi við þetta mál, aðrar en þær, ef það á að kallast sök, sem ég vil ekki fullyrða að sé nein sök, þó að það sé óviðkunnanlegt, að hér virðast fulltrúarnir setja sig á móti sjálfsögðum umbótum í máli og móti því, að það nái fram að ganga, með því að vilja ekki láta frv. það, sem hér um ræðir, verða að lögum. Hér er því ekki að ræða um pólitísk átök á milli þessara aðila, heldur um átök um það, hvað sé bezt fyrir hreppinn sjálfan.

Þá hafði hv. 6. landsk. þm. einnig borið fram,

að meiri hl. líti svo á, að rétt sé að sameina Kópavogshrepp Reykjavík, ef hreppurinn vilji ekki vera sjálfstæður hreppur, í stað þess að gera hann að kaupstað, og það sé verið að athuga þá möguleika og því eigi ekki að gera frv. að lögum nú. Það gæti að sjálfsögðu vel komið til greina að sameina Kópavogshrepp og Reykjavík eða leggja Kópavogshrepp undir Reykjavík. Ég hygg, að það gæti og vel komið til greina að sameina Hafnarfjörð, Kópavog og Reykjavík og Seltjarnarnes og þróunin geti farið í þá átt, en það mál þarf áreiðanlega langan og góðan undirbúning, og er ekki hægt að búast við því, að hægt verði að gera það á svo stuttum tíma sem hér um ræðir. Og sýnilegt er, að meiri hl. hreppsbúa telur það varða allmiklu fyrir hreppsbúana, að komið sé á umbótum á þeim málum, sem þeir hafa bent á og sýslumaðurinn í Kjósarsýslu hefur mjög tekið undir; það sé mjög mikil nauðsyn að koma þeim á fljótar en hægt sé að koma á þeirri sameiningu, sem hér um ræðir, ef nokkur grundvöllur er til að koma henni á. En það má segja um þetta atriði eins og um hjónabandið, að það þarf tvo til þess að giftast, og það liggur ekkert fyrir um það, hvort vilji er hjá Reykvíkingum að taka við Kópavogshreppi og innlima hann í Reykjavík eða með hvaða kjörum það yrði gert. Ég sé því ekki, að það sé ástæða til þess að fresta frv. af þeim ástæðum sérstaklega.

Þá benti hv. þm. einnig á, að í frv. væri óeðlilegt ákvæði um verzlunarlóðina, og hefur, að ég sé, borið fram brtt. um, að því ákvæði verði breytt. Nefndin hefur alveg sérstaklega athugað þetta ákvæði. Í öllum þeim hreppsfélögum, sem hafa fengið kaupstaðarréttindi, hefur verið ákveðið um verzlunarlóð. Og undantekningarlítið er það ákvæði í þeim lögum, að verzlunarlóðin skuli vera öll landeign hreppsins. Þó er þar ein undantekning, og það er í Ólafsfirði. Þar er sagt, að verzlunarlóðin skuli takmarkast af 200 m frá stórstraumsfjöru á einn veg og svo takmörkuð að öðru leyti eins og segir í lögunum. Þetta er eina undantekningin. Nú er það svo, að það getur aldrei verið neinn óhagur fyrir hrepp að hafa stóra verzlunarlóð, nema síður sé, og ég hygg, að það séu engin dæmi til þess, að nokkur kaupstaður hafi farið fram á að fá með lögum breytt sinni verzlunarlóð þannig, að hún skyldi minnka frá því, sem ákveðið er í lögunum. Það mun hins vegar vera fordæmi um það, að verzlunarlóðartakmörk hafi verið færð út, m. a. í Reykjavík. Og það er enginn vafi á því, að það mun koma fyrr eða síðar fyrir í Ólafsfirði, að takmörk verzlunarlóðarinnar þar verði færð út, vegna þess að það verði óhjákvæmileg nauðsyn fyrir Ólafsfjörð að fá takmörkunum breytt. Eðlismunurinn á verzlunarlóð og öðrum lóðum innan bæjarfélagsins er í rauninni ekki annar en sá, að hver maður, sem er búandi á verzlunarlóðarsvæði, getur krafizt þess að fá sér afhenta ákveðna lóð, annaðhvort selda eða leigða, undir verzlunarrekstur, án þess að til komi sérstök eignarheimild. Þetta getur hann hins vegar ekki, ef farið er út yfir takmörk verzlunarlóðarinnar. Það getur því engan veginn verið til erfiðleika fyrir Kópavogshrepp að hafa þessa heimild, að hver maður, sem þar býr, geti fengið leyfi til að láta úthluta sér verzlunarlóð, ef hann sér sér og íbúunum hag í því að reka þar verzlun. Ef einhver væri svo hygginn eða þannig settur í hreppnum, að hann teldi sér hag í því að verzla einhvers staðar uppi á þeim fjöllum, sem hv. 6. landsk. benti hér á að væru innifalin í verzlunarlóðinni, þá sé ég ekki, að það sé til neinna óþæginda fyrir bæinn sjálfan, að hann hafi rétt til þess, nema síður sé. Hann þyrfti að fá sérstök sveitarverzlunarleyfi, ef hann væri utan takmarka verzlunarlóðarinnar, en ef það yrði á verzlunarlóðinni, þá lýtur það sömu reglum og aðrar lóðir, svo að engin ástæða er til þess að breyta lögunum af þeim ástæðum. Komi það hins vegar fyrir síðar, að einhver ástæða sé til þess að breyta þessu, sem nefndin sér ekki, þá er það alltaf opið fyrir hina nýju bæjarstjórn að fá því breytt. En nefndin getur ekki séð, eins og málin liggja nú fyrir, að nein ástæða sé til að breyta frv. vegna þessa ákvæðis.

Ég hef þá bent á þau atriði, sem hafa komið fram bæði með og móti í sambandi við þetta mál, og skal ekki ræða mikið þetta mál frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil þó, áður en ég lýk máli mínu, benda á, að oddviti hreppsins sýnist vera sjálfur á þeirri skoðun, að það sé alveg nauðsynlegt að setja sérstakt sýslumannsembætti fyrir Kjósarsýslu, eftir því sem kemur fram í nál. á þskj. 595. Fer þá að verða ákaflega mjótt á mununum, hvort settur er upp sérstakur sýslumaður í Kjósarsýslu og þar af leiðandi sérstakur sýslumaður Kópavogshrepps eða hvort setja skal hér á stofn nýtt embætti, sem hann annars telur kosta ríkissjóðinn allmikla peninga. En þegar þetta er athugað, að talið er nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir, sýnist mér falla niður þau rök, sem hann hefur fært fyrir því, að þetta frv. skuli ekki ná fram að ganga vegna kostnaðarins, því að kostnaðarmunur við að setja sýslumann eða bæjarfógeta getur ekki verið ýkja mikill.

Þá þykir mér einnig rétt að benda á, að það er engin vissa fyrir því, þó að nýjar kosningar fari fram í Kópavogshreppi, eftir að hann yrði gerður að sérstökum kaupstað, að þá haldi ekki þeir menn persónulega eða flokkslega þeim stöðum eða því valdi, sem þeir hafa í hreppnum nú. Ef tvennar undanfarnar kosningar hafa sýnt það, að fólkið hefur heldur viljað trúa þeim fyrir sínum málefnum, þá eru öll líkindi til þess, að einar nýjar kosningar enn eftir svo stuttan tíma muni einnig sýna það, að fólkið vilji fá þeim mönnum mál sín enn í hendur, nema því aðeins að annað af tvennu hafi skeð, að nýir aðilar hafi komið í hreppinn, sem litu á, að önnur stefna væri betri í málum hreppsbúa, eða að þessir aðilar hafi haldið svo á málunum þennan tíma, þó að hann sé ekki langur, að íbúum hafi snúizt hugur og vilji þá heldur láta fara aðrar leiðir í framkvæmdum. Ber þá allt að sama brunni, að þeim málum er skotið undir dóm fólksins sjálfs. Sýnist mér vera í því fullt lýðræði.

Þá þykir mér einnig rétt að benda á, að það er ekki farið eftir því um setningu laga hér á Alþingi, er hreppar fá kaupstaðarréttindi, hvort það hefur verið í enda kjörtímabils; það hefur

verið gert á öllum tímum. Hins vegar hefur verið samkomulag í öðrum tilfellum en hér í hreppsnefndunum um að láta ekki fara fram nýjar kosningar og að hreppsnefndin færi með umboð íbúanna, þar til kosningar ættu að fara fram samkv. öðrum lögum, og það hefði getað legið fyrir hér, ef það hefði verið fullkomið samkomulag um þessi mál í hreppsnefndinni. En það samkomulag hefur ekki verið fyrir hendi. En þetta, sem ég hef sagt nú, sannar það einmitt, að það er ekki verið að beita neinum sérstökum pólitískum samtökum gegn meiri hl. hreppsnefndar Kópavogshrepps, því að lögin um að gefa kaupstaðarréttindi til hreppa áður hafa ekki farið eftir því, hvort það væri bundið við kjörtímabil, heldur hafa verið aðrar ástæður, sem hafa knúið fram þær óskir, og það þótti sjálfsagt að verða við þeim.

Með tilvisun til þess, sem ég hef þegar skýrt frá, vill nefndin í heild leggja til, að frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 677, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Frá því að ég kom á þing, hefur æði oft verið breytt takmörkum á hreppum, sameinaðir hreppar eða hreppsbrot og í öðrum tilfellum klofnir í sundur hreppar og hreppsfélög og hlutar úr hreppsfélögum gerð að bæjarfélögum. Ég hef alla tíð litið svo á, að þessi þróun væri ekki eðlileg. Ég hef litið þannig á, að það væri miklu meira virði fyrir þjóðfélagið að hafa hreppsheildirnar dálítið stórar og sterkar. En sveitarstjórnarlögin hafa ekki verið uppbyggð þannig, að menn, sem saman eru í sama hreppi, geti fengið aðstöðuna þannig, að þegar atvinnuhættir verða mjög ólíkir innan hreppsfélagsins, þá geti þeir myndað deildir og komið að sínum áhugamálum. Þess vegna hefur það oft verið svo, að þegar komið er upp í hreppnum eitthvert ákveðið hverfi, sem hefur að einhverju leyti samstöðu um framkvæmdamál, önnur en hinn hlutinn, og jafnframt líka þá oft aðra atvinnuhætti, þá hefur hreppunum verið skipt, eins og þegar Þórshöfn er klofin úr Sauðaneshreppi, Hofsós úr Hofsóshreppi, Hafnahreppur úr Nesjahreppnum o. s. frv. Það er af því, að þá er komið upp hverfi innan hreppsins, sem er talið hafa sérhagsmuna að gæta, og þurfa sameiginlega að leggja í sérstakar framkvæmdir, sem heildin þarf að leggja í, eins og t. d. skólpleiðslur og vatnsleiðslur o. fl., sem hinum dreifðu bæjum, sem áður voru í sama hreppnum, þótti ekki rétt að taka þátt í. Þá hefur verið skipt hreppum. Þetta er gagnstætt því, sem er annars staðar, t. d. í Noregi, þar sem eitt hreppsfélag getur haft alveg gerólík sjónarmið á svona löguðum framkvæmdum, en heildarlögin um sveitarstjórnirnar það rúm, að innan þeirra geta rúmazt ólíkar gerðir eða ólíkir hættir í framkvæmdum viðkomandi hreppa, bornir uppi af hluta af hreppnum. Þetta er ekki til í okkar lögum, og af því hefur leitt þessa þróun, að það hefur verið sameinað og skilið til skiptis, eftir því sem á hefur staðið. Þegar Selfosshreppur verður til, er hann klofinn út úr fleiri hreppum, út úr Sandvíkurhreppi, Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, og það þó að Ölfushreppur óskaði alls ekki eftir því og vildi ekki missa sinn hluta. Sama er þegar hluti er tekinn úr Engihlíðarhreppnum og lagður undir Blönduós; það var á móti hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, sem Alþ. gerði það, en það var gert vegna þess, að það var álitið, að það væru sameiginleg hagsmunamál, sem byndu saman þann hluta Engihlíðarhreppsins, sem lagður var undir Blönduós, en þeir höfðu ekki áhuga fyrir, sem eftir voru í Engihlíðarhreppnum.

Svona hefur oft komið fyrir. Ég held, að hér hafi yfirleitt verið skökk stefna. Ég held, að það eigi að víkka út sjálf sveitarstjórnarlögin, þannig að innan þeirra takmarka geti myndazt deildir innan sveitarfélaganna, sem vinni að ólíkum hagsmunamálum. Það þurfi ekki t. d. að jafna niður á alla sveitarmenn fjárupphæð, sem tekin er til vatnsveitu í þorpi, sem myndazt hefur í viðkomandi hreppsfélagi, heldur geti myndazt um það sérsamningur eftir umgerð, sem þar um er sett í lögunum.

Þetta vildi ég láta koma fram fyrst og fremst, að ég tel, að við eigum að vinna að því og styðja að því, að hreppsheildirnar, hvort sem þær eru kallaðar bæjarfélög eða sveitarfélög, séu sem stærstar og sterkastar. En það er nokkuð öfugt við þá þróun, sem verið hefur á Alþ. þann tíma, sem ég hef á því setið.

Annað, sem ég vil leggja áherzlu á, er það, að ég tel, að í hverju hreppsfélagi, hvar sem það er og hvað sem það heitir, þurfi að vera til athafnalíf í hreppsfélaginu, sem geri það að verkum, að mennirnir, sem í því búa, hafi nóg að starfa, eftir því sem hægt er, og geti því borið þau gjöld, sem hreppsfélagið sameinað þarf að hafa til sinna þarfa, borguð af þeim störfum, sem unnin eru í hreppnum, og af þeim atvinnurekstri, sem þar er.

Hér hefur Kópavogshreppurinn algerlega sérstöðu við alla hreppa á landinu, þar sem mér vitanlega er ekki til í hreppnum nema eitt atvinnufyrirtæki, fyrir utan smurningsstöð og fáeinar búðir, atvinnufyrirtæki, sem byggist á hráefni, fiskvinnslu, sem allt er fengið að. En svo að segja allir menn í hreppnum hafa atvinnu utan hreppsins og langmest hér í Reykjavík. Ég hef ekki tekið saman, hvað þetta er mikið, en ég gæti trúað, að það væru yfir 90% af öllum útsvörum, sem lögð eru á í Kópavogshreppi, sem eru lögð á atvinnu, sem stunduð er utan hrepps. Og í hreppnum sjálfum er ekkert atvinnulíf til að bera uppi þau gjöld, sem hreppurinn þarf á að halda. Það er þess vegna ekki neinn sameiginlegur heildaratvinnurekstur, sem þarna er um að ræða og heldur hreppsbúunum saman hvað það snertir, heldur verður að leggja allar þarfir hreppsins á tekjur, sem sóttar eru út úr hreppnum. Ef það væru enn lög um skiptingu útsvara, eins og var fyrir nokkrum árum, þá mundu tekjurnar, sem Kópavogshreppur fengi af mönnum, sem vinna í Reykjavík, vera sáralitlar.

Ég sé þess vegna ekki og hef ekki skilið, hvaða rök liggja að því að gera Kópavogshrepp

að sérstöku bæjarfélagi. Ég hef ekki skilið það. Ég sé ekki annað en Reykjavíkurbær í raun og veru eigi rétt á hér um bil öllum útsvörum, sem lögð eru á í Kópavogshreppi. Tekjurnar, sem á er lagt, eru af atvinnu, sem unnin er hér í bænum, og ættu því að falla til Reykjavíkur. Þess vegna er það sjálfsagða í raun og veru, sem hér ætti að gera, að sameina Kópavogshrepp Reykjavík. Þá er bæði unnið að því að stækka og gera sterkari þá heild, sem fyrir er, Reykjavík, og líka settir saman í flokk þeir menn, sem vinna í sama lögsagnarumdæminu og bera þar sameiginleg útgjöld til sameiginlegra þarfa, en ekki eins og núna er, að nokkur hluti af þeim útgjöldum, sem Reykjavíkurbær samkvæmt eðli sínu ætti að hafa, er látinn renna til annars, Kópavogshrepps, sem ekki á tilverurétt.

Enn fremur vil ég benda á það, að þegar bæjarfélögin eru stór, veitist þeim miklu léttara, bæði í stofnkostnaði og í rekstri, að sjá um framkvæmdir í bæjarfélaginu. En ef Kópavogshreppur verður gerður að sérstöku bæjarfélagi, þá er óumflýjanlegt fyrir hann t. d. að fá sér tæki og vélar til að geta gert götur, grafvélar og annað til að geta gert holræsi o. s. frv. Allt saman þetta er til í Reykjavík, og þar er mörgum sinnum hægara að stjórna þannig fyrirtæki, bæði hvað stofnkostnað snertir og eins hvað rekstrarkostnað snertir. Því stærra sem það er, því ódýrari verða afköstin. En hér er ætlað að setja upp tvö hvort við hliðina á öðru, og með því verður allt dýrara. Þetta gildir líka alveg nákvæmlega eins úti í þorpunum á landinu. Því stærri sem hreppsfélögin eru, því betur anna þau verkefnunum, sem fyrir eru, og því hagkvæmari verða allar framkvæmdir.

Ég hef þess vegna aldrei skilið neitt heilbrigt sjónarmið, sem gæti legið til grundvallar því, að það ætti að gera Kópavog að sérstöku bæjarfélagi. Það er í bága við það, sem mér finnst eðlileg þróun í landinu, og það eykur að óþörfu fjárfestingu og kostnað, miðað við það, sem þarf að vera í Kópavogi, ef hann væri sameinaður Reykjavíkurbæ.

Nú er mér ekki vitanlegt, að fram hafi farið nein veruleg samkomulagsumleitun í þessu skyni. Ég hygg það hafi tekið a. m. k. 2 ár að ná samkomulagi um sameiningu á hluta af Glæsibæjarhreppnum við Akureyri og reyndar miklu meira, því að það var miklu lengur búið að tala um það. Það tók nokkuð langan tíma að sameinast um það, þegar lagður var undir Reykjavík hluti af Mosfellssveitinni, sem var þó ekki eiginlega nein brýn þörf á að leggja undir Reykjavík, að því leyti til, að sá hluti, sem þá var um að ræða, hafði enga sérstaka samstöðu með Reykvíkingum frekar en Mosfellssveit, nema síður væri. Það tók þó dálítinn tíma, þegar verið var að sameina Engihlíðarhreppinn og Blönduós. Það hafðist ekki fram, þegar fyrst var farið fram á það, af því að það var ekki búið að undirbúa málið nóg heima fyrir, svo að menn væru alveg sammála um það, báðir aðilar, og urðu það nú reyndar aldrei alveg, o. s. frv.

Þess vegna held ég, að hér sé verið að rasa fyrir ráð fram og það eigi að vinna að því að reyna að sameina Kópavogshrepp Reykjavík. Það er mín skoðun. Og til viðbótar því, sem ég hef sagt um hana, vil ég enn bæta því við, að þessi skoðun styðst enn fremur við það, að því lengra sem líður, eftir að þetta frv. verður samþykkt og Kópavogshreppur gerður að sérstöku lögsagnarumdæmi, því erfiðara verður að sameina kaupstaðina. Þess vegna er ég alveg viss um, þegar þessir menn nú telja, að þetta sé spor til sameiningar, sem þeir telja að eigi að koma á eftir, og þá skoðun hef ég orðið var við hér hjá allmörgum, að því fleiri ár sem líða, því erfiðari verður sameiningin. Þess vegna held ég, að það sé misstigið spor, sem hér er um að ræða; þótt það verði kannske stigið, þá sé það misstigið spor, sem jafnvel þeir, sem stíga það núna, komi til með að sjá eftir, ef þeir lifa lengi og sitja hér á Alþ. og þurfa aftur að glíma við sameiningu. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að Seltjarnarnesið, Bessastaðahreppur og líklega Hafnarfjörður fer allt undir Reykjavík. Alveg eins og við tókum Skerjafjörð á sínum tíma undir Rvík, fara þessi svæði öll undir Rvík. Og má vel vera, að spádómurinn rætist, sem prentaður var í pésa 1938 af einhverri konu, — ég man ekki, hvað hún hét, — þar sem hún þóttist sjá ártalið 1965, og þá var Reykjavík orðin einn stór bær og náði alla leið suður fyrir Hafnarfjörð og Hafnarfjörður innlimaður í hann og allt svæðið þar á milli. Þetta voru fjórar blaðsíður. Ég sá pésann einhvern tíma á götu, kostaði held ég 50 aura eða eitthvað, — hann er nú týndur fyrir löngu, — en ég býst við, að sá draumur rætist, hvort sem það verður það ár eða ekki, og að þetta spor, sem nú er stigið, tefji fyrir því. En þetta verður áreiðanlega þróunin. — Þetta vildi ég nú segja, þannig að það sjáist seinna meir, að ég hef ekki verið með því að stíga þetta víxlspor, sem hér verður stigið.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Ég talaði hér við 1. umr. þessa máls alllangt mál um þetta frv., vegna þess að ég taldi rétt að láta þegar við 1. umr. þess í þessari hv. d. koma fram af minni hálfu öll þau meginrök, sem ég hef fram að færa í sambandi við það, og þau atriði þar með, sem ég vildi benda á að ég teldi sjálfsagt að breyta í þessu frv., ef það yrði ofan á, svo sem virtist vera ráðið, að gera það að lögum nú. Nú hefur hv. frsm. heilbr.- og félmn. rætt um nokkur af þeim atriðum, sem ég drap á í ræðu minni við 1. umr. málsins, og einnig þær brtt., sem ég hef nú flutt við þetta frv. Hv. frsm. virtist ætla sér, er hann hóf ræðu sína, að taka fyrir öll rök, sem til væru með og móti þessu máli. Hann flokkaði þau niður. En mér virtist, að hann gerði a. m. k. ekki gagnrökunum öllum nein endanleg skil eða með öllu viðhlítandi, og skil ég vel, að hv. frsm. treysti sér ekki til að fjalla um í sinni ræðu fyrir samþykkt þessa frv. öll þau atriði, sem hefur verið bent á að mæla gegn samþykkt þess.

Hv. frsm., þm. Barð., flytur mörg mál og margar till. í þessari hv. deild, og hann fylgir þeim allajafna fram með allmiklum krafti sinnar sannfæringar. Mér hefur oftast virzt, að þó að við hinir, sem hér eigum sæti í þessari hv. deild,

getum oft ekki orðið honum sammála, þá sé hann fullkomlega trúaður á sanngildi þess, sem hann segir, og mál hans séu flutt af sannfæringu hans. En ég get ekki neitað því, að mér virtist það nú skína í gegnum hans ræðu, að hann væri ekki sjálfur sannfærður um, að þetta mál ætti með öllu þann rétt á sér, sem hv. n. virðist hafa komizt að raun um. Ég fann ekki þann sannfæringarkraft í orðum hans um þetta mál, sem mér virðist hann allajafna hafa, þegar hann ræðir um þær till. og þau mál, sem hann ber fram sjálfur hér í hv. deild, enda trúi ég því ekki, að hann hefði viljað vera viðriðinn flutning þessa máls og málatilbúnað allan, eins og hann liggur fyrir.

Það var meginefni ræðu minnar við 1. umr. þessa máls að sýna fram á, að með samþykkt þessa frv. yrði mörkuð hér á hv. **Alþingi stefna.** Í fyrsta lagi yrði gefið fordæmi um það, að Alþingi vildi taka gildan slíkan málatilbúnað sem fylgir þessu frv. Með því væri óneitanlega brotið í bága við flestar venjur, sem Alþingi hefur fylgt um meðferð slíkra mála sem þessa. Ég held, að hv. frsm. geti ekki bent á, að mál slík sem þessi hefðu nokkurn tíma fyrr verið flutt inn á Alþingi eftir ósk litilla ákveðinna hópa innan sveitarfélaga, sem óskuðu, að þeim yrði með lögum breytt í kaupstað. Hv. frsm. virtist hafa kynnt sér meðferð þeirra mála hér á Alþingi, sem gætu talizt sambærileg við þetta. Ég held, að hann hefði komizt að raun um, ef hann hefði kynnt sér það, að þau mál hafa alltaf verið borin fram samkvæmt ósk sveitarstjórna, og því hefur fylgt meiri og minni stuðningur íbúa viðkomandi sveitarfélaga. En hér verður ekki um það deilt, að þetta mál er ekki flutt samkvæmt ósk sveitarstjórnar.

Hv. frsm. vildi einnig skýra það svo, að þetta mál væri flutt með meðmælum sýslunefndar. Ég get ekki skilið, hvernig hv. frsm. getur staðhæft slíkt, þar sem umsögn sýslunefndar liggur fyrir í prentuðu þingskjali og þar segir berum orðum, að sýslunefnd telji það eina eðlilegt í slíkum málum sem þessu, að fram komi eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar eða óumdeilanlegur meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hreppsins; því aðeins að þetta liggi fyrir, annað hvort eða hvort tveggja, telji sýslunefnd eðlilegt, að Kópavogshreppur verði gerður að sérstökum kaupstað. En hitt liggur einnig ljóst fyrir, að sýslunefnd Kjósarsýslu óttast um framtíð síns sýslufélags við það, að Kópavogshreppur verði skilinn frá sýslunni, með því að þá mundu athafnamöguleikar sýslunnar verða veiktir stórlega, en hún er þegar lítil og veik fyrir.

Eins og umsögn sýslunefndar liggur fyrir, getur ekki verið neinn vafi á því, að sýslunefnd mælir ekki með málinu. Um hitt er svo hægt að deila og hefur verið deilt, hvort nú liggi fyrir vilji meiri hluta atkvæðisbærra íbúa hreppsins — atkvæðisbærra, eins og sýslunefndin komst að orði. Það hefur í blöðum og hér á hv. Alþingi verið fullyrt, að það, sem liggur fyrir í því efni, séu þær undirskriftir manna, þær áskoranir í þessu efni, sem sendar hafa verið Alþingi, og nú upp á síðkastið hefur verið sagt, að það liggi fyrir undirskriftir 822 manna, en hins vegar vill enginn þeirra, sem nefna þessa tölu, telja þá kjósendur í hreppnum eða atkvæðisbæra menn. Það getur enginn, því að það er upplýst, að í þessum hópi, jafnvel þó að þessi tala væri tekin, er fjöldi manna, sem er ekki og verður, held ég, seint atkvæðisbærir menn í Kópavogshreppi. Það er í þeim hópi fjöldi manna, — það hefur þegar verið upplýst, — sem alls ekki eru íbúar í Kópavogshreppi, alls ekki finnanlegir í neinni íbúaskrá Kópavogshrepps, margir tugir manna. Það er í þeim hópi stór hópur útlendinga, sem verða ekki fyrst um sinn og ég held varla næstu árin atkvæðisbærir í Kópavogshreppi. En síðan hefur verið um það deilt, við hvað ætti að miða, þegar rætt væri um það, hverjir séu atkvæðisbærir í Kópavogshreppi um þetta mál, og menn hafa sagt: Það má ekki miða við núgildandi kjörskrá, heldur þá kjörskrá, sem á að ganga í gildi næsta ár og gilda frá 24. jan. 1956 til 23. jan. 1957. En ef menn vilja miða við þá kjörskrá, þá vandast málið fyrir þá, sem vilja gera undirskriftahópinn að meginrökum í þessu máli, því að þótt sú tala manna á undirskriftaskjölunum, sem hæst er nefnd, væri tekin, er það ekki helmingur af þeirri kjörskrá, sem ég nú nefndi, ekki líkt því. Ef menn segja, að í Kópavogshreppi eigi allir fulltíða menn, 21 árs eða eldri, skulum við segja, að ráða þessu, þá eru þeir mun fleiri vitanlega en kjósendur, og þessi tala, 822, þó að ég taki hana enn, er ekki nálægt því meiri hl. íbúa á þessum aldri.

Nú hef ég talið, að úrskurðarvald um það, hvort stofna ætti kaupstað í Kópavogshreppi eða ekki, ætti að vera, eins og sýslunefnd taldi, á valdi atkvæðisbærra manna, þ. e. a. s. kjósenda á þeim tíma, sem slík könnun færi fram eða atkvgr., eins og allajafna verður að vera og er í okkar landi, þegar kosið er um einhverja hluti. Jafnvel þó að ekki séu kosningar í kjördæmum, þá er það til, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Hún hlýtur að fara fram og hefur farið fram hér á landi samkv. kjörskrá. Engum hefur til þessa dottið í hug að halda því fram, að allir íbúar í landinu ættu að kjósa um það, sem lagt er fyrir til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þess vegna verður að leggja af öllum ástæðum einhverja kjörskrá til grundvallar. Þá hef ég talið, að hið eina rétta væri að leggja til grundvallar gildandi kjörskrá samkv. okkar lögum, og það er vitanlega sú kjörskrá, sem kosin yrði eftir bæjarstjórn í nýstofnuðum Kópavogskaupstað, ef kosning færi fram á næstu mánuðum á þessu ári. Og ég hef sagt: Hvað er eðlilegra en að þeir menn, sem hefðu rétt til að kjósa sér bæjarstjórn, þeir og ekki aðrir, hefðu rétt til þess að ráða um það, hvort eigi að fá þessa bæjarstjórn?

Um hitt, að þessi kjörskrá, sem fyrir liggur, hafi legið frammi kjósendum til könnunar, til þess að þeir gætu mótmælt henni í þeim atriðum, sem þeir teldu röng, um það, hvort hún sé rétt gerð og samkv. gildandi lögum og venjum í landinu, geta ekki verið hér á Alþingi neinar deilur. Hún er rétt samkv. gildandi lögum.

Ég hef kynnt mér það sérstaklega hjá kunnugustu mönnum, forráðamönnum Reykjavíkurbæjar, sem kunnugir eru þessum efnum, hvort nokkurn tíma hafi verið vikið frá gildandi laga-ákvæðum um kjörskrár í sveitarstjórnarkosn-

ingum í Reykjavík, eins og ég þekki þær og aðrir, sem hafa kynnt sér þær. Nei, það hefur aldrei verið. Það hafa aldrei verið teknir gildir sem kjósendur í Rvík aðrir en þeir, sem fluttir eru sannanlega inn í byggðarlagið á þeim tíma, sem kjörskrá er samin, en það er í samræmi við ákvæði gildandi laga. Öll blaðaskrif, sem hafa átt sér stað í Rvík um þetta atriði, að það hafi ekki verið lögð fyrir rétt kjörskrá í Kópavogshreppi við þá atkvgr., sem þar fór fram, eru því ekki á neinum rökum reist, enda vil ég benda á það, eins og ég benti hv. n. á, að heima í Kópavogshreppi komu ekki fram af hálfu minni hl. hreppsnefndar nein mótmæli nokkurn tíma gegn því, að fyrirhuguð atkvgr. færi fram samkvæmt þessari gildandi kjörskrá. Það hefur hvergi komið fram og er hvergi bókað af hálfu minni hluta sveitarstjórnar Kópavogshrepps, og engin tilmæli um það, að farið yrði eftir öðrum reglum, þegar ákveðið yrði, hverjir skyldu greiða atkvæði um þetta mál í Kópavogshreppi. Ég held því að þessu athuguðu, að það yrði harla erfitt að sýna fram á, að fyrir liggi nú meiri hl. atkvæðisbærra manna í Kópavogshreppi, sem óski eftir því, að hann verði gerður að kaupstað; hvaða tölur sem yrðu teknar, hvaða kjörskrá sem yrði tekin, verði erfitt að sýna fram á þetta.

Það liggur því hvorugt fyrir hér, hvorki ósk sveitarstjórnar né meiri hluta atkvæðisbærra manna, og það er í því fyrst og fremst, sem Alþingi viki frá fyrri venjum í þessum málum og gengi á móti þeirri umsögn sýslunefndar, sem fyrir liggur í málinu.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál við þessa umræðu í öllum atriðum, þó að það væri ef til vill ástæða til þess að taka fyrir til umræðu jafnvel hverja grein þessa frv., sem fyrir liggur.

Hv. frsm. komst svo að orði, að uppbygging og orðalag þessa frv. gæfi ekki tilefni til breytinga, þetta frv. væri samið eftir þaulhugsuðum fyrirmyndum. Það er leiðinlegt frá því að segja, en ég hef vakið athygli á áður í umræðum um þetta mál, að fyrirmyndirnar, sem Alþingi hefur í þessum lagasetningum um bæjarstjórnir, virðast ekki hafa verið þaulhugsaðar nú á síðustu árum, þegar Alþingi hefur sett lög í þessu efni, því að það hefur alltaf verið farin sú leið að samþykkja lög eftir hinum elztu fyrirmyndum. Öll bæjarstjórnarlög, sem nú gilda, eru samin eftir hinum elztu fyrirmyndum, sem til eru, og þau eru algerlega úrelt, ef ætti að taka hvert ákvæði laganna bókstaflega og hafa þau í heiðri, eins og rétt væri.

Hver sveitarstjórnarmaður hlýtur að viðurkenna, að mörg ákvæði bæjarstjórnarlaga og það nýlega settra og þar á meðal þessa frv. eru alveg óframkvæmanleg, svo að ekki eru þaulhugsaðar nýlega fyrirmyndirnar, sem þetta frv. er samið eftir. Það er þess vegna hin mesta nauðsyn, að bæjarstjórnarlög einhver og helzt þá sameiginleg bæjarstjórnarlög fyrir bæjarstjórnirnar í landinu væru tekin fyrir að nýju og þaulhugsuð, en það liggur ekki fyrir um þetta frv. Það er svo langt frá því, að það hafi verið hugsað að nýju, að mörg ákvæði þess, sem tekin eru eftir öðrum lögum, eru beinlínis fáránleg, ef litið er á aðstæður í Kópavogshreppi; þau eiga alls ekki við, svo sem ákvæðið um verzlunarlóð kaupstaðarins til dæmis.

Mun ég freista þess að bera fram nokkrar brtt., sem ég óska að kæmu til atkvæða hér í hv. deild, ef það væri sýnt, að þetta frv. ætti að ná fram að ganga, og þ. á m. um nokkur af þessum atriðum. En ég tel það ekki meginatriði þessa máls. Ég tel það höfuðatriði þessa máls, að Alþ. markar með því þá stefnu, að það vilji, að aðgreindar verði miklu fremur en nú er byggðirnar í kringum Reykjavík, aðgreindar frá höfuðstaðnum sjálfum, og það álít ég aðalatriði þessa máls. Og það er um það, sem ég vildi fara nokkrum orðum, þó að ég ræddi það rækilega í ræðu minni við 1. umr. málsins.

Ég hef alltaf viðurkennt það, að ef fólksfjöldi í sveitarfélagi er lagður til grundvallar um það, hvort gera eigi það sveitarfélag að kaupstað, þá er sá fólksfjöldi fyrir hendi í Kópavogshreppi nú og hann var það fyrir mörgum árum, án þess að nokkrum mönnum dytti þá í hug að bera það fram, hvorki í héraði né hér á Alþ., að sjálfsagt væri að gera Kópavogshrepp að kaupstað vegna fólksfjöldans eins. Þetta hefur ekki verið gert, vegna þess að öllum heilvita mönnum hefur verið það ljóst, eftir að sá fólksfjöldi var orðinn í Kópavogshreppi, sem var sambærilegur við það, sem önnur kauptún höfðu, þegar þau voru gerð að kaupstað, að allar aðrar ástæður en fólksfjöldinn voru á móti því að gera Kópavogshrepp að kaupstað. Svo fullkomlega sem ég játa það, að fólksfjöldinn gæti verið ástæða til þess, þá er hitt jafnljóst, að hann hefur fyrir löngu verið til staðar nægilegur, en án þess að mönnum hafi þó komið til hugar að gera Kópavogshrepp að kaupstað.

Kópavogshreppur var kominn yfir 1000 íbúa á öðru ári eftir að hann var stofnaður. Það hefði verið frambærilegt að gera hann að kaupstað, þegar hann var stofnaður sem hreppur, því að þá var hann að nálgast að komast í 800 íbúa og margir voru á leiðinni, ef þetta eitt ætti að ráða. En ef fólksfjöldi einn ætti að ráða og það væri sjálfsagt að gera hverja byggð, sem hefði 900—1000 íbúa, að kaupstað, þá væri það sjálfsagt um Seltjarnarneshrepp t. d. í dag, jafnvel Mosfellshrepp, Silfurtún með hluta af Garðahreppi gæti svo komið, og ef þessi rök ein valda því, að Alþingi vill gera Kópavogshrepp að kaupstað, þá er þar með mörkuð sú stefna, að hinar byggðirnar í nágrenni Reykjavíkur eigi að hljóta sömu meðferð, hljóta sömu réttindi, ef menn vilja orða það svo, a. m. k. ef þær óska eftir því. Og það er þetta, þessi stefna, sem verður tekin upp með þessu frv., ef það nær samþykki Alþingis, sem er í mínum augum fjarri heilbrigðri skynsemi.

Um öll þau kauptún, sem hafa verið gerð að kaupstöðum með sérstökum lögum á fyrri árum, hefur það verið alkunnugt, að þau hafa vaxið upp sem verzlunarstaðir stórra héraða, sem að þeim hafa legið. Þau hafa verið kaupstaðir þessara héraða og nokkurs konar höfuðstaðir. Þangað hafa legið allar leiðir úr þeirri sýslu, sem þau hafa verið hluti af. Það eru staðir, þar sem útgerð hefur svo risið upp í sambandi við verzlun

og atvinnurekstur ýmiss konar þar á eftir, og þar hefur komið, að þessir höfuðstaðir þessara héraða hafa óskað eftir því að losna úr stjórnarfarslegum tengslum við sínar sýslur af ýmsum ástæðum og fá eigin framkvæmdarstjórn. Það geta verið þar ríkar ástæður til, aðrar en þær, að sýslurnar hafi nokkuð gengið á rétt þessara kauptúna eða þjakað þeim. Það hafa verið þær ástæður, sem ég drap á hér áður, erfiðleikar að koma á t. d. framkvæmdarstjórn, sem ekki þurfa að liggja fyrir nú. En öllum hefur verið ljóst, að þessi kauptún, sem hafa verið gerð að kaupstöðum, hafa verið sjálfstæðar heildir atvinnulega og efnahagslega. Þar hefur verið verzlun, útgerð, iðnaður o. s. frv., og fólkið hefur dregizt að vegna þess. En þetta horfir þveröfugt við um Kópavogshrepp. Þar kom fólkið fyrst, þúsundir manna, án þess að atvinnutækin fylgdu á eftir. Það er rétt, sem hv. 1. þm. N-M. sagði hér áðan, í aðalatriðum, að þar eru örfá atvinnufyrirtæki, sem nokkra teljandi atvinnu veita í sveitarfélaginu. Og hversu mikið sem íbúum Kópavogshrepps kann að fjölga á næstu árum, þá er það víst, að atvinnutækin geta ekki komið hlutfallslega í samræmi við það. Það er nær óhugsandi. Það er því í dag því miður hægt að fullyrða, að það er útilokað, að Kópavogshreppur geti verið sjálfstætt atvinnusvæði. Reykjavík og allar nágrannabyggðir hennar eru eitt atvinnu- og efnahagssvæði, og það verður svo. Því getur engin lagasetning breytt. En spurningin fyrir hv. Alþ. er sú, hvort það eigi að aðgreina þetta sameiginlega atvinnu- og efnahagssvæði í mörg, frekar en nú er, með því að hólfa það niður í sérstaka kaupstaði eða sérstök sveitarstjórnarumdæmi í ríkari mæli en þegar er orðið. Það er þetta, sem ég tel óeðlilegt og gegn heilbrigðum rökum heilbrigðrar skynsemi, því að fyrir liggur augljóslega í hugum allra manna, sem um þetta hugsa, hin önnur leið, að leitað verði eftir því að sameina þessar byggðir á skynsamlegan og sanngjarnan hátt, svo að bæði Reykjavíkurbær, sem þarfnast útþenslu vegna svívaxandi íbúafjölda og síaukinnar byggðar, geti unað við það og líka byggðirnar í kring. En hingað til hefur það verið svo, að Reykjavíkurbær hefur ekki þekkt nema eina leið til þess að færa út lögsagnarumdæmi sitt eftir þörfum, og hún er sú að krefjast þess af Alþ., að lög verði sett á hverjum tíma eftir þeim þörfum, sem Reykjavíkurbær hefur talið liggja fyrir, og hlutar af nálægum byggðarlögum og sveitarfélögum innlimaðir, án þess að sveitarfélögin hafi nokkuð getað þar rönd við reist, þó að þau hafi verið á móti því að verða svo skert sem raun hefur verið. Ég tel þessa leið, sem farin hefur verið til þessa af hálfu Reykjavíkurbæjar, ósanngjarna í garð nágrannabyggðarlaganna, og þó að ég viðurkenni þörf Reykjavíkur fyrir aukið landrými, þá vil ég ekki viðurkenna þessa leið, sem hefur verið farin til þessa.

En ég vil ekki heldur viðurkenna, að það sé skynsamlegt að aðgreina enn þá frekar og undirstrika mörkin milli Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga hennar. Ég álít, að það sé fullkomlega tímabært að taka þessi mál, sem eru vandamál, sem liggja fyrir í dag, til rækilegrar athugunar, og það verði bezt gert með því, að hæstv. ríkisstjórn beiti sér fyrir slíkri athugun og fulltrúar þessara byggðarlaga, Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og hreppanna í kringum Reykjavík, setjist saman að borði og reyni að finna leiðir, sem allir þessir aðilar geti fellt sig við og verði farnar í framtíðinni, í náinni framtíð eða fjarlægri, eftir því sem þeir legðu til. En þá leið að taka eitt af þessum byggðarlögum út úr, sem er auk þess, eins og það er í dag, einna verst sett til þess að sjá íbúum sínum farborða atvinnulega, vegna þess að það hefur risið upp á örskömmum tíma, á miklu skemmri tíma en öll hin byggðarlögin í nágrenni Reykjavíkur, tel ég svo fráleita, að ég hefði ekki trúað því, að sú till. yrði tekin alvarlega af hv. Alþ., sem áreiðanlega skilur þetta mál í nokkurri heild. En ég veit, að það kann aldrei góðri lukku að stýra, þegar mál eru tekin upp eingöngu á pólitískum grundvelli, miðuð við þrönga pólitíska hagsmuni, eins og menn ímynda sér þá í ákveðnum flokkum eða flokksbrotum. Það eru sjaldnast hinar skynsamlegu leiðir, sem finnast, ef látnir eru ráða eingöngu pólitískir hagsmunir. En það er það, sem gerir allt þetta mál óeðlilegt, frá því að það var tekið upp fyrst fyrir tveimur mánuðum í Kópavogshreppi og til þessa dags, að það er aðeins miðað við það, að kosningar geti farið fram á næstu mánuðum í Kópavogi.

Ég veit, að enginn hv. þdm. tekur það alvarlega, að stofnun kaupstaðar í Kópavogi sé spor í þá átt að sameina byggðina í Kópavogi Reykjavíkurbæ. Það tekur það enginn alvarlega. Það er hægt að slá slíku fram í einhverjum deilum, en það veit ég að enginn hv. þdm. trúir á. En ég hef nú og raunar áður undirstrikað þetta sem aðalatriði þessa máls, að Alþingi markar með samþykkt þessa frv. þá stefnu, að það vilji aðgreina byggðirnar í kringum Reykjavík, en ekki sameina þær, og að það vilji taka gildan allan þann málatilbúnað og þá málsmeðferð, sem liggur fyrir í þessu máli. Ég hef varað við þeim afleiðingum, sem það kynni að hafa. Það er ólýðræðislegt athæfi, sem hér hefur farið fram, en það er mjög alvarlegt, ef Alþ. leggur blessun sína yfir það allt og gefur þannig það fordæmi fyrir framtíðina, að slíkur málatilbúnaður og málsmeðferð sé af hálfu lýðræðisflokka, eins og þeir eru í landinu í dag, talin góð og gild.

Ég hef nú fært fram þau rök fyrir því, sem ég tel liggja augljóslega fyrir, að það eigi að athuga þetta mál á þeim grundvelli, að reynt verði að finna leiðir fyrir framtíðina um skipun mála að því er sveitarstjórnarmál snertir í Reykjavík og nágrenni hennar, og ég álít, að það eigi einnig að taka til Hafnarfjarðar og nágrannahreppa Hafnarfjarðarbæjar. Ég vil því leyfa mér að bera fram á þessu stigi málsins svofellda till. til rökstuddrar dagskrár, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að deildin telur tímabært, að tekin verði til athugunar skipun sveitarstjórnarmála í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, telur hún það eðlilegustu meðferð þessa máls, að ríkisstjórnin skipi nú þegar 9 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig bezt

verði fyrir komið til frambúðar skipan sveitarstjórnarmála í næsta nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að bæði þessir bæir og núverandi nágrannasveitarfélög þeirra megi vel við una, og sé nefndin skipuð mönnum tilnefndum af þeim sveitarfélögum öllum, sem hér eiga hlut að máli, og enn fremur af sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Í trausti þess, að nefnd þessi hraði störfum, svo að tillögur hennar geti komið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég mun nú að loknu máli mínu eða innan stundar afhenda hæstv. forseta þessa till. En ég vildi aðeins að síðustu leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram og hefur verið leitað afbrigða fyrir hér í hv. d. og ég óska að komi til atkvæða að fallinni þessari rökstuddu dagskrá. Ég hef þegar rætt efni þessara till. og skal ekki tefja tímann með því að fara um þær mörgum orðum.

Fyrsta brtt. er þess efnis, að væntanlegur bæjarfógeti í Kópavogshreppi verði jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þá till., sem ég tel alveg sjálfsagða.

Önnur brtt. er um verzlunarlóð kaupstaðarins, sem ég hef einnig rætt. Ég flyt nú brtt., sem þrengir nokkru meir en sú till., sem kom fram í hv. Nd. um þetta atriði, þau takmörk, sem verzlunarlóð væntanlegs kaupstaðar í Kópavogi yrðu sett. Eins og ég tel það ekki ná neinni átt, að verzlunarlóð nái upp um fjöll og firnindi, þá tel ég ekki heldur vit í því, að verzlunarlóð verði látin ná til landareigna jarða, sem stofnaðar hafa verið sem nýbýli fyrir örfáum árum, að það verði gefið undir fótinn með það, að úr landi þessara nýstofnuðu nýbýla, sem menn hafa tekið við til ræktunar með samningum við nýbýlastjórn fyrir hönd ríkisins, verði veittar lóðir til verzlunar, verði hægt að gera þá kröfu samkv. skilningi á lagaákvæðum um það. Ekki heldur tel ég að það gæti komið til mála, að það væri hægt að gera kröfu um verzlunarlóð í landi hælanna í Kópavogi, sem hefur verið afhent heilbrmrn. sérstaklega handa þessum hælum og til búrekstrar vegna þeirra, en þetta land liggur að vegum, sem gera það mjög eftirsóknarvert, ef það fengist sem verzlunarlóð. Ég álít, að það væri beinlínis varasamt að láta verzlunarlóð ná til þessa lands hælanna, því að það getur orðið mjög eftirsótt sem verzlunarlóð, en hins vegar fjarri lagi að taka það af hælunum.

Þriðja brtt. er um það, að ekki sé skylt að stofna slökkvilið í hreppnum, nema því aðeins að yfirumsjónarmaður brunavarna telji það nauðsynlegt, en það er skylda samkv. nýlega settum lögum um brunavarnir, að slökkvilið sé í hverjum kaupstað. Eins og ég hef áður sagt hér í hv. d., liggur það fyrir, að engir, sem til þekkja og sérfróðir eru um þau mál, telja nauðsynlegt að stofna sérstakt slökkvilið fyrir þennan kaupstað, en starfræksla þess eins og reyndar fjölmörg önnur starfræksla langhagkvæmust og sjálfsögðust í sambandi við Reykjavíkurbæ.

Síðasta brtt. er svo þess efnis, að ríkissjóður afhendi hinum nýja kaupstað verzlunarlóð hans, eins og hún er ákveðin í 3. gr., og er þar vitanlega átt við: að samþykktri þeirri takmörkun, sem felst í brtt. minni, og verði þetta gert kvaðalaust af hálfu ríkissjóðs. En hugsanlegt er vitanlega, að einhverjar kvaðir liggi á þessum löndum, en ég á við það með þessu orðalagi till., að ríkissjóður láti af sinni hálfu ekki fylgja því neinar kvaðir, þegar kaupstaðurinn tekur við. Þær gætu verið nógar aðrar annars eðlis, þó að ríkissjóður setti þær ekki.

Auk þess legg ég til, að ríkissjóður leggi kaupstaðnum til 2 millj. kr. framlag vegna óvenjulegs kostnaðar við hina ört vaxandi byggð. Um það atriði hef ég rætt líka og leyft mér að minna á í því sambandi ummæli hv. aðalflutningsmanns þessa frv., þess efnis, að Kópavogshreppur og íbúar hans eigi siðferðislega kröfu á hendur ríkissjóði um stórar upphæðir. Og hv. aðalflutningsmaður frv. nefndi í því sambandi engar smáupphæðir, heldur milljónir króna. Ég leyfi mér að minna á þessi ummæli hv. þm. G-K., hæstv. forsrh., sem standa prentuð eftir honum í blaði, sem hann sendi kjósendum sínum væntanlegum í Kópavogshreppi ekki alls fyrir löngu. Vona ég, að hæstv. forsrh. muni eftir því enn, að hann gaf kjósendum sínum undir fótinn með það, að því yrði ekki illa tekið, ef þeir færu fram á nokkurra millj. króna framlög úr ríkissjóði vegna allra aðstæðna þar í hreppnum.

Hann taldi um leið, að íbúarnir í Kópavogshreppi gætu átt dálítið svipaða kröfu á hendur Reykjavíkurbæ, en það liggur nú ekki fyrir að krefja hann í þessu sambandi. En mér kæmi það undarlega fyrir sjónir, ef hv. aðalflutningsmaður þessa frv. vildi nú láta fylgismenn sína hér á hv. Alþingi, sem hann kveður nú til þess með allmikilli hörku suma að fylgja þessu frv., fella þessa till. um ofur lítið framlag til þess að styðja hinn nýstofnaða kaupstað til að standa undir sínum hlutverkum, eftir að hann hefur gefið þeim svo fagurt fyrirheit um það í opinberu blaði fyrir kosningar, að þeir eigi til þess siðferðislegan rétt. Mig langar til að heyra rökin, sem hv. aðalflutningsmaður þessa frv., hæstv. forsrh., kann að hafa fyrir því, að það sé ekki rétt að samþykkja þessa brtt. mína eins og hún liggur hér fyrir.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég var minntur á einhverja grein, sem hefði birzt í einhverju kosningablaði, sem hv. síðasti ræðumaður hefur kynnt sér og man betur en ég. Ég mun að sjálfsögðu athuga, hvaða fyrirheit ég hef gefið mínum kjósendum í þessum efnum, en vil á þessu stigi málsins fullyrða, að það sé milljóna króna virði fyrir Kópavog að losna við stjórn hans á Kópavogi.

Ég hef ekki haft ánægjuna af því að heyra góðar ræður, sem hv. andmælandi þessa frv., 6. landsk. þm. (FRV), hefur viðhaft hér í þeim fjögurra eða fimm tíma ræðum, sem hann kann að hafa haldið um þetta mál. En þegar ég hef skotizt inn í d. öðru hverju, hefur mér fundizt hann vera meira og minna jafnan að tala um það sama, og bregður þá ekki mær vana sínum, því að þetta er alveg sama og hans flokksbræður gerðu í Nd., þegar þeir héldu samtals 7 klukku-

tíma og 18 mínútna ræður um málið, og talaði þá hver eftir öðrum og allir sömu ræðuna, eiginlega lítið annað en hefði mátt orða í nokkrum setningum.

Mér hefur heyrzt, að þessi hv. þm., hv. 6. landsk., hafi aðallega lagt áherzlu á tvennt í sínum ræðum. Annað er það, að sameina beri Kópavog og Reykjavík. Hann hefur fært, þegar ég hef skotizt hér inn frá öðrum önnum, ýmis rök fyrir því, að þetta sé eðlilegur gangur málsins og muni vera Kópavogsbúum til hinna mestu hagsbóta, þeir hafa ekki atvinnutæki til þess að standa undir eðlilegri atvinnuþörf hreppsins, og ýmisleg önnur rök hefur hann að þessu leitt.

Nú spyr ég hann: Ef þetta er svo, sé það í raun og veru sáluhjálparmál Kópavogsbúa að sameinast Reykjavík, hvernig stendur þá á því, að sá mæti forustumaður Kópavogsbúa, oddviti um mörg ár, sem hefur búið þar við einræðiskenndan meiri hluta, hefur aldrei látið sér detta þetta snjallræði í hug, fyrr en nú, þegar hann eygir, að völdin eigi að takast úr hans höndum til þess að fara með málefni þessa byggðarlags? Þetta er samvizkuspurning á örlagastundu, lögð fyrir þennan mæta mann, og ég veit, að hann lætur það ekki standa sér fyrir þrifum, þó að hann þurfi að skýra það í nokkuð langri ræðu á næturfundinum, sem hér mun verða eftir matarhléið.

Hitt meginatriðið, sem mér hefur skilizt hann leggja höfuðáherzlu á, er, að hér sé verið að beita kúgun. Ég hef gaman af spaugsömum mönnum, og mér hefur þótt hann flytja þessi rök með mikilli stillingu og talsverðum sannfæringarkrafti, án þess að mér hafi dottið í hug, að hann hafi meint nokkuð með þessum fullyrðingum. Honum er vel kunnugt um það, að heima í héraði hefur málið verið þannig rekið, að þó að það hafi verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að ná saman hreppsnefndarfundi til að ræða um þetta mál, hefur ekki auðnazt að koma á slíkum fundi. Þegar svo kjósendur í hreppnum voru úrkula vonar um eðlilega forustu í framkvæmd sinna óska fyrir milligöngu þessa aðila, sem í bili fer með stjórn hreppsins, þ. e. a. s. meiri hluta hreppsnefndar, þá gripu þeir til þeirra úrræða, eins og áður hefur verið skýrt frá, að halda um þetta fundi, og þrjú lýðræðisfélögin, sem héldu um þetta fundi hvert í sínu lagi, gáfu út yfirlýsingar um, að þetta væri eindreginn vilji kjósenda þessara flokka, og hv. 6. landsk. veit eins og ég, að þeir fara með vald eða umboð meiri hl. kjósenda í hreppnum. Hann tók ekkert tillit til þess.

Það næsta, sem gert var, var að boða til almenns kjósendafundar um þetta mál, þar sem allir voru boðnir og velkomnir. Á þeim fundi var borin fram till. til stuðnings þeim kröfum, sem felast í því frv., sem hér er til umr., og á þeim fundi fengu þær óskir svo að segja einróma undirtektir allra fundarmanna, þar sem allir flokkar voru boðnir og velkomnir.

Eftir þennan fund ákvað lið hv. 6. landsk. að hafa annan fund til að hrinda ákvörðun þessa fundar. Þeir boðuðu til hans sjálfir og buðu menn velkomna, en einnig á þeim fundi var svo ljós vilji manna á fundinum, að forustumennina brast kjark til þess að bera fram svo mikið sem ósk eða till. um andmæli gegn ákvæðum þess frv., sem hér er borið fram.

Eftir allt þetta og eftir að sýslunefnd Kjósarsýslu hefur látið í ljós ósk um, að fyrir liggi annaðhvort meðmæli hreppsnefndar Kópavogshrepps eða vilji kjósendanna, eiga lýðræðisflokkarnir ekki annars úrkostar en að leita álits kjósendanna með undirskriftaskjölum til þess þannig að þvinga oddvitann til að gera sjálfum sér ljóst, hvað kjósendurnir vilja. Þessi undirskriftaskjöl eru margrædd hér á Alþ., og þau eru undirrituð af 822 kjósendum af þeim 1351, sem eru á þeirri kjörskrá, sem nú liggur frammi í þessum hreppi.

Eftir allt þetta ákveður svo oddvitinn, sem er hv. 6. landsk., að ganga á það lag, að ýmsir Kópavogsbúar í ýmsum flokkum kunni að óska eftir því að sameinast Reykjavík, fremur en að leggja áherzlu á, að það frv., sem hér liggur frammi, verði lögfest. Atkvgr. um það ákveður hann sjálfur og hans meiri hl. að skuli fram fara 24. apríl, og hann gerir það, þegar það var almenn skoðun á Alþ., að takast mætti að ljúka þingstörfum 10. apríl, allt í því skyni að geta hindrað framgang málsins, að geta staðið fyrir þrifum þeim augljósa vilja kjósendanna, sem lá fyrir Alþ. með undirskriftaskjölunum.

Þessar kosningar fóru fram, og þær sýndu, að hans lið var ekki nema 494 menn á móti þeim 822, sem höfðu lýst þeim eindregna vilja, að þetta frv. næði fram að ganga.

Eftir allt þetta kemur svo þessi forustumaður hreppsins og berst með oddi og egg gegn því, að þessi vilji megi ná fram að ganga, og þetta gerir hann í nafni lýðræðis. M. ö. o.: Þegar kjósendur í þessum hreppi eru eftir lögformlegum leiðum búnir að leita allra úrræða til að fá fram almennan vilja í hreppnum og alltaf gegn andstöðu hv. 6. landsk., og þegar þrátt fyrir það augljóslega liggur fyrir greinilegur, stórkostlegur meirihlutavilji, þá er seinasta vígið að berjast hér á Alþ. með málþófi gegn þessum vilja.

Ég verð að játa, að margt, sem hv. þm. sagði og ég heyrði, var greindarlegt, eins og hans var von og vísa, en það minnti mig meira á köttinn, sem var að fara í kringum grautinn, heldur en rökræður um kjarna málsins. Og að lokum ber hann svo hér fram rökstudda dagskrá um það að fresta málinu, það er seinasta vígið, sem hann nú stendur í, þar sem hann vill láta samþykkja, að deildin telji tímabært, að tekin verði til athugunar skipun sveitarstjórnarmála í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hví ekki að taka til athugunar skipun sveitarstjórnarmála yfirleitt í landinu? „Af þessum ástæðum," segir hann, „legg ég til, að ríkisstj. skipi 9 manna n. til þess að athuga og gera till. um, hvernig bezt verði fyrir komið til frambúðar skipun sveitarstjórnarmála í næsta nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að bæði þessir bæir og núverandi nágrannasveitarfélög þeirra megi vel við una, og n. sé skipuð mönnum, tilnefndum af þeim sveitarfélögum öllum, sem hér eiga hlut að máli, og enn fremur sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu."

Ef þessi hv. þm. hefði á frumstigi þessa máls, eða við skulum segja, ef hann hefði út frá þeirri

grundvölluðu sannfæringu, sem hann hér er að lýsa, talið, að Kópavogur eigi ekki að vera sérstakur hreppur, heldur eigi hann að vera hluti af Reykjavík, ef hann hefði á valdatímabili sínu, sem er orðið nokkuð langt, varpað fram þessari hugsun, þá getur vel verið, að hún hefði verið tekin alvarlega. En það dettur engum manni í hug í dag, að þessi rökstudda dagskrá sé borin fram í neinu öðru skyni en sem síðasta tilraun til að hindra, að vilji kjósendanna í þeim hreppi, sem hann veitir forstöðu, nái fram að ganga.

Ég skal svo að öðru leyti stilla mig um að andmæla hér ýmsum tyllirökum, sem hv. þm. hefur borið fram, af því að ég legg meiri áherzlu á, að þetta frv. nái samþykki Alþ., úr því að það á annað borð hefur verið borið fram, heldur en að taka þátt í því málþófi, sem hv. þm. vill nú stofna til hér. En ég vil þó aðeins segja það, að enda þótt eitthvað af þeim smíðagöllum, sem hann telur vera á þessu frv., mætti rökstyðja, sem ég þó mótmæli að sé hægt, þá gefur auga leið um, að það er ævinlega hægt, þegar búið er að lögfesta þetta frv. og lögleg stjórn hefur setzt þar að völdum, að breyta því í minni háttar atriðum, ef sú stjórn, sem við bæjarmálum tekur, hvort sem það er hann eða aðrir, telur það æskilegt. Tilraunin, sem gerð er nú til þess að bera fram þessar brtt., er af sama toga spunnin og allar tilraunir hans og hans flokksmanna hafa verið hér á þinginu; það eru aðeins tilraunir til þess að tefja framgang málsins og ekkert annað. Þessum mönnum er fullkomlega ljóst, að jafnvel þó að það kynni að styðjast við rök, að það svæði, sem hér er gert að lögsagnarumdæmi, væri stærra en eðlilegt er, þá skiptir það engu máli, ekki heldur í þeirra hugum, einfaldlega af því, sem ég sagði, að ef þeim mönnum, sem við stjórn þessa hreppsfélags munu taka, þykir ástæða til að breyta því, mun aldrei standa á Alþ. um það. Og ég veit einnig, að þessar tilraunir hér í d. eru gerðar til þess að reyna að fá hv. Ed. til með einhverri brtt. að koma málinu til Nd., þannig að þar sé hægt að hefja nýjan málþófsleik til þess að stöðva framgang málsins.

Ég mótmæli því, að hv. 6. landsk. hafi tekizt að benda á nokkur þau smíðalýti á þessu frv., sem megi valda því, að ástæða sé til að gefa flokksbræðrum hans í Nd. ný tækifæri til þess að þæfa málið þar, og ég held fast við það, að það er hjákátleg staðhæfing, þegar kjósendur í Kópavogshreppi hafa leitað stuðnings Alþ. til þess að fá framgengt vilja mikils meiri hluta kjósendanna í hreppnum, að þá skuli sá oddamaður minni hlutans, sem er að reyna að kúga meiri hlutann, koma hér til Alþ. og segja: Ef Alþ. hleypur undir bagga með meiri hlutanum, þá er Alþ. að kúga Kópavogsbúa. — Mér finnst furðu djarflegt af hv. 6. landsk. að leyfa sér, verandi forustumaður sveitarstjórnar þessa hrepps, að bera fram slík rök á Alþ., snúa staðreyndunum öllum við, bera þær sakir á meiri hlutann, sem meiri hlutinn með réttu getur borið á minni hlutann undir forustu hv. 6. landsk., og ætlast til þess, að þingið taki tillit til þess.

Ég verð svo að biðja hv. 6. landsk. afsökunar á því, ef honum þykir, að ég hafi gengið fram hjá einhverjum af þeim tyllirökum, sem flokksbræður hans hafa borið fram í Nd. og hann hér í Ed. Ég hef verið of önnum kafinn, m. a. við lausn kaupdeilunnar, sem hér hefur staðið illu heilli í 6 vikur nú að undanförnu, til þess að mega vera að því að sitja klukkutímum saman yfir þessum ræðuhöldum og hef auk þess ekki löngun til þess að eiga neinn þátt í að halda við málþófi um þetta mál, sem liggur augljóst fyrir og er hrein réttlætiskrafa þess meiri hluta, sem hana hefur borið fram.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil út af ummælum hæstv. ráðh. í sambandi við málþóf leiðrétta það hér, sem ég veit að kemur til af því, að hann á ekki sæti hér í þessari hv. d., að hér hefur ekki verið haldið uppi málþófi af hv. 6. landsk. þm. í sambandi við þetta mál. Hann hefur að öllu leyti farið eftir ósk minni sem forseta og haldið sig innan þeirra takmarka, sem ákveðið er í þingsköpum. Og ég veit, að þetta er aðeins vegna þess, að hæstv. ráðh. á sæti í annarri deild og hefur orðið var við málþóf þar í þessu máli.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins leyfa mér að beina því til herra forsetans, að ég hef það eftir honum, að hv. þm. hafi talað í þrjá klukkutíma um þetta mál, Ef herra forsetanum finnst þetta ekki nóg til þess að megi kalla það málþóf, þá er hans þolinmæði meiri í forsetastóli en á flokksfundum hjá okkur.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil ekki deila við hæstv. ráðherra um þetta atriði, en sem forseti verð ég að lýsa því yfir, að hér hefur ekki verið haldið uppi málþófi í þessu máli af hv. 6. landsk. Hann hefur einmitt farið eftir mínum óskum í sambandi við það að halda hér ekki uppi málþófi, því að ef það hefði verið, þá væri málið ekki komið svo langt sem komið er, og það veit ég að hæstv. ráðh. viðurkennir.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir það, að hann hefur borið af mér þær sakir, sem hæstv. forsrh. leyfði sér að bera á mig, að ég hefði haldið hér uppi málþófi um þetta mál. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað lengi ég talaði um það nú við 2. umr. þess, en það var meining mín, eins og hæstv. forseti gat um, að tala ekki svo lengi, að ekki væri hægt þess vegna að ljúka jafnvel afgreiðslu málsins nú um kl. 7, svo að ekki þyrfti að verða kvöldfundur, og ég hef takmarkað einmitt mál mitt með tilliti til þess.

Hitt er rétt, að ég leyfði mér að tala óvenjulega lengi um þetta mál, þegar það kom fyrst til umræðu hér í hv. d., og eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá gerði ég það vegna þess, að ég óskaði, að hv. þdm. fengju þegar af minni hálfu öll þau meginrök, sem ég hef fram að færa í þessu máli. Og það er langt frá því, að ég sjái neina ástæðu til þess í þessu máli frekar en öðrum að vera að margendurtaka þau rök, sem fyrir liggja, enda veit ég, að hv. þdm. þekkja mig ekki að því að halda hér uppi málþófi í neinu máli og tefja framgang mála með því.

Hitt var eðlilegt, að það yrðu miklar umræður um þetta mál í hv. Nd., þar sem það var flutt

fyrst, vegna þess að það mátti ætla af ýmsu, að það væri tilgangur hv. flm. frv. að berja það í gegnum þingið og gera það að lögum áður en kjósendum í Kópavogshreppi gæfist tími til þess að láta í ljós vilja sinn um málið við atkvgr., sem auglýst var að fram færi 24. apríl s. l. Það var aðeins af því, að það leit út fyrir, að þetta ætti að leyfa sér að gera, að afgreiða málið á Alþingi, til þess að það væri ekki ástæða til að láta atkvgr. um málið fara fram. En þegar þetta tókst ekki, var gripið til hins ráðsins, sem er einsdæmi í kosningum á Íslandi, að þeir flokkar, sem hafa hafið þetta mál, tekið það upp og látið bera það fram hér á hv. Alþingi, neituðu að taka þátt í atkvgr. um málið og gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að kjósendur létu ekki í ljós vilja sinn í málinu og neyttu atkvæðisréttar síns. En það var gert í ákveðnum tilgangi. Það var gert til þess að koma í veg fyrir, að það sæist svart á hvítu, hve margir af kjósendum í Kópavogshreppi eru með því, að hann verði gerður að kaupstað, hve margir á móti. Það var vegna þess, að þrír lýðræðisflokkar þorðu ekki að eiga undir úrslitum í algerlega frjálsri atkvgr., sem báðir sæktu af fullu kappi, eins og gengur og gerist í kosningum.

Hæstv. forsrh. leyfir sér enn að fullyrða, að það liggi fyrir mikill meiri hluti kjósenda í Kópavogshreppi, sem óski eftir því, að hann verði gerður að kaupstað. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvaða kjósenda? Eru það kjósendur til sveitarstjórnarkosninga í ár, þeir sem eru löglegir, atkvæðisbærir kjósendur til sveitarstjórnarkosninga í ár, eða er það löglegur meiri hl. kjósenda til sveitarstjórnarkosninga, sem kynnu að fara fram á árinu 1956 eða í janúar 1957 — hvort heldur?

Hæstv. forsrh. leyfir sér líka að segja hér, að ég og minir samstarfsmenn í Kópavogshreppi höfum frá upphafi barizt á móti því, að vilji kjósenda kæmi fram. Hæstv. forsrh. hefur líklega ekki haft fyrir því að lesa öll þau þskj., sem komin eru fram um þetta mál, ef hann leyfir sér að koma fram með slíka staðhæfingu. Það er prentað hér í nál. minni hl. í Nd., að þann 9. marz s.l., tveim dögum eftir að umsögn sýslunefndar Kjósarsýslu lá fyrir í þessu máli, og sýslunefnd vildi láta það velta á meiri hluta atkvæðisbærra manna í Kópavogshreppi, hver yrðu úrslit þessa mál, að hreppsnefnd Kópavogshrepps samþ., að fram skyldi fara opinber atkvgr. um málið. (Gripið fram í.) Nei, því að það vissu allir fyrir páska, áður en þingi var frestað hér fyrir páska, að það mundi halda áfram út aprílmánuð. Það vissu allir, og gáfu mönnum þær upplýsingar ágætir menn úr stjórnarflokkunum, enda hefur það komið á daginn, að það var ekkert því til fyrirstöðu, að Alþ. réði þessu máli til lykta á því þingi, sem nú situr, þó að atkvgr. færi ekki fram fyrr en 24. apríl. En það var ekki hægt að hafa slíka atkvgr. nema með nokkrum fresti, og það voru styttir frestir eins og mögulegt er og meira en dæmi eru til um fresti til að láta kjörskrá liggja frammi o. s. frv.

Þó að hæstv. forsrh. leyfi sér að fara með slíkt, þá verður honum erfitt um að sanna það. Ég vil minna hann á, að einn mætur flokksbróðir hans, sem mætti á hreppsfundi Kópavogshrepps þann 9. marz, þegar atkvgr. var samþ., greiddi atkv. með því. Þá var gert ráð fyrir, að fram færi einnig umræðufundur um málið, sem var ekki ætlazt til að tæki neina efnislega ákvörðun í málinu, og mér skildist, að þessi flokksbróðir hæstv. ráðh., sem ég gat um, væri því einnig samþykkur, að það væri ekki verið að leita eftir fylgi við till. eins eða annars efnis um efnishlið þessa máls á þessum ráðgerða borgarafundi. Ég held, að flokksbróðir hans hafi verið mér sammála um, að það væri litt framkvæmanlegt að láta borgarafund skera úr í málinu, en sjálfsagt hins vegar að halda hann, til þess að það færu fram umr. af hálfu beggja aðila í áheyrn hreppsbúa um málið.

Ég veit ekki, á hvern hátt hefði verið hægt að fara lýðræðislegar með þetta mál heima í héraði en gert hefur verið. Það kom fram fyrst þann 26. febrúar s.l., og viku seinna, hinn 9. marz, er búið að ákveða að fara þessa leið í málinu, láta ræða það opinberlega af hálfu beggja aðila í sveitarstjórn, sem ekki voru um það sammála, í áheyrn hreppsbúa á opinberum borgarafundi, láta ekki leggja það þar fyrir til atkvgr., heldur leggja það fyrir við opinbera, leynilega atkvgr. Eftir að komið var í ljós, að ágreiningur var innan sveitarstjórnarinnar um þetta mál, sem var svo snögglega fram komið, og sýslunefnd benti á þá leið, sem var sjálfsögð, að leggja það fyrir atkvæðisbæra kjósendur, þá stóð ekki á því, að sveitarstjórnin veldi þessa leið í málinu.

Hitt, að berjast svo gegn því, að slík atkvgr. færi fram með eðlilegum hætti og sem flestir tækju þátt í henni, er svo alveg út af fyrir sig á reikningi þessara þriggja lýðræðisflokka, sem standa að þessu máli.

Nei, það er fjarri því, að ég hafi barizt á móti því, að vilji kjósenda í þessu máli kæmi fram. En ég hef ekki séð fært að fara aðra leið en að leggja það fyrir þá sömu kjósendur sem mundu kjósa sér bæjarstjórn í nýstofnuðum Kópavogskaupstað samkv. þessum lögum, hvort það eigi að stofna þessa bæjarstjórn. Þetta hefur verið mín skoðun á því atriði, fyrir hvaða kjósendur eigi að leggja það, og þess vegna ekki fyrir væntanlega kjósendur, sem verða kjósendur samkv. lögum þann 24. jan. 1956, enda hef ég bent á hér í umræðum, að það var augljós tilgangur löggjafans, sem hægt er að sanna, þegar lög um sveitarstjórnarkosningar, þau sem nú gilda, voru sett og ákvæði um kjörskrá sett þar með þeim hætti, sem í lögunum er, að það liði nokkur tími, nokkrir mánuðir, frá því að íbúi flyttist inn í sveitarfélag þangað til hann hlyti þar atkvæðisrétt. Svona hefur þetta verið áratugum saman í okkar landi, þó að þessi frestur, sem menn eiga að hafa til að kynna sér mál í einu sveitarfélagi, áður en þeir eru taldir af löggjafanum bærir til þess að greiða atkvæði um þau, hafi alltaf verið að styttast, og hann er núna í mesta lagi 11 mánuðir.

Ég ætla ekki að halda uppi deilum um þetta atriði. Það er augljóst öllum mönnum, sem það vilja vita, að hér hefur verið rétt að farið. Ég hef átt tal um þetta við hina mætustu menn, sem sinna þessum málum og eru þessum málum

allra kunnugastir í Reykjavíkurbæ, hvaða reglur þar hafa gilt og hvaða skilningur á þessum lögum, sem gilda, og hæstv. forsrh. mundi ekki rengja þá menn, sem eru mætir flokksbræður hans, ef hann vildi láta svo lítið að leita þeirra álits um þessi mál, hverjir séu kjósendur réttilega hverju sinni í sveitarstjórnarmálum.

Hæstv. forsrh. fullyrðir, að ég sé enn að berjast móti því, að þetta mál fái framgang. Það er rétt, að ég tel af ýmsum ástæðum, sem ég hef fært full rök að, óskynsamlegt af Alþ. að setja þessi lög, vegna þess að ég tel það óskynsamlegt, eins og ég sagði í ræðu minni hér áðan, að aðgreina frekar en þegar er þau byggðarlög, sem liggja næst Reykjavíkurbæ og eru augljóslega hluti af atvinnulífssvæði bæjarins og efnahagssvæði. Ég álít hina einu skynsamlegu leið í því að leita þar frekar sameiningar heldur en aðgreiningar, og ég hef ekki farið dult með þessa skoðun árum saman, öll þau ár, sem ég hef starfað að málum í Kópavogshreppi. Ég hef rætt hana við forráðamenn Reykjavíkurbæjar og forráðamenn sveitarfélaganna í kringum Reykjavík. Ég hef talið hina aðferðina, sem Reykjavíkurbær hefur beitt til þess að fullnægja þörfum sínum fyrir landrými og hæstv. forsrh. hefur stundum stutt, að því er mér skilst, þá leið að innlima hluta af þessum sveitarfélögum eftir þörfum Reykjavíkurbæjar, ranga og ósanngjarna. Ég álít, að það eigi að leita eftir sanngjörnum leiðum í þessu máli og skynsamlegum til frambúðar. Það er allt. Ég skal fallast á, að þetta frv. verði að lögum, en framkvæmd laganna verði frestað, þangað til búið sé að fá um þetta mál álit nefndar, sem skipuð væri aðilum frá öllum þessum byggðarlögum.

Ég játa það, að ég berst á móti þessu frv. Ég játa það, að ég hef gert það heima í héraði og hér á Alþ. Ég geri það af þessum ástæðum og með þessum rökum.

Hæstv. forsrh. spurði, hvers vegna ég hefði ekki látið mér detta í hug sameiningu við Reykjavík fyrr en nú. Ég hef verið að svara þessu, ég hef látið mér detta það í hug, en ég hef hins vegar sagt og orðið að segja við mína sveitunga: Við verðum að berjast áfram. — Kópavogshreppur var stofnaður gegn okkar vilja 1948, sem þar vorum þá, og skilinn frá Seltjarnarneshreppi, bókstaflega gegn okkar vilja, en við sögðum: Við verðum að berjast áfram. Við verðum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, og meira jafnvel en hægt væri að ætlast til. Við verðum að varna því, að þetta byggðarlag verði til vansæmdar sem úthverfi Reykjavíkur í næsta nágrenni höfuðstaðarins. Við verðum að varna því, að það verði pestarbæli, vegna þess að fólkið þar hafi ekki vatnsveitu. — Og við gerðum það. Fólkið gerði það svo stórmyndarlega; það lagði fram hundruð þúsunda af sinni fátækt til þess að koma því máli fram, og það hefur engan styrk hlotið til þessa dags frá ríkissjóði til þess. En það er fyrir þær framkvæmdir og aðrar, sem eru meiri en eru dæmi til í nokkru byggðarlagi öðru á jafnskömmum tíma, að nú búa 3000 manns í Kópavogshreppi og auðið að bæta þar við þúsundum. En hitt verður aldrei, að atvinnumöguleikar í þessu byggðarlagi rísi upp í nokkru hlutfalli við íbúafjöldann eins og hann er í dag eða verður fyrirsjáanlega á næstu árum. Það er engin von til þess, og þess vegna er það, að þetta svæði í næsta nágrenni Reykjavíkur á að vera hluti af hinni atvinnulegu heild og ekki reisa nýja múra með kaupstaðartakmörkum milli þess og Reykjavíkur. Þetta er ekki ný skoðun mín. Ég hef ekki farið dult með hana árum saman og get kallað marga menn til vitnis um það.

Það væri kannske gaman að taka upp viðræður við hæstv. forsrh. um þetta mál og fleiri mál, sem kynnu að snerta það, því að þetta er fyrsta verulega málið, sem hann ber fram fyrir sitt kjördæmi eða vegna síns kjördæmis, síðan ég tók sæti hér á hv. Alþ., en ég vil samt ekki lengja umræður um þetta mál, þó að hæstv. forsrh. komi nú inn í þær á þessari stundu.

Ég var, þegar hann kom inn í hv. deild eða nálægt henni, að tala síðast í ræðu minni um þá brtt., sem ég leyfði mér að flytja um það, að ríkissjóður afhenti hinum nýja kaupstað verzlunarlóðir hans, afhenti honum það landssvæði, sem ríkissjóður á og byggðin í Kópavogi hefur risið upp á. Ég veit, að það eru allir sammála um, að það er eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir sveitarfélag að eiga landið, sem það stendur á, ekki síst þegar byggðin eykst svo hröðum skrefum sem í Kópavogi. Hæstv. ráðh. er kunnugt um þetta mál; það hefur verið borin fram við hann ósk af hálfu sveitarstjórnarinnar í Kópavogi um að flytja þetta mál og tryggja því framgang á Alþ. með sínu áhrifavaldi. Að þeirri ósk stóðu einnig fulltrúar flokks hans, Sjálfstfl. í Kópavogi, en hæstv. forsrh. hefur ekki gert þetta enn, að taka upp það mál. Hins vegar hefur hann tekið upp fyrir þrjá flokka þetta mál, sem hér liggur fyrir. Og þá segi ég: Hví þá ekki að ákveða í þessu frv., að hinum nýja kaupstað verði afhent það land, sem ríkissjóður á og kaupstaðurinn stendur á? Það liggur fyrir samþykkt um það frá sveitarstjórninni í Kópavogshreppi, ekki aðeins frá þeim vonda meiri hluta, heldur með þátttöku fulltrúa Sjálfstfl. Það er eindregin ósk sveitarstjórnarinnar, eins og hæstv. forsrh. er kunnugt.

En þar að auki leyfi ég mér að leggja til, að ríkissjóður leggi hinum nýja kaupstað 2 millj. kr., vitanlega þá í eitt skipti fyrir öll, og þar leyfi ég mér að vitna til ummæla hæstv. forsrh. í ávarpi til Kópavogsbúa, sem hann lét prenta og útbýta meðal Kópavogsbúa fyrir tæpum tveimur árum. Það var fyrir kosningar. En ég vil gera hæstv. forsrh. þann heiður að álíta, að það megi taka mark á orðum hans, jafnvel þeim, sem eru sögð fyrir kosningar. Og hérna eru þessi ummæli. Mér heyrðist á honum, að hann myndi ekki eftir þeim. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa upp örfáar setningar, sem fjalla um þetta atriði.

Hæstv. forsrh. segir í ávarpi til Kópavogsbúa í blaðinu Vogar, sem gefið er út af sjálfstæðisfélagi Kópavogshrepps í júní 1953:

„Ég vil vekja athygli á því, að það liggur í hlutarins eðli, að Kópavogsbúar eru hvergi nærri einfærir um að rísa undir stofnkostnaði við að skapa fólki svipaða aðstöðu í Kópavogi sem íbúar Reykjavíkur eru aðnjótandi.“ Og síðan feitletrað:

„Tel ég, að Kópavogshreppur eigi siðferðislega kröfu á hendur ríkissjóði í þeim efnum og ef til vill einnig Reykjavík, sem nýtur góðs af vinnuafli Kópavogsbúa. Ræðir hér ekki um smámuni, heldur um milljónir króna."

Hæstv. forsrh. hefur viðurkennt í opinberu ávarpi til Kópavogsbúa, að þeir eigi siðferðislegan rétt á hendur ríkissjóði um milljónir króna. Ég leyfi mér að leggja til, að þeir fái aðeins 2 millj. kr., um leið og þeim verða með þessum lögum skapaðar enn auknar byrðar, óneitanlega verulegur kostnaður vegna kaupstaðarstofnunar.

Hæstv. forsrh. getur svo átt valið um, hvaða fyrirskipanir hann gefur nú sínum flokksbræðrum um þetta atriði, um leið og hann skipar þeim að fylgja þessu máli fram, svo að hann verði sér ekki til meiri minnkunar en hann þegar er orðinn.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Hér var lesinn upp kafli úr vel orðuðu ávarpi eftir mig. Þar hef ég lýst yfir, að Kópavogsbúar séu hvergi nærri einfærir um að rísa undir stofnkostnaðinum við að skapa fólki svipaða aðstöðu í Kópavogi sem íbúar Reykjavíkur eru aðnjótandi. Tel ég, að Kópavogshreppur eigi siðferðislega kröfu á hendur ríkissjóði í þeim efnum o. s. frv.

Ég veit nú, að jafnþingvanur maður og hv. 6. landsk. (FRV) gerir sér fulla grein fyrir því, að ríkissjóður hefur veitt sérhverju hreppsfélagi á þessu landi margvíslega aðstoð og því meiri sem þörfin hefur verið meiri, og ég veit, að honum er ljóst, að Kópavogur á þessa siðferðislegu kröfu og að henni verður í einu eða öðru formi fullnægt. Það er allt, sem um það er að segja. Ég stend þess vegna við stóru orðin; þakka honum að öðru leyti fyrir þann heiður, sem hann gerir mér með að treysta mér til þess að standa eftir kosningar við það, sem ég hef lofað fyrir kosningar. Ég veit, að ég er verðugur þessa lofs, en það er gott að fá þá viðurkenningu einnig frá andstæðingum.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, svo að ég reyni ekki um of á þolinmæði hæstv. forseta og dm. Skal ég því stilla mig um að svara öðru í þessari stuttu ræðu hv. 6. landsk. en því einu, að hann lýsir því yfir, að hann hafi margrætt það við forustumenn Reykjavíkur, hvort ekki gæti komið til greina um sameiningu Kópavogs og Reykjavíkur. Ég má náttúrlega ekki um það staðhæfa, því að ég get ekki vitað, hvað fram fer milli hans og einhvers annars aðila, en þó liggur nú fyrir Alþ. yfirlýsing Reykjavíkurbæjar um þetta. Reykjavík segir: Það hefur ekki verið svo mikið sem orðað við okkur, að Kópavogur og Reykjavík sameinist. — Það stendur þá fullyrðing á móti fullyrðingu í þeim efnum, en þetta er upphaf þeirrar yfirlýsingar, sem bæjarráð Reykjavíkur hefur gefið varðandi hugsanlega sameiningu, og bætir svo við, að það sé ekki einu sinni tímabært að taka upp samningaviðræður um þetta mál að svo stöddu.

Ég vil svo ekki vegna fundartímans þreyta þolinmæðina, herra forseti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 503, n. 669, 677, 683).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 683 felld með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PZ, BrB, FRV.

**nei:** IngF, JK, KK, LJóh, SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, KGunn, HG, GíslJ.

2 þm. (HermJ, JJós) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 12:2 atkv.

Brtt. 677,1 felld með 10:2 atkv.

2. gr. samþ. með 10:2 atkv.

Brtt. 677,2 felld með 12:2 atkv.

3.—18. gr. samþ. með 12:2 atkv.

Brtt. 677,3 felld með 12:2 atkv.

19.—22. gr. samþ. með 12:2 atkv.

Brtt. 677,4 felld með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BrB, FRV.

**nei:** HG, IngF, JK, KK, LJóh, SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, KGunn, GíslJ.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, JJós) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Lárus Jóhannesson:** Með tilvísun til ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að Alþingi mundi líta á þetta mál með skilningi, þegar þar að kæmi, segi ég nei.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég óska að segja um þetta frv. á þessu síðasta stigi þess hér í hv. d., áður en það verður gert að lögum. Ég vil í stuttu máli sagt óska þeim þremur lýðræðisflokkum, sem standa að samþykkt þessa frv., til hamingju með afrekið.

Ég vil þakka hæstv. forsrh., aðalflutningsmanni frv., fyrir hreinskilna yfirlýsingu hans um það, að aðalúrbótin, sem mínum sveitungum, Kópavogsbúum, sé ætlað að hafa af þessu máli, sé sú að losna við mig frá sveitarstjórnarstörfum, en hæstv. ráðh. lýsti því hér við 2. umr. málsins, að það væri milljónavirði fyrir Kópavogsbúa. Berari orðum er ekki hægt að segja það, að með samþykkt þessa frv. eru þrír lýðræðisflokkar að gera ráðstafanir til þess með lagasetningu á Alþ. að losna við pólitíska andstæðing frá störfum, sem hann hefur verið kosinn til ásamt öðrum í sínu héraði. Og það fer vel á því, að þetta hefur komið svo hreinskilnislega fram, að það hefur verið játað hér á hæstv. Alþ. og það af sjálfum hæstv. forsrh., því að þetta hefur líka verið játað opinberlega heima í héraði af forsprökkum þeirra sömu þriggja flokka, sem að málinu standa þar. Það er því óumdeilanlegt og liggur nú eins ljóst fyrir og verða má, að þetta er eini tilgangurinn af hálfu upphafsmanna og hvatamanna þessa máls bæði heima í héraði og hér á Alþingi. Sjálfur hef ég ekkert við þetta að athuga. Mér

kemur alls ekki á óvart, að andstæðingar mínir vilji losna við mig. Við, sem hér sitjum, eigum allir andstæðinga, sem vilja losna við okkur og kjósa okkur frá opinberum störfum og helzt fyrir fullt og allt. En það, sem er nýstárlegt við þetta, er það, að hv. Alþ. gerir ráðstafanir í þessa átt.

Nú er mér það vel ljóst, og ég vil taka það skýrt fram hér, að stuðningsmenn þessa frv. hér á Alþ. munu ekki allir ljá því atkv. sitt í þessum skilningi, þó að hann hafi komið fram úr vissum áttum. Þeir geta sagt með fullum rétti, að þetta atriði, hverjir fari með stjórn í hinum nýja kaupstað, verði útkljáð við lýðræðislegar kosningar, sem muni fara fram í hinum nýja kaupstað. Og þetta er alveg rétt. Þetta er í mínum augum alveg næg skýring og afsökun fyrir afstöðu hv. stuðningsmanna málsins hér á Alþingi. Kosningar eru alltaf lýðræðisleg athöfn, og þó að það leiði af samþykkt þessa frv. einar aukakosningar í einu sveitarstjórnarkjördæmi landsins, fer það ekki í bága við lýðræði í sjálfu sér. En það hittist aðeins svo á, að í þessu sama sveitarstjórnarkjördæmi hafa farið fram tvöfalt fleiri kosningar en í nokkru öðru sveitarstjórnarkjördæmi á síðustu 6—7 árum, og til viðbótar þessu er það í mínum augum stærsta atriðið, sem er ábótavant við meðferð þessa máls, að þessir sömu lýðræðisflokkar sem að málinu standa hafa um tveggja mánaða skeið barizt gegn því með öllum tiltækilegum ráðum, að það færu fram almennar lýðræðislegar kosningar um þetta mál, hvort skuli stofna kaupstað í Kópavogi eða ekki, þannig að vilji og afstaða íbúanna til þessa atriðis kæmi berlega í ljós. En það, að úr þessu yrði skorið með lýðræðislegum kosningum, var afstaða og ákvörðun sveitarstjórnar þegar á 10. degi eftir að málið hafði fyrst komið fram, og það er þetta, að komið var í veg fyrir það, sem er alveg einsdæmi og nýstárlegt í sögu mála, þar sem um það er að ræða að fá úr þeim skorið með kosningum.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég þakka hæstv. forseta og þdm. fyrir það, að þeir hafa hlýtt á mál mitt, sem hefur verið nokkru lengra um þetta mál en önnur. Ég á ekki að þakka þeim eina hv. þm., sem hefur tekið undir þá stefnu og þau rök, sem ég hef flutt fram í þessu máli, en ég vil votta hv. 1. þm. N-M. virðingu mína fyrir það, að hann hefur í þessu máli eins og stundum áður ekki hikað við að láta í ljós sína sannfæringu og skoðun, hver sem afstaða annarra, þ. á m. hans flokksmanna, kann að vera. Ég mun svo að síðustu aðeins endurtaka það, að ég óska þeim lýðræðisflokkum, sem að þessu máli standa, til hamingju og bið þá að njóta eins og þeir hafa stofnað til.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Út af ræðu hv. 6. landsk. þykir mér rétt sem frsm. í þessu máli f. h. heilbr.- og félmn. að segja hér nokkur orð.

Ég get að sjálfsögðu ekkert um það sagt, hver hafi verið tilgangur flutningsmanna, þegar þetta frv. var fram borið. Um það hefur ekki neitt legið fyrir í hv. n. En ég get aðeins sagt það, að ekki hefur verið tilgangur n. með því að leggja til, að frv. yrði samþ., sá, sem hv. ræðumaður lýsti. Því máli hefur ekkert verið blandað í n. inn í afgreiðslu málsins. Það hefur verið farið fullkomlega eftir þingreglum og lýðræðisreglum um afgreiðslu málsins í n., eins og ég raunverulega hef lýst áður. Það hefur verið borið saman við löggjöf, sem samin hefur verið hin síðari árin um hliðstæð mál. N. hefur fullvissað sig um, að það er enginn hreppur á landinu, sem hefur verið fjölmennari, þegar hann hefur fengið kaupstaðarréttindi, heldur en sá hreppur, sem hér um ræðir. N. lítur einnig svo á, m. a. af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að það sé sannanlegt, að meiri hluti hreppsbúa, sem nú búa í hreppnum, hafi sett fram ótvíræðar óskir um að fá kaupstaðarréttindi og að í frv. séu engin þau ákvæði, sem víkja í nokkrum aðalatriðum frá því, sem áður hefur verið samþ. hér á Alþ., þegar aðrir hreppar hafa fengið kaupstaðarréttindi. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram vegna þeirra ummæla, sem hv. þm. hafði hér áðan. Hvaða erjur liggja svo persónulega milli hans og flm., kemur út af fyrir sig ekki nefndinni við. Það er mál, sem þeir geta gert upp sín á milli, en ekki má blanda inn í nefndarstörf.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að þakka hv. 6. landsk. fyrir að hafa ekki haldið uppi málþófi hér í þessu máli. Hann hefur fullkomlega haldið þau orð, sem hann hefur sagt við mig sem forseta í sambandi við það, og hefur það orðið til þess, að hægt hefur verið að flýta þingstörfum hér og ljúka þeim á þeim tíma, sem ætlað var.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

## 68. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins** [162. mál] (þmfrv., A. 416).

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Ég flyt á þskj. 416 ásamt hv. þm. Dal. (ÁB) og hv. 4. landsk. þm. (GJóh) frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins. Felur frv. í sér þá einu breytingu á l., að ákveðið verði lágmarksgjald, sem síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði greiði í bæjarsjóð Siglufjarðar, og er gert ráð fyrir í frv., að það verði 100 þús. kr. á ári.

Eins og tekið er fram í grg. með frv., er svo kveðið á í 14. gr. l. um síldarverksmiðjur ríkisins, eins og hún er nú, að verksmiðjurnar skuli greiða árlega ½% af brúttóandvirði seldra afurða í svokallað umsetningargjald til viðkomandi bæjar- og sveitarfélags. Hafa þessar greiðslur numið allverulegum hluta af heildartekjum viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga sums staðar,

þar sem síldarverksmiðjurnar eru starfræktar, t. d. í þeim bæjar- eða sveitarfélögum, þar sem fáir eru íbúar, en annars staðar, eða a. m. k. á Siglufirði, þar sem gjaldendur eru tiltölulega margir, en með litla greiðslugetu, hefur mjög lítið munað um greiðslur síldarverksmiðjanna til bæjarfélagins eða bæjarsjóðs á undanförnum síldarleysisárum.

Það er ætlunin, að þetta ákvæði um ½% umsetningargjald af brúttóandvirði seldra afurða verksmiðjanna standi áfram óbreytt, þó að lágmarksgjald á verksmiðjurnar á Siglufirði verði ákveðið eins og í frv. er gert ráð fyrir, þannig að lágmarksgjaldið kemur ekki til greina, nema verksmiðjurnar vinni úr svo litlu hráefni, að umsetningargjaldið af seldum afurðum nemi ekki 100 þús. kr.

Hins vegar er lágmarksgjaldið, eins og lagt er til í frv. þessu að það verði ákveðið, lágt áætlað með tilliti til þess, að umsetningargjöld af seldum afurðum verksmiðjanna mundu nema hærri upphæð en 100 þús. kr., þó að þeim bærust ekki nema 100—150 þús. mál síldar til bræðslu, en eins og kunnugt er, bræddu síldarverksmiðjurnar á Siglufirði á hinum góðu síldarárum fyrir 10—15 árum allt að 1 millj. mála á vertíð.

Annars er tilgangurinn með flutningi frv. þessa, eins og tekið er fram í grg., að reyna að einhverju leyti að létta undir með bæjarsjóði Siglufjarðar í þeim miklu vandræðum, sem hann á nú við að etja. Eru þarfir bæjarfélagsins fyrir tekjur að mestu óbreyttar, hvort sem vel eða illa árar, en greiðslugeta alls þorra gjaldenda á staðnum að þrotum komin vegna langvarandi atvinnuskorts.

Segja má að vísu, að óeðlilegt sé e. t. v. að leggja lágmarksgjald á síldarverksmiðjur ríkisins án tillits til þess, hvort rekstur þeirra gengur vel eða illa, en helzt munu þó síldarverksmiðjurnar vera aflögufærar af þeim gjaldendum, sem fyrir eru á staðnum, og til einhverra ráða verður að grípa, þegar svo er komið, að ekki verður séð fram á, að hægt sé að koma saman fjárhagsáætlun fyrir kaupstaðinn á þessu ári.

Tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta að sinni, en legg til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 73. og 74. fundi í Nd., 18. og 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 416, n. 589).

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, en gert þó till. um breytingar á þskj. 589. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að hér er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða frá því, sem felst í frv. sjálfu, heldur taldi n. rétt að hafa formshlið málsins nokkuð öðruvísi en gert var ráð fyrir í frv.

Frv. er um breyt. á 14. gr. l. um síldarverksmiðjur ríkisins frá 1938, og þeirri grein var búið áður að breyta með tvennum l., þ. e. lögum frá 1941 og 1943. Það var þess vegna orðið nokkuð óaðgengilegt að átta sig á greininni eða löggjöfinni um þetta atriði. Leggur n. þess vegna til, að málið verði samþykkt í því formi að umorða 14. gr. þannig, að inn í hana komi sú brtt., sem lögð er til með frv., og svo tekin upp eldri ákvæði um breyt. á gr., sem eru í l. enn og ekki var lagt til í frv. að felld yrðu úr l., og í samræmi við það er fyrri brtt.

Önnur brtt. gerir svo ráð fyrir, að jafnframt séu úr gildi numin þau tvenn l., sem ég vék að, sem áður hafa fólgið í sér breytingar á 14. gr. l. um síldarverksmiðjur frá 1938.

Ég vænti, að hv. þm. sé þetta ljóst. Aðalatriðið er það, að um efnisbreytingu er ekki að ræða, heldur málið fært í annan búning að formi til.

ATKVGR.

Brtt. 589,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 589,2 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 633).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 688).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hv. þm. Siglf. og 4. landsk. þm., sem kosinn er af Siglfirðingum, ásamt þriðja þingmanninum, og hefur nú komið hingað frá hv. Nd. og fjhn. haft það til meðferðar. Efni frv. er ekki annað en það, að til viðbótar því, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða ½% af brúttó-verði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, komi, að þetta gjald skuli þó aldrei vera minna til bæjarsjóðs Siglufjarðar frá ríkisverksmiðjunum þar en 100 þús. kr., meðan ekki er lokið endurskoðun á löggjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Ég veit, að allir hv. þm. hér í þessari hv. d. eru það kunnugir, að þeir vita ástæðurnar til þess, að þetta frv. er fram komið og að nauðsyn

er á því eða þá einhverju öðru í þess stað. Siglufjarðarkaupstaður er byggður upp að mestu leyti á síldveiðum, síldarverkun og þar á meðal á síldarverksmiðjurekstri. Og eftir að lögin komu um það, að síldarverksmiðjur ríkisins skyldu greiða ½% af brúttó-andvirði seldra afurða til þess bæjarfélags, þar sem þær væru starfræktar, hafði bæjarsjóður Siglufjarðar drjúgar tekjur af þessu fyrri árin. En eins og allir vita, hafa verið mörg síldarleysisár nú undanfarið, sem hafa komið mjög hart niður á Siglufirði á allan hátt, m. a. að því leyti, að mjög lítið hefur verið um starfrækslu síldarverksmiðjanna þar, og þá meðfram fyrir það, að það lítið sem hefur aflazt af síld, þá hefur það verið á þeim slóðum, að síldin hefur frekar verið lögð upp annars staðar en á Siglufirði. Það er því alveg tvímælalaust, að Siglufjarðarkaupstaður þarf á þessum tekjum að halda, sem frv. gerir ráð fyrir. Hitt er svo annað mál, hvort það er að öllu leyti rétt, að síldarverksmiðjurnar á staðnum, sem hafa ekki fengið nema sáralitla síld til vinnslu og þar af leiðandi haft tiltölulega litlar tekjur undanfarin ár, eigi að greiða þetta gjald. En það er nú svo, að það kemur nokkuð í sama stað niður, hvort síldarverksmiðjurnar taka á sig þennan bagga eða ríkið hjálpar Siglufjarðarkaupstað á annan hátt, því að síldarverksmiðjurnar eru eign ríkisins, og í öðru lagi er það, og það er aðalatriðið að því er þetta frv. snertir, að bæjarfélag getur tæplega sleppt svo umfangsmiklum verksmiðjum sem síldarverksmiðjurnar á Siglufirði eru við útsvar, eða ekki mundi það vera, ef þær væru í einstaklingsrekstri.

Fjhn. hefur því orðið sammála um það, að þessu athuguðu, að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
*Fyrirsögn samþ. án atkvgr.*
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 723).

---

## 69. Vegalagabreyting (frv. samgmn. Nd.).

Á 76. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947** [193. mál] (þmfrv., A. 604).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Á því þingi, sem nú stendur yfir, hafa verið borin fram tvö frv. um breyt. á vegalögum. Fr annað þeirra flutt í hv. Ed. af hv. þm. Barð. (GíslJ) og hitt í þessari hv. d. af hv. 2. þm. Eyf. (MJ). Við þessi frv. hefur síðan verið fluttur mikill fjöldi brtt., og sá háttur hefur verið á hafður um meðferð þessara mála, að samgmn. beggja deilda hafa myndað með sér eina n., samvn. samgm., sem síðan hefur fjallað um þessi mál í heild. Enn fremur hafa n. kvatt sér til ráðuneytis vegamálastjóra, og hefur hann mætt á mörgum fundum hjá n. og sömuleiðis hæstv. samgmrh.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er niðurstaða af þeim athugunum, sem fram hafa farið í n. á vegamálunum í heild og samstarfi n. við vegamálastjóra, sem hefur samið frv. með nefndinni.

Vegalögum var síðast breytt árið 1951, en síðan hafa á hverju þingi verið bornar fram ýmsar till. um breyt. á l., en þessar brtt. hafa ekki náð fram að ganga. Sá háttur hefur yfirleitt verið á hafður, að vegalögum hefur ekki verið breytt oftar en þriðja eða fjórða hvert ár. Nú taldi samvn. hins vegar tíma vera kominn til þess að „opna lögin", eins og það er kallað, þar sem allknýjandi þörf væri orðin til þess í einstökum héruðum.

Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, lengjast þjóðvegir á landinu samtals um 866 km, eða úr 7343 km í 8209 km. Nemur þessi aukning, sem hér er lögð til, því 11.8%. Breytingin er að sjálfsögðu allmismunandi í hinum ýmsu héruðum. Vegaframkvæmdunum er ákaflega misjafnlega langt komið áleiðis í einstökum héruðum og jafnvel einstökum landshlutum. Sum héruð hafa fengið þjóðvegi um flestar sveitir sínar, í öðrum er vegaframkvæmdunum tiltölulega skammt á veg komið. Þetta sést mjög greinilega af þeim töflum og línuritum, sem birt eru í grg. og vegamálastjóri hefur gert og hv. þm. hafa nú fyrir sér.

En af þessari aukningu þjóðveganna leiðir það, að þörf verður fyrir verulega aukin framlög til viðhaldskostnaðar. Hins vegar hafa fjárlög fyrir yfirstandandi ár nú verið afgreidd, þannig að ekki var unnt að fá hækkuð framlög í þessu skyni á þessu ári. Það er því lagt til í frv. með ákvæði til bráðabirgða, að sömu aðilar greiði viðhaldskostnaðinn og áður hafa annazt hann, þ. e. a. s. á þessu yfirstandandi ári. Þegar fjárlög verða svo samin fyrir næsta ár, hlýtur að verða tekið tillit til þeirra breytinga, sem þá hafa orðið með þessu frv., eftir að það hefur verið afgreitt sem lög.

N. hefur haft þann hátt á að haga brtt. sinni þannig, að upp er prentuð í heild 2. gr. vegalaganna frá 1951, eins og hún varð eftir breytinguna þá.

Ég vil geta þess, að nýir vegir í frvgr. eru þar prentaðir með feitu letri, þ. e. a. s. fyrirsögn þeirra. Hins vegar eru breytingar, sem á vegunum verða undir einstökum liðum prentaðar með gleiðletri. Þetta á að gera hv. þm. auðveldara um vik að greina þær breytingar, sem gerðar eru með frv. frá gildandi ákvæðum um þjóðvegi.

Samtals hafa verið fluttar brtt. í báðum deildum við vegalögin nú um 1200 km nýja þjóðvegi. Hins vegar leggur n. til, að upp verði teknar till. um nýja vegi, sem samtals verða 866 km. Með

þessu hefur n. og vegamálastjóri reynt að koma til móts við óskir hv. þm. í hinum einstöku héruðum og hefur ástæðu til þess að ætla, að samkomulag hafi tekizt við þá, þannig að ekki verði nú á ný fluttar brtt. við þetta frv.

Lengd þjóðvegakerfisins nú er um 7343 km, en þar af eru taldir akfærir 6493 km. Sýsluvegir eru hins vegar 2389.4 km, en þar af akfærir 1689.4 km. Hreppavegir eru taldir að lengd 1361.7 km, en þar af akfærir 804.9 km, og fjallvegir eru taldir um 400 km að lengd. Samtals eru vegir í landinu taldir 11494.1 km, en þar af akfærir 9387.8 km. Af vegakerfinu eru þá 2106.3 km ekki akfærir.

Til þess að fá nokkra hugmynd um þá þróun, sem gerzt hefur í vegamálunum, er rétt að benda á það, að akfærir þjóðvegir voru árið 1927 um 1300 km samtals. Árið 1937, eða 10 árum síðar, eru þjóðvegir alls 4437 km, en þar af akfærir 3307 km. Á 10 ára tímabili, frá 1927 til 1937, hafa þannig verið lagðir 2000 km af nýjum þjóðvegum. Sýsluvegir voru samtals árið 1937 2331 km, en þar af aðeins akfærir 1154. Samtals voru þá þjóðvegir og sýsluvegir árið 1937 6768 km, þar af akfærir 4461 km. Í dag eru hins vegar, eins og ég sagði áðan, samtals akfærir 9387.8 km, þannig að frá 1937 hefur lengd þjóðvegakerfisins rúmlega tvöfaldazt. Meginástæða hinna miklu framfara í vegamálunum á undanförnum árum er að sjálfsögðu sú, að nýjar vélar og tæki hafa komið til sögunnar, þannig að nú er hægt að vinna það verk á tiltölulega skömmum tíma, sem áður þurfti ár til að ljúka.

Þá vil ég geta þess, að n. hefur í samráði við vegamálastjóra tekið upp í 3. og 4. gr. frv. nokkurt nýmæli, þ. e. um nýbýlavegi. Þar er lagt til, að nýbýlavegir skuli að því er snertir nýbyggingu njóta sömu aðstöðu og þjóðvegir. Það hefur orðið nauðsynlegt að taka upp þetta ákvæði, vegna þess að með stofnun nýbýlahverfa hefur skapazt jafnhliða þörf fyrir lagningu nýrra vega. Um það var flutt sérstök brtt. hér í þessari hv. þd., að inn í vegalög kæmu ákvæði um það, að ríkið kostaði byggingu og viðhald nýbýlavega. Hefur vegamálastjóri lagt til, að hún yrði tekin upp í frv., og n. hefur fallizt á, að það yrði gert. Hins vegar er lagt til, að þegar lokið sé við að leggja nýbýlaveg, að dómi vegamálastjóra, þá skuli hlutaðeigandi sýslunefnd vera skylt að taka veginn upp í tölu sýsluvega og annast viðhald hans. Heimreið eða veg af nýbýlavegi til nýbýlis kostar nýbýlingur og nýbýlastjórn í sameiningu, en nýbýlingur hins vegar viðhaldið.

Þá er lagt til, að nokkur breyting verði gerð á 36. gr. vegalaganna um fjarlægð girðinga og húsa frá vegi. Nú gilda þau ákvæði um þetta efni, að setja má girðingu úr sléttum vír eða vírneti í eins metra fjarlægð frá vegi og úr gaddavír í 4 m fjarlægð frá vegi. Hefur verið talið æskilegt að hækka þessar fjarlægðir í 4 m, þegar um er að ræða sléttan vír, og í 8 m, þegar um er að ræða gaddavír, og enn fremur þykir óþarft að ákveða þessar fjarlægðir frá miðjum vegi. Þær eru nú miðaðar við vegarbrún.

Ég hygg þá, að ég hafi í aðalatriðum gert grein fyrir þessu frv. og þeim breyt., sem það felur í sér. Ég vil mjög eindregið vonast eftir því, eftir að það nána samstarf hefur verið haft sem raun ber vitni við einstaka hv. þm. í báðum d., að brtt. verði ekki fluttar við þetta frv. eins og það nú liggur fyrir. Það hefur verið reynt af hálfu vegamálastjóra og n. að koma til móts við óskir hv. þm. í þessum efnum eins og frekast hefur verið unnt, og það er nauðsynlegt fyrir framgang málsins á þessu þingi, að ekki hefjist nú almennur tillöguflutningur að nýju. Ég vænti, að hv. þm. geti fengið mjög greinargóðar upplýsingar bæði af skýrslu vegamálastjóra og enn fremur af því línuriti um vegi á Íslandi, sem fylgir grg. Ég held, að það sé mjög mikils virði einmitt, að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir um mál sem þessi, og ég veit, að hv. þm. munu kynna sér þær upplýsingar, sem fylgja grg. þessa frv., vendilega.

Ég vil svo að lokum þakka vegamálastjóra alveg sérstaklega fyrir mikilsverða aðstoð við samningu þessa frv. og ágæta samvinnu við báðar samgmn. þingsins. Geir Zoëga hefur haft á hendi framkvæmd vegamála á Íslandi síðan árið 1911, og vegamálastjóri hefur hann verið síðan 1917. Ég býst við, að allir hv. þm., sem nú sitja hér á Alþ. og hafa starfað með honum, beri það einróma, að samvizkusamari og betri embættismann geti ekki. Ég vil ekki ljúka svo þessari framsöguræðu fyrir vegalagabreytingu nú, sem sennilega verður sú síðasta, sem Geir Zoëga undirbýr, þar sem hann hefur senn náð aldurshámarki embættismanna, án þess að flytja honum sérstakar þakkir frá samgmn. beggja þd. fyrir það mikilsverða starf, sem hann hefur unnið í þágu vegamálanna hér á landi.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Það varð að samkomulagi hjá okkur þm. Árn., að hv. samþm. minn skyldi flytja brtt. þær, sem við hugsuðum fyrst og fremst um að flytja að þessu sinni, í hv. Ed., því að eins og hv. þm. vita, á hann þar sæti, en ég flytti ekki hér brtt., þó að annað frv. væri nú komið fram í þessari hv. d. Okkur fannst það fara betur á því, að við höguðum flutningi þessara mála þannig, heldur en að fara að skipta milli deilda hinum einstöku till. En þegar ég varð þess áskynja — eða við, að þessi háttur yrði hafður á um afgreiðslu þessa máls, að vegalögin mundu verða tekin til meðferðar öll í heild og frv. flutt hér í þessari hv. d., get ég ekki annað en boðað það, að ég mun verða að flytja eina brtt., og það er sakir þess, að hv. samgmn. hefur ekki tekið hana upp í þetta frv. Ég hef flutt aðeins eina till. hér í hv. Nd., þ. e. um Hafnarskeiðsveg frá Þorlákshöfn að Ölfusárósi hjá Óseyrarnesi, og það gerði ég sakir þess, að ég vissi, að það mundi verða byrjað á afgreiðslu þessa máls hér í hv. Nd. En því miður sé ég á þessu frv., að hv. samgmn. hefur ekki tekið til greina þessa brtt. mína. Hv. n. eða nm. höfðu það á orði við mig, að það mundu ekki fást meðmæli vegamálastjóra með þessari till., og sé ég þá, að n. hefur til að byrja með látið það ráða. Ég skil mætavel, að hv. samgmn. sé nokkur vandi á höndum um slíkt mál sem þetta. Og eins og hv. frsm. tók fram, hefur verið sá háttur á hafður um afgreiðslu þessa máls að reyna sam-

komulag við hv. þm. um afgreiðslu málsins, og ég hef jafnan litið svo á, að sú leið væri sú eina skynsamlega, til þess að væri eitthvert vit í afgreiðslu málsins. Till. hv. n. þykist ég því kunna að meta og vil þakka henni fyrir till., sem snerta mitt hérað og hún hefur tekið til greina. Það er vitaskuld ómögulegt að verða við öllum till., því að það er það mikið ógert og einstakir þm. hafa vitaskuld mikinn áhuga fyrir héruð sín, að koma sem mestu til leiðar til umbóta, eftir því sem þeir gera sér nokkrar vonir um. Þó að hv. frsm. n. hefði nú það hér á orði og óskaði eftir því, að menn flyttu ekki till., vil ég reyndar vona, að ef n. íhugar betur, hvernig ástatt er um þessa till. mína, muni hún fallast á að verða við óskum **mínum.**

Fyrir hvað er verið að auka vegi um landið? Í hvers þágu er það? Það er vitaskuld fyrst og fremst af nauðsyn. Það er fyrst og fremst fyrir þá íbúa héraðanna, sem veganna eiga að njóta, og þá til viðbótar því umbætur á þeim vegum, sem liggja í gegnum héruð og kannske landsmenn meira og minna njóta, menn úr öðrum héruðum. Þess vegna er það, að þegar verið er að koma með nýjar till., er alveg sjálfsagður hlutur að meta nauðsynina, hvað hún er mikil. Og án þess að ég hafi sérstakan kunnugleika alls staðar á þeim nýju vegum, sem ætlazt er til að verði nú samþykktir inn á vegalög, er ég fyrir fram alveg sannfærður um, að enginn vegarspotti af þessum, sem hv. n. leggur til að komi inn á vegalögin, hefur jafnmikla þýðingu og þessi spotti, sem ég legg til að verði tekinn inn á vegalög, þ. e. Hafnarskeiðsvegurinn frá Þorlákshöfn austur að Óseyrarnesi. Það er sakir þess, að þetta er einn þáttur í atvinnu fólks, sem er á annað þúsund íbúa í kauptúnunum Stokkseyri og Eyrarbakka og í þeirri byggð, sem er nú að myndast í Þorlákshöfn. Og þegar hafnargerðin er komin lengra áleiðis, þá er ekkert vafamál, að þarna myndast fljótlega allmikið kauptún og fjölmenni. Ég vék að því ýtarlega í fyrra, þegar rætt var um brúargerðir og samþ. var till. um, að brú hjá Óseyrarnesi á Ölfusá væri sett inn á brúalög, hvernig ástatt væri um þessi kauptún og hvaða þýðingu slík brúargerð hefði fyrir íbúana. Ég get því í þessu efni allmikið vitnað til þeirrar ræðu. En þetta er þáttur í sama máli. Brú verður ekki gerð á Óseyrarnesi öðruvísi en það verður að leggja veginn fyrst að brúarstæðinu, og það veit ég að allir hv. þm. gera sér alveg fullkomlega ljóst, úr því að nú er svo ástatt, að ekki verður hægt að fara með flutninga að brúarstæði öðruvísi en vegur verði gerður, en það er ekki mögulegt. Það skiptir engu máli, hvort horfið verður fljótlega eða ekki að brúarsmíði. Þegar sú ákvörðun verður tekin að byggja brú á Ölfusá, er óhjákvæmilegt að byrja á því að leggja veginn, og hvað mundi það nú skaða, þó að samþykkt væri að taka þennan veg inn á vegalög? Ekki étur heiti hans, þó að standi á vegalögunum, fé, fyrr en byrjað er á að leggja veginn. Og hvað er þá á móti þessu?

Nú fyrir skömmu hafa bátar frá Stokkseyri og Eyrarbakka sótt sjó frá Þorlákshöfn á aðra viku í einu. Þeir hafa orðið að flytja fiskinn á bátum sínum milli 40—50 km til þess að koma honum í verkun. Á báðum stöðunum eru frystihús, og það er óhjákvæmilegt fyrir þá, þegar þeir koma með aflann á land, að koma fiskinum í verkun. Þetta verða þeir að vinna til, og hver heilskyggn maður getur gert sér grein fyrir því, hver kostnaður er við þetta og hvað miklir erfiðleikar eru á þessu. En þó að þeir losnuðu ekki við það að flytja fiskinn, þá er annað atriði líka í þessu, sem er ekki lítilvægt. Það er með mannflutningana, sem verða á milli þegar þeir sækja sjó. Þá mundi því, unz brúin er komin, verða hagað þannig, að bílar frá Þorlákshöfn bæði færu með og sæktu fólk yfir að Ölfusá, en bílar að austanverðu, frá Stokkseyri og Eyrarbakka, skryppu bæði eftir fólki og með fólk út að ánni, og þá yrði fólkið ferjað á bátum yfir ána. Þungaflutningar allir og þess konar, eins og fiskflutningur, gætu vitaskuld ekki orðið nema þá með alveg sérstökum útbúnaði, sem mundi kosta of fjár, og ég geri tæpast ráð fyrir, að nokkurn tíma yrði horfið að því ráði, heldur mundi verða lagt í brúarsmíðina. Það getur því mjög fljótlega haft hina mestu þýðingu fyrir þetta fólk, að vegurinn verði gerður. Það er ekki nema smáspotti frá Eyrarbakka að austanverðu, en vegarlengdin öll, sem þarf að leggja veg þarna, mun verða um eða lítið yfir 12 km alls.

Þetta er þá það, sem um er að ræða í till. minni, þ. e. að koma því inn á vegalög, að heimild verði til þess að gera þennan veg, og hann getur ráðið þetta miklu, hvort mönnum reynist mögulegt að sækja sjó frá Þorlákshöfn eða ekki. Ég þarf ekki að fjölyrða um það, hvernig ástatt er um sjósókn frá Stokkseyri og Eyrarbakka. Allir, sem þekkja skerjaklasann fram af ströndinni, geta gert sér í hugarlund, þegar ókyrrt er í sjó og Atlantshafsaldan fellur óbrotin á skerjaklasanum fyrir framan, og þess vegna er það líka á þessum stöðum, að landlegudagarnir hjá sjómönnunum hafa verið svo margir, að í seinni tíð hafa menn flúið með báta sína í burtu, af því að það hefur ekki verið nema brot af vertíðinni, sem þeir hafa getað sótt sjó. Þetta mundi gerbreytast, þrátt fyrir mikla erfiðleika, ef menn kæmust á milli með lítilli fyrirhöfn, og fyrirgreiðsla í þessu efni getur haft mjög mikið að segja, að hægt sé að skjóta mönnum á bíl bæði að ánni og frá beinustu leið. Ég þarf ekki heldur að minna hv. dm. á það, að fiskimiðin við Þorlákshöfn eru einhver þau beztu, ef ekki tvímælalaust þau allra beztu, sem eru hér við land. Það er langoftast, að þegar göngufiskur er kominn, þá þurfa þeir ekki að sækja nema svona fjögurra, fimm og upp í tíu mínútna róður frá bryggjunni. Nú er í ráði að gera allverulegar umbætur á höfninni í sumar, og menn vonast eftir að geta gert skjólgarð, svo að skjól verði fyrir 30 eða jafnvel 50 báta, svo að þeir séu ekki í neinni hættu að vetrinum. Þetta gerbreytir allri aðstöðu að sækja sjó frá Þorlákshöfn, því að þrátt fyrir það að komin sé nokkur bryggja, þá vantar alveg þennan skjólgarð fyrir bátana. Það er ætlunin að gera hann í sumar og til hans fengið allmikið fé, sem ég vil vona að nægi til þess, að a. m. k. 30 bátar geti fengið afdrep þar. Og maður vonast eftir því jafnvel á næsta vetri. Þetta mundi þýða það fyrir kauptúnin Stokkseyri og Eyrarbakka, að hve-

nær sem þeim litist svo, að ekki væri tryggt útlit um að geta sótt sjó að heiman, þá færu þeir með útveg sinn út í Þorlákshöfn og sæktu sjó þaðan.

Ég ætla, að enginn vegarspotti muni hafa meiri þýðingu í atvinnulegu tilliti en einmitt þessi vegarspotti, sem ég flyt hér till. um og óska eftir að tekinn verði inn á vegalög. Vel má vera, að það sé enginn vegarspotti, þegar miðað er við vegalengd, sem hafi jafnmikla þýðingu. Hvað feginn sem ég vildi nú verða við óskum hv. samgmn., þá get ég ómögulega lagt á mig þann kross vegna umbjóðenda minna, — ég gæti það kannske mín vegna, en ég get ómögulega vegna umbjóðenda minna annað en gert það ýtrasta, sem ég get, til þess að fá hv. Alþ. til að sinna þessu máli. Og ég verð að játa hreinskilnislega, að ég skil það ekki, ef hv. samgmn. fellst ekki á að taka þessa till. til greina. Ég vil geta mér þess til, að þegar hún í þetta sinn lætur þessa till. liggja, stafi það af því, að hún hafi ekki nógsamlega komið auga á þýðingu málsins. Hér getur verið fyrir þjóðina ekki svo lítið atriði um að ræða, meira en aðeins þetta fólk þarna í þremur þorpum, sem er á annað þúsund manns, heldur fyrir þjóðina í heild. Víða hefur verið góður afli í vetur, því fer betur, en hvergi uppi í landssteinum önnur eins uppgrip og í Þorlákshöfn, og þeir, sem þekkja okkar fiskisögu, söguna um okkar fiskimið og reynslu þeirra, munu ekki vita dæmi um það, þegar til lengdar lætur, að nein fiskimið jafnist á við miðin í Þorlákshöfn. Hér er því verið að tala um hagsmuni þjóðar, ekki eingöngu þeirra manna, sem fyrst og fremst það snertir, heldur getur verið um mikið verðmæti á mælikvarða þjóðarinnar að ræða. Og víst er um það, að undireins og Þorlákshöfn getur tekið á móti miklum fiskiflota, þá er hann kominn þar. Og meira að segja mundu oft og einatt menn frá þeim verstöðvum, sem hafa góð fiskimið, eins og t. d. Vestmannaeyjum, leita til Þorlákshafnar, þegar óhagstæð eru veður. Þessi vegarspotti skipti kannske ekki miklu fyrir Vestmannaeyinga að þessu leyti, en í öðru tilliti hefur hann þó sína þýðingu, og það er um þær ferðir að sumarlagi, sem eru frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar. Þá mundi fólk taka sér bíl, ef það ætlaði eitthvað áfram, hvort sem það væri nú austur um eða vestur yfir fjall, — þá mundi það fara í vegarsamband við Eyrarbakkaveg, því að það væri styztu leiðin og sú langhagfelldasta.

Eitt atriði er líka í þessu sambandi, sem rétt er að minnast á, að á meðan ekki verður ráðin bót á sandfokinu, sem stendur yfir veginn, sem nú liggur frá Þorlákshöfn upp á Selvogsveg, yrði það mikið hagræði að geta farið eftir þessum vegi, því að þegar sandfok er mikið, er það ákaflega oft, að hann verður ófær og fólksbílar komast ekki eftir veginum frá Þorlákshöfn upp á Selvogsveginn.

Ég vil því í fullri vinsemd biðja hv. samgmn. að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega, áður en hún gengur frá því til fulls. Mér væri enn kærara, að hv. n. tæki það upp í till. sína og ég þyrfti enga brtt. að flytja, þá get ég orðið við óskum hennar með glöðu geði, og á því færi áreiðanlega bezt.

Hv. frsm. minntist í lok ræðu sinnar lofsamlega á vegamálastjóra, sem senn mun nú sakir aldurs láta af störfum. Ég ætla síður en svo að amast við slíku; hann hefur áreiðanlega rækt starf sitt af alúð og skyldurækni, það þykist ég á mörgu hafa séð. En einstaklega færi vel á því, að hv. vegamálastjóri sæi sér þá fært að vera a. m. k. ekki andvígur því, að slík till. sem þessi kæmi inn á vegalög. Ef ekki strax, þá a. m. k. síðar meir, mundi það verða talið eitt með betri dæmum um það, hve langsýnn hann hefði verið og viljað gera till. sínar þannig úr garði, að þær kæmu almenningi að sem mestum notum og til fyrirgreiðslu.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um málið frekar. Ég vil aðeins endurtaka óskir mínar til hv. samgmn. og óska eftir, að hún láti mér í té vitneskju um það, hvort hún geti ekki orðið við tilmælum mínum, því að annars mun ég neyðast til þess að flytja till. Annað væri fullkomin vanræksla á mínum skyldum, sem ég hef ekki eingöngu við þetta fólk, eins og ég hef sagt áður, heldur og skortur á trúmennsku hjá mér gagnvart þjóð minni og afkomumöguleikum hennar.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessu frv., sem hv. samgmn. flytur, og þar sem hv. n. hefur starfað að þessu ásamt samgmn. hv. Ed., er þess að vænta, að málið fái afgreiðslu nú á þinginu.

Það er eitt atriði í frv., sem ég vildi óska skýringar á. Það er 5. gr. þess. Hún er um það að breyta nokkuð ákvæðum gildandi laga um girðingar meðfram vegum. Er lagt til, að bilið frá vegi að girðingu verði gert lengra en það þurfti að vera samkvæmt fyrri lagaákvæðum. Nú vil ég leyfa mér að óska upplýsinga frá hv. frsm. um það, hvernig þetta mundi snerta þá mörgu, sem hafa komið upp girðingum, oft um ræktað land meðfram vegum, og hafa farið að öllu leyti eftir þeim lagafyrirmælum, sem þá voru í gildi um þetta atriði. Mundi þeim verða skylt, ef þetta verður samþ., að færa girðingarnar, til þess að þær verði löglegar eftir hinum nýju ákvæðum? Þetta gæti að sjálfsögðu haft allmikinn kostnað í för með sér fyrir marga menn, auk þess sem, eins og ég sagði áður, víða er ræktað land svo nærri vegi sem leyfilegt hefur verið, og gætu þeir því einnig orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Ég sé ekkert að þessu vikið í grg. í frv. og þætti gott að fá nú eða við 2. umr. skýringar á þessu frá hv. nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Samgöngumálanefndir þingsins hafa tekið þetta frv. til athugunar frá því að 1. umr. lauk um það í hv. þd. Hefur frv. verið yfirfarið með vegamálastjóra og borið saman við upprunalegar till. Í ljós hefur komið, að nauðsyn ber til þess að gera smávægilegar leiðréttingar á frv.,

og hefur n. ákveðið að bera fram örfáar brtt. eingöngu til leiðréttingar við 3. umr. frv. Ég get nefnt dæmi um það, hvers eðlis þessar leiðréttingar eru. Það er um breytingu á nöfnum vega og leiðréttingar, sem jafnvel eru málseðlis. Um sumar hverjar þeirra þarf ekki að bera fram brtt. í hv. þd., heldur er hægt að leiðrétta það í prentun. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða um þessar brtt., sem engar eru efnisbreyt. N. var sammála um að bera ekki fram neinar brtt. um efnisbreytingar á frv. og enn fremur um hitt, að mæla gegn öllum slíkum brtt.

Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, hefur n. ásamt vegamálastjóra reynt að koma á móti óskum hv. þm. úr einstökum kjördæmum eins og frekast hefur verið unnt í þessum till. sínum. Hún væntir þess vegna, að ekki verði fram bornar brtt. við frv., hvorki hér í hv. Nd. né í Ed.

Vegna þeirra ummæla, sem féllu hjá hv. 1. þm. Árn. (JörB) við 1. umr. málsins um Hafnarskeiðsveg, vil ég aðeins taka það fram, að n. er að sjálfsögðu ljóst, að þessi vegur er trúlega framtíðarvegur og mjög nauðsynlegur og gagnlegur fyrir þau byggðarlög, sem þar eiga hlut að máli. En þannig er ástatt um fjöldamarga aðra vegi, sem mjög er sótt á af hv. þm. að koma inn á vegalög, en þm. hafa hins vegar sætt sig við að ekki yrðu teknir með í þetta skipti.

Það er að vísu rétt, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að hvorki þessi vegur né aðrir éta fé frá ríkissjóði með því einu að standa í vegalögum. En eins og ég gat um fyrr, má segja það um flesta aðra vegi, sem mörgum hv. þm. er jafnmikið áhugamál að koma inn við þessa opnun vegalaga og honum er það að fá þennan veg tekinn upp. Ég veit, að hv. þm. skilur aðstöðu n. í þessu efni. Það hefur orðið samkomulag um það að bera ekki af hálfu n. fram till. um neinar efnisbreytingar og enn fremur að beina þeim tilmælum til einstakra hv. þm. að bera ekki fram slíkar tillögur. Með því er að sjálfsögðu enginn dómur felldur um þennan veg, að hann sé ekki gagnlegur og nauðsynlegur og eigi ekki að koma í framtíðinni.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. V-Húnv. (SkG) við 1. umr. málsins vil ég taka það fram, að þar sem girðingar hafa verið settar upp í samræmi við núgildandi ákvæði vegalaga um lengd frá vegarbrún eða miðju vega, er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að menn verði skyldaðir til þess að taka þær upp og færa þær út í samræmi við hið nýja ákvæði, sem lagt er til að upp verði tekið í þessu frv.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að gera frekari athugasemdir við málið á þessu stigi þess. En við 3. umr. mun samgmn. flytja nokkrar brtt. um leiðréttingar og tilfærslur til betra máls á frv.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég beindi ummælum mínum við 1. umr. þessa máls til hv. samgmn. og óskaði eftir, að hún endurskoðaði afstöðu sína til þeirrar brtt., sem ég flutti við vegalögin um Hafnarskeiðsveg. Ég leitaðist við í stuttu máli að gera grein fyrir þýðingu þessa vegarkafla, en vitnaði að öðru leyti til þeirra röksemda, sem ég færði fyrir málinu á síðasta þingi, þegar talað var um brúargerðir.

Mér þykir mikið fyrir því að heyra það af vörum hv. frsm., að n. muni ekki hyggjast bera neinar brtt. fram um efni málsins, því að leiðréttingartillögur raska vitaskuld ekki efni þess, en færa það aðeins til réttari vegar, eins og vera ber.

Hv. frsm. sagði, að með því að vilja ekki verða við óskum mínum um þetta væri n. ekki að dæma um þýðingu þessa vegarkafla út af fyrir sig og þá ekki heldur borið saman við hennar tillögur um nýja vegi. Það læt ég mér í léttu rúmi liggja og hef enda ekki neinn áhuga fyrir því, að það sýni neinn meting um slíkt, hvort þessi vegur hefur meira gildi fyrir fólk en hinn. En vitaskuld, þegar verið er að gera umbætur og nýjar framkvæmdir, verður á það að líta, hvert gildi slík umbót hefur fyrir þá, sem fyrst og fremst eiga að því að búa, og þá þori ég fyrir fram að staðhæfa, og undan því getur hv. samgmn. ekki skotið sér, að ekki einn einasti vegarspotti, sem hún leggur til að samþ. verði nú á vegalögum, hefur slíkt gildi frá atvinnulegu sjónarmiði og verðmætissjónarmiði og þessi vegur. Og ég skora á hv. samgmn., ef hún þykist vera þess umkomin að rökstyðja það, að 12 km kafli á einhverri annarri vegalengd, sem hún leggur nú til að samþ. verði inn í vegalög, komi þar til jafns við, þá segi hún til þess, hver hann er.

Þessi till. mín er ekki fyrir mig fyrst og fremst gerð. Hún er að vísu fyrir umbjóðendur mína, en þeir eiga rétt á því, að þessu máli sé sinnt. Enginn útgerðarstaður hér á landi er verr settur hvað aðstöðu áhrærir að sækja sjó en Eyrarbakki og Stokkseyri, en með hinni nýju hafnargerð í Þorlákshöfn veitist þeim möguleiki á að stunda sjó frá Þorlákshöfn. Það torveldar þeim það þó mjög, ef þeir þurfa að aka 40—50 km leið á milli þessara staða. En 12 km er leiðin, ef vegurinn verður lagður á móts við Óseyrarnes frá Þorlákshöfn, og mundi þá verða skroppið með mennina á bíl að austan út að ánni og aftur að vestanverðu sóttir að Þorlákshöfn. Eftir að ég talaði um þetta við 1. umr. málsins, hefur sýnt sig, að menn hafa suma daga þríhlaðið í Þorlákshöfn. Ég vil mega vænta þess, að hv. samgmn. liggi ekki í léttu rúmi, hvað gerist í þessum efnum eða til hvers eigi að nota vegina.

Ég skil mætavel afstöðu hv. n. En að hennar till. séu svo hnitmiðaðar, að öllu réttlæti sé fullnægt með því, sem hún leggur til í þessu máli, en að allt annað raski því, nær ekki til þessarar greinar, sem við tölum nú um. Ég hefði gjarnan viljað verða við tilmælum hv. samgmn. um að bera fram enga tillögu, en svo mikinn óleik get ég ekki gert hv. samgmn. og sjálfum mér að verða við þessum óskum. Það get ég ekki á mig lagt, og ef ég gæti með atkv. mínu og till. afstýrt því óhappi, sem nú er stefnt að með því að hafa á móti því að samþykkja þessa till., vil ég gjarnan hjálpa til þess að afstýra slíku óhappi.

Ég vil nú enn á ný skírskota til hv. samgmn., að hún endurskoði mjög vel við 3. umr. þessa afstöðu. Ef einhvers staðar kynni að vera tillaga um umbót, sem ætti jafnmikinn rétt á sér til viðbótar við það, sem hv. n. leggur til, þá verð ég að segja það, að það er réttlætismál að verða við þeirri ósk. Ég neyðist því til að

leggja fram brtt., og hljóðar hún á þessa leið, — það er brtt. við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947, að á eftir A. 12 í 2. gr. kemur nýr liður: Hafnarskeiðsvegur: Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið að brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á þjóðveginn hjá Eyrarbakka.

Ég dró að setja þessa till. í prentun í þeirri von, að hv. n. íhugaði málið betur. Ég verð því að biðja hæstv. forseta um að fá afbrigði fyrir till. og sé mér ekki annað fært en að leggja hana fram. Ef hv. samgmn. vill íhuga enn betur og gaumgæfilegar en henni hefur unnizt tími til þetta atriði, þá mun ég verða við óskum hv. n. um að fresta því, að mín till. verði borin upp, þar til við 3. umr. Ég vil sem sé á allan hátt sýna hv. samgmn. allt tillit til hins ýtrasta, fram á yztu nöf, sem ég sé mér fært að gera, en lengra náttúrlega kemst ég ekki.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 645) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Það eru aðeins örfá orð vegna þeirrar brtt., sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) hefur borið fram.

Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, þá er það útkljáð mál í samgöngumálanefndum, að nm. voru sammála um að leggja eindregið til, að ekki verði gerðar efnisbreytingar á frv. Ég tel þess vegna því miður þýðingarlaust að fara fram á það við minn hv. vin, forseta Sþ. (JörB), að taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

Ég skil mætavel áhuga hans fyrir þessu máli, sem eins og ég sagði áðan er mál, sem einhvern tíma í framtíðinni verður áreiðanlega leyst. Við eigum allir þm. úr sveitakjördæmum landsins einhver slík börn, sem við vonum að verði í náðinni bæði hjá löggjafanum að því er snertir það að komast á vegalög og hjá fjárveitingavaldinu um fjárveitingu síðar meir. Ég vil þess vegna biðja hv. þm. f. h. samgmn. um að líta alls ekki svo á, að hún sé með þessu að fjandskapast við þarfa og skynsamlega framkvæmd, sem í framtíðinni mun verða unnin. En hv. þm. skilur það, bæði frá fyrri tíð og frá þessum vetri, að það er alls ekki vandalaust verk að ná samkomulagi um afgreiðslu vegalaga. Það er alls ekki vandalaust verk að fá samkomulag milli allra hv. þm. um tillögur, sem menn geta staðið saman um í heild. En að þessu verki hafa samgmn. þingsins unnið sameiginlega og reynt að ná sem beztu samkomulagi við hvern einstakan þm., þannig að hann fái þeim óskum fram komið, sem mesta nauðsyn ber til að lögfesta í vegalögum fyrir hans hérað og það fólk, sem það byggir. Á grundvelli þessa skilnings á eðli þessa máls og meðferðar þess leyfi ég mér f. h. samgmn. að fara þess á leit við hv. þd., að hún breyti frv. ekki við þessa umr.

ATKVGR.

Brtt. 645 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Bráðabirgðaákvæði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 604, 645).

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins hér í hv. þd. í gær, fóru samgmn. beggja d. yfir frv. með vegamálastjóra milli 1. og 2. umr. og gerðu á því einungis orðabreytingar og leiðréttingar, en efnisbreytingar engar. Niðurstaðan varð sú, að n. taldi, í samráði við skrifstofu Alþ., ekki þörf á því að bera fram sérstakar brtt. á nýju þskj. um þessar leiðréttingar og lagfæringar, heldur var frv. prentað upp með leiðréttingunum, og hefur því nú verið útbýtt þannig.

Ég vil aðeins minnast á örfáar þessara leiðréttinga, rétt til þess að sýna, hvers eðlis þær eru. Á bls. 3 í frv. er t. d. breyting gerð á 49. lið, þar sem settur er Vorsabær í staðinn fyrir Ossabæ. Þessi bær mun í daglegu tali yfirleitt vera nefndur þessu nafni, og töldu staðkunnugir menn og vegamálastjóri betur fara á því, að þetta nafn væri notað. Við 68. lið í Suðurlandsvegum er sú breyting gerð, að bætt er inn í, þar sem stendur „hjá Flatey með álmu yfir Hornafjarðarfljót ytra“: undan Bjarnanesi og á Mýraveg. Vegurinn verður nákvæmlega hinn sami og gert var upprunalega ráð fyrir. Enn fremur er í 70. lið sett inn: hjá Reyðará — í staðinn fyrir „hjá Svínhólum“; vegurinn einnig hinn sami og upprunalega var gert ráð fyrir.

Þessa eðlis eru þessar brtt. yfirleitt. Ein leiðrétting er t. d. við 32. lið í Vesturlandsvegum, þar er um hreina prentvillu að ræða, þar sem stendur Vesturlandsvegur, átti að vera Norðurlandsvegur. Enn fremur er á nokkrum stöðum talað um vegi á væntanlegar brýr, þar sem búið er að byggja brýrnar. Hefur þar orðið að fella út orðið „væntanlegur“.

Ég hygg, að ekki beri nauðsyn til þess að fara frekari orðum um þessar lagfæringar og leiðréttingar, sem n. taldi í samráði við skrifstofu þingsins ekki nauðsyn bera til að flytja sérstakar brtt. um, heldur beri eingöngu að líta á þær sem lagfæringar.

Það er þó rétt að benda á það, að á einum eða tveimur stöðum hefur vegum verið steypt saman; úr tveimur vegum hefur verið gerður einn liður í frv., en vegirnir látnir halda sér nákvæmlega eins og upprunalega var ráð fyrir gert í frv.

Að lokum vil ég svo ítreka það, sem ég gat um f. h. nefndarinnar í gær, að n. beinir því mjög til hv. þdm. að samþykkja þetta frv. eins og það liggur nú fyrir, flytja ekki við það nýjar brtt., enda hafa þær engar borizt utan sú eina, sem lýst var við 2. umr. frv. og tekin var þá aftur til 3. umr.

Ég endurtek það, sem ég sagði um þá brtt. í gær, að nefndin gerir sér ljóst, að sá vegur er nauðsynlegur eins og fjöldamargir aðrir vegir, sem hv. þm. gjarnan vildu hafa fengið tekna upp í þjóðvegatölu, en ekki hefur verið talið tímabært eða mögulegt að taka upp að þessu sinni. Svipaður háttur mun verða á hafður um af-

greiðslu vegalaga og opnun þeirra í framtíðinni og verið hefur undanfarin ár. Það líða sennilega 3—4 ár þangað til þeim verður breytt næst, og þá koma nýir tímar og ný ráð. Þá verða margir þeirra vega, sem þm. nú hafa ekki fengið tekna upp, en hafa áhuga fyrir, vafalaust teknir upp í vegalög.

Ég leyfi mér svo f. h. nefndarinnar að óska þess, að frv. verði samþykkt við þessa umræðu eins og það nú liggur fyrir, með þeim leiðréttingum, sem á því hafa verið gerðar.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Mér þykir miður, hvað mér gengur illa að fá hv. samgmn. til þess að líta á þetta mál með velvilja. Reyndar fer ekki mikið fyrir þeim rökum, sem færð eru fram gegn þessari till. af hendi hv. frsm., og veit ég þó, að hann er fundvís á rök, ef þau eru til staðar, og honum er sýnt um að túlka sitt mál. En gegn þessari till. minni hefur hv. frsm. ekkert annað fært en það, að þessir 12 km megi ekki koma inn núna. Mér skilst, að ef slíkt hendi, sé eitthvað raskað réttlætinu, sem ríkir í þessu frv. Hv. frsm. hefur ekki heldur efazt um, — og það er ekki hægt, það liggur alveg ljóst fyrir, — að á þessum vegarspotta er afar mikil nauðsyn og að það varðar atvinnulíf eystra mjög miklu, hvort vegurinn verður til eða ekki. Þarna eiga hlut að máli 3 þorp, sem þetta snertir fyrst og fremst. Það eru Stokkseyri og Eyrarbakki, og það er Þorlákshöfn. Í þessum þorpum er á annað þúsund manns. Áður hef ég gert grein fyrir því, hve þetta kynni að greiða fyrir samgöngum.

En hvað sem um þetta er, þá vill hv. frsm. ekki taka það gilt, að þessi till., þessi undur litla till., þessi spotti, megi koma inn á vegalögin, því að þá sé einhverju réttlæti raskað. Ég get ekki tekið það öðruvísi. Hann hefur gefið góðar vonir um, að næst þegar vegalög verði opnuð komi þessi till. og verði vafalaust samþ. Ja, segjum það. Er endilega víst, að þá standi mikið öðruvísi á? Er það sjálfsagður hlutur, að þeir menn, sem koma til með að fjalla um þetta, líti þannig á þá fremur en hv. samgmn. kann að gera nú? Ég efast nú reyndar um, að öll n. geri það, en einhverjir vafalaust; það er auðséð.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. frsm. telji alveg sjálfsagt, að nm. verði næst hinir sömu, en eftir því sem hann taldi að málið kæmi til meðferðar á ný, þá verður það þó ekki fyrr en eftir næstu kosningar. Ég er nú engu að spá um það, hvort þessir hv. þm. komi allir; það liggur mér í léttu rúmi, því að það er ekki það atriði, sem ég er að fást um. En út frá þessu tali hv. frsm. hef ég ekki getað annað en litið á þetta mál, hvernig það liggur fyrir.

Þá er það um málið að segja, að engin sýsla á landinu hefur nándar nærri jafnlanga sýsluvegi sem Árnessýsla. Þrjár sýslur á landinu hafa aðeins lengri hreppavegi en Árnessýsla, en þar munar mjög litlu. Árnessýsla hefur hvað gjöld áhrærir til sýsluvegasjóðs jafnan verið í hámarki með greiðslur til vegalagningar, svo að ekki þarf þetta að hindra það, að þessi spotti bætist við. Nú er lagt til, að þjóðvegir í Árnessýslu lengist um 35 km, og það tjái ég n. þakkir fyrir. Ef þessum 12 væri bætt við, þá yrðu þetta 47 km. Hvað þetta atriði áhrærir yrði engu réttlæti raskað. Það mundi samt sem áður stórhalla á Árnessýslu í þessum efnum, svo að ekki þyrfti það að koma mjög við tilfinningar manna í þessum efnum. En það er ekki þetta atriði, sem mér er svo einkar hugarhaldið að gera að umtalsefni. Ég hef aldrei tamið mér það í meðferð mála hér á þingi að vera öðrum mönnum þröskuldur í vegi með þau umbótamál, sem þeir hafa barizt fyrir og ég hef talið að ættu skilið að fá fyrirgreiðslu, og það er vitaskuld jafnan höfuðatriðið. En þegar til viðbótar koma þær ástæður, sem ég hef nú fært fram um réttmæti þessa liðsinnis við héraðsbúa, þá skilst mér, að enn síður ættu menn að hafa hvöt til þess að standa í vegi fyrir því, að þessum óskum yrði fullnægt.

Ég hef áður gert grein fyrir því, að þessi vegur kemur að fullu gagni, þ. e. sem vegur austur að ánni, hvað fólksflutninga áhrærir, ferðalög á milli þessara staða, þó að brúin komi ekki. Nú þessa dagana er verið að smala mönnum víðs vegar úr bæði kauptúnum og austur um sveitir til þess að hjálpa til við aflann í Þorlákshöfn, en þeir verða að aka milli 40 og 50 km og sumir lengra, í stað þess að það yrðu ekki nema 12—15 km eftir því, úr hvaða þorpinu þeir kæmu austan að, sem þeir þyrftu að aka, ef vegur kæmi að ánni og fólkið yrði svo ferjað á bát yfir Ölfusá.

Síðastliðinn laugardag öfluðu þeir 6 bátar, sem núna eru gerðir út frá Þorlákshöfn, 187 lestir af fiski. Sumir þríhlóðu. Einn báturinn, sem þríhlóð, — það er ekki stór bátur, 17 tonna, aflaði 45 lestir í hvert skipti, og róðurinn frá bryggju á þær stöðvar, þar sem aflað er, var um 50 mínútur, og það er nú reyndar oft miklu styttri sigling en þarna. Það er mér alveg dulið og hrein ráðgáta, hvað vakir fyrir þeim hv. þm., sem í n. eru, að standa á móti þessu, nema það eigi að fara að skoða það sem ekkert góðverk fyrir þjóðina að afla verðmæta úr sjó og verka aflann, gera hann að verðmætri vöru í þágu þjóðarinnar allrar meira og minna.

Ég veit ekki, hvort ég skil það rétt, — ég held það hljóti að vera samt, — að þessar nýju till., sem hv. n. leggur til að samþ. verði, séu viðbót við þjóðvegina, sem eru á skránni og fyrir eru, og að sama skapi styttist annaðhvort hreppavegir eða sýsluvegir, stundum kannske hvort tveggja. Ég held, að það hljóti að vera þannig, því að annars get ég ekki fundið út, hvað tölurnar ættu að merkja. Ég vildi nú gjarnan spyrja hv. frsm., hvort ég skil þetta ekki rétt, ef hann vildi gera svo vel bara að skjóta því inn í, að viðbótartill. um þjóðvegina, þessa nýju, komi til viðbótar við töluna, sem er á skránni, og séu þá annaðhvort teknar af sýsluvegum, þ. e. a. s. þeir styttist um það, eða hreppavegum eða kannske hvorum tveggja, eftir því sem á stendur. (Gripið fram í.) Hv. frsm. segir, að það sé rétt skilið.

Þá vil ég og geta um, ekki af því að ég ætli að fara að átelja það, að í einni sýslu, það varðar ekkert um, hver hún er, eru hreppavegir og sýsluvegir til saman 53.6 km. Till. n. er, að í þessu héraði séu 45.5 km gerðir að þjóðvegum. Eftir eru þá 8.1 km sýsluvegir og hreppavegir í héraðinu öllu. Ég er ekkert að átelja þetta. Þetta má

gjarnan vera svo fyrir mér. En ef maður ber það saman við héruð, þar sem eru mörg hundruð km og vegir hafa áratugum saman verið í hámarki, eftir því sem l. leyfa með tillög til vega, þá er þetta eitthvað skrýtið réttlæti, ef ekki stendur eitthvað alveg sérstaklega á, og það liggur ekki fyrir þarna; það þekki ég. Ég er ekki að taka þetta fram af því, að ég ætli að fara að átelja það eða vera meinsmaður neins. En ég vil gjarnan benda hv. frsm. á, að það verður að vera eitthvert samræmi í hlutunum, ef menn ætla að geta rökstutt mál sitt með því, að réttsýni ráði. Öðru máli er að gegna náttúrlega, ef ofbeldi á að ráða, hnefaréttur, þá þarf engan rökstuðning, — bara þetta skal gilda, hvort sem það er gott eða illt. En það hefði ég haldið, að við hv. þm. N-Ísf. vildum ekki fylgja slíkri stefnu.

Nú skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég skírskota máli mínu til allra sanngjarnra hv. dm. og skora eindregið á þá að vera með jafnsjálfsögðu máli og þessu. Það er ekki mín vegna, sem þetta er gert. Það er fyrir það fólk og þjóðina, sem á að njóta þess, og ef það eru einhverjir hér í hv. d., sem endilega vilja vera meinsmenn þessa fólks, þá verða þeir náttúrlega að velja sér það hlutskipti; við það fæ ég ekki ráðið. Ég hef reynt að leggja málið svo ljóst fram, að menn viti, hvað hér er um að tefla, og lengra má náttúrlega ekki mínar röksemdir. En þær óskir hef ég fram að færa til hv. dm., að þeir gæti réttsýni við afgreiðslu þessa máls.

Ég skoraði á hv. frsm. við 2. umr. málsins, að ef hann gæti borið saman, þótt ekki væri nema einhvern smávegakafla af þessum till., sem fyrir liggja, sem hefði jafngildar ástæður til þess að vera tekinn með og þessi, þá væri mér þökk á, að hann væri nefndur. Það hefur frsm. ekki gert, og það get ég heldur ekki ætlazt til, því að það er alls ekki til staðar. Ég hef lesið þessar till., sem gerðar eru, farið nákvæmlega í gegnum frv., og slíkt fyrirfinnst ekki. Hitt er annað mál, að það getur átt fullan rétt á sér fyrir því, því að mismiklar þarfir eru fyrir umbæur, og um slíkt verður ekki fengizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 645 samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KGuðj, LJós, PÞ, GMM, BergS, EggÞ, EOl, EystJ, GilsG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, HelgJ.

nei: JóhH, JPálm, GGísl, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, StgrSt, ÁB, EI, KS, IngJ, SB.

SkG, BÓ, EirÞ, GíslG greiddu ekki atkv.

2 þm. (JR, EmJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 661).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 661, n. 710).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Það hefur tíðkazt nú undanfarin ár að gera breytingar á vegalögum á 3—4 ára fresti. Snemma á þessu þingi komu fram tvö frv. um breyt. á þeim lögum í hv. Nd. og í þessari hv. d. Þessum frv. fylgdu síðan margar brtt., þannig að óskir um upptöku á nýjum þjóðvegum komu nærfellt úr hverju einasta héraði landsins. Þessum frv. ásamt brtt. var báðum vísað til samgmn. í hvorri d. um sig. En sá háttur hefur verið á hafður og var nú einnig upp tekinn, að samgmn. beggja deilda mynduðu eina nefnd, svokallaða samvinnunefnd samgöngumála, og tók hún öll þessi mál til meðferðar. Nefndin átti marga fundi um þessi mál, og þá fundi sat vegamálastjóri. Einnig mætti hæstv. samgmrh. á fundum n., og það varð úr, að nefndirnar komu sér saman um að breyta vegalögunum í þetta sinn og taka upp nýja vegakafla í þjóðvegatölu. Var þá hafður sá háttur á, að vegamálastjóri vann úr þeim tillögum, sem fyrir voru, og gerði tillögur um, hverja nýja vegi skyldi upp taka í lögin. Úr þessu vann síðan samvinnunefndin og breytti nokkuð till. vegamálastjóra, í þá átt helzt að auka við hans tillögur. Þá var haft samráð og talað við alla hv. þm., sem flutt höfðu frumvörpin og breytingartillögurnar, og reynt að komast að samkomulagi við þá, þannig að út úr þessu mætti koma heilt frv., sem báðar samgmn. stæðu að, og fyrir fram nokkuð tryggt, að ekki kæmi mikið af brtt. við frv., þegar það loks kæmi fram.

Niðurstaða þessa alls var það, að n. samdi frv. í samráði við vegamálastjóra, eins og ég gat um, og síðan var það flutt í hv. Nd. af samgmn. þar og hefur nú náð samþykki deildarinnar með einni lítils háttar breytingu. Og þannig er frv. komið hingað fyrir þessa hv. d. og hefur verið hér til 1. umr. Samgmn. þessarar hv. d. hefur tekið það enn á ný til athugunar, þar sem því var vísað til hennar að lokinni 1. umr.

Vegna þeirrar breytingar, sem samþ. var í hv. Nd., þótti rétt, að nefndirnar ættu sameiginlegan fund um málið, og var það gert. Varð niðurstaðan sú, að n. lagði einróma til, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 661 eða eins og það kom frá hv. Nd.

Því er ekki að neita, að margir hv. þm. hafa undir meðferð þessa máls slegið töluvert af kröfum sínum um nýja vegi í sínum héruðum. Kröfurnar um nýja vegi voru í byrjun samkvæmt frv. og öllum brtt. eitthvað um 1200 km að lengd. En samkvæmt þessu frv., sem nú liggur hér fyrir og samgmn. Nd. bar fram, voru það um 866 km, sem gerð var till. um að yrðu teknir upp í lögin. Þarna er um að ræða á fjórða hundrað km, sem hv. þm. hafa slegið af sínum fyrstu og upphaflegu óskum um nýja þjóðvegi, og var þetta gert til samkomu-

lags, því að þessu máli er þann veg háttað, að ef ekki væri reynt að ná samkomulagi um málið í heild með nefndarstarfi og viðtali við flm., þá mundi það vera nokkuð mikið tilviljanakennt, hvernig það yrði að lokum samþykkt. En því er ekki að neita, að menn hafa gefið eftir af kröfum sínum til þess að ná samkomulagi, sleppt vegum, sem þeir hefðu gjarnan óskað eftir að hafa. En það eru einlæg tilmæli samvinnunefndarinnar og samgmn. þessarar hv. d., að frv. verði samþykkt eins og það er á þskj. 661.

Það er orðið áliðið þings, það eru aðeins nokkrir dagar eftir, þangað til því verður slitið, og ef það færu að koma fram brtt. núna við frv. og það yrði þess vegna að fara aftur fyrir hv. Nd., er mjög hætt við því, að afleiðingin gæti orðið sú, að frv. næði ekki fram að ganga, og væri það ekki gott. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. yfirleitt óskuðu eftir því, að þau yrðu örlög þessa máls, þar sem búið er að hafa þetta mikið fyrir því og þetta er mikið áhugamál um allt land og hefur þegar verið gefið út, hvernig frv. er í heild, svo að ég veit, að það yrðu vonbrigði mikil, ef þetta færi þannig, að það dagaði upp. En á því getur orðið nokkur hætta, ef svo færi, að brtt. yrðu samþ. hér í þessari hv. d. og það yrði að fara aftur til Nd.

Ég veit nú ekki, hvort ástæða er til fyrir mig að vera að fara mikið út í þetta mál sérstaklega. Mönnum er það mjög kunnugt, og breytingarnar á vegalögunum eru sem sagt eingöngu fólgnar í því að bæta nýjum vegum við þjóðvegina, sem ég gat um áðan að væru 866 km eða rúmlega það. Verða þá þjóðvegirnir að þessu frv. samþykktu rúmlega 8 þús. km — 8209 — í stað þess að þeir eru núna 7343 km. Eins og hv. þm. hafa veitt athygli, þá er 2. gr. laganna prentuð alveg upp á þskj. 661, og þar eru allir vegir, bæði þeir, sem fyrir voru í þjóðvegatölu, og eins viðbótin, sem nú er hugsað að komi inn. En allir nýir vegir eru prentaðir með gleiðara letri en gömlu vegirnir, þannig að menn geta áttað sig á, um leið og þeir lesa frv., hvaða vegir eru nýir og hvar þeir eru.

Þá er önnur breyting sem felst í frv., og það eru nýbýlavegir. Hingað til mun það hafa verið þannig, að nýbýlasjóður hafi lagt þessa vegi og greitt þá eins og hvern annan kostnað við ræktun landa nýbýlanna, en nú er með þessu frv. gert ráð fyrir, að nýbýlavegir, sem nauðsynlega þarf að gera, þar sem nýbýlaþorp er að rísa upp, verði lagðir af ríkinu, verði sem sagt þjóðvegir, en eftir að þeir eru fullgerðir og nýbýlahverfið er tekið til starfa, sé viðkomandi sýslu skylt að taka þessa vegi upp í sýsluvegatölu og annast viðhald þeirra ásamt ríkissjóði á venjulegan hátt. Um þetta hafði komið fram sérstök brtt. í hv. Nd., og var hún tekin upp í frv. að ráði og með samþykki vegamálastjóra.

Þá hefur einnig verið gerð breyting um fjarlægð girðinga frá þjóðvegum. Það er þannig, að girðingu, sem er úr sléttum vír eða vírneti, má ekki setja nær alfaravegi um óræktað land en 4 m frá vegarbrún og ekki nær en 2 m um ræktað land. Nú mun þetta vera 1 metri og 2 metrar. Gert er ráð fyrir, að fjarlægðin aukist. Girðingar úr gaddavír mega ekki vera nær vegarbrún en 8 m. Sömuleiðis er ákveði um, að ekki megi reisa hús nær vegarbrún en 10 m frá þjóðvegi eða sýsluvegi, og sýsluvegum yrði þá bætt inn með það fyrir augum, að mikið af sýsluvegum, þegar þeir eru komnir vel á veg og búið að gera þá nokkuð góða, verði þjóðvegir og ekki ástæða til þess, að þeir sæti öðru um þetta en þjóðvegirnir. En fjarlægðin á þessum girðingum er einkum sett vegna þess, að þær liggja töluvert mikið undir skemmdum, þegar snjóar eru, og einkanlega t. d. þar sem þarf að ryðja snjó af vegi á veturna, eru girðingarnar hálfpartinn í kafi og eyðileggjast töluvert mikið þessa vegna, og ætti þess vegna ekkert að vera á móti því að færa þær svolítið frá, þó að það hafi samt óneitanlega nokkra skerðingu á landi í för með sér fyrir eigendur landsins, þar sem viðkomandi girðingar standa.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég benda á fróðlegar skýrslur, sem fylgja frv. og vegamálastjóri hefur látið gera. Er það um lengd þjóðvega eins og þeir eru núna og einnig sýsluvega, og þetta er sýnt á mjög glöggu fylgiskjali, þar sem er línurit á bls. 10 á þskj. 604. Þar má sjá lengd þjóðvega í hverri sýslu, einnig sýsluvega og hreppavega eins og þeir eru núna. Einnig er þar í línuritum sýnd lengd þjóðvega og sýsluvega árið 1937. Þetta ætti að vera töluverð leiðbeining um það, hvernig vegir skiptast á milli sýslna, þó að það sé nú e. t. v. ekki hægt að sjá það nákvæmlega á þessu línuriti, því þó að ein sýsla sé e. t. v. með langa vegi hér á móti öðrum, þá getur hún verið þannig gerð, að vegaþörf sé miklu meiri í henni en annarri sýslu, sem e. t. v. hefur helmingi styttri vegi, svo að þetta er ekki að því leyti til nákvæmur mælikvarði, sem hægt er að reikna með. En það er ýmislegt annað, sem hægt er að lesa út úr þessari skýrslu, t. d. hvað þjóðvegirnir eru mörg prósent í viðkomandi sýslum miðað við alla vegalengdina, hvað sýsluvegir eru langir, miðað við þjóðvegatölu í viðkomandi sýslum, og er þetta mjög misjafnt, sem virðist benda á það, að sýslur leggi mismikið á sig til þess að koma vegum sínum áfram. Allar gera þær það mjög mikið, því að öllum er það ljóst og allir vita það, hver lífæð samgöngurnar eru orðnar í okkar þjóðfélagi og hversu mikil nauðsyn er á, að vegasambönd séu heim á hvern bæ. Það er óhætt að segja það, að þar sem um mjólkurframleiðslu er að ræða úti um sveitir landsins, að þar er sem sagt það býli, sem ekki hefur nokkurn veginn öruggt vegasamband, því nær óbyggilegt, þar sem afsetja þarf afurðirnar á hverjum einasta degi og koma þeim á markaðsstað.

Ég held, að ég fari svo ekki fleiri orðum um þetta mál. Ég álít, að það sé ekki þörf á því að ræða um það almennt, mönnum er það svo vel kunnugt, eins og ég hef getið um. Það þekkir hver maður það, sem hann hefur verið með viðvíkjandi þessu máli. Sumir eru e. t. v. ekki ánægðir yfir því, að þeir hafa ekki fengið alla þá vegi, sem þeir óskuðu eftir, en þrátt fyrir það vil ég ítreka þau tilmæli samgmn. þessarar hv. d. og sömuleiðis samgmn. hv. Nd., þ. e. samvinnunefndarinnar, að frv. nái samþykki eins og það liggur nú fyrir prentað á þskj. 661.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Meðferð þessa máls er dálítið óvenjuleg, ef miðað er við

þingmál almennt, en ef miðað er við vegalög sérstaklega, mun sams konar afgreiðsla hafa komið fyrir áður.

Eins og hv. frsm. gat um, er borið fram hér í hv. d. frv. til breytinga á vegalögunum, og annað frv. er borið fram í hv. Nd., og við þessi frv. koma svo fram ýmsar brtt. Hvorugt þessara frv. er afgr. úr þeirri nefnd, samgmn., sem um málið fjallar, en í þess stað taka samgöngumálanefndirnar sig til í báðum deildum og semja með ráði vegamálastjóra nýtt frv., sem nú liggur fyrir til umræðu. Ég legg ekki dóm á það, sízt áfellisdóm, að þetta séu neitt óheppileg vinnubrögð, þó að þau séu að vísu óvenjuleg, en þessu fylgir svo það, að samgöngumálanefndirnar, eða samvinnunefnd samgöngumála, eins og þær kalla sig, virðast með þessu hafa tekið sér eins konar einræðisvald í því, hvernig þetta mál skuli afgreitt, og er lítið tækifæri fyrir þingmenn til þess að koma þar að frekari óskum en þeir hafa áður gert. En það skal viðurkennt, að breytingarnar, sem frv. gerir á vegalögunum, eru yfirleitt byggðar á óskum þingmanna, sem fram voru komnar, og brtt., sem fram voru komnar við þau frv., sem fyrir deildunum lágu, og skal ég þá nota tækifærið fyrir mitt leyti til að þakka hv. nefnd eða hv. nefndum fyrir það að hafa tekið upp till., sem ég hafði flutt hér í hv. deild, og einnig till., sem samþingismaður minn, hv. 2. þm. Eyf. (MJ), hafði flutt í Nd. En þrátt fyrir það að málið sé undirbúið á þennan hátt, þá er það kunnugt, enda skýrt frá því af hv. frsm. nú áðan, að ein till. hefði verið samþ. í Nd., sem n. ætlaðist ekki til að samþykkt yrði, og finnst mér, að hv. Ed. gæti nú einnig leyft sér að samþ. litla brtt. við frv. enn, ef svo sýndist, og það mundi varla verða því að falli.

Ég minnist á þetta sökum þess, að ég hef fengið áskorun frá flestum bændum í Skíðadal í Svarfaðardalshreppi um það, að vegur inn í Skíðadalinn verði tekinn í þjóðvegatölu.

Ég afhenti það skjal, sem þessi áskorun er í, hv. samgmn. þessarar deildar til athugunar. Að þetta er ekki fyrr flutt, er sökum þess, að ég fékk þessa áskorun víst fyrst í fyrradag, enda er hún dagsett 25. apríl s. l. Nú heyrði ég það, að hv. frsm. samgmn. óskaði eftir því, að frv. yrði samþ. óbreytt, og með því hefur hann sennilega kveðið upp dóm yfir þessari ósk Skíðdælinga, en ég vildi þó til frekari fullvissu um þetta spyrjast fyrir um það, hvort n. hefði tekið þetta erindi til sérstakrar athugunar og hver niðurstaða hennar væri um það, ef hún hefur um það tekið ákvörðun, því að hafi n. ekki tekið ákvörðun um þetta erindi, þó að það lægi fyrir henni, mundi ég, þrátt fyrir það að ég viðurkenni, að það sé rétt í aðalatriðum að fallast á till. hv. n., þó gera tilraun við 3. umr. með brtt. að þessu leyti. En sé þegar tekin ákvörðun um þetta af hv. n. sérstaklega, þá tel ég ekki fært annað en að beygja mig fyrir því, því að þá mundi með öllu vera vonlaust að bera fram brtt., eftir því sem mér skilst, ekki sízt vegna þess, að þetta samkomulag, sem gert er um vegalögin, er gert á milli tveggja nefnda í báðum þingdeildum.

Úr því að ég kvaddi mér hljóðs, vil ég svo aðeins láta það í ljós, sem ég gerði í raun og veru þegar það frv. til breytinga á vegalögum var lagt fyrir þessa hv. deild, sem fyrst kom fram og ekki hefur verið til umræðu síðan, að mér finnst, að það hefði átt að endurskoða vegalögin á dálítið öðrum grundvelli en gert hefur verið. Grundvöllurinn virðist vera sá að taka til greina óskir þm. að nokkru leyti — hluta þess, sem þm. hinna einstöku kjördæma hafa óskað um þjóðvegi í sínum kjördæmum, en heildarsjónarmiðs, hvað henti þjóðarheildinni, virðist ekki svo mjög gæta í þessu frv. frekar en verið hefur. Þannig hefur þetta verið, þegar vegalög hafa verið sett nú í seinni tíð, og það fer að verða auðséð, hvert stefnir. Verður án efa þannig innan skamms, ef þessari sömu stefnu verður framfylgt, að allir vegir verða þjóðvegir og engin aðgreining á vegum: þjóðvegum, sýsluvegum og hreppavegum. Þetta tekur sinn tíma, en ef nokkrum vegum er bætt í þjóðvegatölu á 3—4 ára fresti, eins og verið hefur undanfarið, þá er auðséð, að þar endar það.

Það er ef til vill ekki neitt við þetta að athuga. Að sjálfsögðu mundi þá leiða af því, að sérstakur tekjustofn, sem sveitarfélögin eða sýslurnar geta haft til vega, rynni þá til ríkissjóðs og yrði að breyta því hvað það snertir. Mér sýnist þetta þróunin, sem hljóti að koma samkvæmt því, sem nú er verið að gera og hefur verið gert, en ég er ekki alveg viss um, að þetta sé sú þróun, sem hefði í raun og veru átt að koma.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós gleði mína yfir því og jafnframt þakklæti, að samgmn. hefur nú vitkazt það mikið, að hún hefur ekki lagt á móti því, eins og hún gerði síðast þegar lögin voru hér til umræðu, að teknir væru inn í lögin vegir, sem ríkissjóður sjálfur var búinn að leggja að öllu leyti og kosta lagningu á og halda síðan við. Nú eru þó þessir partar allir komnir inn nema einn. En einn, stuttur að vísu, fær enn þá að liggja utan við og ekki kominn í vegalög, þó að ríkissjóður hafi kostað hann að öllu leyti og lagt hann. Það gerir minna til núna, af því að það er ekki nauðsynlegt að fara hann hér eftir; þess vegna má hann kannske falla úr, þó að ríkið hafi lagt hann, því að nú er kominn vegur í kringum Dýrafjörð og hægt að fara þá leið, en vegurinn frá Gemlufalli, bænum, og niður að ferjustaðnum, sem áður var farið og alltaf ferjað yfir, hefur ekki enn fengið þá náð að koma í vegalög, þó að ríkið sé búið að leggja hann og kosta hann til þessa. (Gripið fram í: Hvað er hann langur?) Hann er svo sem hálfur kílómetri, eitthvað svoleiðis, og hefur aldrei í vegalög komið. Það er nú víst sá eini vegur, sem lagður hefur verið utan við vegalög og eftir er núna, en ríkið hefur lagt og tekið að öllu leyti á sína arma. En síðast þegar við breyttum vegalögunum voru þeir einir 4 eða 5, sumir nokkuð langir, sem samgmn. sá ómögulega ástæðu til að taka inn í lögin hér í þessari deild, af því að það mátti ekki senda frv. á milli deilda, og þess vegna lét hún þá alla liggja utan við, þó að ríkið væri búið að leggja þá og kosta þá, áður en breytingin varð, af því að hún hafði gleymt að taka þá inn, þegar hún hafði málið til meðferðar, og vildi ekki senda málið milli deilda.

Ég vil þakka n. fyrir þetta. Ég vil jafnframt

þakka henni fyrir það, að hún léttir dálítið á nýbýlafénu og gefur svigrúm til þess, að fleira sé hægt að gera og meira sé hægt að rækta á nýbýlunum en hefur verið, en jafnframt vil ég fá dálitla skýringu á því. Hún segir, að nýbýlavegir séu aðalvegir um lönd, sem nýbýlastjórn hefur tekið að sér að koma byggð á. Þessir vegir hafa áður verið lagðir og kostaðir að öllu leyti af nýbýlafé, af þessari 2½ milljón, sem nýbýlasjóður hefur haft yfir að ráða til að koma upp nýbýlum. Nú eiga þessir vegir að komast inn á þjóðvegi um skeið a. m. k., en svo segir, að vegagerð þessi komi til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til hennar í fjárl. Á þá bygging einhvers nýbýlahverfis að stranda á því, að það hefur ekki verið veitt fé til þess í fjárl? Áður gerði það það aldrei. Nýbýlastjórnin lagði vegina fyrst, áður en hún byrjaði á að byggja nokkuð í viðkomandi hverfi, af nýbýlafé. Nú eiga þeir að leggjast af vegafé og féð á að veitast á fjárlögum, og þá vildi ég vona það og óska þess, að það stæði ekki á þeim fjárveitingum, svo að þess vegna þyrfti kannske að draga það að reisa nýbýlahverfi, af því að fé væri ekki veitt til þess og því ekki fyrir hendi.

Ég sem sagt gleðst af því, að þarna kemur viðbót við fé til að koma nýbýlunum áfram, þar sem þessir vegir eru teknir af nýbýlafénu, en ég vona jafnframt, að það standi ekki á því fé, svo að það verði til að tefja nýbyggð í einhverju byggðarhverfi. Ég vona, að það komi aldrei fyrir.

Þá vildi ég leyfa mér að benda á það — svona meira til gamans en til þess að fara alvarlega að ræða málið — að Alþ. hefur undanfarin ár með breytingu á vegalögunum geysilega mismunað sýslum og einstaklingum. Ef þið lítið á þetta línurit, sem hérna er, þá sjáið þið, að það eru hér til sýslur, sem enga sýsluvegi hafa til. Ríkið er búið að taka þá alla af sýslunni. Það eru til aðrar sýslur, sem hafa ekki neina hreppsvegi, það er allt saman komið á ríkið, bæði sýsluvegir og hreppsvegir, meðan aðrir rísa undir tugum og hundruðum kílómetra í hreppsvegum og sýsluvegum. Þetta er bara eftir því, hvað þm. viðkomandi héraða hafa verið duglegir að róa í stjórnarvöldunum til að fá vegina tekna í þjóðvegatölu. (**Dómsmrh.**: Finnst hv. þm. þetta vera gaman?) Nei, þetta er óréttlæti. En þetta er óréttlæti, sem samgmn. hafa aldrei reynt að laga, en vitanlega hefði átt að laga og átt að vera búið að laga fyrir löngu. Það er ekki nema eðlilegt, að í hverri sýslu sé eitthvað af sýsluvegum og í hverjum hreppi sé eitthvað af hreppsvegum. En þó að einhver þm. sé ýtinn og biðji og biðji og gangi á milli manna að fá þennan og þennan veg tekinn upp á ríkið úr hreppsvegi eða sýsluvegi, þá á bara ekki samgmn. að ljá sig til þess, en það hafa samgmn. gert. Og þó að ég þakki þeim nú fyrir hitt tvennt, sem ég áður nefndi, að hafa tekið í þjóðvegatölu vegina, sem höfðu þann rétt, af því að þeir voru lagðir og viðhaldið af ríkissjóði, alla nema þennan spotta frá Gemlufalli niður að ferjustaðnum, og þakka þeim fyrir það að hafa aukið við nýbýlafé með tillögum sínum, þá þakka ég þeim sannarlega ekki fyrir þetta. Hér ættum við líka að vera á verði og gá að því, að það skapaðist sem minnst óréttlæti.

Einstaka tillögur, sem ég var með í tillögunum, sem ég lagði fram hér á þingi, hafa ekki komizt inn í þessi vegalög, þó allflestar. Ég skal ekki fara neitt verulega út í það. Ég t. d. gerði þá breytingu við einn liðinn, að vegurinn upp Gnúpverjahreppinn, Gnúpverjahreppsvegurinn, lægi nálægt Sandlæk í stað þess að liggja fyrir sunnan Laxá. Hann liggur þó nokkuð langt frá Laxá, en hann liggur alveg með túninu á Sandlæk, og er náttúrlega miklu eðlilegra að miða við, að hann lægi upp hjá Sandlæk, skammt fyrir sunnan Laxá. Ókunnugum manni, sem aldrei hefði farið þessa leið og leitar að þessum vegi, dettur ekki í hug, að vegurinn upp hreppinn liggi frá Laxá, 2—3 km frá ánni. En ef það stæði, að hann lægi hjá Sandlæk, þá fer hann að átta sig, þegar hann kemur að bænum. Sömuleiðis kann ég illa við það að láta vegi liggja af vegum, sem eru ekki til í lögunum. Og ef n. hyrfi að því ráði að taka upp viðbót og leiðréttingar, þá finnst mér hún ætti að leiðrétta það. Það er nokkrum sinnum í þessum lögum, sem vegur er látinn liggja af vegum, sem eru ekki til, t. d. liggur Kaldrananesvegur af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess. Bjarnarfjarðarvegur er hvergi nokkurs staðar til í lögunum. Vegurinn, sem vegur á að liggja af, er ekki til. En það, sem meint er, er það, að hann liggi frá Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði. (**Dómsmrh.**: En er Bjarnarfjarðarvegur til í raunveruleikanum?) Það er til vegur, Reykjarfjarðarvegur, sem liggur yfir Bjarnarfjörð, og þar sem hann liggur yfir Bjarnarfjörð þveran dálitið innarlega, á að liggja af honum afleggjari út að Kaldrananesi, og það er sagt, að hann liggi af Bjarnarfjarðarvegi. En vegurinn heitir Reykjarfjarðarvegur alla leið úr Staðardal og norður úr, en svo er bara þessi kafli af honum skírður í vegalögunum, og það er sjáanlega meint, að hann sé kallaður Bjarnarfjarðarvegur þar, sem hann liggur yfir Bjarnarfjörð. Á sama hátt gætum við kallað veginn til Akureyrar Húnavatnssýsluveg, þar sem hann liggur yfir Húnavatnssýsluna, og Skagafjarðarveg, þar sem hann liggur yfir Skagafjörðinn, o. s. frv. Þetta er á nokkrum stöðum í lögunum. Og það er bara af óaðgæzlu að láta þetta eiga sér stað. Ég ætla ekki að koma með neina brtt. við þetta. Ég bendi á þetta. Ég leiðrétti þó nokkuð af þessu áður, þ. á m. þetta, í mínum tillögum. Og þó að nefndirnar hafi tekið þær flestar til athugunar og tekið þær upp, þá hafa þær ekki lagað þetta alls staðar. Á þetta vildi ég nú benda og benda n. á það, að ef hún fer í það að flytja hér brtt., t. d. eins og þm. Eyf. vildi, þá vildi ég gjarnan, að hún athugaði þetta, leiðrétti það sem prentvillur. Það er prentvilla, ef ég ætla að skrifa Sigurður Ólafsson, en skrifa allt í einu Gísli Jónsson, þó að það viti kannske allir, að ég á við Sigurð Ólafsson. Það er prentvilla, sem hægt er að leiðrétta jafnvel í prentun og prófarkalestri.

Ein brtt., sem ég flutti, hefur ekki verið tekin hér upp, og ég satt að segja held, að það sé af því, að þeir hafi ekki veitt henni athygli. Hún var sú, að Hegranesveg, sem liggur af Hofsósvegi hjá Garði fram að Ríp, vildi ég láta framlengja fram að Eyhildarholti. Það byggðist í fyrsta lagi á því, að þarna liggja nokkrir bæir fyrir framan Ríp, sem hafa ekki vegasamband

lengra úr kaupstað en að Rip, en Eyhildarholt er fremsti bær í Hegranesi. En það var þó ekki fyrst og fremst vegna þessara bæja, sem ég bar þetta fram, heldur vegna þess, að það er sýsluvegur niður Hólminn og niður að Húsabakka og lögferja þar yfir og yfir í Eyhildarholt, og aftur lögferja frá Eyhildarholti yfir Austurvötnin og yfir í Blönduhlíðina. Og það var til að koma þjóðveginum í samband við þessar krossgötulögferjur, sem þarna eru yfir og eru farnar, sem ég vildi láta hann ná alla leið fram að Eyhildarholti. Það var til að tengja þjóðveginn við sýsluveg, sem liggur þarna þvert yfir fjörðinn á milli brúnna, hér um bil mitt á milli brúnna, og þar sem sýslan heldur við lögferjum bæði yfir Austur- og Vestur-Héraðsvötnin, til þess að hægt sé að fara þessa leið, þá vildi ég setja þjóðveginn fram nesið í samband við þetta, þannig að ef mér lægi á að fara yfir í Blönduhlíð og þyrfti að flýta mér, þá gæti ég farið í bíl inn að Eyhildarholti, látið ferja mig á lögferjunni yfir og verið þá kominn á þann stað, sem ég ætlaði mér á. Þess vegna var ég með þetta. Og ég held, að ef nefndin tekur upp breytingar, þá eigi hún að athuga þetta. Þetta er ósköp stuttur spotti. Það setur fjóra nýja bæi í vegasamband, og það tengir þarna saman þverveg — sýsluveg — yfir sýsluna miðja við þjóðvegina.

Svo skal ég ekki segja meira og jafnvel ekki flytja neinar brtt. við þetta, þó að ég hefði nú viljað leiðrétta sumt í þessu frv. En það er sama, ég mun ekki gera það og skal ekki hafa fleiri orð um þetta. En mér þykir vænt um þetta línurit. Það sýnir ljóslega, hvernig vegamálin á Alþ. hafa verið á villigötum fyrir áróður frá einstaka þingmönnum, án þess að það hafi verið tekið nægilegt tillit til heildarinnar.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann mikið með langri ræðu. Ég vil þakka þessum hv. tveim þm., sem hafa hér talað og vikið heldur góðu að störfum n., þakka þeim fyrir það. En á ræðum þeirra sjáum við það, sem okkur var ljóst áður í samvinnunefndinni, að það voru ekki allir ánægðir með þessa úrlausn og þóttust ekki hafa fengið allt það, sem þeir vildu. Þó er þar nokkuð öðru máli að gegna með hv. 1. þm. Eyf., þar sem honum var trúlega ekki kunnugt um þessar óskir heiman úr héraði, þegar málið var til meðferðar, og fékk þær ekki í hendur fyrr en svo seint, að langt var komið afgreiðslu málsins og það meira að segja hafði náð samþykki í hv. Nd. En vegna fsp. hans um það, hvort n. hefði tekið þetta fyrir, vil ég geta þess, að hann fékk mér þetta undirskriftaskjal um leið og ég fór á samvinnunefndarfundinn síðasta. Ég sýndi formanni nefndarinnar, sem er formaður samgmn. Nd., þm. N-Ísf., undirskriftaskjalið, og hann segir, að sér sé kunnugt um þetta, Magnús Jónsson, þ. e. a. s. hv. 2. þm. Eyf., hafi einnig sýnt sér það. Hv. 2. þm. Eyf. var þarna líka staddur á fundinum, og að þessu svari fengnu hjá form. n. áleit ég, að það væri ekki þörf á frekari aðgerðum frá minni hendi viðvíkjandi þessu á fundinum. Ég lét þetta samtal við hann nægja og tók það svo, að hv. 2. þm. Eyf. hefði átt tal við hann um þetta, um leið og hann sýndi honum þetta skjal. Ég vildi taka þetta fram út af fsp. hv. þm. og biðja hann afsökunar, að mér skyldi hafa láðst að gera það í framsöguræðu.

Almennar umræður, sem hafa komið fram hjá þessum hv. þm. um þetta mál, held ég, að ég fari nú ekki að fara mikið út í. Ég veit, að ákvæðið viðvíkjandi nýbýlavegunum er eingöngu tekið inn í lögin með það fyrir augum að létta á nýbýlafénu, en ef þetta yrði þannig í framkvæmdinni, að vegirnir yrðu ekki gerðir, eða seinna en nú er, þá væri alls ekki orðið við þeirri hugsun, sem að baki þessu ákvæði felst. Þó að þetta hafi nú verið sett þannig inn í lögin, að það sé bundið við sérstaka fjárveitingu, geri ég ráð fyrir því, að vegamálastjóri, sem undirbjó þetta og tók þessa till. upp í frv., úr till., sem hafði verið flutt í Nd., hafi ekki orðað þetta svo til að spilla fyrir því, að nýbýlavegir yrðu lagðir, heldur til þess að létta á nýbýlasjóði hvað vegagerðir þessar snertir, því að vitanlega verða vegirnir að koma um leið og skipulagt er nýbýlahverfi til þess að komast um hverfið með byggingarefni og annað slíkt. Ég vænti þess, að upptaka þessara vega í þjóðvegatölu verði þessu málefni til góðs, en ekki þvert á móti.

Þá er það með nöfn á vegunum. Hv. 1. þm. N-M. er allra manna kunnugastur og virðist þekkja hvern veg á öllu landinu og veit, hvernig þeir liggja og hvar, og það er ekkert óeðlilegt, þó að hann finni eitt og annað að nöfnum veganna. Það, sem hann tók fram t. d. um Árnessýslu, er alveg rétt, að þarna liggur þjóðvegurinn við túnið á Sandlæk, en líka sunnan Laxár, en þegar upp fyrir Sandlæk kemur, færist vegurinn vitanlega nær bökkum Laxár, og á því svæði liggur hann sem sagt meðfram ánni, þangað til hann kemur að brúnni og fer yfir hana. En það er rétt, að þetta á við Hrunamannahreppsveginn, en Gnúpverjahreppsvegurinn kemur af þessum vegi við túnið á Sandlæk líka. Þar eru vegamótin. En þetta mætti náttúrlega lengi tala um, og það var tekið töluvert mikið upp úr þessum till. hv. þm. einmitt núna, og við skulum vænta þess, að næst þegar vegalög verða opnuð, ef þessi ná samþykki núna, þá verði gert meira að lagfæringum í þessa átt, því að vitanlega er engum þægð í því, að það séu villandi nöfn á vegunum eða staðsetningu þeirra og t. d. að segja „að vegi“ í staðinn fyrir „á veg“ o. s. frv.

Hv. 1. þm. N-M. minntist líka á, að ýmsum héruðum væri mismunað í þjóðvegum. Ég skal ekki þræta fyrir, að svo geti verið, og vil sízt taka fyrir það. En það eru fleiri aðilar en samgöngumálanefndirnar, sem að þessu vinna. Samgöngumálanefndirnar vinna vitanlega að því, að vegir séu teknir í þjóðvegatölu, en síðan kemur fjárveitingavaldið til, sem skammtar fé í þessa vegi. Það eru dæmi til þess, að héruð, sem hafa átt nokkuð mikið af þjóðvegum ólögðum, hafa fengið minni tillög í sína vegi frá þeirri skömmtun, sem á sér stað í hv. fjvn., heldur en önnur héruð, sem ekki áttu neina þjóðvegi ógerða. Þarna er líka vald, sem ekki liggur minna á að kynni sér þessi mál til hlítar en samgöngumálanefndirnar, þó að vitanlega sé nauðsynlegt fyrir báða aðila að gera það.

Ég vil svo endurtaka þá ósk mína, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 661, og vona, að hv. 1. þm. Eyf. geri sig að þessu leyti ánægðan með að fylgja því, þar sem ég hef gefið honum upplýsingar um það, að ég lá ekki á máli hans í samvn., heldur átti tal um það við form. hennar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. A. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. B. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. C. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. D. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 729).

---

## 70. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 50. fundi í Sþ., 5. apríl, var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands** [185. mál] (þmfrv., A. 563).

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Það hefur oft áður legið fyrir þinginu sams konar frv., og í raun og veru stendur í þeirri stuttu grg., sem frv. fylgir, það sem segja þarf um málið.

Eimskipafélagið hefur, eins og kunnugt er, á undanförnum árum, að mig minnir allt frá 1928, notið sérstakra skattívilnana. Það er farið fram á það í þessu frv., að það fái að njóta þessara sömu ívilnana enn um eins árs skeið og þá sérstaklega vegna þess, að nú standa yfir athuganir um skattgreiðslu hlutafélaga. Það er mþn., eins og kunnugt er, sem vinnur að því. Hún mun ekki ljúka sínu starfi varðandi þessa hlið málsins á þessu Alþ., en væntanlega verður hægt að leggja fyrir næsta þing almenn ákvæði um skattgreiðslur hlutafélaga, og mun þá Eimskipafélagið falla undir það í einu formi eða öðru. En á meðan það frv. verður ekki lagt fram, þykir eðlilegt, að það njóti þeirra sömu hlunninda og það hefur notið fram að þessu.

Ég leyfi mér að mælast til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. hefur nú lýst, er enn á ný flutt hér frv. til laga um skattfrelsi fyrir h/f Eimskipafélag Íslands. Það mun hafa verið venja nú um allmargra ára skeið að framlengja slíkt skattfrelsi fyrir Eimskipafélagið frá ári til árs eða á 2 ára fresti. Þau rök, sem fyrir því hafa legið, að Eimskipafélagið hefur notið þessara sérstöku hlunninda, eru fyrst og fremst þau, að félagið hafi verið að vinna mjög mikilvægt þjóðnytjastarf við að byggja upp flutningaskipaflota landsmanna.

Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað fyrir rúmum 40 árum, var þar um að ræða mjög mikið og merkilegt átak, sem þjóðin öll sameinaðist um á eftirminnilegan hátt. Félagið var þá og lengi síðan kallað „óskabarn þjóðarinnar“ og var það vissulega á marga lund. Félagið vann mikið og merkilegt brautryðjendastarf, sem vissulega var ekki vanþörf á. Áður en það kom til sögunnar, höfðu Íslendingar orðið að sæta því að vera algerlega undir náð erlendra aðila komnir með alla aðflutninga til landsins og vöruflutninga frá því. Stofnun félagsins og vöxtur skipaflota þess var því á sínum tíma mjög mikilvægur liður í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Það var gæfuríkt spor, sem þá var stigið, og öll þjóðin fagnaði því af miklum einhug. Þetta er svo kunnugt, að það þarf ekki frekar að rekja.

Þegar svo Eimskipafélagið eftir síðustu heimsstyrjöld hafði misst verulegan hluta af skipaflota sínum, var rík nauðsyn á því, að flotinn ykist að nýju, og þess vegna munu flestir eða allir hafa talið eðlilegt, að Eimskipafélagið nyti þeirra fríðinda um skattgreiðslur, sem það hefur nú notið um alllangt skeið. En með hverju ári sem líður virðist ríkari ástæða til að endurskoða þessi atriði, athuga það, hvort nú sé jafnmikil ástæða og áður til þess, að Eimskipafélag Íslands njóti þessara mjög svo mikilvægu fríðinda, sem aðrir aðilar njóta ekki.

Nú er Eimskipafélag Íslands ekki lengur eini innlendi aðilinn, sem á flutningaskip og sinnir flutningaþörf þjóðarinnar. Fleiri aðilar og félög hafa komið til sögunnar síðan. Nú er einnig svo komið, sem betur fer, að við Íslendingar erum orðnir nokkurn veginn um það færir að flytja þær vörur á eigin skipum að og frá landinu, sem þörf er á. Þar er að vísu nokkurt skarð í, þar sem okkur vantar algerlega olíuflutningaskip.

Á síðasta ári virtust nokkrar horfur á því, að Eimskipafélagið og nokkrir fleiri aðilar hefðu í hyggju að leysa úr þessari þörf landsmanna. Þá var flutt hér af hæstv. ríkisstj. frv., sem átti að auðvelda þessum aðilum að eignast 2 olíuflutningaskip. Svo brá þó við á því þingi, að þetta stjórnarfrv. hlaut ekki afgreiðslu; það var látið daga uppi, hvað sem valdið hefur. Og nú á þessu þingi hefur því nauðsynjamáli ekki verið

hreyft af hæstv. ríkisstj. Það virðist því liggja nokkuð ljóst fyrir, að Eimskipafélag Íslands hefur ekki ríkan hug á því sem stendur að bæta úr þessari brýnu þörf.

Ég sagði áðan, að það hefði þótt réttnefni, þegar Eimskipafélagið var á sínum tíma við stofnun og lengi þar á eftir kallað „óskabarn þjóðarinnar". Því miður hefur nú farið svo á síðari árum, að sá velvilji og sú ástsæld, sem Eimskipafélagið naut að maklegleikum, hefur nokkuð rýrnað, svo að ég viðhafi ekki sterkari orð. Því miður hefur forráðamönnum félagsins ekki lánazt að halda þeim velvilja, sem félagið naut í svo ríkum mæli áður fyrr, og ber margt til, og skal ég aðeins nefna fátt.

Ég hygg, að það sé rétt, sem fram hefur verið haldið, að Eimskipafélag Íslands og önnur íslenzk skipafélög haldi nú uppi hærri flutningagjöldum en yfirleitt þekkist á heimsmarkaðinum. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðherrar mótmæli þessu, ef það er ekki rétt. En ég hef það fyrir satt, að hér munu vera einhver hin allra hæstu flutningagjöld, sem nokkurs staðar þekkjast. Þetta er að sjálfsögðu eitt atriðið, sem veldur því, að Eimskipafélagið hefur ekki haldið þeirri velvild þjóðarinnar, sem það var búið að afla sér. Þá er það og vitað, að þegar félagið var stofnað, lagði svo að segja hvert mannsbarn á landinu, sem nokkur fjárráð hafði, fram sinn skerf, mikinn eða lítinn eftir getu, til þess að koma Eimskipafélaginu á fót, en síðan, og einkum á síðari árum, hefur mjög hnigið að því, að einstakir fjársterkir aðilar hafa keypt upp þessi hlutabréf almennings, náð æ meiri tökum á hlutabréfaeign Eimskipafélagsins og þar með á yfirráðum yfir því félagi.

Öll rök hníga nú að því, að það eigi að athugast vel, hvort Eimskipafélagið á öllu lengur að njóta svo algers skattfrelsis sem lagt er til í því frv., sem hér er flutt.

Eins og ég áðan sagði, erum við nú að verulegu leyti orðnir sjálfum okkur nægir um flutninga að og frá landinu. Nú kann að vera sagt, að það eigi ekki að vera okkur nóg, við eigum að stefna hærra, við eigum að stefna að því að verða verulegu siglingaþjóð í líkingu við frændur okkar Norðmenn, stefna að því að auka svo flutningaskipaflota okkar, að við getum siglt með vörur fyrir aðrar þjóðir. Þeir menn, er svo mæla, hafa mikið til síns máls. Ég hygg, að við eigum að stefna að þessu. En ef við ætlum að koma upp stórum flota til þess að taka upp siglingar um heimshöfin með vörur fyrir aðrar þjóðir, þá tel ég, að ekkert réttlæti sé í því, að aðeins eitt af skipafélögum, sem hér eru starfandi eða kynnu að verða stofnuð, njóti algerrar sérstöðu um skattfrelsi. Það virðist því aðeins tvennt til, að annaðhvort njóti skattfríðinda öll þau skipafélög, sem til eru í landinu eða stofnuð verða í því skyni að hafa flutninga með höndum, ellegar hitt, að ekkert njóti þessara sérstöku fríðinda. Það virðist a. m. k. ekki lögð of mikil kvöð á Eimskipafélag Íslands, þó að nú verði horfið að því ráði, að það greiði t. d. hliðstæða skatta við samvinnufélögin og þar á meðal það skipafélagið, sem stærst er nú hér á landi næst Eimskipafélaginu, þar sem er skipadeild S. Í. S. Um þetta atriði, hvort Eimskipafélagið á öllu lengur að njóta hér alveg sérstakra fríðinda fram yfir alla aðra aðila, má að sjálfsögðu fara mörgum orðum og rökræða fram og aftur. Ég ætla þó ekki að gera það að þessu sinni, vildi aðeins nú við þessa 1. umr. láta þetta sjónarmið koma fram, m. a. til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, og væri þá hægt fyrir 2. umr., ef hv. n. teldi ekki ástæðu til að sinna þessum athugasemdum, að flytja brtt. við frv., sem færi eitthvað í þá átt, sem ég hef nú rætt um.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þetta frv. er raunverulega ekki aðeins frv. um skattfrelsi Eimskipafélagsins, það hefur alltaf verið á vissan hátt nokkuð meira; það hefur verið — og sérstaklega samþykkt þess — tákn eins konar viðurkenningar á þjónustu þess félags við þjóðfélagið. Það má máske um það deila, hvort út af fyrir sig sjálft skattfrelsið munar Eimskipafélagið svo gífurlegum fjárupphæðum. Hitt hefur ef til vill verið Eimskipafélaginu þýðingarmeira, að þingið hefur með skattfrelsinu á vissan hátt veitt því vissan virðingarsess á meðal fyrirtækjanna í okkar landi.

Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að við nú í dag, þegar þetta frv. kemur fram, komum fram með nokkrar spurningar og athugasemdir í sambandi við þá þjónustu, sem Eimskipafélag Íslands veitir þjóðfélaginu í dag. Við stöndum hér, og nokkra metra frá okkur liggja 7 skip Eimskipafélagsins bundin við hafnargarðinn, og í 4 vikur eru fleiri eða færri af skipum Eimskipafélagsins búin að vera stöðvuð frá því um miðjan marz. Áður hafði í febrúar allmikið af Eimskipafélagsskipunum verið bundið í hálfan mánuð út af deilu um nokkrar þúsundir króna alls, — deilu, sem lyktaði með því, að Eimskipafélag Íslands og önnur skipafélög féllust á að hækka grunnkaup hjá þeim mönnum, sem þau voru að deila við, um allt upp í 36%. Nú á Eimskipafélagið í deilu við Dagsbrún, við þá verkamenn, sem lægst eru launaðir, og Eimskipafélagið er búið að stöðva sín skip, sum allt upp í 4 vikur, og 7 þeirra liggja nú bundin. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að við hér á Alþ., þegar við förum að ræða um skattfrelsi Eimskips, hvort veita eigi Eimskipafélagi Íslands h/f áfram þá miklu viðurkenningu, sem það hefur fengið og hefur ef til vill verið því meira virði en fé, að það skipaði sérbekk á meðal allra hlutafélaga landsins, væri viðurkennt, að hafa sérstöku hlutverki að gegna, sem þjóðþingið liti svo á, að það yrði að viðurkenna með því að veita því fríðindi, sem aðeins ríkisfyrirtækjum annars eru veitt.

Nú hefur verið alger stöðvun í 4 vikur hér í Reykjavík, og það er svo einkennilegt, að á þessum 4 vikum er engu líkara en að öll framkoma af hálfu atvinnurekenda í sambandi við deiluna og öll afstaða þeirra hafi gerbreytzt. Einn stærsti aðilinn í þessari deilu er Eimskipafélag Íslands, og það er þess vegna ekki að undra, þó að við þess vegna í sambandi við Eimskipafélagið nú berum upp þá spurningu: Hvaða breyting er það, sem þarna hefur orðið á afstöðu Eimskipafélags Íslands frá því, sem oft áður var? Í upphafi

þessarar deilu, sem nú stendur yfir og m. a. hefur stöðvað skip Eimskipafélagins, var rætt um það af flestra hálfu og ekki sízt af hálfu ríkisstj., að það yrði að sýna fulla sanngirni í þessari deilu. Það var jafnvel af sumum ráðherrum sagt hér á Alþ., að það væri sjálfsagt, að verkamenn fengju alla þá hækkun, sem atvinnureksturinn gæti borið, og það efast enginn um, að Eimskipafélag Íslands ber þó nokkra hækkun hjá Dagsbrúnarmönnum við uppskipunina. Það var í upphafi rætt um, að það yrði að sýna fulla sanngirni í garð verkafólks í þessari deilu. Það var sýnt fram á, að menn, sem höfðu ekki nema 3000 kr. til að lifa af á mánuði, ættu skilið að fá hærra kaup, og það var rætt um, að það þyrfti að gefast tími til þess að rannsaka þessa hluti, athuga möguleika þjóðfélagsins til þess að bera hækkun og annað slíkt.

Ég held, að það sé öllum hv. alþm. ljóst, að þjóðfélagið hefði miklu betur borið það, þó að það hefði orðið 20—25% hækkun hjá verkalýðnum, heldur en þá stöðvun, sem stóratvinnurekendur nú eru búnir að valda í einn mánuð, — og alveg sérstaklega Eimskipafélag Íslands hefði borið það betur að verða við nokkrum hækkunarkröfum verkamanna þegar í upphafi heldur en að láta koma til þessarar stöðvunar.

*Hins vegar virðist ástandið þannig, að nú er hætt að ræða um það, hvort kröfur verkamanna séu sanngjarnar. Það er hætt að reyna að koma með einhverja útreikninga. Atvinnurekendur og þeirra fulltrúar hafa gefizt upp í öllum þeim hlutum.* Það er allt annar hlutur, sem stóratvinnurekendurnir eru búnir að setja inn í þessa deilu, og það er valdið. Það virðist svo í dag sem auðmannaklíkan hér í Reykjavík leggi höfuðáherzluna á eitt og aðeins eitt í þessari deilu, og það er að sýna, að hún hafi vald til þess að stöðva atvinnutæki landsins og þar á meðal skip Eimskipafélags Íslands. *Það lítur út fyrir, að það sé orðinn hugsunarháttur auðmannastéttarinnar hér í Reykjavík, að hún ætli að sýna verkalýðnum, að hún hafi valdið, og að hún hugsi ekki lengur neitt um það, þó að hún baki þjóðinni stórtjón,* þó að atvinnulífinu sé valdið óbætanlegu tjóni með þeirri stöðvun, sem nú þegar hefur verið gerð. Það virðist svo sem auðmannaklíkan hér í Reykjavík stilli spurningunni einvörðungu frá stéttarbaráttunnar sjónarmiði, að hún, yfirstéttin í þessu landi, ætli að kenna verkalýðnum, að það sé dýrt að berjast fyrir rétti sínum. Það er ekki lengur reynt að mótmæla því, að það sé sanngirni, að Dagbsrúnarverkamennirnir fái kauphækkun og aðrir verkamenn; það er eingöngu verið að reyna að sýna verkalýðnum fram á, að til þess að fá þó að það væri ekki nema nokkuð af þeirri kauphækkun, sem hann hefur farið fram á, skuli hann verða að standa svo lengi í verkfalli, að hann tapi helzt megninu af því, sem hann vinnur, í árskaupi þessa árs.

Morgunblaðið var seinast í gær að reikna út: Verkalýðurinn er með mánaðarverkfalli búinn að tapa 8% af árskaupi, á sama tíma, sem atvinnurekendur hafa boðið 7%. — Ég býst við, að eftir hálfan mánuð muni þeir segja, ef þeir verða komnir upp í ein 12% þá: Nú eru verkamenn búnir að tapa 12%. — Og svona er reiknað. M. ö. o., sú auðmannaklíka, sem ræður yfir atvinnutækjum landsins, er að gera leik að því gagnvart þjóðfélaginu að stöðva atvinnutækin til þess að reyna að hræða verkamenn frá því í framtíðinni að knýja fram kröfur, sem allur landslýður viðurkennir að séu sanngjarnar og réttmætar.

M. ö. o.: Í staðinn fyrir rökræður og sanngirni er nú komið inn í þessa deilu ofstæki og ofmetnaður of ríkrar og of voldugrar auðmannastéttar hér í Reykjavík, — auðmannastéttar, sem skirrist ekki lengur við að fótumtroða hagsmuni þjóðarinnar til þess að reyna að svelta verkalýðinn til undirgefni, og Eimskipafélag Íslands er í dag gert að tæki í höndunum á þessari klíku. Það er það, sem við verðum að athuga, og það er það, sem hér á Alþ. verður að kryfja til mergjar í sambandi við það mál, sem við hér erum að ræða.

Það hefur ekki ætíð verið svona. Eimskipafélag Íslands hefur ekki alltaf verið notað á þennan hátt. Og ég vil leyfa mér að efast um það, að það sé vilji forstjóra Eimskipafélags Íslands, að Eimskipafélag Íslands sé notað á þennan hátt, sem nú er gert. Ég gæti trúað, að þeim, sem gagnvart þjóðinni eiga að bera ábyrgðina á framkvæmdum á málum Eimskipafélagsins, þyki hart að vera af utanaðkomandi öflum beygðir til þess að beita Eimskipafélagi Íslands á þann hátt, sem nú er gert. Ég gæti trúað, að ef forstjóri Eimskipafélags Íslands, Guðmundur Vilhjálmsson, hefði átt að fá að semja í friði og frjáls við Dagsbrún og við önnur verkalýðsfélög, þá væru komnir samningar nú þegar á.

Í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, þurfum við að grafast fyrir um, hvaða önnur öfl eru að verki, sem gera þessa deilu svona harðvítuga og stofna Eimskipafélagi Íslands í þá hættu, að það verði skoðað sem valdatæki ósvífinnar yfirstéttar til þess að beita almenning kúgun.

Eimskipafélag Íslands leit í upphafi á sitt hlutverk sem það að verða að þjónustu við okkar þjóð. Þegar hafizt var handa um stofnun Eimskipafélags Íslands, árin 1914—15, var grundvöllurinn lagður að þessu félagi í krafti þeirrar hugsjónar sjálfstæðis fyrir þjóðina og þjónustu við þjóðina, sem einkenndi alla þá reisn, sem var á söfnuninni í h/f Eimskipafélag Íslands. Þó að það héti hlutafélag, þá var ekki litið á það sem neitt venjulegt gróðafélag. Það var litið á það sem þjóðarsamtök, sem allir Íslendingar yrðu að standa saman um. Ég veit um bláfátæka verkamenn, sem lögðu fram sín 25 kr. hlutabréf, og 25 kr. voru 1914 og framan af árinu 1915 hundrað vinnutímar, það voru eins og 1400 kr. nú, og það var þorrinn af verkamönnum landsins, sem horfði ekki í það að vinna sína hundrað klukkutíma til þess að geta lagt fram minnsta skerfinn, sem hægt var að leggja í að reisa þetta félag. Af hverju var þetta gert? Það var gert vegna þess, að landsmönnum var ljóst, að með því að stofna þetta félag voru þeir að berjast á móti einokun. Þeir voru að berjast á móti einokun erlends auðfélags, sem einokaði ekki aðeins siglingar við okkar land og arðrændi okkar þjóð, heldur líka sýndi Íslendingum í hvívetna fyrirlitningu í allri

sinni framkomu við þá, eins og sum kvæði okkar beztu skálda enn þá bera vott um.

Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað, voru þetta samtök þjóðar, sem var að rísa upp á móti auðvaldi, sem var að sýna danska auðvaldinu í tvo heimana, sem var að sýna, að heil þjóð, frá verkamönnum til atvinnurekenda, gæti staðið saman um að skapa íslenzkt félag til þjónustu við þjóðina og svara þannig erlendu auðfélagi og þeim kúgunarbrögðum, sem það beitti.

Það fór að vísu nokkuð snemma að bera á því, eftir að Eimskipafélagið var stofnað, að einnig sú auðmannastétt, sem upp reis í Reykjavík, ætti þar nokkra fulltrúa í, m. a. menn, sem nákomnir eru hv. flm. þessa máls. En það virtist þó ekki koma að verulegri sök. Eimskipafélag Íslands leit lengi vel svo á, þótt einstaka sinnum slægi í smábrýnur, að því bæri að koma öðruvísi fram en venjulegum hlutafélögum í landinu, því bæri að rækja skyldur við þjóðina, en ekki gerast beinn aðili í neinum beinum kúgunartilraunum við verkalýðinn.

1942, þegar verkamenn Reykjavíkur svöruðu þrælalögunum, sem sett voru þá í janúar, gerðardómslögunum svonefndu, með skæruhernaðinum, þá var Eimskipafélag Íslands eitt af fyrstu félögunum, sem sömdu við verkamenn, eitt af fyrstu félögunum, sem brutu þrælalögin, brutu lög landsins til þess að halda áfram sinni þjónustu við þjóðina og aðstoðuðu á þann hátt verkamenn við að fá fram sanngjarnar og réttmætar kröfur, sem þjóðinni var brýn nauðsyn á að fá fram þá. Eimskipafélag Íslands sýndi þá skilning á afstöðu verkamanna, og það gekk meira að segja svo langt að brjóta landslög, sem síðar voru brotin í „mask“ og afnumin um sumarið í ágúst. Verkamenn og Eimskip sýndu þá, að það var hægt að vinna saman að nauðsynjum þjóðarinnar, og sá andi í afstöðunni bæði hjá Eimskip og til Eimskips kom hvað eftir annað fram á næstu árunum á eftir.

Það vofðu á þeim árum líka oft yfir verkföll, og ég átti á þeim árum alloft samtöl og nokkra samninga við flm. þessa frv., hæstv. forsrh. núverandi, um þau mál. Þá var litið þannig á, ekki aðeins af okkar beggja hálfu, heldur og af meginhluta þjóðarinnar, að langvarandi vinnustöðvanir væru ógæfa fyrir þjóðina, — ógæfa, sem þyrfti að afstýra, — og að það væri rétt, að allir þeir menn, innan hvaða stjórnmálaflokka sem væri, sem vildu þjóðinni vel, reyndu að sameinast um að afstýra því, að framleiðslutæki þjóðarinnar og þ. á m. skip Eimskipafélags Íslands þyrftu að stöðvast vikum og mánuðum saman. Það var litið á það bæði af hálfu okkar og þorra þjóðarinnar sem skyldu að reyna að afstýra slíku, að reyna að láta ekki koma til þess, að verkamannastétt landsins annars vegar, sú sem heldur uppi öllu atvinnulífi þjóðarinnar, og auðmannastéttin hins vegar, sú sem hirðir gróðann af atvinnutækjunum og vinnu fólksins, þyrftu að standa sitt hvorum megin við hyldýpi og kasta peningum í þetta hyldýpi til þess að sjá, hvor þeirra gæti haldið út lengur.

Það var sameiginleg skoðun okkar og þorra þjóðarinnar þá, að það væri nauðsynlegt að hindra, að það kæmi til þess, að verkamannastéttin annars vegar og auðmannastéttin hins vegar yrðu að fleygja þeim 500 millj. kr., sem þjóðin þá var búin að eignast fyrir kauphækkanir verkalýðsins, í eyðslugjána, á meðan atvinnutækin stöðvuðust mánuðum saman og þessar stéttir prófuðu á milli sín, hvor þeirra væri sterkari. Það var litið á það sem gæfu, ef það væri hægt að afstýra slíkum langvarandi vinnustöðvunum. Og gæfan var í svo ríkum mæli með okkur, að það tókst, þrátt fyrir það þótt ýmsir væru á annarri skoðun í ýmsum flokkum, að tryggja vinnufrið, þegar leit út fyrir hörðustu stéttabaráttu á milli auðmannastéttar og verkalýðs Íslands. Og í krafti þess vinnufriðar tókst að endurnýja algerlega flota Eimskipafélags Íslands. Það tókst að mynda nýsköpunarstjórnina, og það tókst að gerbreyta allri afstöðu Íslendinga hvað flutninga snerti. Það tókst að tryggja, að hundruð millj. kr. yrðu hagnýtt til þess að kaupa flutningaskipaflota handa Íslendingum í staðinn fyrir að standa í 3 eða 6 mánuði í vinnustöðvunum og fleygja þessum flota í það hyldýpi, sem sú eyðsla hefði verið að standa í slíkri baráttu.

Ég man vel eftir þeim degi hjá okkur, sem þá áttum sæti í nýbyggingaráðinu, þegar Eimskipafélag Íslands, stjórn þess og forstjóri, komu til okkar. Við höfðum samið nokkra áætlun um byggingu flutningaskipaflota fyrir Íslendinga og sent til Eimskipafélagsins og fleiri skipafélaga og heitið þeim okkar aðstoð til þess að framkvæma og ná því háa marki, sem sett var um ekki aðeins endurnýjun, heldur nýsköpun flutningaskipaflotans. Það voru ýmsir á þeim tíma, sem þóttust vera fjármálamenn, en voru tortryggnir á, að það væri rétt að leggja í skipakaup á þeim tíma. Við áttum tal við stjórn Eimskipafélags Íslands, og hún virtist skilja, að það mundi vera rétt, að það væri einmitt þá tíminn til þess að leggja í að kaupa ný skip. Og ég man eftir því, að þegar hún lagði formlega sína umsókn um fé inn til okkar í nýbyggingaráði, þá afhentum við henni sama daginn ávísun á allt, sem hún bað um, ávísun á 42 millj. ísl. króna, sem hún gæti tekið, hvort heldur hún vildi í pundum eða dollurum, til þess að kaupa nýjan flutningaskipaflota handa Íslendingum, og þær 42 millj. ísl. króna, sem við afhentum stjórn Eimskipafélagsins til yfirfærslu á hennar inneignum hér, voru íslenzkar krónur, það voru krónur lýðveldisáranna, það voru stórar krónur, það voru krónur, þar sem ekki þurfti nema 6.50 til að eignast einn dollar, það voru ekki þær litlu krónur, þær „ameríkaniseruðu“ krónur, sem við búum við í dag. Þær 42 millj. væru a. m. k. jafngildi 140 millj. kr. í dag. Eimskipafélagið gerði þá þegar samninga um að kaupa og láta byggja þorrann af þeim glæsilega skipaflota, sem Eimskipafélagið nú á. Og það, að Eimskipafélag Íslands í dag á í sínum skuldlausu eignum einhvers staðar á milli 100 og 150 millj. kr., er því að þakka, að það tókst að skapa samstarf á milli ekki aðeins verkamannaflokkanna, Alþfl. og Sósfl., heldur líka meiri hluta Sjálfstfl. um nýsköpunina, um vinnufrið, og í krafti þess vinnufriðar og þeirrar stjórnarstefnu, sem þá var sköpuð, eignaðist Eimskipafélag Íslands sinn

stóra, myndarlega skipaflota, sem ekki aðeins það, heldur líka þjóðin öll er stolt af.

Þegar nýbyggingaráð afhenti sín leyfi, hvort heldur fyrir togurum eða flutningaskipum, var aðeins sett eitt einasta skilyrði af þess hálfu, og það var, að þessi tæki, sem keypt væru fyrir þetta fé, væru notuð í þjónustu þjóðarinnar og væru ekki seld úr landi.

Eimskipafélagið hafði gott samstarf við verkalýðinn og verkalýðsflokkana á þessum árum. Eimskipafélagið gat í krafti þeirra áhrifa, sem verkalýðshreyfingin hafði þá í landinu og á ríkisstjórn, keypt sín nýju, glæsilegu skip. Og það var ekki nóg með það, það var líka af hálfu verkalýðshreyfingarinnar boðið fram og stungið upp á því þá að gera Eimskipafélaginu og togarafélögunum mögulegt að afskrifa á skömmum tíma allan þennan skipaflota. Það vorum meira að segja við, sem áttum upphaflega uppástungurnar að því. Það sigldi hvert skipið á fætur öðru í höfn á næstu árunum á eftir. Þjóðinni óx ásmegin. Reisn hennar, meðvitund hennar um mátt sinn og stolt hennar óx við hvert skip, sem í höfn kom. — Og nú lifum við það, að 7 af þessum skipum Eimskipafélagsins eru stöðvuð af harðsvíraðri atvinnurekendaklíku hér í Reykjavík, sem í 4 vikur hefur raunverulega ekki talað við verkamenn um kauphækkanir. Við lifum það, að þetta óskabarn þjóðarinnar, sem þjóðin og raunverulega verkalýðshreyfingin ekki sízt hvað eftir annað hefur borið á höndum sér, er misnotað sem tæki í höndum ofstækisklíku til þess að reyna að kúga verkalýðinn, til þess að reyna að kúga þjóðina.

Hvað er það, sem gerzt hefur á þessum tíma? Hvað er það, sem nú veldur því, að Eimskipafélag Íslands er notað í dag — að því er mér liggur við að fullyrða á móti vilja þeirra, sem opinberlega bera mesta ábyrgð, framkvæmdastjóra þess og slíkra og starfsfólks — til þess að reyna að sveigja verkalýðinn og þorra þjóðarinnar til undirgefni, því að það er vitað, að í þessari deilu stendur allur þorri þjóðarinnar með verkalýðnum? Hvað er það, sem gerzt hefur á bak við tjöldin frá þeim tímum, sem ég lýsti í upphafi, þegar Eimskipafélagið var stofnað, — frá þeim tímum, sem ég var að lýsa, þegar verkalýðsflokkarnir og meiri hluti Sjálfstfl. lögðu grundvöllinn að þeim glæsilega skipaflota, sem Eimskipafélagið á í dag?

Það virðist vera svo sem einhver ofstækisklíka, sem er illa við að koma fram í dagsljósið, ofstækisklíka innst í Sjálfstfl. hafi náð tökum á þessum fyrirtækjum og beiti nú öðrum aðferðum í viðureigninni á milli stéttanna en þeim aðferðum, sem þóttu réttmætar og skynsamlegar og voru þjóðinni til gæfu 1944.

Þegar ég segi: Sjálfstfl., þá segi ég það mjög vitandi vits. Það vill þannig til nú, að í öðru stjórnarblaðinu, í Tímanum, kemur hvað eftir annað fram, að hann hvetur til samninga í þessari deilu. Hvað eftir annað koma fram í Tímanum, málgagni Framsfl., tillögur um, að það sé orðið við sanngjörnum tilmælum verkamanna, það sé leyft að semja við þá, það sé ekki hleypt hörku í þessar vinnudeilur. Það er alveg öfugt við það, sem kvað við í Tímanum og hjá Framsfl. 1944, þegar bæði hjá Tímanum og sérstaklega Vísi voru ákaflega hatrammar áskoranir til atvinnurekenda um að halda út og að leggja til langrar baráttu við verkamenn, sem þá tókst að afstýra með samkomulagi verkalýðsflokkanna við meiri hluta Sjálfstfl. M. ö. o., annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., virðist beinlínis vilja frið, vilja vinnufrið, vilja samstarf og samkomulag við verkamenn og er alveg ósmeykur við í ritsjórnardálkum Tímans að taka undir, að það sé sjálfsagt að semja, kauphækkanir séu nauðsynlegar.

Það berast því böndin að Sjálfstfl., innstu klíkunni í honum. Og ég mundi ekki fyrst og fremst draga hæstv. forsrh. inn í dilkinn hvað þetta snertir, vegna þess að hann hefur áður, eins og ég hef drepið á, sýnt mjög ríkan skilning á því, hvílík þjóðarógæfa það væri, ef til langra vinnustöðvana kæmi, ef stéttabaráttan milli verkamanna og auðmanna þyrfti að verða þjóðinni svo dýr, að þjóðarhagur kæmi til með að líða stórkostlega þar undir. Hvað er það, sem hefur gerzt í sambandi við pólitískar breytingar í innsta hring Sjálfstfl. og í sambandi við stjórn Eimskipafélags Íslands, sem gæti gefið okkur, sem erum þessum hnútum nokkuð kunnugir, ástæðu til þess að ætla, hvaða öfl væru þarna að verki? Ég tók eftir því, að fyrir nokkru bættist einn nýr stjórnarmeðlimur í stjórn Eimskipafélags Íslands. Það var hæstv. dómsmrh., sem nú er að koma hér inn, Bjarni Benediktsson, sem tók sæti í stjórn Eimskipafélags Íslands. Þar með virðist sá innsti hringur Sjálfstfl. og það e. t. v. einmitt sá armurinn, sem harðskeyttastur er, hafa fengið sinn fulltrúa í stjórn Eimskipafélagsins, og nú bregður allt í einu svo við, að Eimskipafélag Íslands er — öfugt við það, sem oft var áður — hagnýtt af einhverjum dularfullum öflum á bak við tjöldin, þannig að í 4 vikur er nú búið að stöðva alla þjónustu þessa óskabarns þjóðarinnar við þjóðina — og stöðva hana út frá hvaða sjónarmiði? Ekki út frá því sjónarmiði, hvort það sé sanngjarnt, sem verkamenn eru að fara fram á í þessu sambandi, heldur út frá hinu sjónarmiðinu, að nú skuli sýna verkamönnum, að þeir geti ekki fengið sínar kröfur fram, ekki einu sinni það, sem auðmannastéttin kunni að álíta sanngjarnt af þeim kröfum, nema til þess sé fórnað hér í Reykjavík vinnu 7 þús. manna, sem hafa 20 þús. eða fleiri á sínu framfæri, það sé fórnað vinnu þessara manna í einn mánuð, tvo mánuði og máske lengur, þannig, eins og Morgunblaðið var að reikna út nú, að svo framarlega sem þeir að lokum mundu knýja fram þá kauphækkun, sem þeir eiga kröfu á, þá væri þó hægt í Morgunblaðinu að reikna út, að þeir væru búnir að tapa eins miklu af sínu árskaupi það árið. En það er sleppt að reikna út, hvað þjóðfélagið væri búið að tapa með slíku.

Nú vill máske einhver segja við mig, að það geti ekki verið, að í innsta hring Sjálfstfl., allra þrengstu klíkunni, séu teknar ákvarðanir um hluti eins og það, hvernig þessi deila skuli háð, hvort þessari deilu skuli ráðið til lykta með samstarfi og sættahug á öðrum eða þriðja degi verkfallsins, eins og margir vonuðust eftir, eða hvort það skuli heyja deiluna í einn mánuð eða

lengur, til þess frá sjónarmiði auðmannastéttarinnar að kenna verkalýðnum, hvað það kosti að fara í verkfall. Nú vill máske einhver segja við mig, að það sé óhugsandi, að það sé verið að ræða svona hluti í innsta hring Sjálfstfl., — og það er rétt, að ég get ekki lagt neinar sannanir á borðið fyrir, að slíkt hafi verið gert. Ég get aðeins bent á, að einn mesti valdamaður Sjálfstfl. og einn harðskeyttasti baráttumaður hans, hæstv. dómsmrh., er nýkominn í stjórn Eimskipafélags Íslands, og eftir að hann er kominn í stjórn Eimskipafélags Íslands, er Eimskipafélag Íslands hagnýtt til harðvítugri stéttabaráttu, til harðvítugri árása á þjóðarhag en hefur nokkru sinni verið gert fyrr.

Hins vegar kann náttúrlega að koma eitthvað fram í endurminningum þessara manna seinna meir, þegar þeir fara að skrifa um, hvað gerzt hefur á þessum tímum, og þegar það hefur ekki eins mikla þýðingu fyrir dægurpólitíkina, hvað fram kemur. Það koma stundum upp slíkir hlutir seinna meir. Ég skal t. d. minna á, að 1932 gerðist sá atburður hér í Reykjavík, að meiri hlutinn í bæjarstjórn Reykjavíkur tók þá ákvörðun að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni raunverulega úr eitthvað í kringum kr. 1.30 og niður í eina krónu, — lækka kaupið stórkostlega. Það var ákveðið að byrja á þessu í atvinnubótavinnunni. Meiri hluti bæjarstjórnarinnar ákvað að gera þetta þar einvörðungu, og meðan var ekkert farið að tala um slíka kauplækkun annars staðar. En í atvinnubótavinnunni háttaði þannig til á þeim tíma, að hundruðum saman voru verkamenn hér í Reykjavík atvinnulausir, skráðir atvinnuleysingjar voru 500—600, og miklu fleiri voru atvinnulausir. Atvinnubótavinnunni var skipt þannig niður, að eina viku af fjórum höfðu menn vinnu. Hjá þessum mönnum, sem höfðu einnar viku laun til þess að lifa af, átti að lækka kaupið um 25—30%, og það var bæjarstjórn, það var meiri hl. Sjálfstfl. í Rvík, sem ætlaði að lækka þetta, og það var náttúrlega sagt eins og vant var, að það væru engir peningar til, aumingja bæjarstjórnin hefði enga peninga til þess að borga verkamönnunum áfram. Það þekkja allir, til hvers þessi lækkunartilraun leiddi. Hún leiddi til þess, að það urðu nokkur átök, og við þau átök brá allt í einu svo við, að það voru nógir peningar til um kvöldið 9. nóv. og meiri hl. Sjálfstfl. í bæjarstjórn Rvíkur samþykkti að hætta við að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni. En það kom nokkru seinna fram, — ég veit ekki, hvort það var óvart, — að miðstjórn Sjálfstfl. hefði tekið þá ákvörðun, að það skyldi hafin allsherjar kauplækkun, að það skyldi byrjað á mönnunum í atvinnubótavinnunni í Rvík og að bæjarstjórnin eða meiri hl. Sjálfstfl. í Rvík skyldi hljóta þann heiður að fá að níðast á þeim, sem höfðu minnst af öllum og meira en hálfsultu með sínar fjölskyldur. Bæjarstjórnarmeirihlutinn, sem Sjálfstfl. hafði í Rvík, skyldi fá þann heiður að hefja kauplækkunarherferðina með því að ráðast á þá, sem voru í atvinnubótavinnunni í Rvík. Þannig upplýstist það, að árásir, sem gerðar eru, og árásir, sem gera á af hálfu atvinnurekendastéttarinnar í Rvík, voru í þessu tilfelli og máske oftar upprunalega ákveðnar í innsta hring Sjálfstfl. í Rvík, og sá Sjálfstfl. áleit ekki rétt að halda undan og hætta við slíkar árásir, nema honum væri sýnt þannig í tvo heimana, að hann væri, eins og sást á blöðum þá dagana, orðinn hræddur um völd sín í landinu. Þegar lögreglan í Rvík hafði verið gerð a. m. k. frekar léleg til starfa þann dag, þá bjuggust þeir við því, auðmennirnir hér í Rvík, eins og seinna var skrifað í sumum blöðum, að nú mundu ótætis bolsévikarnir taka bankana næst og líklega ríkisstj., því að hver einasta hræring og hreyfing hjá verkalýðnum er venjulega túlkuð sem einhver byltingartilraun ægilegra kommúnista af hálfu Sjálfstfl.

Þess vegna er það ekkert undarlegt, þegar verkfall er búið að standa hér í 4 vikur, þegar skip Eimskipafélags Íslands hafa verið stöðvuð, sum þeirra í 4 vikur, þegar 7 skip Eimskipafélags Íslands liggja hér nokkur hundruð metra frá okkur bundin við hafnargarðinn og þegar þjónusta Eimskipafélags Íslands við þjóðina er slík, að svo að segja ekkert af hennar skipum gengur lengur, þó að við spyrjum, ekki sízt eftir að einn helzti valdamaður Sjálfstfl. hefur tekið sæti í stjórn Eimskipafélagsins: Hefur miðstjórn Sjálfstfl. tekið þá ákvörðun eða jafnvel einhver klíka í Sjálfstfl., sem er ekki einu sinni miðstjórnin öll, að láta þetta verkfall og láta þessa vinnustöðvun verða aflraun á milli verkamannastéttarinnar í landinu og auðmannastéttarinnar í landinu, en reyna ekki, eins og stefnt var að í upphafi, að leysa þetta mál í friði og með samkomulagi, að leysa þetta mál í sama anda og þeim, sem vinnudeilurnar voru leystar með 1944, þegar grundvöllurinn var lagður að öllum þeim auð og öllum þeim skipaflota, sem Eimskipafélagið á nú til að veita þjóðinni þjónustu með?

Það urðu verkalýðnum, og ekki aðeins verkalýðnum, heldur líka fjölmörgum atvinnurekendum, vonbrigði, þegar fyrsta sunnudaginn, sem verkfallið stóð, þá samninganótt gekk ekki saman, og það er ekki nema eðlilegt, að maður kasti fram þeirri spurningu, þegar skip Eimskipafélagsins hafa verið stöðvuð í 4 vikur og 7 þeirra liggja hér í höfninni: Var það eitthvert utanaðkomandi valdboð, sem olli því, einhverjar ákvarðanir í einhverjum innsta hring Sjálfstfl. eins og 1932, sem ollu því, að allt í einu var tekið fyrir allar samningatilraunir og af hálfu harðsvíruðustu auðmannaklíkunnar í Rvík farið inn á þá braut að gera þetta verkfall, eins og það virðist nú vera að verða, að aflraun á milli verkamannastéttarinnar og auðmannastéttarinnar?

Ég veit ekki, hvað hefur gerzt þarna á bak við tjöldin, það kemur ef til vill seinna fram og það þyrfti að koma fram. En það er a. m. k. ljóst, að það er komið í spilið í samningum um vinnufrið á Íslandi slíkt pólitískt ofstæki og slíkur ofmetnaður frá hálfu forríkra manna, að þeir meta það meira að reyna að sýna alþýðu vald sitt og beita verkalýð kúgun heldur en að leysa vandamál þjóðarinnar, þannig að þjóðarheildinni vegni sem bezt. Og ég vil minna á, þegar við leggjum saman tvo og tvo, þegar verkalýðsflokkarnir báðir og meiri hl. Sjálfstfl. vildu leggjast á eitt, þá tókst að tryggja vinnufrið, og Framsfl. með afstöðu síns blaðs, Tímans, sýnir

nú sams konar afstöðu og þá einkenndi verkalýðsflokkana og betri hluta Sjálfstfl., en þegar það kemur svo fram í dag, að farið er að stofna til svona harðsvíraðra og langra átaka, þá berast böndin að þeim aðilum innan Sjálfstfl., sem hafa alltaf gert það að aðalpólitík sinni að berjast á móti verkalýðnum og hvers konar samstarfi við verkalýðinn í landinu.

Ég vil segja auðmannastétt Rvíkur það og þeim pólitísku ofstækismönnum, sem í dag misnota Eimskipafélag Íslands til þess að stöðva það eins lengi og búið er að gera, að það þýðir ekki *og það er ekki til neins fyrir þá að láta sig* dreyma um það að ætla að beygja verkalýð Rvíkur með þessum aðferðum. Það þýðir ekkert að ætla að reyna að svelta hann til undirgefni. Hann hefur horfzt í augu við lengri verkföll, og hann hefur horfzt í augu við lengri og erfiðari atvinnuleysistíma en þann, sem skellur yfir hann í slíku verkfalli. Verkalýður Rvíkur hefur staðizt hvaða sultarherferð sem innsti hringur Sjálfstfl. hefur skipulagt á hendur honum hér í Rvík. Hann hefur staðizt atvinnuleysisárin hér, þegar átti að níðast á honum. Hann hefur staðizt, þó að hann hafi ekki haft nema eina viku af 4 að vinna og þótt það hafi átt að lækka launin í þeirri einu viku. Verkalýðurinn bognar ekki, hann er sterkari í dag, hann er líka efnaðri í dag en hann var þá. Hann kemur ekki til með að brotna í þessu. Og það skulum við muna, að það er hægt að reka öll atvinnutæki Íslands án auðmanna og án atvinnurekenda, en það er ekkert hægt að reka af þeim án verkalýðs. Það mega þeir menn muna, sem ætla að láta verkföll og vinnustöðvanir verða aflraun á milli verkamannastéttarinnar og auðmannastéttarinnar. Það er hægt að reka öll skip Eimskipafélagsins með sjómönnunum, sem á þeim eru, og án þeirra, sem eru taldir eiga Eimskipafélagið í dag. Það er hægt að reka Eimskipafélag Íslands sem þjóðareign með sjómönnunum, sem á þeim eru, en það er ekki hægt að reka það án sjómannanna og án verkamannanna.

Það þýðir ekki fyrir auðmannastéttina að ætla að fara í slíka aflraun við verkalýðinn. Hitt skal ég viðurkenna, að það eru máske aðrir, sem hafa brotnað í þessari deilu, sem stendur í dag. Það eru ýmsir smærri atvinnurekendur farnir að kvarta. Það eru smærri atvinnurekendur — jafnvel sumir þeirra mundu kannske vera taldir allstórir — farnir að koma til forvígismanna verkalýðssamtakanna og spyrja þá að því: Hvernig er það, getum við einhvern veginn tryggt okkur að geta fengið verkamenn, þegar þessari deilu lýkur? — Það eru margir smærri atvinnurekendur, sem eru fjárhagslega að brotna saman í þessari deilu, þola ekki svona stöðvun. Það er ekki í þágu verkalýðsins, að þeir brotni saman, en það er máske í þágu annarra, að smærri atvinnurekendur brotni fjárhagslega saman og einokunarklíkan hér í Rvík geti keypt upp fyrirtæki þeirra á eftir. Við höfum tekið eftir því, hvernig stefnt hefur verið að því að reyna að safna í hendurnar á lítilli einokunarklíku meira og meira af öllum atvinnutækjum þjóðarinnar, og það má vel vera, að harðsvíraðasta auðmannaklíkan í þessu landi vilji láta þessa vinnustöðvun verða til þess, að ýmsir þessir smærri sæmilega bjargálna menn eða jafnvel þeir, sem fyrir verkfallið voru sæmilega efnaðir menn, fari þannig á hausinn, að hægt verði fyrir einokunarklíkuna að sölsa þeirra fyrirtæki undir sig á eftir. Það er engum í hag nema þessum einokunarhring í auðmannastétt Rvíkur að heyja þessa deilu á þann hátt, sem hún nú er háð, því að frá hálfu Vinnuveitendafélagsins virðist hún nú háð með það einvörðungu fyrir augum að reyna að svelta verkamenn til undirgefni.

Þegar þess vegna farið er fram á það með þessu frv. að veita Eimskipafélagi Íslands þau sérréttindi um skattgreiðslu og þá viðurkenningu, sem það fær með þessu frv., þá er ekki nema eðlilegt, að reynt sé að knýja fram svörin við því, hvað veldur því, að Eimskipafélag Íslands er ekki búið að semja við verkamenn. Hvað veldur því, að Eimskipafélag Íslands heldur ekki áfram að rækja sína þjónustu við þjóðina? Vill máske forstjóri Eimskipafélagsins semja og fær það ekki? Er verið að beygja fleiri og fleiri af þeim, sem gjarnan vildu halda áfram sínu þjónustustarfi, undir hnútasvipu innsta hrings Sjálfstfl. til þess að láta þá heyja harðsvíraða stéttabaráttu við verkalýðinn? Rekstur Eimskipafélagsins er sameiginlegt hagsmunamál og áhugamál allrar þjóðarinnar. Misnotkun Eimskipafélagsins af hálfu auðmannastéttarinnar í Rvík skapar þjóðarhættu, og það er þess vegna nauðsynlegt fyrir okkur að vara við því, vara við þeirri braut, sem farið er inn á með þeirri misnotkun, sem á sér stað í dag með Eimskipafélagið. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að ekki aðeins hæstv. forsrh., sem sjálfur flytur þetta frv., heldur líka sú n., sem kemur til með að fá þetta mál til meðferðar, reyni, eftir því sem hún hefur möguleika til, að grafast fyrir um, hvaða kraftar eru þarna að verki. Ef svona hlutir eiga að endurtaka sig, að Eimskipafélagið er stöðvað til þess að þjóna meira eða minna duldum tilgangi harðsvíraðrar auðmannaklíku hér í Rvík, og ef það á að fara að gerast nú hvað eftir annað, þá verður þjóðin að taka til alvarlegrar athugunar, hvernig hún ætlar að hafa rekstur þessa skipafélags í framtíðinni. Þetta ástand er óviðunandi. Alþýða landsins og verkalýður landsins getur ekki horft upp á það, að tæki, sem hann hefur á margan hátt hjálpað til að skapa, hann sjálfur rekur og byggist á hans vinnu, sé notað sem kúgunartæki á móti honum. Ég vil þess vegna vonast til þess, að hv. deild athugi mjög vel sinn gang í sambandi við þetta mál. Hér er um að ræða líklega annað stærsta fyrirtæki þjóðarinnar. Eimskipafélagið með sínar 150 millj. kr. er líklega næst Landsbankanum ríkasta fyrirtæki landsins. Það er ríkt í krafti þess, að það hefur notið umönnunar, aðstoðar og virðingar þjóðarinnar. Ef sú auðmannastétt, sem sérstaklega nú á þessum síðustu fáu árum hefur risið upp hér í Rvík, ofmetnast af sínum auði, ætlar að fara að beita þessu þjóðartæki sem kúgunartæki á móti þjóðinni, þá verður alþýða landsins að taka í taumana.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins herra forseti, út af ræðu hv. 8. þm. Reykv. upplýsa, að

ég hygg, að það sé sannmæli, að Eimskipafélagið hafi lægri fargjöld á nauðsynjavörum en nokkur möguleiki er að fá erlend skip til þess að flytja hingað fyrir. Ég vil enn fremur upplýsa, að það liggur fyrir tiltölulega ný hluthafaskrá, sem sýnir, að hluthafar Eimskipafélagsins eru að heita má jafnmargir og þeir voru í öndverðu. Ég vil í þriðja lagi aðeins upplýsa, að Eimskip er reiðubúið að greiða skatta og hefur í raun og veru viljað taka upp samning um það, en ég hef fyrir mitt leyti talið heppilegra, að það yrði tekið til athugunar í sambandi við heildarlöggjöf um þetta.

Ég vil svo óska þessum tveim þm., sem hér hafa talað, til hamingju með þeirra ræður. Þær eru rétt lýsing á mönnunum. Annað var málefnaræða. Hitt var vaðall og lítið annað. Ég skal svo koma þeim skilaboðum til framkvæmdastjóra Eimskipafélagsins frá formanni kommúnistafl., að hann sé vesalingur, sem sé tuktaður af sér meiri mönnum og hafður eins og leiksoppur. (Gripið fram í.) Já, ég hugsa, að hv. þm. vilji reyna að skafa þetta af sér, en ummælin munu verða flutt fyrir því.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil vona, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þann taxta, sem Eimskipafélagið hefur um vöruflutninga til landsins. Hæstv. forsrh. var að minnast á, að hann mundi ekki vera hærri en önnur skip tækju. Það má vel vera rétt, að hann sé ekki hærri en önnur skip tækju fyrir flutning hingað. Hvernig mundi nú eitt venjulegt skipafélag haga sér, þegar það færi að athuga, hvaða taxta það hefur við sína flutninga hingað til landsins? Skyldi það ekki fara þannig að, að það athugaði, hvaða taxtar væru skráðir fyrir flutninga til Íslands? Og hvaða taxtar eru fyrst og fremst skráðir fyrir flutninga til Íslands? Jú, það er þeir taxtar, sem Eimskipafélag Íslands hefur. M. ö. o.: Þegar verið er að reyna að fá útlend skipafélög til þess að taka að sér flutninga, þá býst ég við, að þau miði við þann taxta, sem gildir hjá því félagi, sem mestar siglingar hefur. Eimskipafélag Íslands markar þess vegna alveg tvímælalaust taxtana, sem teknir eru, miðað við tonn, fyrir siglingar til landsins. Nú vildi ég hins vegar, einmitt vegna þess að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að fjhn., sem líklega fær þetta til meðferðar, muni fá taxta Eimskipafélagsins til athugunar, leyfa mér að biðja hv. fjhn. þessarar deildar að taka taxta annarra skipafélaga á öðrum skipaleiðum veraldarinnar til samanburðar og gera svo vel að reikna síðan út, hvað er taxtinn á tonn á mílu, sem siglt er, og birta okkur hér við 2. umr. þessa máls hlutfallið þarna á milli. N. gæti athugað, hvað tekið er almennt, við skulum segja í siglingum milli Englands og Ameríku eða í siglingum milli Noregs og Englands á tonn á mílu, og athugað síðan, hvað tekið er milli Englands og Ameríku, Englands og Danmerkur, milli Íslands og Ameríku, Íslands og Danmerkur, Íslands og Englands. Þetta þætti mér mjög vænt um að hv. fjhn. þessarar deildar gerði, þannig að hún fengi ekki aðeins taxta Eimskipafélagsins og kannske tilboð frá öðrum skipafélögum, heldur líka bæri saman, hvaða taxti er skráður á samsvarandi siglingaleiðum annars staðar í veröldinni, og legði hér fyrir okkur, hvað út kemur í fragt á mílu og á tonn. Ég er hræddur um, að kæmi út nokkuð hærri fragtupphæð á þeim ferðum, sem til Íslands eru skráðar, hvort heldur er frá Ameríku til Íslands, Englandi til Íslands eða Danmörku til Íslands. Og það væri nauðsynlegt fyrir okkur að fá þetta. (Gripið fram í.) Við skulum líka taka samanburð á kostnaði. Ég ætla að vonast til þess, að hv. fjhn. athugi kostnaðinn líka og sjái til, að það verði vel upplýst, hvernig er með kostnaðinn. Þá má hún líka reikna inn í, hvort það séu einhverjar meiri áhættur í því að ferðast til Íslands. Það er sjálfsagt að taka tillit til alls í þessu sambandi.

Ég hef ofur litla hugmynd um, hvað grætt hefur í sumum ferðum. Ég hef áður komið fram með það hérna, og hæstv. forsrh., eins og hann er vanur, tekið vel undir það eins og flestar mínar ræður. Ég upplýsti, að eitt skip, sem sigldi frá Íslandi til Ameríku og til baka frá Ameríku til Íslands í byrjun verkfallsins, sem var í febrúar, og kostaði svona 15—20 þús. kr. á dag, flutti farm út og flutti góðan farm heim líka, þ. á m. ýmsa fína bíla frá Ameríku, það var minna skip en flest skip Eimskipafélags Íslands, og það hafði grætt 1 millj. og 100 þús. kr. á þeirri ferð. Hæstv. forsrh. svaraði mér, og hann sagði ekki einu sinni, að þetta væri vaðall, eins og hefði nú verið mjög skiljanlegt að hann hefði sagt, því að það er „billega“ sloppið, heldur sagði hann: Ég efast ekki um það, að mörg skipafélög græða og græða mikið. — 1 millj. á einni ferð til Ameríku hjá einu litlu skipi, hvað þyddi það? 12 svoleiðis ferðir hjá einu litlu skipi væru 12 millj. Hún tók mánuð sú ferð með litlu skipi. Hvað græða þá stóru skipin? má ég spyrja.

Ég skal ekki bera á móti því, að ef norskt skip ætti að bjóða í flutningana frá Íslandi til Ameríku og færi að athuga, hvaða taxtar eru, og sæi, að það gæti grætt 1 millj. á einu litlu skipi, þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess fyrir þann norska skipaeiganda að fara að bjóða þetta niður, ekki nema þá eitthvað pínulítið. Hví í ósköpunum skyldi hann ekki taka þennan gróða líka? Ég held, að þessar háu fragtir, sem þarna eru skráðar, séu sameiginlegt áhugamál ekki bara sumra íslenzkra, heldur líka margra erlendra skipafélaga, og það væri ósköp gott, að hæstv. forsrh. kæmi nú aftur fram og endurtæki sína ágætu ræðu frá því í byrjun febrúar um, að skipafélögin græddu og þau græddu mikið. Ég var að vitna í hæstv. forsrh. um, að hann hefði undirstrikað, hvað skipafélögin hefðu grætt, þegar ég hafði upplýst það, að eitt lítið skip hefði grætt á eins mánaðar ferð á siglingu til Ameríku 1 millj., og hann undirstrikaði það. Þess vegna er mjög gott, að hæstv. forsrh. skuli hafa gefið fjhn. það sérstaka vegabréf í sambandi við athugunina á þessu skattfrelsisfrv. Eimskips, að athuga um gróðann yfirleitt á skipaferðum að og frá Íslandi og athuga um taxtana á frögtunum, sem íslenzka þjóðin verður að borga. Ég held, að það væri mjög nauðsynlegt að fá þetta upplýst. Ég held, að það sé með hærri töxtum, sem greiddir eru í veröldinni.

Hæstv. forsrh., sagði, að það hefði verið ósköp mikill vaðall hjá mér, sem ég sagði áðan. Það er ákaflega skiljanlegt. Mér dettur í hug, að það var nokkurn veginn alveg sama orðið sem hæstv. fjmrh. — hann var það að vísu ekki þá, en er það núna — notaði við mig einu sinni. Það var í útvarpsumræðum í sept. 1944. Ég hafði talað á undan honum, og hann kom á eftir og var eitthvað ruglaður af þeirri ræðu, sem ég hafði haldið, og sagði, að þetta væri ljóti bölvaður vaðallinn og ekki meintu helvítis kommúnistarnir nokkurn skapaðan hlut með neinu af því, sem þeir segðu. Mér þykir voðalega leiðinlegt, ef hæstv. forsrh. er nú að komast niður á það stig, að hann treysti sér ekki lengur til þess að fara í rökræður um þessi mál. Það getur þó aðeins verið eitt, sem hindrar hann í því, því að venjulega brestur hann ekki hugrekkið, og það hlýtur að vera það, að honum finnist hann sjálfur ekki hafa eins skemmtilegt hlutverk á hendi í afstöðunni í dag viðvíkjandi Eimskipafélaginu og hann hafði, þegar við vorum að vinna saman í því að setja fæturna undir Eimskipafélagið 1944.

Hvað snertir það, sem ég sagði um forstjóra Eimskipafélags Íslands, sem ég þekki ekki nema að góðu, þá þykir mér það nú orðið hart, en hins vegar táknrænt fyrir mannmat auðmannastéttarinnar í Reykjavík, ef sú góðvild og sú umhyggja um þjóðarhag, sem ég ætlaði forstjóra Eimskipafélagsins, væri útlögð sem vesalmennska. Það er þá komið nýtt viðhorf í okkar þjóðfélagi. Hingað til hefur það þótt bera vott um manndóm, um skilning á þörfum þjóðarinnar, að þora að berjast fyrir sættum, þegar menn stæðu í deilum. Hingað til hefur það þótt jafnvel með fegurstu fordæmum, sem við þekkjum, þegar fylkingar síga saman, að menn þyrðu heldur að standa með því að bera klæði á vopnin en að eggja menn til þess að berjast. Hingað til hefur fordæmi eins og Halls á Síðu eða Þorgeirs Ljósvetningagoða þótt til fyrirmyndar, en ekki vesalmennska. Hins vegar notaði Hallur á Síðu þau orð í Njálu, þegar hann hélt sína ræðu, þegar menn höfðu barizt: „Þat vita allir, at ek em lítilmenni.“ Og af hverju notaði hann þau orð? Af því að hann vissi ósköp vel, hvaða frýjunarorð það voru, sem þeir menn hagnýttu, sem vildu eggja til ódáðaverka, sem vildu etja þjóðinni og hinum ýmsu pörtum hennar saman í bræðravíg. Það eru sömu orðin og hæstv. forsrh. notar í dag. Mér er fjarri að ætla þá menn einhverja vesalinga og nota slík orð um þá, sem ég í mínum innsta huga álít að vilji þjóðinni gott. Þess vegna held ég, að hæstv. forsrh. hefði ekki átt að hagnýta þetta orð. Hins vegar skal ég með mestu ánægju senda forstjóra Eimskipafélags Íslands alla mína ræðu, sem ég hér hef flutt, og biðja skrifstofuna um að taka af henni 2 eintök, þannig að hann geti fengið eitt af því, ef það væri nokkur hætta á, að skilningur hæstv. forsrh. á minni ræðu brjálaðist eitthvað á ekki lengri leið en héðan úr alþingishúsinu niður í Eimskipafélagshús. Og ég vil nú leyfa mér að minna hæstv. forsrh. á, að einmitt þessi orð, sem hann var að nota um mág sinn hér áðan, voru sömu orðin svo að segja sem notuð voru um hann sjálfan 1944, þegar var verið að eggja hann, segja honum að vera ekki að ganga til neins samstarfs við ótætis kommúnistana, segja honum að fara ekki að ganga í þjónustu Moskvavaldsins, þegar var verið að eggja hann og segja honum, að það væri miklu betra, að atvinnurekendur stæðu „staffírugir“ og berðust við verkamenn, heldur en að þeir létu undan síga. Hann stóðst öll slík frýjunarorð þá, og ég held, að það sé bezt fyrir alla aðila, að hann haldi áfram að standast þau, og það væri betra fyrir hann og ekki síður fyrir aðra forustumenn stjórnarflokkanna að þora að koma hér í stólinn og taka upp orð Halls á Síðu: „Ek em lítilmenni“ — og leggja fram sitt til sáttanna, heldur en að ganga í lið með þeirri harðsvíruðu auðmannaklíku, sem nú hyggst — og hyggur þar heimskulega og óraunhæft — að reyna að beygja verkalýð Reykjavíkur til undirgefni.

Ég held, að sá hluti úr Íslandssögunni, sem hæstv. forsrh. hefur skapað, verði líka fyrir framtíðina beztur með því móti, að hann skilji, að það er okkar þjóð fyrir beztu, að það sé ekki látið koma til þeirrar hörku, sem auðmannastétt Reykjavíkur stefnir til í þessari baráttu.

Verkalýðurinn og alþýða landsins er alltaf sá sterkari, ef til átaka á að koma. Það er enginn efi. Hitt er þjóð okkar nauðsynlegt, að hægt sé að hafa samstarf innan hennar. Og það er gæfa fyrir okkar þjóð, þegar stefnt er að því að tryggja henni tæki til notkunar í sínu daglega lífi og sjá um, að þau tæki séu hagnýtt, og sjá um, að þau séu hagnýtt fyrst og fremst til góðs fyrir þá, sem með þessum tækjum vinna, vinnandi stéttir þessa lands. Það er um það, sem baráttan stendur í dag, að þessi tæki, sem þjóðin á, og þau tæki, sem hún þarf að eignast, verði hagnýtt til þess, að verkalýðurinn og vinnandi stéttirnar hafi betri og sanngjarnari lífskjör en þær hafa haft til þessa.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson)**: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sannaði það enn sem fyrr, að sjaldan bregður mær vana sínum. Það er greinilegt, að hann og flokksbræður hans eru sannfærðir um, að flest illt í þessu þjóðfélagi eigi eitthvað skylt við mig, og sjá mig alls staðar, þar sem þeim stendur einhver uggur af, með svipuðum hætti og greinilegt er, að hv. þm. telur alla blessun þjóðlífsins stafa af myndun nýsköpunarstjórnarinnar á sínum tíma og þá ekki sízt sínum eigin afrekum í því sambandi. Ég skal ekki fara að rekja þá sögu, en nær er mér að halda, að hv. 2. þm. Reykv. muni ógjarnan vilja lýsa því berum orðum yfir, að ég hafi hvergi nærri þeirri stjórnarmyndun komið eða átt töluverðan þátt í henni.

Þó að ég hafi verið mikill hvatamaður nýsköpunarstjórnarinnar á sínum tíma og telji, án þess að ég ætli mér að fara hér í nokkurn manngreinjöfnuð eða sjálfshól, að ég eigi þar nokkurn hlut að ásamt öðrum, þá tel ég, að því fari fjarri, að það geti staðizt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan, að hann og hæstv. forsrh. — og talaði þá um þá sem höfuðhöfunda nýsköpunarstjórnarinnar — hefðu komið fótunum undir Eimskipafélag Íslands 1944. Ja, ég spyr: Með hvaða hætti komu þessir góðu menn eða aðrir stuðningsmenn

nýsköpunarstjórnarinnar fótunum undir Eimskipafélagið 1944? Ég held sannast sagt, að það sé alþjóð vitað, að Eimskipafélag Íslands hafði að langmestu eða mjög miklu leyti fyrir 1944 og alveg án tillits til allra aðgerða nýsköpunarstjórnarinnar safnað þeim sjóðum, sem hafa orðið grundvöllur til þeirra miklu skipabygginga, sem síðan hafa átt sér stað. Það er þá það eitt, að hv. þm. telji sér það til lofs, að hann hafi ekki lagt í þessa sjóði og rænt þeim og haft þá til annarra hluta. Það er vitað, að Eimskipafélag Íslands var skattfrjálst löngu áður en nýsköpunarstjórnin var stofnuð og að sjóðum Eimskipafélagsins, sem síðan hefur verið varið til þess að byggja upp hinn mikla, glæsilega skipaflota, var safnað að verulegu leyti í stríðinu, og ég minnist þess sérstaklega, að eitt af þeim efnum, sem mjög fór fyrir brjóstið á sumum, — ég tilgreini þar ekki sérstaklega hv. 2. þm. Reykv., — en eitt, sem fór fyrir brjóstið á sumum mjög við stjórnarmyndun 1944, var það, hvort ætti að leyfa Eimskipafélagi Íslands að hafa „jafnóhæfilegan" gróða áfram eins og það hefði haft sérstaklega á árunum 1942 og 1943, — þann „óhæfilega" gróða, sem þá óx ýmsum í augum og mjög var úr gert, en núna er fólginn í skipunum hér niðri við höfnina og hefur runnið til mikillar vinnu bæði sjómanna og verkamanna í þessum bæ og hefur átt mjög mikinn þátt í því að byggja upp íslenzkt atvinnulíf.

Það er sem sé algerlega rangt — og ég vil segja: Það er vísvitandi rangt að tala um Eimskipafélag Íslands og þess gróða sem auðmannagróða, er renni í fárra manna vasa og verði fáum mönnum sérstaklega til hags eða ávinnings. Allt það fé, sem til félagsins hefur komið og hefur orðið til þess gróða, hefur farið í uppbyggingu skipaflotans og starfrækslu honum til fyrirgreiðslu og að nokkru leyti, eins og kunnugt er, sem hlutafé í Flugfélag Íslands, en hluthafarnir sjálfir hafa aldrei fengið nema 4% á ári af því, sem þeir upphaflega lögðu fram. Það er einnig vitað, að það þyrfti ekki og þarf ekki að vera að tala um skattfrelsi til handa Eimskipafélagi Íslands nú vegna þess, að hætta væri á því, að félagið lenti í tilfinnanlegum skatti, jafnvel þótt fullar skattareglur giltu um félagið, því að á þessu ári og þeim árum, sem nú eru að líða, hygg ég, eða svo hefur það a. m. k. verið fram að þessu, að lögheimilaðar afskriftir félagsins hafi verið svo miklar, að til lítillar eða engrar skattgreiðslu mundi hafa komið. Um gróða af félaginu er ekki að ræða hjá neinum öðrum en þeim, sem atvinnu hafa við félagið beint eða óbeint, fyrst og fremst hjá íslenzku farmannastéttinni, hjá verkamönnum hér í Reykjavík og víðs vegar annars staðar og þjóðfélaginu í heild, sem notið hefur góðs af því uppbyggingarstarfi, sem unnið hefur verið í og innan Eimskipafélags Íslands.

Þetta eru staðreyndir, sem er sjálfsagt að hér komi fram, og það óneitanlega lýsir meira en lítilli tvöfeldni og sannast sagt óskammfeilni, þegar þessi hv. þm. annars vegar er að tala um Eimskipafélag Íslands sem sérstakt fjárplógsfyrirtæki og þess óhæfilegu skipagjöld og hins vegar forstjórann, sem þar hefur unnið og er að þakka að langmestu það uppbyggingarstarf, sem unnið hefur verið, og fyrst og fremst og öllum öðrum fremur ber ábyrgð á því, hvernig félagið hefur verið rekið, — að tala um hann sem fjandmann þeirrar stefnu, sem félagið hefur verið rekið samkvæmt. Hv. þm. veit ósköp vel, að hann er með blekkingar í þessu skyni, og blekkingarnar urðu helzt til auðsæjar, þegar hann vildi, þessi hv. þm., halda því fram, að vegna þess að ég á s. l. aðalfundi var kosinn í stjórn Eimskipafélags Íslands, væri Eimskipafélagið nú í lengra verkfalli en nokkru sinni áður. Hv. þm. sagði nú sjálfur: Verkamenn í Reykjavík hafa séð framan í lengra verkfall en þetta, og þeim blöskrar það því ekki. — Ekki var ég þá í stjórn Eimskipafélags Íslands. Og hv. alþingismenn og allur almenningur á Íslandi kannast ósköp vel við það nið og þau illyrði, sem stöðugt voru látin dynja á Eggerti heitnum Claessen, sem var næst Guðmundi Vilhjálmssyni höfuðforustumaður þessa félags á síðustu áratugum, meðan hann lifði, og ég skammast mín sízt fyrir það, ef hlutur minn í þessu félagi yrði einhvern tíma sambærilegur við verk þess ágætismanns. En meðan hann lifði, var hann níddur og svívirtur og talinn vera höfuðfjandmaður verkalýðsins.

Nei, það er engin nýjung, að ráðizt sé á Eimskipafélag Íslands og þess forustumenn í sambandi við vinnudeilur, enda er eðlilegt, að þeir blandist inn í slíkar deilur, þar sem Eimskipafélag Íslands er einn höfuðatvinnurekandi landsins.

Um afskipti mín af þessari vinnudeilu þarf ég hins vegar ekki að fara í neinar grafgötur. Það liggur alveg ljóst fyrir öllum, sem um það vilja vita, og alþjóð. Fyrir rúmum mánuði flutti ég hér á Alþ. í þessum stól tvisvar ræðu til stuðnings og málaleitunar um það, að verkfallinu, sem þá var yfirvofandi, yrði frestað, meðan rannsókn á ýmsum höfuðatriðum þessa máls yrði komið fram, og ég sagði og lagði á það megináherzlu, að ég teldi sjálfsagt, að verkalýðurinn tryggði það og sæi um það, að ekki yrði gengið á hans hlut um skiptingu þjóðarteknanna frá því, sem verið hefði. En ég taldi, að greinilegt væri samkvæmt því, sem þá hefði komið fram, að hugmyndir manna um þau efni, þeirra er stóðu fyrir verkfallinu, væru svo ólíkar hugmyndum flestra annarra, að mjög ólíklegt væri, að saman gæti gengið vandræðalaust. Og einmitt vegna þess, að mér var þetta ljóst, beitti ég mér fyrir og gerði að eindreginni till., að tekin yrðu upp hófsamlegri og skynsamlegri vinnubrögð í þessum efnum en ofan á urðu.

Ég efast ekki um það, að allur almenningur í þessum bæ mundi nú miklu fremur hafa kosið, að sú leið hefði verið valin, sem ég og sumir aðrir gerðumst þá talsmenn að. Þeir hefðu fremur kosið, að Alþýðusamband Íslands hefði gerzt aðili að þeirri rannsóknarnefnd, sem ríkisstj. stakk upp á, og verkfallinu hefði verið frestað, meðan þeirri nefnd gafst færi á því að vinna sín störf. Því miður var það ráð ekki tekið, og verður þó enn og aftur að spyrja: Hvaða ástæða gat legið til þess, að sá háttur var ekki hafður? Látum jafnvel vera, að Alþýðusamband Íslands og þess forustumenn hefðu sagt, að þeir treystu

sér ekki til að fresta verkfallinu, en að þeir vildu þó tilnefna menn í þessa rannsóknarnefnd. Hvernig stendur á því, að þeir fengust ekki einu sinni til þess að bera fram þá miðlunartillögu, heldur neituðu algerlega að taka þátt í þessari rannsókn? Svo kemur hv. 2. þm. Reykv. hér og heimtar, að ýmissa upplýsinga sé aflað í hv. fjhn. þessarar d. varðandi hag Eimskipafélags Íslands.

Ef farið hefði verið að till. ríkisstj. um lausn þessa máls, þá hefði sú n., sem fulltrúar A. S. Í. áttu að hafa fulltrúa í, nú getað verið búin að vinna að þessu máli allar þær vikur og nokkru lengur en verkfallið hefur staðið. Þá væri búið með hlutlausri rannsókn að fá grundvöll til efnislegra umr. um þessi efni. Þá þyrfti ekki slíkar fullyrðingar, þá þyrfti ekki slíkar getgátur, slíkar hálfkveðnar vísur sem hv. 2. þm. Reykv. er nú að reyna að sefa fylgismenn sína með. Og það er sannast sagt nokkuð of ljóst dæmi um blygðunarleysi hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræðra í málflutningi, þegar hann leyfir sér í sambandi við þetta verkfall að halda því fram, að til þess sé sérstaklega efnt af innsta hring Sjálfstfl. Það er þvert á móti vitað og upplýst, að flokksbræður hv. 2. þm. Reykv., og mikið má vera, ef hann hefur ekki sjálfur skrifað um það greinar og flutt ræður, ég hef ekki fylgzt glögglega með því, — en flokksbræður hans hafa ekkert farið dult með það, að þetta verkfall væri fyrst og fremst pólitískt verkfall, væri fyrst og fremst verkfall til þess að koma fram öðru en þeim fjárkröfum, sem að nafninu til eru bornar fram. Þessu var skýlaust lýst fyrir fram, og kröfurnar, sem settar hafa verið fram, eru þess eðlis, að engum manni í þessu bæjarfélagi eða á Íslandi blandast hugur um, að þetta eru staðreyndir. Hv. 2. þm. Reykv. má ekki ímynda sér, að hann með málskrafi sínu geti skafið þetta út úr huga almennings, jafnvel þó að hann sjái nú, að með þessu hafi þeir ofmælt og ekki farið hyggilega að. Ég fagna því vissulega, ef hv. 2. þm. Reykv. er nú virkilega genginn af hinni fyrri villu, — þeirri villu að láta sér detta í hug, að þetta verkfall gæti orðið til þess að steypa ríkisstj., koma hér á stjórnarskiptum og öðru slíku, sem skiljanlegt er að einhverjir vilji í því landi, þar sem lýðfrelsi ræður, en vitanlega á að koma fram eftir öðrum leiðum en þessari. Ef hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræður eru nú fallnir frá þessum hugmyndum og þessum yfirlýsta tilgangi sínum með verkfallinu, þá er sannarlega mikið unnið, og þá kann svo að fara, að það takist, sem allir góðviljaðir menn vissulega hljóta að vona og biðja um að megi takast, að þetta verkfall verði leyst sem fyrst, þessu þjóðarböli verði sem fyrst bægt frá. En það tekst því aðeins, að menn fáist til þess að skoða þetta sem efnahagslega deilu, sem fjárhagsdeilu, og leysa það innan marka þess, sem mögulegt er í þeim efnum, en ætli sér ekki að nota þetta sem tæki til að koma fram sínum pólitísku áhugamálum, gersamlega óskyldum þeim, sem verkfallið í raun og veru ætti að snúast um, ef meiningin er sú ein að hugsa um fjárhag og raunverulegar tekjur verkalýðsins.

Ég hef ekkert lagt til, hvergi þar sem ég hef verið að því spurður, annað í þessum málum en það, sem ég hef nú sagt og stenzt alla rannsókn. Hversu nákvæm sem hún verður, þá mun það reynast rétt, sem ég hef nú sagt. En hv. 2. þm. Reykv. veit ósköp vel, að hans fylgismenn, hans málgagn, hans málpípur hafa sagt, að verkfallið væri fyrst og fremst pólitískt verkfall, væri ekki nema að litlu leyti um þau launakjör, sem það er þó að öðru leytinu sagt eiga að fjalla um eða snúast um.

En hitt er skiljanlegt, og við vitum það allir, hvað sem við segjum að öðru leyti um þá hörmulegu deilu, sem hér hefur átt sér stað, að hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræður hans vita, að þeirra upphaflega stefna, þeirra upphaflegi vilji hefur þegar beðið skipbrot. Þeir hafa þegar orðið þess áþreifanlega varir, að þeir hafa misreiknað sig í þessari deilu, að hún verður þeim ekki til þess pólitíska ávinnings, sem þeir höfðu vonað. Þeir finna það glögglega, að almenningur vill, að verkfallið sé leyst eftir fjárhagslegum leiðum með það fyrir augum, hvernig verkalýðurinn geti skapað sér sem bezt lífskjör, en almenningur fordæmir hinar pólitísku áætlanir og svívirðilegu „spekulationir", sem kommúnistaflokkurinn sérstaklega hefur haft í frammi í sambandi við þetta verkfall, og það er enginn efi á því, að allur almenningur er nú orðinn sannfærður um, að betur hefði farið, ef ráðum ríkisstj. hefði verið fylgt og þeirri hlutlausu rannsókn komið af stað, sem ríkisstj. á sínum tíma gerði till. um.

Við sjáum þess getið, að það er verið með söfnun handa verkfallsfólki, og það er talið, að hún gangi mjög vel. Fróðir menn hafa sagt mér, að það svari nokkurn veginn til þess, sú söfnun, að hægt væri að láta hvern þann mann, sem í verkfallinu er, hafa sem svarar 40 kr. á viku frá því verkfallið var hafið. Við heyrðum líka, að nú er því hampað framan í verkfallsfólk, að leitað hafi verið eftir fjárstyrk frá verkalýðssamböndum á Norðurlöndum, í Englandi og hjá alþjóðasambandi, sem Alþýðusambandið sé í.

Það er eðlilegt, að þeir, sem hafa steypt almenningi út í þetta ónauðsynlega verkfall, reyni á einhvern hátt að bæta verkfallsfólkinu þetta. Það er skiljanlegt, og það ber að þakka út af fyrir sig. En í því sambandi er þó eðlilegt, að spurt sé: Hvað varð um það fé, sem sagt var að fengizt hefði frá einhverju alþjóðasambandi í desember 1952 og átti þá að renna til verkfallsfólksins? Kom það nokkurn tíma fram? Og ef svo var ekki, hver hefur það fé þá með höndum? Væri ekki mögulegt að verja því fé nú til þess að bæta úr sárustu neyð þeirra, sem búnir eru að vera í tilgangslausu verkfalli í fjórar vikur? Ég segi, að verkfallið sé tilgangslaust, vegna þess að verkfall, sem ekki er háð til þess að ná því fram, sem fjárhagslega er mögulegt, verður engum til góðs. Það er því aðeins, að farið sé fram á og leitað sé eftir því, sem mögulegt er að láta innan fjárhagskerfis þjóðarinnar, sem líklegt er, að jafnvel sýndarsigur kynni að verða verkfallsmönnum að gagni. Ríkisstj. vildi beita sér fyrir því og sýndi það með till. um þá nefndarskipun, sem hún bar fram, að hún vildi beita sér fyrir því, að verkamenn fengju allt það, sem fjárhagskerfi þjóðarinnar gæti þolað. Það voru forustumenn Alþýðusambandsins, sem hindruðu

það, að rannsóknin gæti átt sér stað, en ef þeir tryðu á sinn málstað, þá hefðu þeir vissulega séð, að sú hlutlausa rannsókn, sem ekki aðeins var borin fram, heldur beðið var um, hefði orðið styrkasta vopnið í þeirra höndum til þess að koma kröfunum fram. Á þetta vildu þeir ekki fallast. En ef þeir hefðu fallizt á það, þá hefðu þeir sennilega baráttulaust getað náð miklu betri árangri raunverulega til handa sínum umbjóðendum en þeir geta með öllum þeim þjáningum, sem þeir nú leggja á landslýðinn. Þessir menn eiga því eftir að verða kvaddir til reikningsskapar af alþjóð fyrir frammistöðu sína í þessu máli, og þeim mun ekki takast að koma ábyrgðinni af sér, þeirri þungu ábyrgð, yfir á neina aðra og allra sízt á þá, sem staðið hafa að þeim till., sem mundu, ef fylgt hefði verið, hafa leitt til þess, að komizt hefði verið hjá þeim þjóðarvoða, sem þessir afglapar hafa nú stefnt almenningi í.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það hefur verið nokkurn veginn öruggt og víst á tveggja ára fresti, að fram kæmi hér á Alþ. frv. um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Það hefur ekki brugðizt fremur nú en venjulega. Þetta frv. er komið fram og er flutt af hæstv. forsrh. (ÓTh). En dálítið er frv. breytt frá því, sem það hefur verið. Það hefur venjulega verið þannig, að þetta skattfrelsi hefur verið samkvæmt frv. framlengt til tveggja ára í senn. Nú er það framlengt fyrir árið 1955 samkv. frv. og hnýtt aftan í því skilyrði, að félaginu skuli skylt að verja afgangi sínum, eftir að það hafi greitt venjulegan 4% arð, sjóðstillög og útsvör samkv. l. frá 1928, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála. Ég hefði nú haldið, að þessi stutta frvgr. hefði mátt vera styttri og þessi hali hefði ekki þurft að vera; það ætti ekki að þurfa að skylda óskabarn íslenzku þjóðarinnar með lögum til þess að taka ekki fé út úr rekstri sínum. Félagið er vitanlega stofnað til þess og starfrækt að halda uppi siglingum, starfa í þágu samgöngumála. Ég veit ekki annað en það sé lögbrot að taka fé út úr rekstri hlutafélaga til annarra hlutverka en þeim er ætlað samkvæmt sinni stofnskrá.

*Ég þykist sjá, að úr því að frv. nú er aðeins* framlengt til eins árs, þá muni það eiga einhverja átakasögu innan stjórnarflokkanna að baki sér, og efast ekki um, að það er Framsfl., sem hefur nú ekki kært sig um að framlengja þetta skattfrelsi lengra fram í tímann en líklegt þætti að hjónaband ríkisstjórnarflokkanna entist. En það má vel vera, að hjúskaparsáttmálinn sé ekki nema til ársloka 1955.

Nú skal ég taka það fram, að ég var einn þeirra, sem glöddust og fögnuðu, þegar Eimskipafélag Íslands hóf göngu sína. Þá var ég unglingur, og ég man alltaf eftir því, þegar ég í fyrsta sinn reri á árabát fyrir stefnið á Gullfossi gamla, þegar hann kom í fyrsta sinn á þann verzlunarstað, þar sem ég ólst upp. — Ég hefði talið, að það væri eðlilegur hlutur, að félagið fengi þá aðstoð frá þjóðfélaginu til þess að komast yfir byrjunarörðugleika og vaxa sig stórt og sterkt. Og það fékk þá aðstoð frá þjóðfélagsins hendi. Það fékk og hefur notið skattfrelsis. Samkvæmt lögunum, sem enn eru í gildi frá 1928, hefur það alltaf notið skattfrelsis og á verulegan hluta af vexti sínum og viðgangi því að þakka, að það hefur notið þannig þjóðfélagslegrar verndar og hjálpar og aðstoðar í starfi sínu, sem vitanlega átti að vera að öllu leyti starf fyrir þjóðina og þjóðfélagið í heild, en ekki fyrir neinar fáar ríkar fjölskyldur.

Nú tel ég, að þetta ágæta fyrirtæki hljóti að vera komið yfir byrjunarörðugleika og búið að njóta slíkrar hjálpar og aðstoðar frá þjóðfélaginu, að það sé ekki í hættu statt, þó að það sé látið bera byrðar skatta til þjóðfélagsins líkt og ætlazt er til um önnur hlutafélög, og hefði því viljað vona, að sú stund væri runnin upp, að þetta frv. hætti að sýna sig.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að því í sinni ræðu, að 1944 hefði þjóðfélagið undir þeirri stjórn, sem þá fór hér með völd, veitt þessu félagi mikilsverða aðstoð til þess að endurnýja skipaflota sinn og það væri nú sá skipafloti, sá glæsilegi floti, sem bundinn er hér í Reykjavíkurhöfn í dag. Ég er þess minnugur, að á stríðsárunum, það var áður en nýsköpunarstjórnin komst á laggir, eins og hæstv. dómrsrh. vék að hér áðan, þá var lagður grundvöllurinn að þessu með þeim hætti, að stjórnarvöld landsins lögðu þá aðstöðu í hendur Eimskipafélagsins að fá þau leiguskip, sem þá voru tekin í þjónustu íslenzkra flutninga á stríðsárunum, þessi stóru flutningaskip, sem skiluðu Eimskipafélaginu milljónatuga gróða, á sama tíma sem tap var á litlu Eimskipafélagsskipunum gömlu. Ég hefði haldið, að ef það hefði verið meining stjórnarvaldanna þá fyrst og fremst að tryggja grundvöll að íslenzkum skipastóli fyrir íslenzku þjóðina, en ekki fyrir eitt hlutafélag í landinu, þá hefði verið nær að muna eftir því, að íslenzka ríkið á Skipaútgerð ríkisins, sem er ætlað það hlutverk að halda uppi siglingum meðfram ströndinni með vitanlegu tapi, þá hefði verið hugsað um það að heimila henni að taka leiguskipin í sína þjónustu á stríðsárunum og verja þeim gróða til þess, að Skipaútgerð ríkisins eignaðist ný skip, ekki síður glæsileg en þau, sem Eimskipafélag Íslands fékk fyrir þjóðfélagshjálp og aðstoð — að óverðugu — að kaupa fyrir gróðann af leiguskipunum. En það gleymdist, að ríkið átti skipastól, sem innti nauðsynlegt hlutverk af höndum með taprekstri og hefði átt einmitt að fá gróðann af erlendu leiguskipunum, sem voru hingað fengið fyrir milligöngu íslenzkra ríkisstjórnarvalda.

Svo vel hefði samt Eimskipafélag Íslands getað haldið á þessum gróða, að enginn hefði um það sakazt eftir á, þó að Eimskipafélagið væri þarna jafnvel tekið fram fyrir Skipaútgerð ríkisins sjálfs. En því miður má ýmislegt að rekstri Eimskipafélagsins finna og m. a. það, að það núna hvað eftir annað heldur sér og sínum styrkleika, sem er fenginn fyrir þjóðfélagsaðstoð, framarlega í átökunum milli atvinnurekendavalds og verkalýðssamtaka, og það ber að harma. Það er ekki í þágu samgöngumála samkvæmt skilyrðum í þessu frv. að binda Eimskipafélagsskipin í höfn í hverju verkfallinu á

fætur öðru út af sanngjörnum kröfum, sem bornar eru fram. Það er ekki í þágu samgöngumála á Íslandi að binda Eimskipafélagsskipin tvisvar sinnum á þeim tíma, sem liðinn er af þessu ári, í verkföllum. Og það eitt ætti í raun og veru að nægja til þess, ef það væri rétt túlkað, að félagið, þó að þetta frv. verði samþykkt, fengi ekki skattfrelsi.

Ég tel víst, að ef Skipaútgerð ríkisins hefði fengið þá aðstöðu, sem Eimskipafélaginu var fengin í hendur með leiguskipunum á stríðsárunum, þá hefði Skipaútgerð ríkisins nú átt allstóran millilandaskipastól. Og Skipaútgerð ríkisins hefur þó hagað sér það skynsamlega í þessu verkfalli og af þeirri ábyrgðartilfinningu, að útgerðin hefur ekki dregizt inn í verkfallið, og ég geri þess vegna ráð fyrir, að nú hefði verið hér í förum á vegum Skipaútgerðar ríkisins stór millilandaskipafloti, sem hefði haldið sér utan við verkfallsátökin og verið þannig í þjónustu samgöngumála þjóðarinnar.

Hæstv. dómsmrh. hélt því fram áðan, að samkvæmt lagaheimildum um afskriftir mundi það hafa orðið reyndin á undanförnum árum, að það hefði eiginlega komið til lítilla eða engra skattgreiðslna af hendi Eimskipafélags Íslands, þó að það hefði ekki notið skattfrelsis. Ég spyr: Til hvers er þá verið að bjástra með þetta skattfrelsisfrv. hér annað hvert ár og nú sennilega á ári hverju á næstunni, ef þetta er enginn hagur fyrir Eimskipafélagið? Hæstv. dómsmrh. hlýtur að svara. Það er enginn vafi á því, að þetta frv. er sífellt afturganga á Alþ. af því, að þetta hlýtur að spara Eimskipafélagi Íslands stórfé. Og það verð ég að segja, að það letur mig talsvert að mæla með áframhaldandi skattfrelsi til Eimskipafélags Íslands, þegar ég horfi upp á það, að þetta félag ver hundruðum þúsunda — sennilega milljónum — í herkostnað gegn verkalýð landsins í hverju verkfallinu á fætur öðru. Það á ekki að verja skattfrelsi Eimskipafélagsins til þess að fjandskapast við verkalýð landsins. Hafi það gróða af sínum rekstri, sem það hefur, þá á það að verja honum til einhvers annars gagnlegra en þess.

Ég skal hins vegar játa það, að ýmislegt má gott segja um Eimskipafélag Íslands, m. a. það, að núna í verkfallinu heldur þetta félag uppi mjög svo gagnlegri sýnikennslu fyrir Reykvíkinga. Ég hvet þá til að ganga hér niður á hafnarbakkann og notfæra sér þá kennslu. Allur þessi glæsilegi floti Eimskipafélagsins og þau skip skipaútgerðar S. Í. S., sem eru hérna í höfninni núna, sýna okkur það, að á þeim sama tíma sem sagt er, að þjóðfélagið hafi ekki efni á því að hækka kaup þess verkamanns, sem vinnur 8 stundir á dag hvern virkan dag, í 3864 kr., eru hér öll kaupskipin, sem liggja í höfninni, alsett lúxusbílum milli stafna, hvert eitt einasta. Það eru fluttir bílar á þilfari þessara skipa í hverri ferð, þannig að það er ekki nokkur smuga nokkurs staðar á þilfari þeirra fyrir bílum. Það virðast vera þúsundir manna í þessu landi, sem hafa tiltækar 90—100 þús. kr. til þess að kaupa lúxusbíla fyrir, og skipastóll S. Í. S. og Eimskipafélagsins hefur ekki við að flytja þetta góss til gróðamanna í landinu. Það er sönnun fyrir því, að óhóflegur gróði eigi sér stað í þjóðfélaginu, á sama tíma sem verkalýðnum er synjað um sanngjarnar kaupkröfur og lagfæringu á sínum lífskjörum. Betri sönnun er ekki til. Þessa sönnun leggur Eimskipafélag Íslands upp í hendurnar á okkur, og það er gott. Það er líka sönnun þess, að það rennur ýmislegt utan hjá aðalfarvegi framleiðslulífsins af tekjum framleiðslunnar, sem hið vinnandi fólk skapar, að hæstv. dómsmrh. þessa lands hefur orðið að fallast á að nota ákvæði stjórnarskrárinnar um að setja nefnd á laggirnar með víðtæku valdi til að rannsaka okur í landinu, á sama tíma sem verkalýð landsins er neitað um sanngjarna lagfæringu á lífskjörum sínum. Það er líka gott sönnunargagn. Hæstv. dómsmrh., stjórnarmeðlimur í Eimskipafélagi Íslands, er þar ágætur boðberi sannleikans. Það er líka í þessu máli sannleiksvitni, sem rétt er að taka tillit til. (Gripið fram í.) Ég held, að þetta sé nú staðfesting á reglu og einni undantekningu. Reglurnar staðfestast með undantekningum.

Hins vegar get ég sagt það persónulega um forstjóra Eimskipafélags Íslands, — ég hef kynnzt honum aðallega í gegnum vinnudeilur og átök, — en ég hef þær hugmyndir um hann samt, að hann sé drengskaparmaður. Og það get ég sagt hér í þessum ræðustól, án þess að ég vilji á nokkurn hátt, að það sé lagt þannig út fyrir mér, að ég sé að nudda mér upp við hann, að mér virðist hann sá atvinnurekandi í landinu, sem vilji grandgæfilegast og samvizkusamlegast fara í öllu að réttum lögum í verkfalli, þannig að hann gangi á engan hátt á rétt samtakanna í jafnvel hinum hatrömmustu deilum. Hafi maður hans orð fyrir einhverju í sambandi við viðkvæm deilumál, þá má treysta þeim. Ég virði svona eiginleika, og ég veit það, að aðrir slíkir eru til í hópi atvinnurekenda, þeir eru til í hópi þeirra atvinnurekenda, sem láta loka sig hér inni í flokksherbergi Sjálfstæðisflokksins nú kvöld eftir kvöld og viku eftir viku, og verkalýðsfulltrúarnir eru lokaðir hér í öðru herbergi og sáttanefnd ríkisins í því þriðja, og svo líður kvöld eftir kvöld, án þess að eitt einasta orð fari á milli þessara aðila, sem eru þó að leysa viðkvæm deilumál. Deilumálin leysast ekki með þögn og þumbarahætti og að menn skipi sér sitt í hvert horn hússins. Þau leysast ekki fyrr en þeir koma sér saman um að setjast saman að samningaborði með milligöngu sáttanefndar ríkisins, ef þess þarf með, og taka síðan þá samninga, sem þeir ætla að reyna að koma sér saman um breytingar á, til endurskoðunar grein fyrir grein út frá þeim grundvelli einum, hvað er sanngjarnt, hvað er rétt, hvað er hægt. Og ef hvorir tveggja aðilar og sáttanefnd leggjast á eitt um þetta, þá þarf ekki að taka vikur úr því sem komið er, að lausn fáist. En það hefur ekki bólað á góðvildinni enn. Það hefur ekki verið sýnd sanngirni. Þetta er allt saman sparaður sjóður, sem hlýtur nú að koma til afnota áður en langt um líður. Þessir góðviljuðu menn hafa ekki fengið að njóta sín, það er sannleikur. Það er eitthvert það vald, sem jafnvel lokar þeirra drengskap og þeirra góðvild inni, og meðan leysist deilan ekki. Það er verið að halda því fram við þessa menn:

Þraukið þið enn þá eina viku eða tvær, þá eru þrotin öll þau meðul, sem verkalýðurinn hefur til að standast í verkfallinu lengur. Þá gefast þeir upp, og þá komizt þið af án kauphækkana. — En þetta er alger misskilningur. Verkalýðurinn hefur sagt: Við erum reiðubúnir til samninga á hvaða degi og hvaða nóttu sem er. En við höfum búið okkur undir langt stríð, og við erum þannig á vegi staddir með þann undirbúning, að við stöndumst langt stríð. — Þetta er öfgalaust, og þetta er sannleikur. Það er ekki til neins fyrir vinnuveitendasamtökin að ætla sér að loka sanngirni og drengskap sinna beztu manna inni upp á það, að það sé hægt að svelta verkalýðinn hér til hlýðni. Það verður ekki gert. Það kostar mánaða verkfall. Ég fullyrði það. Það er rétt, að það hefur verið hafin fjársöfnun til styrktar verkfallsmönnum. Hún er ekki eins stór og hæstv. dómsmrh. hafði látið segja sér. Hún er samt glæsileg, þegar tekið er tillit til þess, að það eru fátæk verkamannafélög og fátækt verkafólk, sem að söfnuninni stendur og hefur opnað sína litlu buddu. Upphæðin er ekki nema nokkuð á fjórða hundrað þúsund krónur. Og ef því er deilt niður á þá 7 þús. verkamenn, sem í verkfallinu standa, þá eru það ekki 40 kr. á viku. Það eru 40 kr. á mann þær 4 vikur, sem verkfallið er búið að standa. Ef reiknað er með, að 20 þús. manns séu á framfæri þessa fólks, þá er þetta ekki nema milli 10 og 20 kr. á hvern einstakling enn sem komið er. En það kemur meira fé, og það er ekki nein líknarstarfsemi, sem er hafin með því, að verkalýðssamtök nágrannalandanna og Evrópu eru beðin hjálpar. Það er talin sjálfsögð bróðurskylda allra þeirra heimssamtaka, sem standa saman, að rétta hvert öðru hjálparhönd eftir getu sinni undir svona kringumstæðum. Og það verður gert, þó að hér sé reynt að spilla fyrir árangri þess, eins og í Vísi í dag, með því að segja, að hingað til hafi verkalýðssambönd ekki rétt fjárhagslegan stuðning til kommúnistasamtaka hingað og þangað um veröldina. Það er íslenzkur verkalýður, sem hefur beðið um hjálp, og hann fær hana.

Dómsmrh. hélt því blákalt fram hér áðan, að þetta verkfall væri ekki háð til þess að ná fram þeim kröfum, sem hafðar væru á oddinum. Ef þetta væri rétt og hæstv. dómsmrh. tryði þessu sjálfur, þá ætti hann að beita sínu sterka afli í stjórn Eimskipafélagsins og á stjórn Vinnuveitendasambandsins og segja: Gangið þið að obbanum af kröfum verkamannanna. — En þær eru óskert vísitala, þriggja vikna orlof, sem löngu er búið að lögleiða hér í öllum okkar nágrannalöndum, og 25—30% kauphækkun, en nú hafa verkamennirnir slegið af þeirri kröfu, þannig að nú stendur þetta í 22—23%, og þá þýðir það um 3600 kr. mánaðartekjur til verkamannsins. Og ef sanngirnin er leidd þar að og réttsýnin og spursmálið um það, hvað hægt sé, þá getur enginn maður svarað því öðruvísi en játandi. Það er hægt að verða við þessum kröfum. Og mér finnst dómsmrh. ætti að segja við atvinnurekendur: Gangið að þessum kröfum. Þá afhjúpast þessir — hvað hann sagði nú í ræðulok — afglapar. — Hann sagði þá að síðustu: Þá afhjúpast þessir afglapar, ef þeir ganga ekki að lausn deilunnar þegar í stað; þá sjáum við, að það vakir allt annað fyrir þeim. — En ég fullyrði, að á þeirri stundu, sem væri gengið að sanngjörnum kröfum verkamanna og sanngjörnum kröfum iðnaðarmanna, þá er deilan leyst. Það er ekkert það pólitískt afl til á bak við þessa deilu, sem heldur henni í gangi degi lengur, þegar búið er að ganga að þeim kröfum, sem alveg grímulaust hafa verið lagðar fram og hafa legið fyrir atvinnurekendum frá því að samningum var sagt upp og kröfurnar fram lagðar. Það eru þess vegna getsakir, það er hugarburður, það er alveg tilefnislaus hugarburður hæstv. dómsmrh. og ríkisstj. að halda því fram, að þetta verkfall sé pólitískt verkfall. Það er hagsmunabarátta, sem hefur fengið hljómgrunn meðal alls verkalýðs, hvar sem er á landinu, alveg án tillits til flokka.

Ef þetta verkfall væri bara háð til þess að ná því fram, sem er fjárhagslega mögulegt fyrir hagkerfi landsins, þá væri deilan leyst, sagði hæstv. dómsmrh. Ég er sannfærður um það, að það er ekki farið fram á neitt það með óstýfðri vísitölu, þriggja vikna orlofi og 20% kauphækkun til verkamanna, sem þjóðfélagið rís ekki undir. Það getur verið, að það kostaði það, að það sæist í auðan blett á einhverju þilfari einhvers hafskips á Íslandi fyrir lúxusbílum, þegar væri búið að gera þetta, og það væri minna tilefni til að okurnefndin starfaði til þess að rannsaka okrið í þjóðfélaginu. En þjóðfélagið stæðist. Það þyddi bara það að ætla aðeins nokkrum hundraðshlutum meira af framleiðsluverðmæti þjóðarinnar til hins vinnandi fólks en til milliliðanna, sem nú fá í skjóli ríkisvaldsins að hirða til sín allt of stóran gróða.

Hæstv. dómsmrh. hélt sig mjög að því, að nú væri þessi deila leyst, ef farið hefði verið að þeim ráðum, sem hann hefur borið fram í tillöguformi hér í þessum ræðustól fyrir mánuði. Ja, þvílík ímyndunarveiki. Sú till. var um, að það skyldi skipuð 7 manna nefnd, sem í átti að vera 1 eða 2 fulltrúar frá verkalýðssamtökunum, og hún átti að byrja að rannsaka almennt, hvað atvinnulífið þyldi. Ef hæstv. ríkisstj. hefði haft áhuga á, að upplýsingar um þetta lægju fyrir, þá hefði hún átt að bjóða þennan kostinn þegar í haust, þegar vitað var, að samningum mundi sagt upp upp úr áramótum. Það gerði hún ekki. Hún gerði það þegar komið var út í verkfall, og þá sagði samninganefnd verkalýðssamtakanna: Við teljum ekki hægt að hefja slíka rannsókn nú, eftir að út í deilu er komið, og höfnum því þessari tillögu. — Það er alveg áreiðanlegt, að slík rannsókn á fjárhagsþoli atvinnuveganna hefði tekið ekki aðeins margar vikur, heldur marga mánuði. Það var sett mþn. á s. l. sumri í að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, hún starfaði mánuðum saman, og nú segir hæstv. forsrh., að það mál sé ekki til hlítar rannsakað enn og sé ekki hægt að vita, hvort það þurfi nákvæmlega að veita togaraútgerðinni þá aðstoð, sem togaraútgerðarmennirnir sjálfir halda fram, að afstaðinni þessari löngu og ýtarlegu rannsókn sérfróðra manna. Á meðan á verkfalli stendur er ekki hægt og var ekkert vit að hefja slíka rannsókn, bara til þess að atvinnurekendur gætu sagt:

Það er verið að rannsaka, og á meðan reynum við ekki til að semja.

Ég skal svo segja það að síðustu, að hæstv. dómsmrh. sagði, að þeir afglapar, sem hefðu hrundið þessari deilu af stað, þ. e. fólkið í verkalýðsfélögunum, — þeir afglapar, sem hann nefnir svo, verði krafðir reikningsskapar síðar, reikningsskapar fyrir að hafa beðið um hækkað kaup úr 2900 kr. í 3800 kr. á mánuði; það er afglapahátturinn, sem þetta fólk hefur gert sig sekt um. Alþýðusamband Íslands hefur ekki metið þetta afglapaháttt og stendur með þessu fólki. Þeir afglapar, sem verða krafðir reikningsskapar, eru harðsvíruð atvinnurekendaklíka undir stjórn Vinnuveitendasambands Íslands með hæstv. dómsmrh., því miður, að bakhjarli og líklegast ríkisstj. alla.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað hér í þessum umr. um skattfrelsi Eimskipafélagsins að taka sérstaklega til máls á þessu stigi málsins. Hins vegar voru það nokkur orð í ræðu hæstv. dómsmrh., sem komu mér til þess að standa upp, og virtust þó ekki í beinu samhengi við frv. sem slíkt.

Hæstv. dómsmrh. fullyrti hér í sinni ræðu, að þeir, sem steypt hefðu fólkinu út í verkfall o. s. frv., mundu sóttir til saka og endanlegs uppgjörs fyrir þær sakir sínar á sínum tíma. Ég vil sem stjórnarmeðlimur í mínu stéttarfélagi eindregið mótmæla slíkum ásökunum í garð nokkurs stéttarfélags, sem í núverandi deilu á. Ég veit ekki betur en að í hverju einasta stéttarfélagi hafi farið fram lögleg atkvgr. um þátttöku í verkfallinu og uppsögn samninganna, og það eru meðlimir félaganna sjálfra, sem hafa ráðið því, hvernig endanleg niðurstaða hvers félags um sig hefur orðið. Ég ítreka því eindregið mótmæli mín gegn þessum fullyrðingum um, að í nokkru því félagi, sem í núverandi deilu á, hafi af einum eða fámennum hópi í hverju félagi verið ákveðið að steypa því út í vinnustöðvun gegn vilja meiri hlutans í félaginu, eins og þó mátti skilja á ummælum hæstv. dómsmrh.

Ég vil eindregið minna á það, sem ég sagði í umr. hér á dögunum í hv. Alþ. um till., sem þá lá fyrir um skipun nefndar til rannsóknar á atvinnuháttum og afkomu atvinnuveganna almennt, að sú stefna, sem kemur fram í uppsögn verkalýðsfélaganna nú, er mörkuð fyrir nálega fimm mánuðum. Hún var mörkuð á alþýðusambandsþingi, þar sem sæti áttu á fjórða hundrað fulltrúar hinna ýmsu sambandsfélaga. Og það er þó mest um vert, að stefnan, sem verið er að framkvæma í dag með þeirri baráttu, sem verkalýðsfélögin nú heyja, er samþykkt þar einróma, vitandi þó, að það alþýðusambandsþing, sem þá var háð, var mikið deiluþing og menn mjög í flokka skiptir þar, enda munu allir þeir pólitísku flokkar, sem starfandi eru í landinu, hafa átt þar sína fulltrúa, og þá ekki hvað síst flokkur hæstv. dómsmrh. A. m. k. var það á sínum tíma látið svo í veðri vaka. Till. þessi, sem því markaði þá stefnu í kaupgjaldsmálunum, sem nú er verið að framkvæma, var samþykkt þar í einu hljóði og ágreiningslaust, og hæstv. dómsmrh. er því að deila á eigin flokksmenn, þegar hann fullyrðir, að nokkur einn eða fámennur hópur eigi eða geti á nokkurn hátt leitt verkalýðshreyfinguna út í slíka baráttu sem nú er háð. Það er gert með meirihlutavilja og samþykki meðlimanna sjálfra, fólksins sjálfs, sem í deilunni á.

Um það atriði ræðu hæstv. dómsmrh., sem hann lagði þó meginþunga sinn í, um tilgangsleysi verkfallsins, benti ég einnig á í minni fyrrnefndu ræðu, og sagði, að þar ylti á, hver stefna hæstv. ríkisstj. yrði í þessum málum, hvað hún hefði til kaupgjaldsmálanna að leggja almennt, og það er því nokkuð djarft um sakir talað af hálfu hæstv. dómsrh., á sama tíma sem hann og hæstv. ríkisstj. leggja til, að kosin sé n. til að athuga um afkomu atvinnuveganna, að segja þá fyrir fram, að sú barátta, sem verkalýðsfélögin nú heyja, sé fyrir fram tilgangslaus. Hvert hefði þá orðið verkefni slíkrar n. sem hæstv. ríkisstj. lagði til að skipuð yrði til að rannsaka afkomu atvinnuveganna á sínum tíma? Verkefni hennar hefði þá m. ö. o. orðið það eitt að sýna verklýðsfélögunum, að þetta væri tilgangslaus deila eða barátta. Öðruvísi verður ekki hægt að skilja orð hæstv. ráðh.

Eins og ég tók fram í upphafi, hafði ég ekki ætlað mér að taka sérstaklega þátt í þeim umræðum, sem frv. þetta fjallar um, sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram, en vildi þó eindregið koma fram mótmælum mínum út af þeim fullyrðingum ráðherrans, að hér ætti nokkur fámennur hópur sök á. Það er fólkið sjálft, sem hefur ákveðið að leggja til þessarar baráttu vegna þess, hve hagur þess er þröngur.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við því, þegar ég hélt mína ræðu hér áðan, að ég mundi svo fljótt sem raun hefur á orðið fá staðfestingu á því, sem ég þar hélt fram, en ef máltækið er rétt, að sannleikanum verði hver sárreiðastur, þá hefur nú hæstv. dómsmrh. (BBen) staðfest, að ég hafi farið með satt mál. Hann var reiður í þessari ræðu, sem hann hélt hér áðan, og það er alveg óvanalegt með hann. Hann er vanur að vera ákaflega prúður og stilltur, þegar hann flytur hér ræður, og sízt af öllu að vera með stóryrði, þannig að það var alveg greinilegt, að það, sem ég hafði sagt, hafði komið allmikið við hann og hleypt honum dálítið upp, þannig að hann gætti sín ekki, svo að það er auðséð, að sannleikurinn hefur gert hann sárreiðan, og þess vegna hefur hann líka sagt hluti, sem ég býst við að hann hefði gjarnan ekki viljað segja, og kem ég að því síðar.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það hér, að það hefði verið eingöngu vegna þess, að verkalýðurinn hafði gert verkfallið svo pólitískt, hvað það hefði dregizt lengi. Af hverju skyldi nú hæstv. dómsmrh. segja þetta? Hann veit ósköp vel, að þetta verkfall er eingöngu háð um efnahagsleg mál. Verkfallið stendur ekki um neitt annað en ákveðnar grunnkaupshækkanir og annað slíkt. Hins vegar er hæstv. dómsmrh. alltaf að tala um, að það hafi verið í þessu verkfalli stefnt að því af hálfu verkalýðsins að koma hér á vinstri stjórn, og klykkti út með því að

segja, að það væri alveg tilgangslaust að vera alltaf að reyna að koma þessari stjórn frá, það væri bara kommúnistaflokkurinn, sem væri með það að reyna að koma á vinstri stjórn. Þetta er nú mesti misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., eins og allir hv. þm. vita. Sá maður, sem aðallega hefur talað um vinstri stjórn nú upp á síðkastið, er sjálfur formaður Framsfl., þ. e. a. s. ein af aðalstjórnar-„krukkunum“ hér í þinginu, og það er þess vegna vitað, að ef það á ekki að fara að reikna Hermann Jónasson sem kommúnista, eins og stundum var með Ólaf Thors í gamla daga, að það er Framsfl., sem hefur mjög mikinn áhuga á því að koma hér á vinstri stjórn í landinu, en hins vegar er vitanlegt, að verkalýðurinn hefur alls ekki farið í verkfall til þess að steypa stjórninni með verkfalli og koma á vinstri stjórn. Mér er nær að halda, að ef hæstv. dómsmrh. óttaðist það, að t. d. á morgun ætlaði Hermann Jónasson, form. Framsfl., að mynda vinstri stjórn hér í þinginu og væri búinn að tryggja sér þingfylgi til þess, — ja, þá er ég nokkurn veginn viss um, að það yrði samið í nótt. Ég held þess vegna, að það, að hæstv. dómsmrh. fór að ruglast ofur lítið í ríminu hvað þetta snertir, sé af því, að hann sé með þann ótta undir niðri, að með þeirri þrákelkni, sem stóratvinnurekendur beita núna, séu þeir að eggja það fram, að Framsfl., sem eins og Tíminn ber vott um hefur hvað eftir annað viljað láta semja í þessu máli og sættast á sæmilegar kröfur frá hálfu verkalýðsins, allt í einu tæki sig til og leysti málið hér á þingi. Það er þessi ótti við vinstri stjórn, sem er hjá hæstv. dómsmrh., en hann fer bara alveg öfugt, þegar hann setur hana í samband við verkfallið. Ég vil einmitt vísa honum á leiðina, ef hann er svona voðalega hræddur við vinstri stjórnina, að þá er að leysa verkfallið í nótt á grundvelli þeirra efnahagslegu mála, sem verkalýðurinn hefur stillt allan tímann, og hvort hann fær vinstri stjórn þrátt fyrir það einhvern tíma, því getur hann kannske aldrei afstýrt.

Hæstv. dómsmrh. talaði um einhverja nefnd, sem hann hefur lagt til að skipa, og það hefði nú verið ósköp gott, sagði hann, ef þessi nefnd hefði verið sett á laggirnar. Hvað hefur nú gerzt þessar fjórar vikur, sem verkfallið hefur staðið og ríkisstj. hefur haft möguleika til að setja ótal nefndir á laggirnar; hún hefur þó meiri hluta hér á þingi til þess að samþykkja þáltill. og jafnvel lög? Hvað hefur hún gert? Hún hefur ekki gert neitt. Hann er þó víst ekki að segja við stjórnarandstöðuna, að við höfum hindrað, að ríkisstj. setti slíka nefnd á laggirnar eins og hann var að stinga upp á, en hún hefði sannarlega getað gert það. Hún hefur ekki gert neitt. Og af hverju? Af því, sem ég benti á, að ákveðin auðmannaklíka hér í Reykjavík, vill fá hörku í þetta verkfall og heldur auðsjáanlega þeirri hörku áfram, eftir því sem nú virðist, nema hún fari þá að hræðast, að það verði kannske einhver önnur öfl, t. d. Framsfl., sem fari að koma þarna inn í og stríða þeim eitthvað.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um, að það væri nú orðið hálfslæmt með hann, að það væri eins og allt, sem mönnum stæði stuggur af, væri sett í samband við hann. Einu sinni hefði þetta verið öðruvísi, og minnti hann þá á, eins og sér til réttlætingar, að einu sinni hefði hann tekið þátt í því að reyna að koma nýsköpunarstjórninni á, og vildi nú minna á, að eitthvað hefði hann einhvern tíma látið gott af sér leiða. Ég hef síður en svo dregið dul á þátt hæstv. núverandi dómsmrh. í því að koma nýsköpunarstjórninni á, það stendur skrifað í Þjóðviljanum af mér, og það einu sinni fyrir kosningar, þar sem við áttum í mjög hatrammri baráttu, að ég hafi af mönnum Sjálfstfl. fyrst talað við hann um mínar hugmyndir viðvíkjandi nýsköpuninni og hann síðan sett mig í samband við formann Sjálfstfl., þannig að við höfum aldrei dregið dul á þann þátt, sem hann átti í því, og það mun sagan ekki heldur gera.

Og það er gott, að hæstv. dómsmrh. nú vitnar í þetta. Hins vegar, svo ágætt verk sem hæstv. dómsmrh. vann þá, er nú svo komið, eins og hann sagði réttilega, að í sambandi við hann er nefnt flest, sem þjóðinni stendur stuggur af. Það er ekki okkur að kenna, að hann hefur versnað svo mjög. Meðan hann hafði samstarf við okkur, var hann nefndur í sambandi við þá hluti, sem þjóðin fagnaði, eins og nýsköpun og nýsköpunarstjórn. Hann hefur lagt lag sitt síðan við aðra, t. d. Ameríkanana alveg sérstaklega, og sé þjóðinni farið að standa stuggur af honum núna, þá er það vafalaust vegna þess, að gamla máltækið rætist: Segðu mér, hverja þú umgengst, og ég skal segja þér, hver þú ert.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um, að það hefði vafalaust verið ofmælt hjá mér, að við, hæstv. núverandi forsrh. og ég, hefðum sett fæturna undir Eimskipafélagið. Það er vafalaust rétt hjá honum, að ef hann hefur skilið það, sem ég sagði, þannig, þá er það ofmælt hjá mér. Það, sem ég vildi sagt hafa, var, að eftir að Eimskipafélaginu hafði farið nokkuð aftur, þess floti hafði minnkað og elzt, þá hefðum við tveir átt góðan þátt í því að setja svo að segja þá nýju fætur undir það, sem það nú gengur á, sem sé þann glæsilega skipaflota, sem það nú á og þjóðin er stolt af.

Þá minntist hæstv. dómsmrh. á, að það væri hálfundarlegt með þessa sjóði og peninga, sem ég talaði um að við hefðum svo að segja fengið Eimskipafélaginu þá, ég og form. Sjálfstfl., og það væri þá bara það, að verkalýðshreyfingin hefði ekki rænt þeim, sem væri hægt að þakka okkur. Ég vil segja það í því sambandi, eins og ég reyndar reyndi að lýsa í minum ræðum, að fyrir tilstilli verkalýðsflokkanna og betri hluta Sjálfstfl. þá var því forðað, að því útlenda fé, sem þjóðin þá átti, væri eytt í gagnslausar vinnudeilur hér innanlands, þar sem verkamenn og atvinnurekendur stæðu hver gegn öðrum mánuðum saman og hentu fé þjóðarinnar í sjóinn. Það var þar með hindrað, að þjóðin væri rænd þessum inneignum, sem hún átti erlendis, og vegna þess að hún fékk að hagnýta þessar inneignir, sem hún átti erlendis þá, gat Eimskipafélagið byggt upp sinn mikla og glæsilega flota. Ef við hefðum ekki fengið þá að ráða, verkalýðsflokkarnir og meiri hluti Sjálfstfl., hefði þessu verið rænt, annaðhvort á þann hátt, að þessum

peningum, sem þjóðin átti þá í útlendri mynt, hefði verið eytt í deilurnar, eða þá, eins og hæstv. dómsmrh. tók sjálfur þátt í, með gengislækkuninni. Þá hefði öllum þeim sjóðum, sem Eimskipafélagið var búið að safna í íslenzkum krónum, verið rænt, þannig að ef við hefðum ekki, verkalýðsflokkarnir og betri hluti Sjálfstfl., bjargað sjóðum Eimskipafélagsins og gert þá fullgilda í útlendri mynt 1944, hefði með þeirri pólitík, sem hæstv. dómsmrh. hefur rekið síðustu 7 ár, þeim verið rænt, með gengislækkunum og öðru slíku, þannig að við höfum forðað þeim undan því ráni.

Svo talaði hæstv. dómsmrh. nokkur orð og var nú óvenju óprúður í sínu orðalagi, talaði um óskammfeilni og afglapa og ég veit ekki hvað og hvað, og allt saman virtist þetta vera tengt við það, að hann gerði ráð fyrir, að ég tileinkaði honum að einhverju leyti sökina á þessari löngu stöðvun, að innsti hringur Sjálfstfl. og hann sem aðalforkólfur í honum ætti sök á því, að þessi deila væri orðin svona harðskeytt. Og hann afsakaði sig með öllu móti, það hefðu verið lengri vinnustöðvanir áður — eða verkföll, sagði hann nú. Ég hafði sagt „vinnustöðvanir“ og átti þar með líka við atvinnuleysið. Ég man ekki eftir, að það hafi nokkurn tíma verið eins langt verkfall hjá Eimskip og nú er búið að vera, þannig að það hefur alveg rætzt, sem ég hef haldið fram, að það eru komnir nýir aðilar, nýir kraftar þarna til skjalanna. Ég hafði í minni ræðu bent á, að hæstv. dómsmrh. ætti þarna nokkra sök á. Hvað gerir svo hæstv. dómsmrh. í sinni ræðu? Hann staðfestir hvert einasta orð, sem ég hef sagt. Ég sagði, að hann, Bjarni Benediktsson, sem dómsmrh. og sem stjórnarmeðlimur Eimskips væri nú orðinn potturinn og pannan í þeirri klíku í Vinnuveitendafélagi Íslands og þar með í innsta hring Sjálfstfl., sem samband hefur við hana, sem gerði þessa deilu svona harðvítuga. Og hvað segir hæstv. dómsmrh.? Jú, hann segir: Ef það á að fara að tileinka mér þá sömu afstöðu sem einn maður, sem áður átti sæti í stjórn Eimskips, hefur haft, þá er ég stoltur af því að taka þá afstöðu. — Og maðurinn, sem hann nefndi, var Eggert Claessen. Ég ætla ekki að segja neitt ljótt um látinn mann, en hitt held ég að sé ekki ofmælt, að sá maður var aðalforustumaður atvinnurekenda í svo að segja öllum þeim vinnudeilum, sem fóru fram meðan hann lifði, og var með öllum þeim kostum og göllum, sem hann hefur haft, einn harðskeyttasti andstæðingur, sem verkalýðurinn átti í öllum vinnudeilum, og nú lýsir hæstv. dómsmrh. því yfir, að hann sé stoltur af því að taka afstöðu þessa manns og erfa svo að segja hans hlutverk. Og manni skilst helzt, að hann hafi farið inn í stjórn Eimskipafélagsins alveg sérstaklega til þess að fá þessa aðstöðu. Ég hafði alls ekki búizt við þessari yfirlýsingu, og mér hafði aldrei dottið sérstaklega í hug og hafði aldrei minnzt á það að tengja hann neitt við nafn þessa manns.

Ég vil segja það að lokum, að svo miklar deilur sem við áttum við þann ágæta mann að mörgu leyti, þá eru deilurnar, sem nú standa yfir, margfalt harðvítugri og harðsvíraðri og sorglegri fyrir Eimskip en nokkur sú deila, sem sá maður háði við verkalýðinn í Reykjavík, og ég held ég megi fullyrða: nokkur sú deila, sem hann hefði kært sig um að standa í, þannig að það er auðséð, að hæstv. dómsmrh. ætlar að fara langt fram úr öllu því, sem þessi fyrirrennari, sem hann sjálfur nú kaus sér í þessari ræðu, nokkurn tíma fór. — Því er þannig lýst yfir af hæstv. dómsmrh. sjálfum, að hann hafi tekið að sér þetta hlutverk. Nú var hins vegar Eggert Claessen um leið framkvæmdastjóri Vinnuveitendafélags Íslands og hafði sem slíkur sérstakar skyldur gagnvart því félagi. Hæstv. dómsmrh. er ekki framkvæmdastjóri Vinnuveitendafélags Íslands, en telur sig samt hér á Alþ. reiðubúinn til þess að lýsa yfir því, að hann ætli alveg sérstaklega að feta í fótspor þess manns, sem var um alllangt skeið framkvæmdastjóri Vinnuveitendafélagsins.

Svo að síðustu vegna spurningar, sem hæstv. dómsmrh. kom með um þá styrki, sem verkalýðurinn hefði fengið frá alþjóðasamböndunum í síðustu vinnudeilu í desember 1952, skal hann upplýstur um það, að frá Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga, eins og það heitir, það er það samband, sem er nú talið frekar hægra sinnað, höfðu borizt 500 sterlingspund, og sú upphæð var endursend af þáverandi stjórn Alþýðusambandsins, af því að hún kom ekki fyrr en eftir að vinnudeilunni var lokið. Frá hinu alþjóðasambandinu, sem talið er róttækara og á aðsetur í Vín, hafði borizt tilkynning um, að það mundi veita allmiklu stærri fjárupphæð, en það var tilkynnt líka því félagi, af því að sú tilkynning barst ekki fyrr en það seint, að verkfallinu væri lokið og þessi styrkur þess vegna ekki þeginn. Í því verkfalli tók þess vegna verkalýðurinn ekki á móti neinu fé frá þessum samtökum, vegna þess að frá báðum þeirra kom þetta of seint.

Hæstv. dómsmrh. talaði hér nokkur orð um, hvernig væri farið að sverfa að verkalýðnum. Það er alveg óþarfi fyrir fulltrúa atvinnurekenda að vera nokkuð að hlakka yfir því. Þeir þurfa ekki að halda, að jafnvel þó að það sverfi að verkamannafjölskyldum hér í Reykjavík, þá beygi þær sig undir hnútasvipu Sjálfstfl. þar fyrir. Það hefur áður sorfið að þeim hér, sorfið að þeim, þegar verkamenn fengu ekki nema eina viku í mánuði til þess að vinna og átti að lækka kaupið hjá þeim í þeirri einu viku. Og þeir hafa svarað Sjálfstfl. á sinn hátt. Við þurfum engin krókódílstár frá Sjálfstfl. eða miðstjórn hans. Hæstv. dómsmrh. getur sparað sér þau. En hitt getur hann gert, og það er að semja strax, og ef hann er mjög hræddur við að mynduð verði vinstri stjórn, þá er honum bezt að fara að gera það.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um skattfrelsi til handa Eimskipafélagi Íslands, mun nú ekki vera hér neinn nýr gripur á ferð, en samt sem áður ætla ég nú að leyfa mér að rifja aðeins upp þær forsendur, sem hljóta á hverjum tíma að verða að liggja fyrir, til þess að Alþ. geti með skaplegu móti veitt einu félagi undanþágu frá landslögum,

því að það er í rauninni það, sem hér er farið fram á að gert sé.

Til þess að það sé réttlætanlegt af Alþ. hálfu að veita slíkar undanþágur frá lögum, þá tel ég, að annaðhvort verði að vera fyrir hendi, að um sé að ræða, að félagið sé mjög fjárþurfi og hafi ekki möguleika til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem lögin annars leggja því á herðar, eða ef það er ekki, þá verði það að vera fyrir hendi, að félagið inni af hendi svo mikilvæga þjónustu fyrir þjóðina, ekki einasta einhvern lítinn hluta þjóðarinnar, heldur fyrir þjóðina því sem næst alla, að það sé réttlætanlegt að gefa félaginu undanþágu frá almennri lagaskyldu, sem í landinu gildir.

Ef við nú athugun, hvernig þessir hlutir standa í sambandi við Eimskipafélag Íslands, þá er þar fyrst mála að athuga: Þarf félagið þess arna með vegna slæmrar fjárhagsafkomu? Enginn mun halda því fram. Þvert á móti er það vitað mál, að fjárhagsafkoma félagsins er góð og félagið er fullkomlega sjálfbjarga. Það hefur þegar komizt yfir þann hjalla að eignast góðan skipastól og annað, sem til þess þarf að reka hann.

Það stendur í grg. frv., að frv. sé flutt að beiðni stjórnar Eimskipafélags Ísands. En hæstv. forsrh., sem er flm. þessa máls, kom raunar þvert ofan í þessa grg. hér í framsöguræðu sinni, þar sem hann sagði, að Eimskipafélagsstjórnin væri ekki sérlega áfjáð í það, að þetta frv. væri flutt, en honum, forsætisráðherranum, fyndist eðlilegast, að félagið nyti þeirra fríðinda, þeirrar undanþágu frá skattgreiðslum, sem það hefur notið um undanfarin ár, þar til búið væri að ganga endanlega frá þeirri lagasmíð, sem ríkisstj. telur sig hafa á prjónunum um skattgreiðslur félaga í landinu.

Það er ekki að vita, hve langt getur liðið þangað til þau lög komast í höfn. Ég minnist þess, að þegar lög um tekjuskatt og eignarskatt voru afgreidd hér frá síðasta Alþingi fyrir um það bil einu ári, var kaflanum um skattgreiðslur félaga frestað, þ. e. a. s., hann var afgreiddur til bráðabirgða, en endanlegri lausn hans var frestað og gefið í skyn, að tillögur um hana mundu liggja fyrir á því þingi, sem nú stendur yfir. En þær hafa enn ekki séð dagsins ljós, og það gæti orðið býsna langur tími enn þá, sem Eimskipafélagið hefði skattfrelsi, ef það ætti endilega að miða skattfrelsistímabil þess við það, hvenær ríkisstj. kann að hafa gengið frá lögum eða lagafrv. um skattgreiðslur félaga í landinu almennt. Ég tel þess vegna, að sú meginástæða, sem gæti annars hugsazt að réttlætti skattfrelsi þessa félags, þ. e. a. s. fátækt, sé ekki fyrir hendi.

Þá komum við að hinu: Hvernig þjónar félag þetta því hlutverki sínu að inna af hendi flutninga fyrir landsmenn almennt, og hvernig kemur það fram gagnvart þjóðinni sem heild, þeirri þjóð, sem hefur haft það undanþegið skatti í mörg ár?

Það hefur verið rakið hér svo greinilega, að ég ætla ekki að fara neitt sérstaklega ofan í það, hvernig félagið í vinnudeilum, m. a. í þeirri vinnudeilu, sem nú stendur yfir, skipar sér fremst í röð með atvinnurekendum í baráttu gegn almennri kauphækkun í landinu, og hefur þó enginn mér vitanlega haldið því fram, að félagið þurfi af fjárhagsástæðum að standa gegn því, að verkamannakaup hækki.

Komum við þá að því, hvernig þjónusta félagsins er við landslýðinn almennt.

Ég sá þess getið í blaði hér sem furðulegs atburðar úr verzlunarháttum, að nú tíðkaðist það, að þeir menn í Reykjavík, sem vildu kaupa sér brennivínsflösku, fengju einhvern vin sinn, t. d. í Vestmannaeyjum, til þess að panta brennivínsflösku í pósti, þar sem áfengisverzlun ríkisins er lokuð í Reykjavík, en hún afgreiðir hins vegar póstsendingar út á land. Síðan fengju þeir aftur með pósti frá Vestmannaeyjum sína brennivínsflösku senda til Reykjavíkur. Og það er vissulega alveg hárrétt, að það er verzlunarmáti og það er þjónusta, sem enginn getur haldið fram að sé eðlileg, að sá maður, sem þarf að kaupa sér vörur, hvort heldur er brennivín eða einhver annar varningur, þurfi að gera sínar pantanir frá fjarlægum stað og fá vöruna flutta um óraleiðir fram og til baka, áður en hún kemst í þeirra hendur.

En þetta er dálítið lærdómsrík saga, og þó að þetta þyki furðusaga hér í Reykjavík, þá er þetta nákvæmlega sagan um það, hvernig vöruflutningaþjónustan er leyst af hendi fyrir allan þorra þess fólks, sem býr úti á landsbyggðinni.

Við Vestmanneyingar megum t. d. horfa á eftir Fossunum, skipum Eimskipafélags Íslands, sigla með varninginn, sem við fáum keyptan frá útlöndum, fram hjá okkar höfn, sigla með hann til Reykjavíkur um 120 mílna vegalengd. Þangað verðum við að senda á eftir Fossunum mótorbáta, sem í smáskömmtum verða svo að flytja okkur varninginn til baka, auðvitað með ærnum kostnaði og stórkostlegri dýrtíðarmyndun úti á landsbyggðinni.

Ég vil að svo stöddu máli ekki láta neitt uppi um það, hvort ég get gert kost á því að fylgja því, að Eimskipafélag Íslands fái áfram sem hingað til að halda sínum skattfríðindum. En ég skal taka fram, að það hlýtur að verulegu leyti að bindast því, hvort þetta félag, sem er aðalflutningafélag landsmanna að því er tekur til flutninga á sjó, er fáanlegt til þess að endurskoða áætlanir skipa sinna með það fyrir augum að þjóna betur því fólki, sem úti á landsbyggðinni býr. Sú þjónusta, sem það veitir nú, er engan veginn fullnægjandi fyrir þá, sem ekki búa hér í höfuðstaðnum, og því miður hefur félagið ekki tekið tillit til landsbyggðarinnar svo sem skyldi. Ef þeir hlutir stæðu til bóta, þá gæti mjög komið til mála að veita því fylgi, að það héldi sínum skattfríðindum. En skilyrði þess, að eitt félag geti ætlazt til þess af þjóðinni, að það fái að vera undanþegið þeirri þegnskyldu, sem annars hvílir á að lögum, er það, að það leggi sig fram um að veita sem bezta þjónustu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 563, n. 610 og 631, 583).

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Um þetta mál hafa stundum verið nokkrar deilur hér í þingi, en meiri hluti fjhn. d. leggur til á þskj. 631, að frv. verði samþ., og vísar í því sambandi sérstaklega til þess, að nú eru í endurskoðun ákvæði l. varðandi skattgreiðslu félaga. Mun vart dragast lengur en til næsta þings, að frá því verði endanlega gengið, og frv. það, sem hér um ræðir, um skattgreiðslu Eimskipafélagsins, gerir aðeins ráð fyrir að framlengja gildandi ákvæði um skattgreiðslur félagsins í eitt ár.

Að þessu athuguðu virðist harla ástæðulítið að taka upp deilur um þetta mál að svo komnu. Ég er mjög ósammála ýmsu því, sem hér hefur verið sagt um Eimskipafélagið, en hirði ekki á þessu stigi málsins að fara út í þá sálma og geri naumast ráð fyrir, þar sem málið er þannig í pottinn búið, eins og ég nú hef gert grein fyrir, að það þurfi á þessu stigi málsins að verða mönnum ásteytingarsteinn. Allir nm. nema einn leggja sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson):** Herra forseti. Fjhn. þessarar d. hefur haft frv. þetta til athugunar og ekki orðið sammála. 4 nm. leggja til, að frv. verði samþykkt, en ég hef gefið út sérstakt nál. sem minni hl. n. og komizt að gagnstæðri niðurstöðu, legg til, að frv. verði fellt.

Ég hef þegar við 1. umr. þessa máls bent á það, að til þess að það geti verið réttlætanlegt, að félag sé undanþegið þeim skattálögum, sem lagðar eru á aðra sambærilega aðila í þjóðfélaginu, verður annaðhvort að vera fyrir hendi, að um sé að ræða fjárþröng hjá viðkomandi félagi og því sé þetta gefið eftir sökum fátæktar, eða hitt, að viðkomandi félag leysi svo óumdeilanlega þjónustu af hendi við þegna þjóðfélagsins almennt, að það geti réttlætt frávik frá hinni almennu reglu.

Ekki get ég séð, að þetta sé óumdeilanlega fyrir hendi hvað varðar Eimskipafélag Íslands. Ég get einnig vitnað til þess, að í frv., sem er til afgreiðslu hér í þinginu núna um tekju- og eignarskatt, er gert ráð fyrir því, að hlutafélögum sé almennt gefinn 20% afsláttur frá gildandi skattstiga skattalaganna, og mundi Eimskipafélagið að sjálfsögðu koma undir það ákvæði. Enn fremur eru í gildi um slík félög lög, sem heimila þeim að afskrifa mjög mikið ný skip, þ. e. a. s. fyrstu 3 árin, og hluti af tekjum Eimskipafélagsins, sem annars væru skattskyldar, losnar undan skatti sökum þeirra ákvæða. Ég sé þess vegna alls ekki, að fyrir hendi séu þær forsendur, sem nauðsynlegar hljóta að teljast eða skynsamlegar, til þess, að skattfrelsi félagsins verði samþykkt hér í þinginu. Það má að sjálfsögðu margt ágætt um Eimskipafélag Íslands segja, en sem betur fer er það nú raunar ekki eina hlutafélagið í landinu, sem sitt hvað má segja gott um. En efnahagur félagsins getur ekki tilefni til þess, að undanþága sé veitt, og þjónusta félagsins er ekki heldur gagnrýnislaus, hvorki að því er snertir skipulag flutninganna né heldur farmgjöldin.

Þess vegna hef ég lagt til, að frv. verði fellt. En þar sem ég sé af samstöðu þriggja stjórnmálaflokka í hv. fjhn., að ekki eru miklar líkur til þess, að frv. verði fellt, þá mun ég greiða atkvæði brtt., sem fram hafa komið við þetta mál, frá hv. 8. landsk. og hv. 8. þm. Reykv., þar sem gert er ráð fyrir, að Eimskipafélaginu verði gert að greiða 8% í skatt af skattskyldum tekjum sínum, en það mun vera nokkru minna en tíðkast um sambærileg félög. Til vara mun ég greiða þeirri till. atkvæði.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég lítils háttar um Eimskipafélag Íslands og hvort ástæða væri til þess, að það nyti alveg sérstakra friðinda um skattgreiðslur umfram önnur sambærileg félög. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég þá sagði, en vil aðeins árétta það, að ég hef ekki heyrt neinar röksemdir bornar fram til stuðnings því, að Eimskipafélagið eigi að njóta þarna sérstakra friðinda umfram aðra aðila eða að því sé nauðsynlegt að njóta slíkra friðinda. Það er upplýst og á allra vitorði, að þetta félag er mjög vel efnum búið og þarf að því leyti til ekki þessa stuðnings við. Enn fremur er það vitað, að önnur félög og fyrirtæki inna nú af hendi sams konar þjónustu fyrir þjóðfélagið og Eimskipafélag Íslands og gera það engu síður en það, og þess vegna virðist mjög óeðlilegt, að þetta eina félag njóti nú öllu lengur þessara sérstöku friðinda.

Ég hef ásamt hv. 8. landsk. leyft mér að bera hér fram dálitla brtt. við þetta frv. Hún er í því fólgin, að í stað algers skattfrelsis Eimskipafélagsins á þessu ári greiði það í skatt 8% af skattskyldum tekjum síðasta árs, en það er hið sama og samvinnufélög greiða. Ég hygg, að það verði erfitt að mæla því í mót, að Eimskipafélagið eigi eðli sínu samkvæmt að greiða a. m. k. hliðstæða skatta og samvinnufélögin. Ég ætla ekki að rekja rökin til þess, mér virðast þau liggja svo í augum uppi. Og mér þykir það mjög ótrúlegt, ef hv. framsóknarþm. þessarar d. gera þann mun á Eimskipafélagi Íslands og skipadeild S. Í. S., að þeir kjósi, að Eimskipafélagið sé skattfrjálst, meðan svo er ekki um skipadeild S. Í. S.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) gerði hér grein fyrir brtt., sem hann er flm. að, og skildist mér á orðum hans, að till. væri við það miðuð, að Eimskipafélag Íslands borgaði sama skatt og samvinnufélög, en það er mjög langt frá því, að svo sé eftir till. hans og hv. 8. landsk. þm. (BergS). Þeir leggja til í sinni till., að Eimskipafélagið borgi á þessu ári 8% af skattskyldum tekjum í skatt. Samvinnufélög borga nú 8% í tekjuskatt, en þegar tekjur þeirra nálgast 10 þús. kr., kemur á þær viðbótarskattur, og skattur sá, er þau greiða af þeim tekjum, sem eru umfram 200 þús. kr. skattskyldar, er eftir gildandi skattalögum eða hefur verið undanfarið 76%, en s. l. ár, þegar 20% lækkun var veitt á skatti þeirra eins og annarra félaga, var skattgreiðsla þeirra, eftir

að komið var í þetta tekjumark, 60.8%, eða 7—8 sinnum hærri en hv. þm. leggja hér til að Eimskipafélagið borgi.

Ég vildi, án þess að ræða frekar um málið, aðeins gera þessa athugasemd við ræðu hv. þm. til að sýna, að það er víðs fjarri, að þeirra till. sé nokkuð miðuð við skattgreiðslu samvinnufélaganna.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. (SkG) hefur nú upplýst, að sú till., sem við flytjum, ég og hv. 8. landsk., gangi ekki einu sinni svo langt, að þar sé lagt til, að Eimskipafélagið greiði sömu skatta og samvinnufélögin. Það ætti því ekki að vera mikil ástæða til að ætla annað en að þeir, sem bera hag samvinnufélaganna fyrir brjósti, geti aðhyllzt svona lítilfjörlega till. Ef þeim þykir hún of smá, vil ég bjóða hv. þm. V-Húnv. að flytja með honum brtt. við 3. umr., þar sem væri lagt til, að Eimskipafélagið greiddi nákvæmlega sömu skatta og skipaútgerð S. Í. S. eða samvinnufélögin.

ATKVGR.
Brtt. 583 felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GilsG, GíslG, GJóh, HV, HelgJ, KGuðj, LJós, GMM, BergS, EOl.
nei: EystJ, KS, HÁ, JóhH, JPálm, GGísl, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EirÞ, SB.
8 þm. (GÞG, IngJ, JR, ÓTh, ÁB, EggÞ, EI, EmJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 15:8 atkv.
2. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:5 atkv.

---

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 563, 676).

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég flyt nú við þessa umr. ásamt hv. 8. landsk. þm. (BergS) brtt. við frv. það, sem fyrir liggur. Sú breyting er í því fólgin, að Eimskipafélaginu skuli gert að greiða skatt af skattskyldum tekjum ársins 1954 samkv. þeim reglum, sem nú gilda um skattgreiðslur samvinnufélaga.

Ég vil vænta þess, að með þessu orðalagi sé fullnægt vilja þeirra hv. þm., sem telja ekki ástæðu til þess, að Eimskipafélagið njóti frekari fríðinda en samvinnusamtökin, og tel víst, að þeir menn, sem þá skoðun hafa, geti fylgt þessari brtt.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Um brtt. á þskj. 676 má vel viðurkenna, að hún geti í aðalefnum átt við rök að styðjast. Hins vegar gat ég um það í þeirri stuttu frumræðu, sem ég flutti, þegar þetta mál var lagt fyrir hv. d., að hér væri aðeins um bráðabirgðaskipan að ræða og ég kysi heldur þess vegna, að frv. mætti verða samþ. eins og það liggur fyrir. Ég hafði, áður en ég flutti það, átt um það viðræðu við samstarfsmenn mína í ríkisstj. og þeir fallizt á þessa bráðabirgðalausn, sem ég vona þess vegna að megi ná fram að ganga, um leið og ég þó viðurkenni, að það væri engin goðgá að setja þessi ákvæði; þau skipta ekki aðalmáli. En úr því að hér er um algera bráðabirgðalausn að ræða, þá þætti mér betur, að frv. mætti ná fram að ganga án breytinga.

ATKVGR.
Brtt. 676 felld með 17:10 atkv.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 563, n. 705).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta frv. um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands er ekki nýtt, því að lögin, sem verið er að framlengja, eru upprunalega lög nr. 33 7. maí 1928. Þau giltu um tiltekinn tíma og hafa jafnan síðan verið framlengd. En áður en þau lög voru sett, voru til lög um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands, mjög svipuð, — ég man ekki, hvort þau voru sett 1924 eða 1925, það mun hafa verið annað hvort það ár, og komu þessi lög í staðinn.

Það verður ekki séð, að það séu neinar breyttar ástæður fyrir hendi frá því, sem verið hefur, að því er snertir Eimskipafélag Íslands, hlutverk þess og verkefni í þágu alþjóðar, og þess vegna hefur fjhn. þótt rétt að mæla með því, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt, og það því fremur sem skattalögin eru enn í rannsókn og athugun, svo sem kunnugt er, og þá ekki hvað sízt sá hluti skattalaganna, sem fjallar um skattgreiðslu félaga, hlutafélaga, samvinnufélaga og annarra félaga, og virðist þegar af þeirri ástæðu einsýnt að hafa þessi ákvæði um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands óbreytt, þar til þeirri endurskoðun er lokið.

Þegar n. afgr. málið, var einn nm., hv. 4. þm. Reykv. (HG), fjarstaddur, og hefur hann því að sjálfsögðu óbundnar hendur í þessu máli, en till. hinna fjögurra nm. er sú, sem ég þegar hef greint.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég gat ekki mætt á fundi n., þegar þetta mál var tekið til afgreiðslu. Ég lít svo á, að í raun og veru sé fyllsta ástæða til að athuga gaumgæfilega, hvort ástæða sé til að láta Eimskipafélag Íslands framvegis halda því skattfrelsi, sem það hefur notið til þessa. Félagið er orðið mjög vel efnum búið, og fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um,

hvernig hluthafaskráin nú er, en því er ekki að leyna, að ýmsir óttast, að sú breyting sé sumpart orðin og sumpart að verða, að hlutabréfin, sem í upphafi mátti telja almenningseign að mestu leyti, dragist á æ færri og færri hendur, þannig að bygging félagsins og samsetning verði önnur eða sé þegar orðin önnur en í upphafi var og æskilegt var talið. Félagið hefur einnig safnað miklum eignum og er nú sennilega, ef ekki tvímælalaust, ríkasta félag á landinu, og eru því ákaflega miklir fjárhagslegir hagsmunir við það tengdir hjá þeim mönnum, sem eiga eða hafa ráð á miklum hluta hlutafjárins.

Það er augljóst líka, að Alþ. hefur gert sér grein fyrir því, að ástæða væri til þess að hafa hér alla aðgæzlu við, því að lögin um skattfrelsi Eimskipafélagsins hafa jafnan verið afgr. þannig, að þau hafa verið framlengd frá ári til árs, eins og nú er lagt til, eða framlengd um tiltölulega skamman ákveðinn tíma.

Nú stendur svo á, að endurskoðun skattalaganna, sérstaklega skatta félaga, stendur yfir, og þess er vænzt, að till. um þetta efni komi fyrir næsta Alþ., eftir þeim upplýsingum, sem bornar hafa verið fram hér í þessari hv. deild.

Ég get einnig fallizt á það, að frá því að þessi lög voru síðast samþ., hafa ekki þær breytingar á orðið hjá Eimskip, sem gefi sérstaka ástæðu til þess, að þetta skattfrelsi, sem það hefur nú, verði bundið þeim skilyrðum, sem lögin gera ráð fyrir.

Ég mun því ekki vera meinsmaður þess, að þetta frv. nái fram að ganga að þessu sinni, en vildi mega ítreka það, að ég vænti þess, að áður en kæmi til framlengingar á þessu frv. eða tilsvarandi ákvæði yrðu sett í skattalögin, væri fullnaðarupplýsinga aflað um það, hvernig í fyrsta lagi hagur félagsins raunverulega er, og í öðru lagi, hvernig háttað er umráðum yfir því fé, sem telst hlutafé félagsins, þ. e. a. s., hverjir eru hinir raunverulegu eigendur þess og þar með ráðamenn og eigendur félagsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 730).

---

## 71. Kirkjubyggingasjóður.

Á 28. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1954, um kirkjubyggingasjóð** [122. mál] (þmfrv., A. 255).

Á 29. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um kirkjubyggingasjóð, flyt ég ásamt hv. 2. þm. N-M. Efni þess er, að breytt verði 1. gr. laganna á þá leið, að heimild til lánveitinga úr kirkjubyggingasjóði verði ekki eingöngu bundin við þjóðkirkjusöfnuði, heldur megi einnig veita lán öðrum kirkjueigendum eftir nánari reglum og með þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í 1. gr. þessa frv., en samkv. nýsettum lögum um kirkjubyggingasjóð er eingöngu heimilt að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán úr sjóðnum.

Í landinu munu nú vera um 280 sóknarkirkjur eða rúmlega það. Það venjulega er, að söfnuðirnir eigi sjálfir kirkjur sínar, en þessu er samt ekki svo farið um allar kirkjur. Um nokkuð margar sóknarkirkjur er þannig ástatt, að þær eru eign bænda, sem jafnframt eru eigendur þeirra jarða, sem kirkjurnar standa á. Frá fyrri tíð hafa kirkjurnar fylgt jörðunum, og sú kvöð hefur hvílt á jarðeigandanum að annast viðhald kirkjunnar og endurbyggingu, ef með þarf, svo og að bera annan kostnað við kirkjuna, að því leyti sem kirkjugjöld, greidd af safnaðarmönnum, hrökkva ekki til, en þau kirkjugjöld innheimtir kirkjubóndinn.

Nú verður að vísu að telja það eðlilegast í þessu máli, enda mun það vera stefna kirkjustjórnarinnar, að söfnuðirnir taki smátt og smátt við þessum kirkjum, helzt öllum, en úr því hefur samt ekki orðið af ýmsum ástæðum, og er trúlegt, að það dragist nokkuð, að sú skipan komist á, að allar sóknarkirkjur verði eign safnaðanna. Hins vegar þarf að halda við þessum bændakirkjum og endurbyggja þær eins og aðrar, og meðan þær eru í einkaeign, hvílir sú skylda, að því er talið er, á kirkjubóndanum að viðhalda kirkjunum eða endurbyggja. Það virðist þá mjög eðlilegt, að ef hann ræðst í þá framkvæmd að endurbyggja kirkjuna eða endurbæta varanlega, þá geti hann fengið lán til þess á sama hátt og söfnuður, sem ræðst í sams konar framkvæmd. Og það er þetta, sem lagt er til í frv., sem hér liggur fyrir.

Við höfum talið rétt að binda þessa heimild til að veita kirkjubændum lán ýmsum skilyrðum, svo sem þeim, að fyrir liggi meðmæli safnaðarstjórnar og að kirkjan sé notuð í þágu safnaðar eins og safnaðareign væri, svo og að áður hafi verið leitað eftir því, hvort söfnuður sá, er í hlut á, vilji taka við kirkjunni, og að hann hafi þá neitað. Sömuleiðis teljum við rétt, að gengið sé úr skugga um það, að kirkjan eigi ekki þær eignir, sem mundu nægja til þess að standa straum af framkvæmdinni án lántöku.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég hygg, að það, sem hér er farið fram á, sé sanngjarnt, og vona, að menn geti á það fallizt. — Ég legg svo til, að frv. verið að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 650).

**Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson):** Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að samþ. verði viðauki við 1. gr. l. nr. 43 frá 1954, um kirkjubyggingasjóð, að heimila stjórn sjóðsins að veita lán til endurbygginga eða varanlegra endurbóta á svokölluðum bændakirkjum, og gert er ráð fyrir, að sjóðsstjórnin geti notað þessa heimild, ef fyrir liggur, að hlutaðeigandi söfnuður hafi neitað að taka við kirkjunni, þótt kirkjueigandi hafi boðið söfnuðinum hana með sanngjörnum kjörum, enda sé kirkjan notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar eins og hún væri safnaðarkirkja. Frv. gerir ekki ráð fyrir, að kirkjubyggingasjóði verði lögð sú skylda á herðar að lána fé til þessara kirkna, heldur fái sjóðsstjórnin heimild til þess, ef fyrir liggja eftirtaldar staðreyndir:

1) Að hlutaðeigandi prófastur votti, að að hans dómi hafi kirkjueigandi boðið söfnuði kirkjuna með sanngjörnum kjörum;

2) að fyrir liggi, að söfnuðurinn hafi hafnað því boði;

3) að kirkjan sé notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar eins og hún væri safnaðarkirkja; og

4) að eignir kirkjunnar séu að dómi sjóðsstjórnar ófullnægjandi til framkvæmdanna.

Hv. menntmn. sendi frv. þetta til umsagnar stjórnar kirkjubyggingasjóðs, sem sendi svo n. bréf og leggst þar á móti því, að frv. verði samþ., og er bréf þetta prentað með nál. sem fylgiskjal.

Ég held, að það megi fullyrða, að hv. menntmn. hafi orðið nokkuð undrandi á afstöðu sjóðsstjórnarinnar, og var hún því fengin til að mæta á fundi n. til að gera frekari grein fyrir afstöðu sinni og þeim ástæðum, sem hún bar fram í áliti sínu.

Að öllum málavöxtum athuguðum var það sameiginlegt álit nefndarmanna, að mótstaða sjóðsstjórnarinnar gegn frv. sé ekki réttmæt og að ekki sé sjáanlegt, að hún hafi tilgreint nægilegar frambærilegar ástæður fyrir því, að frv. eigi ekki að samþykkja.

Afstaða meiri hl. hv. menntmn. er því sú, að hann leggur til, að frv. verði samþ., svo að stjórn kirkjubyggingasjóðs öðlist heimild til að lána fé til endurbóta á þeim kirkjum, sem hér um ræðir, þegar tilgreindar staðreyndir eru fyrir hendi og kirkjan á svo litlar eignir, að knýjandi nauðsyn er að hlaupa undir bagga með lán til þess að fyrirbyggja, að kirkja og þar með kirkjuleg þjónusta leggist niður hjá þeim söfnuðum, sem í hlut eiga.

Þess ber að geta, að einn nm., hv. 9. landsk. (KGuðj), óskaði ekki eftir að taka þátt í afgreiðslu málsins. Hygg ég, að mér sé óhætt að segja, að það hafi ekki stafað af því, að hann sé andvígur þessu frv., heldur af hinu, að hann hafi ekki áhuga fyrir kirkjubyggingasjóðnum í því formi, sem hann starfar nú.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég kýs ekki að gera bréf stjórnar kirkjubyggingasjóðs að umræðuefni, nema sérstakt tilefni gefist.

Ég leyfi mér svo að ítreka að lokum meðmæli hv. meiri hl. menntmn. um, að frv. verði samþ.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Mér þykir aðeins hlýða að þakka hv. menntmn. fyrir eindreginn stuðning við þetta frv. Ég vildi mega vænta þess, að sá stuðningur yrði fyrirboði þess, að frv. gengi nú greiðlega í gegnum þingið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 744).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Andrés Eyjólfsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, var borið fram í hv. Nd. og fór óbreytt í gegnum umr. þar, enda mælt einróma með því af þeim fjórum menntamálanefndarmönnum þar, sem þátt tóku í afgreiðslu málsins í nefndinni.

Efni þessa frv. er það, að aftan við 1. gr. l. nr. 43 1954, um kirkjubyggingasjóð, verði bætt nýrri málsgr., sem heimili stjórn kirkjubyggingasjóðs að lána fé til kirkjubygginga, þótt kirkjurnar séu í einkaeign. Lögin, eins og þau eru nú, heimila aðeins lán til kirkna, sem eru í safnaðareign. Þessi viðbótarheimild sjóðsstjórninni til handa er þó bundin eftirgreindum skilyrðum: Að kirkjueigandi hafi boðið söfnuðinum kirkjuna með sanngjörnum kjörum að dómi hlutaðeigandi prófasts, og liggi fyrir vottorð hans um það. Að

fyrir liggi skilríki um það, að söfnuðurinn hafi hafnað því boði. Að kirkjan sé notuð í þágu safnaðarins á sama hátt og um safnaðarkirkju væri að ræða. Og loks, að eignir kirkjunnar séu ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi sjóðsstjórnarinnar. Séu öll þessi skilyrði fyllt, hefur stjórn kirkjubyggingasjóðs heimild — ekki skyldu, aðeins heimild til að lána fé úr kirkjubyggingasjóði til byggingar kirkna, sem eru í bændaeign, á sama hátt og ef um safnaðarkirkju væri að ræða. Nefndin telur sanngjarnt, að þessi heimild sé veitt, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

**Sigurður Ó. Ólafsson:** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 744 ber með sér, hef ég skrifað undir það og mælt með samþykkt þessa frv. án nokkurs fyrirvara. En mér þykir samt rétt að segja nokkur orð um þetta mál.

Eins og hv. frsm. gat um, er hér um að ræða breyt. á l. um kirkjubyggingasjóð. Lög um kirkjubyggingasjóð voru samþykkt á árinu 1954, og upphaflega voru þau borin fram þannig, að stofna skyldi kirkjubyggingasjóð og að ein millj. króna skyldi árlega lögð til sjóðsins úr ríkissjóði fyrstu 5 ár frá því að lögin tækju gildi, síðan hálf miljón í næstu 15 ár, þannig að á 20 árum yrði sjóðurinn búinn að fá frá ríkissjóði 12½ millj. kr. Í meðförum þingsins breyttist þetta á þann hátt, að ákveðið var, að ríkissjóður legði ½ millj. kr. á ári til sjóðsins í 20 ár og byrjaði á árinu 1955. Með þessu var upphaflega upphæðin færð niður um 2½ millj. kr., og er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Vitanlega minnkuðu með þessu möguleikar sjóðsins til þess að gegna hlutverki sínu, þ. e. að hjálpa söfnuðum landsins að byggja kirkjur sínar. En lögin um kirkjubyggingasjóð voru miðuð við safnaðarkirkjur eingöngu, og var það hugsun flm., að bændakirkjur, þ. e. kirkjur, sem eru í einkaeign, fengju ekki lán úr sjóðnum, nema þær yrðu eign safnaðanna. Var hugmyndin með þessu að ýta undir það, að söfnuðirnir tækju kirkjurnar að sér og smám saman yrðu allar kirkjur á landinu eign safnaðanna. En það er ekki svo enn. Svo sem segir í aths. við frv. þetta á þskj. 255, eru 30 kirkjur á landinu enn í bændaeign. Nú er með þessu frv. gert ráð fyrir, að þessar kirkjur skuli njóta lána úr kirkjubyggingasjóði. Ég vil geta þess, að nú liggja fyrir hjá stjórn kirkjubyggingasjóðs frá kirkjum, sem rétt eiga á lánum samkvæmt lögum um kirkjubyggingasjóð, umsóknir, sem nema 2 millj. kr. Þetta segir, að tillag næstu 4 ára fer til að anna þeim lánbeiðnum, sem nú þegar liggja fyrir. Þessar upphæðir eða umsóknir frá kirkjunum eru miðaðar við það, að þeim séu veitt lán nákvæmlega eftir því, sem frv. segir til um, og er það ekki nema lítill hluti af byggingarkostnaði kirknanna. Þar sem þetta liggur nú fyrir, þá er augljóst, að samþykkt þessa frv. mundi hafa það í för með sér að draga úr getu sjóðsins að styðja að kirkjubyggingum í landinu. En þar sem hér er aðeins um heimild að ræða, og gera má ráð fyrir, að stjórn kirkjubyggingasjóðs láti safnaðarkirkjur ganga fyrir um lán, verða lög þessi að litlu gagni fyrir þær kirkjur, sem hér er um að ræða, nema sjóðurinn verði efldur frá því, sem nú er. Ég vakti máls á þessu við meðferð málsins í menntmn. Ég lýsti þá yfir, að ég vildi ekki verða til þess að mæla á móti því, að þetta frv. yrði samþykkt, m. a. vegna þess, að mér þykir það ekki óeðlilegt og getur verið í mörgum tilfellum nauðsynlegt að hjálpa þeim bændum, sem eiga kirkjur, að endurbyggja þær. En ég vildi láta þetta álit mitt og þessi orð mín koma fram hér til þess að undirstrika það, að til þess að þetta frv. nái tilgangi sínum, þ. e., að mögulegt verði að veita bændakirkjum lán úr kirkjubyggingasjóði auk safnaðarkirkna, sem hann var upphaflega settur til að gera, þarf vitanlega aukið fé í sjóðinn, a. m. k. fyrstu starfsárin, og ég vil láta þá einlægu ósk mína í ljós við þessa umr. núna, að þeir hv. þm., sem hafa beitt sér fyrir því að koma þessu frv. fram, verði hjálplegir um það, að sjóðurinn fái auknar tekjur og það strax á næsta ári, því að eins og ég hef tekið fram, nær þetta frv. þeirra ekki tilgangi sínum, nema aukið fé fáist til sjóðsins og hann verði þess umkominn að gegna hinu merka hlutverki sínu að styðja að kirkjubyggingum í landinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 761).

---

## 72. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 24. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum** [121. mál] (þmfrv., A. 251).

Á 28. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Eggert Þorsteinsson):** Herra forseti. Eins og fram er tekið í grg. þessa frv., sem ég hef leyft mér að flytja hér í hv. þd. á þskj. 251, er frv. þetta fyrst og fremst flutt til þess að tengja á raunhæfan hátt lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum sjálfu verkafólkinu og vinnuveitendum, sem felst í því, að tekið verði inn í

lögin það ákvæði, sem upphaflega hafði verið ráð fyrir gert, um öryggisráð, ásamt ýmsum smærri breytingum um skýrara og ákveðnara orðalag 2. gr. núgildandi laga.

Í upphafi þessa þings lagði ég fram í Sþ. nokkrar spurningar varðandi setningu reglugerðar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í III. kafla laganna um öryggisráðstafanir á vinnustöðum til verndar heilbrigði og velferð verkamanna. Í svörum sínum lýsti hæstv. iðnmrh. því skýrt og skilmerkilega, hve hér væri um viðamikið og yfirgripsmikið mál að ræða, sem þyrfti mjög ýtarlegrar athugunar við. Það skal ekki dregið í efa, að margt þurfi að athuga og að mörgu að hyggja, þegar slík reglugerð er samin, en undirstaða allra þeirra athuguna hlýtur þó óhjákvæmilega að verða gerð í samráði og að fengnum till. verkamanna og vinnuveitenda. En hefur það verið gert? Nei, því miður ekki. En ég þykist þó vita, að einhverjir slíkir tilburðir muni hafðir uppi að lokum.

Alþýðusambandið og nokkur samtök vinnuveitenda munu fyrir um það bil einu og hálfu ári hafa tilnefnt fulltrúa af sinni hálfu, að ósk öryggismálastjóra, til þess að eiga viðræður um þessi mál. Enn þá hefur ekki verið boðað til fundar með þessum aðilum. Hvort sem það verður nú gert eða ekki, breytir það ekki þeirri staðreynd, að slík mál þýðir ekki að hafa sem neina tómstundastarfsemi þeirra fulltrúa, sem bezt þekkja til.

Það er ekki heldur fullkomin skipan þessara mála, að einungis við setningu reglugerða séu þessir aðilar kvaddir til ráðagerða. Sjálfa framkvæmd öryggisráðstafananna og viðbrögð gegn slysum á viðkomandi vinnustað, sem ef til vill er ekki mögulegt að gera ráð fyrir í reglugerð, verður öryggisráð tafarlaust að taka til meðferðar og gera sínar gagnráðstafanir. Það er þess vegna engin fullkomnun, þó að framangreindir aðilar verði kvaddir saman til þess að fjalla um nánari útfærslu laganna, sem að sjálfsögðu er þó undirstaðan. Það verður jafnframt að skapa þeim möguleika til þess að hafa yfirsýn með hinum raunhæfu framkvæmdum og úrlausnum vandamálanna hverju sinni.

Í grg. frv. er vísað til ályktunar, sem samþ. var á nýafstöðnu þingi Alþýðusambandsins, og vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana hér upp orðrétta, en hún hljóðar þannig:

„24. þing Alþýðusambands Íslands vítir harðlega þann óafsakanlega drátt, sem orðið hefur á löggjöf um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, að lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hafa ekki komið til framkvæmda. Jafnframt skorar þingið á hv. Alþingi og iðnmrh. að flýta eins og unnt er samningu reglugerðar um þetta atriði og láta hana koma til framkvæmda hið fyrsta. — Þá skorar 24. þing Alþýðusambands Íslands á Alþingi að samþykkja, að inn komi í lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum kafli um öryggisráð, er var í frv. að lögum þessum, er milliþn. lagði það fyrir Alþingi, svo og að sæti eigi í öryggisráði fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands og læknir með sérþekkingu í atvinnusjúkdómum.“

Ályktun þessi var samþ. með samhljóða atkvæðum á fjórða hundrað fulltrúa í umboði 27 þús. verkamanna um land allt. — Ég efast ekki heldur um, að fullur áhugi fyrir framgangi þessara mála er í röðum atvinnurekenda, enda er það sannast sagna, að þeir munu ekki eiga minna undir því komið, að vel og örugglega sé á málum þessum haldið.

Í 7. gr. frv. er lagt til, að öryggisráðið verði skipað fjórum mönnum af ráðherra samkv. tilnefningu til sex ára í senn, en ráðherra skipi oddamann, sem jafnframt væri form. ráðsins, en með þeirri kvöð þó, að það væri læknir með sérþekkingu í atvinnusjúkdómum. Hina fjóra ráðsmennina skyldu eftirtaldir aðilar tilnefna: Alþýðusamband Íslands, sem yrði fulltrúi ófaglærðra verkamanna, Félag íslenzkra iðnrekenda, sem að sjálfsögðu yrði fulltrúi þeirrar tegundar atvinnurekenda; Landssamband iðnaðarmanna, sem að mestu samanstendur nú af iðnmeisturum, yrði því fulltrúi þeirra atvinnurekenda; og iðnsveinaráð Alþýðusambandsins, sem yrði fulltrúi faglærðra verkamanna. Þá er og til þess ætlazt, að jafnmargir varamenn yrðu skipaðir á sama hátt.

Breytingarnar, sem farið er fram á með till. um 11. gr., 40. gr. og 45 gr. laganna, þurfa ekki skýringar við. Þær eru nánast í beinu framhaldi þeirra breytinga, sem lagðar eru til með tilkomu öryggisráðsins, með 44. gr. laganna.

Breytingar frv. í heild miða að því fyrst og fremst, að lögin verði í lifandi og nánu sambandi við þá aðila í þjóðfélaginu, sem þau eiga að veita aukið öryggi.

Tímaritið „Íslenzkur iðnaður“, 24. tbl., birtir viðtal við Þórð Runólfsson öryggismálastjóra, þar sem hann skýrir á greinargóðan hátt nauðsyn þess, að haft verði náið samband við vinnustaðina, en sem svar við einni spurningu blaðamannsins segir öryggismálastjóri orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í flestum tilfellum fær eftirlitið ekkert um slys að vita, fyrr en það fréttir um þau í blöðunum eða á annan hátt. Að sjálfsögðu framkvæmir eftirlitið rannsókn á öllum slysum, sem það kemst á snoðir um, en það eru ekki nema alvarlegustu slysin.“

Í sama viðtali segir öryggismálastjórinn:

„Ég hef í hyggju að reyna að koma af stað hreyfingu meðal starfsmanna á ýmsum vinnustöðum, sérstaklega þar sem vinnutaps hefur orðið tilfinnanlega vart sökum vinnuslysa, í þá átt, að starfsmenn sjálfir reyni að forðast óhöppin með varúð og betri umgengni.“

Þetta er umsögn þess manns, sem mesta og bezta yfirsýn ætti að hafa yfir ástand þessara mála í dag.

Ég ætla mér ekki að leggja út af þessari umsögn á einn eða annan hátt. Það eruð þið, hv. alþm., einfærir um. En óhjákvæmilega hlýtur sú spurning að skjóta upp kollinum, hvort þetta sé það ástand, sem til var ætlazt með setningu laganna fyrir tveimur árum. Fyrir mitt leyti svara ég þeirri spurningu neitandi. Engin reynsla knýr því á um úrbætur í þessum málum, — þær úrbætur a. m. k., sem frv. þetta felur í sér. Verkalýðshreyfingin fer hér því ekki fram á neinar kauphækkanir, sem raska mundu fjárhagsáætlun

ríkissjóðs. Það eitt, sem hún mælist til, er, að reynslan hafi fært Alþingi heim sanninn um, að dýrmætasti fjársjóður þjóðarinnar, mannslífin, sé ekki nægjanlega tryggður og þess vegna beri að stíga eitt spor í áttina til aukins öryggis þessara verðmæta með því að samþykkja frv. þetta.

Af talsmönnum stjórnmálaflokkanna allra er ósjaldan skírskotað til dómgreindar íslenzkrar alþýðu. En eigi að fella eða svæfa öll þau mál, sem fram eru borin í hennar þágu og þjóðarinnar allrar, er þess vart að vænta, að hún taki alvarlega, þegar hrópað er á skilning hennar og dómgreind til framdráttar ákveðnum málum. Í trausti þess, að þetta mál hljóti skilning og velvild hv. þdm., óska ég, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn., er afgreiði málið eins fljótt og unnt er, þannig að það hljóti fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 251, n. 689).

**Frsm. (Eggert Þorsteinsson):** Herra forseti. Á öndverðu yfirstandandi þingi flutti ég frv. til l. um breyt. á l. um öryggisráðstafanir, nr. 23 frá 1. febr. 1952, á þskj. 251. Skömmu síðar var málinu vísað til hv. iðnn. Nd. og hefur verið í athugun þar síðan. N. leitaði umsagnar allmargra aðila, eða allra þeirra aðila, sem málið snertir sérstaklega, a. m. k. þeirra, sem um getur í frv. að verði væntanlegir aðildaraðilar að hinu fyrirhugaða öryggisráði, og liggja nú fyrir umsagnir allra þessara aðila að undanskildum einum, þ. e. Landssambandi iðnaðarmanna.

Ég held, að það sé ekki þörf á því á þessu stigi málsins, að farið sé að lesa sérstaklega upp umsagnirnar, en í stuttu máli mæla allir þessir aðilar með samþykkt frv. og telja það til mikilla bóta. Hefur öryggismálastjóri sérstaklega samið um þetta allýtarlegt og langt bréf, þar sem hann lýsir stuðningi sínum við frv., en óskar þó jafnframt eftir því, að tvær breytingar verði á frv. gerðar, og gat n. í heild fallizt á aðra brtt., þ. e. að í stað „Landssambands iðnaðarmanna“ komi: Vinnuveitendasamband Íslands, sem sé fulltrúi fleiri eða stærri aðila í samtökum atvinnurekenda en þó Landssamband iðnaðarmanna er. Og þar sem vitað er, að meginhluti þeirra, sem í Landssambandinu eru, eru einnig meðlimir Vinnuveitendasambandsins, taldi n. rétt og eðlilegt að verða við þessari ósk öryggismálastjóra. Um aðrar brtt. hans varðandi breytingu á núgildandi lögum um það efni og þó sér í lagi um innheimtufyrirkomulag varð hins vegar ekki samkomulag í n., og er því ekki flutt brtt. um það. Hins vegar hefur verið gerð nokkur breyting á fyrri brtt. minni við 11. gr. laganna, og er sú breyting aðallega í því fólgin, að ég hafði í minni till. um 11. gr. stuðzt við upphaflegt frv. laganna, sem flutt var hér af þáverandi iðnmrh., Emil Jónssyni, en hins vegar var samkomulag um það í n. að samræma það nokkuð við lögin eins og þau eru nú, en um verulega breytingu er þar ekki að ræða.

Ég tel ekki þörf á því, nema sérstaklega gefist tilefni til, að lesa allar umsagnir þessara aðila. Þeir mæla allir með því, eins og ég sagði, og benda hver á sinn hátt á nauðsyn þess, að frv. nái fram að ganga. Hins vegar vil ég í lok máls míns þakka samnefndarmönnum mínum fyrir afgreiðslu málsins og vona, að málinu verði hraðað svo sem unnt er, þannig að það megi ná endanlegri afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Að öðru leyti vísa ég til framsöguræðu minnar fyrir frv. sjálfu í heild, er ég flutti, þegar málinu var útbýtt, og nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga, og vona, að hv. þdm. og alþm. allir verði mér sammála um nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga sem allra fyrst, því að hér er vissulega um mjög veigamikið atriði að ræða hvað snertir hag og heill hinna vinnandi stétta og þá einnig hag atvinnurekendanna, að koma mætti í veg fyrir þau geigvænlegu slys, sem allt of oft eiga sér stað á vinnustöðunum.

Að svo mæltu óska ég eftir því, að málinu verði, eins og ég áðan sagði, hraðað eftir föngum, þannig að það nái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.
Brtt. 689,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 689,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 725).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 82. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 725, n. 790).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Kristinn Gunnarsson):** Herra forseti. Þetta frv. til l., sem hér er á þskj. 725,

er hingað komið frá Nd. Aðalefni þess, má segja, að sé að styrkja yfirstjórn öryggismálanna á tilteknum vinnustöðum, og er það sett til styrktar þeirri löggjöf, sem þegar er í gildi um þau atriði, og enn fremur til þess að treysta ýmis atriði í þeirri löggjöf, sem eiga að vera til í reglugerðum, en hafa ýmist ekki verið sett í reglugerð eða ekki verið framkvæmd sem skyldi. — Það er sem sagt ætlunin að leggja frekari áherzlu á en gert hefur verið að fá þessi atriði fram, sem áttu að koma í reglugerð, en hafa ekki komið, og svo einnig að styrkja yfirstjórn þessara mála með því að setja upp sérstakt öryggisráð til að styrkja þá yfirstjórn þessara mála, sem núna er í höndum öryggismálastjóra.

Það má að vísu deila um það, ef sett er öryggisráð yfir þær vinnustöðvar, sem hér eru tilteknar, aðallega verksmiðjuiðnaðinn, hvort það ætti að ná eitthvað víðar. En þar sem hér er um nýjung að ræða, má líta á það sem tilraun að skipa þetta öryggisráð á þann veg, sem hér er lagt til, þ. e. a. s. með fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands annars vegar og hins vegar frá Félagi ísl. iðnrekenda og Vinnuveitendasambandi Íslands, þar sem ráðh. skipar oddamann.

Það eru ríkar ástæður til að halda, að í samvinnu milli fulltrúa þessara tveggja aðila, vinnuseljenda og vinnukaupenda, séu meiri líkur til þess, að hægt sé að koma með góðri samvinnu og samkomulagi þessum málum í viðunandi horf og betra horf en þau eru í nú, og ef sú verður reynslan, þegar þar að kemur, ef þetta frv. verður gert að lögum, þá mætti auðveldlega færa þessa skipun mála á víðari vettvang.

Ég skal ekki hafa þessa framsöguræðu hér mjög langa. Ég tel sem sagt, að þetta tvennt sé aðalefni frv., að fá inn í lög nokkur atriði, sem gert var ráð fyrir að yrðu sett í reglugerð, en hefur ekki verið gert, og annars vegar að gera hér nýja tilhögun í tilraunaskyni um að láta fulltrúa vinnuveitenda annars vegar og launþega — verkamanna — hins vegar bera ábyrgð á því, að öryggismál séu í lagi á vinnustöðum.

Þegar málið var tekið til meðferðar í gærmorgun í iðnn. hv. deildar, náðist ekki um það fullt samkomulag. Nál. meiri hl. er hér komið fram, en hv. þm. Barð. (GíslJ) var ekki sammála meiri hl. í þessu, og eins og fram hefur komið hér, var ætlunin að skila séráliti, sem hefur því miður ekki unnizt tími til vegna naums tíma að koma fram.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Þó að ég sé með lagafrv., sem hér er um ræða, eins og það liggur fyrir, og hafi skrifað undir nál., þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að hér er um að ræða nýja meðferð mála á þingi. Ég minnist þess ekki þessi ár, sem ég hef átt þar sæti, að það hafi verið afgr. frá þinginu lög, sem hafa verið í nefnd, nema það hafi komið nál. frá báðum aðilum, hafi nefnd klofnað. Hér fær maður einungis að sjá aðra hlið málsins. Maður veit ekkert, hvað minni hl. leggur til málanna að neinu leyti, og þetta er mjög óvenjuleg málsmeðferð. **(Dómsmrh.:** Vita nefndarmenn það ekki einu sinni sinni?) Nefndarmenn, jú. Ég tala hér sem þingmaður, en ekki fyrir nefndina. — Ég er þess vegna ákaflega efinn í, að það eigi að gefa þetta fordæmi, að afgreiða lög frá Alþ. án þess að heyra álit minni og meiri hl., þegar n. er klofin, og ég vil leyfa mér að vekja athygli á því. Ég tel það nokkuð hættulegt fordæmi og sýna nokkra tilhneigingu til einræðis.

**Forseti (GíslJ):** Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. vil ég geta þess, að ég á sæti í n. og gat ekki fylgt meiri hl. og skýrði þá frá því, að það gæfist ekki tími til hvorki að gefa nál. út né ræða svo umfangsmikið mál hér á síðustu stundu. Ef það er ósk hv. meðmn., að málinu sé frestað, þá skal ég verða við þeirri ósk, en ég mun ekki beita forsetavaldi til þess að stöðva málið vegna þess, að ég hef sjálfur klofið n.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að þetta er næstsíðasti dagur þingsins og fyrir liggur, að því er mér virðist mega ætla, greinilegur þingvilji um afgreiðslu þessa máls nú á þessu þingi. Ef sú regla væri tekin upp, sem hv. 1. þm. N-M. virðist vilja halda sér að, að afgreiða ekki mál, þegar minni hl. hefur ekki gefið út nál. af einum ástæðum eða öðrum, þá er svo að segja hverju máli stefnt í voða, því að minni hl. getur alltaf, hversu lítill sem hann er, notað þá aðstöðu til þess að tefja afgreiðslu mála með því að skila ekki nál. og þar með komið í veg fyrir, ef þessari reglu er fylgt, að mál, sem þingvilji er fyrir, nái afgreiðslu. Ég leyfi mér því að treysta réttdæmi hæstv. forseta í þessu og hann fresti ekki málinu, heldur láti það ganga sinn gang, þar sem svo áliðið er þings sem nú er orðið og ætla má, að eindreginn þingvilji sé fyrir afgreiðslu málsins.

**Forseti (GíslJ):** Eins og ég tók fram áðan, mun ég ekki beita forsetavaldi til þess að stöðva málið. Ég tel ekki, að það sé hægt að ásaka n. fyrir að hafa haldið málinu hjá sér. Hún fékk það aðeins einn dag til meðferðar, tók það strax og hélt fund um málið og eins og ég tjáði áðan, gafst enginn tími til þess að gefa út nál. og því síður til þess að ræða slíkt ágreiningsmál. Ég hef því tekið þann kostinn að stöðva ekki málið. Það liggur fyrir hv. deild, hvort hún vill samþykkja málið eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (793).

## 73. Kaup á Dísastöðum í Breiðdal.

Á 70. fundi í Ed., 18. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal** [192. mál] (þmfrv., A. 586).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Jörðin Hóll í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu er ríkiseign. Þessi jörð var byggð úr landi Dísastaða laust fyrir aldamótin síðustu. Jörðin er fremur landlítil, einkum skortir ræktunarland. Síðasti ábúandi á Hóli hafði Dísastaðina undir, enda var sú jörð þá í eigu tengdasonar ábúandans. Nú eru að verða þarna mannaskipti; nýr ábúandi kemur á jörðina Hól í vor. Hann telur, að mjög örðugt sé að búa á Hóli án þess að not Dísastaða fylgi.

Nú eru á Hóli allsæmileg hús, nýlegt íbúðarhús og önnur hús einnig mjög sæmileg. Það virðist þess vegna ekki óeðlilegt, að ríkið kaupi, ef um semst, eyðijörðina Dísastaði og tryggi með því aðstöðu til framtíðarbúrekstrar á jörð sinni, Hóli.

Landnámsstjóri mælir með þessum kaupum. Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 586, er prentað sem fskj. bréf landnámsstjóra, þar sem aðstæður eru skýrðar ýtarlega. Ég sé ekki ástæðu til að tefja tíma deildarinnar við að endurtaka þær skýringar, sem þar er að finna.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. landbn. að umr. lokinni.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Mig langar til, áður en þetta mál kemur til nefndarinnar, að fá ofur lítið meiri upplýsingar hjá hv. flm.

Einhvern tíma snemma á 18. öldinni voru 10 hundruð úr Dísastöðum gefin Vopnafjarðarhreppi. Í tíð núlifandi manna hefur þessi gjöf ekki komið til framkvæmda, a. m. k. ekki á þann hátt, að Vopnafjörður hafi fengið nokkurt afgjald þaðan. Hins vegar hefur bóndinn, sem bjó á Dísastöðum fyrst í sýslumannstíð Magnúsar Gíslasonar sýslumanns í Suður-Múlasýslu, aldrei talið sig eiga 10 hundruð úr Dísastöðum. Hann sagði, að það væri sjóðeign og hann ætti það ekki, og taldi það aldrei sem sína eign. Mig langar til að vita, hvað hann vissi um þetta, hvort það hefði farið þarna fram sala og hvenær og annað þar að lútandi, því að það er náttúrlega ekki hægt fyrir ríkið að kaupa jörð af manni, sem ef til vill á ekki í henni 10 hundruð.

Magnús sýslumaður, meðan hann var í Suður-Múlasýslu, vissi ekki til þess, að þessi 10 hundruð höfðu verið seld, og hélt, að það hefði bara gleymzt svona af trassaskap, eins og getur komið fyrir, að Vopnafjarðarhreppur var hættur að hirða nokkuð um þessa eign sína.

**Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Ég er því miður ekki svo vel að mér, að ég geti gefið upplýsingar um þetta atriði nú, og treysti mér illa til að afla þeirra á meðan þessi 1. umr. stendur. Hins vegar vænti ég, að það sé hægt að fá þessar upplýsingar, áður en málið hefur fengið afgreiðslu í hv. nefnd og kemur hér til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 586, n. 687).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. *Dísastöðum í Breiðdal er í raun og veru* orðið skipt í þrjár jarðir. Við 1. umr. þessa máls hér spurði ég um, hvernig væri með eignarheimild á 10 hundruðum af jörðinni, sem sjóðanefndin hefur upplýst að hafi verið gefin Vopnafjarðarhreppi til almenningsþarfa, og eins og þá stóð, var ekki hægt að upplýsa það. En nú hefur þetta mál skýrzt að því leyti, að þessir upprunalegu Dísastaðir, sem þá voru um 30 hundraða jörð, eru skiptir í þrennt, Dísastaðahól, sem ríkissjóður á og byggt hefur verið á gott steinhús, Dísastaði, sem eru í eyði og eru eign manns, sem nú er búsettur hér í Rvík, og Dísastaðasel, sem hefur skipt um nafn og fengið nafnið Skarð og nú er byggt aftur eftir að vera búið að vera í eyði nokkur ár.

Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort á að samþykkja það, að ríkisstj. kaupi Dísastaði, þ. e. þriðjunginn af þessari gömlu Dísastaðajörð, sem nú er í eyði, og leggja hana undir Hól, jörðina, sem ríkið á — eða þann hlutann, sem ríkið á. Það liggur fyrir með frv. umsögn frá Pálma Einarssyni landnámsstjóra, þar sem hann mælir með þessum kaupum, og getur hann þess í sinni umsögn að sér þyki það verð, sem jörðin hafi verið boðin fyrir, of hátt, og nefnir í því sambandi, að hann telji hæfilegt verð 16—20 þús. kr. Samkvæmt fasteignamatinu gamla, sem gert var 1942, er land jarðarinnar metið á 2600 kr., húsalaust, og það er þá dálítið sýnishorn af því, hvað Pálmi telur að rétt sé að hækka landverð þar í sveit mikið, hvaða verð honum finnst sanngjarnt, og til athugunar fyrir þá, sem vilja ekki láta fasteignamat hækka neitt, þegar nýja fasteignamatið fer fram.

Við sendum málið til umsagnar þeirri ráðuneytisdeild, sem hefur með opinberar jarðeignir að gera, og þeir eru á sama máli og landnámsstjóri um, að það sé rétt, að ríkið kaupi jörðina. Landnámsstjóri færir það til sem rökstuðning fyrir því, að það sé hægara, þegar land þessara tveggja jarða sé sameinað, að skipta því aftur á eðlilegan átt til þess síðar að gera úr jörðunum tvær sjálfstæðar jarðir.

Eftir að þessir tveir aðilar, landnámsstjórinn og stjórn jarðeigna ríkisins, leggja þetta til, þá getur n. ekki út af fyrir sig lagt á móti því eða vill ekki gera það. Hins vegar finnst henni, að þar sem nú sé fyrir dyrum að gera nýtt fast-

eignamat, þá sé engin ástæða til annars en að leggja til grundvallar kaupunum það mat, sem þá kemur á Dísastaðina. Þegar lögin um jarðakaupasjóð ríkisins voru samþykkt, og þau eru reyndar í gildi enn, var heimilt að kaupa jarðir, en enga fyrir ofan fasteignamat. Eins gæti komið til mála að setja það beint inn í frv., að jörðin skyldi keypt eftir því mati, sem hún fengi með hinu nýja fasteignamati, sem nú liggur fyrir dyrum að gera. Nefndin hefur þó ekki gert þetta enn, en mun athuga það á milli 2. og 3. umr., hvort ekki sé rétt að bæta inn í frv. ákvæði um það, að jörðin skuli kaupast fyrir væntanlegt fasteignamat.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 586, 697).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Ég gat þess í gær, þegar þetta mál var til 2. umr., að landbn. hefði til athugunar að gera við það brtt. og staðfesta með því það, sem við segjum í nál., þar sem við teljum, að eðlilegt sé, að við söluna sé tekið tillit til væntanlegs fasteignamats á þessari eyðijörð. Við höfum þess vegna í áframhaldi af því, sem ég þá sagði, leyft okkur að bæta við 1. gr. eins og segir á þskj. 697: „Kaupverðið skal miða við væntanlegt fasteignamat.“ Ég minntist á þetta í gær og tel mig ekki þurfa að gera frekari grein fyrir því. Þegar t. d. lög um jarðakaup ríkisins voru samþ., var kaupverðið miðað við fasteignamat, og það er yfirleitt gert. Undantekningar eru þar, sem ríkissjóður vegna einhverra almennra þarfa þarf að fá land, eins og þegar Hvammstangi var keyptur og Hofsós var keyptur o. s. frv., lóðirnar undir kaupstöðunum, þá hefur farið fram sérstakt mat. En að öðru leyti hefur verið miðað við venjulegt fasteignamat, og það finnst okkur eðlilegt að hér sé gert.

ATKVGR.
Brtt. 697 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 720).

Á 84. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 720, n. 785).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Bjarnason):** Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og hefur verið sent til umsagnar dóms- og kirkjumrn., og hefur það fyrir sitt leyti mælt með sölu þessarar jarðar. Enn fremur fylgdi frv. upphaflega grg. frá landnámsstjóra, og getur hann einnig mælt með sölunni fyrir sitt leyti. Landbn. mælir því einróma með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 89. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 794).

# Önnur mál.

## I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 57. fundi í Sþ., 9. maí, voru teknar á dagskrá:
**Almennar stjórnmálaumræður** (útvarpsumr.).

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Samkvæmt þingsköpum á eldhúsdagsumræða að fara fram í sambandi við 1. umr. fjárlaga. Hin síðari ár hefur þessu oft verið frestað þangað til fjárlögin hafa verið afgreidd við 3. umr., enda hafa þá þinglok oftast verið nærri. En ástæðan til þessarar frestunar hefur þá verið sú, að betur hefur sézt undir þinglokin, að hverju ríkisstj. stefndi með afgreiðslu hinna þýðingarmestu mála.

Í þetta sinn var vitað, að þinginu mundi verða lengi fram haldið, eftir að lokið var afgreiðslu fjárlaganna, og þá eins og vant er afgreiðslu stóru málanna frestað þangað til. Ríkisstj. hafði lýst því yfir, að hún mundi nú á þessu þingi leggja fram frv. um varanlega lausn á því öngþveiti, sem ríkt hefur í húsnæðismálunum. Enn fremur var vitað, að draga mundi til nokkurra átaka um kaup og kjör verkamanna á þessu tímabili og að þingið mundi vart verða sent heim fyrr en sæist fyrir endann á þeim deilum. Þótti því rétt, þar sem hér var um tvö mjög stór mál að ræða og miklu skipti, hvernig ríkisstj. og stuðningslið hennar stæðu að lausn þeirra, að fresta eldhúsdagsumræðunum þangað til séð yrði fyrir endann á þessum málum báðum, og því fara þær nú fram síðar en nokkru sinni áður, síðustu daga þings.

Ég get ekki stillt mig um, áður en að þessum málum verður vikið, að minnast hér í upphafi nokkuð á fjárlagaafgreiðslu síðustu ára, því að í henni speglast frekar en í afgreiðslu nokkurs máls annars höfuðstjórnarstefnan.

Hæstv. fjmrh. lýsti því hér yfir í ræðu, sem hann flutti 28. febr. s. l., að tekjur ríkissjóðs s. l. ár hefðu numið hálfum milljarð króna og 37 milljónum þó betur. En það er 94 millj. kr. hærri upphæð en gert er ráð fyrir í fjárlögum þess árs. Á það var þó bent, þegar þessi fjárlög voru til umr., að tekjurnar væru þar allt of lágt áætlaðar, væri því hægt að gera eitt af tvennu, annaðhvort að áætla mjög ríflegar viðbótarupphæðir til nauðsynlegra framkvæmda eða að fella niður einhvern óvinsælan skattinn eða tollinn, sem tekinn er af landsfólkinu. Hvorugt þetta var þó gert, heldur höfðinu barið við steininn og fullyrt, að ekki væri varlegt að áætla tekjurnar hærri. Ekki hafði þó reynsla ársins þar á undan verið slík, að hún gæfi tilefni til þessarar varfærni. Umframtekjur ársins 1953 urðu nefnilega nálega hinar sömu og s. l. ár eða litið eitt undir 100 millj. kr. Sumir kunna nú að telja, að það sé hin æðsta fjármálaspeki að tryggja afkomu ríkissjóðsins á þennan hátt, með því að áætla tekjur hans svo óhóflega lágar, að þær fari 21% fram úr hinum mjög svo myndarlegu upphæðum fjárlaganna, og hafa skatta og tolla, sem á almenning eru lagðir, tilsvarandi óþarflega háa. En á því máli eru þó vissulega tvær hliðar. Önnur, sem veit að ríkissjóðnum, sú að geta gefið ríkisstj. tækifæri til að inna af höndum ýmsar greiðslur umfram það, sem fjárlög ákveða, og það getur verið ánægjulegt fyrir ríkisstj. og skjólstæðinga hennar. Hin hliðin snýr aftur á móti að skattþegnunum, og hún er sannarlega ekki eins ánægjuleg, þar sem nú eru teknar af almenningi svo háar upphæðir í sköttum og tollum, að naumast verður eftir nægilegt til framfæris, þó að tekjurnar í krónum talið séu orðnar æði myndarlegar. Þessi tekjuöflun ríkissjóðsins umfram fjárlög er nú orðin svo hroðaleg og tillitslaus við hagsmuni almennings, að þangað má rekja eina aðalorsökina til þess, að launastéttirnar hafa orðið að rísa upp til þess að fá kjör sín bætt með hækkuðu kaupgjaldi, sem þó hefur ekki tekizt nema með langvarandi verkfalli og miklum fórnum, sem um leið hafa orðið framleiðslustarfsemi þjóðarinnar til stórhnekkis.

Einn uppáhaldsskattur ríkisstj. heitir söluskattur. Hann er lagður á nálega alla vörusölu og þjónustu í landinu og stundum marglagður á sömu vöruna. Hann var á sínum tíma tekinn upp til að komast hjá gengislækkun. Þegar gengislækkunarleiðin þrátt fyrir það var valin 1950, hefði þessi skattur eðli málsins samkvæmt átt að leggjast niður. En honum var þá haldið, og honum er enn haldið. Þessi skattur gefur ríkissjóði um 100 milljónir kr. á ári eða svipaða upphæð og umframtekjurnar nema. Það virðist því ekki út í bláinn, þegar lagt hefur verið til þing eftir þing, að söluskatturinn verði felldur niður. En það hefur aldrei fengizt gert. Hverju mundi það þá nema fyrir almenning í landinu, ef þessi skattur yrði felldur niður? Maður getur gert sér svolitla hugmynd um þetta með eftirfarandi dæmi:

Launþegasamtökin í landinu eða mjög verulegur hluti þeirra hefur nú staðið í 6 vikna verkfalli. Kauphækkun sú, sem náðist með því, nem-

ur yfirleitt um 10%. Launþegar í Alþýðusambandi Íslands munu vera um 27 þús. talsins samtals. Ef þeim öllum eru gerð meðallaun 30 þús. kr. á ári, sem ég tel mjög sómasamlega áætlað, þar sem þarna er bæði um konur og unglinga að ræða, nemur heildarlaunagreiðslan til allra þessara 27 þús. manna um 800 millj. kr. á ári. Ef gert er nú ráð fyrir, að þeir fái allir 10% hækkun, eins og fengizt hefur fram í verkfallinu, þá mundi það nema 80 millj. kr. eða æði miklu lægri upphæð en söluskatturinn einn nemur. Þannig var sú hliðin, sem að verkalýðnum snýr. Og hvort mundi hafa orðið affarasælla fyrir útflutningsatvinnuvegi landsins, skulum við segja, að afnema söluskattinn eða hækka allt kaupgjald fyrst um 10%, að viðbættum 3% í orlof, veikindi og atvinnuleysistryggingu, og taka síðan á sig þá hækkun vísitölu, sem kauphækkunin er talin munu leiða af sér eða um 11—12 vísitölustig, sem væntanlega nemur þá ekki staðar við þá hækkun?

Í sambandi við þessa skattpíningu ríkissjóðs má einnig geta þess, að ríkisstj. hefur horft upp á og samþykkt og meira að segja beitt sér fyrir ýmsum hækkunum, sem hún hefði átt að geta komið í veg fyrir, svo sem hækkun á rafmagni, hækkun vaxta og margt fleira, en verð á rafmagni í heildsölu frá virkjunum hefur hækkað stórkostlega að undanförnu, og ríkisstj. hefur beinlínis beitt sér fyrir almennri vaxtahækkun í landinu. Hér við bætist svo loks afnám laganna um hámarksálagningu, sem einnig er verk þessara stjórnarflokka, sem valdið hefur stórkostlegu misræmi, en þó yfirleitt hækkun álagningar og verðlags, eins og hinar fábrotnu skýrslur verðgæzlustjóra sýna.

Allt þetta hefur orðið til þess að ýta undir hina almennu verðhækkun í landinu, sem síðan hefur kallað á kauphækkun hjá verkafólki, til þess að það á þann hátt gæti freistað að jafna metin. Þáltill. um lækkun verðlags, sem borin hefur verið fram af hálfu Alþfl. í upphafi þessa þings, hefur verið svæfð, hún hefur ekki fengizt rædd fyrr en nú síðustu daga þingsins, og þá er henni vísað frá á venjulegan hátt.

Ég tel engan vafa á því, að ef ríkisstj. hefði viljað, hefði hún getað unnið á skynsamlegan og skipulagsbundinn hátt að því að halda verðlaginu niðri, og að það hefði orðið affarasælla en sú verðþensla, sem ríkisstj. nú beinlínis vinnur að markvisst, að því er virðist, og að sú stefna hefði orðið affarasælli bæði fyrir vinnandi fólk í landinu og fyrir atvinnurekendur. Hinu er ekki hægt að neita, að hæstv. ríkisstj. hefur náð mjög merkilegum árangri í þessari viðleitni sinni til að hækka verðlagið, því að Íslendingar munu nú eiga heimsmet í dýrtíðaraukningu, og er þá ekki alllítið sagt.

Svarið, sem oftast er á reiðum höndum, þegar að þessu er vikið, er venjulegast þetta: Hér gengur allt vel, allir hafa nóg að gera, afkoma manna þar af leiðandi góð, og þetta er aðeins nöldur manna, sem eitthvað eru að reyna að finna að, af því að þeir eru í stjórnarandstöðu, en ekki að hér sé um raunveruleg vandkvæði að ræða. En málið er, því miður vil ég segja, ekki svona einfalt. Atvinnulífið á Íslandi í dag er sjúkt. Það er engu líkara en hitasóttarsjúklingi. Verulegur hluti vinnandi manna hér er að vinna við annarleg störf, sem ekki heyra til íslenzku atvinnulífi. Þessi störf eru óviss og geta hvenær sem er dregizt saman og jafnvel orðið að engu. Sjávarútvegurinn er rekinn með styrkjum, beinum og óbeinum, svo að skiptir tugum milljóna króna, sem komast sennilega nú yfir 100 millj. árlega. Landbúnaðurinn á í vök að verjast og er þó með verðlag á sínum framleiðsluvörum, sem sennilega á óvíða sinn líka í heiminum. En það, sem sker úr um sjúkdómseinkennin, er hin öra fjárfestingarstarfsemi og kaup af öllu tagi í villtu kapphlaupi við verðbólguna. Allt vilja menn heldur eiga en peninga. Og hvað veldur þessu? Því er auðsvarað. Það er hin öra hækkun verðlagsins í landinu og hirðuleysi ríkisstj. um að halda því niðri.

Vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað um 62% síðan núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum 1950 og ákváðu hina miklu gengislækkun, sem þá var gerð, og enn er útlit fyrir, að vísitalan hækki um 11—12 stig, sem afleiðing af þeim kauphækkunum, sem nú hafa átt sér stað, og verður þá hækkunin 74%, miðað við árið 1950. Til samanburðar má geta þess, að í þau 5 ár, sem Alþfl. tók þátt í stjórnarstörfum, eða um jafnlangan tíma hækkaði vísitalan aðeins um 21% samtals. En þá var líka sýnd markviss viðleitni í að halda verðlagi í skefjum. Þessi hækkun nam að meðaltali um 4% á ári, sem þótti vissulega ærið, á móti 14—15% á ári nú, sem er allt að því fjórum sinnum meira. Menn eru kannske nú búnir að gleyma því, svo að það er rétt að rifja það upp til gamans, að svo miklu leyti sem um gamanmál getur verið að ræða í þessu sambandi, að þegar gengislækkunarlögin voru sett, var því haldið fram af þeim, sem að því stóðu, að gengislækkunin mundi valda um 11% verðhækkun, þar til jafnvægi yrði náð. Sjá nú allir, hvernig það hefur staðizt.

Ég skal þá koma lítils háttar að byggingarmálunum.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var því heitið, að eitt aðalverkefni hennar skyldi vera að skipa þeim málum varanlega í horf. Þetta hefur nú verið efnt, eftir að stjórnin hefur setið hátt á annað ár, á þann hátt, að ríkisstj. hefur í dag fengið samþ. frv. til laga um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga o. fl. Frv. þetta hefur allmikið verið rætt í blöðum, svo að ég geng út frá, að efni þess sé hlustendum í meginatriðum kunnugt, og skal ég ekki fara nákvæmlega út í að rekja það. En nokkur atriði verður að minnast á.

Það er þá fyrst, að varanlegri skipan er ekki komið á þessi mál en það, að þau eru ekki hugsuð nema til 2 ára og fé til framkvæmda er miðað við það tímabil. Yfirstjórn húsnæðismála á þó samkvæmt lögunum að kjósa til 6 ára, en það er líka það eina, sem hugsað er til langs tíma í lögunum.

Tvö vandamál eru það, sem efst eru á baugi í sambandi við húsnæðismálin. Annað er útvegun lánsfjár, en hitt, hvernig fátæku eða félitlu fólki sé gert kleift að byggja sér íbúðir með viðráðanlegum kostnaði. Fyrra atriðið er leyst þannig í frv., að Landsbanki Íslands tekur að sér að

sjá um útvegun á 100 millj. kr. hvort árið, sem varið skal til útlána með 7% vöxtum. Verulegur hluti þess fjár — eða rúmur helmingur — er þó ekki nýtt fé, heldur reiknað með að fá þessa upphæð frá sparisjóðum, lífeyrissjóðum, tryggingarfélögum og opinberum sjóðum, en þessir aðilar allir mundu án efa hafa lánað svipaða eða hærri upphæð til bygginga, þó að engin lög hefðu verið um það sett. En það er sjálfsagt að viðurkenna, að í þessu á að felast nokkur hækkun á fé til ráðstöfunar í þessu skyni. Á hitt verður þá líka að benda, að í þessu frv. eða lögunum, sem nú eru orðin, felst engin viðleitni til að hjálpa hinum efnalitlu til að eignast þak yfir höfuðið. Það vandamál er jafnóleyst og áður. Byggingarkostnaðurinn í þessu landi hefur vaxið með eindæmum. Íbúð, sem kostaði 12—15 þús. kr. fyrir stríð, kostar nú upp undir 200 þús. kr. Þessa smæstu tegund af íbúðum getur enginn reist eða keypt hjálparlaust, nema hann annaðhvort eigi verulega fjárhæð til að leggja fram í bygginguna, sem hann getur afskrifað um leið, eða að hann hafi geysiháar tekjur. Þar sem hvorugt þetta er fyrir hendi, eru engir möguleikar til bygginga fyrir tilstilli þessarar lagasetningar. Athvarf þessara manna hefur hingað til verið annaðhvort verkamannabústaðir eða að vinna sjálfir að byggingunum, þeir sem það geta og kunna, í fristundum, en mestur fjöldi manna getur ekki komið því við af mörgum ástæðum. Þrautalendingin fyrir þá hefur verið að fá íbúð í verkamannabústöðum, sem mörgum hafa hjálpað, *sérstaklega fyrr á árum*. Af *einhverjum* annarlegum ástæðum hefur nú um skeið verið búið þannig að þessari starfsemi, að hún hefur verið fullkomlega fjárvana og hefur alls ekki getað sinnt sínu hlutverki. Með þessari lagasetningu er engin trygging gefin fyrir lagfæringu á þessu ófremdarástandi. Eina byggingarstarfsemin í landinu, sem hefur verið þess megnug að sinna þörfum hinna efnalitlu, er skilin eftir.

Í báðum deildum þingsins hafa verið bornar fram brtt., sem fóru í þá átt að tryggja byggingarsjóði verkamanna nokkurn hluta af því fé, sem gert er ráð fyrir í lögunum að ráðstafa til byggingarstarfsemi í landinu, en þetta var fellt, og þetta gerist samhliða því sem frá því er skýrt í grg. frv., að mjög veruleg upphæð — eða 12 millj. kr. — hafi verið tryggð í svipuðu skyni til byggingarsjóða sveitanna. Þetta er svo himinhrópandi ranglæti, að við það er á engan hátt hægt að una. Útvegun dýrra lána getur verið góðra gjalda verð, þar sem það á við, en að hugsa sér að leysa vanda hinna smáu með lánum, sem þvílíkir vextir eru teknir af, að fyrir aðeins tveim til þrem árum hefðu heyrt undir lögin um okur, það leysir ekki þann vanda, sem hér þarf að leysa.

Ýmislegt fleira mætti segja um þetta byggingarmálafrv. ríkisstj., en ég skal að svo stöddu ekki fara út í það. Höfuðgalli þess er, eins og ég sagði áðan, að hér er ekkert litið á vanda hinna smáu og efnalitlu og þeirra vandræði á engan hátt leyst og ekkert reynt til þess einu sinni.

Um verkfallið, sem nú er að vísu leyst eftir 6 vikna vinnustöðvun, skal ég ekki fjölyrða, það verður rætt hér í þessum umr. af öðrum. En ég hef hér áður í þessum fáu orðum, sem ég hef sagt, lýst sök á hendur ríkisstj. fyrir, að til verkfallsins þurfti að koma, og sýnt fram á, að þar var skattpíningu ríkisstj. og verðhækkunarpólitík fyrst og fremst um að kenna. Á meðan verkfallið stóð, hélt ríkisstj. að sér höndum og hafðist ekki að, fyrr en undir lokin, að sáttanefnd hafði borið fram hugmyndina um stofnun atvinnuleysistrygginganna, en ég vil leyfa mér að fullyrða, að það hafi verið það málið, sem frekar en nokkuð annað leysti deiluna.

Þessir flokkar, sem standa að ríkisstj., hafa nú farið með völdin í rúm 5 ár, að vísu ekki í sömu stjórninni. Það var illa spáð fyrir því samstarfi í upphafi, enda hefur það komið á daginn. Gengisfelling, bátagjaldeyrir og bílaskattur áttu að *hjálpa sjávarútveginum og niðurgreiðslur í vaxandi mæli úr ríkissjóði landbúnaðinum*, og nemur sú upphæð nú, sem varið er til niðurgreiðslu, um 50 millj. kr. samtals á ári. Vaxtahækkun átti að örva sparifjársöfnun, og afnám verðlagsákvæða átti að tryggja verzlunarstéttinni ómældan hagnað. Loks voru ríkissjóði svo tryggðar 100 millj. kr. í umframtekjur umfram það, sem þurfti til að standa undir áætluðum útgjöldum.

Allt er þetta sjálfsagt gott og blessað frá sjónarmiði þess, sem nýtur. En það er bara sá galli á, að það er ekki hægt að láta þetta fé af hendi, nema það verði tekið einhvers staðar, og þegar allar þessar millj. eru teknar frá einum og sama aðilanum, almenningi, hlýtur að líða að því, að hann kveinki sér, og það hefur hann nú gert. Verðlagsskrúfan heldur því áfram, og enginn sér fyrir, *hvar hún muni enda, á meðan ekki er* sýnd viðleitni til að stöðva á að ósi.

Þetta eru að mínu viti höfuðávirðingar núverandi stjórnarflokka.

Við Sjálfstfl. verður ekki sakazt. Þetta eru hans ær og kýr, og þarna er hann í sínu rétta „elementi“, og þess verður því miður ekki vart, að neitt sé haldið aftur af honum af samstarfsflokknum.

En hvað um Framsfl.? spyrja menn þá. Ef hann heldur enn áfram sömu stefnu og nú horfir, hætta menn að geta greint hann og hans stefnu frá Sjálfstfl., hversu mjög sem hann deilir á samstarfsflokkinn í blöðum sínum. Verkin sýna merkin. Þennan flokk mætti spyrja eins og spurt var hér á Alþ. fyrir 35 árum, þegar einn af þáverandi forvígismönnum Framsfl. og þátttakandi í íhaldssamri ríkisstjórn var spurður: „Loftarðu þessu, Pétur?“ — Þessari spurningu ætti Framsfl. að velta fyrir sér.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er nú venju seinna, að hinar gamalkunnu eldhúsdagsumræður eru viðhafðar hér á Alþ. Við afgreiðslu fjárl. rétt fyrir jólin þótti lítið að gert og þó sérstaklega í þeim málum, sem hæstv. ríkisstj. hafði lýst yfir að hún mundi bera fram á yfirstandandi þingi. Af þessum ástæðum var ekki unnt að taka afstöðu til hinna einstöku mála, sem ríkisstj. hugðist þó gera að skrautfjöðrinni í hatti sínum. Eftir áramótin og þó sérstaklega tvo s. l. mánuði hafa þessi afkvæmi hæstv. ríkisstj. séð dagsins ljós og því eðlilegt, að þau séu tekin til umr. í áheyrn þjóðarinnar allrar.

Í eldhúsdagsumræðum héðan frá Alþ. í fyrra fór ég nokkrum orðum um það neyðarástand, sem ríkti í atvinnumálum einstakra bæja og kauptúna, þó sérstaklega á Austur-, Norður- og Vesturlandi, og þá óheillaþróun, að fólkið þyrptist allt á suðvesturhorn landsins. Enn þá verður að telja, að ríkisstj. hafi lítið sem ekkert aðhafzt til raunhæfra úrbóta í þessum málum, og till. stjórnarandstöðunnar þar að lútandi hafa verið kolfelldar hér á Alþ. eða svæfðar í nefndum.

Á Austurlandi hafði almenningur byggt framtíðarvonir sínar um aukið öryggi á beizlun vatnsorkunnar til aukinnar raforku. Ríkisstj. hafði ýtt undir þessar vonir manna með orðunum: Rafvæðing landsins alls. Hér var því að sjálfsögðu á ferðinni mál, sem varðaði hag og heill þeirra, sem Austurland byggja, um ófyrirsjáanlegan tíma. Íbúar þessa landshluta, sem mest allra höfðu farið á mis við þá öru þróun í atvinnumálum, sem annars hefur farið fram hér sunnan- og suðvestanlands frá styrjaldarlokum, sáu nú rofa til fyrir bjartari framtíð. Það er því ekki óeðlilegt, að staldrað sé við og athugað, hvernig ríkisstj. uppfyllir þessar frómu framtíðaróskir Austfirðinga.

Á undanförnum fjórðungsþingum fjórðungssambands Austurlands hafa verið margítrekaðar áskoranir um fullkomna rafveitu Austurlands, og óskum þessum hefur verið örugglega fylgt eftir af forustumönnum sambandsins. Á s. l. sumri boðaði hæstv. raforkumálaráðherra til fundar að Egilsstöðum til umræðna um þessi mál. Á fundi þessum voru mættir fulltrúar allra hreppa og bæja þar austur frá, sem mögulegt var talið að fengju rafmagn frá væntanlegri virkjun. Á þessum fundi voru einnig mættir raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins, auk alþingismanna.

Það var einróma álit þessa fundar, að virkja bæri Lagarfoss, sem talin var öruggasta leiðin til að tryggja næga orku fjórðungsins í framtíðinni, með tilliti til staðsetningar nýrra atvinnutækja og möguleika á að koma á fót iðnaði og endurnýjunar þeirra atvinnutækja, sem lagzt höfðu niður. Þessari skoðun sinni fylgdu Austfirðingar eftir með áliti sendinefndar þeirrar, er kom hingað í september s. l. haust, og studdu þingmenn einnig einróma þetta álit nefndarinnar. Þeir möguleikar aðrir, sem til mála gátu komið um virkjanir, voru við Fjarðará í Seyðisfirði, Grímsá á Völlum og línutenging við Laxárvirkjun norðanlands.

Eftir ýtarlegar athuganir og að fengnum upplýsingum tæknilegra aðila sameinuðust Austfirðingar allir í kröfunni um, að virkja bæri Lagarfoss, þar sem sýnt þótti, að á annan hátt yrði vart tryggt, að endurreisa mætti blómlegt atvinnulíf á Austfjörðum og stöðva fólksflóttann þaðan. Til tryggingar framgangi málsins voru einnig samþykkt heimildarlög frá Alþ. 8. apríl 1954 um, að virkja mætti Lagarfoss í allt að 5300 hestafla orkuveri.

Við brottför sendinefndar þeirra Austfirðinga voru menn bjartsýnir á, að hér yrði nú loks lagður grundvöllur að betri og bjartari framtíð og varanlegri uppbyggingu. En sólskinið í þessum málum varaði þó ekki lengi. Rétt fyrir jólin birti ríkisstj. svo niðurstöður sínar, og skyldi Grímsárfoss í Grímsá á Völlum virkjaður, sem talið er að í hæsta lagi megi ná úr um 3500 hestafla orku.

Það er almannarómur, að ekki hafi verið mögulegt að ganga öllu frekara gegn vilja og baráttu allra Austfirðinga en hér var gert, og svipaða sögu geta Vestfirðingar einnig sagt.

Þetta er svar hæstv. ríkisstj. við þeim áróðri, sem Morgunblaðið var látið hafa í frammi fyrir síðustu alþingiskosningar um, að nauðsyn bæri til að kjósa einungis frambjóðendur stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar. Tillitsleysi hæstv. ríkisstj. um afkomuöryggi og framtíð fólksins, sem enn hefur ekki flúið þessi olnbogalandssvæði, virðast lítil takmörk sett.

Almenningur í dreifbýli og fámennari kaupstöðum landsins gerir sig ekki til lengdar ánægðan með að fá endrum og eins smáskammta af atvinnubótafé eða það eitt, að kosin sé tveggja manna jafnvægisnefnd til þess að gera tillögur til úrbóta í málum þessara staða. Krafan er raunhæfar og varanlegar úrbætur, byggðar á tillögum fólksins, sem staði þessa byggir og veit, hvar skórinn kreppir að. Stefnuleysi ríkisvaldsins í þessum málum veldur ekki aðeins neyðarástandi á þeim stöðum, sem fólkið flyzt frá, heldur einnig hér á suðvesturhluta landsins, þangað sem fólksstraumnum er beint. Hér kemur þessi upplausn fram í gífurlegum húsnæðisskorti, á sama tíma sem ágæt hús standa auð og tóm í öðrum landshlutum. Það er þess vegna ekki um það eitt að ræða að skapa viðunanleg lífsskilyrði á Austur-, Norður- og Vesturlandi. En væri skipulega að því unnið, væri einnig leyst stærsta vandamál almennings hér í Reykjavík og nærliggjandi bæjum, þ. e. húsnæðisskorturinn, sem nú þjakar þúsundir manna, sem neyðast til að búa í nánd við atvinnutækin og þurfa að hírast í hriplekum hermannabröggum og slagafullum kjöllurum.

Slík vinnubrögð mundu útheimta skipulag, en það er algert bannorð í öllum framkvæmdum hæstv. núverandi ríkisstjórnar. Það, sem hér ber að gera, er einfaldlega það eitt, að komið sé á fót og stuðlað að með aðstoð ríkisins, að staðsetningu nýrra atvinnutækja, svo sem fiskiðjuvera og hvers konar iðnaðar, sé hagað svo sem staðhættir viðkomandi staðar sanna að eigi framtíð fyrir sér. Hér hefur til þessa engin skipuleg rannsókn farið fram á því, hvar helzt sé hægt að hefjast handa um slíkar framkvæmdir. Þing eftir þing hefur ríkisstj. látið svæfa frv. Alþfl. um togaraútgerð til atvinnujöfnunar, sem er raunhæft spor í þessa átt. Eftir háværar kröfur fólksins, sem þessa staði byggir, hefur ríkisstj. þó verið knúin til að sveigja til móts við þetta réttlætismál með því að stuðla að því, að hin stærri kauptún og bæir gætu átt þess kost að eignast saman togara og skiptast á um móttöku og vinnslu aflans. Það eina frumkvæði, sem stjórnarstefna hæstv. núverandi ríkisstj. hefur boðað í þessum málum almennt, er það eitt að kjósa nefnd tveggja manna til þess að gera tillögur um jafnvægi í byggð landsins, — síðan ekki söguna meir — engar tillögur, ekkert starf í þá átt. Þegar svo almenningur eygir einhverja glætu með t. d.

aukinni raforku, þá er stefna ríkisstj. helzt ekkert. En verði ekki hjá einhverju komizt, þá skal halda sig við algert lágmark. Þannig eru naktar efndirnar á gylliloforðum síðustu kosninga.

Öllum þeim, sem um stjórnmál hugsa, dylst ekki, að eitt af frumskilyrðum fyrir starfi hverrar ríkisstjórnar er að hafa sem nánast samstarf við félagsleg hagsmunasamtök fólksins og þó einkum og sér í lagi við verkalýðssamtökin, sem hafa innan sinna vébanda nálega allt fólk hinna ýmsu starfsgreina í landinu.

Í nágrannalöndum okkar leggja allir ábyrgir stjórnmálamenn áherzlu á að hafa sem nánasta samvinnu við samtök hinna vinnandi stétta. Við þessar staðreyndir stangast öll framkoma og stefna hæstv. núverandi ríkisstjórnar. Hún miðar velflest sín störf við að framkalla árekstra við alþýðusamtökin og hefur markað slóð sína frá árinu 1950 til dagsins í dag hverjum stórárekstrinum á fætur öðrum. Auk allra þeirra smærri átaka, sem einstök verkalýðsfélög hafa verið knúin til að heyja vegna rangrar þjóðmálastefnu, sem virðist hafa það eitt að leiðarljósi að vernda hag hinna fáu og ríku á kostnað þeirra mörgu og fátæku, þá hafa verkalýðsfélögin neyðzt til þess að beita hópsamtökum sínum til þess að spyrna gegn sírýrnandi lífskjörum með stórkostlegum vinnudeilum. Afnumin hafa verið þau fáu ákvæði í viðskiptamálum, sem gátu gefið almenningi nokkra tryggingu um löglega álagningu nauðsynjavarnings, að ekki sé minnzt á olíueinkasölu. Sett hafa verið lög um gengislækkun í flestum þeim myndum, sem í mannlegri hugsun rúmast, yfirleitt uppfylltar allar óskir, sem gerðar eru til íhaldssamrar stjórnmálastefnu, án tillits til þeirra afleiðinga, sem í kjölfar þess hljóta ávallt að sigla.

Alþfl. hefur oftlega varað við þessu tillitsleysi við verkalýðssamtökin og bent á nauðsyn þess, að sveigt væri frá þessari óheillastefnu, sem virðist einungis geta leitt af sér bætt starfsskilyrði fyrir öfgastefnu, sem kommúnisminn er í íslenzkum stjórnmálum.

Verkalýðssamtökin íslenzku kjósa ekki skyndiupphlaup eða ævintýri. Þau vilja geta unnið að framgangi mála sinna án slíks. En svo er hægt að þeim að sverfa með tillitsleysi og sífellt vaxandi öryggisleysi, að jafnvel kommúnisminn nái verulegri fótfestu, en að svo yrði, verður að skrifast á syndareikning þeirrar stjórnarstefnu, er nú ríkir.

Þegar þannig er unnið, er einnig óhugsandi að rægja verkalýðsfélögin í sundur með því að kalla allar aðgerðir þeirra kommúnistiskt ofbeldi o. s. frv. Með því er vísvitandi verið að telja almenningi trú um, að enginn vilji réttlátan hlut sinn nema kommúnistar. Slíkar öfgar eru einungis vatn á myllu öfgastefnunnar á hinu leitinu, nefnilega kommúnistanna. Sannast þar, að öfgar bjóða öfgum heim.

Í maí 1951 ákváðu um 15 verkalýðsfélög að leggja til baráttu fyrir leiðréttingu vísitöluuppbótarinnar, þar sem forsendunum fyrir vísitölubindingunni hafði verið svipt burt með setningu gengislækkunarlaganna. Í des. 1952 lögðu yfir 20 verkalýðsfélög til baráttu á ný gegn ört vaxandi dýrtíð og rýrnandi launagildi, sem þá sigldi í kjölfar hinnar nýtilkomnu stjórnarstefnu. Verkalýðsfélögin kröfðust hækkaðra launa eða lækkaðs verðlags á nauðsynjavarningi. Ríkisstj. var neydd til þess að ábyrgjast lækkun á nokkrum helztu nauðsynjavörum, að tillögu Alþýðuflokksmanna. Það bil, sem þá var eftir milli launþega og vinnuveitenda, var brúað með auknum tryggingum í formi aukins barnalífeyris og aukinna mæðralauna.

Þrátt fyrir þessa tvo stórfelldu árekstra var af hálfu ríkisstj. haldið áfram á sömu braut. Áfram héldu vinnulaunin að rýrna. Verkamönnum hér sunnanlands skýldi það eitt, að atvinna var næg, og með síaukinni eftir- og næturvinnu tókst að halda í horfinu. Svo var komið þessum málum, þegar síðasta Alþýðusambandsþing kom saman, og þar var af á fjórða hundrað fulltrúum í umboði 28 þús. vinnandi karla og kvenna samþykkt einróma og mótatkvæðalaust, að lagt skyldi til kaupgjaldsbaráttu svo fljótt sem auðið yrði, til baráttu fyrir því, að átta stunda vinnudagur nægði til að framfleyta meðalfjölskyldu. Á þessu þingi samtakanna áttu sæti karlar og konur úr öllum stjórnmálaflokkum í landinu og þá að sjálfsögðu einnig menn úr hópi stuðningsmanna hæstv. núverandi ríkisstjórnar. Í Morgunblaðinu er svo ekki skirrzt við að kalla alla þessa menn kommúnista. Þetta sama blað lýsti svo kunnáttu sinni í hinni nýloknu vinnudeilu með því að fræða lesendur sína á því, að samninganefnd og verkfallsstjórn væri eitt og það sama. Um svipað leyti og þessi ákvörðun var tekin á þingi Alþýðusambandsins, eða í nóv. s. l., ákvað þingflokkur Alþfl. að bera fram þáltill. um lækkað verðlag. Samþykkt þessarar till. og raunhæfar aðgerðir í þá átt að færa verðlag niður hefðu áreiðanlega stytt hina langvinnu vinnudeilu að mun og því orðið auðveldara að brúa það bil, sem á hefði vantað til lausnar.

Alþýðuflokknum hefur verið það ljóst, að með núverandi stjórnarstefnu er vægast sagt haldlítið að fá kjarabætur í hækkaðri krónutölu, þar sem ríkisvaldinu í krafti þingmeirihluta síns er í lófa lagið að eyðileggja þann árangur á örskömmum tíma. Af þessum ástæðum hefur af okkar hálfu, Alþýðuflokksmanna, verið lögð áherzla á að fá kjarabætur fyrst og fremst í auknu verðgildi peninganna, þ. e. í lækkaðri dýrtíð og auknum tryggingum þeim til handa, sem verst eru staddir og hinir óheillavænlegu hnúar íhaldsstefnunnar knýja harðast á hverju sinni. Í þessu sambandi er þó bæði rétt og skylt að taka það fram, að samkv. 17. gr. vinnulöggjafarinnar svonefndu er verkalýðsfélögunum ákveðið, hvert innihald krafna þeirra megi vera, ef til vinnustöðvunar komi, og er þar einungis ákveðið, að knýja megi fram breytingar um kaup og kjör. Það er því skýlaus skylda ríkisvaldsins með afskiptum sínum af þessum málum að mæta kröfum verkalýðsfélaganna með tilboði um lækkun dýrtíðar, og verkalýðsfélaganna er síðan að meta þau tilboð til kauphækkunar. Ekkert slíkt tilboð barst frá hæstv. núverandi ríkisstj. í hinni nýloknu deilu. Verðlækkunartill. Alþfl. mátti heldur ekki ná fram að ganga. Henni var nú að loknu verkfalli vísað til ríkisstj., en hér í þingsölunum er það kallað, að mál fái hægan dauðdaga.

Verkalýðsfélögunum var því nauðugur einn kostur að knýja fram hækkuð laun í krónutölu. Öðrum leiðum lokaði ríkisvaldið sjálft. Að frumkvæði Emils Jónssonar, sem sæti átti í hinni ríkisskipuðu sáttanefnd, komu atvinnuleysistryggingar til umræðu til lausnar vinnudeilunni, en þó fyrst og fremst til þess að brúa það mikla bil, sem þá var milli deiluaðila og ekkert hafði minnkað, þegar liðið var á fjórðu viku verkfallsins. Um niðurstöður þessara till. Emils er óþarft að fjölyrða. Það er nú orðið staðreynd, að atvinnuleysistryggingum verður komið á. Persónulega fer ég ekki dult með það, að þann árangur tel ég beztan ásamt lengingu orlofstímans við lausn deilunnar. Og innan skamms munu verkalýðsfélögin úti um land einnig njóta ávaxtanna af þessum árangri verkalýðsfélaganna hér í bæ.

Meðal þeirra mála, sem Alþfl. hefur ár eftir ár beitt sér fyrir hér á Alþ. og sérstaklega snúa að verkalýðshreyfingunni, hafa verið atvinnuleysistryggingar ásamt atvinnustofnun ríkisins. Máli þessu hefur aldrei verið sinnt eða nokkur gaumur gefinn. Sömu söguna er að segja um orlofslögin, hvíldartíma togaraháseta, sömu laun fyrir sömu vinnu, félagsheimili verkalýðsfélaganna, svo að nokkur séu nefnd. Frv. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er það eina, sem komizt hefur áleiðis af málum verkalýðsfélaganna, og er nú komið til Ed., en þó óvíst um endanlega afgreiðslu þess.

Þetta er hinn ískaldi sannleikur um samvinnu ríkisstj. við verkalýðssamtökin. Svo stórfurðar Morgunblaðið á því, að verkalýðssamtökin skuli krefjast leiðréttingar sinna mála. Þær staðreyndir, sem því blasa við íslenzkri alþýðu, eru, að vegna innbyrðis skiptingar, vegna þess að hún er ekki jafneinhuga og djörf á kjördegi við alþingiskosningar og í hinum stéttarlegu átökum, þá er hægt að sýna málum hennar hér á löggjafarsamkomunni slíkt tómlæti. Þeim blekkingum, að baráttan á stéttarlegum grundvelli og átökin um mál alþýðunnar á vettvangi stjórnmálanna sé eitthvað óskylt, var í hinni harðvítugu vinnudeilu svipt svo rækilega í burtu, að það er blindur maður, sem ekki sér staðreyndirnar.

Væri hér á Alþ. fjölmennur þingflokkur, sem starfaði á grundvelli jafnaðarstefnunnar, væri hægt að komast hjá þeim átökum, sem sífellt eiga sér stað í nauðvörn alþýðunnar gegn ágengni íhaldsstefnunnar. Vinnudeilan var ávöxtur þess, að íhaldið ræður í öllum höfuðatriðum þeirri þjóðmálastefnu, sem harðast kemur niður á þeim, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Sé einhver í vafa um, að svo sé, er nægjanlegt að benda á málflutning Morgunblaðsins og þau svigurmæli, sem það lét falla í garð þeirra verkamanna og iðnaðarmanna, sem í deilunni stóðu. Mér þykir þó rétt að taka það fram, að í tillögum einstakra þingmanna stjórnarliðsins hafa tillögur ýmissa framsóknarmanna sýnt mun meiri skilning á málum atvinnulífsins og launastéttanna á þessu yfirstandandi þingi, eins og þingsályktanir þeirra bera með sér, t. d. um nýjar atvinnugreinar, sem samþ. var 20. apríl s. l., og um kosningu samvinnunefndar um kaupgjaldsgrundvöll, sem var samþ. sama dag, og vissulega miða í rétta átt. Þess er því að vænta, að framhald verði þar á. Íslenzk alþýða til sjávar og sveita. Í dag standa dæmin ljósari en nokkru sinni fyrr um nauðsyn þess, að kraftar ykkar verði sameinaðir. Það hafa oftlega verið gerðar tilraunir til þess að sundra röðum okkar með hagsmunastríði. Þetta hefur því miður tekizt, fáum til góðs, en flestum til ills. Skoðanahópum okkar fjölgar, raðir okkar hafa sundrazt fyrir tilverknað örfárra ævintýramanna. Ágóðinn af þessu er sá einn, að þingmönnum íhaldsins fjölgar. Alþýðuflokkurinn einn hefur aðstöðu til þess að sameina þessa krafta á ný. Það sannar forsaga hans í íslenzkum stjórnmálum og afskipti hans af málum íslenzkrar alþýðu. Undir merkjum hans mun brotið á bak aftur hið misnotaða vald, sem nú er beitt í krafti síaukins fjármagns. Undir merkjum jafnaðarstefnunnar getur íslenzk alþýða aftur fundið mátt sinn og kraft gegn sundrungarmönnum og íhaldsstefnu.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Hv. 5. landsk. þm., Emil Jónsson, hefur rætt nokkuð það smámál, sem Alþ. var látið sitja aðgerðalítið og bíða eftir í nær sjö mánuði, þ. e. húsnæðismálafrv. ríkisstjórnarinnar. Þar sem við þjóðvarnarmenn erum í flestum atriðum sammála því, sem þessi hv. þm. sagði um það mál, vil ég ekki þreyta hlustendur á því að endurtaka þau ummæli. Ég vil aðeins geta þess, að við þingmenn Þjóðvarnarflokks Íslands reyndum eins og aðrir þm. stjórnarandstöðunnar að fá fram leiðréttingar og breytingar til bóta á frv. En þó að engar breytingar fengjust gerðar á frv. fyrir óskiljanlegu og óskynsamlegu ofríki stjórnarflokkanna, tókum við þó þann kost að greiða frv. atkv., þegar ekki var um annað að ræða en að samþykkja það óbreytt eða fella það alveg. Gerðum við það af þeirri ástæðu, að í því fólst nokkur von um örlítið hækkuð lán til íbúðarhúsabygginga, sem sannarlega er ekki vanþörf á. Að öðru leyti teljum við frv. bæði lítilfjörlegt og meingallað og ýmis atriði í því stórlega varhugaverð. Skal ég svo láta útrætt um það mál, en mun í þess stað ræða nokkuð þróun og ástand íslenzkra efnahagsmála frá sjónarmiði íslenzks alþýðumanns svo og það, hvort nokkrar leiðir væru þar til breytinga eða bóta.

Það er staðreynd, sem enginn reynir nú orðið að mótmæla, að gífurleg verðbólga, sem stafar af hernaðarframkvæmdum, óhófseyðslu valdhafanna, óeðlilegri verzlunarálagningu og okurstarfsemi, hefur farið vaxandi hér á landi hin síðari ár og er enn í örum vexti. Það er einnig ómótmælanleg staðreynd, að verðgildi gjaldmiðilsins fer af þessum sökum hraðminnkandi, svo að þeir, sem leggja á sig það þjóðnytjaverk að safna sparifé, vakna jafnan fátækari hvern morgun en þeir sofnuðu að kvöldi. Af þessum sökum er þá einnig trausti gjaldmiðilsins og sparnaðarvilja þjóðarinnar stefnt í vísan voða. Það er í þriðja lagi augljós staðreynd, að þessi þróun, sem enginn getur mótmælt að núverandi stjórnarflokkar eru höfundar að og bera ábyrgð á, stefnir að nýrri verðfellingu krónunnar í einhverri mynd á næstu mánuðum, annaðhvort beinni gengisfellingu eða illa dulbúinni með aukningu báta- og togaragjaldeyris. Endalok slíkrar þróunar, fái hún

útrás í endurteknum gengisfellingum, þekkjum við frá Þýzkalandi eftir styrjöldina 1914—18, en fyrir smáþjóð, sem er undir járnhæl erlends herveldis, sem vakað hefur eins og gammur yfir landi hennar og beðið eftir hentugu tækifæri og afsökun til að leggja það undir sig að fullu, hefði hún þó enn þá örlagaþrungnari afleiðingar um ófyrirsjáanlega framtíð.

Fátt mundi íslenzkum almenningi gagnlegra til að átta sig á því, hvort sú mynd, sem ég hef hér brugðið upp af efnahagsmálum okkar, sé okkur sköpuð af æðri máttarvöldum og því óumflýjanleg, en að hafa það til samanburðar, hvernig t. d. heilbrigðir lýðræðissinnaðir vinstri flokkar annarra landa stjórna eða hyggjast stjórna sínum löndum. Sérstaklega væri þetta nytsamlegt, ef sú þjóð og sá flokkur, sem við hefðum til samanburðar, bæri að allra dómi ekki minna skyn á efnahagsmál almennt en þeir flokkar, sem með völd fara hér, og vildi hag og velferð sinnar þjóðar ekki minni né afkomu alþýðustétta síns lands lakari en okkar stjórnarflokkar hag íslenzkrar alþýðu og velferð íslenzkrar þjóðar.

Nú vill svo vel til, að einmitt þessa samanburðar eigum við kost og það á þann veg, að allir ættu að geta verið sammála um, að það væri nokkurt metnaðarmál fyrir íslenzka valdhafa að geta mælt sig við. Verkamannaflokkurinn brezki, sem hyggst berjast til sigurs yfir íhaldsflokknum í kosningunum, sem fram fara þar í landi 26. maí n. k., hefur þegar birt stefnuyfirlýsingu sína og hefur hennar verið getið hér í fréttum. Verkamannaflokkurinn lýsir því sem höfuðverkefni sínu, fái hann valdataumana í hendur, að berjast gegn verðbólgu og lækka dýrtíð. Nú vita það allir, að verðbólga og dýrtíð er ekkert viðlika í Bretlandi og hér. Íslenzka ríkisstj. hefur þegar fengið heimsmet sitt í þeim efnum staðfest á alþjóðavettvangi. Í Bretlandi er engin gengisfelling yfirvofandi, enginn bátagjaldeyrir eða togaragjaldeyrir. Þar búa menn ekki við það skáldlega efnahagsástand, að aðalatvinnuvegum þjóðarinnar sé haldið uppi með ríkisstyrkjum, sem fyrst og fremst eru teknir úr vasa fátækustu stétta þjóðfélagsins. Í Bretlandi annast bankar lánastarfsemi, en ekki okurkarlar, og brezka þingið hefur mér vitanlega ekki enn neyðzt til að skipa neina okurnefnd. Þar í landi lána menn ekki gjaldþrota tuskubúðum milljónir af því fé, sem heilbrigða framleiðslu og framþróun atvinnulífsins skortir umfram allt annað. Í Bretlandi er ekki heldur um það að ræða, að eðlilegir atvinnuvegir þjóðarinnar séu að dragast saman og stöðvast vegna þess, að valdhafarnir séu að auðga sjálfa sig eða flokk sinn á hernámsbraski annarrar þjóðar í landi sínu.

Brezkur alþýðumaður er ekki heldur skattpíndur til þess, að valdhafarnir geti ausið út ríkisfé í atkvæðaveiðar í þeirri von, að það tryggi völd þeirra áfram. Sá er þroski brezku þjóðarinnar, að slíkt mundi hafa öfug áhrif þar í landi. *Gjaldmiðill* Breta er ekki heldur á góðri leið með að verða verðlaus, svo að sparnaður og sparnaðarvilji þar í landi er ekki drepinn niður með opinberum aðgerðum. En þó að efnahagsástandið í Bretlandi sé svona gerólíkt því, sem hér er, þá hefur Verkamannaflokkurinn brezki samt talið sér það sigurvænlegast að gera baráttuna gegn verðbólgu og dýrtíð að höfuðmáli sínu í kosningunum, sem fram undan eru. Hvað mundi þá, ef hann væri hér á landi? Gæti nú ekki þessi ljósi og umbúðalausi samanburður auðveldað íslenzkum almenningi að gera sér grein fyrir heilbrigði og ábyrgðartilfinningu íslenzkra stjórnmálaflokka? En til að auðvelda þann samanburð enn frekar, skulum við athuga, á hvern hátt Verkamannaflokkurinn brezki telur vænlegast og hagfelldast fyrir alþýðu og framleiðslu Bretlands að berjast gegn verðbólgu og dýrtíð. Tvær höfuðleiðir hefur hann boðað í því efni: Í fyrsta lagi: Að lækka álagningu og afla alþýðustéttum landsins þannig raunhæfra kjarabóta. Í öðru lagi: Að hækka skatta gróðafélaga.

Hefur ríkisstj. Íslands og flokkar hennar reynt þessar leiðir til þess að berjast gegn þeirri geigvænlegu verðbólguþróun og dýrtíð, sem hér er og allir þekkja af eigin reynslu og hlaut óhjákvæmilega að leiða til þess, að fátækustu stéttir þjóðfélagsins gerðu tilraun til að bægja að einhverju leyti frá dyrum sínum, ef stjórnarvöldin veittu þeim enga aðstoð í því efni? Hinar miklu fórnir og sú geigvænlega eldraun, sem sjómenn í Vestmannaeyjum og verkafólk í Rvík og Hafnarfirði hefur orðið að þola síðustu mánuði til að reyna að létta sér ok dýrtíðar og verðbólgu, ber því miður ekki vitni um það, að íslenzka ríkisstj. hafi reynzt sinni þjóð jafnráðholl og Verkamannaflokkur Bretlands sinni þjóð. Hvort íslenzk alþýða hefur í þeirri baráttu, sem ég áðan nefndi, haft erindi sem erfiði, mun ég síðar taka til meðferðar. Hitt er ljóst og ómótmælt af öllum, að um nauðvörn var að ræða vegna sívaxandi verðbólgu og dýrtíðar.

Áður en til verkfalla kom, gerðum við þjóðvarnarmenn okkur ljósa grein fyrir kjarna þess vandamáls, sem íslenzk þjóð á við að stríða, jafnframt því sem við áttuðum okkur á þeim einföldu og augljósu staðreyndum, að með völd í landinu fóru flokkar, sem alþýðustéttirnar gátu ekki treyst, þar sem ráðamenn þessara flokka eru í opinberri pólitískri og efnahagslegri andstöðu við verkamenn, sjómenn, bændur, iðnaðarmenn og aðra launþega. Allir vita, að kostnaðurinn við flokksstarfsemi Sjálfstfl. og Framsfl. er og hefur að verulegu leyti verið borinn uppi af gróða, sem óheilbrigðir verzlunarhættir gáfu í aðra hönd. Ber nýfallinn hæstaréttardómur í svonefndu olíumáli hliðarfyrirtækis SÍS undir yfirstjórn verzlunar- og hermangssérfræðinga Framsóknarflokksins, þeirra Vilhjálms Þórs og Sigurðar Jónassonar, þeim verzlunaraðferðum *gleggst* vitni. Engan þarf því að undra það, þó að stjórnarflokkunum hér sé ekki hugstætt úrræði Verkamannaflokksins brezka að berjast gegn verðbólgunni með því að lækka álagningu, enda hafa þeir farið þveröfugt að, því að eins og kunnugt er, hafa þeir gefið álagningu alfrjálsa.

Við Þjóðvarnarmenn höfum það einnig hugfast, að í síðustu áramótaræðu sinni hótaði hæstv. forsrh., Ólafur Thors, því umbúðalaust, að tækist alþýðustéttunum að hækka kaup sitt að krónutölu, yrðu slíkar kjarabætur umsvifalaust að engu gerðar með gengisfellingu og samsvarandi ráðstöfunum. Loks er svo öllum, sem nokkuð fylgj-

ast með þjóðmálum, ljóst, að aukin dýrtíð og verðbólga, sem fyrst og fremst gerir þá ríku ríkari, er sízt af öllu alþýðu landsins og framleiðslu til hagsbóta.

Að þessum staðreyndum athuguðum og áður en ein langvinnasta kjarabarátta í sögu þjóðarinnar hófst, lýstum við þjóðvarnarmenn yfir þeirri stefnu okkar, að alþýða landsins ætti aðeins um eina leið að velja til að afla sér raunhæfra kjarabóta, þá leið að beita því feikilega afli, sem samtakamáttur hennar er orðinn, að kröfunni um lækkun dýrtíðar og verðbólgu, lækkun söluskatts, lækkun álagningar og milliliðakostnaðar. Við bentum á þá staðreynd, sem hverjum manni mátti ljós vera, að meðan núverandi ríkisstj. færi með völd í landinu, mundi þeim aðilum, sem borga herkostnað stjórnarflokkanna, leyfast að gera að engu allar kauphækkanir að krónutölu, sem verkalýðnum tækist að afla sér, með hækkunum á milliliðakostnaði og álagningu. Í þessu fólst þó enginn dómur um það, að kauphækkanir að krónutölu gætu ekki verið æskilegar eða nauðsynlegar lægst launuðu starfshópunum, heldur aðeins sú sannfæring, að meðan ekki væri unnt að tryggja varanleika slíkra hækkana með löggjöf og alþýðustéttunum framkvæmd þeirrar löggjafar, yrði engum árangri náð í þessu efni til frambúðar.

Þegar við þjóðvarnarmenn birtum þessa stefnu okkar opinberlega, gerðist það, sem suma sízt grunaði, að Moskvukommúnistar ærðust og kölluðu svik við verkalýðinn. Slíkt er að vísu ekkert nýmæli úr þeirri átt, og má í því sambandi minna á, að Moskvukommúnistar kölluðu núverandi forseta Alþýðusambands Íslands, Hannibal Valdimarsson, verkalýðssvikara eftir desemberverkföllin 1952, en hann beitti sér þá fyrir því, að hin svokallaða lækkunarleið var upp tekin í fyrsta skipti í verkfalli, sú sama leið og við þjóðvarnarmenn héldum fram nú, þó að við útfærðum hana samkvæmt fenginni reynslu.

Í rökréttu framhaldi af þessari stefnu okkar þjóðvarnarmanna bárum við þingmenn Þjóðvfl. fram frv. til laga um lækkun verðlags. Þetta frv. lögðum við fram á Alþingi mánuði áður en þau verkföll hófust, sem nú er nýlega lokið. Meginatriði þessa frv. okkar um lækkun verðlags voru þrjú og þýddu alger stefnuskipti í efnahagsmálum, miðað við núverandi ástand.

Fyrsta atriði frv. var, að söluskattur skyldi falla niður af öllum vörum í smásölu og þjónustu, en lækka auk þess í heildsölu og falla alveg niður af nokkrum lífsnauðsynjum og framleiðsluvörum. Þau augljósu rök studdu þessa till., að ríkissjóður hefur sízt af öllu til langframa hag af verðbólguþróun, almennu vantrausti á gjaldmiðlinum og efnahagsöngþveiti. Eigi að stöðva þá þróun og koma í veg fyrir gengisfellingu, þá getur það ekki gerzt eingöngu á kostnað fátækustu stétta þjóðfélagsins, heldur verða bæði ríkissjóður og auðstéttirnar að fórna af sínum hlut til að tryggja heilbrigða efnahagsþróun. Einnig má benda á það, að síðustu árin hefur ríkissjóður haft um og yfir 100 millj. kr. tekjur árlega umfram fjárlög og gæti því sannarlega lækkað tekjur sínar af söluskatti um 50—60 millj. kr. árlega til að tryggja heilbrigða efnahagsþróun í þjóðfélaginu og ber auk þess rík skylda til að gera það. Þá er það og staðreynd, að hagnaður ríkissjóðs af almennum verðlækkunum mundi að verulegu leyti bæta upp missi á hluta af söluskattinum. Það er einnig veigamikið atriði í þessu sambandi, að raunverulegar kjarabætur almennings af þessum ráðstöfunum mundu verða til muna meiri en þær 50—60 millj. kr., sem ríkissjóður tapaði, vegna þess að þeir, sem innheimta söluskattinn, gera hann sumir hverjir að tekjulind fyrir sjálfa sig í stað þess að skila skattinum í ríkissjóð.

Annað meginatriði frv. okkar þm. Þjóðvfl. var það, að álagning skyldi lækka og tekið upp verðlagseftirlit á öllum innfluttum vörum og innlendum iðnaðarvörum, en auk þess skyldi heimilt að ákveða hvers konar verðlag, sem ekki væri bundið samningum eða öðrum lögum. Við sýndum fram á það með dæmum úr skýrslu verðgæzlustjóra, hversu gífurlega álagning hefði hækkað frá því hún var gefin frjáls. Með því að lækka þessa óhófsálagningu aftur, gætu allar alþýðustéttir landsins til sjávar og sveita öðlazt meiri raunhæfar kjarabætur, meiri raunverulegar kauphækkanir en með nokkru öðru móti án þess að fórna nokkru af sínum allt of rýra hlut, ef Alþingi hefði viljað á frv. okkar fallast.

Hvað sem um nytsemi verðlagseftirlits má segja á þeim tímum, þegar um vöruskort og svartan markað er að ræða, verður þó ekki um það deilt, að á tímum, þegar vöruframboð er nægilegt, en verðlagi haldið uppi af skipulögðum heildarsamtökum þeirra, sem verzlun stunda, þá hefur verðlagseftirlit tilætluð áhrif. Þá hefur reynslan af því verzlunarokri, sem hér hefur átt sér stað síðan álagning var gefin frjáls, þar sem það er jafnvel ekki mjög sjaldgæft, að verzlanir taki okurlán með 40—60% ársvöxtum og bæti ofan á vöruverðið auk alls annars, leitt það í ljós, að óhjákvæmilegt hefði verið að taka upp verðlagseftirlit, ef lækka átti söluskattinn, til þess að tryggja það, að vörurnar lækkuðu í verði sem skattalækkuninni nam, en verzlanir hækkuðu ekki aðeins hina frjálsu álagningu og héldu verðinu óbreyttu. Einnig má á það benda, að ef núverandi stjórnarflokkar meina nokkuð með tali sínu um að gefa innflutning frjálsan, verður ekki hjá því komizt að fara að dæmi Norðmanna og Svía, en þeir hafa að undanförnu hert mjög á verðlagseftirliti og lækkað álagningu til þess að draga úr verðbólguáhrifum og til þess að geta gefið innflutning frjálsan.

Þriðja meginatriðið í frv. okkar þjóðvarnarmanna og algert nýmæli var það, að Alþýðusambandi Íslands yrði fengið verðlagseftirlitið og verðlagsákvarðanir í hendur, en ríkisstj. tilnefndi aðeins einn mann af þremur í verðlagsnefnd. Þessi till. okkar byggðist á því, að við töldum ekki nægilegt að setja lög um raunhæfar kjarabætur til handa alþýðustéttum landsins, meðan núverandi ríkisstj. færi með völd í landinu, heldur yrði einnig að fá heildarsamtökum alþýðunnar framkvæmd þeirrar löggjafar í hendur. Ríkisstjórn þeirra aðila, sem græða á hernáminu, upplýstum og óupplýstum oliumálum, óheilbrigðu verzlunarokri og skattalækkunum gróðafélaga, getur íslenzk alþýða ekki treyst.

Þá er það staðreynd, að alþýðu landsins er það brýnni lífsnauðsyn en öðrum, að vörur séu fluttar til landsins og dreift gegnum verzlanir til almennings með heilbrigðum hætti. Af þeim sökum hlytu verkalýðssamtökin að ákveða verðlag á þann hátt, að einhverjir fengjust til að annast það þjóðnytjastarf að reka heilbrigða verzlun og heilbrigð viðskipti og teldu það ekki lakari atvinnuveg né verri lífsbjargarmöguleika en önnur þau störf, sem í boði væru. Það er því vandséð, að annar aðili en verkalýðssamtökin teldi sér skyldara og nauðsynlegra að koma verðlagsmálunum í það horf, að hagur alls þorra þjóðarinnar yrði sem bezt tryggður.

Með því að samþ. þetta frv. okkar þm. Þjóðvfl. gátu stjórnarflokkarnir forðað því tugmilljónatapi, sem af verkföllunum leiddi, og aflétt þeim sáru fórnum, er þeir, sem í verkfallinu stóðu, lögðu á sig og sína til að reyna að létta á herðum sér ok dýrtíðarinnar. Öllum er ljóst, að stjórnmálaflokkar eins og t. d. Verkamannaflokkurinn brezki eða heilbrigð stjórnarvöld hefðu tekið svona frv. fegins hendi til að forða þjóð sinni frá óbætanlegu tjóni langvinnra verkfalla. En við höfum því miður ekki heilbrigð stjórnarvöld í þessu landi. Með því að samþykkja þetta frv. gátu stjórnarflokkarnir sýnt, að þeir mætu meira hag almennings en gróðamöguleika braskaranna, að þeir mætu meira að draga úr verðbólgunni og skapa traustan og heilbrigðan gjaldmiðil en að stefna efnahagsmálum þjóðarinnar í vísa ófæru. Og stjórnarflokkarnir sýndu það einnig, svo að enginn getur um villzt, hvorn kostinn þeir mátu meira.

Frv. var vísað til nefndar og hefur legið þar á þriðja mánuð án þess að fá afgreiðslu þrátt fyrir ítrekaðar kröfur okkar flm. um, að það yrði tekið til 2. umr. Skýlt er að geta þess, að hér eru stjórnarflokkarnir ekki einir um sök, þó að þeirra sé höfuðsökin. Einhverjir skyldu ætla, að flokkar þeir, sem sífellt reyna að kenna sig við verkamenn, hefðu léð því máli lið að lækka söluskatt og okurálagningu og fá Alþýðusambandi Íslands verðlagsákvarðanir og eftirlit í hendur.

Staðreynd er það þó, sem vert er að veita athygli, að bæði Sósfl. og Alþfl. áttu fulltrúa í n. þeirri, sem verðlækkunarfrv. var vísað til. Þeir höfðu ótal tækifæri til að skila séráliti um málið og mæla með samþykkt þess, en Moskvukommúnistar hindruðu það, að fulltrúi Sósfl. skilaði áliti um málið, og hægri kratar, sem að venju höfðu enga stefnu í málinu, en vöguðu frá einni skoðun til annarrar eins og nokkurs konar pólitískir rugguhestar, komu einnig í veg fyrir það, að fulltrúi Alþfl. skilaði áliti um frv. Slík var þá afstaða þessara aðila til þeirra einu raunhæfu kjarabóta, sem alþýða landsins átti kost á að fá, miðað við skipan hins pólitíska valds í landinu nú.

Reynslan varð því sú, að Íslands óhamingja átti enn næg vopn til að hindra það, að snúið yrði að þessu sinni á heilbrigðan veg í íslenzkri efnahagsþróun, en því hef ég rætt þetta mál allýtarlega, að ef takast á að forða algeru efnahagsöngþveiti og glötun efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar, verður fyrr en síðar að fara inn á þá braut, sem frv. okkar þm. Þjóðvfl. miðaði að. Það mál er því og verður mál málanna í íslenzkum innanlandsmálum, lykillinn að heilbrigðri efnahagsþróun og grundvöllur traustrar framleiðslu. Fyrir ofríki Moskvukommúnista bar verkalýðshreyfingin ekki gæfu til að beita samtakamætti sínum til að knýja fram þessa lausn með hinum miklu verkföllum, sem nú eru nýafstaðin. Sú Morgunblaðsfullyrðing kommúnista, að það væri ekki á valdi verkalýðshreyfingarinnar að knýja þessa lausn fram, vegna þess að það væri á valdi Alþingis, en ekki atvinnurekenda að samþykkja hana, var fyrir fram afsönnuð með verkföllunum 1952, þar sem þessi leið var þá að nokkru farin, en afsannaðist einnig í verkfallinu nú, þar sem ríkisstj. var neydd til að auka atvinnuleysistryggingum við almannatryggingarnar, sem er löggjafaratriði, og lofa löggjöf um þær tryggingar á næsta þingi, svo ógeðfelld sem slík vinnubrögð eru þó að lofa fyrir fram afgreiðslu þingmála.

Niðurstaða sex vikna verkfalla, sex vikna óbærilegra fórna verkamanna, varð því sú, að verkamenn fengu 10% kauphækkun að krónutölu, 3 virka daga til viðbótar orlofi, 1% sjúkrabætur, ef þeir verða veikir, og vísitölubinding var afnumin. Síðan lofaði ríkisstj. löggjöf um atvinnuleysistryggingar, og skyldu ríki, bæjar- og sveitarfélög og atvinnurekendur greiða 4% af kaupi verkamanna til þeirra trygginga.

Hinn raunverulegi árangur þessara kjarasamninga er atvinnuleysistryggingarnar. En sárt er til þess að vita, að svo sjálfsagðan hlut skyldi þurfa að knýja fram með sex vikna verkfalli. Nú hafa kommúnistar í túlkun þessara samninga sýnt þá einstöku reikningskúnst að leggja saman allt það, sem um var samið, og reynt að telja mönnum trú um, að kjarabæturnar næmu samtals 17.1%. Það skilja þó allir, að til þess að öðlast 10% kauphækkun yfir árið, þarf verkamaðurinn að hafa atvinnu allt árið, en til þess að fá til viðbótar sem svarar 4% kauphækkun úr atvinnuleysissjóði, þarf hann að vera atvinnulaus nokkurn tíma ársins, en veikur til þess að fá sjúkrabætur. Nú getur einn og sami maður naumast bæði haft atvinnu allt árið og jafnframt verið atvinnulaus, en auk þess veikur. Þó virðast kommúnistar fyllilega gera ráð fyrir þeim möguleika. Hér við bætist svo það, að peningar í atvinnuleysissjóðinn falla ekki af himnum ofan, og er sá sjóður þó góður. Kommúnistar ættu að vita, að bæjar- og sveitarfélög hafa ekki af gildum sjóðum að taka, svo oft hafa þeir borið fram till. um að festa söluskattinn í sessi um langa framtíð með því að gera hann að tekjustofni þessara aðila. Enginn trúir því, að hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, greiði miklar fjárfúlgur úr ríkissjóði án þess að hækka álögur á almenningi. Sannleikurinn er einfaldlega sá, að almenningur, þ. á m. verkamenn sjálfir, verður látinn borga það fé, sem rennur í atvinnuleysissjóðinn, því að atvinnurekendur, aðrir en útflytjendur, munu leggja þann hlut, sem þeir eiga að greiða, ofan á framleiðslu sína, en útflytjendur fá aukinn bátagjaldeyri, sem lagður er á almenning. Það fé, sem rennur í atvinnuleysistryggingarnar, kemur því að nokkru til frádráttar á þeim 10% kauphækkunum, sem verkamenn fengu, en ekki til viðbótar, og hefur nákvæmlega sömu áhrif og samsvarandi skyldusparnaður. Kosturinn við gjaldið

til atvinnuleysistrygginganna er sá, að það er lagt á alla eftir framtöldum tekjum, en ekki tekið sem nefskattur eins og gjaldið til almannatrygginganna og væri ástæða til að breyta skatti til almannatrygginganna í sama horf.

Það er svo einnig ljóst nú, sem áður var vitað, að kauphækkun sú, sem verkamenn fengju með þessu móti, yrði aftur tekin. Hækkunin hefur þegar haldið innreið sína og er í engu hlutfalli við 10% kauphækkun verkamanna.

Fyrst reið á vaðið einkaskjólstæðingur ríkisstj., olíuauðvaldið, sem mestan fjandskap sýndi verkamönnum í verkföllunum. Það hefur þegar hækkað vinnu við smurningu bíla um hvorki meira né minna en 40%. Vitað er, að allar vörur, sem lágu við hafnarbakkann meðan á verkfallinu stóð, munu valda stórfelldum verðhækkunum í verzlunum næstu daga. Og þá munu engir ráðherrar stíga í ræðustól á Alþingi með langa útreikninga hagfræðilegra vísindamanna til að lýsa því, hve skaðleg áhrif slíkar hækkanir hafi á efnahagsþróun þjóðarinnar. Þá eru það máttarstoðir núverandi stjórnarflokka, sem eru að græða með því að leggja sömu eða hækkaða álagsprósentu á hærri grundvöll og fá þannig fleiri krónur í sinn vasa. Og ríkisstj. óskar jafnvel ekki eftir því, að einkahagfræðingar hennar lýsi þeim verknaði of nákvæmlega með hagfræðilegum útreikningum.

Nú þarf enginn að hafa mín orð fyrir þessum hækkunum fremur en hann vill. Til er önnur heimild frá aðilum, sem meira ráða um þau efni en ég. Þá heimild er að finna í Morgunblaðinu 3. maí s. l. í forustugrein, þar sem lagt er út af ræðu, sem Bjarni Benediktsson flutti á pólitískum Hvatarfundi að loknum verkföllum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við þá kauphækkun, sem orðið hefði, væri rangt að tala um kjarabætur," sagði ráðherrann. Hækkun á verði landbúnaðarafurða, iðnaðarvara og ýmiss konar þjónustu hlyti að fylgja í kjölfar samninganna, útgjöld ríkisins að vaxa og skattar að hækka. Og enn segir Morgunblaðið orðrétt: „Kommúnistar vissu fyrir fram, að launahækkun nú mundi fyrst og fremst hafa í för með sér aukna hættu á gengisfellingu. Sú hætta blasir nú við." — Þetta eru orð Morgunblaðsins.

Af því, sem ég hef hér sagt, er ljóst, að rík var ástæðan fyrir verkföllin til að fara inn á þá braut, sem við þjóðvarnarmenn lögðum til með frv. okkar um lækkun verðlags, en nú er það þjóðinni lífsnauðsyn, eigi hún ekki að tortíma sjálfstæði sínu og sjálfri sér undir erlendu valdi, því að smáþjóð, sem ekki kann að stjórna sjálfri sér, verður ekki látin gera það til langframa; nema önnur tortíming íslenzkrar þjóðar komi fyrr til.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Þjóðfræg eru skipti framsóknarmanna við hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktsson. Nokkru fyrir síðustu alþingiskosningar samþykktu þeir á flokksþingi, að þessi ráðherra væri með öllu óhæfur til að gegna embætti dómsmálaráðherra, og blöð flokksins lýstu því með sterkum orðum, hvílíkt skaðræði það væri, ef hann héldi því embætti stundinni lengur. Eftir kosningar var það eitt fyrsta verk Framsfl. að tryggja Bjarna Benediktssyni embætti dómsmálaráðherra í nýrri ríkisstjórn. Öllum er í fersku minni, með hvílíkum ákafa blöð Framsfl. hömuðust s. l. haust að Bjarna Benediktssyni í embætti menntamálaráðherra og lýstu því í fjölda greina, hve freklega hann misbeitti þar völdum og trúnaði.

Við þjóðvarnarmenn gáfum þá Framsóknarforkólfunum tækifæri til að standa við stóru orðin, og þeir gerðu það á þann hátt, að þeir kingdu þeim öllum í áheyrn alþjóðar. Síðan hafa þeir naumastýjað í þá átt, að Bjarna Benediktssyni séu nokkru sinni svo mikið sem mislagðar hendur.

Bjarni Benediktsson var utanrrh. Íslands um hríð, svo sem eftirminnilegt er. Margir hinir heilskyggnari framsóknarmenn litu svo á, að utanríkisstefna hans og Sjálfstfl. væri eigi aðeins varhugaverð, heldur stórum hættuleg Íslendingum. En raddir þessara framsóknarmanna voru eftir föngum þaggaðar niður, enda voru forkólfar Framsfl. samábyrgir Sjálfstfl. um meginstefnuna, höfðu ásamt honum stigið öll þau ógæfuskref, sem leiddu þjóðina út í hernaðarbandalag, nýtt hernám og hermang. En þegar leið að alþingiskosningum 1953, þóttust forustumenn Framsóknar einnig hafa margt við utanríkisstefnuna að athuga, einkum framkvæmd herstöðvasamningsins. Skáru þeir nú upp herör og kunngerðu gervallri þjóðinni, að hernámsmálin í höndum Bjarna Benediktssonar og Sjálfstfl. væru öll í hinum mesta ólestri, en nú ætti íslenzka þjóðin sterkan leik á borði, sögðu þessir miklu kappar; hann væri sá að efla Framsfl., þá skyldi hann taka í traustar hendur sínar alla meðferð utanríkismála. Hefði þjóðin vit á því, mundi brátt ljóst verða, að innleiddir yrðu nýir og betri siðir í skiptum við hernámsliðið og Bandaríkjastjórn; þá liði eigi á löngu unz gæfusól Framsfl. tæki að verma þjóðhollum Íslendingum um hjartarætur. Þjóðin hlýddi að nokkru þessu kalli Framsfl. Þó að hernámsflokkarnir töpuðu að vísu nokkru fylgi, fengu þeir að því sinni ekki þá útreið, sem komið gæti í veg fyrir það, að Sjálfst.- og Framsfl. gengju að nýju saman í eina sæng og mynduðu ríkisstjórn. En forustumönnum Framsóknar var þó ekki rótt. Að öllu óbreyttu hefðu þeir vafalaust lagt yfir það blessun sína eftir kosningar, að Bjarni Benediktsson yrði áfram utanrrh., og kingt öllum stórum orðum um vanhæfni hans til starfans, en þeir höfðu séð letrið á veggnum.

Kominn var til sögunnar nýr flokkur, Þjóðvarnarflokkur Íslands, óháður öllum erlendum sjónarmiðum, flokkur með þjóðlega, róttæka lýðræðisstefnu. Þrátt fyrir byrjunarerfiðleika hafði hinum nýja flokki tekizt að afla sér slíks brautargengis, að þjóðarathygli vakti, og það sem hættulegast var frá sjónarmiði hinna æfðu stjórnmálamanna, ekki sízt framsóknarmanna: þessi nýgræðingur stjórnmálanna, stefna hans og málflutningur, hafði fundið hljómgrunn í brjóstum þúsunda Íslendinga, sem ekki komust svo langt áleiðis í þessari fyrstu lotu að brjótast út úr vítahring gömlu flokkanna. Nú voru góð ráð dýr. Framsóknarforingjarnir voru að vísu óðfúsir að mynda ríkisstjórn með Bjarna Benediktssyni

og Ólafi Thors, en utanríkismálin kusu þeir flokki sínum til handa. Þar skyldi sýnt, til hvers Framsókn dygði.

Allmikla athygli vakti það, að hvorugur forustumanna flokksins, hvorki formaður hans né ritari, vildi leggja sig í þá karlmennskuraun að standa fyrir hinni nýju siðabót í utanríkismálum. Maður getur naumast að sér gert að spyrja, hvort að þeim hafi læðzt sá grunur, að sá maður, er gerðist merkisberi hernámsflokkanna, mundi geta sér litla frægð. Fyrir valinu varð skattstjóri norðan af Akureyri, doktor að nafnbót, hrekklaus maður og gegn að allra kunnugra dómi. Dreg ég ekki í efa, að hann hafi í upphafi trúað því, að hann gæti kippt í lag einhverjum framkvæmdaratriðum, sem úrskeiðis höfðu gengið. En brátt kom í ljós, að þar var við ramman reip að draga. Það, sem örlögum réð, var þó sú augljósa staðreynd, að hvorki hæstv. núverandi utanrrh. sjálfur né forustumenn stjórnarflokkanna hugðu á neina stefnubreytingu, sem máli skipti.

Tilburðum hæstv. utanrrh. má helzt líkja við atferli þess manns, sem stritast við að ausa með botnlausu austurtrogi, meðan báturinn er að fyllast, en dettur ekki í hug að reyna að sigla til lands. Stefnan var hin sama og áður: Þátttaka í hernaðarbandalagi, herseta, síaukið hermang. Nokkrar vanmáttugar og fálmkenndar tilraunir til að sýnast breyttu þar engu um. Fáein sjónarspil, sem Framsfl. hefur sett á svið, áttu að friða óánægða flokksmenn — og hafa ef til vill gert það að nokkru skamma stund, en nú er tjaldið fallið og allir heilskyggnir menn gera sér ljóst, að við Íslendingar erum í dag rammari hernámsfjötrum reyrðir en nokkru sinni fyrr. Sá er árangurinn af siðbót Framsfl. Hann hefur dyggilega fylgt utanríkisstefnu Bjarna Benediktssonar og með því móti vottað honum sérstakt traust, einnig varðandi stjórn hans á utanríkismálum.

Nú er það fjarri mér að vilja skella allri skuld af ógæfuþróun íslenzkra utanríkismála síðastliðin tvö ár á Framsfl. einan. Sá flokkurinn, sem vanhelgar hið göfuga nafn sjálfstæðisins með því að nota það sem veifu við hún á stjórnmálasnekkju braskaranna, ber vissulega ábyrgðina að sínum hlut. Aldrei hefur svokallaður Sjálfstæðisflokkur staðið neinum að baki, heldur oftast fremstur, þegar ráð voru á lögð eða samið var um ógæfu og óhæfuverk. Þess skyldi enginn ganga dulinn. En það sýknar ekki Framsfl. Ábyrgðarhluti hans er ærinn, og hefur mörgum fylgismanni flokksins runnið til rifja það giftuleysi foringjanna, hversu fast þeir hafa sótt þann róður, að einnig á sviði hermangsins skuli gilda hin alræmda helmingaskiptaregla stjórnarflokkanna tveggja.

Ég mun nú rekja stuttlega, hver orðið hefur árangurinn af hinni boðuðu siðabót Framsfl. í utanríkismálum.

Þegar um það bil hálft ár var liðið frá myndun núverandi hæstv. ríkisstj., voru þau boð látin út ganga, að fyrir dyrum stæðu samningaumleitanir við Bandaríkjastjórn um breytingar á herstöðvasamningnum eða a. m. k. á reglunum um framkvæmd hans. Var boðskapur þessi tilkynntur með ærinni dryldni, óspart gefið til kynna, að mikils árangurs væri að vænta. Nú skyldu menn aðeins bíða rólegir, unz þeir sæju í fyllingu tímans, hve vel doktorsráðin gæfust. Alþingi sat að störfum um þessar mundir. Fyrir því lágu þrjú þingmál, er snertu herstöðvasamninginn, tvö um uppsögn hans, eitt um endurskoðun og breytingar. En þessi mál fengust ekki tekin á dagskrá sakir ofríkis ríkisstjórnarinnar og flokka hennar.

Stjórnarandstæðingar bentu á það hvað eftir annað, að svo framarlega sem ráðherrar mæltu það af nokkrum heilindum, að þeir vildu knýja fram endurbætur á herstöðvasamningnum og framkvæmd hans, ættu þeir þann leik sterkastan á borði, að Alþ. léti ótvíræðan vilja sinn í ljós og markaði stefnuna um þær kröfur, sem fram skyldu bornar, það væri hinn traustasti bakhjarl, sem fáanlegur væri við samningagerð. En ekkert slíkt máttu stjórnarherrarnir heyra nefnt. Vakti það vissulega grunsemdir um það, að lítil alvara byggi að baki hjalinu um nauðsyn bættrar framkvæmdar samningsins.

Liðu nú fram tímar, og var haldið uppi samningaþófi, sem hvorki virtist reka né ganga. Loks kom þar hinn 26. maí s. l. vor, að hæstv. utanrrh. gaf út tilkynningu um það, að nýtt samkomulag hefði verið gert við Bandaríkin. Tilkynning þessi var furðulega ónákvæm, orðalag loðmullulegt og afsleppt, svo að þar var naumast bitastætt. Þrjú virtust þó þau meginatriði, sem orðið höfðu árangur af fjögurra mánaða samningaþófi. Í fyrsta lagi: Ferðir setuliðsmanna út fyrir herstöðvarnar skyldu takmarkaðar. Í öðru lagi: Hið misjafnlega þokkaða Hamiltonfélag skyldi hætta öllum störfum á Keflavíkurflugvelli og hverfa af landi brott. Í þriðja lagi: Íslenzkir aðilar skyldu taka að sér stórauknar byggingarframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð fyrir herinn.

Mörgum þótti furðu gegna, að ekki skyldi verða meiri árangur af þessari samningagerð, svo digurbarkalega sem Framsóknarkapparnir höfðu talað, þá er viðræður hófust. Ýmsir hugguðu sig við það, að lítið væri betra en ekki neitt. Hamilton ætti þó a. m. k. að fara og takmarkið yrði hvimleitt ráp setuliðsmanna til Reykjavíkur og út um byggðir landsins. En brátt kom í ljós, að þó að árangur samninganna væri næsta rýr, skorti hæstv. ríkisstj. annað tveggja vilja eða manndóm til að framkvæma þessa samninga. Þó að Bjarni Benediktsson væri horfinn úr embætti utanríkisráðherra, vottuðu framsóknarmenn honum enn einu sinni traust með þeim hætti að láta utanrrh. sinn fylgja dyggilega þeirri stefnu og því fordæmi, sem hann hafði gefið.

Einn var sá liður samninganna, sem ekki var látinn úr hömlu dragast, að fullnýta tækifærið, sem gefizt hafði til að veita gæðingum stjórnarliðsins aðstöðu til að gera hernám landsins, niðurlægingu þjóðarinnar, að stóraukinni gróðalind. Í ágúst eða september s. l. sumar tilkynntu íslenzk stjórnarvöld, að stofnuð hefðu verið ný og öflug samtök til að annast margvíslegar framkvæmdir fyrir bandarísku hernámsliðið. Að samtökum þessum stóðu ýmsir helztu auðmenn Sjálfstfl., Samband íslenzkra samvinnufélaga ásamt nokkrum framsóknargæðingum og sjálfur ríkissjóður Íslands. Að vísu hafði það kostað harðar deilur milli stjórnarflokkanna, á hvern hátt skyldi skipta hernámsgróðanum, og blossa þær

deilur jafnan upp öðru hverju, þegar öðrum aðilanum þykir hinn vilja gína yfir of miklu, en oftast næst samkomulag um að mætast í miðju trogi. Það skiptir þessa herra engu, þótt hernámsgróði þeirra sé fenginn með því móti, að íslenzka þjóðin sé sett í geigvænlega hættu, þótt hann sé fenginn á kostnað íslenzkra atvinnuvega, sem eiga í vök að verjast af völdum stjórnarstefnunnar, svo að sums staðar liggur við fullkominni landauðn. Það er engu líkara en boðorðið sé þetta: Kosti það hvað sem kosta vill, kosti það sívaxandi fólksflótta úr kauptúnum og sveitum, kosti það verðbólgu og dýrtíð, þó að hún ríði sjávarútveg, landbúnað og iðnað á slig, kosti það vansæmd og niðurlægingu þjóðarinnar. Færeyinga á togarana, meðan einhver baslar við að gera út, þýzkt verkafólk í sveitirnar, meðan einhver fæst til að búa, en Íslendinga á Keflavíkurflugvöll. Sú skipan færir hermöngurum skjóttekinn gróða. Og svo spretta upp fyrirtæki, gorkúlurnar á hernámshaugnum, Sameinaðir aðalverktakar, hlutafélagið Reginn, hlutafélagið Byggir, hlutafélagið Tungufell, allt niður í sjoppur, sem öngla saman smáskildingum á því að selja hermönnum kóka-kóla og jórturleður. Hvort stofnað hefur verið hlutafélagið Stúlka, veit ég ekki, en vel getur það verið.

Framkvæmdir á öðrum greinum samninganna frá því í fyrravor hafa orðið næsta litlar. Um hinar boðuðu takmarkanir á ferðum hermanna er það að segja, að þar hefur sjón orðið sögu ríkari. Þeir fóru eftir sem áður um allar jarðir. Hvað eftir annað hefur verið skorað á hæstv. utanrrh. að birta reglur þær, sem hann segir að um þessar ferðir gildi, en þær eru hulinn leyndardómur enn í dag. Einhverju sinni sagði blaðið Tíminn, að ástæðurnar til þess, að reglurnar hefðu ekki verið birtar, væru þær, að það mundi ergja ameríska hermennina. En í umræðum hér á Alþ. í vetur sagði hæstv. utanrrh., að vísu nokkuð aðþrengdur orðinn, að reglur þessar væru hið strangasta hernaðarleyndarmál og skyldu aldrei birtar. Mun þetta vera hið eina hernaðarleyndarmál, sem ráðherranum hefur verið trúað fyrir, og er þess þá varla að vænta, að hann vilji glopra því út úr sér. En að leyndarmáli ráðherrans hafa menn hlegið landshornanna milli.

Hvað er að segja um Hamiltonfélagið, sem gera átti landrækt? Er það ekki löngu farið? Fyrst var gefið í skyn, að það mundi hverfa héðan eigi síðar en í árslok 1954, en bæði fyrir og eftir áramót bárust þær fregnir, að félagið hyggðist síður en svo til brottfarar, það héldi stöðugt áfram að ráða nýtt starfslið í þjónustu sína, þar á meðal marga ameríska verkfræðinga. Og hverjar eru síðustu fréttirnar sunnan að? Þær eru á þá leið, að Hamiltonfélagið sé að breiða yfir nafn og númer eins og veiðiþjófar í landhelgi. Svo er látið heita, að stofnað hafi verið nýtt félag, en er þó naumast annað en Hamilton í dulargervi. Þetta nýja félag mun nú eiga að taka við starfsliði Hamilton og verkefnum þess. Er ekki að efa, að þessi skollaleikur er leikinn í fullu samráði við íslenzk stjórnarvöld. Þætti mér jafnvel líklegt, að einhverjir íslenzkir hernámspostular, sennilega úr ráðherrastólunum, sem oft eru auðir, hafi brugðið sér suður á völl til að vera skírnarvottar, þegar hvítvoðungurinn var vatni ausinn. Er þessi grínleikur í fullu samræmi við önnur vinnubrögð íslenzkra stjórnarvalda, þegar hernámsliðið á í hlut, og má segja, að hann kóróni framkvæmd þeirrar síðabótar, sem Framsfl. boðaði í Keflavíkurmálum.

Þegar hæstv. utanrrh. birti grg. sína um samningana við Bandaríkjastjórn, munu flestir hafa gert ráð fyrir því, að sú skýrsla væri aðeins til bráðabirgða, áður en langt um liði yrðu samningarnir birtir orðrétt og í heild, svo sem lög standa til. Nú er senn ár liðið, og þessir samningar eru óbirtir enn. Þegar að því var spurt hér á Alþ. í vetur, hvort nokkrir lögformlegir samningar hefðu verið gerðir á s. l. sumri milli Íslands og Bandaríkjanna, fullvissuðu hæstv. utanrrh. og hv. þm. Str. Þingheim um, að svo hefði verið. Dreg ég ekki í efa, að þeir hafi farið þar með rétt mál.

Nú er það algerlega óheimilt að íslenzkum lögum að gera leynilega milliríkjasamninga. Það er stranglega og afdráttarlaust fyrirskipað, að allir slíkir samningar skuli birtir í Stjórnartíðindum. Vil ég því til sönnunar vitna í lög nr. 64 frá 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Í 1. gr. þeirra laga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar, samninga við önnur ríki og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins.“

Hér fer ekkert milli mála. Með því að skjóta sér undan því að birta samninginn, sem gerður var við Bandaríkin s. l. sumar, hefur hæstv. ríkisstj. gert sig seka um óumdeilanlegt lagabrot. Lagaákvæðið um skilyrðislausa birtingu allra milliríkjasamninga er einn af hornsteinum lýðræðisins og á að hindra það, að stjórnarvöld geti gert leynisamninga við önnur ríki og falið þá fyrir þjóðinni. Allir leynisamningar, sem ríkisstjórn Íslands kann að hafa gert við Bandaríkin og aðrar þjóðir, eru því algerlega löglaust athæfi. Skora ég á hæstv. ríkisstj. að lýsa yfir í þessum umræðum, að hún muni tafarlaust láta birta samningagerðina við Bandaríkjastjórn frá 1954 svo og aðra þá milliríkjasamninga, sem kunna að hafa verið gerðir, en eru óbirtir. Ríkisstjórnin er að vísu þegar orðin brotleg við íslenzk lög með því að hafa í nálega heilt ár þrjózkazt við að birta samningana, en ef hún þverskallast enn, eftir að þetta hneykslismál hefur verið gert lýðum ljóst, er það enn ein átakanleg sönnun þess, að núverandi valdhafar víla ekki fyrir sér að traðka lögum og rétti í þjónkun sinni við erlent vald.

Árið 1949, þegar meiri hluti Alþ. samþykkti aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi, var því mjög á lofti haldið af forgöngumönnum þeirrar ráðstöfunar, að slík ákvörðun væri oss með öllu hættulaus, hún táknaði fyrst og fremst þá viljayfirlýsingu íslenzku þjóðarinnar, að hún vildi hafa samstöðu með vestrænum veldum. Þegar stigið var hið örlagaríka spor að kalla hingað á Bandaríkjaher vorið 1951, tóku ýmsir Íslendingar góða og gilda þá kenningu, að slík ráð-

stöfun væri ill nauðsyn til að styrkja varnarkerfi vestrænna þjóða og tryggja samgönguleiðir um Atlantshaf. Færri voru hinir, sem trúðu þeim falsrökum, að liðskostur þessi væri hingað sendur í því skyni að verja íslenzku þjóðina í hugsanlegri styrjöld. Okkur, sem frá upphafi vorum andvígir aðild að Atlantshafsbandalagi og herstöðvasamningi, gengur löngum illa að skilja sjónarmið þeirra manna, sem á þessum tveimur örlagastundum gátu sætt sig við að fórna svo miklu af sjálfstæði Íslendinga og þjóðarheiðri sem fórnað var, til þess að land vort gæti orðið hlekkur í hernaðarkeðju vestrænna þjóða. Þó vil ég segja það, að skiljanlegri var slík afstaða á þeim tíma heldur en sú forherðing að berja enn höfðinu við steininn og neita að viðurkenna þann sannleika, að síðan 1951 hefur öll hernaðaraðstaða í heiminum gerbreytzt. Hverjum Íslendingi er lífsnauðsyn að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd.

Við lifum nú á tímum hinna skelfilegu vetnissprengjuvopna, og allar eldri hugmyndir og kenningar um hertæki og möguleika til sóknar og varnar í styrjöld eru gersamlega úreltar. Ég veit, að þeim Íslendingum fjölgar stöðugt, sem hafa gert sér þetta ljóst. Margir þeirra, sem árið 1951 töldu hersetu Bandaríkjamanna hér illa nauðsyn, líta nú svo á, að hún sé ægilegur þjóðarvoði. En valdamenn þjóðarinnar virðast annaðhvort vera öðrum sljóskyggnari á hina gerbreyttu aðstöðu eða svo forhertir orðnir, að þeir víla ekki fyrir sér að reyna að fela sannleikann fyrir landsmönnum.

Hinn 1. marz 1954 má vera gervöllu mannkyni eftirminnilegur. Þann dag framkvæmdu Bandaríkjamenn vetnissprengjutilraun þá á Kyrrahafi, sem í einu vetfangi gerði mönnum ljóst, hve ólýsanlegar skelfingar yrðu kallaðar yfir heiminn, ef til nýrrar styrjaldar kynni að draga, og sýndi eðli allrar vopnaverndar í því ljósi, að jafnvel blindir hlutu að fá sýn. Tugir japanskra fiskimanna fórust, áhafnir margra fiskibáta urðu fyrir geigvænlegum geislaverkunum, og hundruð manna á eyjum í allt að 500 km fjarlægð frá sprengingarstað biðu tjón af geislaáhrifum. Hættusvæðið var talið um 300 þús. km², þrefalt stærra en allt Ísland.

Atburðir þessir sönnuðu svo ljóst sem verða má, í hvílíkan háska þeim þjóðum er stefnt, sem eiga í landi sínu útvirki hugsanlegra styrjaldaraðila, — útvirki, sem nothæf eru og ætluð til árása í kjarnorkustyrjöld. Hér á landi hafa verið gerð mikil hernaðarmannvirki. Stöðugt er haldið áfram að stækka Keflavíkurflugvöll. Er stærð hans og gerð við það miðuð, að hann sé tiltækur til afnota hinum stærstu helsprengjuvélum. Bandarískir hernaðarsérfræðingar og bandarísk blöð hafa verið ófeimin að lýsa því, hve Keflavíkurflugvöllur veiti góða aðstöðu til árása á meginland Evrópu. Þar vestra hafa birzt óteljandi kort og myndir, sem sýna flugleiðir sprengjuflugvéla frá Keflavík til stærstu borga Rússlands. Frá því er skýrt hvað eftir annað, jafnvel í hlakkandi tón, að frá Íslandi til Moskvu geti hinir hraðfleygustu loftdrekar flogið með vetnissprengjufarm á fjórum klukkustundum.

Það er deginum ljósara, að í styrjöld hugsa Bandaríkjamenn sér Keflavíkurflugvöll sem árásarbækistöð. Þaðan á að láta helsprengjum rigna yfir lönd og borgir. Sér ekki hver maður, að slíkar árásir mundu kalla gagnárásir yfir Ísland, tortímandi vetnissprengjuárásir, sem þurrkuðu árásarstöðvar Bandaríkjanna út og tortímdu íslenzku þjóðinni um leið?

Án herstöðva og risaflugvallar á Íslandi eru hverfandi líkur til þess, að hér yrði varpað kjarnorku- eða vetnissprengjum. Þeim yrði naumast fleygt út í bláinn, heldur yrðu skotmörkin fyrst og fremst þeir staðir, sem þættu hernaðarlega mikilvægir og bein árásarhætta stafaði frá.

Noregur og Danmörk eru bæði þátttakendur í samstarfi vestrænna þjóða. Skemmra er þaðan til Leningrad og Moskvu en frá Íslandi. Þar eru þó engar bandarískar herstöðvar og engir tröllauknir flugvellir fyrir helsprengjuvélar. Er það af því, að Bandaríkin hafa ekki kært sig um slíka aðstöðu? Nei. Þau hafa farið fram á að fá hana, en þeim hefur verið neitað. Er ástæðan sú, að ríkisstjórnir þessara landa séu fjandsamlegar Bandaríkjunum? Engan veginn. Ástæðan er sú ein, að þessi ríki líta réttilega svo á, að komi til kjarnorkustyrjaldar, mundu slíkar bækistöðvar kalla yfir þessar þjóðir ólýsanlegar ógnir og skelfingar.

Kjarnorkufræðingar og aðrir vísindamenn hafa lýst því eftirminnilega, hve gífurlegum breytingum tilkoma vetnissprengjunnar hefur valdið á sviði hernaðartækni og þó einkum hervarna. Tímans vegna læt ég nægja að nefna eitt dæmi. Hinn heimsfrægi eðlisfræðingur Patrick Blackett hefur fært óyggjandi rök að því, að gegn vetnissprengjuárásum séu engar varnir til, nema því aðeins að takast mætti að tryggja það, að engin óvinaflugvél kæmist í námunda við sprengjumarkið. Svo öflugum vörnum verði þó nálega hvergi við komið, hversu gífurlegum fjármunum og mannafla sem til þess yrði varið. Blackett segir enn fremur: Önnur mikilvæg afleiðing af fullkomnun vetnissprengna er sú, að mjög dregur úr hernaðarlegu gildi margra flugstöðva.

Sé vafamál, að stöðvar á Bretlandseyjum verði varðar, hversu miklu síður mun takast að verja stöðvar á Íslandi, Tyrklandi, Kýpur, fyrir botni Miðjarðarhafs, á Filippseyjum, Formósu eða Japan. Jafnvel þótt sjálf herstöðin væri nægilega varin, er ekki líklegt, að svo yrði um borgir þeirra landa, sem herstöðvarnar eru í. Þróunin mun því verða sú, að treyst verður í vaxandi mæli á tiltölulega öruggar stöðvar í Bandaríkjunum sjálfum eða útvirki í lítt byggðum löndum, þar sem ekki þarf að taka tillit til óbreyttra borgara.

Þessi ummæli hins mikla vísindamanns hljóta að verða okkur Íslendingum ærið umhugsunarefni. Af þeim verða dregnar þær ályktanir fyrst og fremst, að ókleift muni reynast að verja herstöðvar á Íslandi gegn vetnissprengjuárásum og stöðin á Reykjanesskaga kalli yfir íslenzku þjóðina ægilega tortímingarhættu. Getur hugsazt, að enn sé til sá Íslendingur, sem trúi þeirri kenningu, að íslenzka þjóðin muni í styrjöld njóta verndar vegna tilvistar bandarískra herstöðva hér á landi? Sá maður hlyti að vera undarlega gerður. Blekkingar og hugtakafalsanir eru tíðar

á þessum áróðurstímum, en engin hættulegri en sú að kalla sjálfan voðann vernd.

Að lokum tvær staðreyndir:

Haldist friður í heiminum, og gefi hamingjan, að svo verði, þá er augljóst, að við Íslendingar höfum enga þörf fyrir hervernd af neinu tagi.

Komi hins vegar til þess, að barizt verði með kjarnorkuvopnum, er jafnljóst, að herstöðin á Keflavíkurflugvelli veitir okkur enga vernd. Hún býður heim þeirri hættu, að við þurrkumst út úr tölu þjóða.

Hvort sem friður helzt eða styrjöld geisar, er hag Íslendinga þá skaplegast borgið, að þeir segi upp herstöðvasamningnum og allur her hverfi á brott úr landi þeirra. — Góða nótt.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Þegar alþýðan gerir nú upp sakirnar við valdhafa landsins, koma margar spurningar fram í huga hennar, — spurningar, sem um leið eru bitur ákæra á hendur núverandi ríkisstj., — spurningar, sem heimta svar.

Hvernig stendur á því, að 7 þús. verkamenn og verkakonur verða að standa í harðvítugu verkfalli í sex vikur til þess að ná aftur nokkru af því kaupi, sem verkalýðurinn hafði 1947? Hvernig stendur á því, að stórgróðafélögum landsins helzt uppi að stöðva atvinnulíf Reykjavíkur í sex vikur til þess að reyna með því að svelta verkamenn til uppgjafar og brjóta samtök þeirra á bak aftur? Hvernig stendur á því, að ríkisstj., sem kaupir alla olíu til landsins, skuli síðan afhenda hana olíufélögunum til okurs og láta þessa skjólstæðinga sína nú í verkfallinu neita bæjarútgerð Hafnarfjarðar um olíu til þess að reyna þannig að stöðva fiskframleiðslu togaranna? Hvernig stendur á því, að okrið skuli blómgast þannig í Reykjavík, að ein vefnaðarvöruverzlun í Austurstræti skuli taka 6 millj. kr. að láni hjá okrurum og borga af því 4.2 millj. kr. á ári í vexti? Og hvernig stendur á því, að nokkur fyrirtæki helztu máttarstólpa auðvaldsins skuli hafa svo hundruðum milljóna króna skiptir að láni hjá bönkum ríkisins, meðan byggingarsjóðum verkamanna er neitað um eðlileg lán? Hvernig stendur á því, að það skuli vera fluttir inn á einu ári bílar, sem kosta yfir 110 millj. kr., en á sama tíma skuli fólkinu sagt, að það séu engir peningar til í þjóðfélaginu til þess að byggja mannsæmandi íbúðir í staðinn fyrir heilsuspillandi herskála, sem 3000 manns, þar af 1000 börn, eru látnir hírast í, en vart mundi þó kosta meira en 100 millj. kr. að útrýma þeim öllum, eins og Sósfl. hefur flutt frv. um? Og hvernig stendur á því, að meðan alla íslenzka atvinnuvegi vantar vinnuafl, skuli frá 1000 til 3000 manns rekið í hernámsvinnu suður á Keflavíkurflugvöll og að íslenzka ríkið skuli sjálft leggja fram 3 millj. kr. til þess að vera sjálft þátttakandi í hermangarafélagi fyrir Ameríkana á Suðurnesjum? Og hvernig stendur á því, að beitt skuli því ofbeldi undir yfirskini laga hér á Alþ. að setja frá löglega hreppsnefnd Kópavogshrepps, sem var tvíkosin á síðasta ári, til þess eins að reyna að fá kosinn þar meiri hluta, sem auðstétt Reykjavíkur hefur velþóknun á?

Það, sem gerzt hefur síðan 1947, er, að lítill hópur auðmanna og ofstækismanna hefur hafizt til valda í þjóðfélaginu, sölsað undir sig eina ríkisvaldið og beitt því æ óskammfeilnar með hverju árinu sem líður í eigin þágu. Og þegar ég hér eftir kalla þennan hóp auðstétt, þá á ég ekki við atvinnurekendur í heild, heldur þann fámenna hóp sérréttindamanna, sem einokar fyrir sig og handa sér auð og verzlun þjóðarinnar, þó að þessi auðstétt eigi auðinn ekki nema að nokkru leyti, heldur lætur ríkisstj. afhenda sér yfirráðin yfir honum, yfir útflutningnum, eins og t. d. saltfiskinum, yfir innflutningnum, eins og t. d. olíunni, yfir lánsfé bankanna, sem hún notar eins og hún eigi það.

Við þurfum að rannsaka, hvað það er, sem er að gerast í okkar landi, hver er hin raunverulega undirrót þessara ólíku fyrirbrigða. Undirrótin er vöxtur þessarar auðstéttar. Hún hefur vaxið þannig að valdi og auð, að hroka og yfirgangi á þessum sjö árum, að nú er komið að þeim vegamótum, þar sem vinnandi stéttir Íslands verða að gera það upp við sig, hvort þær ætla að láta þessa auðmenn brjóta þjóðina undir sig eða hvort alþýðan ætlar sjálf að sameinast og sjá um, að landi voru verði stjórnað í þágu alþjóðar, en ekki auðstéttarinnar.

Við skulum nú athuga efnahagslegu afstöðuna milli verkalýðs og auðvalds og hvernig hún hefur breytzt á undanförnum árum.

1942 settu núverandi stjórnarflokkar gerðardómsfjöturinn á verkalýðssamtökin, bönnuðu verkföll og kauphækkanir, að viðlagðri fangelsun verkalýðsleiðtoganna og upptöku félagssjóða verkalýðsins. Verkalýðurinn svaraði þessari árás þá með skæruhernaðinum og braut gerðardómslögin á bak aftur. Verkalýðurinn meira en tvöfaldaði kaupgjald sitt og það ekki bara í íslenzkum krónum, heldur líka í dollurum og pundum. Þar með hóf hann að slíta þann fjötur fátæktarinnar af alþýðu Íslands, sem hún hafði verið hlekkjuð í, — þann fjötur, sem auðvaldið og núverandi stjórnarflokkar ætluðu að halda henni í áfram.

En verkalýðurinn gerði meira. Um leið og hann bætti sitt eigið kaup, gerði hann þjóðina efnaða. Allar þær inneignir, 500 millj. kr., sem Ísland átti erlendis í stríðslok, voru að þakka þessari uppreisn verkalýðsins gegn gerðardómslögum núverandi stjórnarflokka og kauphækkun hans, sem þeir börðust á móti, því að útflutningur Íslands öll stríðsárin var sami og innflutningurinn, um 1270 millj. kr. hvort um sig, svo að ekki mynduðust neinir sjóðir af því. Hefði íslenzka auðvaldið og núverandi stjórnarflokkar ráðið stefnunni 1942, hefðu engar inneignir verið til í stríðslokin.

En verkalýðurinn gerði meira. Hann lagði á ráðin um, hvernig hagnýta skyldi innstæðurnar til að afla þjóðinni stórvirkra atvinnutækja, kaupa alla þá togara, vélbáta, flutningaskip og vélar í verksmiðjur og annan iðnað, sem atvinnulíf Íslands nú byggist á.

Á árunum 1942—47 hafði verkalýðurinn með baráttu sinni, þrotlausri vinnu sinni og að síðustu með stórauknum áhrifum á löggjöf og ríkisstjórn bætt hag sinn og þjóðarinnar og fengið framgengt mikilli og merkilegri umbóta-

löggjöf. Kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmanns var 1947 50% meiri en 1938. En því fór samt fjarri, að þessi kauphækkun verkalýðsins svipti auðmennina öllum gróða; þvert á móti. Auðstéttin var rík. 100 ríkustu menn og félög Reykjavíkur áttu þá samkv. eigin uppgjöf í des. 1947 alls 1057 millj. kr. í skuldlausum eignum, miðað við tólffalt fasteignamat.

Hvað hefur svo gerzt síðan 1947 í atvinnulífi Íslendinga? Síðan 1947 hafa allir nýsköpunartogararnir komið í gagnið, allur vélbátaflotinn, allur hinn glæsilegi flutningaskipafloti vor, allar þær vélar, sem keyptar voru í iðjuverin á nýsköpunarárunum, og auk þess hafa Íslendingar fengið yfir 400 millj. kr. að gjöf. Síðan 1947 hefur því þjóðarauðurinn stóraukizt og þjóðartekjurnar vaxið upp í um 3000 millj. kr. Maður skyldi því ætla, ef réttlæti hefði ríkt, að verkalýðurinn hefði stórbætt lífskjör sín síðan 1947, að hann hefði uppskorið það, sem hann sáði til með starfi sínu og baráttu 1942—47.

En hverjar eru staðreyndirnar nú í ársbyrjun 1955? Í febrúar 1955 var raunverulegt kaupgjald verkamanns, miðað við neyzluvarning vísitölunnar, 17% lægra en 1947 samkv. óvefengjanlegum útreikningi hagfræðinganna Haralds Jóhannssonar og Torfa Ásgeirssonar. Og ef tekið er tillit til húsaleiguhækkunarinnar á þessu árabili, þá er kauplækkunin miklu meiri. Verkamenn þyrftu því nú 20% kauphækkun aðeins til þess að ná kaupmætti launa sinna 1947 hvað neyzluvarning snertir — þetta er náttúrlega miðað við kaupið fyrir verkfallið — og þeir þyrftu þá a. m. k. 30% kauphækkun til þess að bæta upp húsaleiguhækkunina líka frá 1947. Með öðrum orðum: Verkalýðurinn, sem gerði nýsköpun atvinnulífsins mögulega fyrir þjóðina, hafði ekki aðeins verið rændur öllum ávöxtum nýsköpunarinnar, heldur og meiru til. Auðmannastéttin hafði á árunum frá 1947 til 1955 ekki aðeins sölsað undir sig allan hinn aukna afrakstur þjóðarbúsins vegna nýsköpunartækjanna, heldur einnig rænt af verkalýðnum um fjórðungi þess kaupgjalds, er hann hafði 1947.

Þetta er árangurinn af sjö ára óskoraðri yfirdrottnun auðvaldsins á Íslandi, sjö ára stjórnarstefnu Sjálfstfl. með Framsókn í eftirdragi.

Hvernig gat þetta skeð? Hvernig stendur á þessum sorglegu umskiptum í sókn íslenzkrar alþýðu fram til betri lífskjara frá árinu 1947?

Orsökin er sú, að á því ári hóf auðstéttin þá árás á lífskjör íslenzkrar alþýðu, sem síðan hefur staðið, og kallaði til liðs við sig kaldrifjaðasta og harðsvíraðasta auðvald heimsins, ameríska auðvaldið, gerði við það bandalag á móti íslenzkri alþýðu og meðtók frá því þau fyrirmæli um stjórnarstefnu, sem Íslandi síðan hefur verið stjórnað eftir. Og þau boðorð eru ekki aðeins í andstöðu við hagsmuni íslenzkrar alþýðu, heldur og í skerandi mótsetningu við allt, sem hingað til hefur skapað þjóð vorri gæfu og réttlætt okkar þjóðarstolt.

Höfuðboðorð ameríska auðvaldsins var: Þú skalt hafa gróðann fyrir þinn guð. Þú skalt beygja allt íslenzkt þjóðlíf undir peningavaldið og miða alla löggjöf, alla stjórn við það, að peningarnir gefi peningamönnunum mikinn arð, mikinn gróða. Og þú skalt brjóta niður lýðræðið í landinu og láta peningana ráða atkvæðum. — Og samkv. þessu boðorði hafa stjórnarflokkarnir og þá fyrst og fremst Sjálfstfl. spilað undir þeim tryllta dansi um gullkálfinn, sem meira og meira er að heltaka íslenzkt þjóðlíf, og gerzt ábyrgir fyrir því gegndarlausa braski og okri, sem setur nú soramark sitt á íslenzkt efnahagslíf í dag.

Stjórnarflokkarnir hafa afnumið allar hömlur á verðlagi. Þeir hafa útrýmt öllum hindrunum fyrir húsaleiguokri. Þeir hafa sett heimsmet í vexti dýrtíðar. Þriðjungur til helmingur af tekjum verkamanns fer til þess að greiða húsaleigu, þó að sannað sé, að þjóðhagslega sé einn tíundi hluti af tekjum hans nægilegur til þess. Endurbótum, sem þjóðin hefur barizt fyrir og búið við um langt árabil, eins og lágir vextir til bygginga verkamanna og bænda, er rutt úr vegi til þess að skapa frelsi fyrir peningana, meðan frelsi mannanna til þess að eiga þak yfir höfuð sér er troðið undir hæl. Svo skefjalaus er þjónusta stjórnarinnar við gróðamenn landsins, að meira að segja olían, sem ríkisstj. sjálf kaupir til landsins, að verðmæti 150—180 millj. kr. á ári, er afhent gróðafélögunum til sölu, svo að þau geti skattlagt landsmenn eftir vild. Sama er um sementið og fleiri vörur. Það hefur öllu viti í þjóðarbúskapnum og öllu velsæmi í viðskiptaháttum verið ýtt til hliðar til þess að þjóna því gróðasjónarmiði, sem orðið er drottnandi.

Ísland á afkomu sína fyrst og fremst undir togaraútgerðinni, en það hefur enginn nýr togari verið keyptur til landsins síðan 1948. Ríkisstj. hefur látið skjólstæðinga sína, einokunarauðvaldið, féfletta þannig togaraútgerð og vélbátaútgerð, að þjóðfélagið verður að halda hvoru tveggja uppi með fjárstyrkjum, svo að þessir burðarstólpar þjóðarbúskaparins brotni ekki. Sósfl. hefur ár eftir ár flutt frv. á Alþingi um, að ríkið kaupi inn tíu togara. Þetta frv. er alltaf svæft. Tíu togarar kosta 90—100 millj. kr. og geta aflað gjaldeyris fyrir 120 millj. kr. á einu ári. En það eru keyptir inn bílar fyrir 110 millj. kr. í ár.

Stjórnarflokkarnir líta því ekki á það sem verkefni sitt að hafa fyrirhyggju fyrir þjóðarbúinu og framtíðarþörfum þess. Auðstéttin lítur á þjóðina sem bráð fyrir sig og ríkisvaldið sem tæki til þess að skipta bráðinni og á stjórnarflokkana sem tæki til þess að ná ríkisvaldinu, og þeir sættast venjulega á að skipta bráðinni til helminga milli hræfugla sinna. Olían, sementið og fleira, öllu er því skipt til helminga milli gróðafélaga Sjálfstfl. og Framsóknar til þess að fétletta alþýðuna og atvinnulífið. Smáíbúðalánin áður og húsnæðismálin nýju nú lenda í helmingaskiptum þessarar skipulögðu spillingar stjórnarflokkanna, og þessir flokkar hika ekki heldur við að ræna eignum ríkisins til að svala gróðaþorsta sínum.

Veturinn 1952—53 ætluðu þessir stjórnarflokkar samkv. ráðleggingum ameríska alþjóðabankans að láta selja einkaaðilum öll hlutabréf ríkisins í stærsta fyrirtæki þjóðarinnar, áburðarverksmiðjunni, en þau eru 6 millj. kr. að nafnverði, og með því átti að gefa skjólstæðingum þeirra þetta mikla fyrirtæki, sem kostar 130

millj. kr. Sósfl. kom upp um þetta þá, og það var hætt við það í svipinn. Þing eftir þing hefur Sósfl. flutt frv. um að tryggja ríkinu sinn fulla eignarrétt á áburðarverksmiðjunni, sem það lögum samkvæmt á, en stjórnarflokkarnir svæfa það í sífellu, af því að þeir eru að reyna að ræna þessu fyrirtæki úr eigu ríkisins í eigu hlutafélags, þar sem þeir eiga fulltrúa eftir helmingaskiptareglunni. Þannig er ekkert óhult fyrir yfirgangi þessara hrægamma.

Það er aðeins, ef þeir rekast á eitthvað, sem hinn aðilinn hefur sölsað undir sig, að illa gengur að ræna ríkið. T. d. þegar Sjálfstfl. heimtar helmingaskipti um Skipaútgerð ríkisins, þá er komið við kaunin hjá Framsókn. Þess vegna hefur Skipaútgerðinni ekki verið skipt upp enn. Og þegar þannig lendir í rifrildi um bráðina, þá kemur jafnvel fyrir, að Framsókn heimti helmingastaðaskipti um saltfisksölurnar, en það þýðir ekkert, því að þá er komið við kvikuna á Sjálfstæðisflokknum.

Sú auðstétt, sem lætur þannig greipar sópa um tekjur verkamannsins og eigur ríkisins, hyggst að grundvalla yfirráð sín til frambúðar með því að breyta manngildi íslenzkra kjósenda í peningagildi. Þess vegna hefur hún nú með Sjálfstfl. sem tæki hafið skipulagða skoðanakúgun og sannfæringarsölu um land allt, reynt að koma þeirri hugmynd inn hjá Íslendingum, að enginn maður nái rétti sínum nema ganga í Sjálfstfl. Þess vegna er erindrekum stjórnarflokkanna falin úthlutun íbúðalánanna, ekki bönkunum. Þess vegna er inntökubeiðnum í Sjálfstfl. safnað um leið og umsóknum um Bústaðavegshúsin er veitt móttaka. Þess vegna er nú með ærnum kostnaði og mannahaldi skipulagt af Sjálfstfl. að reyna að kaupa upp sex til sjö kjördæmi í landinu, svo að Sjálfstfl. megi þannig einn öðlast meiri hluta á Alþingi. Þetta heldur flokkur, sem kallar sig Sjálfstæðisflokk, að sé leiðin til þess að vinna til fylgis við sig þjóð Auðar Vésteinsdóttur og Ingjalds frá Hergilsey. Svona ameríkur er skilningur hans á skoðana- og persónufrelsi orðinn.

Það er nú vegið að lýðræðinu í landinu með öllum ráðum auðstéttarinnar. Í Kópavogi er lýðræðislega og löglega kosin hreppsnefnd sett frá með lögum, sem pískuð eru fram á Alþingi undir því yfirskini að gera Kópavog að kaupstað, bara af því að Sjálfstfl. líkar ekki meiri hluti hreppsnefndarinnar. Forsætisráðherrann lýsir því yfir á Alþingi, að undirskriftir, opinber atkvgr., sýni réttar vilja kjósenda en leynileg, og síðan er reynt að hræða Kópavogsbúa frá þátttöku í leynilegri atkvgr. Og svo er nú Kópavogsbúum hrundið út í sjöttu kosningarnar á 8 árum, allt til þess að reyna að fella frá völdum þá framfarastjórn undir forustu Finnboga R. Valdimarssonar, sem unnið hefur stórvirki þar syðra. En Kópavogsbúar hafa sýnt það í atkvgr. 24. apríl, að þeir láta ekki auðstétt Rvíkur og útsendara hennar hræða sig, og þeir munu sýna það enn í bæjarstjórnarkosningunum næst.

Svo hatrammur er orðinn yfirgangur Sjálfstæðisflokksins, eftir að hann tók að læra af ameríska auðvaldinu, að jafnvel blindir fá sýn. Framsfl. hefur nú tíu ára reynslu af samstarfinu við Sjálfstfl. um að vernda lýðræðið, og 2. okt. s. l. kveður Tíminn upp eftirfarandi dóm, orðrétt, að fenginni þessari reynslu:

„Það eru braskarar, sem ráða Sjálfstfl., og þeir mundu nota valdaaðstöðuna án minnstu miskunnar og tillitssemi. Íhaldið mundi vissulega misbeita þannig valdinu, ef það fengi það einsamalt, að eftir það yrði ekki til lýðræði á Íslandi nema að nafninu til, og ekki mundi horft í að þiggja erlenda aðstoð, ef völdin yrðu ekki tryggð með öðrum hætti.“

Þetta eru orð Tímans um það „alræði braskaranna“, en svo heitir þessi ritstjórnargrein, sem bíður vor Íslendinga, ef svo er haldið áfram sem nú er stefnt. Það er verið að undirbúa þetta alræði braskaranna með allri þeirri pólitík, sem rekin hefur verið síðustu sjö ár og Framsókn hefur tekið þátt í. Það eru því síðustu forvöð, að alþýða Íslands taki í taumana, og það er það, sem alþýða Íslands nú er að gera.

Við skulum nú reyna að gera okkur nokkra mynd af þeim hildarleik, sem íslenzk alþýða með verkalýð Reykjavíkur í fararbroddi hefur háð síðustu árin og heyr nú við íslenzka og ameríska auðvaldið til þess að hindra, að Ísland verði alræði braskaranna að bráð. Ameríska auðvaldið lagði á ráðin 1947. Það krafðist kauplækkunar og hvers konar banna, og framar öllu heimtaði það, að verkalýðshreyfingin og Sósfl. væru sett í bann, því að þá aðila hugði ameríkst auðvald mestan Þránd í Götu yfirráða sinna á Íslandi.

Og bandamenn ameríska auðvaldsins hlýddu. Þeir hófu árásina á kjör alþýðunnar, og eiginhagsmunir ameríska auðvaldsins komu þá brátt í ljós. Geigvænlegasta árásin var gengislækkunin. Ameríska auðvaldið fyrirskipaði árið 1950, að dollarinn skyldi allt að því þrefaldaður í verði, hækkaður úr kr. 6.50 upp í kr. 16.32. Næsta ár hernam ameríska auðvaldið landið og gerðist stærsti atvinnurekandi á Íslandi með 3000 manns í þjónustu sinni. Það hafði þá látið þjóna sína lækka kaup íslenzks verkamanns úr $ 1.40, sem það var 1947, niður í 69 cent, eða stolið helmingnum af tímakaupi hvers verkamanns. Á nokkrum árum græðir ameríska auðvaldið meira en 400 millj. kr., meira en Marshallgjafirnar allar, einungis á kaupmismun þeim, sem það greiðir íslenzkum verkamönnum, móts við ef það hefði orðið að greiða þeim ameríkst kaup. Það er góður „business“ fyrir ameríska auðvaldið að vernda lýðræðið á Íslandi.

Það var bannað í hinu upprunalega gengislækkunarfrv. ameríska Alþjóðabankans, eins og Sjálfstfl. lagði það fyrir 1950, að hækka laun íslenzkra verkamanna nema lækka gengið um leið. Þar með átti að lögfesta laun íslenzkra verkamanna um alla framtíð á því stigi, sem þau voru við gengislækkunina, m. ö. o. láta þau vera helming þess, er þau voru 1947, og leyfa aldrei neina raunverulega hækkun á þeim eftir það. — Það bann brotnaði strax í meðferð Alþ., og þrátt fyrir hótanir hefur það ekki verið framkvæmt síðan. Ameríska auðvaldið bannaði því næst að veita Íslendingum frelsi til að byggja sér íbúðarhús; það heimtaði, að íslenzkt vinnuafl byggði fyrst og fremst yfir ameríska liðsforingja, en bannaði, að það byggði yfir Íslendinga nema

mjög takmarkað; það lét íslenzk börn hírast í bröggunum áfram. Og því hefur tekizt að draga svo úr byggingum íbúðarhúsa, að ekkert ár hefur bygging nýrra íbúða í Reykjavík enn komizt í námunda við það, sem hún var 1946, þegar 634 íbúðir voru byggðar. Og þegar þetta bann fyrir þrotlausa baráttu Sósfl. og verkalýðshreyfingarinnar var afnumið, þá gerir auðvaldið fátæku fólki illkleift að byggja með því að gera svo erfitt að fá lán og nú síðast að gera vextina svo háa og húsaleiguna svo dýra, að hún gleypir þriðjung til helming af kaupi verkamanns.

En ameríska auðvaldið bannaði framar öllu öðru samstarfið við Sósfl., og stjórnarflokkarnir hlýddu. Sömu flokkarnir sem 1942—1947 höfðu ýmist setið vikum saman eða mánuðum að samningum við okkur sósíalista til þess að fá okkur í stjórn með sér og talið ófært að mynda stjórn í landinu, nema við værum með, og sumir síðan setið í ríkisstj. með okkur árum saman, — þessir sömu flokkar fóru nú eftir erlendri fyrirskipun að lýsa því yfir, að það mætti ekki mynda ríkisstj. með Sósfl. Og það var lagt blátt bann við að samþ. þá endurbót á löggjöf, er flokkurinn hefur barizt fyrir þing eftir þing, endurbæturnar á alþýðutryggingunum, stórfelldar umbætur húsnæðislöggjafarinnar, hækkun orlofsins upp í 6%, lengingu hvíldartímans á togurum upp í 12 stundir, atvinnuleysistryggingar, en öll þessi frv. hefur flokkurinn flutt í 6—10 ár og hið síðastnefnda, atvinnuleysistryggingarnar, nú í 12 ár. Þau voru öll svæfð eða drepin af stjórnarflokkum þingsins. Það mátti ekki hafa samstarf við sósíalista. En þá var það sterkari aðilinn, sem tók í taumana.

Verkalýðurinn tók málið í sínar hendur. Togarasjómennirnir gerðu 12 tíma hvíldina að staðreynd með mánaðar verkfalli. Verkamenn gerðu fjölskyldubætur og mæðralaun að lögum með 3 vikna verkfalli. Og nú í vor tóku verkalýðssamtökin til sömu ráða; atvinnuleysistryggingar og 3 vikna orlof urðu lög með 6 vikna verkfalli.

En það er dýrt fyrir þjóðina alla, að verkalýðurinn skuli þurfa að setja réttlætið í lög með fórnfrekum verkföllum, þegar hægt var að leiða þau réttlætismál í lög á Alþ. með samstarfi við Sósfl. Það er dýrt fyrir þjóðina, að auðvaldið íslenzka og fylgifiskar þess skuli vera að stritast við að stjórna landinu á móti voldugasta aðilanum, verkalýðnum, sem ber þjóðfélagsbygginguna á herðum sér, vitandi, að þeir geta það ekki, enda eru nú loksins allar fyrirætlanir ameríska auðvaldsins um einangrun Sósfl. að brotna í rúst. Sósfl. stjórnar ekki aðeins ýmsum bæjum landsins með samstarfi við aðra vinstri flokka, heldur voru nú í fyrsta sinn, síðan ameríska áhrifa tók að gæta á Alþingi Íslendinga, samþ. veigamiklar till. frá Sósfl. einum, svo sem ákvörðunin um að skipa þingnefnd til þess að rannsaka okrið, enda lýsti nú annað stjórnarmálgagnið, Tíminn, því yfir í vetur, að einangrun kommúnista, eins og þeir orða það, væri nú rofin. Ameríska banninu á samstarfi Íslendinga hefur verið hnekkt.

Öll þessi bönn hins ameríska auðvalds og nýríkrar auðstéttar Reykjavíkur hafa brotnað á þeirri bjargföstu staðreynd, að alþýða Íslands er of sterk til þess að verða brotin á bak aftur, að alþýða Íslands er of skynsöm til þess að láta Rússagrýlur hræða sig, að alþýða Íslands er of heiðarleg til þess að láta stinga samvizku sinni svefnþorn, að alþýða Íslands er of hugrökk til þess að láta áróðurinn skelfa sig.

Umskiptin, sem marka straumhvörf í íslenzkri sögu, beina þróuninni burt frá því alræði braskaranna, sem hún stefndi að, og að lýðstjórn og samstarfi vinnandi stéttanna, þau umskipti hafa gerzt í vetur. Þegar þetta Alþ. hefur setið lengst af verklaust við að bíða eftir lélegum frv. úrræðalausrar ríkisstj., á meðan nákrumla einokunarauðvaldsins í Reykjavík dæmdi Alþingi Íslendinga til aðgerðaleysis, tók alþýða Íslands gang málanna í sínar hendur. Í nóvember í vetur myndaði þing Alþýðusambands Íslands, fulltrúar 27 þúsund verkamanna, verkakvenna, sjómanna, iðnaðarmanna og sveitafólks, einingarstjórn undir forustu Hannibals Valdimarssonar og samþykkti einróma að leggja til atlögu allsherjarkauphækkunar til að endurheimta til alþýðunnar nokkuð af því, sem auðstéttin hafði rænt á undanförnum 7 árum. Og í hörðustu stéttaátökum íslenzkrar sögu, 6 vikna verkfallinu í vor, hefur nú þetta Alþýðusamband, þessi einhuga verkalýðshreyfing, sýnt sig að vera sterkasta valdið á Íslandi, af því að það vald berst fyrir réttlætinu, af því að það réttir hlut þeirra vinnandi manna, sem afskiptir voru.

Kaupkröfum verkamanna í Reykjavík, sem settar voru fram í samræmi við hina einróma ákvörðun Alþýðusambandsþings, var vel tekið af almenningi. Allt vinnandi fólk taldi sanngjarnt, að verkamenn fengju nú sem mestan hluta þess, er rænt hafði verið af þeim síðan 1947, — að kaupið nálgaðist nú það að vera það, sem það þá var. Bændur og opinberir starfsmenn höfðu samúð með verkamönnum, enda áttu báðir sömu hagsmuna að gæta og þeir. Gekk nú svo langt, að Tíminn, málgagn Framsfl., sem oft hefur verið fhaldssamur í launamálum, tók undir um, að það yrði að hækka launin.

Fjölmargir atvinnurekendur vildu semja, einkum hinir smærri, sem sjálfir vita, hvað það er að vinna og að ekki er hægt fyrir fjölskyldumann að lifa af 3000 kr. á mánuði. Verkalýðsfélögin frestuðu verkfallinu í 3 vikur, til þess að hægt yrði að semja án verkfalls. Þjóðin bjóst við samningum í síðasta lagi fyrsta sunnudag verkfallsins, en þá greip önnur hönd í taumana.

Í innsta hring Sjálfstfl., sem einnig ræður Vinnuveitendafélagi Íslands, var tekin örlagarík ákvörðun varðandi kaupdeiluna, og það er ekki í fyrsta skipti, sem slík ákvörðun er tekin þar. Við, sem barizt höfum með reykvískri alþýðu s. l. aldarfjórðung, vitum, hvað slíkar ákvarðanir boða. Í nóv. 1932 var tekin sú ákvörðun í miðstjórn Sjálfstfl. að hefja almenna kauplækkunarherferð með því að lækka kaup þeirra verkamanna, er unnu í atvinnubótavinnu, úr kr. 1.36 niður í 1 kr. Það átti að níðast á þeim allra fátækustu, þeim, sem aðeins höfðu vinnu eina viku í mánuði og sultu hálfu hungri. Þessari hungurárás Sjálfstfl. var hrundið af reykvískum verkalýð hinn sögufræga dag, 9. nóv. 1932. Það varð ekkert úr kaupkúguninni þá.

Nú um miðjan marz var aftur tekin ákvörðun í innsta hring Sjálfstfl. um að láta skríða til skarar, eins og það var orðað þar. Verkalýðshreyfingin skyldi brotin á bak aftur. Verkamenn Reykjavíkur skyldu sveltir til uppgjafar. Verkfallið var af auðstéttinni og flokki hennar gert að aflraun milli einokunarauðvaldsins og verkalýðshreyfingar Reykjavíkur. Í sex vikur stóðu 7 þús. verkamenn og verkakonur í Reykjavík og Hafnarfirði með 25 þús. manns á framfæri sínu í verkfalli.

1944 þótti okkur sósíalistum og hæstv. forsrh., Ólafi Thors, það gæfa að geta afstýrt verkfalli, firrt þjóðina því grandi, en nú þótti auðstétt Reykjavíkur sjálfsagt að leggja út í lengsta fjöldaverkfall Íslandssögunnar til þess að reyna að brjóta verkalýðinn á bak aftur. Ekkert var til sparað, sem auður og vald geta veitt, til þess að reyna að kúga verkamenn. Auðstéttin hirti ekkert um, þótt þjóðinni glötuðust tugir millj., jafnvel hundruð millj. kr. í verðmætum, ef aðeins væri hægt að kúga alþýðuna. Olíuhringarnir gripu til opinskárra lögbrota við kúgunartilraunir sínar. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem sósíalistar og Alþfl.-menn stjórna í sameiningu, hafði samið við verkamenn. Olíuhringarnir lýstu banni á hana. Þeir neituðu að selja togurunum olíu, — olíu, sem ríkisstj. Íslands kaupir til landsins fyrir fiskinn, sem togararnir framleiða. Einokunarauðvaldið sveifst einskis, ef verða mætti, að verkalýðurinn yrði sveltur til undanhalds. En allt kom fyrir ekki. Auður og vald reyndist ekki almáttugt. Á móti stóð afl, sem þeim var æðra. Eining verkalýðsins stóðst alla raun.

Þrotlaust stóð verkfallsvörðurinn, brautryðjendalið íslenzkrar alþýðu, og samninganefnd verkalýðsfélaganna undir forsæti Eðvarðs Sigurðssonar sinn vörð um rétt hins vinnandi manns. Verkfallsmenn hjálpuðu hver öðrum, báru hver annars byrðar, einn fyrir alla, allir fyrir einn. Verkamenn stóðu saman, Dagsbrúnarmenn, Iðjufólk, iðnaðarmenn, Alþfl.-menn og Sósfl.-menn. Engir peningar, mútur, ógnanir né grýlur gátu klofið fylkingu þeirra. Samt svarf að mörgum heimilum, en aldrei heyrðist æðruorð. Og utan af landi bárust hvarvetna samúðarkveðjur í orði og verki, frá verkakonum á Siglufirði, sjómönnum í Eyjum, bændum á Barðaströnd. Það var samhjálp hinna fátæku. Það var bræðralag hins vinnandi lýðs. Það var stálvilji verkfallsmannanna, sem vann sigur á auðstétt Reykjavíkur. Máttur bræðralagsins, æðri öllu valdi peninganna, sigraði í þessu verkfalli, og það er þessi siðgæðismáttur alþýðunnar, sem mun endurnýja íslenzkt mannfélag, forða manngildishugsjón Íslendinga frá þeirri eyðileggingu, sem auðstéttin með peningagildið fyrir eina mælikvarðann býr henni, vísa þjóðinni leið til fegurra og gæfuríkara lífs. Eining verkalýðsins, sköpuð á Alþýðusambandsþingi í haust, hlaut sína eldskírn í þessu verkfalli og sigraði. Og vei hverjum þeim, sem héðan af reynir að rjúfa þá einingu.

Dýrmætt var það, sem verkamenn Reykjavíkur unnu í þessu verkfalli, 10—11% grunnkaupshækkun, þriggja vikna orlof, 4% atvinnuleysistryggingar, 12 árum eftir að Sósfl. flutti þær fyrst og á fyrsta árinu, sem Sósfl. og Alþfl. fluttu frv. um þær í sameiningu. En dýrmætast af öllu var þó meðvitund verkalýðsins um mátt hans til að sigra, um ósigrandi mátt hins góða málstaðar.

Alþýðan um land allt, verkamenn, starfsmenn hins opinbera og bændur, þið munuð nú á næstunni uppskera ávextina af þeim sigri, er verkalýður Reykjavíkur vann fyrir ykkur öll. Þið munuð njóta þeirra kjarabóta, er unnust í þessu harða stéttastríði. En nú er eftir yðvarr hlutur. Stjórn Alþýðusambands Íslands sá fyrir hættuna á því, að auðvaldið notaði ríkisvaldið til þess að ræna alþýðuna ávöxtum sigranna. Þess vegna sneri hún sér til allra andstöðuflokka Sjálfstfl. með tilmælum um að ræða við sig möguleikana á myndun stjórnar, er ynni í þágu alþýðunnar. Það er ykkar, alþýðunnar um allt land, að sjá um að gera þá hugmynd að veruleika. Auðvaldið tygjar sig nú þegar til ránsins. Olíuhringar þess hafa þegar riðið á vaðið. Ríkisvaldið er enn í höndum auðstéttarinnar. Munið, að það er ekki minni vandi að gæta fengins fjár en afla. Það, sem vannst með órofa einingu Sósfl. og Alþfl. — alls verkalýðsins — á vettvangi verkfallsins, það verður að varðveita með órofa einingu flokkanna — alls verkalýðsins — á vettvangi stjórnmálanna. Hver sá gerist vargur í véum, sem reynir að eyðileggja þá einingu. Þrátt fyrir allan skoðanamismun, sem er á milli vor, þá verður lífsnauðsyn alþýðunnar á einingu vorri að yfirgnæfa það allt. Ella glatast það, sem vannst, og meira til. Það er meira í húfi en réttlátt kaupgjald, tryggingar og lýðréttindi handa verkalýðnum, — meira en réttlátt fiskverð og meira öryggi handa sjómönnum, — meira en lágir vextir, betri lán og öruggir markaðir handa bændum og fiskimönnum, — meira en sómasamlegt húsnæði handa öllum þeim, sem nú búa við óviðunandi kjör í því efni, og er þó allt þetta nóg tilefni til þess að mynda stjórn, sem alþýðustéttirnar á Íslandi geta stutt.

Auðvald Ameríku heimtaði ekki aðeins af auðstétt Reykjavíkur, að hún í bandalagi við sig arðrændi alþýðu Íslands. Höfuðboðorð amerískra auðvaldsins var: „Þú skalt gefa mér land þitt, þú skalt fórna mér þjóð þinni, og þú skalt færa mér dætur þínar til munaðar og syni þína til að reisa mér hús og bursta mér skó.“ Og einnig það var gert og gróðanum skipt til helminga í stjórnarherbúðunum. Gegn þessari niðurlægingu hernámsins hefur þjóðin nú risið. Ísköld fyrirlitning alþýðunnar umlykur innrásarherinn á Keflavíkurflugvelli, svo að veslingarnir klaga nú til stóru mömmu í Washington yfir Íslendingum. Stjórnarliðið hefur orðið að hopa undan ár frá ári, nú loks orðið að lofa að geyma verndarana í gripheldum girðingum, svo að Íslendingar sjái þá sem minnst fyrir augum sér. En allt þetta er ekki nóg. Aðeins uppsögn hernámssamningsins, eins og Sósfl. hefur borið fram frv. um á hverju ári síðan 1951 og nú loks í fyrsta skipti verið samþ. til nefndar, — aðeins brottför amerískra hersins af Íslandi getur bjargað í þessu efni. Yfirráð okkar Íslendinga yfir landi voru og sú þjóðmenning, sem við með réttu er-

um svo stoltir af, er í veði, ef við þolum smán hernámsins í landi voru, ef við þolum það hervald, sem er að eitra þjóðlífið, og yfirráð þeirrar auðmannaklíku, sem hefur kallað það inn í landið og gert það að bandamanni sínum gegn íslenzkri alþýðu.

Líf þjóðar vorrar liggur við, ef heimsstyrjöld hefst. Sú vítisvél, sem Keflavíkurflugvöllur er í þéttbýlasta svæði landsins, mundi draga til dauða ⅔ hluta Íslendinga, ef við ekki hefjumst handa til að firra þjóðina þessu grandi með öllum þeim ráðum, sem við getum fundið.

Oft var Íslandi þörf á róttækri stjórn, en nú er lífsnauðsyn, að mynduð sé þjóðleg, framsækin ríkisstjórn, sem alþýða landsins getur stutt og stjórnar með hag vinnandi stéttanna fyrir augum og heill þjóðarheildarinnar að leiðarljósi. Slík ríkisstjórn mundi stórefla sjávarútveginn, landbúnaðinn og iðnaðinn um allt land, koma upp tugum nýrra togara, vélbáta, koma upp fiskiðjuverum um landið, hraða vélvæðingu landbúnaðarins og ræktun landsins og rafvæðingu þess og útvega jafnt landbúnaði sem sjávarútvegi næga markaði erlendis. Slík ríkisstj. mundi þannig setja aleflingu íslenzks atvinnulífs í stað þess ameríska hermangs, sem er niðurdrep íslenzkra atvinnuvega, eyðing íslenzkra byggða og svívirðing íslenzkrar menningar. Slík stjórn mundi ekki aðeins rétta hlut allrar alþýðu, hún mundi og hafa góða samvinnu við alla íslenzka atvinnurekendur, sem efla vilja atvinnulíf vort eftir sínum einkaframtaksleiðum. En það hringa- og hermangaraauðvald, sem sýnir sig að kúga og niðurlægja þjóðina, verður að víkja fyrir samvinnu og sameign þjóðarinnar sjálfrar. Slík stjórn getur tryggt vinnufriðinn í landinu, því að hann verður aðeins tryggður með réttlæti í garð hinna vinnandi stétta. Slík stjórn getur hindrað, að hér verði komið á því alræði braskaranna, því nýlenduástandi eftir suður-ameríski fyrirmynd, sem ameríska auðvaldið stefnir að hvað Ísland snertir. Slík stjórn ein er fær um að varðveita lögin og friðinn, sjá um, að Íslendingar slíti hvorugt. Slík stjórn ein getur skapað og varðveitt þá samheldni þjóðarinnar, sem of rík og of voldug yfirstétt nú grandar. Það er á valdi alþýðunnar að skapa slíka stjórn. Sú alþýða, sem hefur máttinn til að rísa gegn auðstéttinni og sigra hana, eins og verkalýður Reykjavíkur nú hefur gert, — sú alþýða býr líka yfir mættinum til þess að frelsa Ísland. Tökum því höndum saman, vinnandi stéttir Íslands og þjóðhollir Íslendingar, hvar í flokki sem þið standið. Allir þið, sem hafið ábyrgðartilfinningu fyrir þjóð vorri, tökum höndum saman um að skapa slíka stjórn. Við verðum að rísa og stækka, þora að vera þeir menn að taka örlög þjóðarinnar í vorar hendur á úrslitastund og hindra, að það svefnþorn, sem Morgunblaðið og Sjálfstfl. hefur stungið samvizku þjóðarinnar, verði lengur til að láta þjóð vora sofa, á meðan mesti voðinn vofir yfir henni, sem nokkurn tíma hefur vofað yfir henni í allri hennar sögu.

Sú veröld vetnissprengjunnar, sem við lifum í, þarf á því að halda, að sannað sé, að mennirnir geti lifað saman í friði og eindrægni þrátt fyrir ólíkar skoðanir. Og við Íslendingar höfum þau fordæmi úr okkar sögu, að okkur ætti ekki að vera vorkunn nú á tímum, þegar meira liggur við en var árið 1000, að finna leiðir til að bjarga okkar þjóð út úr ógöngum.

Ísland þarfnast þess, að verkalýðshreyfingin sé látin skipa þann forustusess í þjóðlífinu, sem henni ber. Ég segi ykkur það, þingmenn og hæstv. ráðherrar stjórnarflokkanna, það er ekki aðeins illt verk að vera að strita við að stjórna þessu landi á móti verkalýðnum, það er líka vonlaust verk. Það þýðir að gera Ísland að vettvangi eilífra hjaðningavíga. Það þýðir, að verkalýðurinn verður með eins til tveggja ára millibili að leggja út í dýr verkföll til þess að ná aftur því, sem þið rænið af honum, og setja lög með verkföllum, — lög, sem þið árum saman þrjózkizt við að setja hér á Alþ., en látið síðan undan að hætti Þorkels háks, þegar Rimmugýgur alþýðusamtakanna er reidd að höfði auðvaldsins, sem þið þjónið.

Þjóð vor er of óspillt þjóð, til þess að henni verði til lengdar stjórnað í þágu harðsvíraðs peningavalds. Íslenzk þjóð er of stolt þjóð, til þess að hún þoli til lengdar niðurlægingu erlendrar hersetu. Eldur minninganna úr þúsund ára sögu hennar brennur of heitt í blóði hennar til þess að una svo auvirðilegu hlutskipti. Íslandi verður ekki stjórnað á móti verkalýðnum. Án þeirrar samhjálpar hinna fátæku, án þess bræðralagsanda hinna vinnandi stétta, sem í sex vikna verkfalli sigraði iskalda viðurstyggð peningavaldsins, er ekkert gróandi þjóðlíf fram undan, aðeins andleg eyðimörk auðvaldsins. Án þess siðgæðismáttar, sem gerði alla íslenzka alþýðu eina þjóðarsál í afstöðnum átökum, án þess máttuga valds, sem 27 þús. meðlimir Alþýðusambands Íslands eru, án þess stórhugs og þeirra framtíðarhugsjóna, sem Sósfl. mótar sögu þjóðarinnar með á úrslitastundum hennar, án verkalýðshreyfingarinnar verður ríkisstjórn á Íslandi þegar bezt lætur hrossamarkaður, þegar verr lætur ræningjabæli og þegar dýpst er sokkið leppstjórn erlends hervalds á Fróni.

Íslenzk ríkisstjórn er óhugsandi án verkalýðsins. Þetta sannar ekki aðeins dýrkeypt reynsla þjóðarinnar. Mikilhæfustu leiðtogar sjálfra stjórnarflokkanna viðurkenna einnig, að Íslandi verði ekki stjórnað gegn vilja verkalýðsins. Hermann Jónasson, form. Framsfl., hv. þm. Str., játar það í orði í ræðum sínum og nýárshugleiðingum, og Ólafur Thors, form. Sjálfstfl., hæstv. forsrh., viðurkennir það í verki, hvenær sem íslenzkt raunsæi þess stjórnmálamanns fær að njóta sín fyrir gráðugri ásókn auðvaldsins, utanlands og innan.

Það er ekki eftir neinu að bíða með að skapa þá stjórn alþýðunnar í þessu landi, sem réttir hlut alþýðunnar eftir 7 ára ránsherferð auðvaldsins, — stjórn, sem réttir hlut þjóðarinnar eftir 7 ár erlends yfirgangs. Myndun ríkisstjórnar, sem styðst við samtök verkamanna, bænda, fiskimanna, menntamanna og millistétta, alls hins vinnandi lýðs, er mikilvægasta hlutverkið, sem nú þarf að vinna í íslenzkum stjórnmálum. Það er á valdi ykkar, sem orð mín heyrið, alþýðunnar um allt land, að vinna það verk. Ef þið takið höndum saman og hefjið upp ykkar raust,

þá verður ykkar einingarorð boðorð hér í sölum Alþingis. — Góða nótt.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Sagt er, að sérhver þjóð fái yfir sig þá stjórn, sem hún á skilið, ekki betri og ekki verri. Sé svo, eru Íslendingar aumi lýðurinn að dómi þeirra stjórnarandstæðinga, sem í kvöld hafa í hundraðasta eða þúsundasta skipti lýst ríkisstj. sem fávísri stjórn, úrræðalítilli, athafnasmárri, íhaldssamri og illgjarnri, en stjórnina styðja sem kunnugt er nær 7 kjósendur í landinu af hverjum 10. Ég skal nú rétta hlut þjóðarinnar og þar með stjórnarinnar með því að sýna rétta mynd af stjórninni. Læt ég þá verkin tala. Þau eru þyngri á metunum en staðlausar staðhæfingar stjórnarandstæðinga nú og fyrr.

Núverandi ríkisstj. hefur farið með völd í rúm þrjú missiri. Hún gaf í öndverðu mörg fyrirheit, jafnvel svo, að mörgum þótti árinni fulldjúpt í tekið, og hvorki spöruðu stjórnarandstæðingar þá háð né brigzlyrði: „Gyllingar. — Orð, orð innantóm. — Loforð til að svíkja," hrópaði þessi sundurlausa hjörð og varð nú sammála, aldrei þessu vant.

En stjórnarliðið lét hrópyrðin sem vind um eyrun þjóta. Stjórnin tók til óspilltra mála. Meðan á henni dundu brigzlin um svik, gaf hún sig óskipt að efndunum. Enn er að vísu ekki komið að skuldadögunum, því að fyrirheit voru hvorki gefin um að framkvæma loforðin á einu ári né tveimur, heldur á kjörtímabilinu. En því ánægjulegra er fyrir stjórnarliðið að líta yfir farinn veg og sjá, hversu langt hefur miðað að settu marki, þótt enn sé kjörtímabilið ekki hálfnað.

Fyrsta boðorð stjórnarsáttmálans segir: Það er höfuðstefna stjórnarinnar að tryggja landsmönnum sem öruggasta og bezta afkomu. — Þetta fyrirheit varðar líðandi stund. Allur landslýður stendur því vel að vígi um að dæma, hverjar efndirnar eru. Stjórnin biður þess eins, að hver einstaklingur spyrji sjálfan sig, hvort hann hafi fyrr haft jafnari og betri atvinnu, meira að bíta og brenna, meiri velsæld, betri afkomu. Því miður geta ekki allar svarað þessum spurningum neitandi, en það geta flestir. Í öllum þeim vanda, sem við er að stríða, í örðugleikum líðandi stundar og áhyggjum um framtíðina er það óhagganleg staðreynd, að Íslendingar hafa aldrei búið við jafnmikla velsæld sem einmitt í dag. Stjórnarliðum dettur ekki í hug að ætla sér einum heiðurinn af þessu, það væri svipuð fásinna sem hitt að láta sér til hugar koma, að viturleg stjórn á málefnum ríkis og þjóðar skipti engu máli, en stjórnin hefur stýrt rétt og oft og víða haft farsæl afskipti, þar sem þörfin hefur kallað.

Þá gaf stjórnin fyrirheit um hallalausan ríkisbúskap. Í þeim efnum verður að miða við árið 1954, sem er eina heila árið, sem liðið er frá valdatöku stjórnarinnar. Fjárlög þess árs voru afgreidd í árslok 1953. Um þau urðu mikil átök milli stjórnarliða, sem voru fúsir til að slá af kröfum sínum til þess að tryggja greiðsluhallalaus fjárlög, og stjórnarandstæðinga, sem sáust ekki fyrir, gerðu taumlausar kröfur um vinsælar framkvæmdir, en skeyttu engu um afkomu ríkissjóðs.

Ég viðurkenni fúslega, að atvinnuárferðið og mörg önnur happaatriði hafa fært ríkinu óvæntar tekjur. En ýmis óhöpp hafa líka aukið útgjöldin. Og endirinn hefur orðið sá, að ríkisbúskapurinn skilar hreinum afgangi, sem nemur 35 millj. kr., sem nú hefur að mestu verið ráðstafað til þarfa atvinnulífsins. Er tekjuafgangurinn vitanlega mikið ánægjuefni, en festan, sem stjórnarliðið sýndi við afgreiðslu fjárl., og örugg og viðsýn fjármálastjórn skiptir þó miklu meira máli. Hið fyrra má kalla óvænt happ, hið síðara ber vott um hugarfar, ábyrgðartilfinningu, sem við eigum að rækta með okkur, hafa í hávegum og aldrei að glata. E. t. v. er einmitt þessi ásetningur ein mesta prýðin á samstarfi núverandi stjórnarflokka, allt frá 1950 og fram á þennan dag.

Hið næsta, sem stjórnarflokkarnir aðhöfðust til efnda á fyrirheitunum, var að leggja niður fjárhagsráð. Með því voru þeir hlekkirnir afhöggnir, er sárast hafði sviðið undan. Athafnafrelsi þjóðarinnar var stórum aukið, eigi aðeins til byggingar íbúðarhúsa, heldur var og miklu fargi létt af verzlun landsmanna. Hvers þjóðin metur hið aukna frelsi, skilst bezt, sé það skoðað í ljósi þess, hversu flestir þrá, að enn sé haldið áfram með öllum þeim hraða, sem auðið er, til sem fyllsts frelsis á sviði athafnalífsins. Það er svo aðeins eðli málsins samkvæmt, að engir hafa fagnað hinu aukna athafnafrelsi jafnmikið sem við sjálfstæðismenn. Við vitum, að aukið frelsi leysir bundin öfl úr læðingi og eykur þjóðinni þrótt og velsæld. Okkur hefur öðrum fremur skilizt, að sé framtakið lagt í hlekki, verður aldrei til langframa auðið að sækja þau gæði í skaut náttúrunnar, sem nægja mega til þess, að auðið sé að halda hér uppi menningarríki. Fögnuður okkar er því sterkur og einlægur, en þó mestur fyrir það, að öflug barátta okkar fyrir ágæti frelsisins hefur nú borið svo ríkulegan ávöxt, að sumir höfuðpaurar hafta, banna og einokunar látast nú vera heittrúa frelsisunnendur. Við höfum opnað augu þjóðarinnar. Þjóðarviljinn hefur beygt postula ófrelsisins.

Þá er næst að geta þess, að stjórnin hét að lækka beina skatta. Efndirnar urðu sem kunnugt er þær, að meðaltalslækkun á sköttum einstaklinga var þegar í stað á síðasta Alþ. ákveðin um 29%. Félagaskattur hefur til bráðabirgða verið lækkaður um 20%, en þess er vænzt, að endanlegar till. í þeim efnum verði lagðar fyrir næsta þing. Jafnframt hefur sparifé landsmanna verið undanþegið framtalsskyldu, sköttum og útsvari. Er hér um að ræða stórviðburð í skattamálum Íslendinga, er þannig hefur verið skapaður friðreitur, mönnum leyft að eignast eitthvað og eiga það í friði, og með þeirri leynd, sem e. t. v. vegur þyngra og er meir metin í þessu fámenna landi kunningsskapar en nokkurs staðar annars staðar. En fáum ríður meir en Íslendingum á, að þjóðin spari og safni. Það er eina heilbrigða leiðin til þess að afla þess fjár, sem með þarf, til þess að auðið verði að hagnýta ótæmandi auðlindir lands og sjávar og með því að skapa komandi kynslóðum sem bezt atvinnu-

og afkomuskilyrði. Þori ég hiklaust að fullyrða í nafni allra sjálfstæðismanna, að sú meginstefnubreyting í skattamálum, sem þessi lagasetning lýsir, er mikils metin.

Eru þá ótalin þau tvö höfuðmál, er segja má að verið hafi hyrningarsteinar stjórnarsáttmálans, þ. e. a. s. rafvæðing landsins og veðlán til íbúðabygginga.

Um hið fyrra er það að segja, að kostnaður af rafvæðingunni var áætlaður á næstu 10 árum 250 millj. kr. Það fé hefur ríkisstj. nú þegar tekizt að tryggja. Árleg framlög á fjárl. hafa verið hækkuð úr 7 millj. í 11 millj. kr., eða alls í 110 millj. á 10 árum. Afganginn hafa íslenzkir bankar lofað að leggja fram, þó að frádregnum þeim erlendu lánum, sem tekin kunna að verða í þessu skyni, t. d. til efniskaupa. Sýnt þykir nú, að kostnaður við þessar framkvæmdir hækki vegna hækkandi kaupgjalds í landinu. Vona menn þó, að auðið verði að halda þeim áfram með tilsettum hraða. Hefur nú þegar verið ákveðið um virkjanir og aðrar framkvæmdir á Austfjörðum og Vesturlandi, og verður hafizt handa um þær næsta sumar. Ræðir hér um eitt allra stærsta velferðarmál dreifbýlisins og eina hina nauðsynlegustu ráðstöfun til þess að halda jafnvægi í byggð landsins. Megum við, sem lengi höfum notið yls og birtu frá elfunnar heizlaða afli, fagna því einlæglega, að þeim, sem í dreifbýlinu búa, skuli nú loks fengið í hendur þetta vopn, sem megnar að sigrast á hinum langa, dimma og kalda íslenzka vetri.

Kem ég þá að hinu höfuðmáli stjórnarsáttmálans, útvegun lánsfjár til veðlána til íbúðabygginga. Á árinu 1954 hné stjórnin að þeirri bráðabirgðalausn að útvega 20 millj. kr. til svonefndrar lánadeildar smáíbúða. Hefur sú ráðstöfun orðið mörgum að nokkru liði, en nú var tekið að leita varanlegra úrræða. Mikil vinna hefur verið lögð í það að finna viðunandi lausn á því máli. Minnist ég þess ekki, að nokkurt eitt mál hafi verið jafntímafrekt og kallað á jafnmikla vinnu ríkisstj. þau ár, sem ég hef setið í stjórn landsins, sem þetta.

Á frumstigi málsins naut ríkisstj. aðstoðar dr. Benjamíns Eirikssonar bankastjóra í Framkvæmdabankanum. Síðar var svo skipuð nefnd til að endurskoða frumtill. ríkisstj. og dr. Benjamíns. Á lokastigi málsins tóku fulltrúar Landsbanka Íslands þátt í endanlegum till. um lausn málsins, en þær byggjast á forustu Landsbanka Íslands og aðstoð banka, sparisjóða, tryggingarstofnana og félaga um fjárframlög í þessu skyni. Hirði ég ekki að rekja gang málsins né gera grein fyrir hinum ýmsu úrræðum, er til greina komu, enda er það efni í langa bók, en ekki stutta ræðu.

Þær till., sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ., hafa verið raktar í blöðum landsins. Ég læt því nægja að geta þess, að megintilgangur frv. er að tryggja þeim, sem þess óska, leiðbeiningar um allt, er varðar húsabyggingar, og að greiða aðgang manna að veðlánum til íbúðabygginga. Í þessu skyni er sett á stofn húsnæðismálastjórn, sem skal beita sér fyrir umbótum í húsbyggingarmálum og hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga. Jafnframt skal koma á fót almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands. Veðdeildin fær í þessu skyni heimild til útgáfu vaxtabréfa, að upphæð 200 millj. kr., og mega allt að 40 millj. af þeirri fjárhæð vera með vísitölukjörum, þannig að binda má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar. Er hér um nýmæli að ræða, sem fróðlegt er að sjá, hvernig reynist. Þá er og veðdeildinni heimil erlend lántaka til íbúðabygginga, enda hafi húsnæðismálastjórn mælt með því og ríkisstj. samþ. lántökuna. Lán veitast til byggingar íbúða og meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Lánsupphæð sé allt að ⅔ hlutar af byggingarkostnaði íbúðar, þó ekki hærri en 100 þús. kr. á hverja íbúð. Fyrst um sinn verða lánin þó vart yfir 70 þús. kr. á íbúð. Lánstími er 25 ár, vextir væntanlega frá 5¼—7%.

Talið er tryggt, að eftir þeim fjáröflunarleiðum, sem till. stjórnarinnar byggjast á, verði rúmar 100 millj. kr. á ári handbærar til útlána til íbúðabygginga árin 1955 og 1956. Þar af eru 46 millj. kr. á ári nýtt fé. Af því eru byggingarsjóði ætlaðar 12 millj. á ári, en til íbúðarhúsa í kauptúnum og kaupstöðum renna þá 34 millj. kr. þessi tvö ár. Enda þótt í till. þessum sé aðeins miðað við tvö ár, væntir ríkisstj. þess, að hér sé stofnsett varanlegt veðlánakerfi með árlegum fjárframlögum.

Þá eru í frv. ákvæði um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, er mæla svo fyrir, að ríkissjóður skuli í því skyni leggja fram allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin, annaðhvort sem lán eða óafturkræft framlag, ef sveitarfélög leggja fram jafnháa upphæð til þessa. Er þetta innifalið í greindum upphæðum.

Þessar till. ríkisstj. verða endanlega samþ. á Alþ. á morgun.

Við, sem að þessari löggjöf stöndum, væntum þess, að hún feli í sér mikilvæg úrræði til varanlegrar lausnar á húsnæðismálunum. En eins og allir vita, hefur þörf almennings og þá ekki sízt hinna efnaminni lengi kallað hárri röddu til hins opinbera um hjálp til þess, að þjóðfélagsþegnar fái leyst úr einni frumstæðustu og brýnustu lífsþörfinni, þeirri að geta eignazt þak yfir höfuð sitt og ástvina sinna. Er það stjórnarliðum vissulega jafnt til gleði sem sóma að hafa nú heyrt þessar raddir og hlýtt þeim. Við þykjumst með því einnig hafa heyrt rödd okkar eigin samvizku og hlýtt henni.

Í sambandi við afgreiðslu þessa máls skeðu þau undur, að ýmsir stjórnarandstæðingar, þó ekki þjóðvarnarmenn, ýmist sátu hjá við atkvgr. eða greiddu atkvæði móti frv.

Það, sem ég nú hef greint, sýnir, að á stuttum valdatíma hefur stjórnin efnt flest sín fyrirheit og með því sannað, að hún er athafnasöm, dugmikil, viðsýn, en raunsæ framfarastjórn, sem skilur þarfir þjóðarinnar, leitar að úrræðum til að fullnægja þeim og finnur þau. En samfara efndunum hefur stjórnin að sjálfsögðu glímt við margan og margvíslegan vanda. Nefni ég þar til síldarleysi fyrir Norðurlandi, veiðibrest haustvertíðarinnar í Faxaflóa, mæðiveikina og margt annað svipaðs eðlis.

Þá hefur stjórnin og borið fram til sigurs mörg þörf og merk umbótamál, svo sem bókasafnsfrv., frv. um fjármál skólanna, iðnskóla, læknaskipan, fiskveiðasjóð og aðstoð togurunum til handa, framlengingu á merkustu landbúnaðarlöggjöf og breytingar á jarðræktarlögum og margt fleira, enn fremur þokað áleiðis byggingu sementsverksmiðjunnar og leitar nú lána til aukinna landbúnaðarframkvæmda, til hafnarbóta, frystihúsa, skipakaupa, svo að nokkuð sé nefnt af öllu því, sem sigrazt hefur verið á og vonir standa til að ráðið verði fram úr.

Viðbrögð stjórnarandstöðunnar eru ólík. Þegar stjórnin í öndverðu gaf fyrirheitin, treystist enginn til að vefengja, að um mikil þjóðþrifamál væri að ræða, gallinn væri aðeins sá, að loforðin yrðu svikin. En nú, þegar stjórnarliðar hafa snúið svikabrigzlum andstæðinganna í áþreifanlegar efndir, virðist helzt sem stjórnarandstæðingar vildu fegnir skipta á svikunum, sem þeir spáðu, og efndunum, sem þeir fengu. Þjóðin er á öðru máli.

Það er vandi að vera í stjórn landsins, a. m. k. mikill vandi að vera góð stjórn. En eymd, vesöld og horjarmur stjórnarandstöðunnar bendir til þess, að það sé nærri enn örðugra að vera sæmileg stjórnarandstaða, þegar velviljuð og viti borin stjórn situr að völdum.

Ég kveð svo hv. stjórnarandstæðinga með enn meiri velvild en virðingu.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að talinu um vinstri stjórn. Geri ég það m. a. vegna margra fyrirspurna, sem mér hafa borizt frá flokksbræðrum mínum víðs vegar af landinu, og bið þá um leið velvirðingar á, að mér hefur ekki unnizt tími til að svara bréfum þeirra.

Það er með vinstristjórnarkvillann líkt og mæðiveikina; hann leynist alltaf með einstaka manni eins og mæðiveikin í kind og kind, en mæðiveikinni mæta menn með niðurskurði og fjárskiptum, og hættan líður hjá.

Að þessu sinni hófst vinstristjórnarfaraldurinn með útvarpsræðu, sem formaður Framsfl. flutti á s. l. hausti. Hann reyndi þá að telja kjósendum sínum og þjóðinni trú um, að allt væri betra en samstarf núverandi stjórnarflokka, sem hann þó hafði tekið þátt í sem ráðh. frá því í marz 1950 þar til í september 1953.

Hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, talaði næstur og sagði eitthvað á þá leið, að formaður Framsfl. hefði nú gefið bændum í Framsfl. umhugsunarefni. Bændurnir mundu þó e. t. v. hugsa meir um þetta en formaðurinn kærði sig um.

Var nú kyrrt um málið um skeið. En brátt tók Tíminn að skýra og verja þessi ummæli formannsins. Ástæðan var án efa sú, að óánægju hafði orðið vart utan af landsbyggðinni, enda vitað, að bændur í Framsfl. telja sínum hag bezt borgið með samstarfi við hinn bændaflokk landsins, Sjálfstfl., en nær allir bændur landsins eru sem kunnugt er í þessum tveimur flokkum.

Formaður Framsfl. er enginn veifiskati. Hann harðnaði við andstöðu flokksmanna sinna og rak á rembihnútinn með langri áramótagrein, þrunginni ádeilu á Sjálfstfl. Ég dreg í efa, að formaður Framsfl. hafi nokkru sinni haft trú á því, að auðið yrði að koma á laggirnar vinstri stjórn, hvað þá að til farsældar yrði. Hann veit vel, að flestir höfuðleiðtogar framsóknarmanna, innan og utan þings, líta sömu augum á málið sem bændur í Framsfl. Þeir telja þess konar vinstri stjórn víti, sem varast beri, líka af því að hún yrði öruggasta ráðið til þess að tryggja Sjálfstfl. meiri hl. á Alþ., en það vilja framsóknarmenn að sjálfsögðu forðast, þótt sambúðin sé að öðru leyti sæmileg.

Þar við bætist, að sumir rauðu flokkarnir, sem til var biðlað, eru alls ekki í tilhugalífi. Þjóðvörn skoðaði samstarfstilboðið sem veiðibrellu, með stjórnarsamstarfi ætti Framsókn fyrst og fremst að ná kjósendunum aftur frá Þjóðvörn. Í Alþfl. er ein fróm sál, sem heitþráir þetta samband. Aðrir eru ýmist hikandi eða andvígir því.

Kommúnistar vilja í stjórn, jafnt þessa stjórn sem aðra, aðeins í stjórn. En þá langar til að komast þangað lifandi. Formaður Framsfl. hefur hins vegar krafizt þess, að þeir skeri sig í tvennt, Moskvakommúnista, sem hann neitar að meðganga, og framsóknarkommúnista, sem hann segist þekkja ættarmótið á vegna frjálsmannlegs svipmóts og vinstri lyktar.

Kommúnistar munu því rannsaka, hvort þeir eru maðkur eða maður. Úrslitin eru óviss og þar með vinstri stjórnin, þótt ekki væru aðrir meinbugir á. Af þessu sést, að þm. vinstri stjórnar mundu varla verða fleiri en jólasveinarnir, sem voru einn og átta og komu af fjöllum ofan, alveg eins og hugarórarnir um vinstri stjórn.

En segjum nú, að vinstri stjórnin fæðist. Hvað mundi hún gera? Hver yrði stefnan? Mundi hún afgreiða fjárl. án greiðsluhalla, eins og Framsfl. vill, eða með t. d. 100 millj. kr. halla, eins og hinir væntanlegu samstarfsflokkar hafa verið að myndast við að reyna? Mundi söluskattur haldast, eins og Framsfl. vill, eða afnuminn, eins og hinir heimta? Á verzlunin að vera sem frjálsust, eins og Framsfl. segist vilja, eða ríkiseinokun, eins og nýju bandamennirnir vilja, sumir hverjir a. m. k.? Svona mætti lengi spyrja.

Og hver yrði svo stefnan í utanríkismálum? Á að halda áfram samstarfi við frelsisunnandi þjóðir, eins og Framsfl. vill, eða taka upp náið samstarf við þá, sem austan járntjalds búa, eins og hinir vilja? Á að halla sér til vesturs eða austurs?

Ætli slík stjórn yrði ekki eitthvað undarleg í kollinum, svona eins og maðurinn, sem sagði:

„Heim er ég kominn og halla undir flatt,
því hausinn er veikur og maginn“?

Vinstri stjórn yrði stefnulaus og ráðalaus, sjálfri sér sundurþykk og því dáðlaus og máttlaus, hreint stjórnmálaviðundur, svona eins konar — ja, svona eins konar pólitískur hænuhani. Þetta vita allir, sem til þekkja, og enginn betur en formaður Framsfl., sá séði og æfði stjórnmálamaður.

Vinstristjórnarhjalið hefur því aldrei átt við nein rök að styðjast og engin alvara fylgt því. Ég ann Hermanni Jónassyni þessa sannmælis. Einhvern skaða kann það þó að hafa gert, t. d. að ýta undir kommúnista til verkfalls. Einnig kann að vera, að form. Framsfl. hafi skaðað sinn flokk með því að löggilda Þjóðvörn sem ákjós-

anlegan flokk til stjórnarsamstarfs, sem þá auðvitað enginn glæpur er að veita brautargengi við alþingiskosningar, og enn kann að vera, að bændur treysti því meir á Sjálfstfl. sem vinstra bros formanns Framsfl. verður blíðara og leiti því í enn ríkari mæli trausts og halds hjá Sjálfstfl. en nokkru sinni fyrr. Er það vel farið og vel þegið.

Ég held sem sagt, að menn þurfi hvorki að óttast stórubólu né rauða hunda eða vinstri stjórn. Áhyggjuefnin eru önnur. Í minum huga er hið síðasta verst. Ég óttast afleiðingar verkfallsins. Um áramótin virtist allt horfa sæmilega. Atvinnan var meiri og öruggari en dæmi eru til, afkoman betri en nokkru sinni fyrr. Vísitalan hafði að heita má haldizt óbreytt í 2½ ár. Verzlunar- og athafnafrelsi fór vaxandi. Reikningar gegn útlöndum stóðu vel, og flestar loftvogir efnahagslífsins spáðu kyrrð og batnandi afkomu.

Í áramótahugleiðingum, sem ég flutti í útvarp á gamlaárskvöld, bað ég þjóðina að meta réttilega sitt farsæla hlutskipti, rasa nú ekki um ráð fram, en una glöð við sitt. Ég lýsti þeim ótta, að hækkað grunnkaup í landinu mundi að öðru óbreyttu geta teflt krónunni í voða. Ég sýndi fram á, að fall krónunnar væri þjóðarböl, og skoraði á menn að slá skjaldborg um verðgildi hennar.

Stjórnarandstæðingar guldu við illkvæðum einum. Þeir reyndu að telja almenningi trú um, að aðvörunarorð mín væru grímuklæddar hótanir, sem lýstu illvilja í garð launastéttanna.

Skömmu síðar hófst mikil kaupdeila. Kröfurnar, sem fram voru bornar, voru svo æðisgengnar, að sérhver sæmilega fróður maður sá, að samþykkt þeirra hlaut að leiða til gengisfalls. Ekki höfðu atvinnurekendum borizt kröfur þessar, margbrotnar, flóknar og þjóðhættulegar, fyrr en yfir vofði verkfall. Nokkur frestur var þó veittur til að athuga þær, enda vinna lítil í höfninni, með því að skip voru ekki að landi komin eftir matsveinaverkfallið.

Fyrr en varði skall óveðrið á. Undir forustu kommúnista var stofnað til víðtækra verkfalla, sem skyndilega og geigvænlega lömuðu atvinnulíf þjóðarinnar. Ríkisstj. skarst nú í málið og beiddist þess, að aðilar féllust á að fresta deilunni, þar til nefnd, skipuð umboðsmönnum ríkisvaldsins og aðila, gæfist kostur á að rannsaka gjaldgetu atvinnurekstrarins, svo að auðið yrði að gera sér grein fyrir, hvort hann þyldi þessar kauphækkanir.

Atvinnurekendur féllust á þessa ósk, en umboðsmenn verkalýðsins höfnuðu henni, þar eð hún væri of seint fram komin. Átti sú viðbára ekki við rök að styðjast, því að vart höfðu höfuðkröfur verið fram bornar, fyrr en hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, bar fram uppástungu um þessa nefndarskipan, en auðvitað var ekki hægt að dæma um kröfurnar, fyrr en menn þekktu þær.

Það var mikið óhapp, að þessum tilmælum ríkisstj. var hafnað, og gegnir raunar furðu, því að allir vita, að kauphækkanir, sem byggjast ekki á batnandi verzlunarárferði eða aukinni framleiðslu, leiða ekki til kjarabóta, heldur til krónufellingar. Þegar hér var komið, gat stjórnin við ekkert ráðið og hafðist ekki að um skeið, en aðilar áttust við. Hinn ágæti og mikilhæfi sáttasemjari, Torfi Hjartarson, sem allir telja manna hæfastan til að gegna hinu vandamikla embætti sáttasemjara, reyndi stöðugt að miðla málum, þótt lítið þokaðist áleiðis. Sáttasemjari óskaði síðar, að stjórnin skipaði honum menn til aðstoðar. Var það tafarlaust gert og vel til vandað um val manna. Gekk svo enn um skeið án íhlutunar stjórnarinnar, en þar kom, að ríkisstj. tók upp frekari afskipti af málinu og átti að lokum allmikinn óbeinan þátt í lausn þess. Vil ég að gefnu tilefni taka skýrt fram, að enda þótt ég kæmi mest fram á lokastigi málsins og þá fyrst og fremst vegna óvenjulegra anna félmrh., þá tók ég að sjálfsögðu engar meiri háttar ákvarðanir án samráðs við samstarfsmenn mína og samþykkis þeirra. Varð aldrei ágreiningur okkar í milli um neitt, sem máli skipti. Við bárum þannig t. d. allir ábyrgð á því, sem nú eftir á sætir nokkurri gagnrýni, að lögreglan hafði ekki haft sig nægilega í frammi, enda þótt tillagan um þá hlédrægni kæmi frá hæstv. dómsmrh. Ég tel mér heiður að því að hafa samþykkt þá till. Bjarna Benediktssonar og sé enn betur nú en þegar hann bar hana fram, að það var viturlega ráðið.

Öll var stjórnin líka á einu máli um stofnun atvinnuleysistrygginga, og öll fylgdist hún með málinu á lokastigunum til þess að kveða upp úr um, hvort hún vildi standa við framlög ríkissjóðs við aðstæðurnar frá degi til dags.

Ég veit, að öll sáttanefndin undir forustu Torfa Hjartarsonar vann sleitulaust að sáttum. En málið var óvenju vandmeðfarið. Gjaldgeta undirstöðuatvinnuveganna þoldi að mínu viti ekki kauphækkanir. Kröfurnar, sem fram voru bornar, voru hóflausar. Til smekkbætis var svo látið fylgja, að tilgangurinn væri að steypa ríkisstj., sem styðst við fylgi 37 þingmanna af 52, — ríkisstj., sem frá öndverðu þó var ætlað að leysa verkfallið. Til skjalfestingar þessum byltingarhug gerði Alþýðusambandið sig að því veraldarviðundri að bjóðast til að hafa forgöngu um myndun nýrrar ríkisstjórnar og hafði þó til þess ekkert þingfylgi utan forseta sinn, Hannibal Valdimarsson.

„Út reri einn á báti
Ingjaldur í skinnfeldi".

Ingjaldur kom aldrei aftur. Hannibal ekki heldur. Hann fórst á stjórnarskaki.

Eftir sex vikur leystist deilan. Flestir fögnuðu. Ég er meðal þeirra. En þó finn ég þörf á að gefa skýringar.

Ég er enn sömu skoðunar sem ég var um nýárið. Ég harma þess vegna, að aðvörunarorð mín voru að engu höfð. Ég óttast, að verkamenn hafi ekki fengið kjarabætur, vegna þess að nú sigla aðrar stéttir í kjölfarið, sumar samkv. lögum, aðrar vegna fordæmis. Þannig hefur það alltaf farið, og þannig fer það nú. Jafnframt hækka skattar og álögur, svo að hið opinbera fái staðið undir afleiðingum kauphækkananna. Þegar komið er á leiðarenda, hafa allir fengið fleiri krónur, en þær verða smærri, þótt auðvitað verði reynt að forðast að viðurkenna verðfellingu krón-

unnar með því að breyta skráðu gengi hennar. Þetta ætti fólk nú að vera farið að skilja. Hitt er svo óráðin gáta, hvernig t. d. útvegurinn fær risið undir þessum kauphækkunum, en þær verða um eða yfir 20%, þegar með er talin sú hækkun vísitölunnar, sem af þeim leiðir vegna hækkaðs verðlags landbúnaðarafurða o. fl.

Það, sem skeð hefur eftir sex vikna baráttu, sem kostar þjóðina of fjár, er því það, að krónan hefur rýrnað í gildi, en litlar líkur eru til, að verkamenn hafi fengið aðrar kjarabætur en þá þær, sem felast í atvinnuleysistryggingunum. Samfara þessu er voveifleg hætta færð yfir atvinnu- og fjármálalíf þjóðarinnar. Þetta er því hörmuleg saga.

Sjálfan langar mig svo aðeins til að bæta því við, að enda þótt ég haldi, að þjóðinni mundi miklu farsælla, að engar kauphækkanir hefðu farið fram, nema þá e. t. v. til hinna allra lægst launuðu, taldi ég og samstarfsmenn mínir í ríkisstj. okkur skylt að bera klæði á vopnin. Slík heljarátök verða einhvern tíma að enda, margra vikna atvinnustöðvun skapar verkalýðnum og þá einkum þeim efnaminnstu miklar þrengingar og eru allri þjóðinni hættuleg blóðtaka. Ríkisstj. hlaut þess vegna að reyna að sætta, enda þótt hún sé vantrúuð á varanlegt gildi málalokanna. Að sjálfsögðu mun ríkisstj. reyna að draga úr áhrifum kauphækkananna og forðast, ef og meðan þess er nokkur kostur, að breyta skráðu gengi krónunnar. Hitt hljóta allir að skilja, að ríkisstj. gat ekki fengið framgengt minnkandi álögum og lækkuðu verðlagi einmitt samtímis því, sem allur tilkostnaður átti að hækka vegna hækkandi kaupgjalds.

Varðandi afstöðu okkar sjálfstæðismanna til verkalýðsins og launastéttanna almennt vil ég að lokum segja þetta: Bætt kjör fólksins byggjast á tvennu, því, sem við ekki ráðum yfir, þ. e. a. s. verzlunarárferðinu eða hlutfallinu milli verðlags á aðfluttum og útfluttum vörum, og hinu, sem við höfum að nokkru leyti á okkar valdi, að bæta tæknina, láta vélina vinna fyrir manninn, til þess þannig að auka aðdrætti í þjóðarbúið. Með þeim hætti verður mest til skiptanna og hlutur hvers einstaklings því stærstur. Sá flokkur, sem dyggilegast hefur unnið að bættri tækni, sá, sem mest hefur lagt fram til nýsköpunar atvinnulífsins, bæði af hendi hins opinbera og einstaklinga, er því raunbeztur vinur verkalýðsins í landinu. Allir vita, að í þessum efnum skarar Sjálfstfl. fram úr, og það er einmitt fyrir vaxandi skilning almennings í landinu á þessum staðreyndum, sem Sjálfstfl. er stærsti flokkur landsins og mun þó enn stækka. — Góða nótt.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Alþingi er nú að ljúka störfum. Hefur það átt langa setu að þessu sinni, og liggja til þess eðlilegar orsakir. Fyrir þinginu hafa legið mörg mál, sem ríkisstj. hefur flutt og ýmsir þingmenn. Afgreidd hafa verið á þessu þingi mikilsverð mál og löggjöf samin, sem hefur mikla þýðingu í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar. Er óþarfi að rekja þessi mál hér við umr., þar sem þau eru kunn af blaðaskrifum og þingfréttum. Önnur orsök til þess, að þingið hefur verið í lengra lagi, er nýafstaðið verkfall, sem eins og kunnugt er stóð í sex vikur. Er augljóst, að þingið gat ekki hætt störfum meðan á verkfallinu stóð og allt var í óvissu um lausn þess og afleiðingar.

Sagt hefur verið, að með verkfallinu væri hafin kjarabarátta fyrir verkamenn og fleiri launþega, en jafnframt mátti lesa um það og heyra frá stjórnarandstæðingum, að verkfallið væri aðallega gert í því skyni að koma ríkisstj. frá völdum. Má segja, að reitt hafi verið hátt til höggs af hendi stjórnarandstöðunnar og stjórn Alþýðusambandsins undir forustu Hannibals Valdimarssonar hafi hugsað sér að vinna að nýju verkefni með því að beita sér fyrir myndun svokallaðrar vinstri stjórnar.

Eðlilegt er, að verkfallið yrði langt, þegar þannig var til þess stofnað. Það var ekki heldur hægt að búast við skjótri lausn verkfallsins, vegna þess að gerð var krafa um jafnmikla hækkun, jafnháan hundraðshluta á launum þeirra hæst launuðu og lægst launuðu verkamanna. Mun verkfall aldrei áður hafa verið háð á slíkum forsendum, og má ætla, að lægst launuðu verkamenn hafi nú fengið nauðsynlega reynslu af forustu þeirra manna, sem stóðu fyrir verkfallinu. Munu verkamenn naumast framar trúa slíkum mönnum fyrir málefnum sínum, þegar þeir telja sig þurfa að fá kjörin bætt.

Í sambandi við verkfallið ræddi stjórnarandstaðan nokkuð um verðlagsmálin. Þeir heimtuðu verðlækkun á ýmsum vörum, verðlagseftirlit og lækkaða dýrtíð, eins og þeir orðuðu það. Þetta hjal stjórnarandstæðinga um lækkað verðlag fer illa í þeirra munni, vegna þess að þeir hafa ætíð unnið að því að auka dýrtíðina með yfirboðum, ábyrgðarlausum tillögum, sem bera vitni um fullkomið ráðdeildarleysi, bæði við samningu fjárlaga og við önnur tækifæri. Er það fyrir löngu vitað, að ef till. þeirra í fjármálum, viðskiptamálum og atvinnumálum hefðu verið teknar til greina, væri dýrtíðin í landinu með öllu óviðráðanleg. Hér væri þá atvinnuleysi, fátækt og upplausn ríkjandi vegna stöðvunar og kyrrstöðu í atvinnulífinu.

Við lausn verkfallsins 1952 var gert samkomulag um ákveðna álagningu á flestum nauðsynjavörum. Það samkomulag er enn í gildi og því ekki hægt að búast við, að aftur væri vegið í þann knérunn og álagning lækkuð fram yfir það, sem gert var 1952. Er það sameiginlegt álit innflytjenda, kaupmanna og kaupfélaga, að ekki sé unnt að hafa álagninguna lægri á nauðsynjavörunni heldur en um var samið, enda mun kaup verzlunarfólks og kostnaður við verzlunarrekstur hafa hækkað, síðan hið samningsbundna verðlag var ákveðið. Þetta vita stjórnarandstæðingar. Eru kröfur þeirra gerðar með það eitt fyrir augum að sýnast og slá ryki í augu fólksins.

Það er ekki heldur að sjá, að þessir menn vilji nokkuð gera til þess, að verðlagið geti lækkað. Þeir hafa oft verið að tala um hátt olíuverð, og óneitanlega væri æskilegt, að olían gæti lækkað í verði, en þrátt fyrir þetta neituðu forsprakkar verkfallsins um það að losa 3 olíuskip, sem komu hér á meðan á verkfallinu stóð, enda þótt fyrir lægi yfirlýsing um það, að olían úr

þessum skipum yrði ekki notuð fyrr en að verkfallinu loknu, og enda þótt enginn verkamaður þyrfti að vinna við losun skipanna. Þótt skipin hefðu fengið losun, hefði það engin áhrif á gang verkfallsins, en olíufélögin hefðu losnað við að greiða stórar fjárfúlgur í biðpeninga vegna þess, að skipunum var haldið hér. Það er því sök þeirra, sem neituðu nefndum skipum um afgreiðslu, ef olíuverðið getur ekki lækkað.

Þess ber að geta, að verðlagseftirlit er enn starfandi í landinu. Verðlagseftirlitið fylgist með verðlaginu, ekki aðeins á þeim vörum, sem hámarksverð er á, heldur einnig á öðrum vörum. Enda þótt verðlagseftirlit út af fyrir sig tryggi fólki á engan hátt hagstæð verzlunarkjör, þykir eigi að síður rétt og sjálfsagt að fylgjast með verðlagi í landinu, til þess að almenningur viti á hverjum tíma, hvernig verðmynduninni og álagningunni er hagað hverju sinni, ef upplýsinga er óskað í þeim efnum.

Efalaust munu flestir muna þá tíma, þegar hámarksverð var á öllum vörum í landinu. Það getur ekki verið, að fólk hafi gleymt því, hvernig verzlunarkjörin voru á þeim árum. Þá seldi engin verzlun vörur undir hinu lögákveðna verði. Samkeppni var engin á milli verzlana. Eftirspurnin eftir vörunum var miklu meiri en framboðið. Í skjóli verðlagsákvæðanna blómguðust verzlanirnar á þessum tímum, þar sem samkeppni var útilokuð, enda minnist ég þess ekki, að nokkur verzlun hallaðist eða ætti í miklum fjárhagsörðugleikum á þeim tímum. Verðlagseftirlitið, hámarksákvæðin og mikil eftirspurn almennings eftir hinum skammtaða vöruforða sá fyrir því og verndaði kaupsýslumenn gegn flestum fjárhagsáhyggjum á þeim tímum. Þá var vöruvöndun ekki nauðsynleg. Þá var verðlagið ákveðið ofan frá, og verzlanirnar voru öruggar um að selja allt, sem þær höfðu, á hinu lögverndaða verði. Almenningur varð að sæta því að kaupa oft lélegar vörur á háu verði. Verzlunarmálin á þessum tímum voru í mesta ólagi, eins og alltaf þegar höft, vöruskortur og of mikil afskipti hins opinbera eru á þeim málum.

Einstakir haftapostular hafa ósjálfrátt játað, að verðlagseftirlit og hámarksálagning sé ekki nægileg til að tryggja fólkinu góð kjör. Hannibal Valdimarsson segir í grg. í einu þskj. á þessu þingi, að það sé ekki nóg til þess að halda húsaleigunni niðri að ákveða hámarkshúsaleigu, ekkert nægi til þess, að húsaleigan verði lækkuð, annað en að auka húsnæðið. Er einkennilegt, ef þessi þm. og skoðanabræður hans skilja ekki, að sama lögmál gildir um verðlag á vörum og húsnæði. Væri mannlegt af þeim að viðurkenna hreinskilnislega, að ekkert nægi til þess að skapa fólki góð verzlunarkjör annað en hæfileg samkeppni og nægilegt framboð á þeim varningi, sem fólkið þarf að kaupa.

Hin síðari árin hefur verið létt verulega á verzlunarhöftunum. Nóg framboð er nú af neyzluvörum, og fólkið getur valið það bezta og ódýrasta. Nú er komin samkeppni í verðlagi og vörugæðum í staðinn fyrir lögverndað hámarksverð, sem áður gilti. Verzlunarkjörin nú hafa þess vegna stórum batnað. Kaupsýslumennirnir hafa ekki lengur eins rólega daga og þeir höfðu, á meðan verðlagið var ákveðið ofan frá og lítið þurfti fyrir því að hafa að selja vöruna, vegna þess að eftirspurnin eftir hinu takmarkaða vörumagni var meiri en framboðið. Ef kaupsýslumenn vilja undir núverandi kringumstæðum láta verzlunina þrífast, verða þeir að reka hana á samkeppnisfærum grundvelli. Það verður að vanda gæði vörunnar og stilla álagningu í hóf, til þess að viðskiptamaðurinn leiti ekki annað, þar sem verð og vörugæði eru betri.

Staðreyndirnar tala sínu máli. Vitað er, að ýmsar verzlanir eiga nú í fjárhagskröggum, að ein verzlun við Þeztu verzlunargötu í Reykjavík hefur verið gerð upp, vegna þess að hún þoldi ekki samkeppnina. Útsölurnar, sem fjöldi verzlana hefur haft undanfarið, sanna einnig, að hér er mikil samkeppni í verðlagi og að almenningur hefur vegna þessarar samkeppni átt þess kost oft og tíðum að kaupa með innkaupsverði vörur eða jafnvel fyrir neðan það.

Þá er rétt að minnast lítils háttar á iðnaðarvörur, framleiddar í landinu. Á því sviði nýtur samkeppnin sín og gerir fólki greiðara fyrir að velja og hafna. Áður var öll iðnaðarframleiðsla undir hámarksákvæðum, en nú er aðeins nokkur hluti iðnaðarins háður hámarksverði. Ég tel ástæðu til að nefna hér eitt dæmi af mörgum, sem unnt væri að tilgreina, ef tími væri til. Ein iðnaðarvara var ákveðin með 18% hámarksálagningu. Eftir að álagningin var gefin laus á þessari vörutegund, kom hún á markaðinn með 14.4% álagningu og fékkst einnig á öðrum stað úr annarri verksmiðju með 20% álagningu. Vegna þess að hámarksálagningin er ekki lengur fyrir hendi, gefst fólki nú tækifæri til þess að kaupa þessa vöru með 14.4% álagningu, en meðan hámarksákvæðin voru í gildi, fékkst hún aldrei með minni álagningu en 18%, eins og ákveðið hafði verið af verðlagsyfirvöldunum. Þetta eina dæmi af mörgum sýnir, að verðlagsákvæðin tryggja ekki hagsmuni fólksins, heldur það, að vörueframboðið sé nægilegt og að verðmyndunin eigi sér stað eftir hinu eiginlega lögmáli framboðs og eftirspurnar, sem skapar nauðsynlega samkeppni.

Eðlilegt er, að verzlunar- og verðlagsmál séu rædd og athuguð rækilega af öllum almenningi. Sjálfsagt er fyrir hverja ríkisstj. að stuðla að því eftir fremsta megni að halda dýrtíðinni niðri og tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Nauðsynlegt er að gera allt, sem unnt er til þess að tryggja gengi krónunnar og skapa traust almennings á gjaldmiðlinum. Sé það kappkostað, er unnið að því að efla heilbrigða efnahagsafkomu í landinu.

Enda þótt Alþ. og ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur til þess að vinna gegn verðbólgunni, er hætt við því, að lausn verkfallsins leiði af sér verðhækkanir á ýmsum vörum. Vitað er, að landbúnaðarvörurnar muni hækka af þessari ástæðu. Einnig er hætt við því, að ýmiss konar þjónusta verði einnig að hækka nokkuð af sömu ástæðum. Þannig mun vísitalan hækka, ef niðurgreiðslur ríkissjóðs verða ekki auknar.

Kauphækkanir, sem ákveðnar eru án þess, að útflutningsframleiðslan hafi hækkað í verði, án þess að hagnaður þjóðarbúsins hafi aukizt, verða ekki kjarabót fyrir fólkið í landinu, held-

ur tál, sem enginn hefur gagn af og getur leitt til stórtjóns fyrir efnahag þjóðarinnar og atvinnulífið í heild. Það er vissulega æskilegt að bæta kjör þeirra, sem lægst eru launaðir og vinna vel og trúlega að þeim verkum, sem þeim er falið að leysa. Það er einnig athyglisvert og mjög til eftirbreytni að veita verðlaun fyrir mikil vinnuafköst og góða vinnu. Sú nýjung, sem upp hefur verið tekin á tveim vestfirzkum togurum að veita gæðaverðlaun til skipshafnar fyrir góða verkun aflans, miðar að aukinni vöruvöndun og skapar aukin verðmæti, sem þegar til lengdar lætur verður tryggasta og bezta kjarabótin. Þjóðfélag okkar er lítið, og má segja, að hér þekki hver annan. Þess vegna er það, að kjör manna eru jafnari hér en í nokkru öðru landi, og er vissulega ástæða til að fagna því. Menn munu vera sammála um, hvar í flokki sem þeir standa, að stefna beri að því að bæta lífskjörin, þótt menn greini á um leiðir í þeim efnum.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var gerður stjórnarsamningur um margháttaðar framkvæmdir í landinu, sem miða að því að auka framleiðsluna, efla atvinnulífið og tryggja undirstöðu að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Fjárhagsráð var lagt niður og mönnum gefnir möguleikar til margs konar framkvæmda, sem áður voru háðar leyfi stjórnarvaldanna.

Framkvæmdir hafa verið miklar undanfarin missiri og uppbyggingin til sjávar og sveita verið mikil og ánægjuleg. Allir hafa haft atvinnu, eftir því sem orka og vilji hefur verið til að starfa. Afkoma fólksins hefur því verið og er í samræmi við þetta. Til þess að mögulegt sé að halda slíkum framkvæmdum uppi, þarf ekki einungis mikið fjármagn innanlands, heldur einnig mikið af erlendum gjaldeyri til þess að greiða hinn mikla innflutning, sem af framkvæmdunum leiðir. Þannig hefur byggingarefnisinnflutningur nærri tvöfaldazt síðastliðið ár. Innflutningur véla hefur einnig stórlega aukizt, bæði til landbúnaðar, iðnaðar og annarra atvinnugreina. Bændur hafa fengið innfluttar dráttarvélar í samræmi við eftirspurnina. Vörubifreiðar og aðrar bifreiðar voru einnig fluttar inn á síðastliðnu ári fyrir tugi millj. kr., en undanfarin ár hefur bifreiðainnflutningur verið sáralítill og bifreiðaeign landsmanna þess vegna að verða úrelt og úr sér gengin, miðað við það, að bifreiðin er eina samgöngutækið til almenningsnota í landinu. Það getur ekki talizt „lúxus“ að eiga bifreið fremur en áður að eiga hest til þess að komast ferða sinna. Það er ekki gjaldeyrissparnaður í því að gera út gamlar og slitnar bifreiðar. Gjaldeyriseyðsla fyrir varahluti til slíkra bifreiða er geysimikil. Eins og það borgar sig ekki fyrir einstakling að nota mjög slitinn og gamlan bíl, eins væri það óhagstætt fyrir þjóðarbúið, að allt of mikið af slíkum tækjum sé í rekstri.

Á síðastliðnu ári var hagur togaraútgerðarinnar þannig að áliti nefndar, sem skipuð var mönnum úr öllum flokkum nema Þjóðvfl., að nauðsynlegt væri að styrkja togara með minnst 2 þús. kr. framlagi fyrir hvern úthaldsdag togarans. Þegar rætt var um tekjuöflun í þessu skyni, kom enginn auga á aðra leið heppilegri en þá að leggja sérstakan skatt á innflutta fólksbíla og sendiferðabíla, sem renna skyldi í sérstakan sjóð, sem notaður skyldi til styrktar togurunum. Voru á síðastliðnu ári gefin út innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nokkrum hundruðum bifreiða til þess að afla fjár í togarasjóðinn, um leið og nauðsynleg endurnýjun bifreiðanna fór fram.

Á yfirstandandi ári munu verða fluttar inn fólks- og sendiferðabílar í sama skyni. Á s. l. ári voru gefin út gjaldeyrisleyfi fyrir hátt á fjórða hundrað vörubifreiðum. Einnig voru gefin út innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir jeppum, en það var ekki nema lítill hluti af því, sem bændur óskuðu eftir að kaupa. Á þessu ári munu einnig verða fluttir inn jeppar, og mun úthlutun á þeim verða mun ríflegri en áður. Væri æskilegt að geta gefið innflutning á jeppum frjálsan, eins og innflutningur dráttarvéla er nú, en því miður er ekki unnt að uppfylla óskir bænda um innflutning jeppabifreiða á einu ári. Það var undir forustu sjálfstæðismanna á árunum 1945—1946, sem byrjað var að flytja inn jeppabifreiðar. Ef haldið hefði verið áfram að flytja inn jeppa, eins og sjálfstæðismenn byrjuðu á, væri eftirspurnin eftir þeim minni í dag en nú er.

Þegar bifreiðainnflutningurinn er reiknaður með öðrum innflutningi, sem leiðir af hinum miklu framkvæmdum í landinu, þá skyldi engan undra, þótt innflutningsskýrslurnar sýni háar tölur.

Það hefur einnig verið nauðsynlegt, að því viðbættu, sem áður er talið, að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nær 60 vélbátum síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum. Innflutningur vélbáta undanfarin ár hefur verið sama og enginn, og vélbátafloti landsmanna hafði þess vegna gengið saman og ekki fengið eðlilega aukningu, þar sem bátasmíðar innanlands lágu einnig niðri á þeim tíma. Ríkisstj. hefur unnið að aukningu bátaflotans, eins og sjálfsagt er, og hefur sjútvmrh., Ólafur Thors, beitt sér fyrir ríflegu framlagi til fiskveiðasjóðs í því skyni. Ríkisstj. hefur í huga að auka framleiðsluna með því að bæta við framleiðslutækjum, gera lífsbaráttuna léttari, skapa meiri möguleika og tryggari afkomu þjóðarbúsins.

Í landbúnaðarmálum beitir ríkisstj. sér fyrir því, að ræktun landsins geti aukizt og sú uppbygging og þróun á sviði landbúnaðarmála, sem þegar er hafin, geti haldið áfram. Sjálfstæðismenn á þessu þingi og undanförnum þingum hafa jafnan beitt sér fyrir umbóta- og framfaramálum landbúnaðarins. Frv. og till. hafa sjálfstæðismenn flutt um aukið framlag til ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs, veðdeildar Búnaðarbankans og stofnlánasjóðs til frumbýlinga, sem mikil nauðsyn er á að koma á fót fyrir þá, sem byrja búskap í sveitum landsins.

Með húsnæðismálafrv. ríkisstj. er gert ráð fyrir, að byggingarsjóður sveitanna fái ríflegt framlag, svo að auðið verði að halda áfram að byggja íbúðarhús í sveitum á sama hátt og undanfarið. Það vakti athygli við umr. á Alþingi fyrir stuttu, að Alþýðuflokksmenn deildu hart á ríkisstj. fyrir það, að of miklu fé væri varið til uppbyggingar og framfara í sveitum landsins. Það er að vísu ekki nýtt að heyra slíkan þröng-

sýnissöng úr þeirri átt. Þess vegna undrast ég og margir fleiri, þegar formaður Framsfl. ræðir um það sem óskadraum að mynda stjórn með Alþfl. Það er ástæða til að spyrja: Er það til þess að fá bætta aðstöðu til þess að vinna að málefnum bænda, eða er það ekki aðalatriðið frá sjónarmiði formanns Framsfl.? Ég hef heyrt marga bændur segja sem svo: Hvað meinar maðurinn með vinstristjórnartalinu?

Meðal annarra framfaramála, sem nú er unnið að, eru hinar miklu fyrirætlanir ríkisstj. í raforkumálum. Alþjóð fylgist af áhuga með því, hvernig þeim miðar áfram, og það að vonum, svo mikla þýðingu sem það hefur fyrir allan almenning í landinu, að raforkuframkvæmdum verði hraðað sem mest.

Allar þær miklu framkvæmdir, sem nú er unnið að, hafa það í för með sér, að innflutningurinn og eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri verður mjög mikil. Á árinu 1953 féll Marshallaðstoðin niður, en árin á undan var verzlunarhallinn jafnaður með Marshallframlaginu, lánum frá greiðslubandalagi Evrópu og öðrum duldum gjaldeyristekjum. Á árinu 1954 var útflutningurinn meiri en nokkru sinni fyrr, og batnaði hagur bankanna þess vegna við útlönd þrátt fyrir hinn mikla innflutning á árinu.

Það er stundum rætt um óþarfainnflutning, en ég vil í sambandi við það fullyrða, að það, sem kallaður er óþarfainnflutningur, er óverulegt brot af heildarinnflutningnum. Um þetta geta menn sannfærzt með því að lesa innflutningsskýrslurnar, sem birtast í Hagtíðindunum.

Fjárhagsafkoma ríkisins byggist á því, að gjaldeyris sé aflað og innflutningsmagnið fari ekki m'nnkandi og allra sízt þær vörur, sem hæst eru tollaðar og stundum eru kallaðar ónauðsynlegar.

Síðan stefna sjálfstæðismanna var upp tekin árið 1950 í fjárhags- og viðskiptamálum, hefur afkoma ríkissjóðs verið góð. Fjárlög hafa verið afgreidd greiðsluhallalaus, og tekjuafgangur hefur verið öll árin síðan. Greiðsluafgangur þessi hefur verið notaður til nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Við sjálfstæðismenn höfum stutt núverandi fjmrh. við afgreiðslu fjárlaga og stuðlað að því, að fjárlögin væru greiðsluhallalaus á hverjum tíma.

Það verður ekki annað sagt en að árferði sé nú gott, ef vinnufriður væri og ekki væri spillt fyrir því, að unnt væri að nota þá möguleika, sem fyrir hendi eru. Aflabrögðin á þeirri vertíð, sem nú er að ljúka, hafa verið góð, en hefðu þó orðið mun betri, ef verkfallið hefði ekki truflað sjósóknina. Það verður að teljast glæpur að hefja verkfall í byrjun vertíðar, og það er ekki þeim, sem fyrir verkfallinu stóðu, að þakka, að ekki varð meiri skaði af því en varð, heldur hinum ýmsu verkalýðsfélögum, sem ekki hlýddu kalli verkfallsstjórnarinnar og neituðu að gera samúðarverkföll, eins og ætlazt var til. Nauðsynlegt er að tryggja það, að verkföllum verði ekki skellt á, nema meiri hlutinn í hverju verkalýðsfélagi sé því meðmæltur. Þess vegna þarf að endurskoða vinnulöggjöfina, ekki til þess að taka réttinn af fólkinu, heldur til þess að tryggja það, að vilji meiri hlutans verði ráðandi.

Á síðustu vertíð hefði orðið metafli, hefðu allir fengið að vinna í friði. Aðstaða landsins út á við hefði stórum batnað og möguleikarnir orðið miklir fyrir því að safna gjaldeyrisvarasjóði fyrir framtíðina. Þrátt fyrir truflanir verkfallsins mun slysi verða forðað, ef sala afurðanna gengur sæmilega að þessu sinni, eins og vonir standa til. Má þá gera ráð fyrir, að gjaldeyristekjurnar verði nægilegar til þess að standa straum af þeim innflutningi, sem ákveðinn er á þessu ári.

Stjórnarandstæðingar tala um verzlunarhalla við útlönd. Vitanlega er sjálfsagt að hafa alla varúð í því efni. En verzlunarhalli er ekki hættulegur, ef unnt er að standa í skilum og jafna hann með duldum gjaldeyristekjum, eins og gert hefur verið fram að þessu.

Í landi, sem verið er að byggja upp eins og Ísland, er ekki óeðlilegt, að nokkur verzlunarhalli sé. En stefna verður að því að gera framleiðsluna það mikla, atvinnulífið það fjölbreytt, að útflutningsverðmæti framleiðslunnar og aðrar eðlilegar gjaldeyristekjur standi undir gjaldeyriseyðslunni. Þetta hefur núverandi ríkisstj. gert sér fyllilega ljóst. Það er þess vegna, sem hún stuðlar að því að auka framleiðsluna í landinu og gera atvinnulífið fjölbreyttara og afkastameira. Þess vegna beita stjórnarflokkarnir sér fyrir rafmagnsframkvæmdum í landinu. Þess vegna er hafin bygging sementsverksmiðju. Þess vegna er fyrirhuguð stækkun áburðarverksmiðjunnar. Þess vegna er aukinn fiskiskipaflotinn. Þess vegna eru byggð frystihús og fiskiðjuver. Þess vegna er unnið að aukinni ræktun landsins og alhliða aukningu framleiðslunnar í landbúnaði, iðnaði, sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum.

Ríkisstj. hefur verið sammála um framkvæmd hinna mörgu og mikilvægu mála, sem nú er unnið að, og er það mikils virði. Er því óeðlilegt, ef annar stjórnarflokkurinn eignar sér flest góðu málin, eins og stundum hefur mátt lesa í Tímanum. En það er aukaatriði. Aðalatriðið er, að málin komist fram, að alþjóð geti sem fyrst notið góðs af uppbyggingunni og framkvæmdunum.

Meðan stjórnarflokkarnir vinna að alhliða framfaramálum í þjóðfélaginu, vinnur stjórnarandstaðan að því að rýra möguleikana til skjótra framkvæmda hinna mikilsverðu hagsmunamála. Stjórnarandstaðan óttast, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir verði vinsælir, ef þeir koma hinum mikilsverðu málum í framkvæmd. Þess vegna er þeim umhugað um, að málin tefjist, til þess að geta svo haldið því fram, að meiru hafi verið lofað en unnt var að efna. Láti stjórnarflokkarnir stjórnarandstöðuna ekki trufla sig og vinni áfram með festu að lausn málanna, held ég, að tilraunir stjórnarandstöðunnar verði að engu og hin góðu og mörgu mál komist í höfn.

Sjálfstfl. er flokkur allra stétta þjóðfélagsins. Hann er alhliða umbótaflokkur, sem allir frjálslyndir menn geta skipað sér í fylkingu með. Sjálfstæðismenn gera sér grein fyrir því, hversu mikla þýðingu það hefur fyrir framtíð þjóðarinnar, að atvinnutækin verði fullkomin og dreifist þannig um landið, að fólkið úti á landsbyggð-

inni geti unað við sitt og lifað við ekki lakari lífskjör en fólkið í höfuðstað landsins. Sjálfstæðismenn hafa flutt till. og frumvörp á þessu þingi og öðrum þingum, sem miða að þessu. Till. Sigurðar Bjarnasonar og fleiri um nauðsynina á því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins hefur leitt til þess, að nú starfar mþn. til þess að athuga, á hvern hátt það verði hagkvæmast. Jónas Rafnar og fleiri hafa flutt till. um uppbyggingu iðnaðar víðs vegar um land til þess að tryggja atvinnulífið og koma í veg fyrir, að fólkið flytji burt. Magnús Jónsson og fleiri hafa flutt frv. um atvinnujöfnunarsjóð, sem vert er að gefa gaum og líklega kemst í framkvæmd, áður en langur tími líður.

Það er ekki tími til í þessum umræðum að rekja þingmálin, en þetta, sem hér hefur verið nefnt, er aðeins sýnishorn af áhuga sjálfstæðismanna fyrir framförum og uppbyggingu atvinnulífsins um land allt. Vegna þess að fólkið fylgist nú betur með þingmálum en áður vegna fréttaflutnings útvarps og blaða og hefur reynslu af störfum flokksins, er fullvíst, að Sjálfstfl. á vaxandi fylgi með þjóðinni og þá ekki síst meðal unga fólksins, sem erfir landið og nýtur þess, sem vel er gert til tryggingar fyrir framtíðina. — Góða nótt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég vil fyrst taka það fram, að um varnarmálin verður rætt af hendi framsóknarmanna annað kvöld.

Hv. 5. landsk. þm. og raunar fleiri voru að finna að því, að Framsfl. ynni með sjálfstæðismönnum. Ég mun kannske koma að þessu nánar annað kvöld, en ætli alþýðufólk til sjávar og sveita væri nú betur á vegi statt, ef Framsfl. *einangraði sig og léti íhaldið stjórna eitt?*

Hv. landsk. þm., Eggert Þorsteinsson, virtist hafa áhuga fyrir því að bæta við sig atkvæðum á Seyðisfirði, og ráðið var að sá sundrung um raforkumál Austurlands. Því máli verður ráðið til lykta á öruggan hátt fyrir Austurland. Um það munu þingmenn Austurlands ræða við umbjóðendur sína án milligöngu þessa hv. þm. Hér er rétt að segja það eitt, að ef átök allra þingmanna á Austurlandi væru eins og hans, þyrftu menn ekki að skiptast á skoðunum um það, hvort ein virkjunaraðferð væri betri en önnur, af þeirri einföldu ástæðu, að engin allsherjarvirkjun væri þá komin til mála.

Hér á hv. Alþingi hefur undanfarið verið rætt nokkuð um skatta á félögum, og þó að það hafi ekki borið á góma hér í umr. í kvöld, þá ætla ég að nota tækifærið til að segja um þetta örfá orð, áður en ég kem að aðalræðuefni mínu í kvöld.

Í fyrra voru skattar einstaklinga lækkaðir um 26—28%. Ætlunin var að setja þá einnig alveg ný lagaákvæði um skattgreiðslur félaga, en það vannst ekki tími til undirbúnings slíkri löggjöf þá. Var því til bráðabirgða samþykkt 20% lækkun á skatti félaga, hlutafélaga og samvinnufélaga og allra annarra félaga. Fyrir þessu Alþingi hefur ekki heldur legið nýtt frv. um skattlækkun félaga, ekki náðst samstaða um það mál, og hefur því að sjálfsögðu verið gert ráð fyrir, að þessi 20% lækkun, sem í fyrra var gerð til bráðabirgða, gilti einnig nú í ár. Vegna áróðurs um það, að með því að hafa óbreytta skatta á félögum frá í fyrra sé verið að ívilna gróðafélögum, auðfélögum, eins og það er kallað, vil ég upplýsa eftirfarandi: Fyrir félög gilda nú þeir skattstigar, sem settir voru fyrir stríð, að viðbættum þeim, sem settir voru í lög 1942. Tekjur einstaklinga hafa verið umreiknaðar undanfarið, sem kallað er, til þess að koma í veg fyrir, að tekjuskattsbyrði á þeim færi hækkandi vegna hækkaðra tekna í krónutölu. Umreikningur á tekjum félaga var á hinn bóginn aldrei lögleiddur, og þess vegna hefur skattabyrði félaga farið síhækkandi og er orðin langt umfram það, sem löggjafinn ætlaðist til, þegar skattalögin voru sett. Þessi ákvæði eru þannig t. d., að félög, sem hafa skattskyldar tekjur yfir 200 þús. kr., borga 90% af því, sem er umfram 200 þús. kr. í tekjur, í skatta, en 200 þús. kr. tekjur jafngilda nú alls ekki meiru en 20 þús. kr. fyrir styrjöld. Hvaða manni mundi hafa dottið í hug fyrir stríð að láta félög borga 90% af tekjum, sem væru yfir 20 þús. kr.? Sannleikurinn er því sá, að skattar félaga hafa margfaldazt frá því fyrir stríð og orðið langt umfram það, sem löggjafinn ætlaðist til, og þessi 20% lækkun, sem samþ. var í fyrra, gekk í þá átt að bæta úr þessu, átti að koma sem bráðabirgðaúrræði í staðinn fyrir „umreikning", sem verið hafði á tekjum einstaklinga. Annars hafa hinir ofsaháu skattstigar félaga ekki í reyndinni orðið til þess að skattleggja stórgróðann, þar sem menn hafa fundið upp það ráð að skipta atvinnurekstrinum niður í smærri og smærri hlutafélög. Þessi mál þurfa því öll endurskoðunar við, og það þarf önnur ráð til þess að skattleggja stórgróða en þau að láta skattstiga félaganna standa óbreytta. Það, sem um þetta hefur verið sagt hér á hv. Alþingi og í blöðum, er augsýnilega ekki heldur flutt fram af málefnalegum áhuga, heldur aðeins til þess að vekja tortryggni, enda með lýðskrumssniði svo glöggu, að ekki verður um villzt, hvað á spýtunni hangir.

Ég kem þá að aðalefni þess, sem ég vildi koma hér á framfæri í kvöld.

Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur mundi kjósa það ástand á ný, sem hér var í fjárhags- og atvinnumálum á árinu 1949 og árin næst á undan. Flestar framleiðslugreinar voru reknar með tapi, þótt gífurlegir fjármunir væru saman dregnir með skatta- og tollaálögum í uppbætur á útflutninginn. Stórfelldur halli var á ríkisbúskapnum. Gjaldeyris- og vöruskortur var svo tilfinnanlegur, að jafnvel brýnustu nauðsynjar fengust ekki nema sem náðarbrauð. Svartur vörumarkaður blómgaðist á þá lund, að jafnvel helztu nauðsynjar ýmsar urðu gróðalind okrara. Framleiðslan dróst saman, og stórfellt atvinnuleysi var yfirvofandi. Sparnaður var sáralítill, þar sem menn þorðu tæpast að eiga peninga sína yfir nóttina af ótta við verðfall þeirra. Lánsfjárskortur varð því tilfinnanlegri með hverjum deginum sem leið og því fram undan samdráttur framkvæmda. Þótt stjórn sú, sem setið hafði frá 1947, hefði margt vel gert, einkum í landbúnaðarmálum, eftir að áhrif framsóknarmanna komu til á ný, þá hafði alveg misheppnazt að ná

tökum á fjárhagsmálunum, enda satt að segja ekki við neitt lamb að leika sér, eins og ástatt var um fjárhagsmálin, þegar hún tók við, eftir að eyðslu- og verðbólgustefnan hafði verið sett í hásætið á árunum 1944—1946.

Sumarið 1949 skar Framsfl. upp herör gegn þessu öngþveiti með því að stofna til átaka um landsmálin í kosningum um haustið. Leiddu átökin til þess, að samtök náðust um nýja stefnu í fjárhags- og atvinnumálum snemma á árinu 1950. Höfuðatriði þeirrar stefnu voru að lækka gengi krónunnar til samræmis við það ástand, sem þegar hafði skapazt, og greiðsluhallalaus ríkisbúskapur, sem verða skyldi undirrót aukinnar framleiðslu og meira jafnvægis í verðlags- og efnahagsmálum. Verðlag erlendis á fiski varð um þessar mundir óhagstæðara en áður. Varð því litlu síðar að bæta við bátagjaldeyriskerfinu til ágóða fyrir bátaútveginn. Hér er ekki hægt tímans vegna að setja á langa ræðu um árangur þessarar stefnu, þar sem þá mundi ekkert tóm verða til að minnast hinna nýju viðhorfa, sem nú hafa myndazt. Verður þó að rifja hér upp örfá höfuðatriði.

Framleiðslan hefur aukizt stórkostlega og framkvæmdir. Þessi breyting er svo mikil, að í stað þess að áður var atvinnuleysið höfuðvandamálið, þá hefur nú undanfarið verið skortur á fólki til nauðsynlegra starfa. Ríkisbúskapurinn hefur orðið greiðsluhallalaus allt tímabilið og stundum nokkur greiðsluafgangur, sem sumpart hefur verið varið til þess að grynna á óreiðuskuldum ríkissjóðs frá fyrri tíð og sumpart til þess að standa undir kostnaði við nauðsynlegustu framkvæmdir, einkum þó lánveitingum til framkvæmda í landbúnaði, sjávarútvegi og til íbúðabygginga. Á þessu tímabili hafa skattar verið lækkaðir stórkostlega, og er einsdæmi í sögu landsins, að sambærilegar skattalækkanir hafi verið framkvæmdar. Vegna greiðsluhallalauss ríkisbúskapar hefur verið hægt að draga úr viðskiptahöftunum, en slíkt afnám haftanna kom ekki til mála, meðan greiðsluhallabúskapur ríkissjóðs sat í öndvegi. Samkeppni um vörusölu hefur komið í staðinn fyrir vöruskortinn og svarta markaðinn, sem áður ríkti. Hafa menn undanfarið tvímælalaust búið við betri verzlunarkjör vegna þessarar samkeppni en áður höfðu þekkzt um skeið. Verðlag hækkaði að sjálfsögðu fyrstu missirin eftir gengisbreytinguna vegna áhrifa frá henni, en síðan áhrifum hennar lauk og í staðinn fór að gæta áhrifa frá greiðsluhallalausum ríkisbúskap og aukinni framleiðslu, hefur verðlag í landinu verið stöðugra. Má heita, að við höfum búið við stöðugt verðlag í meira en 2½ ár. Af þessu leiddi aukna trú á verðgildi peninga og stóraukinn sparnað. Þannig safnaðist fyrir margfalt meira sparifé í bönkum landsins á árunum 1953 og 1954 en áður voru dæmi til, og hefði svo fram haldið, var þess bersýnilega ekki langt að bíða, að úr rættist lánsfjárskortinum, sem þjóðin hefur lengi búið við. Voru þar að verða mikil og góð tíðindi, ekki sízt æskufólki landsins, sem mjög þarf á lánsfé að halda við myndun nýrra heimila. Af sérstökum ástæðum höfðu á hinn bóginn skapazt vandamál í sambandi við rekstur togaraflotans. Höfðu menn þó gert sér vonir um, að úr þeim væri leyst í bili a. m. k. með því að leggja hátt aðflutningsgjald á fólksbifreiðar til stuðnings rekstri togaranna. Á hinn bóginn stóðu málefni bátaútvegsins þannig, að stjórnin ákvað um áramótin að draga um 10% úr bátagjaldeyrishlunnindunum. Tæpast mun nokkur maður leyfa sér að mótmæla því í alvöru, að ástandið undanfarið hafi verið miklu hagfelldara almenningi og þjóðinni í heild en það var áður en sú stjórnarstefna var upp tekin, sem fylgt hefur verið undanfarin ár. Allir mega heyra, að tilraunir hv. stjórnarandstæðinga til þess að halda öðru fram eru gersamlega utangarna. Og er þó ekki þar með sagt, að allt sé eins og það ætti að vera.

Ég gat um það áðan, að nú um skeið hefði verið meiri eftirspurn eftir fólki til starfa en hægt hefur verið að fullnægja. Mun þetta hafa orðið til þess að ýta undir þá skoðun meðal verkamanna, að jarðvegur væri fyrir kauphækkanir. Á hinn bóginn hafði hagstofustjóri komizt að þeirri niðurstöðu og annar hagfræðingur með honum, að kaupmáttur verkamannalauna mundi nú mjög svipaður því, sem hann var eftir verkfallið 1952. Hér í umr. hefur hv. 5. landsk. þm. og raunar fleiri stjórnarandstæðingar haldið því fram, að skatta- og tollahækkanir ríkisstj. hafi orsakað verðlagshækkun og orðið til þess, að launastéttirnar hafi orðið að reisa kröfur um hærra kaupgjald. Þetta er svo fullkomið öfugmæli, að á undanförnum árum hefur hver lækkunin á sköttum og tollum af hendi þingmeirihlutans og ríkisstj. rekið aðra.

Á undanförnum árum hef ég notað hvert tækifæri, sem ég hef fengið, til þess að leggja á það megináherzlu, að óhugsandi er að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðugu verðlagi, nema stjórnarvöldin og hin sterku almannasamtök, sem hér hafa mikil völd og njóta fulls frelsis, og þá sérstaklega verkalýðssamtökin, stefndu að sama marki. Ég hef hvað eftir annað bent á, að þótt stjórnarvöldin geri skynsamlegar ráðstafanir til að halda jafnvægi í verðlagsmálum t. d., þá geta þær allar orðið að engu, ef verkalýðssamtökin miða ekki kaupgjaldspólitík sína við sama markmið. Á sama hátt mundi að sjálfsögðu fara, þótt verkalýðsfélögin miðuðu kaupgjaldspólitík sína við að halda stöðugu verðlagi, ef stjórnarvöldin gerðu ráðstafanir, sem ónýttu þau verk þeirra, t. d. með hallarekstri á ríkisbúskapnum, ábyrgðarlausri útlánapólitík eða öðru slíku háttalagi, sem hlyti að koma af stað verðhækkun og kjararýrnun hjá launastéttunum.

Enginn vafi leikur á því, að stjórnarvöldin og verkalýðssamtökin vinna eindregnast í þessa stefnu sameiginlega, ef pólitísk vinátta er þar á milli. Sameiginlegur málefnalegur áhugi stjórnarvaldanna og verkalýðssamtakanna ætti þó að réttu lagi að duga til þess, að báðir aðilar ynnu sleitulaust að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðugu verðlagi og gengi. Þannig mundi það líka vera, ef hagsmunasjónarmið ein kæmu hér til og sæmileg framsýni. Á Norðurlöndum er nú pólitísk vinátta á milli stjórnarvaldanna og forustu verkalýðsfélaganna. Í Bretlandi er því á hinn bóginn ekki til að dreifa. Þar valda þó sameiginlegir hagsmunir því, að þar sýnist haldið

skaplega á þessum málum, enda þannig ástatt í Bretlandi, að leiðtogar verkamanna geta búizt við því svo að segja á hverri stundu að taka við stjórn þjóðarskútunnar. Mun það því styrkja þá í þeirri skoðun, að rétt sé og sjálfsagt að halda öllu í sæmilegu lagi um borð, þótt þeir eigi ekki pláss í brúnni um stundarsakir.

Í framkvæmd verður stefnan þannig, að forráðamenn verkalýðsins reyna að gera sér grein fyrir því, hvað hægt sé að hækka kaupið mikið, svo að hækkunin verði hreinn ávinningur, en kastist ekki aftur í höfuð mönnum án tafar. Það gefur dálitla bendingu um, hvernig á þessum málum er haldið á Norðurlöndum t. d., að síðasta almenn kauphækkun í Noregi var um 4%, og síðast þegar samið var í Svíþjóð, fengu flestir 3.6% kauphækkun.

Ég gat um það áðan, að sú skoðun mundi hafa orðið nokkuð útbreidd meðal verkamanna í vetur, að hægt væri og rétt að hækka kaupið. Ekki mun þetta þó í sjálfu sér hafa byggzt á því, að menn álitu atvinnuvegina aflögufæra suma hverja, eins og t. d. togaraútgerðina, heldur fremur á hinu, að mikil eftirspurn var eftir fólki til starfa, sótzt eftir yfirvinnu manna og mönnum sýndust margir græða.

Það er þó hæpið að treysta því, að hægt sé ævinlega að græða á kauphækkunum, þótt mikil eftirspurn sé eftir vinnuafli. Stafi aukin eftirspurn fyrst og fremst af aukinni framleiðslu vegna gróða á henni, þá er dæmið einfalt og hagurinn vís af kauphækkun, enda hún þá sjálfsögð og nauðsynleg. Stafi hin mikla vinna á hinn bóginn fyrst og fremst af mikilli fjárfestingu, þarf málið vandlegri íhugunar við.

Ekki dreg ég í efa, hvernig forustumenn verkalýðssamtakanna í nágrannalöndum okkar hefðu farið að, ef þeir hefðu átt að ráða fram úr málum sinna manna við ástæður hliðstæðar þeim, sem hér voru í vetur. Þeir hefðu fengið í lið með sér hina færustu menn, sérfróða í efnahagsmálum, og reynt að gera sér grein fyrir, hvort þeir mundu geta látið kauphækkun verða að raunverulegum ávinningi fyrir verkamenn. Þeir mundu vafalaust alveg sérstaklega hafa athugað, hversu hátt væri rétt að spenna bogann, til þess að ekki yrði sú verðhækkunarskriða losuð, sem gerði að litlu eða engu það, sem ávannst í bili. Þá hefði einnig áreiðanlega verið á það litið, að á tæpt vað var að tefla eins og afkoma atvinnuveganna hér óneitanlega er, og þess því verið vandlega gætt að taka ekki með holt og bolt kauphækkunarkröfur frá öllum stéttum, hvort sem þær voru hátt eða lágt launaðar, vel eða illa settar, því að með því móti étur hver upp bróðurpartinn af annars hækkun, þegar 80% eða svo af landsmönnum tekur orðið tekjur sínar í kaupgjaldi. Þannig vinna áreiðanlega yfirleitt þeir menn, sem líta á verkalýðsfélögin sem hagsmunafélög verkamanna og telja sér skylt að stjórna baráttu þeirra í samræmi við það.

Allir vita, að hér hjá okkur eru ekki svona hreinar línur í þessum málum. Sterkustu verkalýðsfélögunum í Reykjavík er, þótt merkilegt megi virðast, stjórnað af félagsbundnum kommúnistum. Það þýðir, að þeim er í raun réttri stjórnað af kommúnistaflokknum. Við vitum af kenningu kommúnista, til hvers verkalýðsfélög eru að þeirra skilningi. Þau eru til þess að herða stéttabaráttuna, magna átökin. Það verða að eiga sér stað langvinnar deilur og árekstrar. Kjarabætur án tjóns og átaka eru einskis virði að dómi ósvikinna kommúnista, verri en ekkert, því að þeir fyrirlíta umbætur. Verkföll verkfallanna vegna, það er þeirra hugsun. Hagsmunir verkamanna og kommúnistaflokksins fara því ekki saman. Aldrei hefur það máske sézt betur en nú síðustu vikurnar. Enginn kann tveimur herrum að þjóna. Það er ekki hægt að samræma það hagsmunum verkamanna að beita samtökum þeirra pólitískt á þann hátt sem kommúnistaflokkurinn krefst.

Það ætti engum að koma á óvart, að kommúnistaforkólfar verkalýðshreyfingarinnar hafa haldið hér þannig á málum í vetur, að þeir hafa sýnilega viljað, að hér yrði langt verkfall og afleiðingar þess landsmönnum örlagaríkar. Öll vinnubrögð þeirra eru slík, hvar sem á er litið. Byrjað er með því að draga óhæfilega lengi að leggja fram nýjar kjarakröfur. Þá er neitað till. ríkisstjórnarinnar um skipun rannsóknarnefndar með þátttöku frá deiluaðilum til þess að athuga skilyrði fyrir kauphækkunum og hvaða ráðstafanir hægt væri að gera án verkfalla til kjarabóta fyrir verkamenn. Slík rannsókn gat þó aldrei orðið neinum til tjóns. Er nú eftir á augljósara en nokkru sinni fyrr, að hún hefði t. d. áreiðanlega orðið til þess, að atvinnuleysistryggingar hefðu komið inn í málið, áður en verkfall kom til greina, og annaðhvort orðið stutt eða ekkert verkfall.

Þá voru kröfur þær, sem fram voru settar, sýnilega til þess ætlaðar að framkalla langt verkfall. Kröfur um 34—76% hækkun nálgast ekki neitt þá kauphækkun, sem gæti komið að nokkru gagni, þótt samþykktar væru. Ég hef enga heyrt halda slíku fram aðra en kommúnista. Samt sem áður er þetta sett fram og vikum saman haldið fram alveg óraunhæfum tölum í þessu sambandi og þannig komið í veg fyrir, að viðunandi niðurstaða gæti náðst fyrir verkamenn án óbærilegra fórna af þeirra hendi.

Á öðrum degi verkfallsins buðu atvinnurekendur 7% kjarabætur. Á fáum dögum hefði verið hægt að fá þá tölu hækkaða, ef kommúnistar hefðu ætlað sér eitthvað annað en langt verkfall, hvað sem öðru leið. En í stað þess var hangið í hinum háu tölum og málið gert óleysanlegt í sex vikur.

Hver er svo niðurstaðan af þessu vinnubrögðum, sem kommúnistar gera að pólitískum heræfingum í stað kjaradeilu? Verkamenn hafa tapað sex vikna vinnutekjum og fá máske 2% meiri kauphækkun en þeir hefðu fengið án verkfalls eða með fárra daga verkfalli. Ofan á þetta bætist svo, að mjög er vafasamt, að verkamenn hafi nokkurn minnsta ávinning af þessum aukaprósentum, sem við bættust, vegna sex vikna vinnustöðvunar, að ekki sé meira sagt. Þær kauphækkunarprósentur, sem gefa verkamönnum nettóhagnað, eru þær prósentur, sem hægt er að bæta ofan á kaupið, án þess að tilsvarandi hækkanir þurfi að verða á öllu verðlagi og þjónustu. Það, sem kaupið er hækkað þar fram yfir í lot-

unni, verður ekki gróði, ef kauphækkunin er almenn. Fyrir þá hækkun, sem gefur hagnað, er mikið á sig leggjandi fyrir launþegana, en hitt gera engir nema kommúnistar að halda mönnum í margra vikna verkfalli til að bæta ofan á fáanlega kauphækkun örfáum prósentum, sem aldrei geta skilað neinum hreinum ávinningi.

Þá hefur verið haldið þannig á þessum málum, að ekki eru á öðru horfur en að kauphækkun verði almenn, þar sem ekki var tekið það ráð að taka þá út úr, sem verst voru settir.

Ríkisstj. og þingmeirihlutinn, sem hana styður, lagði það til lausnar þessari deilu að gefa fyrirheit um atvinnuleysistryggingar. Það er mikilsvert mál fyrir verkalýðinn, sem býr við lítið öryggi um stöðuga vinnu, þótt nú horfi vel um atvinnu. Ekkert verkfall hefði þurft til þess að fá fyrirheit um atvinnuleysistryggingar. Hefði verið að því gengið samkv. tillögum ríkisstj. að rannsaka gaumgæfilega fyrir fram, hvað hægt væri að gera til þess að bæta kjör verkamanna, þá hefði atvinnuleysistryggingin komið þar til greina í fremstu röð. Það var auðvitað ekkert síður hægt að heita atvinnuleysistryggingu til þess að fyrirbyggja yfirvofandi verkfall en til þess að leysa verkfall.

Forusta kommúnista verður verkalýðnum dýr. Þeir líta ekki á verkalýðssamtökin sem hagsmunasamtök alþýðu í lýðræðisþjóðfélagi, heldur sem pólitískt tæki í baráttu sinni við að liða sundur þjóðfélagið. Þó að verkalýðurinn hafi mest gagn af kauphækkunum, sem er svo í hóf stillt, að ekki framkallar verðhækkanir á móti, þá hafa kommúnistar ekkert gagn af slíkum kjarabótum, allra sízt ef þeim er komið fram án verkfalla eða átaka. Kommúnistar þurfa á að halda löngum verkföllum, miklum illindum og að lokum hækkunum, sem leiða af sér verðhækkanir og óvinsælar ráðstafanir.

Sumir segja, að fara hefði átt niðurfærsluleið til lausnar vinnudeilunni, lækka verðlag, og því er stundum fleygt, að það hafi verið á valdi ríkisstj. að fara þá leið. Meira að segja hefur því verið haldið fram með ákafa hér í þessum umræðum í kvöld, að ríkisstj. hafi haft það á valdi sínu að fara verðlækkunarleiðina, hafi haft á sínu valdi töfrasprota, sem hún hafi ekki viljað nota. Um þetta vil ég fara örfáum orðum til þess að skýra málið.

Þegar séð varð, að verkalýðshreyfingin mundi segja upp samningum, athugaði ríkisstj. einmitt þessa hlið málsins gaumgæfilega og sneri sér til þeirra aðila, sem hér gátu átt hlut að máli. Athugun leiddi í ljós, að hægt mundi vera að koma fram nokkuð lækkaðri verzlunarálagningu, ef kaupgjald stæði óbreytt, einkum hjá kaupfélögum. Á hinn bóginn kom að sjálfsögðu í ljós, að með hækkandi kaupgjaldi var ómögulegt að koma á lækkun verðlags. Það er ekki hægt að fara bæði upp og niður í senn. Það kom líka undireins í ljós í viðtölum, sem fram fóru við fulltrúa verkalýðsfélaganna, að sá árangur, sem hugsanlegt var að ná í verðlækkunarátt, varð að engu þegar hann var borinn saman við þær stórfelldu kröfur, sem ætlunin var að gera. Því var einnig blátt áfram lýst yfir, að kauphækkunarleiðin yrði farin, um annað væri ekki að ræða. Andi kommúnista sveif yfir vötnunum. Hvað þýða líka verðlækkunarráðstafanir, sem nema t. d. 3—4% af framfærslukostnaði, svo að einhver tala sé nefnd, í hugum þeirra manna, sem ganga með kröfur um 30—70% kauphækkanir í vasanum, eins og kommúnistar gerðu? Þó gæti verið meira gagn að 3—4% lækkun á framfærslukostnaði en 70% almennri kauphækkun. Það skilur og viðurkennir meginþorri landsmanna.

Sumir hafa talað um að auka niðurgreiðslur á vöruverði með ríkisfé í þessu sambandi, en eftir að ríkisstjórnin upplýsti, að kosta mundi um það bil 5½ millj. að borga niður vöruverð sem svarar einu stigi í vísitölunni, sáu allir, að slíkt var ekki framkvæmanlegt.

Kommúnistar hafa nú vissulega beðið hnekki vegna þess, hvernig þeir hafa haldið á málum. En að einu leyti hafa þeir unnið sigur frá sínu sjónarmiði skoðað. Augljóst er, að í landinu rís ný verðhækkunaralda á næstunni, því að kauphækkanir verða sýnilega almennar, enda þannig til stofnað. Stjórnarvöldunum er skylt að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr þeim verðhækkunum, sem óhjákvæmilega leiðir af almennum kauphækkunum, eins og hér er nú ástatt, og gera allt, sem unnt er, til þess að forðast verðrýrnun peninga.

Enginn mannlegur máttur getur þó breytt þeirri staðreynd, að nú hefur verið brotið blað í efnahags- og verðlagsmálum landsins. Áætlað er, að 10% kauphækkun hækki vísitöluna um 4 stig eða svo næsta haust vegna hækkana á verðlagi landbúnaðarafurða, og samtals um 7½ stig í fyrstu umferð, áður en langt um líður, og sennilegt þykir, að afleiðing 10% kauphækkunar nemi 11 vísitölustigum, þegar öll kurl eru komin til grafar. Um þetta er heldur enginn ágreiningur, og man ég ekki betur en að hv. 5. landsk. þm., sem er í stjórnarandstöðunni, gæfi svipaðar upplýsingar hér í kvöld.

Ríkisútgjöldin hljóta að hækka stórkostlega vegna launahækkana, vísitöluhækkunar og atvinnuleysistrygginga, að ekki sé fleira talið. Í stað skatta- og tollalækkana, sem menn hafa átt við að búa undanfarið, hljóta að koma skatta- og tollahækkanir. Allt mun þó verða gert, sem unnt er og samtök nást um, til þess að gera sem bezt úr því, sem orðið er, en það væri mikil blekking, ef menn væru leyndir því, að nýtt viðhorf hefur skapazt.

Kommúnistar munu kannske halda, að skattahækkanir, verðhækkanir og annað af slíku tagi, sem fram undan er, verði vatn á þeirra myllu. Til þess er sem sé leikurinn gerður, losa skriðuna, þykjast svo hafa samúð með þeim, sem fyrir henni verða. Þetta er skollaleikur þeirra kommúnista. En þeir hafa nú leikið þetta svo oft, að menn sjá vel, hvað þeir eru að fara. Þess vegna mun hver nýr skattur, hver ný verðhækkun minna menn á þá.

Kommúnistar hafa á hinn bóginn beðið einn sinn versta ósigur í sambandi við það verkfall, sem nú er lokið, að því leyti, að aldrei hefur mönnum verði ljósara en einmitt nú, í hvert öngþveiti forusta þeirra kemur málefnum verkalýðsstéttarinnar. Aldrei hefur það orðið ljósara en nú, hvílíkt tjón það leiðir yfir alþýðu landsins,

þegar fjöregg hennar lendir í höndum manna, sem misnota það. Og ofan á aðfarir kommúnista í sjálfum verkalýðssamtökunum bætist, að kommúnistum hefur á undanförnum árum tekizt að einangra verkalýðsstéttina pólitískt til stórtjóns fyrir hana og þjóðina í heild sinni.

Það er orðin þjóðarnauðsyn, að verkalýðsstéttin losi sig við hina kommúnistisku forustu í verkalýðssamtökunum, þar sem hún enn þá er til. Þá er hitt ekki síður aðkallandi, að þeir, sem hafa stutt kommúnista undanfarið, en ekki vilja koma hér á skipan kommúnismans, fylki sér undir merki umbótasinnaðra lýðræðismanna og bæti úr þeirri sundrung alþýðustéttanna, sem kommúnistum hefur tekizt að viðhalda árum saman.

Mér finnst nú sem nærri því hver maður viðurkenni óstjórn kommúnista á málefnum verkalýðshreyfingarinnar. Ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma áður orðið var við svo glöggan og almennan skilning á því sem nú, að óstjórn þessi stafi ekki öll af klaufaskap eða fyrirhyggjuleysi, heldur blátt áfram af því, að það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum. Hagsmunir verkamanna og kommúnistaflokksins fara ekki saman. Það er ráðningin á gátunni. Það er gott, að þetta skýrist, en það þarf einnig að skýrast fyrir mönnum, að hin pólitíska skemmdarstarfsemi kommúnista á Alþ. og alls staðar annars staðar, hvar sem við verður komið, er ekki síður hættuleg. Hana þarf að lama. Þá rýfst pólitísk einangrun verkalýðsins, og þá næst pólitísk samtök alþýðustéttanna. Þá kemst á samstarf stjórnarvaldanna og alþýðusamtakanna og aukið jafnvægi í þjóðmálum, fyrr ekki til neinnar hlítar.

Það er nú augljóst mál, að nýrra úrræða þarf við í verkalýðsmálum. Framsóknarmenn hafa sterkan áhuga á því að finna nýjar leiðir í þeim málum í samvinnu við verkalýðssamtökin. Munu aðrir ræðumenn af hendi Framsfl. gera grein fyrir ýmsu því, sem þar kemur til greina að dómi framsóknarmanna. En pólitísk einangrun verkalýðsins, sem er honum til tjóns, þjóðinni skaðleg og hættuleg, hverfur ekki fyrr en forustumönnum alþjóðakommúnismans hér á landi verður hnekkt enn rækilegar en orðið er og sundrungaröflum Þjóðvarnar, sem svo kallar sig, hefur verið kennt svo eftirminnilega, að þau gleyma því ekki, að þjóðin þarf á öðru að halda nú en aukinni sundrungu og málefnalausum klofningsflokkum. Þetta verður alþýða landsins að gera hispurslaust og blátt áfram. Verkalýðsstéttirnar geta ekki lengur látið bjóða sér sundrung eina og pólitíska útlegð í eyðimerkurgöngu með kommúnistum. — Góða nótt.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Góðir hlustendur — ef einhverjir skyldu vaka enn úti um byggðir landsins, sem ég er nú ekki alveg viss um. Ég mun að mestu leyti nota þann tíma, sem ég hef til umráða hér að þessu sinni, til þess að skýra frá nokkrum málum og framgangi þeirra, sem núverandi ríkisstjórn sérstaklega lofaði að vinna að og hrinda í framkvæmd, þegar hún tók við störfum fyrir rúmlega hálfu öðru ári.

Stjórnarandstæðingar hafa valið sér þann kost, eins og oft áður, að skamma núverandi ríkisstj. fyrir allt, sem hún hefur gert. Engin rök hafa þeir þó fært fyrir þessum árásum, heldur slagorð og glamur, sem gripið er til, þegar rökin þrýtur. Ég mun leitast við án allra stóryrða að láta verkin tala og gefa hv. útvarpshlustendum á þann hátt kost á að mynda sér sjálfir rétta og óhlutdræga skoðun um þau mál, sem ég mun hér eftir taka til meðferðar.

Ég vil þá, áður en komið verður að einstökum málum, minna á það, að eftir alþingiskosningarnar vorið 1953 gerði Framsfl. það að till. sinni, að mynduð yrði samstjórn lýðræðisflokkanna þriggja, þ. e. a. s. Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. Beitti flokkurinn sér fyrir því, að sú leið yrði farin, og tjáði sig fúsan til þess að taka þátt í slíku samstarfi, ef málefnasamningar næðust. Þessi tilraun Framsfl. strandaði á fullum óvilja beggja hinna flokkanna að ganga til sameiginlegs stjórnarsamstarfs. Að því er Alþfl. snertir var þetta að vísu aðeins framhald þess óyndisúrræðis, sem flokkurinn greip til um áramótin 1949—1950, þegar stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar gafst að fullu upp vegna margvíslegra erfiðleika, en þá neitaði Alþfl. algerlega allri þátttöku í stjórnarmyndun. Að mínum dómi var sú afstaða ekki stórmannleg og þá einkum vegna þess, að hún mótaðist af því, að flokkurinn treysti sér alls ekki til þess að taka þátt í því mjög svo erfiða, en bráðnauðsynlega endurreisnarstarfi, sem beið þeirrar ríkisstjórnar, er þá tók við. Þessari neikvæðu og óvirku afstöðu hefur Alþfl. haldið æ síðan. Hann hefur nítt niður og torveldað framgang viðreisnartillagna ríkisstjórnarinnar án þess að benda á raunhæf ráð til úrbóta. Ég bendi á þetta hér nú til þess að minna fólk á, að Framsfl. beitti sér eindregið fyrir myndun ríkisstjórnar á sem breiðustum lýðræðislegum grundvelli, en það strandaði algerlega á hinum lýðræðisflokkunum, eins og ég hef hér skýrt frá. Engum kom til hugar, sem hugleiddi þessi mál í alvöru, að til greina gæti þá komið samstarf við kommúnistaflokkinn. Einræðishneigð hans og alger undirgefni og þjónusta við hin austrænu einræðisríki hefur aldrei komið betur í ljós en hin síðustu árin. Hið sama má raunar segja um flokksnefnu þá, er kallar sig Þjóðvarnarflokk og hefur orðið fyrir því óláni að finna aldrei þá kjósendur, er í einhverju fljótræði eða ógáti köstuðu atkvæðum sínum þangað í kosningunum 1953. Ef firra átti þjóðina upplausn og stórvandræðum, sem á fyrsta stigi hefðu lýst sér í nýjum kosningum eða setningu utanþingsstjórnar og síðar í frekari upplausn ríkisvaldsins, urðu sömu flokkar, þ. e. Framsfl. og Sjálfstfl., að fara með völd áfram. Aðrir möguleikar voru ekki fyrir hendi.

Núverandi ríkisstj. Ólafs Thors var mynduð um miðjan september 1953 og hefur farið með völd síðan. Málefnasamningur sá, er núverandi stjórnarflokkar gerðu með sér þá, er helzti grundvöllur að starfi ríkisstj. síðan, þótt fjölmargt fleira og það mörg stór nýmæli önnur hafi komið til. Ég mun nú nefna nokkur þeirra mála, er þá var samið um að hrinda í framkvæmd, og skýra frá, hvað þeim er nú komið áleiðis.

Ég vil fyrst nefna raforkumál. Eitt allra mesta og mikilvægasta nýmæli málefnasamningsins var að lögfesta tíu ára áætlun um raforkuframkvæmdir, þar sem áætlað sé að verja að meðaltali 25 millj. kr. á ári til þessara framkvæmda, en þó hærri upphæð fyrstu árin. Þessu fjármagni skyldi varið til þess að reisa orkuver, dreifingu raforku og fjölgun einkastöðva vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa raforku eða hafa hana ófullkomna. Þær 250 millj. kr., sem í fyrstu var reiknað með til framkvæmda þessara, tíu ára áætlunarinnar, hefur ríkisstj. tryggt að fullu, að nokkru leyti með auknu framlagi í fjárlögum hvers árs og að nokkru leyti með samningum við bankana um lán. Endurskoðun þessarar allsherjar rafvæðingaráætlunar hefur leitt í ljós, að hækka verður hana nokkuð, svo að það muni þurfa eitthvað yfir 300 millj. kr. til þess að ljúka þessu verki. Er nú verið að vinna að því að tryggja það fjármagn. Að sjálfsögðu er miðað við, að verðlag raskist ekki til muna, ef unnt á að vera að ljúka verkinu fyrir þessa upphæð. Nú er annað starfsár þessarar 10 ára áætlunar hafið og unnið nú af kappi að framkvæmdum þeim, sem ákveðið er að gera á þessu ári. Takist að ljúka þeim framkvæmdum, sem ákveðið er að gera nú í ár, eins og telja má fullvíst, hefur á tveimur fyrstu árum áætlunarinnar verið unnið sem hér segir. Ég skal taka það fram, að tölur eru ekki hárnákvæmar:

Raforka lögð til rúmlega 800 notenda í sveitum frá stórum orkuverum. Nokkrir tugir bænda fengið lán til raforkueinkastöðva, þar sem samvirkjun kemur ekki til greina. Hafizt handa um að reisa orkuver, annað á Vestfjörðum fyrir þann landshluta og hitt á Austfjörðum fyrir meginhluta Austfjarða. Skal þeim orkuverum lokið á næsta ári, 1956, og má þá undireins fara að dreifa raforku um ýmsar byggðir þessara landshluta. Það má því fullyrða, að fyrstu 2 ár rafvæðingaráætlunarinnar verður framkvæmt öllu meira en hægt var að gera ráð fyrir í upphafi. Ekkert þráir fólk í sveitum og annað strjálbýlisfólk eins og að fá raforku með viðráðanlegum kjörum. Þess vegna verður að koma raforku á hvert það býli, sem haldast á í byggð, og það nú á allra næstu árum. Núverandi ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, hafa stigið stærri skref í þessum efnum en gert hefur verið nokkru sinni fyrr, og mun það vissulega marka tímamót í byggðarsögu okkar.

Í málefnasamningi ríkisstj. er sagt, að gera skuli ráðstafanir til þess að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins. Að undirbúningi þessa nauðsynjamáls hefur verið unnið, og er nú svo komið, að fullyrða má, að hafin verði vinna við þriðju virkjun Sogsins á þessu ári. Er það gleðileg og bráðnauðsynleg þróun í raforkumálum okkar.

Ég vil þessu næst fara nokkrum orðum um landbúnaðinn, aðstöðu hans s. l. ár og hvað hefur verið gert til þess að bæta hann og efla. Umbætur í sveitum, svo sem íbúðarhúsabyggingar, ýmiss konar ræktunarframkvæmdir og fleira þess konar, hafa farið hraðvaxandi hér síðustu ár, og urðu þessar framkvæmdir meiri árið 1954 en nokkru sinni fyrr. Það er langmesta framkvæmdaár í sögu íslenzks landbúnaðar. Þetta er mjög gleðilegt, ber dugnaði og stórhug íslenzkra bænda vitni, enda má svo telja, að mörg landbúnaðarhéruð breyti árlega um svip vegna þeirra miklu verka, sem þar eru unnin. Þessar stórfelldu framkvæmdir krefjast mikils lánsfjár. Það eru byggingarsjóður og ræktunarsjóður, sem einkum leggja fram lánsfé til bænda. En er líða tók á síðasta ár, 1954, var sýnilegt, að það fjármagn, er þessar deildir þá höfðu til umráða, mundi alls ekki hrökkva neitt nándar nærri til þess, að allir, sem rétt áttu til byggingar- eða ræktunarlána, gætu fengið viðunandi úrlausn. Ríkisstj. varð að leysa þetta örðuga vandamál.

Framsfl. hefur frá öndverðu krafizt þess, að sjóðir Búnaðarbankans gætu fullnægt, eftir því sem unnt er, þörfum landbúnaðarins til lánsfjár. Það, sem gert hefur verið í þessu skyni nú, er í samræmi við það og í sem allra styztu máli þetta:

Byggingarsjóði sveitanna hafa næstu ár verið tryggðar 12 millj. kr. árlega í gegnum nýsetta löggjöf á þessu þingi um öflun fjár með sérstökum hætti gegnum veðlánakerfi, sem verður lánsstofnun fyrir íbúðarhúsabyggingar, og mun ég síðar koma nokkru nánar inn á þetta mál. Þessar 12 millj. kr. ásamt eigin fé byggingarsjóðs eiga að vera nægilegt fjármagn til þess að tryggja eðlilegar íbúðarhúsabyggingarframkvæmdir í sveitum næstu árin. En um leið rýmkar þetta fjárráð ræktunarsjóðs til mikilla muna, þar sem hann þá fær til umráða því nær allt framlag mótvirðissjóðs, sem Framkvæmdabankinn veitir til sveitanna. Þetta er því geysimikilvæg framkvæmd og veitir mikið öryggi fyrir bændur um, að lánsfé fáist til framkvæmda.

Veðdeild Búnaðarbankans hefur verið fjárvana að mestu. Lítils háttar úrbót var gerð með lögum frá Alþingi í fyrra, þar sem veðdeildinni þá var tryggð um 1 millj. kr. árlega, sem orkaði þó tiltölulega lítlu. Nú hefur veðdeildin fengið 4 millj. kr. af tekjuafgangi s. l. árs, og er það nokkur úrbót.

Þá vil ég leyfa mér að nefna, að á þessu þingi hafa verið gerðar breytingar á jarðræktarlögunum, er hækka verulega framlag til skurðgraftar og nokkuð einnig til almennrar ræktunar. Þá er og í þessum lögum þeim býlum, er skemmst eru á veg komin með ræktunarframkvæmdir, tryggt allverulegt aukaframlag. Er það að mínum dómi það mikilvægasta við þessa löggjöf. Þá var og fé það, sem Alþingi hefur veitt ræktunarsamböndum til þess að kaupa á félagslegum grundvelli stórvirkar vinnsluvélar til ræktunarstarfa, aukið um 6 millj. kr. Allt er þetta til mikilla bóta fyrir landbúnaðinn og mun stuðla að enn auknum framkvæmdum.

Af tekjuafgangi síðasta árs fékk ræktunarsjóður fyrir síðustu áramót 8 millj. kr., sem að sjálfsögðu strax var varið til útlána. Þá er og framlag til ræktunarsjóðs í fjárlögum aukið úr ½ millj. kr. í 1.1 millj. kr.

Samkv. því, sem ég hef drepið á að framan, hefur á margvíslegan hátt verið unnið að því að efla lánsstofnanir landbúnaðarins og auka framlög til landbúnaðarframkvæmda, að nokkru

leyti með löggjöf og að nokkru leyti með ríkisstjórnarráðstöfunum. Hefur aldrei á einu ári verið meira gert til þess að greiða fyrir og bæta aðstöðu landbúnaðarins og þeirra, er við hann starfa.

Meðal annars vegna þess mikla fjár, sem lánadeildir Búnaðarbankans hafa fengið til útlána, og af öðrum ástæðum, sem skýrðar skulu hér á eftir, varð ekki hjá því komizt að breyta útlánsvöxtum bæði hjá byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Hefur það verið gert á því þingi, sem nú er að ljúka, og það á þann hátt, að útlánsvextir byggingarsjóðs hækka úr 2% í 3½%, en útlánsvextir ræktunarsjóðs úr 2½% í 4%.

Hv. stjórnarandstæðingar, sem aldrei þessu vant þykjast í þessu máli vera miklir vinir landbúnaðar og sveitafólks, hafa lagzt gegn þessu og hafið áróður mikinn um, að Framsfl. sé nú að svíkja sveitirnar og bændastéttina. Reyna þeir að nota þessa nauðsynlegu og óumflýjanlegu ráðstöfun í pólitískum áróðurstilgangi. Það er þess vegna sérstök ástæða til þess að skýra þetta mál allrækilega, svo að ekki geti misskilningi valdið. Eins og alkunnugt er, hefur frá því að útlánsvaxtakjör þessara sjóða voru ákveðin, árið 1946—47, orðið mjög mikil hækkun á öllum almennum vöxtum, bæði innláns- og útlánsvöxtum. Þá voru innlánsvextir sparifjár aðeins um 2%, en nú eru innlánsvextir í venjulegum sparisjóðsreikningum hjá bönkum 5% — og 6% af fé því, er óhreyft stendur í sex mánuði. Útlánsvextir bankanna hafa svo hækkað um 2% á þessu tímabili.

Þótt aðeins þetta sé athugað, er ekki nema eðlilegt og öllum skiljanlegt, að ekki yrði hjá því komizt að hækka nokkuð útlánsvexti hjá þessum lánsstofnunum landbúnaðarins og öðrum hliðstæðum. En því miður er þetta ekki eina ástæðan til þess, að nauðsynlegt reyndist að hækka vexti af þessum útlánum, enda hefði það eitt ekki verið látið ráða. Það, sem var miklu alvarlegra í þessu sambandi, er, að með þeirri vaxtapólitík óbreyttri, sem rekin hefur verið, mundu þessar lánsstofnanir, byggingarsjóðurinn og ræktunarsjóðurinn, éta sjálfar sig upp á tiltölulega skömmum tíma vegna gífurlegs halla á vaxtareikningum stofnananna, eins og ég skal nú skýra nokkru nánar.

Þegar vaxtabreytingarnar voru gerðar á útlánum sjóðanna 1946—47, störfuðu sjóðir þessir svo að segja eingöngu með eigið fé, enda voru lánveitingar þá litlar, miðað við það, sem síðar hefur orðið. Framkvæmdir í sveitum hafa, eins og kunnugt er, vaxið gífurlega og lánsþörfin vaxið að sama skapi. Sjóðirnar starfa því nú að mjög miklu leyti með lánsfé. Af því verður að greiða miklu hærri vexti — allt upp í 6% — en sjóðirnir fá af útlánum sínum. Skuldir ræktunarsjóðs voru þannig um síðustu áramót um 52 millj. kr., en byggingarsjóðs um 25 millj. kr. Til nánari skýringar skal hér dæmi nefnt um tvö lán, sem tekin voru í Alþjóðabankanum handa byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Lánin frá Alþjóðabankanum voru 38 millj. kr., vextir af þeim 4½% og 5%, lánstími 20 ár. Hálf þessi upphæð var lánuð úr ræktunarsjóði með 2½% til 42 ára og hálf upphæðin úr byggingarsjóði með 2%. Til þess að endurgreiða Alþjóðabankanum lánin að fullu á umsömdum tíma þurfa sjóðirnir að leggja fram um 26 millj. kr. umfram það, sem þeir fá innborgað á sama tíma í vexti og afborganir af lánsfénu. Að vísu er þá enn óinnheimt nokkuð af lánum byggingarsjóðs, þar sem hann lánar til 42 ára, en hreinn halli að lokum verður þó um 10 millj. kr. Það er nú hverjum manni ljóst, að með slíku áframhaldi mundu eignir sjóðanna eyðast í vaxtahalla á skömmum tíma og afleiðingin óhjákvæmilega verða sú, að lánveitingar þeirra til framkvæmda stöðvuðust. Vextir af þeim lánum, sem sjóðir Búnaðarbankans verða nú að taka, munu verða 6½—7%, og þar sem þeir þurfa um 30 millj. kr. ný lán árlega til þess að fullnægja nokkurn veginn lánaþörf landbúnaðarins, miðað við þær reglur, sem gilt hafa, sjá allir, hvert slíkt stefnir. Vaxtahalli ræktunarsjóðs af hverri milljón, sem hann tekur að láni með 6½% vöxtum, er um 40 þús. kr., en eftir þá vaxtahækkun, er nú hefur verið lögfest um hækkun útlánsvaxta úr 2½% í 4%, verður hallinn þó enn um 25 þús. kr. af hverri milljón. Það skal tekið fram, sem í sjálfu sér er augljóst, að vaxtahækkunin tekur aðeins til lána, sem veitt verða hér eftir.

Ég veit, að bændur muni fljótt átta sig á þessu máli og sjá í gegnum það blekkingarmoldveður, sem stjórnarandstæðingar hafa leitazt við að þyrla upp í sambandi við það. Vaxtabreytingar þessar eru nauðvörn, til þess að sjóðir Búnaðarbankans geti eftirleiðis eins og hingað til orðið sterkar lánsstofnanir, sem geta fullnægt því mikla hlutverki að veita lán til landbúnaðarins. Til þess þarf geysimikið fjármagn næstu ár vegna þeirra miklu framkvæmda, sem að er unnið í sveitum. Enn meira ríður á, að hægt sé að fullnægja lánsfjárþörf landbúnaðarins, en þótt nokkur vaxtabreyting verði, sem er þó aðeins nokkur hluti af öðrum vaxtahækkunum, sem orðið hafa undanfarin ár. Þessar vaxtabreytingar gera mögulegt að auka útlán úr sjóðum Búnaðarbankans. Afar nauðsynlegt er að hækka lán úr byggingarsjóði til hvers íbúðarhúss. Þessar vaxtabreytingar gera það mögulegt. Munu þeir, sem eftir eiga að reisa íbúðarhús, að sjálfsögðu leggja miklu meira upp úr því að geta fengið hærri lán, þótt vextir séu nokkru hærri. Áróður stjórnarandstæðinga stoðar því ekki í þessu máli. Bændur munu fljótt átta sig á því, að þessar breytingar á útlánsvöxtum sjóða Búnaðarbankans voru nauðsynleg vörn til þess að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra á þann hátt, sem bezt hentar landbúnaðinum og þeim, sem þar starfa.

Ég vil svo að lokum geta þess, að vextir af útlánum verkamannabústaðasjóðs. sem bjó við sömu lánskjör og byggingarsjóður sveitanna, hafa verið hækkaðir á sama hátt. Hið sama gildir um fiskveiðasjóð. Undanfari hans var stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem lánaði gegn 2½% eins og ræktunarsjóður, en í nýsamþykktum lögum um fiskveiðasjóð eru útlánsvextir hans ákveðnir 4%. Þessi nýju lög um fiskveiðasjóð eru merk, og hafa verið gerðar miklar breytingar til bóta frá eldri lögum. Fjárráð sjóðsins hafa verið aukin. Fær hann 2 millj. kr. árlega næstu 10 árin, og auk þess fékk hann 8 millj. kr. af tekjuafgangi

ríkissjóðs s. l. ár, eða sömu upphæð og ræktunarsjóður, enda er hlutverk fiskveiðasjóðs hliðstætt fyrir sjávarútveginn og ræktunarsjóðs fyrir landbúnaðinn. Í þessum nýju lögum um fiskveiðasjóð er heimilt að lána út á báta, sem keyptir eru erlendis frá, allt að ⅝ hlutum af verði þeirra, en út á báta smíðaða innanlands allt að ¾ hlutum. Er hér um hækkun að ræða frá því, sem áður var. Þessi löggjöf er öll hin merkasta.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstj. frá sept. 1953 segir svo:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Ég vil fara nokkrum orðum um þetta mál, sérstaklega vegna óheilinda stjórnarandstöðunnar í þeim málum. Sannleikurinn er sá, að frá 1950, að fyrrverandi ríkisstj. kom til starfa, hefur miklu meira verið gert fyrir húsnæðismál þéttbýlisins en nokkru sinni fyrr, og það þegar kommar og kratar sátu í ríkisstj. og höfðu þar mikil áhrif. Þetta sviður þeim nú að vonum, þegar þeim er ljóst, að núverandi ríkisstj. og fyrrverandi hafa leyst þessi mál miklu betur en þeir gátu gert.

Lög um lánadeild smáíbúða voru sett á Alþingi 1951. Á árunum 1952—54 hefur ríkisstj. útvegað þessari lánadeild 40 millj. kr., sem allt hefur verið lánað út á smáíbúðir. Með aðstoð þessarar lánadeildar hafa 1600—1700 íbúðir verið reistar. Skiptast þær nokkurn veginn jafnt á Rvík og nánasta umhverfi og landið utan Rvíkur. Hefur á þennan hátt verið stuðlað að mjög mikilli byggingarstarfsemi. Hús þessi hafa orðið tiltölulega ódýr, þar sem byggjendur mjög margir lögðu fram mikla fristundavinnu í byggingarnar, og hafa sumir komið upp íbúðum fyrir ótrúlega lítið lánsfé.

En þetta var ekki frambúðarlausn. Þess vegna var ákveðið í málefnasamningi núverandi ríkisstj. að taka byggingarmál þéttbýlisins enn fastari tökum. Þær 20 millj. kr., sem ríkisstj. útvegaði árið 1954 til smáíbúða, voru bráðabirgðaúrlausn á þessu máli. En til þess að leita að leiðum um varanlega úrlausn skipaði ríkisstj. í fyrravor fimm manna nefnd, er gera skyldi till. um lánastofnun, er veitti lán til hóflegra íbúðarhúsa. Síðar — eða um síðustu áramót — var bætt við í n. tveimur fulltrúum frá Landsbanka Íslands, en þá hafði náðst samkomulag við hann um, að Landsbankinn tæki að sér að hafa forustu um að afla fjár til slíkrar lánastarfsemi. Í dag voru afgreidd frá Alþingi lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Er það árangur af starfi nefndarinnar og ríkisstj. í þessu máli. Án þess að geta verulega komið inn á efni frv., enda hefur það verið rakið í blöðum og útvarpi, vil ég þó nefna eftirfarandi atriði:

Hér skal komið á fót sérstöku veðlánakerfi, sem lánar fé til hæfilega stórra íbúðarhúsabygginga. Landsbankinn tekur að sér að hafa forgöngu um þetta og ábyrgist fyrstu tvö árin ákveðna lágmarksfjárhæð, er mun nema minnst 40 millj. kr. aukningu frá því, sem verið hefur áður. Samkvæmt þessu kerfi ættu um 100 millj. kr. að vera tiltækar á ári í því skyni. Skipuð skal sérstök húsnæðismálastjórn, er hafi yfirumsjón þessarar starfsemi svo og skiptingu lánsfjár, en jafnframt verði tekin upp margvísleg leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur. Sérstakur kafli er um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Leggur ríkissjóður fram 3 millj. kr. árlega næstu ár gegn jafnháu framlagi frá þeim sveitarfélögum, er vilja beita sér fyrir ákveðnum aðgerðum í þessu skyni.

Samkv. frv. þessu er ætlazt til, að byggingarsjóði sveitanna og verkamannabústaðasjóði verði lánað fé til útlána úr þessari lánsstofnun. Eins og áður er fram tekið, er byggingarsjóði sveitanna tryggt tvö fyrstu árin 12 millj. kr. árlega.

Ég hef ekki tíma til þess að skýra nánar frá þessari löggjöf, sem áreiðanlega er hin merkasta og mun marka tímamót í sögu lánastarfsemi til íbúðarhúsabygginga.

Þau undur hafa skeð, að stjórnarandstæðingar hafa hamazt gegn þessari löggjöf og sumir jafnvel greitt atkvæði gegn henni. Má það teljast merkilegt, ekki meiri sögu en þeir eiga að baki í þeim efnum. Þeir hafa að vísu verið með að setja undir falleg lög um vissa þætti byggingarmála, nokkurs konar glansmyndir, sem lítu vel út í fyrstu, en varð svo að afnema eða fresta öllum aðgerðum, vegna þess að sú löggjöf reyndist óframkvæmanleg. Þau lög, sem nú hafa verið sett, eru aftur á móti fyllilega raunhæf. Þar er ekki lofað meiru en við verður staðið, og mun það affarasælast, ekki sízt fyrir þá, sem erfiðast eiga í þessum efnum, að aldrei sé lofað meiru en hægt er að standa við.

Í málefnasamningi ríkisstj. segir, að haldið skuli áfram að stuðla að öflun atvinnutækja til þeirra byggðarlaga, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða. Þetta hefur verið gert og aldrei varið meira fé til þess úr ríkissjóði en árið 1954. Til þess var varið árin 1951—53 um 13 millj. kr. Þetta fé hefur farið til milli 40 og 50 kaupstaða, kauptúna og þorpa utan Faxaflóasvæðisins. Árið 1954 var varið í þessum sama tilgangi um 7 millj. kr., en ekkert af því hefur farið til Faxaflóasvæðisins, vegna þess að þar hefur verið næg atvinna. Fé þetta hefur orðið að hinu mesta gagni til þess að leitast við að halda jafnvægi í byggð landsins. Er þessi starfsemi hin merkilegasta, en þyrfti að vera í enn stærri stíl, svo mikið nauðsynjamál sem hér er um að ræða.

Eitt atriði í stjórnarsamningnum frá sept. 1953 er ekki að fullu búið að framkvæma. Það er það ákvæði, að framleiðendur sauðfjárafurða skuli eiga þess kost að fá rekstrarlán út á væntanlegar afurðir sínar snemma á framleiðsluárinu, sem greiðist svo þegar framleiðsluvörurnar eru seldar. Samningar hafa staðið yfir um þetta við bankana um langt skeið, án þess að að fullu sé frá þessu gengið, hvernig frambúðarlausnin verður. Hins vegar hefur sú bráðabirgðalausn fengizt á þessu, að bæði í fyrravor og eins nú fá þeir bændur, er við sauðfjárbúskap búa, að mestu leyti gjaldfrest á áburði, er þeir kaupa, til hausts. Þetta mál er því að nokkru leyti leyst, en verður þó að ganga frá á öruggari hátt síðar.

Tími minn mun nú þrotinn og vel það. Ég skal

því láta máli mínu lokið. Ég vil endurtaka það, sem ég nefndi í upphafi máls míns. Ég hef hér flutt skýrslu um nokkurn hluta af störfum ríkisstj. síðastliðin ár, þar sem staðreyndirnar eru látnar tala. Ég bið ykkur, hlustendur góðir, út frá þessum staðreyndum að kveða upp óhlutdrægan dóm um störf ríkisstj. Ég óttast ekki þann dóm. Hann verður á þann veg, að Framsfl. hafi hin síðustu ár, eins og ávallt áður, unnið eftir málefnum, starfað á þann hátt, er bezt hentaði umbjóðendum hans, hvort sem þeir áttu heima í sveit eða við sjó, og jafnframt þannig, að það væri þjóðfélaginu öllu fyrir beztu. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var almennum stjórnmálaumræðum fram haldið.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Um það verður ekki villzt, að núverandi ríkisstj. hefur öfluglega unnið að framgangi flestra þeirra mála, er hún lofaði að beita sér fyrir, þegar hún var mynduð síðla sumars 1953.

Þá lýsti ríkisstj. yfir því, að það væri höfuðstefna hennar að tryggja landsmönnum sem öruggasta og bezta afkomu. Til þess að því marki yrði náð, taldi stjórnin nauðsynlegt, að sem mest frjálsræði ríkti í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar, og skilyrði þess væri, að jafnvægi héldist í efnahagsmálum inn á við og út á við.

Þrátt fyrir áframhaldandi síldarbrest, sem aldrei var verri en sumarið 1954, sauðfjársjúkdóma og óhagstæð viðskiptakjör, er samkv. síðustu skýrslum voru nær fjórðungi verri en til dæmis 1946, hefur atvinna almennings í landinu aldrei verið betri en þessi tvö síðastliðin ár.

Skýrslur sýna, að lífskjör almennings eru svipuð og í hinum Norðurlöndunum, en hvarvetna er viðurkennt, að þau eru til fyrirmyndar í þessum efnum. Öruggt er þó, að jöfnuður manna á milli er meiri hér en þar eða annars staðar, sem spurnir fara af, og þegar hv. þm. Einar Olgeirsson talaði í gær um auðstétt, gaf hann sjálfur þá skýringu á, að þar með teldi hann þá, er ráða yfir bönkunum og öllum þeim stórfyrirtækjum, sem raunverulega eru almenningseign, svo sem Eimskipafélag Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga o. s. frv. Allt eru þetta þó launaðir starfsmenn, sem ekki hafa nema brot af því kaupi, sem þeim mundi greitt í kommúnistisku þjóðfélagi.

Það liggur einnig fyrir vottorð frá kommúnistum sjálfum um það, hvernig þeir telja að meta eigi lífskjör almennings. Í forustugrein Þjóðviljans 18. jan. stóð, með leyfi hæstv. forseta: „Hinir daglegu sölureikningar, sem starfsmenn mjólkurbúanna fara höndum um, sýna fljótlega, hvernig loftvogin hreyfist á sviði markaðsmálanna, og birgðasöfnunin, sem þegar fylgir í kjölfar lækkandi sölu, verður jafnframt þegar í stað viðfangsefni þessara manna. Hins vegar er það alkunn staðreynd, að þessi loftvog hækkar og lækkar nákvæmlega í réttu hlutfalli við fjárhagsafkomu og kaupgetu alls fjölda neytendanna í bæjum landsins.“ Þetta eru ummæli Þjóðviljans. En útreikningar hagstofunnar sýna, að ef mjólkurneyzla á mann er talin 100 árið 1946, þegar kommúnistar voru í stjórn, er hún 1954 mun meiri en nokkru sinni áður, eða 123. Samkv. hinni nákvæmu loftvog, sem kommúnistar vitna sjálfir til, hefur afkoma almennings því aldrei verið betri en einmitt s. l. ár og nær fjórðungi hagstæðari en meðan kommúnistar voru við stjórn.

Hagur þjóðarinnar út á við hefur fyllilega haldizt í horfinu, þó að Marshallframlögin hafi hætt, og hagfræðingar, bæði þeir, sem ríkisstj. fékk til að kanna það mál, og hinir, sem Alþýðusambandið aflaði skýrslna frá, eru sammála um, að kaupmáttur launa hafi haldizt nær óbreyttur frá því í desember 1952, þ. e. allan starfstíma núverandi stjórnar.

Vaxandi tiltrú á gildi peninga og staðfestu stjórnarfarsins lýsti sér og í mun meiri sparifjársöfnun en nokkru sinni fyrr. Ýmsar ástæður, sem hér gefst ekki tími til að rekja, hafa þó leitt til þess, að gera hefur þurft ráðstafanir til að afla fjár, einkum frá þeim, er mesta hafa eyðsluna, til viðhalds undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Um síðustu áramót reyndist fært að draga úr hlunnindum til bátaútvegsins, og hefði vafalaust mátt halda áfram á þeirri braut, ef ekki hefði verið af henni vikið í því verkfalli, sem nú nýlega er lokið og orðið hefur þjóðinni allri til gífurlegs tjóns og hætt er við að hafi mjög óheillavænleg áhrif á fjármála- og þar með atvinnuþróunina.

Örðugleikar atvinnuveganna gera þeim mun eftirtektarverðara, að þrátt fyrir allt skuli hafa tekizt að halda uppi svo almennri atvinnu og velmegun í landinu sem raun ber vitni um. Ein af helztu ástæðunum til þess er sú, að stjórnin hefur fylgt þeirri meginstefnu, sem Sjálfstfl. hefur haft að leiðarstjörnu frá upphafi, að hafa sem mest frjálsræði í viðskiptum. Þess vegna var t. d. fjárhagsráð lagt niður og haldið áfram að losa um öll höft, eftir því sem föng hafa verið á. Hér sem ella hefur sannazt, að stefna frelsisins horfir til farsældar, en þvingun og ófrelsi til ófarnaðar og sífellt aukinnar áþjánar.

Í fullu samræmi við þetta hefur stjórnin komið fram verulegri lækkun á tekjuskattinum, og þó að endurskoðun skattalaganna sé ekki enn lokið varðandi félagaskattinn, þá hafa félögin fengið töluverða ívilnun frá því, sem áður var, og horfir það beint til uppbyggingar atvinnu í landinu öllum almenningi til gagns.

Þá ákvað stjórnin að beita sér fyrir að koma rafmagni sem víðast um landið og ráða bót á því ófremdarástandi, sem ríkt hafði um lán til íbúðarhúsabygginga. Hvor tveggja þessi mál hafa frá upphafi verið mikil áhugaefni sjálfstæðismanna. Það er löngu þjóðkunnugt, að fyrstu tillögumennirnir um allsherjar rafmagnsvirkjun í sveitum landsins voru þeir Jón Þorláksson, þáverandi formaður Sjálfstfl., og Jón alþm. Sigurðsson á Reynistað. Þá kannast og allir þeir, sem fylgzt hafa með stjórnmálum, við áhuga Jóns heitins Þorlákssonar fyrir eflingu veðdeildarinnar, sem því miður hefur verið gerð nær óvirk nú um aldarfjórðungsbil.

Okkur sjálfstæðismönnum var það því sannarlega mikið ánægjuefni, að takast skyldu samningar um framgang þessara mikilvægu þjóðþrifamála í sambandi við stjórnarmyndunina, og

breytti það engu um áhuga okkar fyrir framgangi þeirra, þó að svo vildi til, að framsóknarmenn fengju til stjórnar þau ráðuneyti, er þessi mál féllu undir. Efuðumst við ekki um eindreginn vilja þeirra nú til að hrinda málunum fram, enda hefur okkur orðið að þeirri skoðun. Hitt er rétt, að svo hefur atvikazt, að þessi mál hafa öðrum fremur komið undir meðferð og ákvarðanir ríkisstj. allrar, og er það í rauninni eðlilegt, þegar íhugað er mikilvægi þeirra og erfiðleikar á að hrinda slíkum stórframkvæmdum af stað í fyrstu. Hygg ég, að þar hafi enginn legið á liði sínu og allir lagt fram það bezta, er þeir gátu, bæði í till. og athöfnum.

En til eru þeir, sem ekki una samvinnu tveggja aðalflokka þjóðarinnar um framgang hinna mestu nytjamála, heldur telja svokallaða vinstri stjórn allra meina bót. Til að koma af stað klofningi milli stjórnarflokkanna er því nú haldið fram af hálfu þessara manna, að framsóknarmenn einir hafi um þessi mál fjallað, enda fyllilega gefið í skyn, að við hinir höfum lítinn hug haft á þeim. Í beinu framhaldi af þeim söguburði hefur þess verið getið, að málefni þau, sem við sjálfstæðismenn *höfum fjallað um, séu harla lítils virði og* mjög hafi skipt um til bóta, eftir að framkvæmd varnarmálanna komst í hendur núverandi hæstv. utanrrh. Eru afrek dr. Kristins Guðmundssonar nefnd til sönnunar því, hvernig framsóknarmönnum hafi tekizt að koma á viðreisn í þeim málum, „er sjálfstæðismenn skildu við í rústum og niðurníðslu“, eins og Tíminn svo fagurlega kemst að orði, og var þá raunar jafnframt skotið ómaklega að fjármálastjórn Jóhanns Þ. Jósefssonar, sem vann ágætt starf við erfiðar kringumstæður. Skil ég ekki þann hugsunarhátt að reyna að gera vini sína mikla með því að gera lítið úr fyrirrennurum þeirra í stað þess að láta alla njóta sannmælis og meta hvern eftir hans eigin verkum.

Sannleikurinn er sá, að mörg þeirra atriða, er sættu gagnrýni af hálfu þeirra, er töldu sig sambykka vörnum landsins, meðan ég var utanrrh. og fór með varnarmálin, heyrðu ekki undir mig, heldur aðra ráðh., þ. á m. framsóknarráðherra. Eftirmaður minn hefur fengið miklu meiri völd í þessum efnum en ég hafði, því að nú heyra öll þessi mál undir hann. Ég skal ekki ræða um og allra sízt gagnrýna einstakar stjórnarathafnir hans, en auðvitað er það engin nýjung, heldur í fullu samræmi við það, sem fylgt hefur verið um varnarmálin frá upphafi, að stöðugt sé breytt til og lagaðar þær misfellur, sem fram koma ýmist í framkvæmd eða sjálfum samningnum. Það er því síður en svo nokkur *ný stefna*, þó að ýmsar breytingar hafi á orðið, heldur beint framhald af því, sem áður var upp tekið. Annað mál er, að auðvitað sýnist mönnum ætíð sitt hvað um eðli þeirra breytinga, sem gerðar eru og framkvæmdar hverju sinni, og á það jafnt við nú sem fyrr.

Hitt var mér ljóst, ekki sízt eftir úrslit kosninganna 1953, að vinstristjórnarmennirnir innan Framsfl. töldu það sáluhjálparatriði að skamma mig, á hverju sem gengi, og skipti þá minnstu máli, hvernig mér tækist til um stjórnarstörfin. Hina sönnu vinstri stefnu varð að sýna með því að unna sjálfstæðismönnum aldrei sannmælis og þá allra sízt þeim, er fóru með þann málaflokk, sem ella kynni að leiða menn til sameiningar. Fyrir öllu þessu gerði ég nokkra grein í ræðu, sem ég flutti á fundi sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík hinn 11. sept. 1953, og færði rök að því, að hyggilegt væri, að Framsókn fengi utanríkismálin í sínar hendur um sinn, þar sem þjóðarnauðsyn bæri til þess að skapa sem mestan frið um meðferð þeirra. Hef ég gert allt, sem ég hef getað, til þess að sá friður héldist, og hef ég þess vegna látið undir höfuð leggjast að leiðrétta missagnir, er fram hafa komið, jafnvel í tilkynningum þeirra, sem betur ættu að vita, varðandi framkvæmd þessara mála áður fyrri, þar sem ég hef talið það skipta meira máli að ná samkomulagi um framkvæmd nytjamála nú en að deila um liðna atburði, sem á sínum tíma verður dæmt um í sögunni eftir þeim ótvíræðu gögnum, sem til eru. Mér er nóg, að höfuðáhugaefni mitt hefur náðst.

Tíminn hefur þann 15. apríl s. l. berum orðum viðurkennt, „að ekki ætti að þurfa að óttast neinar þjóðernislegar eða menningarlegar hættur í sambandi við dvöl varnarliðsins hér“, eins og blaðið segir. Mér hlær hugur við að hafa fengið höfuðþaur vinstri samvinnunnar til að játa þetta, einmitt með því ráði, sem ég sagði í ræðu minni 11. sept. 1953 að duga mundi. Hitt skiptir mig engu, þó að Tíminn skammi mig dálítið í leiðinni, því ef hann hefur ekki annað, þá finnur hann sér það til, að það sé honum að þakka, en ekki mér, að ég hafi „hætt við ýmis rangindi“, og nefnir þó ekki eitt einasta dæmi þessara hugrenningasynda minna. Slík gamansemi er til skemmtunar í dægurþrasi stjórnmálanna og er alveg sama eðlis og það, sem ég drap á áðan, þegar vinstristjórnarmennirnir halda því fram, að allt hið góða, sem unnið sé í stjórninni, sé verk framsóknarmanna, en við hinir gerum annaðhvort ekkert eða illt eitt. Meðal þess, sem einskis virði er eða til ills, ber þá væntanlega að skoðun þessara umbótamanna, er svo nefna sig, að telja t. d. frv. um stórfellda eflingu fiskveiðasjóðsins, stöðuga viðleitni til að draga úr áföllum þeim, er sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir, byggingu sementsverksmiðju, umbætur til handa iðnskólum, eflingu iðnaðarmálastofnunar, endurbætur og nýbyggingu flugvalla, áhrifarika breytingu *hegningarlaganna, mikilsverðar umbætur á reglunum* um kostnað við skólahald og nýja löggjöf um almenningsbókasöfn, svo að aðeins séu nokkur dæmi nefnd þeirra mála, sem við sjálfstæðismenn í ríkisstj. beitum okkur nú fyrir framkvæmdum *á og undir okkar ráðuneyti heyra.*

Ef við sjálfstæðismenn létum þessar ýfingar vinstristjórnarmannanna verða til þess að spilla samstarfi okkar við þá mætu menn, sem með okkur eru í ríkisstj. eftir ákvörðun yfirgnæfandi meiri hl. flokks síns, væri náð tilgangi þeirra, er rjúfa vilja þjóðnauðsynlegt samstarf.

Við sjálfstæðismenn þekkjum af reynslunni erfiðleikana við samstarf ólíkra flokka og að þeir örðugleikar verða því meiri sem flokkarnir eru fleiri og innbyrðis ósamstæðari.

Það var ekki að ástæðulausu, að Churchill sagði eitt sinn við Stalin heitinn marskálk, að stjórnarstörfin væru töluvert auðveldari fyrir

hann en þá Churchill sjálfan og Roosevelt, þar sem Stalin hefði aðeins einn flokk að fást við. Því svaraði Stalin svo, að það væri rétt, að reynslan hefði sýnt, að einn flokkur væri til mikilla þæginda fyrir ríkisstj. Við Íslendingar búum ekki við það stjórnarfyrirkomulag, þar sem mest er lagt upp úr, hvað helzt sé til þæginda fyrir ríkisstj. Hér er það hagur almennings, sem meira er miðað við, enda hefur hann úrslitaráðin um stjórn ríkisins við almennar kosningar. Í lýðfrjálsu landi eru fleiri en einn flokkur sjálfsagðir, og tekst þá yfirleitt bezt til um stjórn, þegar meginflokkarnir eru tveir og skiptast á um að fara með stjórn landsins eftir ákvörðun kjósenda hverju sinni. En taka verður staðreyndunum eins og þær eru. Á meðan kjósendur fá engum einum flokki meiri hl. á Alþ., verður samvinna tveggja eða fleiri flokka um stjórn landsins að eiga sér stað.

Örðugleikarnir á samstarfi tveggja stórra flokka, sem eru þó sammála um flest grundvallaratriði þjóðmálanna, eru ærnir, og eru þeir þó smáræði, miðað við það, sem verða mundi, ef fjórir eða þótt ekki væru nema þrír og hálfur margklofnir smáflokkar ættu að taka við stjórn undir forustu vinstristjórnarmanna í Framsókn. Klofningurinn á milli stjórnarflokkanna nú er óverulegur, miðað við sundrungina, sem þá yrði, og geri ég þó sízt lítið úr skaðsemi þess stöðuga narts, sem vinstristjórnarmennirnir nú iðka. Slík iðja hlýtur með margvíslegu móti að veikja allt stjórnarfarið. Það er t. d. skiljanlegt, að kommúnistar, sem trúa því, að hugtök eins og réttlæti, sannleikur og siðgæði séu aðeins borgaralegar hégiljur, er yfirstéttin hafi fundið upp sjálfri sér til framdráttar og almenningi til kúgunar, — það er skiljanlegt, að þeir, sem þetta telja, geri sem minnst úr sjálfstæði dómstólanna og segi þá einungis vera verkfæri valdhafanna. Kommúnistar eru og þessari skoðun sinni trúir og fylgja henni svikalaust fram, þar sem þeir hafa völdin. Við hinir viljum ekki samþykkja, að þau hugtök, sem ég nefndi áðan, séu innantóm blekking. Við viðurkennum að vísu, að allir menn eru ófullkomnir, en við ætlumst til þess, að þeir lifi í anda þessara hugsjóna og reyni að framfylgja þeim. Þess vegna er það stórhættulegt, ekki fyrst og fremst fyrir þann, sem ráðizt er á, heldur fyrir þjóðskipulagið og trú almennings á því, þegar annað helzta málgagn ríkisstj. heldur því t. d. látlaust fram, að dómarar, sem dómsmrh. hefur skipað, séu aðeins handbendi hans. Ef dómararnir gerðu svo lítið úr sér, mundu þeir gera enn þá minna úr ráðherranum, er þeir tækju við fyrirskipunum frá, því að allir mundu þeir brjóta gegn meginreglum réttarins, ákvæðum stjórnarskrárinnar, embættiseiði sínum og heiðri.

Dómstólum hér á landi er ekki fremur en í öðrum lýðfrjálsum ríkjum og gagnstætt því, sem er í einræðislöndum, ætlað að fara eftir ákvörðun handhafa ákværuvaldsins eða annarra aðila um úrlausn mála. Að mínu viti er það frumskilyrði þess, að dómsmrh. sé hæfur til að gegna starfi sínu, að hann ekki aðeins geri sér grein fyrir, heldur sætti sig við, að dómstólar dæmi á annan veg en hann hefur ætlað eða viljað, ef þeir sjálfir telja það rétt vera. Enginn er dómari í sjálfs sín sök eða getur með fullu hlutleysi skoðað mál, sem hann er mjög við riðinn. Stundum, þegar óvitrir menn hafa hælzt um yfir því, að ég sem æðsti maður dómsmálastjórnarinnar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir dómstólum, hefur það verið mér meira en bót í máli, að dómararnir hafa sannað svo skýrt, að ekki verður um villzt, að á Íslandi lúta þeir ekki forsögn dómsmálastjórnarinnar, heldur hlýða fyrirlagi stjórnarskrárinnar um að fara í embættisverkum sínum einungis eftir lögunum, þ. e. sínum eigin skilningi á þeim.

Ég sá þess raunar nýlega getið, að ég léti ekki framfylgja sumum dómum, og var talið, að það sýndi m. a., að ég teldi dómara hæstaréttar ekki ætíð óskeikula.

Þess ætti naumast að þurfa að geta, að enginn maður hefur enn fæðzt, sem sé óskeikull. Einmitt þess vegna eru dómsstig höfð fleiri en eitt, og sumir, einkum hinir æðri dómar, svo sem hæstiréttur hér á landi, hafðir fjölskipaðir. Þrátt fyrir það getur öllum mannlegum dómstólum yfirsézt, þ. á m. íslenzkum dómurum, og efast þó enginn dómbær maður um, að þeir og þá ekki sízt hæstiréttur vilja dæma rétt og geri það svo sem bezt þeir geta. Það er hins vegar alger fjarstæða, að ég hafi kastað rýrð á réttdæmi hæstaréttar með því að framfylgja ekki ætíð dómum hans. Samkvæmt stjórnarskránni hefur dómsmálastjórnin heimild til að náða menn eða gefa þeim upp sakir, og er með því sízt gert lítið úr réttdæmi dómstólanna, heldur er þetta sjálfstæð heimild, sem ýmsar aðrar ástæður liggja til og hvergi hefur reynzt unnt að komast hjá, og sýnir skraf þess efnis furðanlega vanþekkingu á frumatriðum réttarfars og stjórnskipunar. Er þó sjálfsagt ekki um það að sakast, því að í frjálsu þjóðfélagi hafa menn einnig rétt til vanþekkingar, þó að þeir, er þann rétt nota sér um of, ættu helzt ekki að gerast leiðbeinendur annarra. Ásakanir þvílíkra manna eru og ekkert einkamál þeirra, heldur hljóta að eitra út frá sér með margvíslegu móti.

Veilan í hugum þessara vinstristjórnarmanna sjálfra kemur berlega fram í því, að þeir skuli telja meðal helztu umbótamanna, er umfram allt þurfi að hefja til ríkisstjórnar, einmitt þá, sem leyft hafa sér að láta utanþingsstofnun, Alþýðusamband Íslands, bjóðast til þess að taka að sér forustu um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Ætla verður þó, að vinstristjórnarmennirnir viti, að stjórnarskráin segir fyrir um, að það sé Alþingi með atbeina forseta Íslands, sem kveður á um það, hverjir séu í ríkisstjórn, en ekki Alþýðusambandið eða annar slíkur utanþingsfélagsskapur. Tilboð þetta reynist þó enn óskammfeilnara þegar þess er gætt, að þegar það var gert, sat ríkisstj. studd miklum meiri hluta kjósenda. Út yfir tók þó, að ekki var um að villast, að stjórnarmyndun þessa átti tvímælalaust að knýja fram með hinu mikla verkfalli, sem hófst um miðjan marzmánuð. Á meðan það var yfirvofandi, eða hinn 6. marz s. l., segir Hannibal Valdimarsson í hinu illræmda bréfi sínu: „Verkalýðshreyfingin vill gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að stuðla að myndun ríkisstjórnar“, sem bréfritaranum líkar. Hér er því ekki um að villast, hver tilgangurinn með verkfallinu var: sá fyrst og

fremst að stuðla að myndun hinnar margumtöluðu vinstri stjórnar.

Lýðræði og þingræði á Íslandi hefur sjaldan eða aldrei verið sýnt magnaðra tilræði en þetta, og ekki bætir það úr skák, að tiltæki þetta er algert trúnaðarbrot við sjálft Alþýðusambandið. Það á eðli sínu samkv. að vera ópólitísk hagsmunasamtök verkalýðsfélaganna. Engir hafa lagt ríkari áherzlu á það en kommúnistar, sem nú ráða stjórn Alþýðusambandsins. Á stofnþingi Sameiningarflokks alþýðu, sósialistaflokksins, var hinn 24. okt. 1938 samþykkt ályktun, þar sem m. a. segir: „innan verkalýðsfélaganna ríki fullt og óskorað lýðræði, þannig að allir hafi jafnan rétt til trúnaðarstarfa án tillits til pólitískra skoðana", og breyta á vinnulöggjöfinni „í þá átt að skapa verkalýðnum meiri réttindi, og samband verkalýðsfélaganna sé fagsamband óháð pólitískum flokkum".

Um þetta birtust síðan fjölmargar greinar í Þjóðviljanum veturinn 1938—39, þangað til sjálfstæðismenn gátu knúið fram, að Alþýðusambandið var gert ópólitískt fagsamband. Það er í samræmi við önnur óheilindi kommúnista, að þeir skuli nú umsnúa öllu því, er þeir hófu hæst við hún, þegar þeir gáfu flokki sínum langa nafnið 1938. Nú vilja þeir ásamt bandamönnum sínum láta útiloka sjálfstæðismenn frá trúnaðarstöðum í Alþýðusambandinu og gera það að pólitísku tæki flokks síns til að kollvarpa löglegri stjórn ríkisins.

Eftir að höfuðatlagan mistókst, láta kommúnistar nú svo sem aldrei hafi verið ætlunin, að verkfallið væri pólitískt. Sú blekkingartilraun er þó of seint hafin, enda kemur hrosshófurinn enn berlega í ljós. Þeir vita, að vonlaust er að telja verkamönnum trú um, að þeir hafi hagnazt á verkfallinu. Þess vegna er nú lögð megináherzla á, hve mikill áhugi og eining hafi verið um verkfallsvörðinn. Allir vita, að verkfallsvarðstaðan á vegum úti hafði engin áhrif á lausn verkfallsins önnur en þau, *sem af því stöfuðu, að magna* óvinsældir þess meðal alls almennings. Gildi hennar fyrir kommúnista var og allt annað. Með henni vonuðu þeir að geta stofnað til árekstra, er síðan kynnu að leiða til alvarlegra átaka. Þessi von brást einnig. En eftir er það eitt, að kommúnistar þykjast þarna hafa getað komið við eins konar allsherjaræfingu í ofbeldisáformum sínum. Auðvitað telja þeir slíkt mikils virði, en spurning er, hvort þeir hafa ekki einnig misreiknað sig í þessu með því að gefa almenningi slíka augljósa aðvörun um fyrirætlanir sínar.

Óheilindi og hvers konar umsnúningur staðreynda af hálfu kommúnista kemur engum á óvart. Hitt er merkilegra, að til skuli vera menn, er kenna sig við lýðræði og framsókn, sem telja það til umbóta að komast í stjórnarsamstarf með þessu fólki og lagsbróður þess. Engin afsökun er fólgin í því, þótt sagt sé, að ætlunin sé að semja aðeins við helming Sameiningarflokks alþýðu, sósialistaflokksins. Kommúnistum er ekkert auðveldara en að kljúfa flokk sinn að nafninu til í tvennt til þess með þeim hætti að kaupa sér inngöngu í ríkisstjórnina. Þeim yrði ekki mikið um þá myndbreytingu, og flugumannahóparnir, sem þeir nú þegar hafa innan allra vinstri flokkanna, gefa nokkra hugmynd um, hvers eðlis þau helmingaskipti yrðu, sem vinstristjórnarmennirnir telja nú að þurfi að verða hjá kommúnistum, til þess að áform þeirra megi blessast.

Menn heyrðu glögglega í gær, hver áhrif vinstristjórnartalið hefur haft á hv. þm. Einar Olgeirsson. Þegar hann vitnaði í ummæli Timans um, að einangrun kommúnista væri úr sögunni, minnti hann óneitanlega meira en lítið á púkann á fjósbitanum í Odda, er tútnaði út jafnskjótt og hann heyrði ljótt orðbragð. Hann veiaði þeim Alþýðuflokksmönnum, sem ekki vildu fullkomna einingu flokks síns við kommúnistaflokkinn, og kvað *þá varga í véum og hótaði því*, að friði mundi sagt sundur og lög og réttur fótum troðinn í landinu, ef kommúnistar yrðu ekki teknir í stjórn. Almenningur fékk áreiðanlega nóg af orðaflaumi púkans á eldhúsbitanum hér í gær, enda hafa menn að undanförnu séð í verki virðingu þeirra kumpána fyrir lögum og landsrétti. Tilboð hans um vinnufrið hafa menn heyrt áður. Sanngildi slíkra fyrirheita reyndu menn á tímum nýsköpunarstjórnarinnar. Loforðin fuku þá út í veður og vind, jafnskjótt og kommúnistar sáu í bæjarstjórnarkosningunum 1946, að þeir höfðu ekki haft þann pólitíska hag af stjórnarþátttökunni, sem þeir vonuðu. Þá reyndu þeir strax að rétta hlut sinn með stórverkföllum. Þannig fer um þeirra fögru fyrirheit, enda vita menn nú, að sá friður, er þeir lofa samstarfsmönnum sínum, verður *hinn sami, þegar þeir komast höndum* undir, og þeir hafa veitt öllum þeim, er leiðzt hafa til að fá þeim úrslitavöld í hendur, og raunar mörgum þeirra eigin foringja einnig, svo sem Trotsky, Bería og hvað þeir heita nú allir, sem nú njóta hins kommúnistiska friðar í gröf sinni. Ég sé að vísu mér til gleði, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson reikaði hér um þingsal í dag og situr hér í kvöld, að nafninu til á lífi, en fáir munu öfunda hann af þeirri skuggatilveru, er hann hefur átt að undanförnu, síðan hann gerðist *bandingi* kommúnista. Hvað sem um það er, kann óábyrgt tal sumra þeirra, er betur ættu að vita um raunverulega möguleika fyrir vinstri stjórn, að vera nokkur afsökun fyrir stjórnarmyndunarfrumhlaupinu í sambandi við verkfallið mikla. Allt þetta vinstristjórnarhjal, einmitt á meðan á undirbúningi hins víðtæka verkfalls stóð, hlaut eðli sínu samkv. að eggja grunnhyggna menn til trúar á möguleika, sem alls ekki eru fyrir hendi.

Vinstri samvinna er síður en svo nokkurt nýtt fyrirbæri hér á landi. Það er söguleg staðreynd, að Alþfl. og Framsfl. voru báðir stofnaðir um svipað leyti fyrir beinan atbeina Jónasar Jónssonar í því skyni, að þeir skyldu vinna saman. Síðan klofnuðu bæði Sameiningarflokkur alþýðu, sósialistaflokkurinn og Þjóðvarnarflokkurinn út úr þessum flokkum. Þannig hafa þessir menn sundrazt, og sundrungin er meiri en flokkafjöldanum nemur, því að sumir þeirra, ef ekki allir, eru margklofnir, eins og við vitum. Allur þessi klofningur og sundrung er engin tilviljun. Annaðhvort hafa flokkarnir sundrazt af málefnalegum ágreiningi eða persónulegri togstreitu.

Er nú nokkuð það fram komið, sem geri það að verkum, að þessum mönnum sé málefnalega eða persónulega auðveldara að vinna saman en

áður var? Er líklegra, að þeim takist nú að fá unnið samfelldan meiri hluta þjóðarinnar, eftir að þeir af auðsæjum og raunverulegum ástæðum eru margklofnir, heldur en meðan segja mátti, að þeir væru þó samstæð heild? Eða hvernig leizt mönnum á sameiningarviljann, sem fram kom í lýsingu þessara herra í gærkvöld á því, sem keppa hefði átt að í verkfallinu, og gildi þess, sem náðst hefði? Mætti þó ætla, að þeir gætu nokkurn veginn setið á strák sínum, meðan þeir hafa ekki öðru að sinna en gagnrýna það, sem aðrir gera.

Nei, sannleikurinn er sá, að allt þetta sameiningartal er innantómt. Það er miklu meira, sem aðskilur þessa flokka innbyrðis, svo margir og litlir sem þeir eru, heldur en aðskilur kjósendur í tveimur höfuðflokkum þjóðarinnar, Sjálfstfl. og Framsfl., og má með þeim hóp raunar einnig telja flesta kjósendur Alþfl. Það er áreiðanlegt, að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga vill áframhaldandi þjóðlega uppbyggingu í sama anda og nú er unnið. Menn vilja ekki þá kyrrstöðu, sem leiða mundi af valdatöku hinnar sundruðu vinstri hjarðar, heldur stöðugar framfarir landi og lýð til hagsbóta. Hinar miklu framkvæmdir núverandi ríkisstj. eru aðeins liður í þróun, sem halda verður áfram. Efla verður atvinnuvegina og finna fleiri stoðir undir hagsæld þjóðarinnar. Nýta verður öll landsins gæði og stöðugt hafa í huga, að raunverulegar kjarabætur fást bezt með aukinni framleiðslu og hagkvæmari viðskiptum. Í þeim efnum er frelsið, stutt af samtakamætti þjóðarinnar, öflugasta lyftistöngin.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Af hinni löngu og fremur leiðinlegu ræðu Bjarna Benediktssonar var það ljóst, að það, sem Sjálfstfl. óttast nú mest, er það, að vinstra sinnað fólk í þessu landi kunni að knýja fastar á en verið hefur um myndun vinstri stjórnar. Er það að vonum, að Sjálfstfl. óttist slíkt, því að þá mundi brátt skipta sköpum í íslenzkum stjórnmálum, ef tækist að mynda vinstri stjórn á Íslandi.

Að öðru leyti notaði Bjarni Benediktsson ræðutíma sinn til að verja sjálfan sig og stjórnarathafnir sínar með löngu máli og þarf engan að undra, því að til þess munu naumast aðrir verða.

Þau ummæli mín í umr. hér í gærkvöld, að stórfelldar verðhækkanir, skatta- og tollahækkanir, ásamt gengisfellingu í einhverri mynd, mundu dynja yfir almenning á næstunni, fengu skjótari staðfestingu af ráðherrunum en ég hafði jafnvel búizt við. Þeir voru ekkert myrkir í máli um það, Ólafur Thors og Eysteinn Jónsson, að vöruverð mundi stórhækka á næstunni og að skattar og tollar hlytu að hækka, eins og þeir orðuðu það. En um gengisfellingu í einhverri mynd komst Ólafur Thors svo að orði, að það væri óráðin gáta, hvað útgerðin gerði til þess að forða stöðvun. Hver skyldi það nú vera, sem á erfitt með að ráða þá gátu, þegar ríkisstj. bátagjaldeyrisbraskaranna fer með völd í landinu? Það er eftirtektarvert, að svo ljós og skýr hafa rök okkar þjóðvarnarmanna verið um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, að jafnvel Ólafur Thors þorir ekki að fara með blekkingar í þeim efnum, heldur sér sig tilneyddan til að játa það opinberlega, hvert stefnt sé.

Íslenzk alþýða veit því nú, hvað bíður hennar á næstunni, og getur þess vegna gert það upp við samvizku sína, hvort hún vill áfram fylgja hækkunar- og verðbólgustefnunni, gengisfellingarstefnu og rýrnunar gjaldmiðils eða ekki. Treysti ég því, að hún framkvæmi það uppgjör af manndómi og drengskap.

Það var auðheyrt á ræðum þeirra ráðh. Framsfl., hvaða verk sín þeir skelfast nú mest sjálfir gagnvart kjörfylgi í sveitum landsins. Að tilefnislausu í umr. í gærkvöld vörðu þeir mestum hluta ræðutíma síns til að reyna að verja þær skattaeftirgjafir gróðafélaga og hækkanir á vöxtum framkvæmdasjóða alþýðustéttanna, sem Framsfl. hefur mest beitt sér fyrir að undanförnu.

Að gefnu þessu tilefni mun ég nú ræða þessi mál nokkuð og skýra frá ýmsum atriðum, sem framsóknarráðherrarnir kjósa að þegja um og vilja, að aðrir þegi yfir.

Fyrir nokkru bar ríkisstj. fram frv. um að framlengja á ný þá 20% skattaeftirgjöf handa öllum fjölskyldu- og gróðafélögum landsins, sem hún lét þinglið sitt lögfesta á síðasta þingi. Eysteinn Jónsson sagði í umr. í gær, að þetta hefði stafað af því, að skattstigar gróðafélaganna hefðu verið orðnir allt of háir og að þau hefðu af þeim sökum verið að kikna undan skattaálögum. En í næstu andrá lýsti svo þessi sami Eysteinn Jónsson yfir því, að skattheimta hjá gróðafélögunum hefði alls ekki borið tilætlaðan árangur, vegna þess að þau hefðu skotið sér undan skattinum með því að „skipta sér upp í mörg smáfélög“, eins og hann orðaði það.

En hvernig getur það nú farið saman, að gróðafélögin séu bæði að kikna undan of háum skattgreiðslum, en skjóti sér samtímis undan sömu skattgreiðslum með því að skipta sér upp í mörg smáfélög?

En þegar frv. um 20% skattaeftirgjöf gróðafélaganna var til umr. hér á Alþ., gaf sami greiðsluhallalausi Eysteinn Jónsson í nafni fjármálastjórnarinnar þó enn þá athyglisverðari yfirlýsingu. Hann lýsti því þá yfir, að hin eiginlega orsök þessarar 20% skattaeftirgjafar handa gróðafélögunum væri sú, að af þeim nær 600 millj. kr., sem ríkissjóður innheimtir árlega með alls konar sköttum, væri svo lítill hluti frá gróðafélögunum, að ríkissjóð munaði ekkert um að gefa eftir 20% af þeim skatti.

En hvernig er nú hið rökræna samhengi og heilbrigða skynsemi í þessum þrem yfirlýsingum Eysteins Jónssonar? Hvernig getur það þrennt gerzt samtímis, að gróðafélögin séu að kikna undan of háum sköttum, skjóti sér þó undan að greiða þessa skatta með því að skipta sér upp í smáfélög og að tekjur ríkissjóðs af skattgreiðslum gróðafélaga séu svo litlar, að ríkissjóð muni ekkert um að gefa eftir ⅙ hluta þeirra?

Eysteinn Jónsson varði nokkru af ræðutíma sínum í gærkvöld til að bregða upp mynd af baráttuaðferðum og markmiðum Moskvukommúnista. Heilindi hans í því efni voru þó ekki meiri en það, að hann notaði sjálfur í sambandi

við skattgreiðslu gróðafélaganna þá reikningslist kommúnista, sem ég gerði grein fyrir í umr. í gær. Í því ljósi skoðað er það e. t. v. ekki undarlegt, þó að Eysteinn Jónsson hafi hingað til talið sig einan mann aldarinnar, sem gæti verið fjmrh. á Íslandi, fyrst hann kann reikningskúnstir kommúnista svona rækilega utanbókar.

En hvernig skyldi standa á því, að tekjur ríkissjóðs af sköttum gróðafélaga eru svo litlar, að ríkissjóð munar ekkert um að gefa eftir ⅓ hluta þeirra? Öllum landsmönnum er ljóst, að gróði þessara félaga hefur aldrei verið meiri í sögu landsins en einmitt nú hin síðari ár. Enginn gerir tilraun til að mótmæla því. Skýringin á þessu er ofur einföld. Gróðafélögin njóta þeirra sérréttinda umfram aðra skattgreiðendur að ákveða það sjálf og eftirlitslaust, hve mikinn hluta af tekjum sínum þau telja fram til skatts, og geta á þann hátt ákveðið það sjálf, hve mikinn skatt þau greiða til sameiginlegra sjóða þjóðarinnar. Það mikla traust, sem ríkisvaldið hefur með þessari skipan skattamála sýnt gróðafélögunum, nota þau eða öllu heldur misnota á þann hátt, sem yfirlýsing Eysteins Jónssonar ber með sér. En þegar gróðafélögin hafa þannig sjálf ákveðið að greiða ekki meiri skatta til ríkissjóðs af ofsagróða sínum en svo, að ríkissjóð muni ekkert um að gefa eftir 20% af þeirri upphæð, setur ríkisstj. samt lög um að skila aftur ⅓ hluta af þeirri hungurlús. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur meðal-vitiborinn maður geti komið auga á skynsemina í þeirri ráðstöfun, enda er skynsemi ekki til að dreifa í þessu efni, heldur hinu, að gróðafélögin leggja þessa 20% skattaeftirgjöf í kosningasjóði Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins með meiru.

Ég gat þess í umræðunum í gærkvöld, að önnur höfuðleiðin, sem Verkamannaflokkurinn brezki hygðist beita til að draga úr verðbólguþróun og dýrtíð, væri að hækka skatta gróðafélaga. Þessar umræður hafa leitt í ljós, að íslenzka ríkisstj. hefur auðvitað farið þveröfugt að. Hún hefur að ástæðulausu lækkað skatta gróðafélaganna. Þannig notar hún tækifærið til að draga úr verðbólgu og dýrtíð á kostnað hinna ríku. Niðurstöðurnar af þeim samanburði, sem ég hef hér gert og í gærkvöld á viðurkenndum vinstri flokki annars lands og íslenzku stjórnarsamsteypunni, eru þá þessar:

Verkamannaflokkurinn brezki segir: Við lækkum álagningu til að draga úr verðbólgu og dýrtíð.

Íslenzku stjórnarflokkarnir segja: Við gefum álagningu frjálsa til að auka verðbólguna.

Verkamannaflokkurinn brezki segir: Við hækkum skatta gróðafélaga til að draga úr verðbólguþróun.

Íslenzku stjórnarflokkarnir segja: Við lækkum skatta gróðafélaga til að auka verðbólguna.

Engan þarf að furða á því hyldýpi, sem þessi samanburður leiðir í ljós, þar sem annars vegar er vinstri flokkur þjóðar, sem metur ekki heiður sinn til peninga, en hins vegar stjórnarsamsteypan íslenzka, sem enga hliðstæðu á aðra en íhaldsflokka Mið- og Suður-Ameríku.

Eins og kórónu á sköpunarverkið um skattalækkun gróðafélaganna bar svo forsrh., Ólafur Thors, fram frv., einn sér, um að framlengja enn þá algert skattfrelsi til handa Eimskipafélagi Íslands, sennilega sem þakklætisvott fyrir það, að Eimskip keypti fyrir tveim árum gamlar og úr sér gengnar Kveldúlfseignir fyrir 12 millj. kr. Öllum er ljóst, að Eimskipafélagið hefur nú lokið uppbyggingu öflugs farskipaflota eftir stríðslok og notið til þess algers skattfrelsis og margs konar fríðinda af opinberri hálfu, en auk þess safnað gildum sjóði. Þetta var ekki óeðlileg ráðstöfun af hálfu hins opinbera, því að upphaflega var Eimskipafélagið slíkt „óskabarn þjóðarinnar“ og rak svo þjóðnauðsynlega starfsemi, að sjálfsagt var að veita því þau fríðindi, sem frekast var unnt. Hins vegar hefur Eimskipafélagið nú svo góða samkeppnisaðstöðu samkvæmt því, sem frá var greint, og hefur um margt verið mislagðar hendur í seinni tíð, en er auk þess ekki eini aðili, sem annast siglingar og flutninga hér á landi, að það má teljast fullkomlega óeðlilegt, að það njóti betri kjara um skattgreiðslur en allir aðrir aðilar, sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Enginn hefur heldur treyst sér til þess að mæla því bót, að Eimskip nyti algers skattfrelsis, né að rökstyðja nauðsyn þess. Af þessum sökum bárum við þm. Þjóðvarnarflokks Íslands fyrst fram þá brtt. við frv. um skattfrelsi Eimskips, að félaginu skyldi þó gert að greiða ríkissjóði í skatta 8% af skattskyldum tekjum ársins 1954. Þessi smátæka brtt. var þó felld við 2. umr. frv. af öllum viðstöddum þm. stjórnarsamsteypunnar að undanskildum hv. þm. N-Þ., Gísla Guðmundssyni, og hv. 2. þm. Rang., Helga Jónassyni. Hægri kratar sátu hjá. Þá bárum við enn fram við 3. umr. frv. þá brtt., að Eimskipafélagið skyldi greiða skatta eftir sömu reglum og nú eru í gildi um samvinnufélög. Buðum við hv. þm. V-Húnv., Skúla Guðmundssyni, að vera meðflutningsmaður að þeirri till., en hann hafnaði því góða boði. Og svo undarlega brá enn við, að jafnvel till. um það, að Eimskip skyldi greiða skatta eftir sömu reglum og skipadeild S. Í. S. greiðir af sínum rekstri, var felld, m. a. af öllum viðstöddum þm. og ráðherrum Framsfl., að undanteknum þeim tveim hv. þm., sem ég gat um áðan. Hægri kratar sátu hjá. Við þm. Þjóðvfl. höfðum þó vænzt nokkurs stuðnings frá Framsfl. í því efni, að Eimskip greiddi skatta eftir sömu reglum og samvinnufélag, þ. á m. skipadeild S. Í. S. Byggðum við þá skoðun m. a. á því, að fyrir kosningarnar 1953 létu framsóknarmenn í ljós opinberlega skoðun sína á skattfrelsi Eimskipafélagsins.

Hinn 22. maí 1953 skýrir dagblaðið Tíminn frá því, að hið skattfrjálsa „óskabarn þjóðarinnar“ hafi þá grætt 51.5 millj. kr., og segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Þjóðin borgaði ofsahá farmgjöld, en Eimskip notaði féð til kaupa á gömlum og úr sér gengnum eignum Thorsaranna.“ 27. maí 1953 segir Tíminn, að Eimskip hafi rænt 125 þús. kr. af bændum landsins í sambandi við einn áburðarfarm, en alls sé gróði þess af áburðarflutningum það vorið 720 þús. kr. Lýsir Tíminn þeirri ljótu sök á hendur Eimskip, að það hafi komið úr landi 600 þús. kr. í sambandi við þessa áburðarflutninga umfram leigukostnaðinn við skipin, sem áburðinn fluttu. Og sama dag kemst Tíminn þannig að orði um

skattfrelsi Eimskips, með leyfi hæstv. forseta: „Þá finnst mönnum það lítt skiljanlegt, að Bjarni (Benediktsson) skuli telja það alveg sjálfsagt, að S. Í. S. og Eimskip sæti ekki sömu reglum (um skattgreiðslur).“ Og eins og til bragðbætis hnýtir svo Tíminn við með feitu letri þessum gullvægu orðum: „Framsfl. er eini flokkurinn, sem alltaf tekur ábyrga afstöðu til mála.“ Samvinnumenn og bændur geta svo velt því fyrir sér í rólegheitum, hvað muni hafa valdið því, að þm. Framsfl. felldu till. okkar þm. Þjóðvfl. um það, að Eimskipafélag Íslands skyldi greiða skatta eftir sömu reglum og gilda um samvinnufélög.

Þegar ráðh. höfðu lagt þessi skattaeftirgjafafrv. fram á Alþ., bar ríkisstj. fram 3 önnur frv. í réttri númeraröð sakir skipulegrar nákvæmni, og kvað þar nokkuð við annan tón. Þar var ekki aldeilis um lækkanir að ræða eða eftirgjafir né fríðindi, enda áttu engin gróðafélög þar hlut að máli, engir hermangarar né auðstéttir. Þetta voru frv., sem snerta fátækustu stéttir þjóðfélagsins, verkamenn og bændur. Og þá var hæstv. ríkisstj. ekki aldeilis á þeim buxunum að lækka og gefa eftir, ekki einu sinni að láta það óbreytt standa. Þá var talið sjálfsagt, skylt og nauðsynlegt að hækka án tafar og án miskunnar. Þessi 3 stjórnarfrv. voru um það að hækka vexti af lánum þeim, sem veitt eru úr byggingarsjóði verkamanna, ræktunarsjóði Íslands og byggingarsjóði sveitanna, um 60—75% miðað við fyrri vaxtakjör. Vextir af þessum lánum hafa undanfarið verið mjög lágir, enda ákveðnir svo af Alþ. í því skyni að auðvelda verkamönnum og bændum að byggja upp og rækta landið, ekki aðeins fyrir sjálfa sig, heldur miklu fremur fyrir komandi kynslóðir. Af þeim sökum hefur Alþ. alltaf litið svo á, að ekki ætti að nauðsynjalausu að refsa þeim aðilum, sem þessi þjóðnýtu störf vinna, með óhóflegum vaxtagreiðslum, heldur láta þá njóta hinna beztu vaxtakjara, sem hugsanleg væru.

Þegar húsnæðismálafrv. ríkisstj. var til umr., var það viðurkennt af talsmönnum stjórnarflokkanna, að vaxta- og greiðslukjör þeirra lána, sem samkvæmt því frv. yrði um að ræða, væru með þeim hætti, að verkamenn mundu ekki geta hagnýtt sér þau lán, enda væri ekki til þess ætlazt. Og þegar þau frv., er ég gat um áðan, voru til 1. umr., lýsti Steingrímur Steinþórsson félmrh. og landbrh. yfir, að þau væru liður í samkomulagi, sem náðst hefði innan ríkisstj. í húsbyggingarmálum þjóðarinnar. Samkvæmt því er það þá yfirlýst stefna ríkisstj. í byggingarmálum að hækka vexti af byggingarlánum og auka þannig á erfiðleika fátæks fólks að byggja og rækta landið. Það hlýtur þá einnig að vera stefna ríkisstj. samkvæmt þessu að draga úr lánsfjárskortinum til byggingarframkvæmda með því að gera slík lán svo óhagkvæm, að verkamenn og bændur geti ekki notfært sér þau, heldur verði það aðeins hinir ríku, sem hafi efni á því að gleypa lánsféð til að komast yfir fasteignir og húsnæði í enn ríkari mæli en verið hefur. Er það í fullu samræmi við þá benjamínsku hagfræðikenningu, að þeir, sem ekki geta borgað okurvexti af lánum, hafi enga raunverulega þörf fyrir lánsfé. Eru ekki vandséðar afleiðingar slíkra ráðstafana, eins og leiguliðafyrirkomulag í sveitum, húsaleiguokur í kaupstöðum o. s. frv.

Nú er rétt að hafa það vandlega hugfast, að að því er snertir lán til bygginga og ræktunar í sveitum, er um framkvæmdalán að ræða. Það er af núverandi valdhöfum talið eðlilegt, að allar framleiðslugreinar svo og verzlun fái að bæta lánsfjárvöxtum og vöxtum af eigin fé ofan á verð framleiðslu sinnar og þess, sem selt er, allar nema landbúnaðurinn. Árið 1948 fengu bændur teknar 900 kr. fyrir vaxtakostnað á vísitölubúinu inn í verðlagsgrundvöll afurða sinna. Sú upphæð stendur óbreytt enn. En árið 1948 rökstuddu fulltrúar bænda það skilmerkilega, að þessar 900 kr. svöruðu aðeins til hluta af þeim vöxtum, sem bændur greiddu að meðaltali fyrir lánsfé. Það, sem vaxtakostnaðurinn var umfram þessar 900 kr., urðu bændur því að greiða af persónulegum tekjum sínum, en var ekki viðurkennt sem framleiðslukostnaður. Nú hafa skuldir bænda aukizt um milljónatugi síðan 1948. Alla vexti af þeirri súpu hafa þeir því orðið að greiða af persónulegum tekjum sínum, en tekjur bænda á vísitölubúinu eru, eins og allir vita, miðaðar við kaup Dagsbrúnarverkamanns, sem vinnur 300 daga á ári, 8 stundir á dag. Slíkar tekjur þola ekki miklar vaxtagreiðslur auk alls annars. Þó telur hæstv. ríkisstj. réttlátt, skylt og nauðsynlegt að hækka þessar vaxtagreiðslur. Á hverjum skyldu nú þessar hækkanir koma harðast niður? Það er staðreynd, að af rúmlega 6400 bændum á Íslandi búa um 2000 þeirra við mjög litla ræktun og algerlega óviðunandi húsa- og vélakost. Bústofn þeirra er einnig miklum mun minni en á vísitölubúinu og tekjur þeirra þar af leiðandi minni en tekjur Dagsbrúnarverkamanns, eða 12—18 þús. kr. á ári. Engir hafa jafnmikla þörf fyrir lán til aukinnar ræktunar, bygginga, vélakaupa og bústofnsaukningar eins og einmitt þessir bændur, fyrir utan frumbýlinga, ungt fólk með tvær hendur tómar, sem hyggst byrja búskap. Að þessu fólki er nú sérstaklega vegið með vaxtahækkun Frams.- og Sjálfstfl. og það svo harkalega, að héraðsbrest mun víða af leiða, ef ekki landsbrest.

Þegar þessi vaxtahækkunarfrv. voru lögð fram, bárum við þm. Þjóðvfl. fram þá brtt. við frv. ríkisstj. um 20% skatteftirgjöf handa gróðafélögunum, að sú skatteftirgjöf skyldi felld niður, en skattinum varið til að greiða niður vaxtatöp byggingarsjóðs verkamanna, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitanna. Þessar till. felldu allir viðstaddir þm. stjórnarflokkanna að viðhöfðu nafnakalli, og meira að segja ráðh. lögðu það á sig, sem sjaldan ber við, að mæta í þingsölunum til að sjá um, að svona hættuleg till. yrði felld.

Vaxtahækkanir þær, sem ég hef gert hér að umtalsefni, reyndi Steingrímur Steinþórsson að verja hér í gærkvöld með því, að vaxtatöp þessara sjóða væru svo gífurleg, að þeir mundu eyðast á örskömmum tíma þeirra vegna. Það er þó enn ósannað mál, að um nein raunveruleg vaxtatöp sé að ræða hjá þessum sjóðum, nema þá ræktunarsjóði. Steingrímur Steinþórsson sagði í gærkvöld, að vaxtatöp þessara sjóða væru árlega 40 þús. kr. af hverri milljón, en játaði jafnframt,

að vaxtatöp þeirra yrðu enn þá 25 þús. kr. af hverri milljón þrátt fyrir vaxtahækkanir ríkisstjórnarinnar, svo að enn þá er því opinn sá möguleiki, að þessir sjóðir eyðist á skömmum tíma þrátt fyrir aðgerðirnar. En með því að samþ. till. okkar þjóðvarnarmanna var þessum möguleika alveg lokið, ef hann var þá nokkurn tíma fyrir hendi, því að við lögðum til, að vaxtatöpin yrðu bætt að fullu. Vaxtahækkun ríkisstj. hefur því enga aðra breytingu í för með sér en að auka á byrðar fátækasta fólksins í landinu og gera því ókleift að verða bjargálna. Þetta er sannleikurinn í þessu máli, Steingrímur Steinþórsson, hvað sem öllum tilburðum ráðherranna til að reyna að verja óverjandi málstað líður. Hér má svo bæta því við, að til að kóróna árásir sínar á landbúnaðinn hefur Framsfl. beitt sér fyrir stórhækkuðu skattmati búfjár í landbúnaðinum, einum allra framleiðslugreina, til að geta skattpínt þá framleiðslugrein meira hér á eftir en hingað til.

En það eru til aðilar í þessu landi, sem fá lán með lágum vöxtum og öðrum vildarkjörum. Má þar til nefna fjölskyldufyrirtæki Thorsaranna, Faxaverksmiðjuna, sem ríkið lánaði 678 þús. dollara af Marshallfé, eða rúmar 11 millj. kr., miðað við núverandi gengi, til 30 ára með 2½% vöxtum og afborganalaust fyrstu 5 árin, en gerði auk þess sérstaka samninga um að gefa þessu fyrirtæki 6 millj. 658 þús. kr. af þessari upphæð, ef Marshalllánið yrði ekki endurgreitt, en ætlun ríkisstj. er að endurgreiða það ekki. Er ekki vitað, að nokkurt annað fyrirtæki hafi fengið slík lánskjör hér í þessu landi. En þá er unnt að lána með lágum vöxtum, og þá er unnt að gefa stórar fúlgur, þegar slíkir eiga í hlut eins og Thorsararnir. — Menn minnast þess svo, að tveir finnskir ráðh. voru dregnir fyrir landsdóm og urðu að hrökklast frá völdum fyrir nokkrum árum fyrir þá sök að hafa lánað gjaldþrota fyrirtæki, sem þeir áttu hlut í, smáupphæð af ríkisfé.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er mjög leiðinlegt, að hv. þm. Gils Guðmundsson hefur ekki lagt það á sig að kynna sér þær miklu umbætur, sem gerðar hafa verið á framkvæmd hervarnarsáttmálans síðan dr. Kristinn Guðmundsson tók við. Aðaláðeilan á fyrri framkvæmd var, að allt of náin samskipti væru milli Íslendinga, hersins og erlendra verkamanna; enn fremur, að Hamiltonfélagið prettaði íslenzka verkamenn í kaupgreiðslum.

Allir, sem nokkuð fylgjast með, vita, að hermenn og erlendir verkamenn fá nú orðið mjög takmarkaðar leyfisferðir út af vellinum. Vegabréfakerfi hefur verið komið á og kvenfólki bannað að sækja dansleiki inn á völlinn. Gamlar kærur verkamanna á Hamiltonfélagið, um 900 að tölu, hafa verið rannsakaðar og kaup leiðrétt. Allar kærur út af röngum kaupgreiðslum eru leiðréttar jafnóðum og fram koma. Hamiltonfélagið hætti útivinnu um áramót. Íslendingar annast nú allar framkvæmdir á vellinum, sem þeir geta annað. Radarstöðvar úti á landi verða lokaðar. Allt eru þetta staðreyndir, og þær eru sannaðar svo rækilega sem bezt verður kosið.

Fyrir fáum dögum birtist stór grein í Þjóðviljanum, þýdd úr amerísku blaði og eftir hermann á vellinum. Hermaðurinn segir, að síðan dr. Kristinn Guðmundsson tók við sé raunverulega lokið sambandi milli Íslendinga og hersins, örfáum sé leyft að fara út af vellinum og kvenfólki bannaður aðgangur, verið sé að girða herinn inni eins og fanga og slíkt talið einsdæmi, skorað er á amerísku þm. að láta þetta ekki við gangast. Í gær bætti hv. þm. Einar Olgeirsson því við, að hermennirnir væru farnir að kæra beint til Washington út af því, hvernig þeir væru einangraðir hér.

Ég ætla, að þetta séu nægar sannanir fyrir því, að gerbreyting hefur orðið á framkvæmdum.

Í dagblöðum Reykjavíkur í aprílmánuði voru margar fyrirsagnir eins og þessar:

1. „Grimmilegar kylfuárásir á þjóðvegum í fyrrakvöld.“
2. „Innbrot, íkveikjur, rán og slagsmálaárásir rök auðstéttarinnar.“
3. „Ofbeldismenn eyðileggja benzín, en kveikja í öðrum birgðum.“
4. „Árás skítliðs Heimdallar var fylgt eftir með innbroti og íkveikju.“

Svona blaðaskrif sýna mynd af íslenzku þjóðfélagi í verkfalli. Við Íslendingar tökum svona verkföllum um hábjargræðistímann eins og vondum örlögum. Og mönnum virðist varla taka því að reyna að finna orsakir verkfalla og úrræði til að koma í veg fyrir þau. Og þó eru þessi verkföll líklegri til þess en flest annað að brjóta niður framfaraöldu, sem risið hefur og rísa þurfti enn hærra, og líkleg til þess að leggja atvinnu- og fjármálalíf okkar í auðn.

Hvernig mundi bæjarmönnum geðjast að því, ef verkföll yrðu, segjum svona 6 vikur árlega, þegar semja ætti við mjólkurbúaeigendur um gerilsneyðingu og flutning mjólkur til bæjarins? Hvernig mundi bæjarbúum líka það, ef verkföll yrðu flest haust, þegar slátrun ætti að hefjast, meðan bændur væru að semja við frystihúsaeigendur, eða ef öll ræktun stöðvaðist flest vor vegna verkfalla, meðan bændur reyndu að semja við eigendur dráttarvéla og skurðgrafa? Ég býst við, að heyrast mundi hljóð úr horni hjá bæjarbúum. Þeir mundu kalla þetta brjálað ástand og telja afleiðingar þess óþolandi, kjöt- og mjólkurleysi langan tíma árs. Og þó væru þessar vinnustöðvanir í sveitum hliðstæðar því, sem alltaf er að gerast í atvinnulífinu við sjóinn.

Hver er ástæðan fyrir því, að framleiðslan í sveitum og við sjó er þannig tveir ólíkir heimar, tvær andstæður? Annars vegar er samvinnukerfið, hin stefnan er samkeppni og gróðahyggja. Ástæðan fyrir því, að aldrei heyrist talað um vinnustöðvun í sveitum, er sú, að félög bændanna sjálfra eiga mjólkurbúin, flest frystihúsin og stórvirku ræktunarvélarnar. Þeir skammta sér því sjálfir rétt verð og þurfa við engan um að deila. Sama regla gildir um verzlun þeirra, kaup og sölu. Vitanlega er útkoman misjöfn eftir því, hvernig félögum bænda er stjórnað og fleiru. Ekkert, sem mennirnir stjórna, er fullkomið, en hugsjónin, samvinnukerfið, er hin rétta lausn. Það getur veitt hverjum manni rétt verð fyrir vinnu og vöru. Þegar bátur kemur að landi í

íslenzkri höfn, er fiskurinn eign útgerðarmanna og sjómanna, unz honum er skilað á land. Þar tekur við fiskinum milliliðastarfsemi í óteljandi myndum, unz fiskurinn er kominn til neytendanna. Og áður en báturinn fer í róður, streyma um borð alls konar nauðsynjar til úthaldsins einnig gegnum hendur óteljandi milliliða. Hér eru bátaeigendur, sjómenn og verkamenn eins og smáflugur í köngulóarneti milliliðanna. Þeir kaupa nauðsynjar, selja framleiðslu og vinnu án þess að hafa hugmynd um sannvirðið.

Til þess að sjómaðurinn og bátseigandinn væru eins settir og bændur, þyrftu þeir að eiga og stjórna frystihúsunum, söltunar- og herzlustöðvunum og allri annarri slíkri starfsemi, unz fiskurinn er kominn á borð neytandans. En auk þess þyrftu þeir að geta keypt allt til útgerðarinnar gegnum eigið kaupfélag.

Afleiðingin af því, að farið er með vinnandi fólk við sjóinn eins og blindingja, er sú, að ef þetta fólk heldur, að hlutur sinn sé fyrir borð borinn, krefst það hærra kaups, og ef á móti er staðið, gerir það verkföll. Hins vegar hefur þetta vinnandi fólk enga aðstöðu til þess að vita um það, hvort kröfurnar eru réttmætar eða framleiðslan þolir þær. En verkamenn og sjómenn hafa ósköp óbrotin rök. Þeir segja bara þetta: Ef framleiðslan getur ekki greitt hærra kaup, má taka það af milliliðunum. En of margir þeirra sýna með áberandi óhófslífi, að þeir hafa meira milli handa en þeim ber.

Af þessu, sem nú hefur verið sagt, er augljóst mál, að meðan milliliða- og arðránsstefnan ræður ríkjum, hljóta að verða harðar deilur um skiptingu arðsins og afleiðingarnar sílfelld verkföll. Þau eru skuggi gróðahyggju og óhófs. Verkföll eru tilraun verkamannsins til að hrista af sér þessa ófreskju. Nú hefur kaup hækkað. Milliliðirnir segjast ekki geta misst og telja sig nú þurfa að hækka. Hvar endar þetta? spyr hver annan. Og þó finna allir á sér, hvar það endar. Dýrtíðin vex, krónan lækkar, vöruverð og fasteignir hækka, þar með húsaleiga í bæjum, verkalýðsstéttin hefur verkfall að nýju. Leiðin til þess að skapa meiri vinnufrið er sú að skapa sannvirði vinnunnar og trú manna á það, að þeir fái þetta sannvirði. Þessu marki er hægt að ná, ef ríkisvaldið vinnur að því með verkamannasamtökunum. Bændur náðu þessu marki, oft vel studdir, en oft í andstöðu við ríkisvaldið. Meðan þetta gerist ekki, vofa verkfallsóeirðir yfir þjóðinni eins og þrumuský.

Milliliðirnir höfðu nokkrar tekjur af verzlun með mjólk og kjöt, áður en kjöt- og mjólkurskipulagið var lögleitt árið 1934. Vegna þess, að milliliðirnir töldu sinn hlut skertan með þessum lögum, setti flokkur þeirra þjóðfélagið á annan endann með mjólkurverkfalli til að reyna að koma í veg fyrir, að stjórn bænda og verkamanna, sem setti lögin, gæti framkvæmt þau. Þessi milliliðagróði var þó aðeins örlítið brot af milliliðagróðanum í sambandi við framleiðslu við sjávarsíðuna. Þar er meginpeningaflóðið og gróðinn í óteljandi myndum, opinber og leynilegur. Þess vegna geta menn reitt sig á það, að á þessu verður aldrei nein breyting, meðan flokkur milliliðanna er í ríkisstjórn. Ef sú breyting væri sett á oddinn, mundi það valda stjórnarslitum, í hvaða stjórn sem milliliðirnir tækju þátt.

Þeir menn eru pólitísk börn, sem ekki hefur enn þá skilizt, að flokkur milliliðanna er stofnaður og áhrifum hans og pólitísku valdi viðhaldið og beitt með milljónakostnaði í blaðaútgáfu og áróður, einmitt til þess að vernda gróða milliliðanna.

Það er engin tillviljun, að dómsmrh. talaði sig upp í æsing um vinstri stjórn og formaður Sjálfstfl. gerði sér svo tíðrætt í gærkvöld um það, sem ég hef sagt og skrifað um vinstri stjórn. Hann gaf þá m. a. í skyn, að ekki væri hægt að koma fram málum bænda nema með Sjálfstfl. Þetta er auðvitað, eins og sagan sannar, misskilningur. Framgangur landbúnaðarmála á þingi er kominn undir styrk Framsfl., en ekki því, með hvaða flokki hann vinnur hverju sinni. Ef hér væri við völd ríkisstj., sem bændur og annað vinnandi fólk stæði að, mundi sú ríkisstj. verða að heyja baráttu við grimmilegri andstöðu en hér hefur nokkurn tíma þekkzt, ef sú ríkisstj. gerði með löggjöf ráðstafanir, þótt ekki væri nema til að skerða milliliðagróðann, hvað þá afnema hann.

En þegar rætt er um úrræði til þess að efla vinnufrið, er bezt að gleyma því ekki heldur, að ýmsir þeir, sem mestu ráða í verkalýðshreyfingunni, hafa þær stjórnmálaskoðanir, að rotnandi arðránskerfi sé æskilegur jarðvegur til að rækta hjá verkalýðnum tortryggni, öfund, hatur og tíðar og langvarandi vinnustyrjaldir, sem skerpi andstæðurnar milli öreiga og auðvalds og búi verkalýðinn undir lokaslaginn. Í augum þessara manna eru umbætur hættulegar, því að þær auka líkurnar fyrir sáttum og friði. Efling kommúnista þýðir fleiri verkföll. Með því að efla flokk milliliða eru kjósendur að kjósa yfir sig verkföll, því að ranglætið í starfi milliliða er uppspretta og orsök verkfallanna.

Augljóst er, að til þess að losa þjóðina við skaðsemi verkfalla er eina ráðið að efla þá lýðræðislegu flokka, sem með starfi sínu hafa sýnt það og sannað, að þeir vilja, að hver maður fái réttlát laun vinnu sinnar, enda þá fyrst tryggður vinnufriður.

Við framsóknar- og samvinnumenn gerum okkur ljóst, að þróun samvinnukerfisins við sjávarsíðuna tekur það langan tíma, að samvinnan er framtíðarlausn, sem lítils gætir í bráð. Þess vegna samþykkti síðasta flokksþing Framsfl. að fá samþ. á Alþingi, „að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skipi hvort um sig tvo fulltrúa í samvinnunefnd, sem hafi það hlutverk að afla árlega hverra þeirra upplýsinga, sem nefndin telur sig þurfa um afkomu atvinnuvega landsins og hag almennings, til þess að leita megi rökstudds álits nefndarinnar, þegar ágreiningur verður um kaup og kjör eða ætla má, að til slíks ágreinings komi."

Þessi till. hefur nú verið samþ. á Alþingi og er allt annars eðlis en að samþ. till. um líkt efni, þegar verkföll eru að hefjast. Þannig er viðhorf og starf Framsfl. í kaupgjaldsmálum verkamanna hið sama og í kaupgjaldsmálum bænda í áratugi: sannvirði vinnunnar.

En fulla tryggingu fyrir sannvirði vinnunnar

fær vinnandi fólk þó fyrst, ef bændur og verkamenn hafa löggjafar- og framkvæmdavaldið í sínum höndum, því að það hefur tökin á milliliðastarfseminni beint og óbeint.

Ýmsir spyrja: Hvers vegna notuðuð þið ekki verkfallið til þess að stofna til slíkrar vinstri stjórnar? Framsfl. lítur á það sem mjög hættulegt fordæmi að nota verkföll til stjórnarskipta og komi slíkt ekki til mála, nema ef til vill í ýtrustu neyð þjóðarinnar. Það breytir engu um þessa skoðun Framsfl., þótt sjálfstæðismenn og kommúnistar beittu stjórn Framsfl. og Alþfl. tvívegis pólitískum verkföllum, benzínverkfalli 1936, verkfallsuppreisninni í Hafnarfirði 1938.

Í annan stað er það öllum vitanlegt, að Framsfl. og Alþfl., þó að Þjóðvfl. kæmi til, hafa ekki meiri hluta og hvorugur flokkurinn telur sér fært frekar en lýðræðisflokkum annarra landa að vinna með kommúnistum. Ég hef aldrei gert ráð fyrir því, að þeir menn í þingmannaliði kommúnista, sem segjast ekki vera kommúnistar, sýndu það í verki með því að segja sig úr flokknum.

Af þessu er augljóst mál, að ekki er nema ein leið fær til að mynda vinstri stjórn og hún er þessi, eins og ég hef áður lýst:

1) Að halda áfram að efla Framsfl., sem vann á í síðustu bæjarstjórnarkosningum.

2) Að jafnaðarmenn sættist og Þjóðvfl. og þær þúsundir kjósenda í kommúnistaflokknum, sem ekki eru kommúnistar, en hafa kosið með honum vegna gamalla og nýrra ósætta við Alþfl., sameinist í einn flokk eða kosningabandalag.

Þetta er leiðin, sem aðalfundur miðstjórnar Framsfl. markaði skýrt í vetur. Hún stendur lýðræðissinnuðum íhaldsandstæðingum opin, hvenær sem forvígismönnum þeirra auðnast að rækja þá skyldu, sem lýðræðissinnaðir umbótamenn næstum allra landa telja sjálfsagðasta af öllu. Það er að sameinast til baráttu í stað þess að sundrast í marga máttlausa smáhópa, sem slást innbyrðis og tryggja milliliðaflokknum og arðránsstefnunni búrlyklana að þjóðfélaginu til þess að skammta sjálfri sér að vild, en öðrum úr hnefa.

Það getur ekki dulizt neinum, að ef lýðræðissinnaðir íhaldsandstæðingar utan raða Framsfl. vanrækja þessa höfuðskyldu sína að sameinast í einhverju formi í næstu kosningum, þá eru það þeir, sem með opin augu og vísvitandi tryggja Sjálfstfl. áframhaldandi völd. Sameinaðir eru þessir hópar vissir með sigurinn, sundraðir dæmdir til ósigurs. Afleiðingar slíkrar sundrungar að öðru leyti eru auðsæjar. Landsmönnum verður ljósara með hverjum degi, að sífelldar verkfallsstyrjaldir milli sterkra verkalýðssamtaka í stjórnarandstöðu annars vegar og ágengrar og þurftarfrekrar milliliðastéttar með ríkisvaldið að baki hins vegar enda á þann hátt, sem allir tæpa á og hvísla um, en enginn þorir að segja. Ég sé ekki, að neitt nema lýðræðissinnaðir íhaldsandstæðingar í stjórnaraðstöðu með Framsóknarflokknum geti héðan af stöðvað þessa skriðu.

Það er nauðsynlegt, að þjóðin geri sér það ljóst, að það er þetta, sem er í húfi. Miðstjórn Framsfl. hefur sagt sitt orð skýrt og afdráttarlaust. Nú er beðið eftir svari annarra íhaldsandstæðinga. Verður það sundrung og ósigur eða sameining og sigur? — Góða nótt.

**Vilhjálmur Hjálmarsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Landsmenn hafa nú hlýtt á framsögu flokkanna í þessum umræðum og rúmlega það. Hæstv. ráðherrar hafa rakið hina ýmsu þætti stjórnarstarfanna og greint frá framgangi margra þjóðþrifamála. Hv. stjórnarandstæðingar hafa hins vegar dregið fram gamlar plötur úr pússi sínu.

Alþfl. harmar enn horfna tíma vöruþurrðar, svartamarkaðs og hafta. Og hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sem ásamt flokksbræðrum sínum fagnaði því, þegar risinn í austri marði undir járnhæl sínum frelsisunnandi smáþjóðir við Eystrasalt og víðar, talaði enn sem fyrr um íslenzk viðhorf á þann hátt, að fullhraustum mönnum slær fyrir brjóst, en viðhefur að öðru leyti slíkan munnsöfnuð, að furðu gegnir um svo dagfarsprúðan mann. En landsmenn eru farnir að sjá í gegnum grímuna. Feigðarför kommúnista niður hjarnið er hafin, formælingar og flátskaparmál Einars Olgeirssonar fá þar engu um breytt.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar byggist nú sem fyrr að miklu á yfirboðum og vanmáttugum tilraunum að breiða yfir það, sem betur hefur tekizt síðustu missiri. Tekjuafgangur ríkissjóðs í ráðherratíð Eysteins Jónssonar hefur verið þeim sár þyrnir í holdi, og enn í gærkvöld er reynt að gera hann tortryggilegan og fjargviðrast um auknar álögur, þótt vitað sé, að engir nýir tekjustofnar hafa verið á lagðir, en beinir skattar lækkaðir. Alþingi afgreiddi í gær lög um ráðstöfun tekjuafgangsins 1954, en hann nemur um 35 millj. og verður varið sem þar hermir: Til ræktunarsjóðs 8 millj., fiskveiðasjóðs 8 millj., lán til veðdeildar Búnaðarbanka 4 millj., til útrýmingar heilsuspillandi íbúða 3 millj., uppbætur á sparifé 1½ millj., brúasjóður, til endurbyggingar gamalla stórbrúa, 1½ millj., til skólabygginga og hafnarbóta 3 millj. og til væntanlegra atvinnuleysistrygginga 6 millj. kr. Til viðlíka mála hefur tekjuafgangurinn runnið undanfarin ár, og hver er sá, sem harmar, að fé var fyrir hendi til þessara hluta?

Stjórnarandstæðingar segja, að ríkisstj. eyði landsbyggðina, en smali fólki til vinnu á flugvöllinn. Hvað er svo hið rétta í málinu? Jú, enn sem fyrr leitar fólk til höfuðstaðarins og nágrennis, en þar kemur fleira til en varnarframkvæmdir. Ég nefni það eitt, að samtímis því sem fiskigengd hraðvex við Suður- og Suðvesturland vegna áhrifa landhelginnar og vinna í landi við hagnýtingu aflans margfaldast við það, að ísfisksölur stöðvast, samtímis þessu hverfur síldin frá Norður- og Austurlandi og viðvarandi aflabrestur á þorskveiðum háir útgerðinni á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Það sýnir nokkuð, hversu föstum fótum þeir standa í framleiðslulífi þjóðarinnar eða hitt heldur, sem geta gleymt svona hlutum, þegar þessi mál ber á góma. Hvað hefur svo ríkisstj. gert í þessu sambandi? Jú, jafnvægisnefnd er til, skipuð vitrum mönnum og vöskum, þó að enn sé of snemmt að dæma störf hennar. Og það má líka hiklaust segja, að einn

snarasti þátturinn í störfum ríkisstj. er einmitt sá að beina fjármagni til framleiðsluaukningar og framkvæmda úti á landi.

Tíminn leyfir ekki að fara langt út í þessa sálma. Stjórnarandstæðingar vilja gera lítið úr gagnsemi atvinnuaukningarfjárins svokallaða, og víst er, að þeirrar fjárhæðar sæi lítinn stað, ef henni hefði verið varið til snjómoksturs eða annarrar atvinnubótavinnu í gömlum stíl. Og þó að hér sé um margar milljónir að tefla, já, milljónatugi, hefðu þær hrokkið skammt til að stofnsetja ríkisrekstrarfyrirtæki til framfærslu fólksins úti á landi. En einmitt vegna þess, hvernig fénu hefur verið ráðstafað til stuðnings framtaki áhugamanna í hinum ýmsu byggðarlögum, — einmitt vegna þess hefur það stórmikla þýðingu fyrir vöxt þeirra og viðgang. Þetta skiljum við úti á landi, þar sem nálega hver maður stendur tveim fótum mitt í önn framleiðslunnar.

Hv. þm. Bergur Sigurbjörnsson reyndi áðan að vekja tortryggni bænda út af vaxtahækkun hjá sjóðum Búnaðarbankans. Hæstv. landbrh. rakti ljóslega í ræðu sinni í gær ástæður sjóðanna, hversu þeir áttu fyrir sér að tærast upp vegna gífurlegs vaxta- og greiðsluhalla, ef ekki var að gert. En þrátt fyrir vaxtahækkun og aukin framlög úr ríkissjóði standa sjóðirnir höllum fæti að þessu leyti. Þetta eru óvefengjanlegar staðreyndir. Hitt er svo eðlilegt, að samhliða því að draga fram óhagræði vaxtahækkunarinnar sé einnig litið á aðrar aðgerðir stjórnarvalda varðandi landbúnaðinn, svo sem margföldun útlána úr byggingar- og ræktunarsjóði, ný stórfelld fjárframlög til ræktunarsambanda og víðtækar breytingar jarðræktarlaga til hækkunar á þýðingarmiklum liðum, svo að eitthvað sé nefnt. Nart hv. stjórnarandstæðinga út af vaxtahækkuninni fellur um sjálft sig, þegar málin eru skoðuð í heild. En það er dágott sýnishorn af málflutningi þeirra yfirleitt.

Fulltrúar Þjóðvfl. fara geyst í umræðum, svo að ætla mætti, að þeir ættu nokkuð undir sér. Það er því ekki úr vegi að skoða ögn þeirra eigin afrekaskrá. Viðbrögð þingfulltrúanna tveggja í hinu pólitíska umkomuleysi í þingsölunum eru stundum smáskrýtin, en jafnan gersneydd þeim þrótti og ljóma, sem ætla mætti að einkenndi æskuár eins stjórnmálaflokks. Skyldleikinn við ástæður þess manns, sem gripur síðasta hálmstráið, leynir sér ekki. Hér er fálmað eftir flotholti. Ég nefni örfá dæmi, tekin af handahófi úr þingskjölum. Brotajárnið var þeim hendi næst, svo óvænlegt sem það nú virðist til að fleyta einu né neinu. Um þetta stórmál flutti flokkurinn samtímis þáltill. og lagafrv. í þingbyrjun. En þegar að var gætt, skorti hér allan grundvöll að dómi kunnáttumanna. Þáltill. fékk því kurteislega frávísun og frv. væran svefn í nefnd. Þjóðvarnarmenn hafa flutt frv. um verðlagsmál og gumað af því í umr. hér í gær. Þar er m. a. lagt til að gefa einu stéttarsambandi fullt vald og jafnvel skyldu til að ákveða hámarksverð á nálega öllum vörum og þjónustu, sem ekki lýtur sérstökum lögum. Enginn hefur séð sér fært að ljá málinu liðsinni í þessu formi. Frv. þetta átti að stuðla að verðlækkun, en samtímis flutningi þess einbeitti flokkurinn sér gegn frjálsum brunatryggingum og gegn því, að Reykvíkingar fengju notið þeirrar iðgjaldalækkunar, sem eðlileg samkeppni tryggingarfélaganna bauð þeim. Slíkur var verðlækkunaráhuginn, þegar á reyndi. Kannske varð reisn hins nýja þingflokks aldrei minni en þá, er hann flutti sitt fræga vantraust á hálfan ráðherra, á ½2 hluta þeirrar ríkisstj., er hann berst gegn, en slíkrar eindæma stórmennsku finnast ekki nokkur dæmi í þingsögunni fyrr né síðar. En eitt sinn átti þó að sigla hátt. Hv. þingmenn, Gils og Bergur, fluttu till. til þál. um stuðning Íslands við fjórveldaráðstefnu. Skyldi ríkisstj. Íslands falið að hlutast til um, að Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Rússland efni þegar í stað til ráðstefnu sín á meðal um tiltekið efni. „Það er ófátt, sem mínu elskulega hjarta getur dottið í hug," sagði bróðirinn Júst um skjólstæðing sinn, Ólaf Kárason Ljósvíking. En það er ekki laust við, að Þjóðvfl. minni stundum á þá sérstæðu sögupersónu Kiljans, hinn guðs volaða Ljósvíking.

Þetta voru örfá sýnishorn af málatilbúnaði þjóðvarnarmanna á Alþingi. Þau skýra mætavel undirrót þess ákvæðis í frv. þeirra sjálfra um breytingar á kosningalögunum, að nöfnum meðmælenda skuli haldið leyndum. Það hefur þótt eðlileg varasemi að leyfa engum að keppa um þingsæti, nema tiltekinn fjöldi kjósenda leggi þar við nafn sitt. Þetta á m. a. að hindra óhlutvanda menn í því að hafa kosningar að fíflskaparmálum og rýrir í engu gildi leyndarinnar á kjördegi. En það er skiljanlegt, að þjóðvarnarmenn óttist, að fólk verði ofur lítið feimið við það í framtíðinni að binda nöfn sín við bjástur af því tagi, sem hér hefur verið lýst.

Það er hvarvetna reynsla lýðræðisþjóða, að mikill fjöldi stjórnmálaflokka sé til ills eins. Sums staðar hefur flokkamergðin valdið miklum þrengingum. Þegar sjatna tóku deilur okkar við Dani, hófust þrír landsmálaflokkar á Íslandi um stefnu samvinnu, samkeppni og þjóðnýtingar. Þetta var eðlileg þróun. Síðar efldust kommúnistar til áhrifa í íslenzkum stjórnmálum. Tildrög þess verða eigi rakin hér, en afleiðingarnar eru augljósar. Með pólitískum klofningi verkalýðsins hefur sú fjölmenna stétt orðið meira og minna óvirk í stjórnmálunum. Þetta er óheillaþróun. Sex vikna verkfall er nýafstaðið með stórfelldri söun verðmæta. Verkalýðssamtökin hefðu vissulega haldið á þeim málum á annan veg, ef þau hefðu verið óháð kommúnistum og ef stjórnmálasamtök verkamanna hefðu átt hlut að ríkisstjórn á sama tíma. Stofnun Þjóðvarnarflokksins er ekki spor í rétta átt, heldur hið gagnstæða. Hún sundrar, en sameinar ekki, og er ferð án fyrirheits, sem enda hlýtur í algerri erindisleysu, nema hún kynni að geta orðið íhaldinu að liði í kosningum hér og þar.

Hv. stjórnarandstæðingar deila á Framsfl. fyrir samstarf við íhaldið. En þeir mega vara sig. Barátta stjórnarandstöðunnar síðustu missiri hefur verið neikvæð í hæsta máta. Hin neikvæða afstaða er íslenzku þjóðinni lítt að skapi. Það hefur aldrei þótt björgulegt að koma úr róðri með öngulinn í rassinum. Og það er enginn öfundsverður að mæta fyrir umbjóðendum sínum

með pólitískt brotajárn af því tagi, sem þjóðvarnarmenn reiða nú heim með sér af þingi.

Framsfl. gengur til stjórnarmyndunar, þegar nauðsyn krefur, þegar hann telur að rétt stefni skútan í höfuðdráttum og að tryggður sé framgangur viðhlítandi margra stórmála þeirra, er hann ber fyrir brjósti. Hitt gefur auga leið, að í samstarfi tveggja ólíkra flokka verða þau mál mörg, er eigi ljúkast og bíða hljóta betri tíma. Í núverandi ríkisstj. fer Framsfl. með fjármál, utanríkismál, landbúnaðarmál, raforkumál félagsmál o. fl. Og hver er árangurinn af stjórnarsamstarfinu? Hallalaus ríkisbúskapur án nýrra tekjustofna. Stórbætt ástand í varnarmálum. Meiri framfarir í raforku og stóriðnaði en nokkru sinni fyrr og framhald stórframkvæmda tryggt. Milljónatugum hefur verið beint til landbúnaðar og útgerðar til uppbyggingar þessara framleiðslugreina. Húsbyggingar við sjó og í sveit fá stóraukna fyrirgreiðslu, og grundvöllur er lagður að raunhæfri framtíðarlausn. Ekki má hætta við hálfnað verk, og framundan bíða æ stærri verkefni óhreyfð.

Framsfl. heldur baráttunni áfram, en málefni og aðstæður ráða því, hvort hann stendur að ríkisstjórn og hverjir verða samstarfsaðilar. En það fólk, sem í sannleika vill umbætur og framfarir í þjóðfélaginu, það á ekki að sóa orku sinni í myndun smáflokka. Og það þarf þess ekki.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Forsætisráðherrann ræddi í gærkvöld allmikið um vinstri stjórn. Sama gerðu þeir fjármálaráðherra og Einar Olgeirsson. Í kvöld hafa svo til allir ræðumenn, bæði dómsmrh. hæstv. og þm. Str., rætt um sama efni. Hæstv. forsrh. reyndi að bregða á glens í ræðu sinni, en það leyndi sér ekki, að honum var ekki jafnlétt í skapi og hann vildi láta líta út fyrir. Hann bar sig karlmannlega, fullyrti, að stjórn verkamanna og bænda væri hugarfóstur eitt. Það byggði hann á því, að Þjóðvfl. vildi engan hlut eiga að slíkri stjórn. Kallaði hann allt skraf Framsfl. um hana veiðibrellu eina. Einnig fullyrti hann, að kommúnistar mundu að sjálfsögðu sækja það fast að taka þátt í slíkri stjórn eins og reyndar öllum stjórnum og af sömu heilindum, þ. e. til þess að spilla fyrir stjórnarmyndun, gera stjórninni allt það ógagn, sem unnt væri. Það leyndi sér því ekki, hvar hæstv. ráðh. helzt vænti sér og sínum flokki liðstyrks til þess að sundra röðum andstæðinga íhaldsflokksins og koma í veg fyrir myndun frjálslyndrar umbótastjórnar.

Um Framsfl. sagði hann, að hann mundi kunna vel við sig í stjórnarsænginni og ekki hyggja á neinar breytingar. Það væri Hermann einn, þ. e. a. s. hv. þm. Str., sem einhver óróa væri í og vildi nú skipta um sæng. Samt var það augljóst mál, að hæstv. forsrh. var alls ekki rótt. Hann fór að lýsa því, hvílíkt skaðræði slík stjórn mundi verða fyrir þjóðina, og dómsmrh. kom honum til aðstoðar nú nýlega, eins og áheyrendur hafa heyrt. Forsrh. líkti slíkri stjórn við kúabólu og rauða hunda, sem hann kvað hafa verið hinar verstu plágur, sem gengið hefðu yfir þjóðina. Í þessu sambandi þykir mér rétt að fræða hæstv. ráðh. um það, að kúabóla og rauðir hundar eru hér ekki lengur neinn þjóðarvoði, ekki lengur taldar hættulegar þeim þjóðum, sem komið hafa félagsmálum sínum í sæmilegt horf. Þar sem almenningur býr við sómasamleg lífskjör og heilbrigðismál og hreinlæti er á svipuðu stigi og hér hjá okkur, stendur ekki lengur nein ógn af þessum sóttum.

Nú er það annar sjúkdómur, krabbameinið, sem hægt og hægt læsir sig um allan líkamann frá dulinni meinsemd á einum stað og er ægilegasti voðinn og flestum tortímir og verður að fjörtjóni. Fjárhags- og atvinnulíf þjóðarinnar er sjúkt samkvæmt lýsingu hæstv. forsrh. sjálfs, helsjúkt. Meinsemdin er gróðastefna ríkisstj., stefna hennar í viðskipta- og fjármálum, sem skapar auðstéttum óþarflegan gróða á tapi framleiðslustéttanna. Þar er það krabbameinið, sem stig af stigi sýkir þjóðarlíkamann og veikir viðnámsþrótt hans. Af þessum sökum tel ég það fyllstu nauðsyn, þjóðarnauðsyn, að breytt verði um stjórnarhætti og mynduð ný stjórn.

Íhaldsflokkurinn hefur að baki sér aðeins 38% af kjósendum samkvæmt síðustu alþingiskosningum. Hinir eru nálega % hlutar. Samt sem áður er það íhaldsflokkurinn, sem mestu ræður og markar stefnuna. Þar er rót meinsins. Ef unnt væri að sameina nægilega marga af þeim, sem virða lýðræði og telja sig andstæðinga íhaldsins, væru völd þess og áhrif að engu gerð. Beztu stuðningsmenn íhaldsins á undanförnum árum hafa jafnan reynzt vera kommúnistarnir og nú síðast Þjóðvfl. Með því að sundra og dreifa kröftum íhaldsandstæðinga hafa þeir komið í veg fyrir, að nægilegt þingfylgi væri fyrir hendi til þess að mynda stjórn verkamanna og bænda, eins og Alþfl. og Framsfl. gerðu árið 1934.

Um svokallaða vinstri stjórn vil ég segja þetta: Slík stjórn verður ekki mynduð fyrir atbeina eða aðgerðir Alþýðusambands Íslands, sem er stéttarfélag verkalýðsfélaga, sem í eru menn af öllum pólitískum flokkum. Það er hlutverk Alþ., það er hlutverk kjósenda landsins og stjórnmálaflokkanna og alþm. að ráða því, segja til um það, hverjir mynda stjórn, hverjir sitji við stjórn á Íslandi á hverjum tíma.

Ég tel það þjóðarnauðsyn, eins og ég áðan sagði, að mynduð verði ný ríkisstj., mynduð af þeim mönnum, sem eru í raun og veru fulltrúar verkamanna og bænda, og að sú stjórn marki stefnu sína þannig, að verkalýðurinn, launastéttirnar og fólkið í sveitum landsins ljái henni stuðning og treysti henni, — stjórn, sem hefur það markmið að festa verðgildi íslenzkrar krónu og tryggja undirstöðu atvinnulífsins, stjórn, sem vinnur að réttlátari skiptingu þjóðarteknanna en nú er, stjórn, sem vinnur að því að afstýra vinnustöðvunum í stað þess að egna til þeirra, stjórn, sem stefnir að umbótum og framförum og félagslegu öryggi.

Slíka stjórn er ekki hægt að mynda með nægilegu þingfylgi án Framsfl. Það er augljóst mál. Hún verður þess vegna ekki mynduð í náinni framtíð, nema Framsfl. breyti um stefnu, segi skilið við íhaldið og taki upp samvinnu við Alþfl. á svipuðum grundvelli og gert var 1934.

Vegna klofningsstarfsemi kommúnista og

Þjóðvfl. er þó þetta ekki nóg. Alþfl. og Framsfl. hafa ekki nægan liðstyrk á Alþingi nú til þess einir að mynda stjórn, ekki nægilegt kjörfylgi við síðustu kosningar. Fáist hins vegar Þjóðvfl. eða þeir, sem hann hafa stutt við kosningar, til þess að hverfa frá villu síns vegar, hætta að styðja íhaldið með klofningsframboðum og ganga til samstarfs við Alþfl. og Framsfl., þá horfir stórum vænlegar um þingfylgið.

Vilji Framsfl. í raun og veru slíta samstarfinu við íhaldsflokkinn og taka upp samstarf við Alþfl. með svipuðum hætti og 1934—37, og ef það er rétt, sem í stefnuskrá Þjóðvfl. segir um innanlandsmál, ætti að vera hægt að finna grundvöll fyrir samstarfi þessara flokka.

Væri svo komið, eiga þeir, sem til þessa hafa kosið kommúnistaflokkinn, um tvennt að velja: Annað að segja sig úr lögum við þennan flokk og styðja lýðræðissinnaða andstæðinga íhaldsins og ganga í samfylkingu með þeim gegn íhaldsflokknum. Hitt er að halda áfram að styrkja íhaldið með áframhaldandi klofningsstarfsemi og einangra sjálfa sig þannig frá pólitískum áhrifum.

Ég segi með ráðnum hug: kjósendur kommúnistaflokksins, en ekki kommúnistar, því að mér er vel kunnugt um, að ýmsir þeir, sem fylgt hafa kommúnistum að málum og léð þeim atkvæði sín, eru ekki kommúnistar, eiga ekki heima í þeim flokki og hafa mesta ógeð og fyrirlitningu á undirlægjuhætti kommúnistaflokksins og skilyrðislausri hlýðnisafstöðu hans við erlent stórveldi, sem gleggst hefur komið fram í afstöðu flokksins til utanríkismálanna.

Það eru þessir menn, sem verða að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir vilja halda áfram að styrkja og styðja íhaldið með því að sundra kröftunum eða taka upp lýðræðislega baráttu gegn íhaldinu og segja skilið við kommúnistaflokkinn og Moskvalínuna að fullu og öllu.

Kommúnistar geta ekki verið þátttakendur eða stuðningsmenn í lýðræðisstjórn, svo að vel fari. Það hefur reynslan sýnt hvarvetna, einnig hér. Þeir, sem hvetja til samstarfs við kommúnista um stjórnarmyndun, vinna því óhappaverk. Þeir vinna gegn því, að slík stjórn komist á og hún geti lifað og starfað fólkinu til gagns. Umbætur, framfarir og friðsamleg þróun er eitur í beinum sannra kommúnista. Friðsamleg þróun sljóvgar byltingaráhugann, en hann telja þeir hið eina sanna hjálpræði.

Það er einnig vitað, að allmargir verkamenn og bændur, sem enga samstöðu eiga með þeim, sem ráða íhaldsflokknum og hafa gert hann að sínu einkafyrirtæki, hafa fylgt íhaldinu að málum til þessa og kosið frambjóðendur flokksins. Mér þykir næsta ótrúlegt, að þessir menn geti haldið áfram að kjósa íhaldsflokkinn og fela honum forustu í þjóðmálum eftir framkomu flokksins og ráðamanna hans í sambandi við nýafstaðna vinnudeilu. Ég get ekki skilið orð hæstv. forsrh., Ólafs Thors, í gærkvöld annan veg en þann, að hann vildi fullvissa áheyrendur um, að það væri víst, að krónan mundi smækka svo með eða án nýrrar gengisskráningar, eins og hann orðaði það, að kauphækkun sú, sem fékkst við lok vinnudeilunnar, yrði engin, alls engin, yrði að engu gerð.

Til hvers er þá barizt? Þess spyr ég þá menn, sem þátt tóku í verkfallinu og stutt hafa Sjálfstfl. Hvort orð forsrh. eru kölluð hótun eða nefnd öðru nafni, skiptir ekki máli. Niðurstaðan verður hin sama, ef spásögn hæstv. forsrh. rætist, og það gerir hún meðan hann heldur völdum, meðan hann ræður.

Hvað segja þeir sjálfstæðisverkamenn, sem nú hafa fengið 10% kauphækkun, um þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh.? Ef þeir sjá og skilja sína stéttaraðstöðu, jafnvel þótt þeir aðeins líti á sinn eigin hag, þá virðist mér, að svarið geti aðeins orðið á einn veg. Þeir hætta að kjósa íhaldsflokkinn, skipa sér í raðir andstæðinga hans, styrkja Alþfl.

Af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, hefur miðstjórn Alþfl. ákveðið að beita sér fyrir því, að viðræður verði hafnar um möguleika á að koma á samstarfi lýðræðissinnaðra andstæðinga íhaldsflokksins um myndun nýrrar ríkisstj., — stjórnar, sem fulltrúar starfandi fólks við sjó og í sveitum skipa, þ. e. a. s. fulltrúar launþega og bænda. Slík stjórnarmyndun þarf undirbúning. Það er ekki nóg að velja ráðh. og senda þá í stjórnarráðshúsið og Arnarhvol. Fyrst þarf að koma sér saman um málefnin, ná samkomulagi um starfsgrundvöll slíkrar stjórnar og tilhögun samstarfsins, líkt og gert var árið 1934. Að þessu vill Alþfl. vinna af heilum hug. Þess vegna skipaði hann sérstaka nefnd þegar í byrjun febrúar til þess að vinna að þessu máli. Eftir að áramótagrein formanns Framsfl. hafði birzt og með hliðsjón af yfirlýsingu hans við vantraustsumræðurnar taldi Alþfl. tilefni gefið til þess að hefja viðræður um þetta efni. Framtíðin verður svo að skera úr um það, hver árangurinn verður. Alþfl. hefur stigið fyrsta skrefið.

Mér hefur þótt rétt að verja svo miklum tíma til þess að gera grein fyrir afstöðu Alþfl. til myndunar svokallaðrar vinstri stjórnar vegna hins mikla umtals um þetta efni, bæði hér á Alþ. og meðal fólks um allt land, alþýðuflokksfólks og fjölmargra þeirra, sem fylgt hafa öðrum flokkum.

Ég hef reynt að segja skýrt og greinilega, hvað fyrir mér vakir í þessu efni, án tæpitungu. Þegar um svo mikilsvert mál er að ræða, eiga landsmenn heimtingu á að vita, hver er afstaða stjórnmálaflokkanna og hvers einstaks þingmanns.

Þá kemur sú spurning: Er nokkur ástæða til stjórnarskipta? Er ekki núverandi ríkisstjórn framfarasinnuð umbótastjórn? Eru ekki atvinnuvegirnir á traustum grundvelli? Er ekki þjóðartekjunum réttlátlega skipt?

Ég mun nú víkja nokkuð að þessu. Þeir, sem hlýddu með athygli á ræðu forsrh. og félmrh. í gærkvöld, munu hafa fengið staðfestingu á því, sem ég oftlega hef haldið fram hér á Alþ. og einnig í útvarpsumræðum. Ræður hæstv. ráðh. voru á þá leið, að Steingrímur Steinþórsson taldi upp allt það, sem gert hefði verið fyrir landbúnaðinn, aukin framlög til byggingarsjóðs, aukin framlög til ræktunarsjóðs, aukin framlög til veðdeildar Búnaðarbankans, aukin framlög til jarðræktar, rafvæðingu sveitanna o. fl., o. fl.

Upptalningin var ekki alveg jafnlöng hjá

hæstv. forsrh., Ólafi Thors. Hann lagði áherzlu á, að stjórnin hefði afnumið höft og hömlur og innleitt frjálsa verzlun. Hann nefndi að þessu sinni ekki neitt, að hún hefði bjargað sjávarútveginum, hann vildi ekki gera það skop að sjálfum sér nú. Hann talaði ekkert um blessun og bjargráð gengislækkunarinnar, heldur varaði í orði kveðnu við slíku sem þjóðhættulegu.

Hvorugur þessi hæstv. ráðh. nefndi með einu orði félagslegar umbætur eða aðgerðir ríkisstj. í þessu efni, er frá var talið það, sem þeir sögðu um húsnæðisfrv. það, sem afgreitt var hér á þinginu í dag og ég ætla jafnvel, ef tími er til, að drepa nokkuð á síðar.

Þessi ummæli hæstv. ráðh. sönnuðu það, sem ég hef haldið fram áður, að samvinna þessara tveggja flokka byggist á — jafnvirðiskaupastefnunni, held ég, að það heiti á verzlunarmáli, á ófínu máli hrossakaupum, eins konar helmingaskiptum, þ. e. a. s. Framsfl. fellst á það, að Sjálfstfl. og íhaldsmenn skuli fá fullkomlega frjálsar hendur í viðskiptamálum og fjármálum. Hins vegar fellst íhaldsflokkurinn á það, að framlög til sveitanna skuli aukin og meira fé veitt þangað en áður var gert. Þetta er jafnvirðiskaupastefna. Af þessu leiðir það, að fjármál og viðskipta- og launamálin eru í höndum íhaldsflokksins. Fjárhagsmálefni þjóðarinnar, sem um leið eru líftaug atvinnuveganna, eru í þeirra höndum og yfirráðin yfir bönkunum, þótt svo heiti, að framsóknarmaður í orði kveðnu hafi lykilinn að ríkissjóði og innheimti tekjur hans, sem ekki er vinsælt verk.

Þá má ekki gleyma því, að afkoma ríkissjóðs segir ekki til um afkomu þjóðarinnar í heild. Afkoma ríkissjóðs er aðeins einn þáttur þjóðarbúskaparins, ekki sá veigamesti, þó að fjárlögin séu há. Þjóðin getur tapað og fjárhagur hennar verið á heljarþröm, þó að ríkissjóður innheimti 100 millj. kr. á ári umfram fjárlög. Einmitt hin hlífðarlausa skattpíning ríkissjóðsins á stórmikinn þátt í fjárhagsörðugleikum atvinnuveganna og alls almennings í landinu, eins og glögglega hefur verið sýnt fram á af samflokksmönnum mínum fyrr í þessum umr.

Með gengislækkuninni 1950 var í raun réttri eignum landsmanna skipt upp að nýju. Þá var ekki mikið verið að hugsa um friðhelgi eignarréttarins. Fasteignaeigendur fengu eignir sínar tvöfaldaðar í verði. Skuldakóngar bankanna fengu skuldir sínar lækkaðar um helming með skjótum hætti. Tugþúsundir alþýðufólks, sem lagt hafði sparifé sitt í bankana, séð þeim þannig fyrir starfsfé og hugðist að safna sér til elliáranna eða til þess að reisa bú og eignast þak yfir höfuðið, urðu að horfa á það án þess að fá rönd við reist, að verðmæti sparifjárins var lækkað með hverjum mánuði. Og þessi töp þeirra sköpuðu gróða fjáraflamanna og skuldakónga. Það, sem af sparifjáreigendunum var tekið, var flutt í hinna vasa. Samhliða gengislækkuninni og í kjölfar hennar voru svo gerðar ráðstafanir til þess að leggja í rúst þær varnir, sem áður höfðu verið reistar gegn ágengni fjármálamanna á pyngju almennings, og allar varnir gegn vexti dýrtíðarinnar. Verðlagseftirlit og hámarksálagning var þegar afnumið, húsaleigulögin og eftirlit með húsaleigu að engu gert, vinnumiðlun lögð niður, vextir hækkaðir, bönkum lokað fyrir þeim, sem leituðu byggingarlána. Svarti markaðurinn var þar með löggiltur, lánastarfsemi okraranna stóraukin og gróðamöguleikar þeirra, eins og nú þegar er viðurkennt af Alþ. sjálfu með skipun okurnefndarinnar nýlega. Engar ráðstafanir voru gerðar til þess að festa eða tryggja hið nýja gengi, engir varasjóðir myndaðir til að mæta sveiflum og festa hið nýja gengi. Þvert á móti, lán var tekið til að auka innflutninginn, feiknum af óþörfum varningi var hrúgað inn í landið; á þeim varningi var mest að græða. Byggingarefnið var skammtað, jafnvel torfengin lóðaréttindi voru gerð að brask- og gróðavöru.

Því fór sem fór. Gengislækkunin kom að engu haldi. Þeir, sem átti að bjarga, útvegsmenn, voru jafnilla settir eftir sem áður. Verðhækkun útflutningsvörunnar var étin upp af verðhækkunum innanlands og auknum framleiðslukostnaði.

Þá var gripið til bátagjaldeyrisins, nýrrar gengislækkunar, og loks til bílaskattsins, sem nú er fjárhagsgrundvöllur togaraútgerðarinnar, eins og kunnugt er.

Þetta er nú traustleiki atvinnuveganna í dag.

Svipað var hlutskipti verkafólks og annarra launþega af hálfu hæstv. ríkisstj. Hver kauphækkun varð fljótlega að engu í flóði vaxandi dýrtíðar, sem framfærsluvísitalan, því miður, er ekki fullkomlega réttur mælikvarði á. Ríkisstjórninni nægði ekki að gera nýja skiptingu á eignum landsmanna, einnig tekjuskiptingunni var breytt. Hlutur verkafólks og launastétta af þjóðartekjunum var lækkaður til þess að auka hlut milliliða, gróðafélaganna. Jafnframt þessu var svo, eins og ég fyrr sagði, stöðvuð þróun félagslegra framkvæmda, sem gerðar höfðu verið til þess að tryggja hag almennings og eðlilega aukningu atvinnumöguleika og framkvæmda, ekki aðeins hér við Faxaflóa, heldur um landið allt.

Á árunum 1928—48 mátti heita stöðug framþróun í félagsmálum á Alþ. Þá var sett löggjöf um kosningarrétt fátæklinga, afnám fátækraflutninga, lágmarkshvíld á togurum, byggingu verkamannabústaða, byggingarsjóði sveitanna, ný lög um réttindi sjómanna, um iðnnám, um skipulega afurðasölu bænda og útgerðarmanna, um orlof, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, um alþýðutryggingar, um almannatryggingar, um verðlagseftirlit, vinnumiðlun, húsaleigueftirlit o. s. frv. Í þessum efnum fylgdum við á þessum árum fordæmi nágrannaþjóða okkar, ýmist urðum þeim samferða eða jafnvel í stöku atriðum heldur á undan. Kjörum launastéttanna þokaði stöðugt í rétta átt. Raunverulegt kaupgildi launanna fór hækkandi. Stundum kostaði þetta átök. Oft tókst þetta þó með samningum án langra vinnustöðvana.

Þessi þróun var stöðvuð árið 1950, þegar framsóknarmenn og íhaldsmenn tóku sameiginlega stjórnartaumana í sínar hendur og áhrif Alþfl. á löggjöf og stjórnarframkvæmdir voru með því að engu gerð. Síðan hefur svo að segja hver till., sem fram hefur verið borin til umbóta á sviði félagsmála, verið svæfð eða drepin. Síðan 1950 hefur Alþfl. borið fram ár eftir ár frv. og till.

í þessa átt. Ég skal nefna lengingu hvíldartíma á togurum upp í 12 stundir, þ. e. a. s. fjórskiptar vaktir; hækkun orlofs úr 15 og upp í 18 virka daga eða orlofsfjárins úr 5% upp í 6%; sömu laun fyrir sömu vinnuafköst, hvort sem konur eða karlar áttu hlut að máli; aukin framlög til verkamannabústaða, togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar; að ríkið sjálft annist sölu á olíum, sem það kaupir til landsins, en láti ekki olíufélögin græða á henni; að reynt verði að koma fram verðlækkunum og takmarka gróða millilliða og álagningu þeirra með frjálsu samkomulagi, ef unnt er, en ef sú leið ekki reynist fær, þá með löggjöf um verðlagseftirlit, hámarksálagningu á vörum og þjónustu og ákveðnu hámarksverði. Enn fremur höfum við flutt hvað eftir annað till. um stofnun atvinnumálastofnunar ríkisins og um atvinnuleysistryggingar, án árangurs. Allar þessar till. hefur hæstv. ríkisstj. eða hennar stuðningsmenn annaðhvort svæft eða drepið.

Eina frv. á sviði félagsmála, sem fram hefur gengið, er húsnæðismálafrv. ríkisstj., sem nefnt var hérna áðan. En um það er það að segja, að það kemur fyrst og fremst eða kannske eingöngu að notum þeim stéttum manna og mönnum, sem eru svo efnum búnir, að þeir geta annaðhvort lagt fram yfir 100 þús. kr. af eigin fé, vaxtalaust, til að eignast íbúð eða eru færir um að greiða yfir 2 þús. kr. á mánuði í húsaleigu, og er þá ljóst, að það er minni hluti þjóðarinnar, sá sem sízt þarf hjálpar við, sem mest not hefur af þessum nýju lögum.

Afleiðing þessara stjórnarhátta hefur svo að vonum orðið sú, því miður, að verkalýðurinn hefur neyðzt til að reyna aðrar leiðir en gegnum Alþ., löggjafarsamkomuna, til þess að koma fram ekki aðeins lagfæringum á kaupi, heldur einnig öðrum félagslegum umbótum.

Á síðustu 30 mánuðum hafa þrjár umfangsmiklar vinnudeilur verið leystar með umbótum á félagsmálalöggjöfinni, með því að auka við almannatryggingarnar. Fyrst er vinnudeilan í desember 1952. Þá tókst eftir 3 vikur að ná samkomulagi um nokkra niðurfærslu á verðlagi og auknar tryggingar til barna og einstæðra mæðra. Snemma á árinu 1954 var kaupdeila sjómanna og útgerðarmanna leyst með því, auk nokkurrar hækkunar á fiskverði, að hækka dánarbætur til eftirlifandi vandamanna sjómanna, einkum ekknanna, mjög verulega. Og nú 1955 er lausn kaupdeilu, sem kostaði 6 vikna vinnustöðvun, fengin með fyrirheiti um löggjöf um atvinnuleysistryggingar, sem þrásinnis, þing eftir þing, hefur verið neitað af ríkisstj. og hennar stuðningsmönnum að taka í mál að leiða í lög.

Eina undantekningin, sem ég veit í vinnudeilum frá þessari reglu, sem ég nefndi, er sú, þegar togaraútgerðarmenn og sjómenn sömdu árið 1954. Sú deila var leyst án lagasetningar. Undirbúningurinn af hálfu þeirra, sem að henni stóðu, sjómannanna, var svo góður, að þeir fengu 30% hækkun og bót á kjörum sínum, án þess að til vinnustöðvunar kæmi. Eitt atriði, sem tekið var upp í þá samninga, var það, að hlutur sjómanna skyldi hækka á þann hátt, að gæðaverðlaun yrðu veitt fyrir meðferð aflans. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., Ingólfi Jónssyni, sem hann sagði hér í gær, að það væri aðeins á Ísafirði, sem þessi regla hefði verið tekin upp. Hún var tekin upp í samninganefnd 1954, og það eru sem betur fer ýmsir togarar hér í Reykjavík, sem einnig hafa notið kauphækkunar gegnum gæðaverðlaunin.

Ég sé, að hæstv. forseti gefur mér auga, svo að ég verð víst að geyma framhaldið.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Málflutningur ríkisstj. í þessum umr. hefur allur mótazt af því annars vegar að hella úr skálum reiðinnar yfir verkfallsmenn, verkalýðssamtökin og kommúnista, sem þeir virðast oftast telja einn og sama aðilann. Sökin er auðvitað sú, að knúðar hafa verið fram kjarabætur til handa vinnandi fólki þvert ofan í vilja stjórnarinnar, sem vönust er því að undanförnu að hafa verkalýðshreyfinguna í hafti og njóta næðis til að mata gæðinga sína á gróða þeim, sem framleiðslustéttirnar skapa.

Það er ekkert óskiljanlegt við það, þótt þeir, sem vanir eru að stjórna með tilskipunum, vakni við vondan draum, þegar þeir finna, að til er í landinu afl, sem er þeim margfalt sterkara, auk þess sem það er þjóðinni þarfara.

Þótt Eysteinn Jónsson og Bjarni Benediktsson færu í 6 vikna frí, — þeir mættu hafa alla hina ráðherrana með sér, — þá mundu engin skip safnast fyrir í höfninni, það mundi ekkert rýra framleiðsluna, það mundi ekkert ske og fáir veita því athygli. En þegar verkalýðurinn leggur niður vinnu, þá fer það ekki fram hjá neinum, því að allt byggist á hans starfi, og það væri eðlilegra, að verkalýðurinn eða fulltrúar hans gæfu út lög og reglugerðir en þeir þjónar auðvaldsstéttarinnar, sem nú sitja á ráðherrastólum.

Þetta óttast þeir líka að geti orðið og reyna að fara hrakyrðum um viðleitni Alþýðusambandsins til þess að koma á stjórnarsamstarfi, sem ætti rót sína í verkalýðshreyfingunni. Auk froðufellingar hæstv. dómsmrh. reyndi hæstv. forsrh., Ólafur Thors, í gær að telja það fjarstæðu, að hin vinstri sinnuðu öfl í landinu gætu átt samstöðu um stjórn, svo skiptar skoðanir sem í þeim herbúðum séu. Sjálfur hefur þessi ráðh. eitt sinn myndað stjórn með tveimur flokkum, er hafa sósialistíska stefnuskrá, og mun þar sízt hafa skort ágreiningsefni. Það var þó langsamlega giftudrýgsta ríkisstjórn, sem með völd hefur farið á Íslandi á síðustu tímum.

Tilraunum Alþýðusambandsins til þess að kanna grundvöll fyrir verkalýðssinnaða ríkisstj. hefur verið ágætlega tekið, og hafa mörg verkalýðsfélög sent Alþýðusambandinu þakkir sínar fyrir þetta frumkvæði. Ekki eru það sízt verkalýðsfélögin í sveitum landsins, sem hvetja Alþýðusambandsstjórnina til að láta einskis ófreistað um það að sameina vinstri öflin.

Það verður ekki á milli séð, hvorir framar standa í ósæmilegri framkomu, flokksmenn forseta Alþýðusambands Íslands, sem varna honum máls í þessum umr., eða íhaldsmennirnir, sem hrakyrða hann fyrir stéttvísa afstöðu í heildarsamtökum alþýðunnar, vitandi það, að hann á þess ekki kost að svara fyrir sig eða samtök

þau, sem hann veitir forstöðu. Þetta ber þó ekki svo að skilja, að verkalýðshreyfingin standi ekki jafnrétt fyrir ámælum ráðherranna.

Einn þm. stjórnarandstöðunnar, hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, hefur að vísu gefið ríkisstj. dálítið blóð á tönnina í stríði hennar gegn verkalýðshreyfingunni. Sá hv. þm. stóð fyrir þeirri stefnu, sem flokkur hans tók upp á byrjunarstigi hinnar nýleystu vinnudeilu, að mótmæla kröfum verkamanna og reyna að gera þær tortryggilegar. Héldu þá margir, að fremur væri þar um að ræða flumbruhátt þessa hv. þm. en beina flugumennsku á vegum fjandmanna verkalýðsstéttarinnar, en þegar það bætist nú við, að hann túlkar árangur verkfallsins með hreinum fölsunum, þá sleppur hann ekki undan þeim grun, að aðrir og alvarlegri hlutir liggi að baki hegðun hans en fljótfærnin ein.

Þm. sagði, að til þess að njóta allra kjarabótanna, sem verkalýðsfélögin unnu, þyrftu menn allt í senn, að vinna fulla vinnu, vera atvinnulausir og veikir. Það skal til leiðréttingar fram tekið, að sjóður atvinnuleysistryggingannа verður eign verkalýðsfélaganna og 1% greiðslan til að mæta hugsanlegum sjúkrakostnaði greiðist án tillits til þess, hvort um veikindi er að ræða eða ekki. Læt ég svo útmælt um liðveizlu þessa þm. við stjórnina.

Hins vegar reynir stjórnin að afsaka gerðir sínar með því, að afkoma manna sé betri nú en nokkru sinni áður og atvinna sé yfirdrifin. Að svo miklu leyti sem í þessu felst sannleikur, þá er það stjórninni að þakkarlausu.

Nýsköpunarstjórnin, sem sumir ráðh. þessarar stjórnar telja ekki til þakkarskuldar við, lagði grundvöllinn að því, sem nú er blómlegast í atvinnulífinu, með því að láta að mestu smíða landsmönnum nýjan skipastól og leggja grundvöll margra iðjuvera. Á hinn bóginn hafa Bretar, samstarfsþjóð íslenzku ríkisstj. í Atlantshafsbandalaginu og efnahagssamvinnu Evrópu, með löndunarbanninu þrýst okkur til þess að leita með stóran hluta afurðanna á ágætan markað í Austur-Evrópulöndum, og við tilkomu þeirra viðskipta lifnaði allt efnahagslíf hér úr dái. Þetta er vissulega kaldhæðin staðreynd fyrir ríkisstj., sem hefur léð land okkar til árásarundirbúnings gegn beztu viðskiptavinunum, og er nú augljóst mál, að þann dag, sem viðskiptatengsl okkar við löndin austan tjalds rofna, þá er runnið hér upp geigvænlegt kreppuástand.

Velgengni og góðæri er því ekkert, sem ríkisstj. hefur skapað. Lán okkar er í því fólgið, að vinir stjórnarinnar hafa óvart komið fyrir hana vitinu með því að reka í hana hornin.

Tilvera íslenzku þjóðarinnar, framtíð hennar, vöxtur og viðgangur byggist á starfi þegnanna, vinnu þeirra með huga og hönd í þjónustu framleiðslu og framfara. Þetta eru svo augljós sannindi, að næsta ólíklegt má telja, að nokkur mótmæli þeim í orði, en íslenzkir valdhafar mótmæla þeim þó í verki með stjórnarathöfnum sínum og löggjöf. Íslenzka ríkisstj. og sá þingmeirihluti, sem hana styður, sanna það, að hugðarefni þeirra eru allt önnur en þau að meta maklega störf íslenzkra þegna eða efla framleiðslu íslenzkra verðmæta. Það er engu líkara en að ríkisstj. telji heill þjóðarinnar og búsæld í landinu helzt byggjast á því, að goldnir séu háir vextir af skuldum, stórverzlunin sé bundin einkarétti og afhent vildarvinum ráðh.; skattar og tollar séu hóflausir á vinnandi fólki, en gróðafélög landsins séu ýmist alveg undanþegin skatti eða þeim gefinn ríflegur greiðsluafsláttur frá því, sem skattreglur í lögum ákveða.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd úr þeirri ávirðingaskrá, sem hæstv. ríkisstj. lætur sögunni eftir sig, eru aðeins örfá óveruleg brot úr heildarregistrinu. En því eru hér ekki fleiri rakin, að tími mun vart til endast, því að dæmi skulu til nefnd um hvert eitt, svo að ljósara verði, að í engu er máli hallað, enda væri það illt verk að bæta ósönnum illmælum ofan á ríkisstj., sem til svo margra hefur unnið með sannindum.

Sem dæmi þess, hve óralangt ríkisstj. er frá því að virða heiðarleg störf þegnanna, er vert að athuga þær aðstæður, sem sjómenn búa við í dag. Frá fornri tíð hefur sá háttur verið á hafður, að sjómenn bátaflotans hafa tekið kaup sitt sem ákveðinn og fyrir fram umsaminn hlut af afla. Svo er enn, og samkv. kjarasamningum þeim, er gilda á vélbátaflotanum, eru sjómennirnir eigendur 40—50% alls þess afla, sem vélbátarnir skila á land.

Ríkisstj. lætur sem hún viti ekki af þessari staðreynd. Hú telur sig stundum gera ráðstafanir til að styðja hag fiskeigenda, en þess gætir hún jafnan, að þær hagsbætur taki ekki til sjómanna, heldur einungis til annarra fiskeigenda.

Gleggsta dæmi um þetta er bátagjaldeyrisreglugerð stjórnarinnar. Þar er vissum stjórnargæðingum, þ. e. stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, fenginn réttur til að selja hluta af gjaldeyri þeim, sem inn kemur fyrir fisk og fiskafurðir bátaflotans, með verulegu álagi. Ágóðinn af þessu á svo að verða til að hækka fiskverð, og hefði nú mátt ætla, að slík verðhækkun ætti að koma öllum fiskeigendum til hagræðis að jöfnu. En sú er ekki raunin á.

Gjaldeyrissalarnir og einkavinir stjórnarinnar neita að viðurkenna rétt sjómanna til síns hluta af þessum ágóða og telja sig eina og sína skjólstæðinga eiga hann. En þótt sá kunni að hafa verið tilgangur stjórnarinnar í ráðabrugginu að setja lægra verð á þann fisk, sem goldinn er sjómönnum í kaup, en greitt er fyrir fisk annarra, þá var svo ótryggilega frá ráninu gengið, að dómstólar þeir, sem um það hafa fjallað, hafa á einn veg dæmt, að full hlutdeild sjómanna í bátagjaldeyriságóða sé samkv. kjarasamningum sjómanna í Vestmannaeyjum óyggjandi. Þeir samningar voru í gildi fyrir árin 1951, 1952 og 1953, án þess að sjómenn næðu hlut sínum, og enn hafa þeir ekki fengið uppgjör samkv. rétti sínum, þótt staðfestur sé af hæstarétti. Er nú ekki annað sýnna en að til vinnudeilu muni enn koma vegna þessara samningsrofa, því að vart getur það talizt fær leið að sækja til dóms mál hvers einstaks sjómanns fyrir hvert ár um sig, og þá fyrst í héraði og síðan í hæstarétti.

Til að freista þess að forða framleiðslutruflunum, sem af þessu geti leitt, hef ég á tveim þingum flutt þáltill. um, að ríkissjóður taki að

sér að inna vangreiðslurnar af hendi til sjómanna og innheimti þær síðan hjá viðkomandi útgerðarmönnum eða útgerðarfélögum. En liðsmenn stjórnarinnar hafa ekki getað á þetta fallizt. Í fyrra töldu þeir rétt að bíða eftir hæstaréttardómi um málið, en nú lá sá dómur fyrir, og varð afsökun þeirra nú sú ein, að þetta mundi valda ríkissjóði nokkrum útgjöldum. Þar með hafa þeir sýnt, hver réttlætiskennd þeirra er, þegar íslenzkir sjómenn eiga hlut að máli.

Ef einhverjir aðrir aðilar verða fyrir tjóni, sem að einhverju má rekja til samskipta þeirra við ríkissjóð, þá er þeim yfirleitt bættur sá skaði. T. d. þegar einhverjum braskara mistekst að græða á Súðinni, eftir að hafa keypt hana af ríkissjóði, þá er samþykkt að greiða honum meðlag með því skipi ár eftir ár, og er ein slík meðlagsgreiðsla á fjárlögum yfirstandandi árs, þótt skipið sé löngu komið til fjarlægrar heimsálfu og snúi kjölnum að okkar landi á siglingu sinni.

En þótt níðzt sé árum saman á íslenzkri sjómannastétt þvert ofan í lög og rétt og sannað sé, að ríkisstj. hafi sjálf lagt grundvöllinn að rangsleitninni, þá þykir ekki vert að valda ríkissjóði neinum útgjöldum til að bæta sjómönnum þeirra tap. Þar á móti setur stjórnin upp friðarásjónu og fyllist vandlætingu yfir illsku mannanna og þrætugirni, ef sjómenn reyna sjálfir í krafti stéttarsamtaka sinna að ná samningum um sölu á aflahlut sínum þannig, að verðmæti hans nálgist það, sem aðrir fiskeigendur bera úr býtum.

Þótt ráðherrar tali fagurlega um sjómannastéttina úr ræðustóli sjómannadagsins, þá sýnir þetta dæmi um ráðstöfun bátagjaldeyriságóðans, hvers stjórnin metur hin þörfustu störf, sem framkvæmd eru í þjóðfélaginu.

Hvað gerir svo ríkisstj. til að örva framleiðsluna og búa í haginn fyrir heilbrigða þróun atvinnuveganna?

Til þess að fá svör við þessu er vert að skyggnast örlítið frekar um í málefnum sjávarútvegsins.

Þótt þegar hafi verið rakið, hvernig gengið er frá því með sérstökum hætti af hálfu stjórnarvaldanna, að verstum kjörum um afurðasölu skuli sjómenn sæta, þá er þó fullkomin ástæða til að ætla, að óbreyttir útvegsmenn fái ekki heldur nema hluta þess verðs fyrir sínar afurðir, sem þeir gætu fengið, ef öll kurl kæmu til grafar. Þetta sést m. a. á því, að Norðmenn borga jafnan hærra fiskverð til sinna framleiðenda en hér er gert, og er þeirra fiskur þó smærri og lélegri en fiskurinn á Íslandsmiðum.

Verðmunurinn í Noregi og hér nemur oft mjög miklu, en er dálítið breytilegur frá ári til árs. Í vetur komst fiskverð í Noregi í kr. 2.05 kg fyrir slægðan og hausaðan fisk. Tilsvarandi verð hér til útvegsmanna mun vera kr. 1.70 til kr. 1.80, en kr. 1.59 til kr. 1.63 til sjómanna.

Lægra fiskverð hér en í Noregi getur vart stafað af öðru en því, að þeir, sem hafa á hendi útflutning og sölu okkar fiskafurða, en það eru að mestu sérstakir, útvaldir einokunarkaupmenn ríkisstjórnarinnar, eru annað tveggja ekki vandanum vaxnir, þannig að þeir gera lakari sölusamninga en Norðmenn ná, eða hitt, að þá skortir ráðvendni til að koma réttum hluta andvirðisins til framleiðenda, nema hvort tveggja sé.

Það er eitt dæmi um vinnubrögð Sambands ísl. fiskframleiðenda, en svo nefnist einokunarhringur sá, sem ríkisstj. hefur falið saltfisksölsuna, að á yfirstandandi ári greiðir hann ítölskum fiskkaupmönnum 37 þús. sterlingspund eða um það bil 7 millj. ísl. króna í skaðabætur fyrir að hafa látið falan til Ítalíu meiri fisk en til reyndist í landinu á s. l. ári, og telja stjórnendur þessa fyrirtækis þetta borga sig betur en að láta fisk af þessa árs framleiðslu upp í það, sem á samninga vantaði í fyrra. Svo mikla verðhækkun telja þeir á saltfiski í ár. En á sama tíma og verið er að greiða þessar skaðabætur til þess að komast hjá því að selja Ítölum nema takmarkað fiskmagn, þá liggur S. Í. F. svo mikið á að láta velja stærsta og bezta fiskinn úr saltfisksframleiðslu s. l. marzmánaðar hér heima handa Norðmönnum, að í aflahrotunni í s. l. mánuði var unnið að því dag og nótt á tímabili að pakka hinum íslenzka úrvalsfiski, sem nú var seldur til Noregs, þar sem Norðmenn fullverka hann og bæta sína framleiðslu með honum, flytja hann síðan út sem norskan fisk og keppa þannig við íslenzka fiskframleiðendur um saltfisksmarkaðina.

Ekki hefur annars orðið vart en að ríkisstj. láti sér þessi vinnubrögð vel líka. En sú stjórn, sem hefur þessar staðreyndir fyrir augum og horfir auk þess upp á það, að mestur hluti íslenzkrar útgerðar skilar reikningum, sem sýna mikinn taprekstur, og hefst samt ekkert að, meira að segja telur enga aðra en nefndan einokunarhring koma til mála sem aðila að saltfisksútflutningi, hefur ekki mikinn áhuga á að efla framleiðslu íslenzkra verðmæta.

Þetta tvennt, vanmatið á rétti hins íslenzka vinnandi fólks og tillitsleysið við málefni þess atvinnuvegar, sem skapar mestöll gjaldeyrisverðmæti þjóðarinnar, eru atriði, sem ríkisstj. finnast harla góð þann veg, sem þau nú eru. Um þau þarf engin ný lög og engar nýjar reglugerðir að hennar dómi.

Hvað er það þá, sem stjórnin gerir um þessar mundir, og að hverju miða athafnir hennar?

Til þess að ekki sé nú valið til athugunar af þeim endanum, sem stjórninni kynni að finnast verr gegna, er vert að líta á tvö óskabörn hennar, þ. e. löggjöf yfirstandandi þings í húsnæðismálum og skattamálum.

Húsnæðismálin hefur stjórnin haft í burðarliðnum, síðan hún var mynduð fyrir rúmu hálfu öðru ári, en fæðingin var svo erfið og seingeng, að það eru einungis tvær eða þrjár vikur síðan Alþ. gat séð svipmótið á þessu afkvæmi stjórnarinnar, og það þurfti ekki lengi að virða það fyrir sér til að finna á því svipmót foreldrisins. Meginefni þess er sem sagt ekki fyrst og fremst að tryggja hæfilegar byggingarframkvæmdir í landinu, heldur hitt, að tryggja þeim, sem lána fé til bygginga, hærri vexti af fé sínu en áður hafa tíðkazt.

Lánadeild smáíbúðarhúsa hefur að undanförnu lánað fé til bygginga með 6% útlánsvöxtum, og lífeyrissjóðir ýmissa starfsmanna hafa einnig lánað út á þeim kjörum. En nú, þegar ríkisstj.

Íslands freistar þess að koma upp veðlánakerfi til húsbygginga, þá er það höfuðboðorð þess kerfis að hækka hina almennu vexti lánanna í 7 eða 7¼%. Húsnæðislög stjórnarinnar gera ráð fyrir því, að byggingarlán séu greidd upp á 25 árum í jafngreiðslum. Sá, sem byggir sér meðalstóra nútímaíbúð, þ. e. 350 m³ íbúð, og fær til þess öll lán á þeim kjörum, sem stjórnarlögin móta, hlýtur að horfast í augu við þetta reikningsdæmi: Íbúðin kostar samkv. reykvískum byggingarkostnaði 262 þús. kr., mánaðarleg greiðsla vaxta og afborgana af þeirri upphæð er 1860 kr., rafmagn, hitunarkostnað, opinber gjöld og viðhald er vart hægt að reikna minna en 640 kr. á mánuði, eða húsnæðiskostnað samtals kr. 2500 á mánuði. 2500 kr. mánaðarlegur húsnæðiskostnaður var till. ríkisstj., lögð fram á sama tíma og mánaðarlaun verkamanns fyrir 8 stunda vinnu voru 2976 kr., og fyrir þá íbúð, sem kostar 262 þús. kr., ber á 25 árum að greiða 558 þús. kr., eða með öðrum orðum: Með stjórnarkjörunum á ekki einasta að borga húsnæðisverðið einu sinni og ekki bara tvisvar, heldur nokkuð á þriðja húsverð, þ. e. húsverðið með 112—113% álagi, og er þó miðað við, að ekki verði nein vísitöluhækkun. En með því að nokkur hluti lánanna á að vera með vísitölutryggingu til handa lánveitanda, þá gæti svo farið, að gjöld lántakanda yrðu miklum mun meiri en hér er gert ráð fyrir.

Það hlýtur að þurfa mjög harðsoðna stjórnarliða til að kalla það lausn á húsnæðisvandamálunum að gera þeirri kynslóð, sem byggir íbúð, sem standa á í öld eða máske í margar aldir, að borga hana tvisvar og meira en það á aldarfjórðungi.

Það, að ríkisstj. skuli leyfa sér að líta á húsnæðislöggjöf sína sem lausn á húsnæðisvandamálunum, sýnir bezt, hvað hún telur sér skylt að leysa. Henni er sama, þótt það fólk, sem skapar verðmæti þjóðarinnar, hafi ekki efni á að búa í húsum. Slíkt er ekki hennar vandamál, heldur aðeins hitt, að eigendur fjármagnsins, sem byggt er fyrir, séu tryggir með að hafa vel upp úr fé sínu.

Þegar arður lánveitenda hefur þannig verið hækkaður, gerir stjórnin sér von um, að nokkuð muni rýmka um á lánamarkaðinum og fleiri geti átt þess kost að fá byggingarlán en verið hefur. Þó er stjórnin ekki öruggari en svo um, að þörfinni verði fullnægt, að hún þorir með engu móti að sleppa af þeirri harðpólitísku einokun, sem komið var á um úthlutun smáíbúðalánanna, þar sem einungis fulltrúar frá stjórnarflokkunum úthluta lánunum. Hin nýju lán eru því öðrum þræði greinilega hugsuð sem eins konar vinargreiði af hálfu valdhafanna, þótt þau í rauninni séu afarkostir og þeir húsbyggjendur bezt komnir, sem ekki þurfa á stjórnarvináttunni að halda.

Í hinu nýja lánakerfi er líka dyggilega fylgt þeirri meginreglu nútímalöggjafar að ætla þeim mönnum, sem búsettir eru utan höfuðborgarinnar, ekki meira en svo sem hálfan þegnrétt. Þeir geta að vísu sótt um lán og sent pappíra sína til Reykjavíkur. En ef að líkum lætur, þá tekst hinum reykvísku skrifstofum að finna einhverja formgalla á fyrstu, annarri og máske þriðju umsókn, svo að afgreiðsla hennar getur dregizt og beðið, meðan þeir aðilar, sem sjálfir hafa aðstöðu til þess að fylgja sínum málum eftir, knýja fram afgreiðslu þeirra. Þegar svo loks fást fram úrslit um aðsenda umsókn, þá verður viðkomandi lántakandi að verða sér úti um umboðsmann í höfuðstaðnum, senda honum umboð og margþætt skilríki til þess að veita lánsfénu viðtöku, eða axla sjálfur skinn sín á heimahlaði og takast ferð á hendur til að nálgast lánið, því að þrátt fyrir öll bankakerfi landsins, póstþjónustu og hvað eina, sem landsmönnum á að vera til hagræðis, þá hefur ríkisstj. ekki uppgötvað möguleika til þess að koma lánsfénu í hendur manna utan Reykjavíkur annan en að láta þá sjálfa sækja það í Landsbankann við Austurstræti.

Ríkisstj. hóf bein afskipti af byggingarmálum árið 1947. Síðan hefur sama stjórnarstefna ríkt, en hefur aðeins tekið nokkrum myndbreytingum. Hún byrjaði með því að banna mönnum blátt áfram að byggja. Síðan hefur hún guggnað á því, en torveldar þar á móti byggingar með ýmsu móti og nú síðast með því að færa byggingarlánakjörin til hins mesta óhagræðis. Á hinn bóginn kemst stjórnin ekki hjá að viðurkenna það öngþveiti, sem húsnæðismálin eru nú komin í víða. N. sú, sem rannsakaði þessi mál á vegum stjórnarinnar, telur, að byggja þurfi 900 íbúðir árlega næstu árin. Í öllum blómlegri byggðum landsins er nú húsnæðisskortur, nema þar sem samtök fólksins hafa haft lög stjórnarvaldanna að engu. Þar eru húsnæðisvandamálin næst lausn sinni.

Öll reynsla byggingarmálanna á liðnum árum hnígur að því, að Alþ. hefði átt að reka pappíra eins og húsnæðisfrv. ríkisstj. aftur til föðurhúsanna og semja sjálft l., sem miðuðust við húsnæðisþörf fólksins í landinu, en ekki við hagnað peningaeigenda af lánum.

Í skattamálum raupar stjórnin stundum af því að hafa lækkað skatta. Ekki verða það talin fullkomlega tilhæfulaus ósannindi, heldur mætti kalla það stjórnarsannleika, en það er nánar til tekið frásagnarmáti, þar sem korn af sannleika er notað til að pretta auðtrúa fólk til að leggja trúnað á miklar fjarstæður.

Á síðari árum hafa skattamál stöðugt færzt í það horf, að óbeinu skattarnir, þ. e. tollar, vörugjöld og gjöld af alls konar þjónustu, hafa sífellt orðið meiri og stærri liður í heildarþegnskyldu landsmanna, en tekjuskattur og eignarskattur um leið stöðugt minni hluti gjaldanna.

Á síðasta þingi var gjaldstigi hins beina tekjuskatts lækkaður svolítið, en sú lækkun nemur mjög óverulegri upphæð. Þar á móti voru stórlega hækkaðir ýmsir aðrir tekjustofnar ríkisins, sem innheimtast sem skattar af þegnunum, svo sem gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, stimpilgjöld o. fl. En hin raunverulega skattalækkun stjórnarinnar er fólgin í því að sleppa gróðafélögum undan ákvæðum skattalaganna.

Á þessu þingi hefur ríkisstjórnarliðið samþ. að undanþiggja Eimskipafélagið alveg frá skattgreiðslum og gefa öllum öðrum gróðafélögum eftir fimmta part af skatti þeim, sem lög gera þó ráð fyrir að þau beri. Skerðir þetta auðvitað

tekjur ríkissjóðs um nokkrar millj. kr., sem hinir óbreyttu þegar fá að borga í óbeinum sköttum og hækkuðum vöxtum af skuldum sínum og eftir ýmsum leiðum, sem stjórnarvöldin finna til að draga vinnuarð alþýðunnar til sín.

Þau mál, sem ég hér hef drepið á, eru aðeins fá af mörgum, sem vert væri að rekja. En það er næstum sama, hvar á stjórnarathafnir núverandi stjórnar er litið. Alls staðar blasir við sama staðreyndin: Hún miðar gerðir sínar við hag auðstéttarinnar og virðir að engu hin þjóðnýtu störf þegnanna, og þjónusta hennar við framleiðsluna er harla bágborin.

Slík stjórn er í hrópandi ósamræmi við hag þjóðarinnar. Hún er þjóðinni fjötur um fót. Hún er óþrifnaður á þjóðarlíkamanum.

Það er svo sagt, að um skeið hafi Íslendingar lítt um það fengizt, þótt óværð væri á kroppi þeirra. Þá var gullöld fyrir blóðsugur. Þeir tímar eru nú sem betur fer að baki. En á stjórnmálasviðinu hefur íslenzka þjóðin nú um skeið vanrækt að taka sér þrifabað. En tímabil stjórnmálalegra óþrifa á sér líka takmörk, og nú sjást þess vissulega nokkur merki, að því fari að ljúka. Íslenzk alþýða gerir þá kröfu að fá að njóta þess, sem hún aflar, og það er hennar réttur. En til þess að svo geti orðið, verður yfirdrottnun auðstéttarinnar að ljúka og við að taka stjórn, sem virðir störf þegnanna, virðir vinnu þeirra með huga og hönd í þjónustu framleiðslu og framfara. — Góða nótt.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Það er tvennt, sem hefur vist átt að vera þungamiðjan í þessu eldhúsi af hálfu andstæðinga okkar sjálfstæðismanna, bæði í gærkvöld og í kvöld: Í fyrsta lagi: Núverandi ríkisstj. er óalandi og óferjandi, hefur skipulagt verðbólgu, vaxandi dýrtíð og hallarekstur atvinnuvega, skattpínt þjóðina, sóað fjármunum hennar, spillt verzlunarháttum, brugðizt í húsnæðismálum, ofurselt landið, stofnað vísvitandi til verkfalla, undirbúið eftir ameríska fyrirmynd það allsherjarhrun, sem blasir alls staðar við. Og síðasti ræðumaður sagði, að stjórnin væri nú að eyðileggja saltfisksmarkaði okkar, enda væri hún óþrifnaður á þjóðarlíkamanum, eins og hann komst að orði. Í öðru lagi: Þar sem stjórnin er svo slæm, verður að skipta um stjórn. Og þá hefur manni skilizt, að eina ráðið sé að sameina hin góðu öfl hv. stjórnarandstöðu, sem reyndar er ekki nóg. Til viðbótar verður annar hinna voðalegu stjórnarflokka, Framsfl., að sjá að sér, sem formaður hans, Hermann Jónasson, virðist reiðubúinn til, þegar hið sundraða lið vinstri aflanna er reiðubúið til að safnast undir væng hans. Þá á „renessansinn" eða endurfæðingin í íslenzkum stjórnmálum að vera fram undan með myndun hinnar margumtöluðu vinstri stjórnar.

Lítum á fyrra atriðið, getsakirnar, sem ríkisstjórn og stuðningsflokkum hennar eru gerðar.

Emil Jónsson reið á vaðið og aðrir stjórnarandstæðingar fylgdu á eftir og staðhæfðu, að í tíð stjórnarinnar hefðu Íslendingar sett heimsmet í dýrtíðarhækkun. Vísitalan var 159 stig í septembermánuði 1953, þegar núverandi stjórn tók við. Hún er nú 162 stig í aprílmánuði 1954. Þetta eru staðreyndirnar. Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir úrræðum til að sporna við hallarekstri bátaútvegs og togaraútgerðar og andstæðingarnir ekki bent á önnur úrræði, en rekstur atvinnuveganna hefur að öðru leyti verið mjög blómlegur.

Andstæðingarnir segja, að stjórnarsinnar hafi skattpínt þjóðina. Þvert á móti hafa orðið straumhvörf í skattamálum í tíð núverandi stjórnar, eins og bæði forsrh. og fjmrh. minntu á. Er það framhald af ályktun þingsins um endurskoðun skattalaga eftir till. sjálfstæðismanna og var eitt af samningsatriðum við stjórnarmyndunina. Allt að 29% lækkun á beinum sköttum almennings afgreidd á síðasta þingi, skattfrelsi sparifjár lögleitt og sparifé ekki framtalsskylt. 20% lækkun til bráðabirgða á sköttun félaga og atvinnurekstrar, en framhaldslausn í undirbúningi fyrir næsta þing.

Fjármunum hefur verið sóað, allt of mikilla tekna aflað handa ríkissjóði, er sagt. Hreinn greiðsluafgangur ríkissjóðs á s. l. ári, sem er eina heila reikningsár núverandi stjórnar, var 35 millj. kr. Honum er nú ráðstafað eins og Vilhjálmur Hjálmarsson gerði grein fyrir hér áðan. Eru aðalatriðin þannig, að varið er 8 millj. til ræktunarsjóðs, 8 millj. til fiskveiðasjóðs, 4 millj. til veðdeildar Búnaðarbankans, 3 millj. til útrýmingar heilsuspillandi íbúða á árinu 1955, og 6 millj. eru lagðar til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga. Af þessu mega menn sjá sóun fjármunanna.

Hefur stjórnin spillt verzlunarháttunum, eins og sagt hefur verið? Það ætti þá að felast í því að halda áfram þeirri stefnu að gefa verzlunina frjálsa, sbr. lög frá síðasta þingi um skipan innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmála, — — eða felst það kannske í því að hafa ekki innleitt aftur vöruskömmtunarkerfi, biðraðir og svartan markað, sem því miður voru ein höfuðeinkenni fyrstu stjórnar Alþfl. á Íslandi í verzlunarmálum? Alþýðan man enn þá tíð. Menn óska ekki afturhvarfs. Enda þótt hámarksverðlag láti vel í munni, er það almennt lítils virði, þegar varan fæst ekki á því verði, en svartur markaður ræður verðmyndun, eða vöruna skortir með öllu. Nægjanlegt vöruframboð með þar af leiðandi samkeppni verður neytandanum hagkvæmast til heilbrigðrar verðmyndunar, ef hann aðeins hirðir sjálfur að hagnýta sér kosti hinna frjálsu viðskipta.

Stjórnarandstæðingar eru ókvæða yfir aðgerðum ríkisstj. og flokka hennar í húsnæðismálunum, hafa meira að segja setið hjá eða greitt atkvæði á móti löggjöf ríkisstj. á þessu þingi um veðlán til íbúðabygginga o. fl. Karl Guðjónsson, síðasti ræðumaður, var einn þeirra, sem greiddu atkvæði á móti löggjöfinni, og hafa hlustendur nú heyrt í honum tóninn. Sannarlega sór þessi hv. þm. sig í ætt við hina neikvæðu niðurrifsstefnu kommúnista. Af hverju stafar andstaðan? Hún er vegna þess, að hér er nýmæli til umbóta, en slíkt er kommúnistum þyrnir í augum. Það eru mér ný sannindi, að það sé verra en ekki að fá 7% lán til 25 ára til íbúðabygginga. Þeim, sem nokkur kynni hafa haft af þessum málum á undanförnum árum, finnast þetta harla einkennileg sannindi, og mega kommúnistar sannarlega verma sig við eldinn af slíkum vísdómi.

Ríkisstjórnin og flokkar hennar byrjuðu á því nokkrum mánuðum eftir að stjórnin var mynduð að afnema fjárhagsráð og innleiða byggingarfrelsi til íbúðabygginga. Á s. l. ári var lánadeild smáíbúða aflað 20 millj. kr. til aukinna útlána. Nú hafa verið samþykkt lög um varanlegar úrbætur, sem ég skal ekki rekja að öðru leyti en því, að í þeim felst margra tuga milljóna króna aukið lánsfé til íbúðabygginga, grundvöllur lagður að varanlegu veðlánakerfi, stuðlað að umbótum í byggingariðnaði og ákveðin opinber framlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Afleiðingarnar eru þegar fyrir hendi.

Hið aukna byggingarfrelsi með afnámi fjárhagsráðs varð upphaf nýrra átaka í byggingarmálunum af hálfu framtakssamra og dugmikilla einstaklinga, sem biðu þess með óþreyju að fá óhindraðir að glíma við erfiðleikana. Fjárhagsráð hafði ráðgert fjárfestingu í íbúðabyggingum á árinu 1954 140 millj. kr. Fólkið byggði íbúðir á s. l. ári fyrir 245 millj. kr. Um nýtt lánsfé peningastofnana var þá aðeins að ræða 25 millj. til smáíbúða, sem ég gat um áðan.

Í árslok 1954 voru í byggingu á öllu landinu 2342 íbúðir, og er það langtum meira en nokkru sinni áður. Í Reykjavík einni voru í byggingu 1343 íbúðir 31. marz s. l. Íbúðir, sem lokið var við í Reykjavík á árinu, jukust um 43%, miðað við árið áður, og nærri 80%, miðað við árið 1951.

Það mátti líka heyra á Emil Jónssyni, sem talaði hér í gærkvöld, að honum ofbauð öll þessi framtakssemi, þegar hann sagði orðrétt: „Hin öra fjárfestingarstarfsemi sker úr um stjórnarstefnuna“ — þ. e. a. s. ófarnað hennar, að hans dómi.

Bæjarstjórn Reykjavíkur færði sér í nyt gefin fyrirheit um aukið lánsfé til íbúðabygginga, hófst handa þegar á s. l. ári með víðtækum áformum í trausti þess, sem verða vildi. Nú launar sig sú fyrirhyggja. Skipulagt hefur verið raðhúsahverfi með allt að 200 íbúðum, mest fjögurra herbergja. Fyrstu 45 íbúðirnar eru senn fokheldar, verið að bjóða út til viðbótar 58 íbúðir, einnig undirbúnar framkvæmdir íbúðabygginga í fjölbýlishúsum, fyrst um sinn 48 tveggja og þriggja herbergja íbúðir. Þannig hafa hinar nýju fyrirætlanir í lánsfjármálum gert kleift að hefjast handa um byggingu og undirbúning 150 íbúða af hálfu bæjarstjórnar Rvíkur, sem fyrst og fremst eru miðaðar við að uppfylla þau fyrirheit, að hægt sé að útrýma herskálum á næstu fimm árum og aðstoða aðra, þar sem þörfin er mest aðkallandi. Samkv. áætlun bæjarstjórnar og nýsettri löggjöf ættu að vera til ráðstöfunar hér í Reykjavík á næstu fimm árum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum allt að 25 millj. kr., framlög ríkis og bæjarsjóðs samanlagt, og kostur lánsfjár í sama skyni allt að 50 millj. kr., eða alls 75 millj. kr. Hér er myndarlega áformað til þeirra framkvæmda, sem einna sárast kalla að, að rifnir verði allir herskálar og heilsusamlegar íbúðir byggðar þeirra í stað.

Ómerkja þessar staðreyndir sleggjudóma margra stjórnarandstæðinga í þessum umræðum, að engin viðleitni sé sýnd til þess að hjálpa hinum efnaminni. Enn fremur fær ekki staðizt það, sem fullyrt hefur verið, að alveg hafi verið skilin eftir byggingarstarfsemi verkamanna. Í 7. gr. hinna nýju lánalaga eru ákvæði um það, að byggingarsjóði verkamanna verði lánað aukið starfsfé úr hinu nýja veðlánakerfi. Mun reynslan skera úr því. En tilgangur þess sjóðs er einmitt að lána þeim lægst launuðu. Þarf að vísu að tryggja betur en verið hefur, að svo sé, því að eftir lánareglum byggingarsjóðs er um að ræða stórkostleg hlunnindi, sem líkja má við beina styrki til þeirra, sem þeirra njóta. Ef ríkissjóður t. d. legði byggingarsjóði 10 millj. kr. og þyrfti að afla þess fjár með 7% vöxtum, og enda þótt það væri til 42 ára, gæti sjóðurinn ekki endurgreitt með sínum lánareglum — 42 ára lán, 2% vextir — nema 48% lánsins og aðeins 62% lánsins með 3½% vöxtum, sem nú eru ákveðnir. Samsvarar þetta því, sem hæstv. landbrh. gerði grein fyrir varðandi vaxtakjör ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitanna.

Á sama tíma sem þessar staðreyndir liggja fyrir, tala svo þingmenn hér í umræðum um það, að af þessum ógurlegu vaxtakjörum, að hækka vextina um 1½%, á sama tíma sem innlánsvextir og útlánsvextir hafa hækkað miklu meira, frá því að þessi ákvörðun var gerð, — þá tala þingmenn um, að af þessu muni stafa héraðsbrestur, ef ekki landsbrestur, eins og hv. þm. Bergur Sigurbjörnsson komst að orði.

Landið hefur verið ofurselt, segja kommúnistar og þjóðvarnarmenn. Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssyni, fannst í senn svo friðvænlegt í heiminum og auk þess tilkoma vetnissprengjunnar slík, að af þessum sökum þyrftum og ættum við ekki að vera lengur í varnarbandalagi vestrænna þjóða. Má vera, að friðvænlegar horfi nú en áður. En hverju er það þá að þakka nema einmitt varnarbandalagi hinna vestrænu ríkja, viðbúnaði Atlantshafsbandalagsins? Í þeirri staðreynd er kjarni málsins fólginn. Menn hafa ekki gleymt útþenslu og landvinningum hinna rauðu herja eftir stríðslok, ekki gleymt leppríkjum, sem hvert af öðru urðu bráð kommúnismans, ekki gleymt átökunum í Berlín, loftbrúnni, sem bugaði áform kommúnista. Menn hafa ekki gleymt Kóreustríðinu. Menn muna, hvert stefndi, og vita, að aðeins aukinn styrkur samstilltra ríkja Vesturálfu hindraði áframhaldandi ofríki kommúnismans. Af þessum sökum er ömurlegt hlutskipti manna og flokka eins og Þjóðvfl., því að ef ráðum þeirra hefði verið fylgt hér og í öðrum vestrænum ríkjum, þá hefði kommúnismanum ekki verið veitt viðnám með afleiðingum, sem ég þarf ekki að útskýra fyrir íslenzkum almenningi. Þessu til viðbótar hefur annar þm. Þjóðvfl. hér í kvöld, Bergur Sigurbjörnsson, sýnt innræti sitt og svokallaðs Þjóðvfl. með því að sletta úr klaufunum í garð Eimskipafélags Íslands, aðallega þó með upplestri lélegustu sorpskrifa Tímans fyrir nokkrum árum um þetta fyrirtæki, sem á sínar djúpu rætur í huga íslenzks almennings. Slíkur málflutningur er ekki til annars fallinn en þess eins að skilja eftir soramarkið á þeim, sem beitir honum.

Harmagrát kommúnista yfir því, að landið sé í vestrænu varnarbandalagi og þannig ofurselt, hirði ég ekki að ræða. Þessir menn eru að harma það, að þeim hafi mistekizt þau áform að færa

hinum alþjóðlega kommúnisma frelsi landsins á silfurbakka.

Hv. 2. þm. Reykv., sessunautur minn Einar Olgeirsson, sagði í gærkvöld: Einangrun sósíalista er nú rofin. — Jæja, hann hefur þá fundið einangrun sósíalistanna. Það var mikilsverð játning. Hitt er því miður ofskynjun þessa hv. þm., þegar hann er kominn í stemningu hér í ræðustólnum, að sú einangrun sé rofin. Þvert á móti mun vaxa einangrun þessa óþjóðlega og óþjóðholla flokks, og hefur hún aldrei verið meiri en nú í lok nýafstaðins verkfalls.

Þá kem ég að þeirri fullyrðingu, að ríkisstj. hafi stofnað til verkfallsins. Hvað finnst mönnum um slíkan málflutning? Ég hygg, að hann dæmi sig sjálfur. En hæstv. dómsmrh. og fjmrh. hafa annars gert því máli svo góð skil, að ég þarf ekki að eyða í það tíma.

Það var annars broslegt að heyra hv. 4. þm. Reykv., Harald Guðmundsson, halda því fram, að verkamenn ættu að snúa baki við Sjálfstfl., af því að Ólafur Thors hefði varað við, að kjarabætur úr verkfallinu kynnu að verða rýrar. En Framsfl. mega verkamenn vist kjósa, enda þótt Eysteinn Jónsson hafi í sinni ræðu einmitt rökstutt sömu efasemdir og Ólafur Thors.

Þá er það að lokum hið margumtalaða allsherjarhrun, sem við á að blasa. Þjóðin á að hafa glatað trúnni á gjaldmiðilinn, krónuna, í tíð núverandi og fyrrverandi stjórnar, enginn þorir að spara, allir vilja eyða öllu, er sagt. Sannleikurinn er sá, að núverandi og fyrrverandi stjórnir hafa endurvakið sparnaðarvilja og sparnaðargetu landsmanna. Á síðustu þremur árum hefur sparifjáraukning landsmanna numið hvorki meira né minna en 442.5 millj. kr. Sjáum við bezt mikilvægi þessarar staðreyndar með samanburði við fyrri ár.

Í árslok 1949 námu allar sparifjárinnstæður landsmanna í bönkum og sparisjóðum 563.8 millj. kr., og er það aðeins liðugum 100 millj. kr. meira en sjálf aukningin síðustu 3 árin. Sparifjáraukningin hefur numið þessu síðustu árin: 1950 16.9 millj. kr., 1951 15.8 millj., 1952 94.5 millj., 1953 177.1 millj. og 1954 170.9 millj. kr.

Sparifjáraukningin s. l. ár er þeim mun athyglisverðari, þegar haft er í huga, að íbúðabyggingar voru aldrei meiri en þá, varið 245 millj. kr. til þeirra, eða á annað hundrað millj. kr. meira en áætlað var í árslok 1953. Enn fremur voru keyptar til landsins bifreiðar fyrir marga tugi milljóna króna.

Eða hvernig horfir við í sveitum landsins? Aldrei verið gert meira fyrir landbúnaðinn en s. l. ár, sagði hæstv. landbrh. Þm. Str., Hermann Jónasson, sagði að vísu, að framgangur landbúnaðarmála á þingi væri kominn undir styrk Framsfl. Ég man nú ekki betur en Framsfl. hafi tapað einum þm. í síðustu kosningum og að núverandi stjórn sé undir forsæti Sjálfstfl., en á sama tíma hefur aldrei verið gert meira fyrir landbúnaðinn, eftir því sem hæstv. landbrh. segir. Héruð landsins breyta um svip hvert af öðru með stóraukinni ræktun og byggingarframkvæmdum.

Rafvæðing landsins til sjávar og sveita hefur verið lögfest með tíu ára áætlun, sem nemur um 300 millj. kr., og verið að hefjast handa um lokavirkjun Sogsins.

Ný löggjöf hefur verið sett um fiskveiðasjóð á þessu þingi að tilhlutun Ólafs Thors sjútvmrh., og endurskipun og nýbygging bátaflotans hafin samhliða stórfelldum áætlunum um bætta aðstöðu í landi með nýbyggingu fiskiðjuvera og frystihúsa. Veitt voru á s. l. ári lán til 58 nýrra vélbáta, þar af 31 trillubátur. Um áramót voru lánabeiðnir hjá fiskveiðasjóði 51 millj. kr., mest til báta af meðalstærð, 60—70 að tölu. Í sjóðnum var þá handbært fé 18 millj. kr., svo að verða mun mikið átak að rísa undir þessari nýskipun.

Í baksýn þessa alls eru svo stórframkvæmdir eins og sementsverksmiðjan, sem byrjað er að byggja, og virkjanir við Laxá og Sog og áburðarverksmiðja, sem þegar er lokið.

Ef til vill er ekki alveg áhættulaust, að við Íslendingar reisum okkur hurðarás um öxl með þeim mikla hraða mikilla framkvæmda, sem nú er á flestum sviðum, en ekki hafa stjórnarflokkarnir sætt ámæli fyrir það í þessum eldhúsumræðum.

Nú vildi ég minnast á það, sem við á að taka. Upp úr þessu öllu á að vaxa vinstri stjórn allra íhaldsandstæðinga. Fyrst ættu vinir okkar í andstöðunni að sameina sjálfa sig, síðan gæti komið að því að mynda stjórn. Alþýðuflokkurinn — hvað er hann? Er hann tveir eða þrír flokkar eða bara flokksnefna, eins og nú standa sakir? Sósíalistaflokkurinn — hverjir eru Moskvukommúnistar og hverjir ekki? Framsóknarflokkurinn — vill hann vinstri stjórn eða vill hann formaðurinn og hans fylgismenn vinstri stjórn, aðrir flokksmenn alls ekki? Að vísu verður ekki séð, að Þjóðvarnarflokkurinn, þ. e. Bergur og Gils séu klofnir, en það skyldi þá líka vera, að hvorugur þeirra vildi vinstri stjórn.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur höfum við fimm minni hluta: þrjá kommúnista, einn Alþýðuflokksmann, einn framsóknarmann, einn þjóðvarnarmann og einn utanflokka. Aldrei hafa svokallaðir íhaldsandstæðingar verið svo smátt saxaðir.

Sjálfstfl. vann í síðustu alþingiskosningum fjögur kjördæmi, hlaut 21 þm., og hefur aldrei átt stærri þingflokk. Tilraun til að sundra raðir flokksmanna þá er liðin undir lok, kom m. a. fram í því, að í Reykjavík jók flokkurinn fylgi sitt frá því í júní í alþingiskosningunum 1953 og þar til í janúar í bæjarstjórnarkosningum 1954 um 3397 atkv., úr 12245 atkv. í 15642 atkv. Í mörgum kjördæmum skortir Sjálfstfl. örfá atkv. til að ná þingsæti. Mér sýnast því öll rök hníga að því, að svokallaðir íhaldsandstæðingar muni kannske fyrr en varir eiga þess kost að sameina sig, en það verður ekki í stjórnarsamstarfi, heldur stjórnarandstöðu, eftir að Sjálfstfl. einn hefur náð hreinum meiri hluta í næstu alþingiskosningum.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil í upphafi leiðrétta það, að í ræðu minni í gærkvöld, þegar ég nefndi nokkur hernámsfyrirtæki stjórnarflokkanna, kallaði ég eitt þeirra hlutafélagið Kistufell. Það fyrirtæki, sem ég átti við, heitir h/f Tungufell. Hins vegar er hér í Reykja-

vík ungt fyrirtæki, sem heitir Kistufell. Það fæst eingöngu við vélaviðgerðir og er í engum tengslum við Keflavíkurflugvöll eða hernámsliðið. Bið ég hlutaðeigendur velvirðingar á þessum mistökum.

Hv. 9. landsk. þm., Karl Guðjónsson, sagði hér áðan, að Þjóðvfl. Íslands hafi ekki viljað styðja verkamenn til að fá kjör sín bætt. Þeir, sem hafa heyrt mál hv. 8. landsk. þm., Bergs Sigurbjörnssonar, vita vel, að þetta er fullkomið *ranghermi. Um hið sama geta þeir borið*, sem lesið hafa blað okkar, Frjálsa þjóð. Hitt er rétt, að við lögðum áherzlu á, að verkamenn og aðrar launastéttir fengju raunhæfar kjarabætur, allt yrði gert til þess að knýja fram verðlækkanir, sem verulega munaði um. Þessi hv. þm., Karl Guðjónsson, hefur látið ógert að leggja vinnu í það að skila áliti um frv. okkar þjóðvarnarmanna um lækkun verðlags, en hann á sæti í n. þeirri, sem hefur sofið á því máli í nokkra mánuði. Þetta er þó mesta hagsmunamál alþýðustéttanna, sem legið hefur fyrir þessu þingi. En kommúnistar leggja kollhúfur við því. Það felur í sér raunhæfar kjarabætur, ef samþ. væri.

Það vekur nokkra athygli í sambandi við þessar umræður, að hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, fulltrúi Alþfl. í fjvn. og forseti Alþýðusambands Íslands, tekur ekki þátt í þeim. Skýringin er þó ekki langsótt. Hannibal er í banni hinnar hægrisinnuðu forustu flokksins og er meinað að tala máli hans samkv. miðstjórnarsamþykkt. Ritari flokksins, hv. 1. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, tekur ekki heldur þátt í þessum umræðum. Ástæðan *til* þess, að einnig hann er útilokaður, mun vera sú, að hann dirfðist að impra á því, að Hannibal yrði leyft að taka til máls. Þannig er þá ástandið á flokksheimili Alþfl.

Formaður Alþfl., Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., gaf okkur þjóðvarnarmönnum kost á að ganga í Alþýðuflokkinn. Hann minntist á það hérna áðan. Ég þakka vitanlega fyrir boðið, sem að hans dómi er sjálfsagt hið mesta kostaboð, en getur hann nú láð mér það, eins og högum er háttað á Alþýðuflokksheimilinu, þó að ég hugsi mig um til morguns?

Hv. þm. Str. talaði af helzt til miklum ókunnugleika um einangrun hersins, en þar tala staðreyndirnar ótvíræðu máli. Þannig er þess skemmst að minnast, að fyrir fáum dögum neyddist lögregla Reykjavíkur til að gera húsrannsókn í enn einu spillingarbæli hersins við aðalgötu í Reykjavík. Og allir þeir Reykvíkingar, sem á ferli voru um síðustu helgi, geta vitnað um það, að um langt skeið hafa amerískir hermenn ekki verið jafnfjölmennir á götum Reykjavíkur, *á veitingahúsum og við bílastöðvar*.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, sem talaði hér við umræðurnar í gærkvöld, var óvenju hógvær, mér liggur við að segja af hjarta lítillátur, ef mér gæti dottið í hug, að hann ætti þann eiginleika til. Hæstv. ráðh. var einkar ánægður með núverandi stjórnarfar og taldi ríkisstj. hafa verið duglega að framkvæma áhugamál sín. Um sementsverksmiðjuna sagði hann, að það mál þokaðist áleiðis. Það mjakast, er haft eftir karlinum, en það mjakast hægt. Vissulega ber það vott um nokkurt lítillæti að gera sig ánægðan með núverandi hraða á byggingarmálum sementsverksmiðjunnar. Annars sótti hæstv. forsrh. nokkuð í sig veðrið, þegar hann tók að ræða um Framsfl. og hugsanlega vinstri stjórn. Komst hann eftirminnilega að orði í sambandi við hugleiðingar sínar um utanríkismál vinstri stjórnar. Sagði ráðherrann, að þá yrði Framsfl. að gera það upp við sig, hvort hann ætti að hallast í austur eða vestur. En hvernig væri, herra Ólafur Thors, að *hallast alls ekki neitt? Nei*, það *finnst* hæstv. forsrh. óhugsandi, að nokkur vilji standa réttur í afstöðu til erlendra stórvelda. Ráðherranum tókst í þessari einu stuttu setningu að lýsa eftirminnilega utanríkisstefnu gömlu flokkanna. Hernámsflokkarnir snarhallast í vestur, í átt til Bandaríkjanna, kommúnistar í austur, í átt til Rússlands. Þjóðvarnarmenn einir hafa þann metnað fyrir Íslendinga hönd, að þeir standi réttir og hallist í hvoruga áttina.

Hér áðan birtist næsta óvænt frammi fyrir hljóðnemanum ný stjarna á stjórnmálahimninum, hv. 2. þm. S-M., Vilhjálmur Hjálmarsson, fylgihnöttur hæstv. fjármálaráðherra. Ekki varð nú séð, að nein pólitísk sól væri á loft runnin, heldur virðist þetta næsta þokuvafinn hnöttur. Helzta erindi þingmannsins upp í ræðustólinn var það að lepja upp ógeðfelldustu óhróðursgreinar blaðsins Tímans um þjóðvarnarmenn og Þjóðvfl. Þó tók hv. þm. Tímanum að sumu leyti fram. Hann reyndi af veikum mætti að gera gys að því, að við þjóðvarnarmenn höfum flutt þáltill. um það, að látin verði fara fram rannsókn á því, *hvort ekki muni hagkvæmt að koma* hér upp stálbræðslu og hagnýta það járn og stál, sem til fellur hér á landi. Þetta gera aðrar þjóðir með ágætum árangri, og það er ekki annað en ranghermi hjá hv. þm., að sannað sé, að þetta borgi sig ekki. Þm. sagði, að þessi till. hefði sofnað í nefnd. Þetta sýnir, að hann er ekki vandur í meðferð sinni á sannleikanum, þegar Þjóðvfl. á í hlut. Þessi till. kom úr nefnd. Tillögunni var af stjórnarliðinu vísað til ríkisstj., og till. þykir ekki meiri fjarstæða en það, að hæstv. iðnmrh. hefur á Alþ. gefið það fyrirheit, að sú rannsókn skuli látin fara fram, sem till. okkar þjóðvarnarmanna fjallaði um. Ætli það sé ekki sannast mála, að hv. þm. hafi munað eftir brotajárninu vegna þess, að undirvitundin segir honum, að hans eigin flokkur sé að verða pólitískt brotajárn?

Foringjar Framsfl. hafa nokkuð lengi þann steininn klappað að breiða út ýmiss konar óhróður um Þjóðvfl. Framsóknarmenn segja ýmist, að við þjóðvarnarmenn séum kommúnistar eða að við séum þjónar íhaldsins, allt eftir því, hvoru vænlegra þykir að skrökva hverju sinni. Nú er áherzlan einkum lögð á þá kenningu, að við séum hjálparmenn íhaldsins og ætlum að efla það til aukinna valda. Það þykir nú flestum óviðeigandi að nefna snöru í hengds manns húsi, og ósköp fer það illa í munni framsóknarmanna, þegar þeir eru að brigzla öðrum flokkum um þjónustu við íhaldið. Er það ekki Framsfl., sem *hefur haft samvinnu við það um ríkisstj.* nær óslitið í 16 ár? Er það ekki hann, sem á allra flokka mestan þátt í því, að íhaldið situr nú yfir

hlut hvers alþýðumanns í þessu landi? Ég held, að framsóknarleiðtogarnir ættu að leggja niður þann ávana að tala um íhaldsþjónustu annarra flokka, á meðan þeir sjálfir eru stoð og stytta íhaldsins. Nei, við þjóðvarnarmenn verðum aldrei íhaldshækja eins og Framsókn, kommar og kratar hafa verið til skiptis undanfarin 16 ár. Við erum reiðubúnir til þess að leita hverra tiltækilegra og skynsamlegra ráða til að vinna bug á íhaldinu og koma á heilbrigðu stjórnarfari í landinu.

Framsóknarmenn láta í ljós þann ótta, að Sjálfstfl. geti við næstu kosningar náð hreinum meiri hluta á Alþingi. Ég held, að sá ótti sé ástæðulaus. Hins vegar skal ég fúslega játa, að slíkt er í meira lagi ógeðfelld tilhugsun. Nú vil ég segja framsóknarmönnum þetta: Íhaldið hefur að baki sér aðeins rúman þriðjung kjósenda í landinu. Engar líkur eru til þess, að það auki þá hlutfallstölu í næstu kosningum. Vonir þess um meirihlutaaðstöðu á Alþingi byggjast allar á ranglátri kjördæmaskipun. Þær byggjast á því, að í nokkrum fámennum kjördæmum geti það í krafti auðs og valda hrifsað fáein atkv. til viðbótar, þar sem mjóu munar, tekið þau helzt frá Framsfl. Sé vilji fyrir hendi, þá er hægt að koma í veg fyrir þetta. Það er ekki aðeins hægt, heldur sjálfsagt, að breyta núverandi kjördæmaskipun og færa hana í réttlátara horf. Það lýðræði er naumast orðið nema skrípamynd, þar sem það er hugsanlegt, að flokkur með aðeins rúman þriðjung þjóðarinnar að baki sér geti haft möguleika á því að ná meiri hluta á Alþingi. Vill Framsfl. koma í veg fyrir hættuna af stórauknu þingfylgi íhaldsins, sem hann stundum talar um, með því að færa kjördæmaskipunina í réttlátara horf? Þjóðvfl. er þeirrar skoðunar, að þetta eigi að gerast, og hann mun ekki skorast undan viðræðum um það, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að halda íhaldinu í skák, meðan verið er að gera nauðsynlega stjórnarskrárbreytingu. Það er nú liðinn heill áratugur síðan Íslendingum var heitið nýrri stjórnarskrá, en það loforð er óefnt enn. Er Framsfl. tilbúinn til að efna það loforð? Er hann tilbúinn til að koma í veg fyrir þann hugsanlega möguleika, að minnihlutaflokkur með þjóðinni geti náð meiri hluta á Alþingi? Það mun sannast, hvenær sem viðræður um slíkt réttlætismál verða upp teknar, að Þjóðvfl. gengur ekki erinda íhaldsins, hvorki þá né endranær.

Þegar hæstv. núverandi ríkisstj. var mynduð sumarið 1953, skorti ekki loforðin um að drýgja dáðir og hrinda þjóðþrifamálum í framkvæmd. Hinn sjálfumglaði formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh. Ólafur Thors, steig í stólinn og ávarpaði þjóðina með þrumuraust sinni og gaf mörg og fögur fyrirheit. Þau nærfellt tvö ár, sem liðin eru síðan þessi loforð voru gefin, hafa frá náttúrunnar hendi verið góðæri. Fiskur hefur veiðzt í vaxandi mæli og sala fiskafurða yfirleitt gengið mjög greiðlega. Framleiðsla landbúnaðarafurða hefur verið mikil, miðað við þann takmarkaða liðskost, sem jörðina erjar. Þjóðartekjurnar hafa vaxið, ríkisstjórninni að þakkarlausu, og í ríkissjóð hafa flætt stærri fjárfúlgur en nokkru sinni fyrr. Að óreyndu mætti því ætla, að hæstv. ríkisstj. hafi gengið mætavel að framkvæma fyrirheit sín. Samkv. ræðum hæstvirtra ráðherra í gærkvöld eru sjálfir þeir dável ánægðir með afrek sín. Það kvað vera lélegur kaupmaður, sem lastar sína vöru. En hvort almenningur er eins hrifinn af hæstv. ríkisstj. og hún er af sjálfri sér, það dreg ég mjög í efa. Satt að segja er það ekkert til að hæla sér af, þó að varið hafi verið allmörgum milljónum til ýmissa framkvæmda, sumra gagnlegra. Núverandi hæstv. ríkisstj. og sú, er sat þar á undan, hafa árlega haft 400—500 millj. til að ráðskast með úr ríkissjóði, yfir 1300 millj. samtals af betli- og hernámsfé, og þar að auki aðgang að lánsfé bankanna. Væri hægt að hugsa sér svo dáðlausa ríkisstj., að hún gæti ekki bent á ýmislegt nýtilegt, sem hún hefði látið framkvæma fyrir allt það fé?

En þegar maður athugar nokkru gerr, hvar hæstv. ríkisstj. er á vegi stödd um framkvæmd stjórnarsamningsins, þá er vissulega ekki af miklu að státa. Efndir loforðanna láta nokkuð á sér standa. Um sementsverksmiðjumálið er það að segja, að á það hljóp óþægileg snurða, sem enn hefur ekki tekizt að losa af þeim þræði. Hæstv. ríkisstj. virðist hafa komizt í algert þrot við að afla fjár til að koma upp þessu mannvirki, og er þó talið, að sementsverksmiðja á Íslandi muni reynast mjög öruggt fyrirtæki. En það hefur hlaupið snurða á fleiri þræði. Efndirnar á loforðum um bætta framkvæmd herstöðvasamningsins eru alkunnar. Hæstv. utanrrh. hefur fetað þar flestar götur fyrirrennara síns, og þrátt fyrir ýmsa sýndarmennsku hefur árangurinn enginn orðið að heita má nema á einu sviði: Aðstaða íslenzkra hermangara til að græða stórfé á niðurlægingu og ógæfu þjóðarinnar hefur enn batnað.

Löggjöf um framtíðarlausn húsnæðismálanna átti að vera eitt af höfuðverkefnum þess þings, sem nú er að ljúka. Mánuð eftir mánuð beið Alþ. aðgerðalítið eftir þeim till., en þær létu á sér standa. Hefðu þær legið fyrir í nóvember eða desember, mátti hæglega ljúka þingi fyrir jól og spara milljónaútgjöld. Loks í aprílmánuði var lausnin fundin, og stjórnarblöðin tóku upp sitt stærsta fyrirsagnaletur, eins og þegar slyngur kaupahéðinn auglýsir miður útgengilegar vörur. Og nú var auglýst af kappi: Stórfelld framlög til húsbygginga. Hið mikla frumvarp ríkisstjórnarinnar lagt fram á Alþingi. — En hér sannaðist hið fornkveðna: Þótt fjöllin hefðu tekið jóðsótt, fæddist aðeins lítil mús.

Lánsfé til húsbygginga mun að vísu heldur aukast, en vextir lánanna eru svo háir og lánstíminn svo skammur, að mönnum með lágar tekjur og jafnvel miðlungstekjur verður eftir sem áður allsendis ókleift að koma upp þaki yfir höfuð sér.

Hvað líður þá skrautblóminu í loforðakransi hæstv. ríkisstjórnar, rafvæðingu hinna dreifðu byggða landsins?

Á Alþingi í fyrra var að frumkvæði ríkisstj. samþ. löggjöf, þar sem ákveðið var, að á næstu tíu árum skyldi varið 250 millj. kr. til að koma upp rafveitukerfi um land allt og rafvæða sveitir og kauptún landsins. Var fullyrt, að fjármagn

væri þá þegar tryggt til þessara miklu framkvæmda. 140 millj. yrðu fengnar að láni hjá bönkunum, en 110 millj. lagðar fram úr ríkissjóði, 11 millj. árlega í 10 ár.

Við meðferð málsins lét hæstv. raforkumálaráðherra mörg orð falla um þann fagra ásetning ríkisstj. að leiða birtu og yl inn á hvert býli í landinu. Jafnframt þessari nýju raforkumálalöggjöf voru samþykkt lög um tvennar stórvirkjanir, aðra fyrir Austfirði, hina fyrir Vestfirði. Var það nokkur furða, þó að menn í þessum landshlutum, sem telja sig að vonum hafa verið helzt til lengi afskipta um þau þægindi og þá möguleika, sem raforka veitir, gerðu fastlega ráð fyrir, að nú hillti undir lausn þessara mála? Þess eru að vísu nokkuð mörg dæmi frá hinum mörgu samstjórnarárum íhalds og Framsóknar, að samþ. hafi verið lög um framkvæmdir, lög, sem skarta fallega á pappírnum, en hvergi annars staðar. Sum þeirra hafa sjálfsagt aldrei haft annan tilgang en að skarta á slíkum plöggum; önnur eru strönduð sakir þess, að íslenzkt fjármálalíf er sjúkt. Fjármagnið leitar allt til braskara og millilíða, en er ófáanlegt eða nær ófáanlegt til þjóðnytjaframkvæmda. Á ofanverðu s. l. sumri fengu Austfirðingar pata af því, að loforð hæstv. ríkisstj. um skjóta og varanlega lausn á raforkuþörf fjórðungsins mundu ekki gulls ígildi. Bárust þær fréttir austur þangað, að í stað hinnar fyrirhuguðu stórvirkjunar væri nú á hærri stöðum helzt flaggað með því að leysa málið til bráðabirgða með því að leiða þangað raforku frá Laxárvirkjun í Þingeyjarsýslu með nýrri og lítt reyndri aðferð, sem jafnvel var óvíst um, hvernig kynni að gefast. Þetta þótti flestum Austfirðingum næsta hæpin leið, og reis þar upp almenn óánægja með þá snöggu vendingu, sem málið hafði tekið í höndum hæstv. ríkisstj. Var hæstv. landbúnaðar- og raforkumálaráðherra sendur austur til að reyna að friða hv. kjósendur, en fékk fremur kaldar viðtökur og mun hafa orðið að skýra stjórnarbræðrum sínum frá því eftir heimkomuna, að erindislok hafi ekki verið mjög góð. Síðan hefur ekki heyrzt mikið um raforkumál Austfirðinga, nema það helzt, að stjórnarherrarnir beiti öllu flokkavaldi sínu til að fá þá til að hlýða, en þó er eftir að vita, hversu vel Austfirðingar sætta sig við þessa meðferð.

Eitt þeirra loforða, sem hæstv. ríkisstj. gaf, var að lækka skatta. Í fyrra var tekjuskattur lækkaður nokkuð, og auglýstu stjórnarliðar það sem mikla hetjudáð. Hversu lítil sú skattalækkun er, sést bezt á því, að hún mun naumast nema hærri upphæð en 14—15 millj. kr., en samanlagðar skattaálögur ríkis og bæja munu nema fast að 600 millj. Er dæmið því auðreiknað. Heildarskattabyrðin hefur við þessar aðgerðir verið lækkuð um rúmlega 2%. En hæstv. ríkisstj. vann á þinginu í fyrra annað afrek, einmitt sömu dagana og hún var að fella till. okkar þjóðvarnarmanna svo og till. annarra stjórnarandstæðinga um mikilvægar umbætur á skattalögunum, — umbætur, sem komið hefðu öllu láglaunafólki og mönnum með miðlungstekjur til góða. Það var samþykkt stjórnarfrv. um gagngerar breytingar á svonefndum aukatekjum ríkissjóðs. Það afrek var ekki básúnað mikið í Morgunblaðinu eða Tímanum, enda naumast við að búast. Með þeirri löggjöf voru hækkuð stórlega flest eða öll þjónustugjöld, sem ríkið tekur af þegnunum við margvísleg tækifæri og bæjarfógetar og sýslumenn innheimta. Var þar um að ræða dómsmálagjöld alls konar, stimpilgjöld, þinglýsingargjöld, gjöld fyrir leyfisbréf og skírteini, skrásetningargjöld og margt fleira. Ég skal nefna eitt dæmi þess, hversu óhófleg sum þessi gjöld eru orðin. Það dæmi er ekki tilbúið, heldur tekið beint úr veruleikanum: Verkamaður í kauptúni úti á landi kaupir lítið hús á 120 þús. kr. Hann fær 50 þús. kr. lán út á húsið. Skuldabréfinu þarf hann að þinglýsa og stimpla það um leið. Afsalið er líka stimplað og þinglesið á hans kostnað, grunnleigusamningurinn einnig. Svo sem lög mæla fyrir, sendi hann sýsluskrifstofunni nefnd skjöl til innfærslu í veðmálabækur og til stimplunar, og eru þau í tveimur samritum. Annað eintakið af hverju þessara þriggja skjala er svo endursent með póstkröfum. Hvað þarf nú kaupandi hússins að greiða fyrir svona dáðmikla stjórnarathöfn? Hvorki meira né minna en 4005 kr. Sannast hér hið fornkveðna, að víða koma Hallgerði bitlingar. Hæstv. fjmrh. lætur ekki að sér hæða, þegar hann kemst í tæri við skattþegninn, en til þess hefur hann óteljandi ráð. Geta menn svo gert sér í hugarlund, hvort þessar og þvílíkar skattheimtur hins opinbera eigi ekki sinn þátt í vexti verðbólgu og dýrtíðar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, ræddi hér nokkuð um skattalækkun á félögum. Hann sagði í því sambandi, að ég hefði sagt á Alþingi, að það munaði ekkert um að lækka skattinn á félögunum um 20%, hann væri svo lágur, en svo hefði ég sagt aftur í gærkvöld, að skattarnir væru ofsalega háir á félögum. Bergur Sigurbjörnsson fer hér með algerlega rangt mál. Það, sem ég sagði, var, að frv., sem í var þessi 20% lækkun á sköttum félaga, hefði að geyma aðrar skattahækkanir á móti, sem gerðu það að verkum, að það hafði engin áhrif á heildartekjur ríkissjóðs, hvort frv. var fellt eða samþykkt. Svona er málflutningur hv. þm. Þetta er sýnishorn af honum. En hitt stendur, sem ég upplýsti í gærkvöld, að skattar á félögum eru nú margfalt hærri en þeir voru fyrir stríð, og hér er aðeins um litla leiðréttingu að ræða á sköttum félaga í staðinn fyrir umreikning, sem einstaklingar hafa búið við í mörg ár. Um Eimskipafélagsskattfrelsið er það að segja, að stjórnarflokkarnir sömdu um óbreytt ástand í þessum málum, skattamálum félaga, til eins árs, vegna þess að þeir höfðu ekki komið sér saman um framtíðarskipan þessara mála.

Hv. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, ræddi hér nokkuð um vexti og gerði þá að miklu rógsmáli. Vextir í ræktunar- og byggingarsjóði verða nú settir í það sama og þeir voru fram að 1946, þ. e. a. s. í 3½% í byggingarsjóði, en í kaupstöðunum verða menn að borga 7% af byggingarlánum. Greiðsluhalli þessara sjóða, sem hér lána, er svo stórfelldur, að af tveimur hagfelldustu lánunum, sem þeir hafa tekið, nemur greiðsluhallinn 26 millj. næstu 15 árin. Það var aðeins

um tvennt að velja, áður en langt leið, að lána fáum og lítið hverjum, en með mjög lágum vöxtum, eða lána mörgum og allriflega hverjum með dálítið hærri vöxtum en áður hafði verið gert, og það ráð var tekið að lána fleirum, þótt vextirnir væru nokkru hærri. Þessi hv. þm. talaði um, að vaxtahækkun kæmi hart niður á fátækum, sem ættu margt ógert, en þingmaðurinn gleymdi að segja frá hækkun jarðræktarframlagsins, sem gerð er á þessu þingi, fyrirhuguðum hækkunum á útlánum úr ræktunarsjóðnum út á jarðrækt og útihúsabyggingar og út á íbúðarhús í sveitum. Og hverjum ætli aukin útlán komi til góða, ef ekki einmitt þeim, sem eru fjárvana, en eiga mikið ógert? Og mundi það vera betra fyrir þá, að halda væri hinum lágu vöxtum og þeir fengju sáralítil lán, áður en langt um líður? Það gefur auga leið um þetta mál, að allir fulltrúar bænda á Alþingi hafa verið sammála um, að það væri nauðsynlegt að hækka vextina.

Þá brá þessi hv. þm. sér í Gróupilsið og upplýsti tvennt: Annað, að lánað hefði verið Faxaverksmiðju mjög stórt lán með afar góðum vöxtum. Þó veit þessi hv. þm., að þetta mál kemur þessari ríkisstj. ekkert við. Það var afgreitt áður en hún kom að völdum. Hitt var, að Framsfl. hefði beitt sér fyrir hækkun á skattmati búpenings. Þetta eru hrein ósannindi. Framsfl. hefur vitanlega engin afskipti haft af þessu máli af þeirri einföldu ástæðu, að það er ríkisskattanefndin, sem ákveður þetta ein og án nokkurra afskipta annarra. Hvorki fjármálaráðuneytið, Alþingi né neinir aðrir hafa nein afskipti af því. Það er ríkisskattanefndarinnar verk að ákveða þessi möt. Þetta veit hv. þm., þó að hann leyfði sér að segja öðruvísi frá.

Hv. 9. landsk. þm., Karl Guðjónsson, ræddi hér talsvert áðan um húsnæðismálin og gerði afar lítið úr ráðstöfunum ríkisstj. í húsnæðismálum. Það væri ástæða til að minna þennan hv. þm. á það, hvað kommúnistar gerðu í húsnæðismálum, þegar þeir áttu sæti í stjórn hér á árunum. Þá var meira fjármagn til ráðstöfunar til eins og annars en nokkru sinni hafði áður verið í sögu landsins. En þá var ekkert gert í húsnæðismálunum, bókstaflega, blátt áfram ekki neitt, og þegar þeir hrökkluðust úr ríkisstj., var þannig ástatt í þessum málum, að það þótti stórkostlegt nýmæli, að Framsfl. beitti sér fyrir því, að menn gætu átt kost á 30 þús. kr. láni út á íbúðir í kauptúnum og kaupstöðum. Svo geta þessir herrar sett sig nú á háan hest og sagt, að það sé bara smámál, að þessar 30 þús., sem áður hafa verið lánaðar út á íbúð og voru 30 þús. meira en lánað var þegar þeir voru í stjórn, því að þá var ekkert lánað, — að það sé bara smámál, að þessar 30 þús. verði á næstunni hækkaðar upp í 70—100 þús. kr. á íbúð. Þá minntist þessi hv. þm. auðvitað ekki á það, að í þessum nýju lögum er einnig sérstakur kafli um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og er í honum gert ráð fyrir því, að lagt sé fram fé sérstaklega til þess að útrýma braggaíbúðum og öðru heilsuspillandi húsnæði. Sannleikurinn í þessum málum er sá, að Framsfl. hefur nú á nokkrum árum, síðan framsóknarmenn fóru að fara með stjórn félagsmála, gerbreytt ástandinu í þessum efnum og beitt sér fyrir hverri ráðstöfuninni eftir aðra til þess að koma hér á umbótum. Er þar mest að minnast smáíbúðalánanna, mikilla framlaga til íbúðalána af greiðsluafgangi ríkissjóðs á undanförnum árum og svo loks þetta frv. um íbúðalán, sem nú er að verða að lögum. Auðvitað hefðu menn gjarnan viljað hafa vextina lægri en 7% af íbúðalánum, en það er ekki hægt að hafa vextina lægri nema með því að borga stórkostleg framlög af ríkisfé til þess að lækka vextina, og vegna þess, í hversu mörg horn er að líta, þótti ekki fært að leggja út á þá braut að hafa „styrktar"-vexti á þessum lánum. Þess er líka rétt að geta í þessu sambandi, að vextir af smáíbúðalánunum hafa verið 6½%, þannig að vaxtahækkunin er ekki nema ½% frá því, sem hefur verið, enda þótt lánin eigi að hækka svo mikið sem ráð er fyrir gert.

Ég vil þá að þessu sinni nota það, sem ég á eftir af tíma mínum, til þess að minnast nokkuð á varnarmálin. Það hafa verið gerðar miklar endurbætur á framkvæmd varnarmálanna, eins og hv. þm. Str. gat um í þessum umræðum. Það hefur verið breytt um stefnu og samið um, að því sambýli verði lokið, sem áður var á varnarsvæðunum; samið um það, hversu margir varnarliðsmenn og erlendir starfsmenn við varnarmálin skuli hafa orlof á hverjum degi, og stórkostlega dregið úr þeirri tölu frá því, sém áður var. Auk þess hafa verið settar mjög strangar reglur um ferðir Íslendinga inn á varnarsvæðin. Með öllu þessu móti og fleiri ráðstöfunum hefur ástandið í þessum efnum gerbreytzt. Enn fremur hafa framkvæmdirnar verið teknar í vaxandi mæli í hendur íslenzkra aðila. Undanfarið hafa sem sé fundizt úrræði til þess að minnka með margvíslegu móti þau vandkvæði, sem fram komu í öndverðu vegna dvalar varnarliðsins í landinu. Þessar umbætur hafa reynzt þannig í framkvæmd, að enginn, sem til þekkir, leyfir sér að draga gildi þeirra í efa, enda hafa allir mátt heyra, hve máttur er dreginn úr þjóðvarnarmönnum, þegar þeir ræða sambúðarþátt varnarmálanna.

Vegna þess, að þjóðvarnarmenn hafa með bættu ástandi þessara mála misst spón úr aski sínum, hafa bæði þeir og kommúnistar orðið að leita að nýjum vígstöðvum í varnarmálinu. Þeir hafa nú upp á síðkastið gripið til þess úrræðis að flytja hinar furðulegustu ævintýrasögur um Keflavíkurflugvöllinn. Tröllasögur um flugvöllinn eru fluttar í Þjóðviljanum og Frjálsri þjóð og svo á þessum vísindum byggður málflutningurinn í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. Kjarni þessara furðusagna er sá, að Keflavíkurflugvöllur sé einn örfárra flugvalla í veröldinni, sem stærð hafi til þess að koma að notum sem árásarflugvöllur í kjarnorkustyröld, enda sé stærð hans blátt áfram við það miðuð. Sumir spekingar Þjóðviljans og Frjálsrar þjóðar bæta svo við, að slíkir flugvellir séu hvergi hafðir í hinum stærri menningarlöndum, heldur aðeins meðal frumstæðari þjóða, „þar sem ekki þarf að taka tillit til borgaranna", eins og hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, komst að orði í gærkvöld. Í blaðinu Frjálsri þjóð hefur birzt um

þetta í viðhafnarsæti blaðsins einn hinn furðulegasti samsetningur, sem hér hefur á prenti sézt langa hríð. En því nefni ég þessa grein, að auðheyrt er, að málflutningur þjóðvarnarmanna og kommúnista er byggður á því, sem þar er fram borið. Þar segir t. d. að engir flugvellir af svipaðri stærð og Keflavíkurflugvöllur séu í námunda við stórar borgir, svo sem London, París og New York, og orðrétt sagt: „Þar eru að vísu flugvellir, en þess hefur verið vandlega gætt, að þeir hefðu ekki hinar löngu, breiðu brautir, sem sprengjuflugvélar þurfa á að halda og einkennandi eru fyrir Keflavíkurflugvöll.“ Á þessum grundvelli er því svo haldið fram blákalt, að Keflavíkurflugvöllur sé einstakur í sinni röð, einn af örfáum nothæfum til árása. Hann sé alls ekki miðaður við þörf farþegaflugs.

Það er ómögulegt að gera sér grein fyrir því, hvort meira má sín í þessum málflutningi öllum saman: vanþekkingin eða ófyrirleitnin. Þó held ég, að ófyrirleitnin sé sterkari þáttur, vegna þess að tæplega er leyfilegt að álykta, að menn, sem gera varnarmálin að höfuðmálum sínum og byggja þjóðmálastefnu sína á þeim eingöngu, viti ekki betur.

Ég hef í höndum upplýsingar um þessi efni frá íslenzku flugmálastjórninni. Þar segir m. a.: „Á Keflavíkurflugvelli eru fjórar flugbrautir 1700—3000 m langar og 65 m breiðar. Á stórum flugvelli rétt í grennd við New York eru sex brautir frá 2000—3600 m langar og 65 m breiðar. London Airport hefur sex brautir frá 2500—3000 m langar og 100 m breiðar. Orlyflugvöllur við París hefur fjórar brautir frá 2000—2700 m langar og 65 m breiðar. Tveir aðrir flugvellir í Frakklandi hafa brautarlengd allt að 3000 m annar og hinn 3500 m. Um tuttugu flugvellir í Bretlandi hafa svipaða flugbrautarlengd og Keflavíkurflugvöllur. Þá eru þrír flugvellir á Ítalíu af svipaðri stærð og Keflavíkurflugvöllur, þ. á m. flugvöllurinn við Rómaborg sjálfa. 3 km langar flugbrautir, eins og eru á Keflavíkurflugvelli, eru orðnar algengar á stærri millilandaflugvöllum.“ Þetta eru auðvitað engan veginn tæmandi upplýsingar, en meira en nóg til að sýna í réttu ljósi þann blygðunarlausa róg, sem um þessi mál er uppi hafður.

Hinar vestrænu þjóðir ráða yfir fjölda flugvalla, sem vegna legu sinnar eru þeim hentari til afnota sem árásarflugvellir en Keflavíkurflugvöllur, ef til styrjaldar skyldi draga, enda hefur Churchill, sem sennilega veit eins mikið um þetta mál og hinir „samvizkusömu“ herfræðingar Þjóðvfl. og kommúnista, nýlega lýst yfir því, að vestrænu þjóðirnar hafi ráð á hundruðum stöðva, sem hægt sé að gera árásir frá, ef til stórstyrjaldar komi. Jafnframt lét hann þess getið, að hann hefði trú á því, að hinar óttalegu vetnissprengjur mundu kenna mönnum að lokum, að enginn gæti framar unnið styrjöld. Þó væri því aðeins von um slíkt, að lýðræðisþjóðirnar væru nógu sterkar.

Það væri fróðlegt að vita, í hvers þágu íslenzkir menn flytja þá staðleysu, að Keflavíkurflugvöllur sé ein „aðalbækistöð tortímingartækja“, eins og Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm., hefur orðað rógsmál sitt í Þjóðviljanum um þessi efni nú fyrir skemmstu. Þessir menn vita þó vel, að auk þess sem Keflavíkurflugvöllur er ekkert veraldarundur að gerð eða stærð, heldur alveg hliðstætt mannvirki öðrum farþegaflugvöllum, þá er þar engan útbúnað að finna til árása, hvað þá til þess að greiða fyrsta höggið í atómstyrjöld. Hvers vegna leggja íslenzkir menn kapp á að útbreiða þau ósannindi, að í þeirra landi sé aðalbækistöð útrýmingartækja? Eitt er víst, að ekki þjóna þeir íslenzkum hagsmunum með slíku háttalagi.

Hvaða ályktanir draga svo þessir menn af rakalausum fullyrðingum sínum um, að Keflavíkurflugvöllur sé einn örfárra staða á jörðinni, sem nothæfur sé til kjarnorkuárása? Ályktun þeirra er: Íslendingar segi sig úr varnarbandalaginu, og varnarliðið fari heim. Þá fá Íslendingar að vera í friði, hvað sem á dynur. — Margur mundi þá vilja spyrja þessa spekinga: Á varnarliðið þá að fara með flugvöllinn með sér? Eða halda þeir, að opinn flugvöllur af þessari tegund, sem þeir segja að Keflavíkurflugvöllur sé, mundi einskis freista, ef til átaka ætti að koma? Eða ætti með þessu að bjóða einhverjum öðrum sæti á flugvellinum, ef þeir vildu þiggja það? Eða vildu þeir láta eyðileggja flugvellina hér og gera ófært að lenda hér stórum farþegaflugvélum, enda þótt þeir þykist auðvitað hafa allra manna mestan áhuga á eflingu flugsamgangna? Eða er þetta allt saman einfaldlega samhengislaus þvæla, þar sem eitt rekur sig á annars horn, enda tilgangurinn sá einn að rugla dómgreind manna í málum þessum?

Þá segja þessir menn og sálufélagar þeirra um allan heim: Allar varnarráðstafanir eru þýðingarlausar, síðan vetnissprengjan kom. Leggið þær allar niður, opnið allar stöðvar. — Leiðtogar lýðræðisþjóðanna vara sterklega við þessum áróðri. Væri þetta gert, segja þeir, án afvopnunar, mundi árásarþjóð geta leikið þann leik að sölsa undir sig stöðvar og jafnvel einstök lönd í trausti þess, að hvert átak um sig gæti ekki talizt nógu mikið tilefni af hendi lýðræðisþjóðanna til þess að hefja gereyðingarstyrjöld. Má og nærri geta, að lýðræðisþjóðir mundu ekki grípa til slíks fyrr en í síðustu lög.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að ekkert hefur um það frétzt, að kommúnistaríkin ætli að leggja niður allan vígbúnað, þvert á móti auka þau hann sem ákaflegast.

Íslendingar eiga mikið undir því, að ekki verði styrjöld. Undir því eigum við kannske allt. Við verðum að vona, að það takist að koma á friði í heiminum. Við höfum byggt okkar stefnu í varnarmálum á því, að við eigum samstöðu með vestrænu þjóðunum, enda verður ekki fram hjá þeirri staðreynd komizt. Við þurfum að halda vel á varnarmálunum og fylgjast sem bezt með í þeim efnum, halda fram endurbótastefnunni í framkvæmd þeirra, á meðan við teljum óhjákvæmilegt að hafa varnarlið í landinu, en vænta þess, að svo muni rætast úr í heimsmálunum, að ekki þurfi á slíku að halda.

**Kristinn Gunnarsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég mun fyrst að gefnu tilefni víkja nokkuð að þjóðvarnarmönnum eða hv. fulltrúum

þeirra, sem hér hafa tekið til máls í þessum umræðum.

Það er nú svo, að fulltrúar Þjóðvfl. og ræðumenn hans hér á þingi og annars staðar eiga nokkuð erfitt með að skýra hlutverk sitt í íslenzkum stjórnmálum. Af ræðu hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssonar, mátti helzt skilja það, að ef tveir tilteknir þm. Alþ. hefðu talað hér í kvöld, þá hefði sennilega ekki verið þörf á að stofna þennan flokk fyrir tveimur árum.

Báðir hv. þm. Þjóðvfl. hér á Alþingi flytja langar ræður, sem í orði eru taldar vera á móti íhaldinu og íhaldsöflunum í landinu, og sverja og sárt við leggja, að þeir ætli aldrei að verða íhaldshækjur. En þegar öllu er á botninn hvolft, þá er Þjóðvfl. og hans forustulið öflugustu og sterkustu stuðningsmenn íhaldsaflanna í landinu og þeir menn, sem íhaldið treystir mest á í dag að muni halda áfram að sundra íslenzkri alþýðu. Þess vegna fær maður að heyra, hvað sjálfstæðismenn eru óhræddir við og tala í miklum háðungartón um þann möguleika, sem vafalaust er þrá og ósk mikils meiri hluta íslenzkrar alþýðu, að hér verði mynduð vinstri stjórn, sem gerbreyti þeim stjórnarháttum, sem við höfum átt að búa við að undanförnu. En í dag eru sjálfstæðismenn ekki hræddir við það, að þessi stjórn komi bráðlega, af því að þeir eiga öfluga bandamenn innan raða þeirra, sem ættu að standa sameinaðir, og þeir bandamenn komu einmitt fram á sjónarsviðið, þegar öfgaflokkurinn, sem hefur hindrað eðlilegt samstarf og samvinnu alþýðunnar í landinu um langan tíma, var að hníga og falla. Þá komu þeir fram á sjónarsviðið og studdu og styðja í dag að áframhaldandi klofningsstarfi meðal íslenzkrar alþýðu, því miður.

Þessir menn hafa í ræðu og riti ekki átt nógu sterk orð til að lýsa því, hvernig forustumenn Alþfl. hafi svikið sínar fyrri hugsjónir og horfið frá upphaflegum baráttumálum flokksins, og séu þeir þess vegna allsendis ófærir um það í dag að veita lýðræðislegum, sósialdemókratískum flokki forustu.

Það er nú eitthvað annað með forustumenn Þjóðvfl.

Alþfl. hefur í hartnær 40 ár barizt fyrir flestum, ef ekki öllum þeim umbótamálum, sem hafa verið íslenzkri alþýðu fyrir beztu og lyft hennar kjörum og tryggt gegnum erfiðleika undanfarandi ára og skapað henni þau lífsskilyrði, sem hún hefur í dag. Þegar þeir menn, sem hafa leitt þann flokk, Alþfl., öll þessi ár, eru svo í dag sakaðir um það að vera horfnir frá fyrri hugsjónum og stefnu sinni, sakaðir um það af mönnum eins og ýmsum forustumönnum Þjóðvfl., þá mætti maður kannske spyrja: Hvaðan kemur þessum mönnum sú djörfung að saka aðra um stefnuleysi, þegar vitað er, að í forustuhóp þessa flokks, Þjóðvfl. Íslands, eru menn, sem verið hafa í flestum, ef ekki öllum flokkum á Íslandi, á örfáum árum, sem þeir hafa komið nálægt afskiptum af opinberum málum? Þessa forustumenn á íslenzk alþýða svo að velja, einmitt vegna þess, að aðrir forustumenn, sem reynzt hafa henni vel í 40 ár, eru ekki lengur til þess hæfir.

Sannleikurinn er sá um stofnun Þjóðvfl., að hann er stofnsettur af mönnum, sem voru búnir að villast og þvælast milli flokka og eru allra manna sízt stefnufastir og ósveigjanlegir í starfi sínu og stefnu. En þeir inna af hendi í dag það hlutverk í íslenzkum stjórnmálum, sem þeir segjast alls ekki vinna, það hlutverk, sem þeir segja, að aðrir vinni, og það hlutverk er að koma í veg fyrir heilbrigt og nauðsynlegt samstarf vinstri aflanna í landinu til þess að gerbreyta þeim stjórnarháttum, sem við búum við í dag.

Við heyrðum hér í gærkvöld og aftur í kvöld, svo að tekið sé eitt dæmi um þau mál, sem þeir eru að berjast fyrir, langar ræður um tillögur þjóðvarnarmanna í verðlagsmálum. Þeir vilja halda verðlaginu niðri, eins og gott og blessað er, tryggja kaupmátt launanna og koma í veg fyrir okur og dýrtíð. Þessi flokkur, sem stofnaður var fyrir þremur árum, talar um það sem algera nýjung og sem sérstakt sitt mál að halda þessu fram fyrir íslenzka alþýðu, en það eru mörg ár, það eru a. m. k. fimm ár síðan bæði Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lýstu opinberlega þeirri stefnu sinni, að þeir teldu það ekki vænlega leið til varanlegra kjarabóta að hækka kaup í krónutali, heldur að halda verðlaginu stöðugu og lækka verðlagið, ef mögulegt væri. Þetta er þess vegna ekki neitt nýtt baráttumál, sem þingmenn Þjóðvfl. koma með hingað inn á Alþingi eða flytja annars staðar. En af hverju er í dag svo mikið rætt um þessi mál? Það er vegna þess, að íhaldsöflin í landinu eru svo sterk, að þau telja sig geta farið gálauslega með þessi mál og gefið okrurunum tækifæri og öðrum gróðamönnum, sem vilja þau nota, til þess að hækka verðlag og græða á íslenzkri alþýðu. En ef Þjóðvfl. hefði ekki klofið íslenzka alþýðu í einn fleiri flokk en hún hafði áður verið í, þá hefðu íhaldsöflin ekki verið eins sterk í landinu og þau eru í dag.

Það er svo annað mál, hvernig á að fara að við það að sameina íslenzka alþýðu í traust samtök til þess að vinna að gerbættum stjórnarháttum hér á landi. En eitt það skref, sem íslenzk alþýða verður að taka og það fyrr en síðar, er að snúa baki við þeim ævintýramönnum og flokkaflökkurum, sem veita Þjóðvarnarflokki Íslands forustu í dag.

Eins og eðlilegt er í þessum umræðum, hefur verið mikið deilt um það, hversu ágæt stjórnarstefnan hefur verið undanfarin ár. Og þegar rætt er um stjórnarstefnuna í dag, þá er langeðlilegast að taka síðustu fimm ár, sem stuðningsflokkar núverandi ríkisstj. hafa farið með völd og framkvæmd hefur verið heilsteypt og óslitið sama stefnan í meginatriðum. Stjórnarliðar telja árangurinn glæstan og mikinn og framtíðina bjarta. En þegar litið er á þær staðreyndir, sem blasa við í dag, þá eru þær allt aðrar en stjórnarliðar vilja vera láta. Eitt aðalmálið, sem átti að koma í framkvæmd, þegar gengisfellingin var gerð fyrir röskum fimm árum, var að koma á frjálsri verzlun á Íslandi. Ég vil leyfa mér að nefna hér eitt lítið dæmi, sem sýnir, að þrátt fyrir það að nokkuð hafi miðað áleiðis að þessu marki, enda ekki að furða við þær aðstæður, sem stjórnarliðar hafa haft á undanförnum fimm árum, þá er það sorglega skammt, sem komið er að þessu marki, og af sorglega litlu að státa fyrir stjórnar-

liðið í því efni að koma á frjálsri verzlun á Íslandi. Eða hvort mundu menn kalla það frjálsa verzlun hér eða annars staðar, ef þannig væri málum háttað, að maður keypti hlut, greiddi hann fullu verði, en þyrfti þó að kaupa hann með þeim skilyrðum, að hann mætti ekki leigja, lána eða selja hann um margra ára bil, þó að hann greiddi hann fullu verði og væri löglegur eigandi hlutarins samkv. íslenzkum lögum? En í landi hinnar frjálsu verzlunar, svokallaðrar, sem við búum við í dag, eftir að ¾ hlutar Alþ. undir forustu ágætra manna hafa verið að berjast við að koma á frjálsri verzlun á Íslandi, er ástandið þannig, að hér á Alþ. á morgun verða greidd atkvæði um tillögu um innflutning á vissri tegund bíla, þ. e. a. s. jeppa, sem gert er ráð fyrir, ef samþ. verður, að sala á fari fram með þeim hætti, að sá, sem kaupir, má ekki leigja, ekki lána og ekki selja jeppa um margra ára bil, þó að hann eigi hann. Ég held, að af þessu eina litla dæmi megi sjá, hversu sorglega skammt og hversu mjög svo ótraustum fótum það hagkerfi stendur, sem núverandi stjórnarflokkar hafa verið að reyna að byggja s. l. fimm ár, enda ekki að furða, þegar gerð er tilraun til þess við íslenzkar aðstæður að koma á frjálsri verzlun á þann hátt, að aldrei séu til og aldrei myndist neinir gjaldeyrissjóðir, sem einir geta verið öruggur grundvöllur undir frjálsa verzlun. Og það er athyglisvert, að einmitt í verzlunarstétt eru og hafa verið glöggir menn, sem hafa ekki lagt hinn allra minnsta trúnað á það, að hér mundi verða frjáls verzlun, og hafa lagt þess vegna út í stórkostlegar „spekúlasjónir“ með þann gjaldeyri, sem þeir hafa fengið í gegnum frjálsa gjaldeyrisverzlun, og hrúgað upp birgðum til dæmis af vefnaðarvöru, og vafalaust ýmsum öðrum vörum líka beinlínis í þeim tilgangi að „spekúlera“ með hann og „spekúlera“ í gengisbreytingu, sem þeir töldu líklegt að mundi koma, vegna þess að hinn öruggi grundvöllur, sem þarf að vera undir frjálsri verzlun, hefur aldrei verið settur á Íslandi s. l. fimm ár.

Á þessu stigi málsins er ekki tími til, því miður, að nefna fleiri dæmi, en væri það gert, væri auðvelt að sýna, að það hagkerfi, sem ¾ hlutar þings hafa verið að byggja upp á Íslandi undanfarin fimm ár við ágætar aðstæður, gott árferði til lands og sjávar, yfirleitt gott verzlunarárferði, þ. e. a. s. gott hlutfall milli verðs á útflutningi og innflutningi, mikið erlent lánsfé, gjafafé og framlög, stórkostlegar aukatekjur af hernaðarframkvæmdum, — þrátt fyrir allar þessar aðstæður riðar það hagkerfi, sem reynt hefur verið að byggja á Íslandi undanfarin fimm ár. Það riðar mjög völtum fótum í dag, og það er allsendis óséð um það enn þá, hvort hægt er að telja nema í mánuðum þann tíma, sem líður þangað til það verður að gera einhverjar sérstakar meiri háttar ráðstafanir til að bjarga því, sem bjargað verður eftir þessa stefnu.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, ræddi hér um húsnæðismálin og var mikið niðri fyrir. Hann lofaði mjög ágæti Sjálfstfl. fyrir vasklega framgöngu í húsnæðisvandamálunum. Það má kannske minna hann með örfáum orðum á afstöðu hans og flokks hans til húsnæðismálanna síðustu árin.

Sjálfstfl. ræður lögum og lofum í Reykjavík, þar sem húsnæðisvandræðin eru mest. Hvers vegna hefur hann ekki útrýmt braggaíbúðunum hér í Reykjavík? Ekki hafa sósialistar staðið í vegi fyrir framkvæmdum í þeim efnum, og ekki vænti ég, að bæjarstjórnarihaldið í Reykjavík þurfi að kvarta undan afstöðu ríkisstjórnar sinnar og ekki undan skilningsleysi eigin flokksmanna í bönkum landsins. Síðan 1946 hafa verið til lög um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, en á hverju ári síðan lögin voru sett hefur þessi hv. þm. og flokkur hans rétt upp hendur á Alþ. og samþ. að fresta öllum framkvæmdum um útrýmingu bragganna í Reykjavík. Á hverju ári höfum við sósialistar flutt tillögur um fjárveitingar úr ríkissjóði í þessu skyni, en alltaf, í hvert eitt og einasta skipti, hefur Sjálfstfl. látið drepa slíkar till. Við sósialistar höfum flutt till. um að skylda bankana til þess að lána nokkurt fé árlega til íbúðarhúsabygginga. Hverjir hafa drepið þær till.? Sjálfstæðismenn. Við höfum flutt till. um fjárframlög til verkamannabústaða, en íhaldið hefur drepið þær. Það er svo sem von, að íhaldið státi af framgöngu sinni í húsnæðismálunum! Og nú koma ný lög, sagði hv. þm. Lög, sem hækka vexti af íbúðarhúsalánum, lög, sem vafasamt er um að auki nokkuð framlög til íbúðarhúsabygginga almennt, en lög, sem tryggja eiga einum fulltrúa frá íhaldinu og einum fulltrúa frá Framsfl. vald til þess að úthluta öllum íbúðarhúsalánum næstu 6 árin. Ég efast ekki um, að þessi lög eru til ágóða fyrir Sjálfstfl. En hvað viðkemur lausn húsnæðisvandamálanna eða að minnsta kosti vandamála hinna fátækustu, er allt í fullkominni óvissu.

Hæstv. fjmrh. sagði hér, að í tíð nýsköpunarstjórnarinnar hefði alls ekkert verið gert í húsnæðismálunum. Samkvæmt opinberum skýrslum var þó byggt þá meira en nokkru sinni fyrr og síðar. Þá hófst nýbyggingarstarfsemi verkamannabústaða, og þá var sett sú byggingarmálalöggjöf, sem íhaldsstjórnir síðari tíma og hæstv. ráðh. hafa neitað að framkvæma nú að undanförnu.

Í umr. hér í gærkvöld margendurtóku hæstv. ráðh. þá íhaldskenningu, að ekki væri hægt að bæta kjör vinnandi fólks með því að knýja fram kauphækkun. Þessari kenningu er linnulaust haldið á lofti af ríkisstj., og engu er líkara en að sumir af ræðumönnum hennar séu farnir að trúa þessari fjarstæðu. Hvað þýðir þessi íhaldskenning? Í rauninni jafngildir hún því, að núverandi skipting á þjóðartekjunum sé nákvæmlega réttlát. Hún jafngildir því, að þjóðartekjurnar hafi ekki farið vaxandi á undanförnum árum og að hlutur vinnandi fólks af heildartekjum þjóðarinnar sé jafnréttlátur og sá hlutur, sem milliliðir og aðrir en hið vinnandi fólk taka árlega til sín af þjóðartekjunum. Hvort tveggja er þetta rangt. Heildartekjur þjóðarinnar hafa farið vaxandi á undanförnum árum, án þess að tekjur vinnandi fólks hafi hækkað að sama skapi. En hitt er þó enn þá ljósara, að milliliðir og aðrir aðilar en hið vinnandi fólk hafa dregið til

sín miklu stærri hlut af þjóðartekjunum en hóflegt hefði verið.

Hæstv. ríkisstj. er ekki um, að rædd sé starfsemi milliliða. Hún veit, að sé kastljósinu beint að háttalagi þeirra, er augljóst hverjum manni, að kenningar hennar um, að ekki sé hægt að veita vinnandi fólki ríflegri hlut í skiptingu þjóðarteknanna, er fjarstæða. Spurningin, sem allt snýst um í þessum efnum, er því einfaldlega sú: Hvort eiga hagsmunir alþýðu eða milliliða og okrara að gilda við skiptingu þjóðarteknanna? Hér skal nú flett upp á nokkrum atriðum þessu til sönnunar.

Olíufélögin eru stærstu verzlunarfélögin á Íslandi í dag. Þau selja allar olíur til fiskiskipaflotans og alla olíu til húsakyndingar í landinu. Olíufélögin eru á hægra brjósti ríkisstj., enda eiga forustumenn stjórnarflokkanna þessi félög, að svo miklu leyti sem Íslendingar eiga þau. Eins og nú standa sakir kaupir íslenzka ríkið allar olíur til landsins með sérstökum milliríkjasamningi. Ríkisstj. hefur þó ekki borið sig að því að tryggja landsmönnum olíur með kostnaðarverði. Þess í stað hefur hún afhent olíufélögunum einokunarvald yfir allri olíusölunni og sjálfdæmi um verðlagningu í flestum tilfellum. Olíufélögin selja yfir 200 þús. tonn af olíum á ári. Sé verðlag á olíum hér og í nágrannalöndunum borið saman, kemur í ljós, að þetta olíumagn er selt á 40—50 millj. kr. hærra verði hér en þar. Hvað segja stjórnarvöld landsins við þessari verðlagningu? Telja þau, að útgerðin geti borið hið háa olíuverð? Telja þau, að almenningur geti risið undir hinu háa olíuverði? Stjórnarvöldin segja ekki eitt einasta orð um þetta. Hátt olíuverð er eins og hver annar sjálfsagður hlutur að dómi stjórnarvaldanna. Getur nokkrum manni blandazt hugur um gróða olíufélaganna? Hafa ekki allir landsmenn fyrir augunum tryllingslega fjárfestingu félaganna? Um allt land hafa þau komið upp þreföldu dreifingarkerfi. Hér í Reykjavík og nágrenni hafa þau á stuttum tíma komið upp tugmilljóna geymslustöðvum, stöðvum, sem eru margfalt dýrari og umfangsmeiri en nokkur þörf er á. Hvaðan hefur fé verið tekið til þessarar fjárfestingar? Hverjir eru látnir borga? Trúir því nokkur maður, að þessi félög hafi ekki tekið nema óhjákvæmilegan kostnað við dreifingu á olíunni?

Það eru önnur viðbrögð hjá hæstv. ríkisstj. við hækkun á olíuverði en við kauphækkun verkafólks. Ef vinnandi fólk krefst kauphækkunar, ætlar allt af göflunum að ganga. Þá þolir þjóðfélagið ekki kauphækkun, og þá er bent á hallarekstur atvinnuveganna. En hvað gerist, þegar olían er hækkuð í verði? Daginn, sem verkföllin miklu hófust í vetur, hækkuðu olíufélögin olíu til togaraflotans. Á það var hvergi minnzt. Þá var ekki bent á hallarekstur togaraflotans, sem gæti ekki mætt frekari útgjöldum. Um nokkurt skeið hefur legið fyrir krafa olíufélaganna um að hækka olíuverð til húsakyndinga og til bátaflotans um 60 kr. á tonn. Vegna verkfallsins þótti ekki hentugt að skella þessari hækkun á þá. En hver efast um, hvað gert verður við þessa hækkunarkröfu olíufélaganna, eftir að hafa hlustað á hæstv. viðskmrh. í gærkvöld? Hann var augsýnilega að undirbúa þessa olíuhækkun. Og ráð hans var handhægt til afsökunar. Hann kenndi verkfallinu um stóraukin útgjöld olíufélaganna, sem þurft hefðu að greiða stórfé í bíðpeninga fyrir olíuskipin, sem lágu hér í verkfallinu. Og niðurstaðan á svo að verða almenn verðhækkun olíu, sem þegar er margfalt dýrari hér en nokkurs staðar í nálægum löndum.

Olíufélögin vita, að þau eru undir vernd ríkisstj. Þau haga sér líka eftir því. Þó kemur fyrir, að græðgi þeirra verður svo mikil, að vernd ríkisstj. hrekkur ekki til. Nýlega hefur eitt þessara félaga verið dæmt af hæstarétti fyrir eitt stórkostlegasta verðlagsbrot, sem heyrzt hefur um hér á landi. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til þess að koma í veg fyrir, að slík verðlagsbrot endurtaki sig? Ekkert, nema rætt hefur verið um að sæma hið brotlega félag með því að veita því 50 millj. kr. ríkisábyrgð til þess að kaupa fyrir olíuskip.

Okur olíufélaganna liggur eins og mara á sjávarútveginum. En við ekkert fæst ráðið. Einn af þekktustu togaraútgerðarmönnum landsins, kunnur sjálfstæðismaður, sagði fyrir nokkru, þegar rætt var um vandamál togaraútgerðarinnar, að olíufélögin ættu að láta íslenzka togaraflotann fá ókeypis olíur í eitt ár til leiðréttingar á okri þeirra undanfarin ár.

Það eru fleiri milliliðir en olíufélögin sem draga til sín óeðlilegan hluta af þjóðartekjunum. Bankar landsins stæra sig af 40—50 millj. kr. gróða á hverju ári. Hvaðan kemur þessi gróði bankanna? Heldur ríkisstj., að hann falli af himnum ofan? Nei, hún veit það ofur vel, að þessi gróði bankanna er tekinn úr atvinnulífi landsins. Hann er ein orsökin til þess, að atvinnuvegir landsins eru reknir með tapi. Hann er ein orsökin til þess, að atvinnuvegirnir eiga örðugt með að greiða hinu vinnandi fólki það kaup, sem því að réttu ber af þjóðartekjunum. Ríkisstj. hefur samþykkt vaxtahækkunarstefnu bankanna. Hún telur hækkandi vexti miða að jafnvægi í efnahagslífinu. Þessu til staðfestingar lætur ríkisstj. hækka alla vexti, með lögum á Alþingi, eftir því sem aðstaða hennar stendur til. Hækkandi vextir af lánum landbúnaðarins eiga að auka á jafnvægið. Hækkandi vextir af íbúðalánum verkamanna eiga að auka á jafnvægið. Og hækkandi vextir sjávarútvegsins eiga að auka á jafnvægið. Hvers konar jafnvægi er það, sem hæstv. ríkisstj. leitar eftir? Er það fólgið í auknum vaxtagróða bankanna og milliliða, en hækkuðum rekstrargjöldum bænda, verkamanna og atvinnuveganna almennt? Þegar verkafólk vill fá kauphækkun, fá ríflegri hluta af þjóðartekjunum, þá er slíkt ekki hægt samkvæmt íhaldskenningu stjórnarflokkanna. En þegar bankar og milliliðir hækka vexti og önnur þjónustustörf, þá er allt í lagi. Það þola atvinnuvegirnir. Þá þarf ekki að koma til vinnustöðvunar í 1½ mánuð.

Í hópi þeirra gróðafélaga, sem gæðingar ríkisstj. stefna á atvinnuvegi landsins, eru vátryggingarfélögin. Þau hafa á undanförnum árum rakað til sín gróða. Eitt þessara félaga tilkynnti nýlega opinberlega, að það hefði á þeim 7 árum, sem það hefði starfað, grætt rúmar 20 milljónir. Auðvitað er gróði þessara félaga miklu meiri en

þau almennt gefa upp. En með góðu samþykki ríkisstj. innheimta þau sinn skatt af atvinnuvegum landsmanna.

Tvö skipafélög annast aðalvöruflutninga að og frá landinu. Stjórnarflokkarnir hafa hvor um sig hreiðrað um sig í þessum félögum. Bæði hafa þessi félög rakað saman gróða á þjónustustarfi sínu fyrir landsmenn. Annað þessara félaga hefur byggt sig upp frá grunni á örfáum árum og á nú 6 millilandaskip. Hvaðan hefur það fjármagn komið, sem byggt hefur upp þennan skipakost? Það hefur allt verið tekið af landsmönnum í okurháum farmgjöldum. Skipafélögin, sem tekið hafa framleiðslu vélbátaflotans og togaraflotans og flutt hann á erlendan markað, hafa rakað saman fé. Þau hafa ekki þurft að lifa á bónbjörgum eins og fiskiflotinn. Þau hafa ekki legið undir hamrinum fyrir vanskil. Þau hafa ekki legið bundin um hásumarið eins og togaraflotinn vegna hallarekstrar. Því er haganlega fyrir komið, því skipulagi, sem lætur fengsælustu fiskibáta veraldarinnar vera rekna með tapi og afkastamestu fiskiskip í heimi, íslenzku togarana, stynja undan hallarekstri, en hrúgar hins vegar upp gróða olíufélaga, banka, skipafélaga, vátryggingarfélaga, ríkissjóðs og heildsala, svo að nokkur dæmi af mörgum séu nefnd. En þetta skipulag er haft á þennan veg að vel íhuguðu máli. Það er hentugt að geta bent vinnandi fólki á tap framleiðslunnar. Það er sterk aðstaða að geta hótað verkafólki og sjómönnum með því, að verði kaup hækkað, þá sé óhjákvæmilegt að hækka allt vöruverð í landinu, skatta og tolla, því að ástand atvinnuveganna sé þannig, að þeir þoli ekki kauphækkun. En hvenær kemur að því, að þessu vopni verði snúið í höndum ríkisstj. og hún rekin til þess af atvinnuvegum landsins og vinnandi fólki að skila til baka milliliðagróðanum? Þjóðartekjur Íslendinga leyfa vissulega kauphækkun, og þær leyfa líka hallalausan rekstur framleiðslunnar, en skilyrði fyrir þessu er, að milliliðagróðinn sé afnuminn, að komið sé í veg fyrir, að okurstarfsemin haldi áfram.

Í umræðunum hér í gærkvöld spilaði hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sína gamalkunnu kommúnistaplötu. Kommúnistar komu verkföllunum af stað, sagði hann; þeir ætluðu að steypa ríkisstj. og mölva niður þjóðfélagið. Kommúnistar vildu ekki heyra verðlækkunarleiðina. Þeir vildu, að verkfallið yrði sem allra lengst. — Mikið eru nú þessi slagorð orðin gatslitin. Í hvert skipti, sem verkafólk leitar eftir rétti sínum, glymur þetta viðkvæði við: Kommúnistar, kommúnistar. — Allt illt er þeim að kenna. Hæstv. ráðh. lætur ekki vita þá staðreynd, að síðasta Alþýðusambandsþing, fjölmennasta fulltrúaþing, sem verkalýðssamtökin hafa haldið, samþykkti einróma að hefja þessa launabaráttu. Ráðherrann lætur ekki vita, að verkalýðsfélög, sem telja á annan tug þúsunda meðlima, ákváðu á fjölmennum fundum launakröfur sínar. Ráðherrann þykist ekki vita, að það voru þúsundir verkafólks í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði, sem framkvæmdu verkfallið, sem stóðu verkfallsvörð og að lokum ráku hann og ríkisstj. til undanhalds.

Alþjóð veit, að þegar hæstv. ráðh. talar um kommúnista, þá á hann við vinnandi fólk í landinu. Það var það, sem ákvað verkfallið, það var það, sem stóð í verkfallinu, og það var það, sem sigraði ríkisstj. Kommúnistar vildu ekki verðlækkunarleiðina, sagði hæstv. ráðh. Hver bauð verðlækkun? Hvar eru tilboð ríkisstj.? Vill ekki hæstv. ráðh. sem ræðumaður íhaldsins, eins og hann venjulega er að undanförnu, skýra frá því tilboði, sem gert var í þessum efnum? Verkalýðssamtökin lýstu yfir ósk sinni um verðlækkun, en ráðh. og ríkisstj. taldi ekki fært að lækka verðlagið, slíkt hefði dregið spón úr aski hennar nánustu. — Kommúnistar eru á eyðimerkurgöngu með verkamenn, sagði fjmrh. Það er aumlegt hlutskipti, sem þessi foringi bændanna í landinu hefur valið sér. Hann hefur manna mest unnið að því að hræra þannig saman flokki bænda og flokki kaupmanna og braskara, að ekki verður á milli greint, hvað er hvað.

Það er nú orðið hlutskipti Eysteins Jónssonar að tala á Alþ. fyrir skattalækkun auðfélaga íhaldsins í Reykjavík. Það er hans hlutskipti að boða bændum blessun vaxtahækkunar á lánum landbúnaðarins. Það er hans hlutskipti að halda vörð um sérhagsmuni milliliða og okrara í Reykjavík. Það er hans hlutskipti að verja það skipulag, sem tryggir kaupmönnum Reykjavíkur rétt til frjálsrar álagningar á vörur þær, sem landsmenn kaupa. Eitt sinn barðist þessi hæstv. ráðh. gegn Reykjavíkurvaldi íhaldsins. Eitt sinn tileinkaði hann sér það kjörorð, að allt væri betra en íhaldið. Eitt sinn stóð hann hér á Alþ. og lýsti meinsæri á hendur foringjum íhaldsins. Eitt sinn boðaði hann samstarf verkamanna og bænda. Eitt sinn lofaði hann kjósendum sínum hátíðlega, að aldrei mundi hann samþykkja hersetu í landinu á friðartímum. Mikill umskiptingur er þessi maður orðinn. Hlutskipti hæstv. ráðh. er ekki öfundsvert. Hann hefur manna mest stutt íhaldið til valda, og nú er hann aðaltalsmaður þess, þarfasti þjónn þess, og ef til vill tekst honum að koma íhaldinu í hreinan meiri hluta á Alþingi.

Það er engin furða, þó að Eysteinn Jónsson nefni eyðimerkurgöngu. Líklega hvíslar samvizka hans þessu orði að honum, því að er hann ekki sjálfur á sannkallaðri eyðimerkurgöngu með Framsfl.? Sérgrein Eysteins hefur jafnan verið skattheimtan. Íhaldið er orðið sérlega ánægt með hann sem skattheimtumann. Nú er svo komið, að svo til allir skattar og tollar eru innheimtir af almenningi. Gróðafélög íhaldsins bera sáralítinn hluta af skattbyrðinni. Helzt hefur Eysteinn komizt í þrot með nafngiftir á nýja tolla og nýja skatta. Í gærkvöld lofaði hann nýjum tollum og nýjum sköttum í tilefni af verkföllunum, og nöfn voru þegar fundin á nýju skattana. Þeir skulu bera nafn kommúnista, sagði hæstv. ráðherra. Það er mikil furða, hve takmarkalaust vald íhaldið hefur á hæstv. fjmrh. Sjálft hefði íhaldið ekki þorað að boða nýjar álögur til viðbótar 100 millj. kr. rekstrarafgangi ríkissjóðs. En Eysteinn tekur að sér að boða þessi tíðindi. Það er mikill misskilningur hæstv. ríkisstj. að halda, að vinnandi fólk í landinu láti bjóða sér nýjar álögur og hækkað vöruverð án mótaðgerða. Ríkisstj. verður knúin til þess að skerða gróða milliliðanna, ella að víkja.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Alþm. og aðrir þeir, sem hlýtt hafa á þessar umræður, hafa nú heyrt hinn mikla mun, sem er á málflutningi stjórnarandstæðinga og ríkisstj. og málsvara hennar. Við sjálfstæðismenn höfum nú sem fyrr vitnað til staðreyndanna, skýrt þær og stutt mál okkar með þeim. Almenningur treystir okkur betur en öðrum, m. a. vegna þess, að menn hafa reynt, að það stenzt, sem við segjum og lofum. Andstæðingarnir virða staðreyndirnar lítils, í mesta lagi að þeir bölvi þeim, eins og Vilmundur landlæknir forðum. Í stað þess, sem er raunverulegt og satt, tildra andstæðingarnir upp blekkingum og útúrsnúningum í þeirri von, að slíkt veiti þeim brautargengi. Hvernig halda menn, að þessum herrum mundi takast að stjórna landinu í sameiningu, þegar allt rekst svo á annars horn sem raun ber vitni um, meðan þeir þó eru aðeins í andstöðu og þurfa enga ákvörðun að taka á Alþ., sem máli skiptir?

Þeir eru t. d. að vísu allir sammála um, að sjálfsagt hafi verið að gera stórkostlegt verkfall. Um hitt rífast þeir, hverju hafi átt að ná með verkfallinu og hvort það hafi orðið til ills eða góðs. Um varnir landsins segja sumir, að þær eyði atvinnuvegunum og heilum landshlutum; aðrir, að þjóðinni sé haldið uppi með varnarliðsvinnunni. Sannleikurinn er sá, að Íslendingar láta hlutfallslega miklu færri menn til slíkra starfa en nokkur önnur þjóð, og er það í hendi íslenzkra stjórnvalda að láta ekki einum manni fleira til þeirra en þau ákveða og telja atvinnuvegina þola.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson lætur nú svo, að þeir, sem báru fram kröfur um kauphækkanir, sem námu a. m. k. 37—50%, hafi raunverulega viljað lækkun á verðlagi. Þannig er samræmið í rökunum. Það er ekki aðeins, að þessir menn séu ósammála hver við annan, heldur stangast allt hjá hverjum og einum.

Hv. þm. Einar Olgeirsson vill t. d., að við tökum Dani og Norðmenn til fyrirmyndar í því að fá ekki erlenda menn til varnar landinu. En vill hann lúta fordæmi þeirra um það, að við sjálfir tækjum að okkur hlutfallslega jafnmiklar varnir og þessar þjóðir gera? Ef svo væri, mundi skjótlega óhætt að láta hið erlenda varnarlið hverfa héðan. En svo illa sem Einari er við varnir hinna erlendu manna, er honum þó enn verr við, að Íslendingar komi sér sjálfir upp vörnum. Engum dylst, af hverju þessar mótsagnir spretta. Hv. þm. Einar Olgeirsson þjónar þarna öðrum hagsmunum en íslenzkum.

Um varnarmálin læt ég mér annars nægja að vitna til traustsyfirlýsingar þeirrar, sem þjóðin hefur veitt stefnu stjórnarinnar með því að taka jafnfálega undir undirskriftasöfnunina, sem hafin var s. l. vetur eða haust, og raun ber vitni um. Til þeirrar undirskriftasöfnunar var efnt með miklu brambolti. Nú heyrist ekki á hana minnzt, og byrjað er á annarri undirskriftaherferð til að láta hina fyrri hverfa í gleymskunnar dá.

Hermanni Jónassyni geðjaðist ekki að því, að við sjálfstæðismenn skyldum skýra nokkuð eðli vinstri samvinnunnar, og reyndi að gefa nýjar skýringar á fyrra tali sínu um þetta. Enn var þó glöggt, hvað hann vildi, — jafngreinilegt og ekki geðjast öllum flokksmönnum hans þær ráðagerðir. Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson kom strax á eftir Hermanni og lýsti nokkuð því liði, sem Hermann vill ólmur ná samvinnu við. Var það ófögur lýsing, en því miður sönn. Horfir sannarlega ekki vænlega um þá samvinnu, sem efnt væri til af slíkum hug, fremur en gera virðist um sameininguna t. d. innan Alþfl., ef það er rétt, sem hér hefur komið fram, að orka hans fari nú mest í það að útiloka hver annan frá því að halda ræður.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Hermanni Jónassyni, að Íslendingar hafi aldrei reynt samvinnuútgerð. Hún hefur verið reynd og því miður ekki gefizt vel. Eins er það alger misskilningur, að verkföll mundu ekki verða við slíka starfrækslu. Ekkert land hefur þroskaðri samvinnu í landbúnaði en Danir, og varð þó með sérstökum ráðstöfunum að hindra, að stórfellt verkbann eða verkfall skylli þar á fyrir fáum vikum. Í Bretlandi hefur ekki orðið minna um verkföll í þjóðnýttum atvinnugreinum en öðrum. Mestur er þó misskilningurinn, ef Hermann Jónasson og aðrir láta sér til hugar koma, að unnt sé að vinna bug á völdum kommúnista í verkalýðshreyfingunni án atbeina sjálfstæðismanna. Sú trú, sem virtist hjá honum koma, að sjálfstæðismenn væru andstæðir verkalýðssamtökunum, er alger staðleysa. Við sjálfstæðismenn skiljum til hlítar nauðsyn frjálsra og voldugra verkalýðssamtaka, en við gleymum því ekki, að blómlegir atvinnuvegir eru undirstaða velmegunar allra, ekki aðeins atvinnurekendanna sjálfra, heldur ekki síður verkamanna og alls almennings. Um leið og allir þessir aðilar, verkamenn, atvinnurekendur og ríkið, eiga að vera hver öðrum óháðir, þá þurfa þeir og að hafa góða samvinnu sín á milli. Við teljum það þjóðarvoða, þegar svo fer, eins og í þjóðfélögum kommúnista, að verkalýðsfélögin eru gerð að tæki í höndum ríkisins, sem um leið er allsherjaratvinnurekandinn, — tæki, sem notað er til áþjánar verkalýðsins, en ekki honum til heilla. Á meðan við höldum frjálsu þjóðfélagi hér á landi, er ekki hætta á þessu. En við sjáum nú þegar, hvað verða vill með þeirri misnotkun kommúnista á verkalýðshreyfingunni, sem þegar er hafin og öll miðar að misbeitingu félaganna í flokksþágu kommúnista. Baráttan gegn þeirri þjóðarhættu, sem stafar af valdráni kommúnista innan verkalýðsfélaganna, mun halda áfram, þangað til henni lýkur með sigri lýðræðismanna, og hún verður vitanlega fyrst og fremst háð innan félaganna sjálfra sem sjálfstæðisbarátta allra frelsisunnandi verkamanna gegn misnotkun kommúnista á þessum nauðsynjafélagsskap. Á þeim vettvangi verður úrslitabaráttan háð. En atvinnurekendur verða og að minnast þess, að stundarsigrar kommúnista innan félaganna eru einnig að nokkru leyti þeirra sök. Völd slíkra skemmdarvarga í verkalýðshreyfingunni eru ekki síður skaðsamleg en mæðiveiki, aflabrestur eða stjórnleysi atvinnufyrirtækja. Atvinnurekendur verða þess vegna sjálfra sín vegna, þó að öllu öðru sé sleppt, að gæta þess að haga ætíð störfum sínum

svo, að þeirýti ekki undir ófögnuðinn eða hvetji verkamenn til að trúa flugumönnum hins alþjóðlega kommúnisma fyrir fjöreggi sínu.

Tvískinnungur Alþfl. um samvinnu allra lýðræðisaflanna leiddi beint til þess, að kommúnistar fengu yfirráðin í verkalýðshreyfingunni í haust. Ósigur kommúnista er viss, ef lýðræðisöflin sameinast á móti kommúnistum, og til þess er atbeini sjálfstæðismanna ómissandi. Á þessa staðreynd megnar ekkert skraf um vinstri samvinnu að skyggja. Ég votta að vísu þeim hv. þm. Hermanni Jónassyni og Haraldi Guðmundssyni innilega samúð mína yfir sorg þeirra út af því, að stjórn, sem þeir þrá að ríki hér, skuli vera farin frá völdum fyrir meira en 17 árum, enda var hún mynduð fyrir meira en 20 árum, þ. e. a. s. 1934. Þessir menn eru sem sé 20 árum á eftir tímanum, þeim 20 árum, sem hafa leitt mestar breytingar yfir íslenzku þjóðina. Þessir menn þrá ástand, sem þjóðin er fyrir löngu vaxin frá og hugsar nú til með ömurleika þess ástands, þegar atvinnuleysið þjáði verkalýðinn og kyrrstaðan lá eins og mara á öllu þjóðlífinu. Svo ömurlega tíma vill þjóðin ekki leiða yfir sig aftur.

Íslendingar eru fæstir sammála hv. þm. Bergi Sigurbjörnssyni, sem sagði, að Eimskipafélag Íslands hefði lokið uppbyggingu kaupskipaflota síns. Þjóðin lítur ekki svona á. Hún kýs áframhaldandi uppbyggingu; hún kýs framfarir og bjartsýni, stjórn, sem hefur hag allrar þjóðarinnar fyrir augum.

Við sjálfstæðismenn erum því vanir, að sundrungaröflin í þjóðfélaginu reyni öll að níða okkur. Slíkt er eðlilegt. Flokkur okkar er einn þeirra meginása, er halda uppi hinni íslenzku þjóðfélagsbyggingu, og er því að vonum, að þeir níðhöggvar, er naga þjóðarmeiðinn að neðan, beiti tönnum sínum einkum gegn okkur. Þeir hafa og lengi sagt fyrir feigð flokksins eða a. m. k. skjóta hrörnun hans. Þær hrakspár hafa ekki rætzt. Sjálfstfl. er öflugasti stjórnmálaflokkurinn á Íslandi, sá flokkurinn, sem staðfastast hefur fylgið, og hinn eini, sem möguleika hefur til að fá stuðning meiri hluta þjóðarinnar. Allur almenningur veit, að Sjálfstfl. er hans öruggasta skjól, og áróðurinn um ihald og sérhagsmunagæzlu flokksins er staðlausir stafir. Enginn efast um, að framfarir hafi aldrei orðið meiri hér á landi en síðustu 10 árin. Allan þann tíma hefur Sjálfstfl. átt fulltrúa í ríkisstj. og er eini flokkurinn, sem það hefur átt öll þessi ár. Hann hefur því ráðið meiru um stjórnarstefnuna en nokkur annar, þó að því sé miður, að hann hefur ekki ráðið nógu miklu. En það er fyrst og fremst Sjálfstfl. að þakka, að þessi tími hefur verið mesti framfaratíminn í sögu Íslands. Á sama stendur, hvert litið er. Alls staðar blasa framfarir og umbætur við. Auðvitað er mörgu ábótavant hér eins og í öllum mannlegum félagsskap, en eðlilegt er, að þeim, sem mestu hefur hrundið fram á liðnum tíma, sé bezt treyst til framkvæmda nú og í framtíðinni. Menn vita, hvað er sterkasta aflið í íslenzkum stjórnmálum. Þeir, sem góðum málum vilja koma fram, leita því eðlilega til Sjálfstfl. Með því styrkja þeir sjálfa sig og greiða fyrir framgangi hinna góðu mála sinna, um leið og þeir efla enn öflugasta flokk landsins og gera honum þar með kleift að hafa heillarikari áhrif en nokkru sinni fyrr.

Þjóðin á um tvennt að velja: Annars vegar vaxandi sundrung, hins vegar vaxandi velmegun undir forustu Sjálfstfl. Það eru fleiri og fleiri, sem gera sér þetta ljóst. Þess vegna eru það ætíð fleiri og fleiri, sem fylkja sér um Sjálfstfl., sjálfum sér og þjóðinni allri til heilla.

Að lokum býð ég öllum þeim, er á mál mitt hlýða, góða nótt og árna þeim árs og friðar.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. (KGunn) talaði hér áðan og nefndi Þjóðvfl. oft í ræðu sinni. Ég skildi ræðu hans að vísu ekki vel, en helzt virtist mér hann vera á móti Þjóðvfl. Þá veit maður það. Ég er ósköp rólegur yfir þessu og spái því, að Þjóðvfl. lifi það af, þó að hv. þm. sé eitthvað á móti honum. Annars datt mér það einna helzt í hug undir ræðu þessa hv. þm., að mikið hljóti Alþýðuflokksmenn úti um land að vera ánægðir yfir skiptunum að hafa fengið hann hingað inn í umræðurnar í stað forseta Alþýðusambandsins, Hannibals Valdimarssonar.

Hæstv. fjmrh. gerði að vonum nokkra tilraun til að svara ádeilu minni á utanríkisstefnu hæstv. ríkisstj. Ráðh. sagði, að breytt hefði verið um stefnu í varnarmálunum. Eins og ég sýndi fram á í gærkvöld, er stefnan óbreytt í öllum þeim atriðum, sem verulegu máli skipta. Og hæstv. dómsmrh. vitnaði um þetta hér í umr. í kvöld. Annars þarf ekki hans vitnisburðar við. Hver maður, sem eitthvað fylgist með, veit, að í svokölluðum varnarmálum hafa engin straumhvörf orðið.

Hæstv. ráðh. lagði mikla áherzlu á að sanna, að til væru ýmsir flugvellir með jafnstórar flugbrautir og Keflavíkurflugvöllur. Þetta má rétt vera, en ég vek sérstaka athygli allra tilheyrenda á því, að hæstv. ráðh. dirfðist ekki að neita því, að Keflavíkurflugvöllur sé nægilega stór til afnota fyrir stórar sprengjuflugvélar. Kjarni málsins er sá, að Keflavíkurflugvöllur er í tölu hinna stærstu hernaðarflugvalla veraldar og hefur auk þess þann höfuðkost að vera staðsettur í strjálbýlu landi, sem í augum erlendrar herstjórnar — ég legg áherzlu á það — í augum erlendrar herstjórnar hlýtur óhjákvæmilega að vera hentugur árásarstaður í styrjöld og þá um leið hentugur til að taka á móti holskeflum gagnárásar. Eða fæst nokkur maður til að trúa því, að ameríska herstjórnin meti það ekki meir, ef í harðbakkann slær, að forða milljónum eða tugmilljónum manna af sinni eigin þjóð frá því að tortímast í vetnissprengjuárás heldur en að bjarga 100 þús. hræðum hér á hjara veraldar undan þeim örlögum? Eða þykist Eysteinn Jónsson vera þess umkominn að veita Íslendingum tryggingu fyrir því, að Bandaríkjamenn noti Ísland ekki til þess að taka á móti stærstu holskeflunum í kjarnorkustyrjöld?

Það er von, að framsóknarmenn kveinki sér undan gagnrýni á meðferð þeirra á utanríkismálum. Þeir ætluðu að leika sterkan leik, er þeir tóku þau í sínar hendur. Þeir hafa í því sambandi viðhaft alls konar loddarabrögð, eins og ég lýsti í gærkvöld, en þau hafa að litlu haldi komið.

Þjóðin sér í gegnum blekkingavefinn. Það stendur enn óhrakið, sem ég sagði hér í gær, að eini teljandi árangurinn af stjórn Framsóknar á Keflavíkurmálum er auknir gróðamöguleikar íslenzkra auðmanna og auðfélaga á hernámsbraski. Áhugi framsóknarleiðtoganna hefur fyrst og fremst beinzt að því að tryggja framsóknarfyrirtækjum sem ríflegasta hlutdeild í ógeðslegasta atvinnuvegi, sem nokkru sinni hefur þekkzt á Íslandi, hermangi. Það er óhrakið, að undir forustu Framsóknar hefur verið haldið í einu og öllu utanríkisstefnu Bjarna Benediktssonar, og afleiðingin er sú, að Íslendingar eru fastara reyrðir í viðjar hernáms en nokkru sinni fyrr.

Þau alvöruorð, sem ég mælti í gærkvöld um eðli hinnar svokölluðu vopnaverndar, voru sízt af öllu til þess töluð að vekja ástæðulausan ótta hjá þjóðinni. Því miður er það ómótmælanlegt, að á öld vetnissprengjunnar eiga þeir hættuna mesta yfir höfði sér, sem hafa innan vébanda sinna herstöðvar og stóra flugvelli, sem hægt er að nota í kjarnorkustyrjöld og hinn styrjaldaraðilinn telur sér stafa háska af. Það er ekki skynsamra manna háttur að haga sér eins og strúturinn og stinga höfðinu niður í sandinn. Við Íslendingar verðum því að horfast í augu við staðreyndir, hversu geigvænleg tíðindi sem þær kunna að boða. Tortímingarhættan af völdum herstöðvarinnar á Reykjanesi er enn þá stórkostlegri en flestir Íslendingar hafa gert sér fyllilega ljóst. Það eru ekki aðeins hinar fjölmennu byggðir við Faxaflóa, sem eiga voðann vísan, ef vetnissprengju yrði varpað á Reykjanesskaga, heldur meginþorri þjóðarinnar. Í skýrslu amerísku kjarnorkunefndarinnar, sem birtist 15. febr. s. l., er nákvæmlega lýst áhrifum vetnissprengingar. Þar segir, að sjálf sprengingin taki til svæðis, sem er 40 km í þvermál eða jafnvel enn meira. Á því svæði myljast öll mannvirki og slokknar allt líf. Hins vegar er það komið undir vindátt og veðri, hvert helmökkur sprengingarinnar berst, en hann getur borizt hundruð kílómetra. Hvað segir þetta okkur Íslendingum? Ef vetnissprengja félli nálægt Keflavíkurvelli í suð-suðvestanátt, mundi hinn lífshættulegi geislavirki mökkur berast norðaustur yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík og Hafnarfjörð, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, hluta af Dalasýslu og Strandasýslu, báðar Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu og Siglufjörð og á haf út norður af Siglufirði. Á þessu svæði búa um ⅔ hlutar allra landsmanna.

Núverandi valdhafar á Íslandi hafa stigið mörg óheillaspor. En óendanlega miklu þyngst er sú sök íslenzkra ráðamanna, að þeir berja enn höfðinu við steininn á sviði utanríkismála og halda dauðahaldi í þá stefnu, sem haft getur svo geigvænlegar afleiðingar fyrir þjóðina, að engin orð fá lýst. Hvort ástæðan er ólæknandi blinda, alger forherðing eða það, sem líklegast er, skortur þreklundar til að hverfa frá villu síns vegar, það skiptir næsta litlu máli. Hitt er augljóst, að núverandi ráðamenn ætla ekki að bera gæfu til að hafa vit fyrir þjóðinni. Hún verður að hafa vit fyrir þeim. Hvernig er slíkt hægt, fyrr en í fyrsta lagi í næstu kosningum? mun margur spyrja. Það er hægt með því móti, að æ fleiri Íslendingar sameinist um kröfuna um uppsögn herstöðvasamningsins og algert hlutleysi Íslands í styrjöldum. Ef allir þeir, sem þegar skilja nauðsyn þessa, krefjast þess einbeittir og sameiginlega, að íslenzka þjóðin losni úr viðjum hernámsins, þá er hægt að tryggja málinu sigur. Ekkert óttast valdhafar meira en stórfellt fylgistap. Ef þeir finna strauminn nógu sterkan á móti sér, mun svo fara, að einhverjir þeirra að minnsta kosti taka að endurskoða afstöðu sína.

Verið þess minnugir, áheyrendur, hvar í flokki sem þið hafið staðið, að baráttan fyrir lausn Íslands úr fjötrum hernámsins er langt um mikilvægari en öll tryggð við gamla flokka. Þar er um að tefla tilveru þjóðarinnar í bókstaflegum skilningi.

Sú er vissulega von allra, sem gera sér þess nokkra grein, hversu ægileg tortímingaröfl hafa verið leyst úr læðingi, að þjóðir heims beri gæfu til að skipa málum sínum með friðsamlegum hætti, svo að hrjáðu mannkyni verði forðað frá að tortímast í Surtarloga kjarnorkustyrjaldar. Við Íslendingar erum ekki mikils megnugir og ráðum litlu um þróun alþjóðamála. Eitt er okkur í sjálfsvald sett: Við þurfum ekki að bjóða fram land okkar undir helsprengjustöðvar. Það er siðferðisleg skylda hinnar íslenzku smáþjóðar, bæði gagnvart sjálfri sér og öðrum þjóðum, að leggja sitt lóð á vogarskálina þeim megin, sem betur gegnir, friðarins megin.

Ótti gömlu flokkanna við hinn tveggja ára gamla Þjóðvfl. Íslands kemur fram í ýmsum myndum. Þótt flokkurinn eigi engan bakhjarl, hvorki utanlands né innan, annan en áhuga og fórnfýsi flokksmanna, þótt blaðakostur hans sé enn þá lítill og fjárskortur hái öllu útbreiðslustarfi, er enginn gömlu flokkanna óttalaus vegna aukins fylgis Þjóðvfl. og vaxtarmöguleika hans. Þetta hefur komið nokkuð fram hér í þessum umr. Einkum eru foringjar Framsóknar illa haldnir af Þjóðvarnarhræðslu. Þeir komast ekki hjá því að verða þess varir, að æ fleiri frjálslyndir menn hafa megna vanþóknun á íhaldsþjónkun Framsfl., og margir hafa þegar misst trú á, að sá flokkur eigi sér viðreisnar von sem vinstri sinnaður flokkur.

En það eru fleiri en Framsfl., sem óttast það, að eigin gerðir komi þeim í koll og sú vantrú, sem þjóðin hefur fengið á stefnu þeirra og starfsaðferðum, muni verða Þjóðvfl. til eflingar. Flestar leiðir hafa verið reyndar til að gera Þjóðvfl. tortryggilegan og varna því, að hann geti kynnt stefnu sína fyrir þjóðinni.

Annar landsfundur Þjóðvfl. Íslands var haldinn í Reykjavík í lok nóvembermánaðar s. l. Fund þennan sóttu um 60 fulltrúar úr öllum landsfjórðungum. Störf þessa fundar einkenndust af miklum áhuga, fullkominni eindrægni og vitundinni um það, að flokksins biði mikið hlutverk í íslenzkum stjórnmálum. Markmið Þjóðvfl. er að fylkja liði til nýrrar frelsisbaráttu og vinna að sameiningu lýðræðissinnaðra vinstri manna til baráttu gegn íhaldi og spilltum auðhyggjumönnum. Flokkurinn gerir sér ljósa nauðsyn þess, að myndaður verði nýr vettvangur, þar sem vinnandi fólk þjóðfélagsins, sjómenn, verkamenn, bændur, iðnaðarmenn og aðrar starfsstéttir, geti tekið höndum saman og unnið hlið við hlið að uppbyggingu réttláts og frjáls þjóðfélags, án allrar

knékrjúpandi dýrkunar á stórveldum í vestri eða austri.

Á öðrum landsfundi Þjóðvfl. var samþ. stjórnmálaályktun, þar sem gerð var ljós grein fyrir eðli flokksins og meginstefnu. Eins og flestum landsmönnum er kunnugt, hefur það jafnan viðgengizt, a. m. k. þegar stjórnarflokkarnir hafa haldið þing sín og landsfundi, að ríkisútvarpið hefur verið notað jafnvel dag eftir dag til að kyrja yfir landslýð öllum samþykktir þeirra. Hafa ekki aðeins verið lesnar stjórnmálaályktanir þessara flokka, heldur hvers konar samþykktir og till. En þegar Þjóðvfl. átti í hlut, var frjálslyndi hins hlutlausa ríkisútvarps ekki meira en svo, að þar fékkst lesin örstutt tilvitnun í stjórnmálaályktunina, einnar eða tveggja mínútna lestur. Annað ekki. Ég vil því leyfa mér að lesa hér örstuttan kafla úr stjórnmálaályktun flokksþingsins, þar sem stefna Þjóðvfl. verður ekki betur kynnt öðruvísi í stuttu máli. Þar segir:

„Með stofnun Þjóðvfl. Íslands er gerð tilraun til að fylkja vinstri öflum landsins á þjóðlegum grundvelli utan um kjarna allrar raunhæfrar vinstri stefnu, baráttu fyrir lýðræði, ekki aðeins í stjórnmálum, heldur einnig í fjárhags- og atvinnumálum, til tryggingar hag og heill almennings með því frjálsræði, að svigrúm veitist til að nýta kosti alls í senn, opinbers rekstrar, samvinnurekstrar og einkarekstrar, eftir því sem hentar íslenzkum viðfangsefnum hverju sinni. Þjóðvfl. Íslands er þannig stofnaður í tvíþættum tilgangi: Til þess að taka upp merki hinnar nýju sjálfstæðisbaráttu og til þess að kalla saman á nýjum vettvangi hinar sundruðu fylkingar vinstri sinnaðra og þjóðhollra Íslendinga. Flokkurinn er reiðubúinn til samstarfs og samvinnu við alla þá, jafnt einstaklinga sem félagssamtök, er taka vilja upp þessa baráttu á þeim forsendum, sem hér hefur verið lýst. Söguleg nauðsyn knýr til slíkra stjórnmálasamtaka, því að annað hefur verið reynt til þrautar. Hinn gamli þríklofni meiður vinstri aflanna er fúinn niður í rót og hlýtur að falla. Annar landsfundur Þjóðvfl. Íslands skorar á alla einlæga og þjóðholla vinstri sinna að taka höndum saman við þjóðvarnarmenn í úrslitatilraun til að efla með þjóðinni sterkan vinstri flokk, er sé óháður jafnt austri sem vestri og standi trúan vörð um frelsi og sjálfstæði Íslands í nútíð og framtíð."

Þetta var úr stjórnmálaályktun Þjóðvfl. Íslands. Þrjú eru þau meginatriði, sem flokkurinn leggur höfuðáherzlu á: Að breytt verði um stefnu í utanríkismálum; að breytt verði um stefnu í atvinnu- og viðskiptamálum, hætt að hlaða undir braskara og auðhyggjumenn, en stjórnað með almannahag fyrir augum. Og til þess að koma þessu tvennu í framkvæmd: að sameina hin sundruðu vinstri öfl til markvissrar baráttu fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum á þjóðlegum grundvelli. Þegar það tekst, en fyrr ekki, mun létta þeirri þoku íhalds og auðhyggju, sem nú grúfir yfir íslenzku þjóðinni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, sem var að fara hér úr ræðustólnum, gerði varnarmálin ofur lítið að umtalsefni.

Hvernig sem þessi hv. þm. ber höfðinu við steininn, þá er það staðreynd, að með breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á varnarmálunum, hefur sambúðarvandamálið tekið þeim breytingum, að það er ekki lengur til í þeirri mynd, sem það áður var. Um þetta getur enginn málefnalegur ágreiningur orðið, þótt hv. 8. landsk., *Bergur Sigurbjörnsson, og 8. þm. Reykv., Gils* Guðmundsson, og þeir þjóðvarnarmenn berji höfðinu við steininn og vilji ekki viðurkenna þetta. Á þessu sjáum við það í raun og veru, hversu mikið þeir hafa meint með tali sínu um þjóðernisvandamálið. Þeir vilja einskis meta þær endurbætur, sem gerðar hafa verið í þessu efni. Annars minnir tal og afstaða þessara hv. þm. í sambandi við framkvæmd varnarmálanna mest á hesta í hafti. Þeir hoppa stundum, eftir að haftið hefur verið tekið af.

Hv. 8. þm. Reykv. gerði hér eina merkilega játningu. Hann játaði hér áðan, að allt það, sem Þjóðvfl. og kommúnistar hafa haldið fram um sérstöðu Keflavíkurflugvallar, að hann væri því sem næst eini flugvöllurinn í heiminum, sem gæti komið til mála sem árásarflugvöllur, væri *úr lausu lofti gripið. Hann tók aftur allt það,* sem þeir hafa sagt um Keflavíkurflugvöll að þessu leyti. Hann viðurkenndi, að það væru til tugir flugvalla á borð við Keflavíkurflugvöll um alla Evrópu. Með þessu er fallinn áróður sá, sem þessi hv. þm. og aðrir slíkir hafa haldið uppi undanfarið í varnarmálinu. Hann hefur bókstaflega byggzt á þeirri fullyrðingu, sem þeir hafa nú orðið að taka til baka, eða hv. þm. fyrir þeirra hönd.

Hv. þm. gerði ekki minnstu tilraun til þess að sýna fram á, hvernig það mætti bægja háskanum frá landinu að hafa Keflavíkurflugvöllinn óvarinn. Ég gaf honum þó gott tilefni til þess að rökræða þetta atriði, en það tækifæri vildi hann ekki nota.

Hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, minntist á það í ræðu sinni í kvöld, að það væru lítilfjörlegar skattalækkanir, sem átt hefðu sér stað. Samt sem áður hefur það gerzt, að einhleypur maður, sem hefur 36 þús. kr. tekjur, borgar aðeins 1160 kr. í skatt. Ekki meira.

Í sambandi við tal þeirra þjóðvarnarmanna um skattlagningu á stórgróða, er rétt að upplýsa, að í fyrra, þegar skattalöggjöfin var til meðferðar, lögðu þeir til, að hátekjumenn borguðu minna en stjórnarflokkarnir samþykktu. Menn hafa líka heyrt, hvernig þeir hafa talað hér í þessum umr. um þá till. stj. að lækka um 20% skatt á félögum. Það er rétt að upplýsa, að í fyrra lögðu þeir sjálfir til að lækka skatta á félögum um 10%. Það munar þá sem sé aðeins um 10% á afstöðu þeirra og á afstöðu stjórnarflokkanna eins og hún var í fyrra og eins og hún er í ár, en samt hafa þeir talað um þetta mál eins og stórmál.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson minntist aðeins á byggingarnar á nýsköpunarárunum. Hann sagði, að það hefði verið mikið byggt á „nýsköpunarárunum", sem þeir kalla. Það var talsvert mikið byggt á nýsköpunarárunum, en það voru aðallega „villur" og „lúxusíbúðir". Á þeim árum fékk byggingarsjóður verkamanna ekkert fé nema

fastastyrkinn á fjárl. Það var ekki fyrr en Framsóknarflokksmenn tóku við félagsmálunum, að verkamannabústöðunum var veitt aukaframlag af greiðsluafgangi. Menn áttu ekki á þessum árum kost á neinum lánum út á íbúðir, nema örfáir menn lánum úr verkamannabústaðasjóðnum af því fasta framlagi. Það var að vísu sett löggjöf á pappírinn um húsnæðismál, en þeir hlupu frá henni, áður en hún komst til framkvæmda, og sú löggjöf reyndist óframkvæmanleg, komst aldrei nema á pappírinn, af því að þeir öfluðu aldrei þess fjármagns, sem þurfti til þess að framkvæma löggjöfina.

Kommúnistum gengur illa að viðurkenna, hvernig þeir fóru að í síðasta verkfalli, sem auðvitað var haldið svona lengi áfram til þess að reyna að sýna fram á það, að hér yrði engum skipulegum þjóðarbúskap uppi haldið, nema kommúnistar fengju að ráða, en ekki vegna þess, að upp úr því gæti hafzt fyrir verkamenn að halda verkfallinu áfram umfram það, sem til boða stóð í byrjun. Talsmaður kommúnista spurði hér áðan: Hvar var tilboðið um verðlækkunina, sem hefði getað komið í staðinn fyrir kauphækkunina? — Það tilboð fékkst ekki, vegna þess að því var lýst yfir af fulltrúa verkamanna, kommúnistanum, í viðtali við ríkisstj., að það kæmi ekki annað til mála en að fara hækkunarleiðina. Þess vegna gat verðlækkunin ekki komið til. Það var sem sé ekki hægt að fara upp og niður í senn.

Hv. 11. landsk. vildi segja, að það hefðu verið félagsmennirnir í verkamannafélögunum, sem hefðu ráðið því, að verkfallinu var haldið áfram í 6 vikur til þess að ná 2% meiri kauphækkunum. Þetta er alls ekki rétt. Það vita allir, að það var hin kommúnistíska forusta, sem tók að sér að halda verkfallinu fram þrátt fyrir þau boð, sem fyrir lágu.

Það er óhugsandi, að kommúnistar geti borið á móti því með rökum, að með örstuttu verkfalli hefði verið hægt að fá litlu minni kauphækkun en þá, sem varð. Ég vil benda mönnum á, að í þessum umr. hefur því ekki verið mótmælt, sem ég hélt fram í gær, að upp úr þessu 6 vikna verkfalli hafðist ekki annað en 2—3% meiri kauphækkun en ella hefði orðið.

En kommúnistar reyna nú að breiða út þá skoðun, að þeir hafi haldið áfram verkfallinu til þess að fá atvinnuleysistryggingarnar. Ekki voru þó atvinnuleysistryggingarnar með í kröfum þeim, sem gerðar voru í verkfallinu. Upp á atvinnuleysistryggingunum var stungið af velviljuðum mönnum, þegar kommúnistar höfðu komið þessum málum þannig með málsmeðferð sinni, teflt þeim svo gersamlega í strand, að *engar útgöngudyr voru sjáanlegar eftir þeirra leiðum.* Þá voru það aðrir menn, sem stungu upp á því að leysa málið með atvinnuleysistryggingum, og atvinnuleysistryggingar var hægt að fá án verkfalls, ef rannsóknarleiðin hefði verið farin.

Annars getum við nokkuð séð málefnalegan áhuga þeirra kommúnista á því, að þeir létu Alþýðusambandið skrifa Framsfl. í vetur um stjórnarmyndun og stungu upp á umræðum um áhugamál verkalýðssamtakanna. Framsfl. tjáði sig reiðubúinn að taka upp viðræður við Alþýðusambandið um áhugamál verkalýðssamtakanna, en varðandi stjórnarmyndunarboðin leyfði Framsfl. sér að spyrja, hvaða þingfylgi stæði að baki uppástungunni um stjórnarmyndunarviðræður. En fyrir þessum umræðum um málefni verkalýðssamtakanna hafði Alþýðusambandið engan áhuga. Það kærði sig ekkert um þessar umræður, og hefur ekkert heyrzt frá þeim um það síðan. Ef ætlunin hefði verið að vinna málefnalega að framgangi áhugamála verkalýðssamtakanna, hví var þá ekki þetta tilboð framsóknarmanna um að taka upp umræður um málefni verkalýðssamtakanna notað til þess t. d. að afla atvinnuleysistryggingunum fylgis? En það var auðvitað ekki gert, því að ætlunin var allt önnur. Það átti aðeins að slá í pólitíska refskák. Á því var áhuginn og engu öðru.

Hefðu kommúnistar hér engu ráðið um málefni verkalýðsins, þá hefðu áreiðanlega fundizt leiðir til þess að bæta kjör a. m. k. þeirra, sem lakast voru settir. En kommúnistar þurfa að hafa sínar aðferðir, og því fór sem fór. En nú eru þeir hræddir við það, sem gerzt hefur, og það er áreiðanlega ekki að ástæðulausu.

Neyðaróp hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, hér í gærkvöld voru því líkust, að hann væri staddur á lekabyttu í reginhafi. Sem betur fer er nú ekki þannig ástatt fyrir honum bókstaflega talað, en pólitískt séð mundi sú samlíking ekki vera fjarri lagi.

Ég sýndi fram á það í gærkvöld, að öll verkföll kommúnista væru í raun og veru pólitísk verkföll. Nú vilja kommúnistar ekki viðurkenna þetta. En hvað stendur um þetta í þeirra fræðum? M. a. stendur þetta, að „vinnudeilurnar mega ekki vera neinn leikur með eldinn, heldur alvarleg átök, aflraunir milli stéttanna, sem hafa sín áhrif á alla stéttabaráttuna og alla stjórnmálabaráttuna sem heild". Og á öðrum stað stendur þetta, að „samband ungra kommúnista eigi að leggja áherzlu á að koma af stað smáverkföllum meðal einstakra hluta verkalýðsæskunnar, til þess þar með að geta dregið aðra hluta hennar með, og leggja áherzlu á að leiða þessa baráttu yfir í pólitíska baráttu og þar með undirbúa hin pólitísku múgverkföll". Þetta eru forskriftirnar. Og enn stendur í þessum fræðum, að „allsherjarverkföll án nokkurrar vægðar eða tillits til þjóðarbúskapar auðvaldsins, það eru vopnin, sem verkalýðurinn verður að beita nú".

Svo eru þessir hv. þm. eða kommúnistarnir hissa á því, að menn skuli leyfa sér að tala um pólitísk verkföll í sambandi við þær vinnudeilur, sem þeir stjórna.

Hér í þessum umr. hefur framsóknarmönnum hvað eftir annað verið legið á hálsi fyrir, að þeir hafa nú alllengi myndað og stutt samsteypustjórnir með sjálfstæðismönnum. Framsóknarmenn hafa aldrei farið dult með þá skoðun, að þeir telja það ástand bæði óeðlilegt og óhagstætt þjóðinni, að ekki sé hægt að mynda meirihlutastjórn án þátttöku sjálfstæðismanna, eins og verið hefur nú allar götur síðan 1939.

Það er fjarstæða, sem sjálfstæðismenn hafa haldið fram í þessum umr., að vegna landbúnaðarins geti ekki verið hagfellt að mynda stjórn

með lýðræðissinnuðum umbótaflokki eins og t. d. Alþfl., ef bolmagn væri til þess.

Það er ekki landbúnaðarstefna Sjálfstfl., sem fylgt er nú og bændur hafa svo mikinn hag af í framkvæmdinni, heldur landbúnaðarstefna framsóknarmanna. Landbúnaðarstefnu sjálfstæðismanna sáu menn og reyndu á árunum 1944—46, svokölluðum nýsköpunarárum, sem menn hafa nú raunar allir orðið í gæsalöppum. Enn fremur sást þessi stefna Sjálfstfl. í algleymingi á árunum 1934—37, þegar framsóknarmenn björguðu landbúnaðinum með afurðasölulöggjöfinni í samvinnu við Alþfl., en íhaldið barðist á móti.

*Framsfl. mun aldrei taka þátt í neinni stjórn,* nema hann ráði stefnunni í landbúnaðarmálum, eins og hann hefur gert, þegar hann hefur tekið þátt í stjórn. Þau mál eru því tryggð, landbúnaðarmálin, með eflingu Framsfl., en ekki með neinu öðru móti, og það þarf ekki á samvinnu við Sjálfstfl. að halda til þess.

En hvað veldur því, að íslenzk stjórnmál hafa óneitanlega komizt í hættulega sjálfheldu? Því valda þeir Kolur og Kroppinskeggi. Því veldur sundrungarstarf kommúnista og þjóðvarnarmanna. Þeir halda mönnum þúsundum saman utan við allt jákvætt starf í þjóðmálum, kommúnistar með þjónustu sinni við alþjóðakommúnismann, en Þjóðvfl. er hreinn klofningsflokkur um eitt mál aðeins og í því tengdur kommúnistum. Þeir eru því eins konar lóuþrælar í íslenzkri pólitík. Gætu þeir einhverju til vegar komið, yrði það ekki annað en að efla þá, sem þeir þykjast vera mest á móti, þ. e. a. s. Sjálfstfl. Alþfl. hefur á hinn bóginn einangrazt vegna þess, að kommúnistar hafa veikt hann með undirróðri sínum og klofningsstarfsemi. Undirrót að þessari sundrung allri saman er moldvörpustarfsemi kommúnista. Henni þarf fyrst og fremst að hnekkja.

Framsfl. er sterkasti andstöðuflokkur íhaldsins, langöflugasti umbótaflokkur landsins, sá eini þeirra, sem úrslitaáhrif hefur á stjórnmál landsins. Einfaldasta ráðið til þess að styrkja umbótastefnuna í íslenzkri pólitík er að efla og styrkja Framsfl., umbótaflokkinn, sem ekki er smeykur við að taka á sig ábyrgð, sem hefur unnið stórvirki og það jafnvel oft við örðug skilyrði, flokkinn, sem með vaxandi brautargengi er reiðubúinn til þess að vinna enn ný stórvirki í þágu alþýðu manna til sjávar og sveita. — Góða nótt.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Mér virðast ræður þriggja síðustu ræðumanna bera þess ljósan vott, að liðið sé á nótt, menn orðnir syfjaðir og nokkuð grobbnir sumir. Mæli ég þar til síðasta hv. ræðumanns, hæstv. fjmrh., og ekki síður til míns fróma vinar og hálfskoðanabróður, Gils Guðmundssonar alþm. Við hann vil ég segja þetta sérstaklega: Alþfl. mun ekki spyrja Þjóðvfl. eða nokkurn annan flokk um það, hverja hann velur til þess að flytja mál sitt í útvarp eða á málþingum, og Alþfl.-menn munu ekki heldur ráðgast við hann um það, hvort þeir tali við útvarpsumræður eða ekki. Alþfl. mun ekki heldur skipta sér af því, hversu tvímenningarnir í Þjóðvfl., sem allir eru hræddir við, allir skjálfa af ótta fyrir, að því er hv. þm. sagði áðan, skipta með sér ræðutíma. Ég vil líka leiðrétta þann misskilning hjá þessum *minum* fróma vin, að ég hafi boðið Þjóðvfl. að ganga í Alþfl. Þetta er hinn mesti misskilningur. Jafnvel svo ágætur maður sem hann er hefði áreiðanlega gott af að taka nokkurn reynslutíma, áður en hann gengi í Alþfl. Það, sem ég sagði, var þetta, orðrétt: *Fáist hins vegar Þjóðvfl. eða þeir,* sem hann hafa stutt, til þess að hverfa frá villu síns vegar, hætta að styðja íhaldið með klofningsframboðum og ganga til samstarfs við Alþfl. og Framsfl., þá horfir stórum vænlegar um þingfylgi. Með þessu er hv. þm. og hans flokksmönnum *boðið upp á samstarf, en ekki að ganga í* Alþfl., þótt ég sé fús til að ræða um það við hann á síðara stigi málsins.

Honum féllu illa hnútur, sem hann taldi að Kristinn Gunnarsson alþm. hefði kastað til flokksins. Þeim sárindum vildi ég reyna að eyða með því að mega minna hann á það, að það er mikil gleði yfir þeim, sem er á villtum vegi og hverfur til rétts vegar, og að þeim, sem bera hlýjan hug til annarra, hættir til að aga þá og reyna að leiða þá á réttar brautir, og þann veg ber með velvilja að skilja þau ummæli, sem féllu í þeirra garð.

Svanasöngur hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar, virtist mér einnig bera vott um það, að hann væri orðinn syfjaður og næsta vonlítill um, að óskadraumar íhaldsins um meiri hluta mundu rætast. Svanurinn syngur fegurst á sinni dauðastundu. Og ég hygg, að þessi orðfagra ræða Bjarna Benediktssonar, hæstv. dómsmrh., hafi boðað, að því sé mjög fjarri, að óskadraumar íhaldsflokksins um meiri hluta eigi að rætast.

Hér hefur verið rætt um verkfallið allmjög, og m. a. gerði hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson það nú í sinni síðustu ræðu. Þetta gefur mér tilefni til þess að geta þess, að það er algert ranghermi í Morgunblaðinu, að Eggert Þorsteinsson hafi framið nokkurt trúnaðarbrot með því að segja frá því, hver flutti fyrst till. um atvinnuleysistryggingar í samningaviðræðunum. Það gerðu hvorki kommúnistar né ríkisstj., það vita allir. *Mér er sjálfum kunnugt um, að Emil Jónsson* var sá fyrsti, sem hreyfði þessu máli. Hann hafði rætt um það við mig og Eggert Þorsteinsson sama daginn og hann flutti till. um það efni í sáttanefndinni.

Ég verð að víkja nokkrum orðum að verk*fallinu sjálfu og aðgerðum ríkisstj.* í því sambandi. Fyrst er þá að minnast þeirra staðreynda, að kaupgjald Dagsbrúnarmanns með 8 stunda vinnudag var ekki nema 2960 kr. á mánuði, áður en samið var. Það er líka staðreynd, sem allir verða að viðurkenna, að á þeirri upphæð er ekki unnt að lifa mannsæmandi lífi fyrir mann með meðalfjölskyldu hér í Reykjavík. Þessari staðreynd treystir sér enginn að neita. Annaðhvort var þá að gera, að reyna að fá aukið raunverulegt kaupgildi launanna eða að fá launin hækkuð. Um þetta voru verkamenn sammála. Helzt hefðu þeir kosið að fá þessu fram komið án vinnustöðvunar, en fengist það ekki á þann hátt, voru þeir einhuga um, að ekki yrði hjá því komizt að beita verkfallsvopninu. Það er því hin mesta blekking og öfugmæli, sem fram hafa komið í

tveimur ræðum hjá Eysteini Jónssyni, hæstv. ráðh., að verkfallið hafi verið kommúnistískt, að þeir hafi einir að því staðið og að sá árangur, sem að lokum náðist, hafi fengizt fyrir þeirra tilverknað. Slík ummæli eru alröng og gera kommúnistum allt of hátt undir höfði og þeirra hlut í þessum málum. Verkfallið var ekki verk kommúnista, það var nauðvörn verkalýðsfélaganna, knúin fram af atvinnurekendum og ríkisstj. Meðlimir verkalýðsfélaganna, sem í hlut áttu, stóðu þar allir að, allir saman, Alþýðuflokksmenn, kjósendur Sjálfstfl., Þjóðvfl., Framsfl. og kommúnistaflokksins. Allir voru þeir sammála um, að eins og komið var, væri verkfallið eina leiðin til að knýja fram bætur á kjörum sínum, allir sammála um að standa saman, þar til yfir lyki, og láta innri ágreining og skoðanamun, jafnvel um framkvæmdaatriði, ekki koma fram, meðan á deilunni stæði og farið væri löglegar leiðir. Það er því algerlega rangt að eigna kommúnistum niðurstöðuna eða þann árangur, sem að lokum náðist og nú er um deilt. Hitt er rétt, að stjórn verkfallsaðgerðanna sjálfra var í höndum kommúnista einna. Ýmis mistök, sem urðu í sambandi við framkvæmd og tilhögun verkfallsins, mega því skrifast á þeirra reikning.

Hversu löng vinnustöðvunin varð og dýr bæði verkfallsmönnum og þjóðinni allri má og án efa skrifast á syndareikning ríkisstj. Tilboð hæstv. ríkisstj. um skipun nefndar til að rannsaka gjaldgetu atvinnuveganna var bersýnilega fyrirsláttur einn, til þess fram borið að tefja tímann.

Krafa ríkisstj. um, að kaupgjaldið ætti að miðast við gjaldgetu einstakra atvinnugreina eingöngu, var fjarstæða. Ráðh. hafa á borðum sínum yfirlit og skýrslur um gjaldgetu togaraútgerðarinnar, sem hún hefur látið rannsaka sérstaklega. Samkvæmt niðurstöðum þessara rannsókna hefur stjórnin ákveðið með samþykki Alþ. að veita hverjum togara 2 þús. kr. styrk á úthaldsdag, sem er sú lágmarksupphæð, sem ríkisstj. telur að þurfi að veita sem beinan styrk, til þess að þeir geti haldið áfram rekstri. Hver er gjaldgeta þessara fyrirtækja? Við hvað á að miða kaupgjald þeirra samkvæmt kenningu ríkisstj.? Á að lækka kaup sjómannanna, sem á togurunum vinna, um þessar 2 þús. kr. á dag, þ. e. a. s. 60—70 kr. hjá hverjum manni? Nei, sjálf ríkisstj. segir nei. Hún vill heldur greiða styrkinn, dagpeningana, heldur en að miða við það, sem útgerðin getur borið án styrks. Svipað er ástatt um bátaútveginn. Ríkisstj. lét sér ekki til hugar koma, að hægt væri að miða hlut eða kaup fiskimannanna við gjaldgetu bátaútvegsins eftir „bjargráð“ gengislækkunarinnar. Þess vegna ákvað hún að veita útvegsmönnum bátagjaldeyrisálagið og skattleggja aðra til þess að leggja það fram. Það vita allir, að það er fleira en kaupgjaldið, sem hefur áhrif á afkomu útvegsins og gjaldgetu. Hvað fá útgerðarmenn og sjómenn fyrir fiskinn? Hvað greiða þeir fyrir olíu, fyrir veiðarfæri, fyrir beitu, fyrir viðgerðir, í vátryggingargjöld, í skatta, í vexti, í lóðagjöld, fyrir rafmagn, og svona mætti lengi telja? Hve mikið taka þeir í sinn hlut, sem kaupa fiskinn og selja útgerðinni þessa þjónustu og nauðsynjar, af raunverulegu verði fisksins? Og einnig má spyrja: Hvað taka þeir í sinn hlut, sem fá umráð yfir andvirði aflans, kaupa fyrir hann vörur og selja þær svo til landsmanna og raka saman fé á slíkri starfsemi? Væri ekki þetta fé betur komið hjá útgerðinni, og hver væri þá hagur útgerðarinnar, og hver væri hennar gjaldgeta, ef þetta fé kæmi í réttan stað niður? Það, sem um var deilt, var ekki aðeins skipti einstakra atvinnugreina og verkamanna, heldur heildarskipting þjóðarteknanna milli launastétta og gróðastétta. Eiga eigna- og auðstéttirnar, gróðastéttir þjóðfélagsins, að taka jafnmikinn hluta af afrakstri þjóðarbúsins í sinn hlut og þær hafa gert? Eða á að auka við hlut vinnandi stéttanna, sem verðmætið skapa? Það er það, sem um er deilt. Það er viðurkennt, að hlutur launastéttanna hafi lækkað undanfarin ár hlutfallslega við vaxandi þjóðartekjur. Segjum, að þjóðartekjurnar séu milli 2500 og 3000 millj. kr. Ríkisstj. virðist álíta það eins konar guðsdóm eða náttúrulögmál, sem ekki verði haggað, að ekki skuli skerða hlut gróðamannanna af þjóðartekjunum, heldur verði hann að haldast óbreyttur eða aukast ekki minna en í hlutfalli við kauphækkunina. Þess vegna, segir ríkisstj., hljóta kauphækkanirnar að leiða til þess, að krónan smækkar hlutfallslega við það, sem kaupið hækkar. Það er hægt að gera þessa hrakspá að veruleika og ýmsir óska, að hún rætist. Það er hægt með því, að stjórnin láti fyrirtækjum og einstaklingum haldast uppi, eins og t. d. olíufélögunum, að hækka þjónustugjöld sín um 30—40% undir yfirskini kauphækkunar þeirrar, sem verkamennirnir hafa fengið. En hvaða vit er í slíku eða sanngirni? Mér skildist á hæstv. forsrh. í gær, að hann gæfi í skyn, að vörurnar, sem nú liggja á hafnarbakkanum, mundu hækka stórkostlega í verði vegna kauphækkananna. Mér er spurn: Hversu mætti réttlæta slíkt athæfi?

Ég sé ekki heldur ástæðu til að leyna því í sambandi við þessi verkfallsmál, að Alþfl. hefur jafnan talið, eins og blað hans hefur röggsamlega gert grein fyrir, að heppilegri og skynsamlegri leið til þess að bæta kjör verkamanna hefði verið að halda áfram stefnunni frá 1952 og knýja fram kjarabætur með lækkun á verðlagi og þar með minnkaðan gróða milliliðanna. Þegar hins vegar sýnt var, að ríkisstj. lokaði þeim leiðum, þá töldu Alþýðuflokksmenn í verkalýðssamtökunum ekki aðra leið færa, eins og ég áður sagði, heldur en að standa með sínum stéttarbræðrum og reyna að knýja það fram, sem fáanlegt var.

Ég skal ekki reyna meira á þolinmæði hæstv. forseta, þingmanna og annarra áheyrenda. Þessum umræðum er nú að verða lokið. Ég vil því mega óska þess, að hv. hlustendur vildu af þeim upplýsingum, sem þeir hér hafa fengið, af þeim málflutningi, sem hér hefur verið fram borinn, láta eigin dómgreind ráða, láta hana meta menn og málefni, meta ástand þjóðarinnar í dag og hverjar leiðir eru líklegar til þess úr að bæta.

Að svo mæltu óska ég öllum, sem orð mín heyra, árs og friðar.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. „Allir vildu Lilju kveðið hafa,“ var eitt sinn sagt. Eins er

nú farið með atvinnuleysistryggingarnar. Allir flokkar vilja nú tileinka sér þetta merkilega mál. Eysteinn Jónsson sagði, að ekkert verkfall hefði þurft til þess að fá samþykktar atvinnuleysistryggingarnar. Ólafur Thors sagði, að tryggingarnar væru framlag ríkisstj. til lausnar á deilunni. Og Eggert Þorsteinsson og Haraldur Guðmundsson sögðu, að Emil Jónsson hefði verið upphafsmaður málsins. Sannleikurinn er þó allur annar. Fjórtán ár eru síðan Brynjólfur Bjarnason flutti frv. um atvinnuleysistryggingar fyrst á Alþingi. Síðan hafa þm. Sósfl. flutt málið á flestum þingum. Alþýðuflokksmenn hafa ekki fengizt til þess að vera með um flutning málsins fyrr en nú í vetur, eftir að Alþýðusambandsþingið hafði ákveðið að mæla með frv. okkar. Þetta margra ára þingmál hefur oftast verið svæft í nefnd, og aðeins einu sinni hefur því verið skilað úr nefnd. Hægri menn Alþfl. hafa *alltaf haft gagnstæða skoðun við verkamenn* um fyrirkomulag tryggingarnna. En ósvífnust er þó kokhreysti Eysteins Jónssonar eftir allt, sem á undan er gengið, að halda því fram, að ekkert verkfall hefði þurft til þess að knýja málið fram. Komið var að þinglokum, og málið lá enn óafgreitt. Það var verkfallið og verkfallið eitt, sem kenndi ríkisstj. nauðsyn atvinnuleysistrygginganna.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, sagði, að Alþfl. vildi af heilum huga vinna að myndun vinstri stjórnar lýðræðissinnaðra íhaldsandstæðinga. Betur, að rétt væri. En ekki var ræða hv. þm. um vinstri stjórn og afstöðu Alþfl. sannfærandi. Skilyrði þessa þm., formanns Alþfl., fyrir þátttöku hans mikla flokks í vinstri stjórn var, að Sósfl. t. d., sem er sterkasti flokkur verkalýðshreyfingarinnar í landinu, legði sig niður og gengi í Alþfl. Þessi afstaða minnir ónotalega á fyrri afstöðu hægri manna flokksins, — mannanna, sem nú eru að reka þá menn úr Alþfl., sem af heilum hug vilja samstarf vinstri flokkanna, — mannanna, sem neita þeim Hannibal Valdimarssyni, forseta Alþýðusambandsins, og Gylfa Þ. Gíslasyni um ræðutíma í þessum umræðum. Hægri menn Alþfl. hafa alltaf staðið gegn vinstra samstarfi, sem raunverulega byggðist á samstarfi verkalýðsins alls í landinu, og af því eru hægri menn Alþfl. nú að losa sig með öllu við þá flokksmenn sína, sem ítök eiga í verkalýðshreyfingunni.

Eitt alvarlegasta vandamál íslenzkra atvinnumála um þessar mundir er látlaus flutningur fólks úr þremur fjórðungum landsins hingað til Reykjavíkur. Ríkisstj. er skilningssljó fyrir þessum vanda. Ár eftir ár höfum við sósíalistar flutt frv. og till. um ríflegar fjárveitingar til skipulegrar atvinnuuppbyggingar úti á landi. En ekkert hefur fengizt samþykkt. Úrræði ríkisstj. hafa verið algert fálm, smástyrkir, starfslaus jafnvægisnefnd, sem á að athuga málið, en dráttur hefur verið á öllum framkvæmdum. Svo rammt hefur kveðið að skilningsleysi ríkisstj. í þessum efnum, að eftt hefur verið til milligöngu um það að ráða fólk utan af landi til hernámsvinnunnar á Keflavíkurflugvelli. Á sama tíma sem knúðar voru fram stórfelldar umbætur á landhelgismálum Suðvesturlandsins, var beinlínis fórnað í hagsmunum annarra landsfjórðunga því, sem auðvelt var og eðlilegt að þar yrði gert til aukinnar friðunar fiskimiða.

Í raforkumálum hafa Austfirðingar og Vestfirðingar verið dregnir á efndum árum saman. Og svo þegar framkvæmdir eiga að hefjast, er allt skorið við nögl, því að annað þótti of dýrt. Aukið fjármagn til framleiðslustarfa úti á landi getur stóraukið þjóðartekjurnar, en höftum Reykjavíkurvaldsins og hömlum á öllum sviðum, peninga, verzlunar og atvinnumála, verður að létta af landsbyggðinni. Til stórátaka í þessum efnum þarf nýja ríkisstj. Núverandi stjórn getur ekki og mun aldrei sinna þessum verkefnum.

Umræðum þessum er nú að ljúka. Þær hafa leitt það í ljós enn þá skýrar en áður, að núverandi ríkisstj. er stjórn milliliða og braskara, en skilur ekki og vill ekki skilja hagsmuni hins vinnandi fólks í landinu. Þær hafa sýnt, að ríkisstj. viðurkennir ekki þær forsendur, sem voru til þess, að verkafólk krafðist kauphækkana. Ríkisstj. viðurkennir ekki, að 30% verðhækkun á rafmagni s. l. haust hafi ýtt undir þörf launþega til þess að bæta kjör sín. Hún viðurkennir ekki, að hækkandi vextir hækki húsaleigu. Hún tekur hækkandi olíuverði sem sjálfsögðum hlut. Hún telur vaxandi gróða milliliða enga ástæðu til þess, að verkafólk krefjist launahækkana. Það er í samræmi við þetta, sem ríkisstj. segir ekki eitt einasta orð nú, þegar olíufélögin hækka þjónustustörf sín um 35%. Það er út frá þessu sjónarmiði, sem ráðherrarnir lýsa nú yfir, að sjálfsagt sé, að allt vöruverð í landinu hækki og að ríkissjóður með 100 millj. kr. tekjuafgang eigi að hækka tolla, hækka skatta á launamönnum í landinu. Á meðan orsakir kaupdeilnanna eru til staðar, verður ekki hægt að koma í veg fyrir vinnustöðvanir. Og meðan stjórn landsins metur meir hagsmuni afætulýðsins og milliliða en hag hins vinnandi fólks, þá verða verkföllin löng og kosta þjóðarheildina gífurlegar fórnir. Það eru þessi sannindi, sem ekki verða umflúin.

Aðstaða Íslendinga er nú á margan hátt betri en nokkru sinni áður til þess að geta bætt lífskjörin í landinu. En til þess að svo megi verða, verður að breyta um stjórnarstefnu. Með breyttri stefnu gagnvart framleiðsluatvinnuvegunum mætti auka framleiðslu togaraflotans um 100 millj. kr. á ári a. m. k. Með aukningu togaraflotans mætti gera enn betur. Á sama hátt má stórauka framleiðslu bátaflotans og auka verðmætasköpunina með stóraukinni vinnslu aflans. En grundvallarskilyrði þessa er að létta milliliðaokrinu af framleiðslunni. Með réttri beitingu á vinnuafli landsmanna væri auðvelt að stórauka útflutninginn. Eitt stærsta skrefið, sem þar þarf að stíga, er að uppræta með öllu hernámsvinnuna og næststærsta skrefið er að gera ókleift fyrir milliliðina að sóa vinnuafli hundraða manna í ónytsamleg gróðabrallsstörf.

Í verkföllunum kom samtakamáttur hins vinnandi fólks ljóslega fram. Þá stóðu hlið við hlið Alþýðuflokksmenn og sósíalistar og margir framsóknarmenn. Þá mátti ekki sjá nokkurn mun á afstöðu Alþýðuflokksmanna og sósíalista á Alþingi, og það vakti almenna athygli, að blað Framsfl., Tíminn, stóð meir með verkamönnum

en atvinnurekendum í deilunni. Það var eins og Framsfl. fyndi til óþæginda af samstöðunni við íhaldið. Slík samstilling þeirra, sem viðurkenna rétt hins vinnandi fólks sem rétt númer eitt, gæti vissulega fengið miklu áorkað.

Ekki er um að villast, að merkileg tímamót eru að verða í íslenzkum stjórnmálum. Sú samvinna gróðamanna og fulltrúa bænda, sem þvinguð hefur verið fram um skeið, er að leysast upp. En hvað kemur í staðinn? Verður það meiri hluti íhaldsins, alræði braskaranna, eða verður það hlutskipti hins vinnandi fólks að knýja fram þá stjórnarstefnu, sem hagsmunir þess krefjast? Svarið veltur á alþýðunni sjálfri til sjávar og til sveita. — Góða nótt.

## II. Bráðabirgðayfirlit um rekstrarafkomu ríkissjóðs á árinu 1954.

Á 39. fundi í Sþ., 28. febr., var tekið á dagskrá:
**Bráðabirgðayfirlit fjmrh. um rekstrarafkomu ríkissjóðs á árinu 1954.**

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Það er nú orðin venja að gefa svo fljótt sem verða má hv. Alþingi yfirlit um afkomu ríkissjóðs, og ég mun hér á eftir gefa hv. Alþingi yfirlit til bráðabirgða um afkomu ríkissjóðs árið 1954. Ég verð þó að gefa þetta yfirlit með þeim fyrirvara, að tölurnar geta breytzt nokkuð í endanlegum reikningum, en ég vona, að þær breytingar verði ekki svo stórfelldar, að það raski nokkuð niðurstöðunni sem heitið geti. Má þó samkv. fyrri reynslu fremur gera ráð fyrir, að báðar hliðar reikninganna hækki ofur lítið, en hinu gagnstæða.

Ég mun þá fyrst gefa hér yfirlit um rekstrarreikninginn. Tekju- og eignarskattur var áætlaður 56½ millj. kr., verður væntanlega 68.4 millj. kr. — Stríðsgróðaskattur, hluti ríkissjóðs, var áætlaður 3.4 millj. kr., verður væntanlega 2 millj. og 883 þús. kr. — Vörumagnstollur var áætlaður 24 millj. kr., verður væntanlega 29 millj. og 258 þús. — Verðtollur var áætlaður 117 millj. kr., verður væntanlega 151 millj. og 105 þús. kr. — Innflutningsgjald af benzíni var áætlað 9½ millj. kr., verður væntanlega 11 millj. og 220 þús. kr. — *Gjald af innlendum tollvörutegundum* var áætlað 7 millj. og 200 þús. kr., verður væntanlega 11 millj. og 28 þús. kr. — Fasteignaskattur var áætlaður 700 þús. kr., en verður enginn, því að sá tekjustofn var afhentur sveitarfélögunum á árinu. — Lestagjald af skipum var áætlað 300 þús. kr., verður væntanlega 311 þús. kr. — Bifreiðaskattur var áætlaður 3 millj. og 300 þús. kr., verður væntanlega 4 millj. og 373 þús. kr. — Aukatekjur voru áætlaðar 4 millj. og 500 þús. kr., en verða væntanlega 8 millj. og 119 þús. kr. — Stimpilgjald var áætlað 10½ millj. kr., en verður væntanlega 13 millj. og 471 þús. kr. — Vitagjald var áætlað 1 millj., en verður 1 millj. og 712 þús. kr. — Leyfisbréfagjöld voru áætluð 200 þús. kr., en verða væntanlega 755 þús. kr. — Veitingaskattur var áætlaður 2½ millj. kr., verður væntanlega 2 millj. 423 þús. kr. — Útflutningsleyfagjald var áætlað 500 þús. kr., verður væntanlega 836 þús. kr. — Söluskattur var áætlaður 95 millj. og 500 þús., verður væntanlega 115 millj. og 744 þús. kr. — Leyfisgjöld ýmiss konar voru áætluð 2 millj. og 200 þús. kr., verða væntanlega 5 millj. og 280 þús.

2. gr. fjárlaga var áætluð 338 millj. og 800 þús. kr., en verður væntanlega að frádregnum eftirstöðvum, sem eru taldar munu verða um 12 millj. og 400 þús. kr., 414 millj. og 516 þús. kr.

Þá kemur 3. gr. A. Það er landssíminn, áætlaðar nettótekjur 4 millj. og 240 þús., en verða væntanlega 4 millj. og 865 þús. kr. — Áfengisverzlunin, var áætluð 54 millj. kr. sléttar, en verða væntanlega 68 millj. og 576 þús. kr. — Tóbakseinkasala, voru áætlaðar 40 millj. kr., verða væntanlega 43 millj. og 800 þús. kr. — Ríkisútvarpið, voru áætlaðar 658 þús. kr. nettótekjur, en verða væntanlega 2½ millj. kr. — Ríkisprentsmiðjan, voru áætlaðar 325 þús. kr., en verða væntanlega 555 þús. kr. — Landssmiðjan, voru áætlaðar 165 þús. kr. nettótekjur, en verða væntanlega 100 þús. kr. Ríkisbúin, voru áætlaðar 55 þús. kr., og er áætlað, að þær verði sem allra næst fjárhagsáætluninni, eða um 55 þús. kr. — Rekstrarhalli póstsjóðs var áætlaður 784 þús. kr., en verður væntanlega 790 þús. kr. — Tekjur allra ríkisstofnananna verða þá samkvæmt þessu 119 millj. og 661 þús. kr., en voru áætlaðar tæplega 99 millj. En frá þessu dregst svo tekjuafgangur ríkisstofnana, sem ekki skila tekjum sínum í ríkissjóð og eiga ekki að gera það lögum samkvæmt. Þær eru tvær, þ. e. ríkisútvarpið og landssmiðjan. Þannig dragast frá 2 millj. og 600 þús. kr., þannig að inn á rekstrarreikninginn kemur hagnaður ríkisfyrirtækja samtals 117 millj. og 61 þús. kr.

Tekjur af fasteignum voru áætlaðar 10 þús. kr., og munu verða sem næst því, 10 þús. kr. — Vaxtatekjur voru áætlaðar 1 millj. og 983 þús. kr., en verða 1 millj. og 550 þús. kr. — Óvissar tekjur voru áætlaðar 4 millj. og 100 þús. kr. og verða væntanlega 4 millj. og 250 þús. kr.

Allar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi voru áætlaðar 443 millj. og 552 þús. kr., en verða væntanlega eftir þessu 537 millj. og 387 þús. kr.

Þá kem ég að gjaldahlið rekstrarreikningsins. Vextir voru áætlaðir 3 millj. og 417 þús. kr., en verða 4 millj. og 107 þús. kr. — Forsetaembættið var áætlað 560 þús., en verður 1 millj. og 18 þús. kr. — Alþingiskostnaður var áætlaður 3 millj. og 744 þús. kr., en verður 4 millj. og 769 þús. kr.

10. gr. I, til ríkisstjórnarinnar, þ. e. ríkisstjórnarkostnaðurinn, stjórnarráðið o. fl., var áætlað 6 millj. og 416 þús. kr., en verður 9 millj. og 146 þús. kr.; ég skal taka það fram við þennan lið strax, að meginhlutinn af þessari umframgreiðslu er vegna þess, að það hefur verið sett lægri fjárhæð í fjárlögin en reynslan hefur verið undanfarið. — Hagstofan var áætluð 1 millj. og 61 þús. kr., en verður 1 millj. og 81 þús. — Utanríkismál, var áætlað 6 millj. og 461 þús. kr., en verður 7 millj. og 469 þús. kr.

*Dómgæzla*, var áætlað 26 millj. og 398 þús. kr., en verða 27 millj. og 808 þús. kr. — Opinbert

eftirlit, áætlað 1 millj. og 596 þús., en reikningur 2 millj. og 725 þús. kr. — Kostnaður við innheimtu tolla, áætlun 10 millj. og 704 þús. kr., en reikningur 12 millj. og 750 þús. kr. — Sameiginlegur kostnaður vegna embættisrekstrar, áætlað 550 þús. kr., en reikningur verður 674 þús. kr.

Heilbrigðismál, eru áætluð 30 millj. og 164 þús. kr., en verða væntanlega 31 millj. og 798 þús. kr.

Vegamál, voru áætluð 41 millj. og 597 þús. kr., en verða væntanlega 48 millj. og 401 þús. kr. — Samgöngur á sjó, voru áætlaðar 8 millj. og 167 þús. kr., en verða væntanlega 11 millj. og 27 þús. kr. — Vita- og hafnamál, voru áætlaðar 12 millj. og 211 þús., en verða væntanlega 12 millj. og 517 þús. kr. Flugmál, áætlað 3 millj. og 310 þús. kr., hallinn á flugmálum, en hann verður væntanlega 2 millj. og 500 þús. kr.

Kirkjumál, áætlun var 6 millj. og 132 þús. kr., en útgjöld verða væntanlega 6 millj. og 311 þús. kr. — Kennslumál, áætlun var 59 millj. og 823 þús. kr., en útgjöld verða væntanlega 63 millj. og 58 þús. kr.

Opinber söfn og bókaútgáfa, — þ. e. a. s. A-liður 15. gr., er áætlaður 5 millj. og 44 þús. kr., en verður væntanlega 5 millj. og 325 þús. kr. — Rannsóknir í opinbera þágu, voru áætlaðar 6 millj. og 249 þús. kr., verða væntanlega 6 millj. og 850 þús. kr.

Til landbúnaðarmála voru áætlaðar 36 millj. og 287 þús. kr. og verða væntanlega 37 millj. og 657 þús. kr. — Til sjávarútvegsmála voru áætlaðar 6 millj. og 102 þús. kr., en verða væntanlega 6 millj. og 146 þús. kr. — Til iðnaðarmála voru áætlaðar 2 millj. og 123 þús. kr., verða væntanlega 2 millj. og 122 þús. kr. — Raforkumál, til þeirra voru áætlaðar 12 millj. og 774 þús. kr., verða væntanlega 12 millj. og 910 þús. kr.

Til félagsmála, voru áætlaðar 54 millj. og 339 þús. kr., en verða væntanlega 55 millj. og 602 þús. kr.

Eftirlaun og lífeyristillög, voru áætlaðar 12 millj. og 902 þús. kr., en verða 13 millj. og 702 þús. kr.

Til dýrtíðarráðstafana, voru áætlaðar 45 millj. og 900 þús. kr., en verða 51 millj. og 300 þús. kr. — Óviss útgjöld voru áætluð 1 millj. og 500 þús. kr., en verða væntanlega 4 millj. og 188 þús. kr.

Samkvæmt heimildarlögum hafa verið greiddar 712 þús. kr., samkvæmt sérstökum lögum 2 millj. og 810 þús. kr. og samkvæmt þingsályktunum 1 millj. og 31 þús. kr. — Samkvæmt væntanlegum fjáraukalögum hafa verið greiddar 130 þús. kr.

Niðurstaðan af þessu verður sú, að útgjaldahlið fjárlaganna var áætluð 405 millj. og 541 þús. kr., en verður væntanlega samkvæmt þessu 447 millj. og 658 þús. kr. Ég skal taka það strax fram, að launauppbótin, sem samþykkt var hér á hv. Alþingi, er vitanlega færð á hina einstöku liði, þannig að verulegur hluti af umframgreiðslunum er vegna hennar á þeim liðum, þar sem laun eru mest. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi verður samkvæmt þessu 89 millj. og 728 þús. kr., en í fjárlögum var gert ráð fyrir 37 millj. kr. tekjuafgangi.

Þá kem ég að innborgunum og útborgunum á 20. gr., þ. e. a. s. eignahreyfingunum. Þar var gert ráð fyrir að inn kæmu samtals 3 millj. og 250 þús., en hefur orðið 7 millj. og 30 þús. kr. En út af 20. gr. hafa orðið þessar greiðslur, og mun ég lesa það og bera saman við fjárl. eins og rekstrarreikninginn.

Afborganir lána, það eru föst lán ríkissjóðs. Fjárlög ráðgerðu 10 millj. og 640 þús., en afborganirnar verða 9 millj. 810 þús. Af erlendum lánum var gert ráð fyrir að afborganir yrðu 1 millj. og 314 þús., og þær verða 1 millj. 314 þús. Lán ríkisstofnana, þar er landssíminn, ráðgerðar afborganir 945 þús. og verða 974 þús. — Þá er það II. liður, greitt vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum, var gert ráð fyrir 8 millj., en verða 8 millj. 704 þús. En svo eru hér færðar ýmsar greiðslur á aðra liði, sem eru í raun og veru borgaðar vegna ábyrgða og ég kem að síðar, þannig að það er alls rúmlega 13 millj. og 200 þús., sem útlagt er á árinu vegna ríkisábyrgða, en á þennan lið eru færðar 8 millj. 704 þús., hinu geri ég grein fyrir síðar. — Þá kemur til eignaaukningar landssímans, þar var gert ráð fyrir 5 millj. og 100 þús., en verða 5 millj. 403 þús. — Til bygginga á jörðum ríkisins, þar var gert ráð fyrir 650 þús., en verða 690 þús. — Til ræktunar á jörðum ríkissjóðs, þar var gert ráð fyrir 150 þús., en verða væntanlega 110. Þ. e. a. s., það er á þessum tveimur liðum samanlagt nákvæmlega fjárveitingin. — Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland var gert ráð fyrir 500 þús., verða 500 þús. — Til sementsverksmiðju var gert ráð fyrir 1 millj. og annarri milljón á heimildagrein, 22. gr., þannig að það verða þess vegna 2 millj. — Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna var gert ráð fyrir 1 millj. og 800 þús., og verður 1 millj. og 800 þús. varið í því skyni. — Til byggingar fávitahælis voru áætlaðar 500 þús., verða 426 þús. — Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða var gert ráð fyrir 1 millj., og við höfum sett hér á bráðabirgðayfirlitið 1 millj., sem er um það, sem búið er að verja í þessu skyni, en leggjum síðan til hliðar það, sem vitagjaldið fer umfram milljón, og kemur það fram síðar. — Til flugvallagerða, 1 millj. 320 þús., en verða 2 millj. 950 þús., eða 1 millj. og 530 þús. meira en fjárl. gerðu ráð fyrir, en þar af eru um 890 þús. samkvæmt sérstakri heimild í 22. gr., því að það er heimilað þar að láta flugmálin njóta þess í framkvæmdum, sem hallinn kynni að verða minni á rekstrinum en fjárl. gera ráð fyrir. Það má því segja, að þessi umframgreiðsla sé að mestu leyti samkvæmt heimild í 22. gr. — Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri, 250 þús. áætlaðar og verða 250 þús. — Til byggingar sjómannaskólans, 440 þús., verða 440 þús. — Til kennarabústaðar á Hólum, 75 þús. og verða 75 þús. — Til menntaskóla í Reykjavík, 1 millj. og 300 þús. og verða 1 millj. og 300 þús. — Til menntaskóla á Laugarvatni, áætlun 250 þús., verður varið 250 þús. — Til skólastjórabústaðar við menntaskólann að Laugarvatni 250 þús. og verður varið 250 þús. — Til viðbótar málleysingjaskólans eru 200 þús. kr. áætlaðar, og verður varið 200 þús. kr. — Til byggingar Kennaraskóla Íslands eru áætlaðar 550 þús., og verður reikningur 550 þús. kr. — Til skólastjórabústaðar við íþróttakennaraskólann á Laugarvatni, 100 þús., og verður varið 100 þús. kr. í því skyni. — Til bygginga á prestssetrum

eru áætlaðar 1 millj. og 350 þús. kr., en verður 1 millj. 573 þús. kr. — Til útihúsa á prestssetrum, áætlaðar 350 þús. kr. og verða 440 þús. kr. — Til byggingar sýslumannabústaða, áætlaðar 600 þús. kr. og verða 668 þús. kr. — Til lögreglustöðvar í Reykjavík, 450 þús. kr. og verða 450 þús. kr. — Til lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli, 350 þús. kr. og verða 350 þús. kr. — Til rafveitu á Hólum, 150 þús. kr. og verða 150 þús. kr. Til byggingar beitarhúsa á Hólum, 25 þús. kr. og verða 25 þús. kr. — Til rafveitu á Hvanneyri, veittar 75 þús. kr. og verða 75 þús. kr. — Til fjósbyggingar á Eiðum, veittar 100 þús. og verða 100 þús. kr. — Til byggingar dieselrafstöðva, lánveitingar, 650 þús. kr. ráðgerðar og verða 650 þús. kr. — Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn, 400 þús. á fjárlögum, og verða 400 þús. kr. notaðar í því skyni.

Þá hef ég gert grein fyrir öllum fjárlagaliðunum á 20. gr. Þeir voru áætlaðir samtals 40 millj. og 934 þús. kr., en verða eftir þessu 43 millj. og 982 þús. kr. Þar er innifalin þessi milljón, sem greidd er eftir 22. gr. til sementsverksmiðjunnar, og það, sem greitt er til flugmálanna eftir 22. gr. Það má því segja, að umframgreiðslur á þessum fjárlagaliðum séu í raun og veru ekki neinar.

Þá koma hér aðrir liðir en fjárlagaliðirnir á 22. gr. Það er aukið rekstrarfé ríkisstofnana, 1 millj., og aukið rekstrarfé áfengisverzlunarinnar vegna greiðslu á gæzluvistarsjóði, 3 millj. kr. Áfengisverzlunin hefur sem sé notað sem rekstrarfé gæzluvistarsjóðinn, en okkur þykir ekki skynsamlegt að hafa það þannig, vegna þess að það verður farið að nota hann, verða þess vegna lagðar til hliðar á árinu, eins og rétt er, 3 millj. kr., og þá verður áfengisverzlunin að fá það rekstrarfé af tekjum sínum og getur ekki borgað það inn. — Svo er greidd gömul skuld Skipaútgerðarinnar vegna viðgerðar á Esju, 1 millj. og 320 þús. kr., lán til atvinnuaukningar samkv. heimild í 22. gr., 3 millj. og 810 þús. kr., og lán til Sölufélags garðyrkjumanna samkv. heimild í 22. gr., 300 þús. kr. — Útlagt vegna vangreiðslna á ensku togaraláni, þ. e. a. s. vegna hinna 10 togara, sem keyptir voru, 2 millj. og 518 þús. kr. — Ýmis lán og fyrirframgreiðslur, 1 millj. og 17 þús. kr. — Aukið hlutafé í Skallagrími h/f samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga, 600 þús. kr. — Greiddar afborganir og vextir vegna áburðarverksmiðjunnar af erlendu láni, 949 þús. kr., en áburðarverksmiðjan gat ekki lagt inn þetta fé, vegna þess að þeir voru enn að leggja í mikinn stofnkostnað hjá verksmiðjunni og höfðu ekki handbært fé til þess að leggja í þetta skipti fram vexti og afborganir af þessu láni, og varð ríkissjóður því að hlaupa undir bagga. — Svo er greitt vegna landa- og lóðakaupa samkv. lögum nr. 64 frá 1941 726 þús. kr., og síðan er lagt til hliðar til vitabygginga, þar sem vitagjaldið fór umfram áætlun, 712 þús. kr., og lagt til hliðar til byggingar stjórnarráðshúss samkvæmt þál. frá 1954 2 millj. kr. Síðan er fyrirframgreitt vegna sementsverksmiðjunnar fjárveiting á árinu 1955, hún er fyrir fram útlögð, af því að það þurfti svo mikið á fé að halda, 1 millj. og 553 þús. kr. — Þetta verða samtals, útgreiðslur á 20. gr., 65 millj. og 789 þús. kr.

Þegar gerð er upp heildarafkoma ársins, eða greiðslujöfnuðurinn, þá mundi ég gera það á þessa lund: Tekjuafgangurinn var 89 millj. og 728 þús. kr., innborganir á rekstrarreikningi, innborganir á 20 gr., aðrar en lántökur, voru 7 millj. og 30 þús. kr. Þetta eru samtals 96 millj. og 758 þús. kr. Frá þessu gengur síðan út á 20. gr. fjárlagaliðirnir allir, sem ég las áðan, 43 millj. og 982 þús. kr. Þá er aukið rekstrarfé ríkisstofnana, 1 millj., og vegna greiðslu áfengisverzlunarinnar á gæzluvistarsjóðnum, 3 millj. kr., greidd gömul skuld vegna viðgerðar á Esju, 1 millj. og 320 þús. kr., lán til atvinnuaukningar samkv. 22. gr., 3 millj. og 810 þús. kr., lán til sölufélags garðyrkjumanna samkv. 22. gr., 300 þús. kr., aukið hlutafé í Skallagrími samkv. 22. gr., 600 þús. kr., og útlagt vegna vangreiðslu á togaraláni, 2 millj. og 518 þús. kr., útlagt vegna afborgana og vaxta af áburðarverksmiðjuláni, 949 þús. kr., greitt vegna land- og lóðakaupa samkv. l. nr. 64 1941, 726 þús. kr., ýmis lán samkv. lista, 1 millj. og 17 þús. kr., geymt af vitagjaldi til vitabygginga, 712 þús. kr., og geymt til stjórnarráðshúss samkv. þál., 2 millj. kr. Þetta eru útgreiðslur, sem nema samtals 61 millj. og 934 þús. kr., en greiðsluafgangurinn verður þá samkv. því 34 millj. og 824 þús. kr., eða rétt um 35 millj. kr., og mun ég nú nota þá tölu til hægðarauka hér á eftir.

Samkvæmt þessu bráðabirgðayfirliti hafa rekstrartekjurnar orðið, eins og ég sagði, 537 millj. kr. og rekstrarútgjöld 447 millj. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi hefur þá orðið 89 millj. kr., eins og ég drap á áðan. Til samanburðar má geta þess, að árið 1953, árið áður, var tekjuafgangur nærri jafnhár, eða 86 millj. kr., en þá urðu tekjurnar 510 millj. kr. og gjöldin 423 millj. kr. Hafa því tekjur og gjöld á rekstrarreikningi orðið rúmlega 5% hærri hvort um sig en árið áður. Er þetta áreiðanlega nokkuð önnur niðurstaða en sumir álitu í haust að verða mundi, og munu ýmsir hafa gert ráð fyrir stórfelldari hækkun á tekjunum frá því árið áður en raun er á orðin. Tekjurnar hafa farið allverulega fram úr áætlun á rekstrarreikningi, eða um 94 millj. kr. Er það um 21% hærra en fjárlög gerðu ráð fyrir og nærri nákvæmlega jafnmiklar umframtekjur tiltölulega eins og urðu árið 1953. Útgjöld á rekstrarreikningi hafa á hinn bóginn orðið um 42 millj. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þar af eru launauppbætur og uppbætur á lífeyri samkv. ákvörðun Alþingis nú rétt fyrir jólin og greiðslur samkv. sérstökum lögum, þingsályktunum og heimildarlögum rúml. 14½ millj. samtals. Raunverulegar umframgreiðslur á rekstrarreikningi eru því um 27½ millj., eða tæplega 7% af útgjaldahlið rekstrarreikningsins. Eru það lægstu umframgreiðslur tiltölulega, sem orðið hafa síðustu 30 ár a. m. k., utan einu sinni, árið 1950, að þær voru lægri.

Ekki er veruleg ástæða til þess að rekja einstaka liði af umframgreiðslunum, en á tvo liði verður þó sérstaklega að minnast, sem skera sig nokkuð úr. Annars vegar eru umframgreiðslur vegna vegaviðhalds, 4 millj. kr., hins vegar framlög til þess að greiða niður vöruverð, sem orðið hafa 5 millj. og 400 þús. kr. hærri en fjárlögin

gerðu ráð fyrir. Vegaviðhaldið kemst upp í 25 millj., og er það jafnhá fjárhæð og veitt er á þessa árs fjárlögum til vegaviðhaldsins, enda var fjárhæðin núna í fjárlögunum miðuð við þá reynslu, sem við sáum að var að verða á s. l. ári. Varð ekki með neinu móti spornað gegn því, að þessi umframeyðsla ætti sér stað, vegna þess, hvernig ástatt er með vegina. Niðurgreiðslum vöruverðs var haldið svo að segja óbreyttum allt árið, og hefði því áætlunarfjárhæð fjárlaganna átt að duga í því skyni. Það sýndi sig þó, að ekki hafði verið gert nægilega mikið fyrir framleiðslu og söluaukningu innlendra vara, einkum mjólkurvaranna. Þar af stafar hækkunin fyrst og fremst. Þótti ekki fært að draga úr þessum niðurgreiðslum, þótt sýnilegt væri, þegar leið á árið, að umframgreiðslur mundu verða allverulegar á þessum lið.

Launauppbæturnar verða að sjálfsögðu til þess, að umframgreiðslur koma fram talsverðar á öllum launaliðum, eins og ég gat um áðan.

Allar greiðslur á rekstrarreikningi umfram fjárlög, aðrar en vegaviðhald og niðurgreiðslur, hafa þá numið rúmlega 18 milljónum. Mikill hluti þessara fjárhæða er lögboðin útgjöld, en nokkur hluti er á rekstrarliðum, sem reynzt hafa of lágir í fjárlögunum, þótt reynt hafi verið að veita aðhald. Umframgreiðslur þessar stafa að talsverðu leyti af því, að lögboðin útgjöld og önnur óhjákvæmileg útgjöld eru blátt áfram ekki áætluð af nægilegri framsýni hjá stofnunum þeim, sem eiga að vera þessum hnútum kunnugastar.

Greiðslur á 20. gr., sem ekki eru á sjálfu útgjaldayfirliti fjárlaganna, þótt þær séu greiddar samkv. 22. gr. fjárlaganna, margar hverjar, og aðrar samkv. lögum og sérstökum heimildum, eru þessar helztar, — ég hef dregið það saman eftir eðli greiðslnanna:

Það eru greiðslur samkv. 22. gr. fjárlaga, þar eru samtals af þessum greiðslum 6 millj. 520 þús. Það er til sementsverksmiðjunnar, til flugmálanna, til atvinnuaukningar, til sölufélags garðyrkjumanna og aukið hlutafé í Skallagrími. Greiðslur sem sagt samkv. 22. gr. fjárlaga nema á 20. gr. 6 millj. og 520 þús.

Þá er það næsti flokkur greiðslna á 20. gr. Það er vegna ríkisábyrgða. Þar er umfram á þeim lið sjálfum, fjárlagaliðnum, 704 þús., eins og ég gat um áðan, en auk þess útlagt vegna áburðarverksmiðju, sem ég er líka búinn að taka fram, 949 þús., og vegna vanskila á togaralánunum, 2 millj. 518 þús., og vegna landshafnar í Keflavík, 322 þús., sem talið var með ýmsum lánum í upplestrinum áðan. M. ö. o., að umframgreiðslur vegna ríkisábyrgða nema 4 millj. 494 þús., en allar greiðslur vegna ríkisábyrgða nema 13 millj. og 200 þús., eins og ég tók líka fram áðan.

Þá koma greiðslur samkv. lögum á 20. gr. Það eru landa- og lóðakaup, 726 þús., og svo greidd gömul skuld vegna Esju, sem ég tók einnig fram áðan, lagt til hliðar vegna vitagjalds og þingsályktunar um stjórnarráðshús og loks aukið rekstrarfé ríkisstofnana. Þetta, sem ég nú hef talið, nemur 20 millj. og 72 þús. Og þetta sýnir, að þær 20 millj., sem greiðslurnar á 20. gr. nema meiru en fjárlögin gerðu ráð fyrir, eru yfirleitt nær undantekningarlaust borgaðar samkv. sérstökum heimildum Alþingis, samkv. lögum og þingsályktunum frá Alþ. og vegna ríkisábyrgða. Þessar greiðslur eru því alls ekki raunverulegar umframgreiðslur í venjulegri merkingu þess orðs.

Eins og ég hef frá skýrt, urðu umframgreiðslur á rekstrarreikningi um 94 millj., og á 20. gr. kom inn 3 millj. 750 þús. meira en gert var ráð fyrir. Umframtekjur samtals urðu því rúmar 97 milljónir kr. Greiðsluafgangur samkv. bráðabirgðayfirlitinu verður um 35 millj. kr. 62 millj. hefur því verið ráðstafað í stórum dráttum þannig samkv. því, sem ég nú hef upplýst, — ég dreg það saman í útgjaldaflokka:

Það er fyrst: Greidd samkv. sérstökum ákvörðunum og heimildum Alþ. í lögum, þingsályktunum og á 20. gr. fjárlaga 24½ millj.

Í öðru lagi: Útlagt vegna ríkisábyrgða umfram fjárlög 4½ millj.

Í þriðja lagi: Umframgreiðslur vegna niðurborgana á verðlagi 5 millj. og 400 þús., og vegna vegaviðhalds 4 millj. Þetta tvennt: 9 millj. og 400 þús.

Aðrar umframgreiðslur, bæði á lögboðnum útgjöldum og rekstrarliðum, 18 millj. og 200 þús.

Aukið rekstrarfé ríkisstofnana 4 millj. og 300 þús. Og greidd gömul skuld vegna viðgerðar á Esju 1 millj. og 300 þús.

Þetta eru samtals 62 milljónir. Á þessa lund hefur umframtekjunum verið varið, þ. e. a. s. þeim hluta umframteknanna, sem er ekki greiðsluafgangur.

Þetta yfirlit sýnir, að Alþ. hefur sjálft ráðstafað 24½ millj. af umframtekjunum fyrir fram í raun réttri, og Alþ. mun ráðstafa greiðsluafganginum, 35 milljónum. Alþ. mun því ráðstafa beinlínis 59½ millj. af umframtekjunum, eða sem næst 60 milljónum. Mismunurinn, 38 milljónir, hefur farið í ríkisábyrgðatöp, vegaviðhald, niðurgreiðslur, aukið rekstrarfé og loks venjulegar umframgreiðslur, sem að miklu leyti eru lögboðin útgjöld, en áætluð lægra en þurft hefði að gera.

Samkv. bráðabirgðayfirlitinu nemur greiðsluafgangurinn rétt um 35 millj. kr. Af því fé hefur ríkisstj. með samþykki þingmeirihlutans, sem hana styður, ráðstafað til ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs 16 millj. kr., 8 millj. kr. til hvorrar stofnunar um sig.

Ræktunarsjóður og fiskveiðasjóður eru meðal hinna þýðingarmestu lánsstofnana. Var þeim mjög fjárvant í haust og er raunar því miður enn þá. Var til þess gripið að bæta nokkuð úr af ríkisfé. Verður leitað samþykkis og staðfestingar Alþ. á þessari ráðstöfun, en þingfylgi fyrir fram tryggt, eins og ég sagði áðan, enda aldrei til þess komið, að fé hefði verið fram lagt til þessara sjóða, hefði ekki legið fyrir samþykki meiri hluta alþingismanna.

Drögum við þessar 16 millj. frá greiðsluafganginum, verða eftir 19 milljónir. Því miður er það smávægileg fjárhæð, hefði sannarlega þurft að vera hærri til þess að vega á móti þeirri miklu þenslu, sem nú er í fjárhagskerfi landsins og mjög verður vart, að ég nú ekki tali um, ef ríkissjóður ætti að vera þess megnugur að hjálpa til að leysa þau fjáröflunarvandamál, sem fastast

knýja nú á. Þessi fjárhæð þyrfti að geta gengið til þess að grynna á lausaskuldum eilítið og til framkvæmdasjóðs, sem geymzt gæti þangað til honum yrði varið til gagnlegustu framfara, án þess að með því væri framleiðslustarfsemi og efnahagskerfi landsins fært úr skorðum vegna of örrar fjárfestingar og þar af leiðandi skorts á vinnuafli. Það væri skynsamleg stefna nú að hafa greiðsluafgang, sem lagður gæti orðið til hliðar í þessu skyni. Það mundi styrkja peningakerfið, vinna á móti verðhækkunum og verða drjúgt til atvinnujöfnunar og aukinna framkvæmda, þegar til lengdar lætur. En þessi fjárhæð verður smá, þegar rætt er um þetta markmið, en enn þá ljósara verður þó, að ríkissjóður hefur því miður ekki fyrningar eftir þetta góða ár, sem leysa mikinn vanda, þegar athuguð eru öll þau fjáröflunar- og greiðsluvandamál, sem verið er að glíma við þessar vikurnar. Ég nefni nokkur til þess að bregða ljósi yfir viðfangsefnin.

Sparifjárbætur þarf að greiða lögum samkvæmt og það helzt í peningum. Fyrirsjáanlega þarf meira fé í raforkuáætlun ríkisstjórnarinnar en gert var ráð fyrir í byrjun. Er það ekkert nýtt, að slíkar framkvæmdir verði fjárfrekari en í öndverðu var ætlað. Ræktunarsjóður er févana, eins og nú stendur, og óafgreiddar eru meira að segja mjög margar lánbeiðnir út á framkvæmdir fyrra árs. Veðdeild Búnaðarbankans skortir starfsfé. Fiskveiðasjóð vantar fé. Ógreiddar eru milljónir og aftur milljónir upp í hafnargerðir og skólabyggingar, sem búið er að framkvæma. Fjárþörf er brýn til íbúðalána í sveitum, kaupstöðum og kauptúnum. Fjár er vant til þess að endurbyggja hrynjandi stórbrýr. Handbært fé til sjúkrahúsabygginga er sárgrætilega lítið miðað við þörfina og það, sem færzt hefur verið í fang. Þetta eru aðeins örfá dæmi um verkefnin, en ekki tæmandi upptalning á þeim framfaramálum, sem fé skortir til, eins og nærri má geta, en það verður ekki mikið úr 19 millj. andspænis þessu, þótt ekki sé fleira til tekið. Enn þá minna verður þó úr þessu, þegar þess er gætt, að greiðsluafgang ríkissjóðs hefði þurft að leggja til hliðar til þess að auka framkvæmdir síðar, en draga úr ofþenslu nú. Það mun koma fram síðar á hv. Alþingi, hvað ríkisstj. leggur til að gert verði í þessu máli.

Greiðsluafgangur ríkissjóðs á s. l. ári er óneitanlega minni en hann hefði þurft að vera í jafnóvenjugóðu ári. Leit út fyrir framan af árinu, að afkoma ríkissjóðs mundi verða betri en hún hefur orðið. Tekjur voru á þeim tíma verulegum mun hærri en í fyrra. Á síðustu mánuðum ársins varð á þessu breyting, og dró úr tekjunum, samanborið við það, sem verið hafði framan af árinu. Það má þó segja, að afkoma ríkissjóðs á s. l. ári hafi orðið dágóð, en alls ekki óvenjugóð og ekki nógu góð, þegar litið er á þá miklu þenslu, sem nú er í þjóðarbúskapnum og ég drap á áðan, og endurtek ég það, að ríkissjóður hefði þurft að hafa verulegan greiðsluafgang til þess að vega á móti ofþenslu annars staðar í fjárhagskerfinu. Leggja hefði þurft fé til hliðar beinlínis og verja til nauðsynlegra framkvæmda síðar, þegar minna var um að vera hjá öðrum aðilum. Greiðsluafgangur hefði getað orðið allmiklu meiri en raun er á, ef hv. Alþingi hefði ekki með löggjöf og með því að samþykkja heimildir, sem átti að nota, ráðstafað fyrir fram milljónatugum af umframtekjunum, eða samtals 24½ millj. eða svo, samkvæmt því sem ég gaf yfirlit um áðan. Kröfur um fjárframlög úr öllum áttum eru háværar og pressa mikil á lögð. Hélzt hv. Alþingi og ríkisstj. því ekki vel á fé, þótt nauðsyn hefði verið á öðru til að styrkja afkomu þjóðarinnar út á við og trúna á fjármálakerfi landsins inn á við. Stjórnarandstaðan hér á hv. Alþingi hefur það einkennilega sjónarmið, að hún telur til ódáðaverka, ef greiðsluafgangur verður. Er það þó meira en skrýtið, að svo skuli vera, þegar litið er á öll hin óleystu verkefni. Á hinn bóginn mun verða haldið fast við það grundvallaratriði að hafa greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Geta menn þá af og til orðið að gera sig seka um þann glæp að hafa fremur afgang en hitt. Annars væri nokkurn veginn víst, að menn mundu lenda vitlausu megin við strikið af og til og fá greiðsluhalla á ríkisbúskapinn. Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur hefur stuðlað að frjálsari viðskiptum, stöðugu verðlagi, aukinni framleiðslu, auknum sparnaði, aukinni atvinnu og velmegun yfirleitt. Það eru til öfl í þjóðfélaginu, sem geta sett verðbólguhjólið af stað aftur þrátt fyrir greiðsluhallalausan ríkisbúskap, eyðilagt allt það, sem áunnizt hefur síðustu árin í þá átt að auka traust á fjármálakerfi landsins, grafið undan verðgildi peninganna og trú manna á því að leggja fyrir fé, geta stöðvað þá aukningu innlenda fjármagnsins, sem var að verða traust undirstaða áframhaldandi framfara og velmegunar. Þetta telja kommúnistar t. d. sig geta nú, og máske geta þeir það. Þá er að taka því. En þung er ábyrgð þeirra manna, sem fela þeim forsjá mála sinna með þvílíkum hætti, að afleiðingarnar yrðu slíkar.

Loks vil ég minnast á, hvað álykta má af þessu bráðabirgðauppgjöri um afkomuhorfur yfirstandandi árs. Það verður þá því miður að segjast, að sízt getur þetta yfirlit aukið bjartsýni manna í þessu efni. Þegar gengið var frá fjárlögum ársins 1955, gerðu þeir, sem kunnugastir voru, ráð fyrir því, að ríkistekjurnar 1954 yrðu fremur yfir en undir 550 millj. Var tekjuáætlun þessa árs byggð á því mati. Nú sýnir þetta yfirlit, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að tekjurnar nái 550 millj. Tekjuhorfur verða því að teljast óvænlegri en þegar gengið var frá fjárlögunum. Hér við bætist, að vísitalan hefur dálítið hækkað frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs, þegar þau voru samin, og nemur það milljónaútgjöldum. Það er því augljósara nú en nokkru sinni fyrr, að á þessu ári verður ekki pinklum á bætt, nema nýrra tekna verði aflað á móti.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég vil fyrst aðeins þakka hæstv. fjmrh. fyrir það yfirlit, sem hann hefur hér gefið þm. nú tæpum tveim mánuðum eftir að reikningsárinu 1954 er lokið. Og það tel ég vel, að menn fái fljótt að kynnast, hver útkoman hefur orðið eða niðurstaðan af reikningum ársins. Hins vegar, og ég vil nú skjóta því til hans, ef síðar kæmi til eitthvað svipað og ef um þetta hefði átt að ræða, hefðu

reikningarnir eða þetta bráðabirgðayfirlit helzt þurft að liggja fyrir þm., áður en ræðan var flutt, til þess að þeir gætu haft hennar full not. Það er náttúrlega ekki hægt að grípa allar þær tölur á lofti, sem hæstv. ráðh. flutti hér, og gera upp þær niðurstöður, sem út úr þeim koma, á þeim mínútum, sem hann flytur ræðu sína, og gera sér ljósan þann kjarna, sem út úr því kemur. Hefði þess vegna þetta allt komið að betri notum, a. m. k. ef umræður hefðu átt um það að vera, ef þm. hefðu fengið þetta á pappír, áður en ræðan var flutt.

En sem sagt, ég tel þetta í rétta átt, að menn fái fljótlega að kynnast niðurstöðum reikninga *ársins, og ólíkt skemmtilegra en að vera að* samþykkja tveggja ára gamla reikninga, eins og við vorum hér að fyrir helgina. Heildarmyndin, sem út úr þessu reikningsyfirliti kemur hjá ráðherranum, er, að því er mér sýnist, að ríkistekjurnar *hafa orðið 94—95 millj. kr. hærri á árinu 1954 en* gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. Þær hafa farið um 21% fram úr áætlun, úr 443 millj. upp í 537 millj.

Ef ég man rétt, voru ríkistekjurnar árið 1952 420 millj. Árið 1953 voru þær komnar upp í 510 millj., eftir því sem ráðh. sagði hér áðan, og nú eru þær komnar upp í 537, þ. e. a. s., á tveim árum hafa ríkistekjurnar hækkað um 117 millj. kr., og hér koma þó sannarlega ekki öll kurl til grafar. Hækkanirnar, sem landsmenn í heild verða að borga, eru þó raunverulega miklu meiri en þessi tala segir, og á ég þar fyrst við þá hækkun, sem orðið hefur á bátagjaldeyrisálaginu á árinu 1954. Það er öllum kunnugt, sem það vilja vita, að bátagjaldeyrisálagið hlýtur að hækka á þessu ári, en sú hækkun kemur ekki inn á fjárlögin, vegna þess að þeim reikningi er haldið þar fyrir utan, illu heilli, vildi ég segja, því að hann á þar sannarlega heima. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um það fengið, hækkar bátagjaldeyrisálagið úr 75 og upp í sennilega í kringum 100 millj. kr. á árinu 1954, þó að það liggi ekki glöggt fyrir enn; þ. e. a. s. hækkunin á því, sem almenningur þarf að borga af þeim vörum, sem á frílista bátagjaldeyrisins eru, nemur um 25 millj. kr. Þar við bætist svo enn einn nýr skattur, sem hefur komið til á árinu, sem er gjaldið á bílana, sem er misjafnt eftir því, hverjir bílarnir eru, en líklega í kringum 100% af fob-verði. Þetta gjald á að nægja til þess að greiða með 2 þús. kr. á úthaldsdag hvers togara, sem gerður er út hér á landi. Þ. e. a. s., ef togarinn er gerður út í 300 daga, þá verður þetta um 600 þús. kr. á skip, eða á rúm 40 skip um 25 millj. kr., sem bætast við, þannig að hækkunin umfram það, sem talið er í fjárl. og á þessum tveim liðum einum, verður í kringum 50 millj. kr. M. ö. o., þær hækkanir, sem teknar hafa verið úr vasa landsmanna og teknar verða væntanlega á yfirstandandi ári, nema ekki, eins og fjárl. greina frá, um 117 millj. kr. á tveimur árum, heldur kannske nær 170 millj. kr. á aðeins tveim árum, sem liðin eru, 1953 og 1954, og skapar það náttúrlega tilsvarandi þröng í búi hjá þeim, sem þessa peninga verða að láta.

Og það er ekki nóg með, að þetta hafi hækkað, heldur hafa orðið ýmsar fleiri hækkanir, sem ríkisstj. hefði átt að geta ráðið við og hefði átt að ráða við. Ég nefni þar til dæmis þær hækkanir, sem orðið hafa á rafmagni, á vöxtum og ýmsu fleiru, þannig að mér finnst, að hæstv. ríkisstj. hafi gengið á undan með að hækka það, sem hún gat, hækka gjöldin til ríkissjóðs, hækka það, sem lagt er á bátagjaldeyrinn, sem hefði verið hægt að halda niðri, taka með beinum framlögum gjaldið af bílunum, hækka rafmagnsverðið, hækka vextina og hækka yfirleitt það, sem hún gat hækkað. Ég nefni þetta vegna þess, að í þessu kemur fram, að mér finnst, mjög óheilbrigð stjórnarstefna og stjórnarstefna, sem hlýtur að leiða til þess, að þeir, sem eiga að borga *þessi hækkuðu útgjöld, krefjist einhverra mögu*leika til þess að geta greitt þessar hækkanir, og eina leiðin, sem þeim þá er fær, er að hækka það kaup, sem þeir taka. Mér finnst þess vegna, að ríkisstj. hafi kallað yfir sig þær aðgerðir, *sem verkalýðsfélögin í landinu eru að gera í dag*, með því að hækka stöðugt þau útgjöld, sem hún tekur af almenningi, og láta auk þess líðast, að teknar séu stórfelldar hækkanir á ýmsum öðrum sviðum, sem hægt hefði verið að komast hjá.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1954 var flutt till. um það, að söluskatturinn væri felldur niður, og það var líka flutt till. um það, að ef söluskatturinn væri ekki felldur niður, þá væri nokkrum hluta hans ráðstafað til bæjar- og sveitarsjóðanna víðs vegar um land. Hvorugt þetta var samþ. En hvað kemur nú í ljós? Það kemur í ljós, að tekjur ríkissjóðsins á árinu 1954 eru nákvæmlega jafnhárri upphæð hærri en áætlunin var sem söluskattinum nemur í áætluninni. Tekjur ríkissjóðsins reynast á reikningi vera rúmum 94 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárl. eða fjárhagsáætluninni, en söluskatturinn er þar áætlaður 95 millj. kr.

Ef ekki hefði verið talið fært að fella niður þessa upphæð, þá hefði þó verið fært að fella niður nokkurn hluta hennar til þess að gera bæjar- og sveitarsjóðunum kleift að lækka sína útsvarsbyrði, sem margir bæjar- og sveitarsjóðir eru í mjög miklum erfiðleikum með.

Ég skal ekki fara mjög miklu fleiri orðum um þessa skýrslu hæstv. ráðh. Ég er sem sagt þakklátur honum fyrir það, að hún var flutt og flutt svona snemma, og tel það röggsamlegt, að hún sé svona snemma til. En ég hefði óskað eftir því, að hún hefði legið fyrir í aðgengilegra formi, því að það er ekki hægt að gera sér grein fyrir þessum mörgu tölum, sem hæstv. ráðh. las hér upp, á svona stuttum tíma. Mér finnst ég geta lesið út úr henni þennan boðskap, sem ég tel hættulegan, að það eru teknar af mannfólkinu í landinu hærri upphæðir en þörf er á, og þó eru ekki taldar í fjárl. allar upphæðirnar, sem teknar eru og skyldar eru þeim gjöldum, sem getið er á reikningi ríkisins. Þá hefur þess ekki heldur verið gætt af ríkisstj. að halda niðri þeim gjöldum, sem hún gat ráðið við og átti að ráða við og átti að halda niðri, ef hún vildi reyna að fá hlutina til þess að ganga áfram á sama hátt og þeir höfðu gengið, því að það er enginn möguleiki fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að hugsa sér, að hún geti hækkað útgjöldin á almenningi í landinu áfram og áfram, án þess að sá sami al-

menningur hljóti einhverjar hærri tekjur í staðinn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur gefið. En það, sem kom mér nú til þess að standa upp, var það, sem hann sagði síðast í sinni skýrslu og mér nú virtist satt að segja ekki beinlínis eiga heima í sambandi við hana, ef tilgangurinn var sá einn að gefa Alþ. tækifæri til þess að hlýða á, hvernig afkoma ríkissjóðs væri. Mér datt hálfpartinn í hug, að hann meinti með síðustu orðunum, sem hann sagði, eitthvað dálítið annað en að það væru bara upplýsingar til alþm. um, hvað hann væri góður fjmrh. Ég fann eins og dálítinn brodd í því, að það væri verið að vara við, eftir að Alþ. samþ. hækkunina til hálaunamannanna, að það væri helvíti hart, ef það væru einhverjir menn í landinu, sem vildu hækka hjá láglaunamönnum líka eða jafnvel almennum verkamönnum, þótt faglærðir væru, ef þeir væru ekki hálaunaðir embættismenn ríkisins. Og mér virtist, að eftir að hæstv. fjmrh. virtist nú ekki vera allt of montinn yfir útkomunni, þá vildi hann þó segja, að þetta væri allt saman gott og blessað, ef það væru ekki einhverjir vondir menn í landinu, sem vildu hækka hjá láglaunamönnum líka eða jafnvel almennum verkamönnum, þótt faglærðir væru, ef þeir væru ekki hálaunaðir embættismenn ríkisins. Og mér virtist, að eftir að hæstv. fjmrh. virtist nú ekki vera allt of montinn yfir útkomunni, þá vildi hann þó segja, að þetta væri allt saman gott og blessað, ef það væru ekki einhverjir vondir menn í landinu, sem ætluðu að spilla þessu, og ég held þess vegna, að út frá þeim hugleiðingum hæstv. ráðh. væri máske rétt að athuga nokkuð um vonda menn og hvaðan hættan af vondum mönnum kemur.

Hæstv. ráðh. var að hugga okkur með því, að hin ágæta fjármálastefna ríkisstj. hefði stuðlað að frjálsum viðskiptum, auknum sparnaði og ýmsu fleiru góðu. En má ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur ekki ríkisstj. sjálf haft nokkrar áhyggjur út af því upp á síðkastið, hvert hin frjálsu viðskipti svokölluðu eru að leiða? Finnst henni máske sjálfri ekki nóg um, og hefur hún ekki sjálf verið að grípa hér inn í viðskiptin, sem ganga fyrir sig hérna hinum megin við okkur, til þess að gera þau ekki frjáls og láta ekki hlutina fá að hafa sinn gang? Ætli að það sé ekki orðin nokkuð dýr sem stendur þessi viðskiptastefna, sem hæstv. ríkisstj. er að framkvæma núna? Eða hvernig er það með aukna sparnaðinn? Hæstv. ríkisstj. hefur gert ráð fyrir því, að það væri einhver alveg öruggur hlutur, hvernig sparifé landsmanna kæmi til með að aukast, án þess að laun hækkuðu. Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. sé ekki eins montin af þessum aukna sparnaði núna í svipinn og hæstv. fjmrh. vildi vera láta, — eða hvað dvelur hennar húsnæðisfrv.? Hvað dvelur framkvæmdir á hennar raforkumálum? Hvað dvelur allar hennar ráðagerðir, sem hún hefur byggt á síauknum sparnaði, þó að hún sjálf um leið taki af fólkinu það, sem það gæti sparað, en gefi því ekki tækifæri til þess að ná meira til sín af því, sem auðmennirnir sölsa undir sig?

Ég held um þessar afleiðingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að státa af undanfarið viðvíkjandi þeim frjálsu viðskiptum, auknum sparnaði, vaxandi trausti til Íslands út á við, að það sé að sýna sig meira og meira, að þetta sé allt saman ekkert nema sápubóla, — eða hvar er traustið til þeirra viðskipta út á við? Hvernig hefur gengið með lánin, sem Benjamín Eiríksson eða Framkvæmdabankinn hefur verið að reyna að útvega undanfarið? Hvernig gengur með tilkynningarnar til okkar um, hvernig gangi með þessa hluti? Ég er ákaflega hræddur um, að traustið sé ekki sérstaklega mikið í augnablikinu á fjármálum Íslands út á við og að það sé ekki heldur orðið mikið hérna inn á við. En það gæti verið, að hæstv. ríkisstj. ætlaðist til þess, að það kæmi ekki í ljós fyrr en seinna meir, að allur grunnurinn, sem hún hefur byggt á, væri að hrynja undan henni og traustið, sem hún þættist með harðvítugri pólitík gagnvart landsmönnum að vera að öðlast út á við, væri ekki rétt mikið, þegar ætti að fara að slá lán út á það, en það gæti verið, að hún vildi gjarnan geta sagt sem svo: Ja, það var nú af því, að það urðu verkföll, eða af því, að það varð kauphækkun, að ég hef ekki meira traust út á við, sparifé er minnkað og vörubirgðirnar hrúgast hérna upp og mennirnir að fara á hausinn.

En við skulum gera okkur það alveg ljóst, að afleiðingarnar af þessari pólitík ríkisstj. eru nú þegar að koma fram; það öngþveiti, sem hana langar til þess að koma yfir á verkalýðshreyfinguna, er nú þegar skollið yfir.

Hæstv. fjmrh. var að tala um það að lokum, að það væri nú ekki ástæða til mikillar bjartsýni. Það er hæstv. ríkisstj., sem hefur fengið alveg óháð öllum öðrum að ráða fjármálapólitík landsins í síðustu tvö ár, og ef hún er sjálf að verða eitthvað svartsýn á afleiðingarnar af eigin fjármálapólitík, þá er það henni sjálfri að kenna og engum öðrum, og mig skal satt að segja ekki undra, þó að hún verði eitthvað svartsýn á þetta. Mig skal satt að segja ekki undra, þó að komi að lokum að því, að það verði erfitt fyrir Íslendinga að kaupa inn vörur og láta mannfólkið í landinu kaupa þær vörur aftur, þegar launin eru ekki hækkuð og kaupgetan er ekki hækkuð. En hver er hins vegar grundvöllurinn undir því, að kaupgetan geti hækkað og að afkoma ríkissjóðs fari batnandi ár frá ári, sá grundvöllur, sem hæstv. fjmrh. hefur aldrei séð og aldrei skilið? Grundvöllurinn undir því er, að framleiðslan aukist, að það séu keypt fleiri ný framleiðslutæki inn í landið, að afkastamestu framleiðslutækjunum eins og togurunum sé fjölgað, að bátar séu byggðir í landinu, að hraðfrystihús séu reist, og það er þetta, sem ríkisstj. hefur vanrækt á undanförnum árum. Í 6 ár, síðan yfirleitt Framsfl. fór að koma eitthvað nærri fjármálum og ríkisstj., hefur verið svikizt um að kaupa t. d. nokkurn nýjan togara inn í landið. 1948 eru síðustu togararnir keyptir inn, stórvirkustu framleiðslutækin, sem við höfum. Ég er hræddur um, að það kunni ekki góðri lukku að stýra til eilífðar að ætla að halda áfram í sífellu að auka „lúxus“ yfirstéttarinnar hérna í Reykjavík, hækka launin hjá hálaunamönnunum og annað slíkt, en halda ekki áfram að undirbyggja sjálfan grundvöll þjóðfélagsins, og það er það, sem þessi ríkisstj. og ríkisstjórnin á undan henni hafa vanrækt allan tímann, og þess vegna hriktir í grundvellinum undir henni, þess vegna er hún sjálf að verða svartsýn í dag, og þess vegna langar hana til þess að koma afleiðingunum af öngþveitinu, sem hún sér að er að

skapast hjá henni sjálfri, yfir á verkalýðshreyfinguna.

Það er meira að segja úr herbúðum hæstv. ríkisstj. farið að tala um gengislækkun. Má ég spyrja: Á hverju byggist gengi íslenzku krónunnar? Gengi íslenzku krónunnar byggist á því, að við framleiðum mikið af gjaldeyrisvörum, að við framleiðum mikið af fiski, sem við seljum út úr landinu, þannig að það sé öruggur grundvöllur undir okkar atvinnulíf. Ef það fellur úr heil vertíð eða einn og tveir mánuðir úr vertíð, ef það falla úr tekjur upp á 25—50 millj. kr., sem við hefðum getað framleitt, þá er það tjón fyrir gengi íslenzku krónunnar. Hitt er fásinna að halda því fram, þó að verkalýðurinn á Íslandi fái meira af þeim peningum, sem annars renna til auðmannastéttarinnar, að það sé nokkurt tjón fyrir gengi íslenzku krónunnar, heldur þvert á móti. Það er alger villukenning. Það, sem þessi hæstv. ríkisstj. og ríkisstjórnin á undan henni hins vegar hafa gert, er að vanrækja að kaupa ný framleiðslutæki inn í landið, sem auka okkar sjávarútveg og auka okkar útflutningsframleiðslu, vanrækja þar með að undirbyggja gengi íslenzku krónunnar, og síðan halda þeir því fram, þegar þeir hafa sjálfir vanrækt að gera þetta, að það sé ekki rétt af verkamönnum að heimta hærra kaup. Ég vil bara minna hæstv. fjmrh. á, að þegar verkalýðurinn kom nærri ríkisstj. hér á Íslandi, þá voru keyptir togarar til landsins, þá voru byggð hraðfrystihús, þá voru byggðir bátar, og þá voru aukin svo stórkostlega þau framleiðslutæki, sem íslenzka gjaldeyrisframleiðslan byggist á, að það, að þessar síðustu ríkisstj. á 6 árum hafa lafað og grundvöllurinn hefur ekki brotnað undir þeim, er vegna þess grundvallar, sem þá var lagður. Á honum hefur m. a. hans fjármálaráðherrastjórn getað fleytt sér þennan tíma. En það er ekki endalaust hægt að lifa á því, sem gert var á tímabili nýsköpunarstjórnarinnar, á þeim togurum, sem þá voru keyptir inn og þar næst á eftir; það þarf að halda áfram að kaupa inn nýja togara, það þarf að halda áfram að auka okkar framleiðsluafköst, og það er ekki verkalýðnum að kenna, að það hefur verið vanrækt. Þess vegna á það ekki heima í þessu sambandi að vera með neinar hnútur eða brodda til verkalýðshreyfingarinnar, þó að hún geri sínar eðlilegu kröfur til þess, að þjóðarbú, sem getur gefið þeim, sem vinna, miklu meira en það gefur núna, láti þá fá meira í sinn hlut.

Yfirbygging yfirstéttarinnar hérna í Reykjavík er orðin það mikil, að það er hún, sem er að sliga þjóðfélagið. Það eru ekki kröfur verkamannsins til réttlátrar hlutdeildar í þjóðararðinum, það er yfirbyggingin og „lúxusinn“, sem yfirstéttin hérna lifir við. Ég vil aðeins skjóta því til hæstv. fjmrh. í því sambandi m. a., að einhver ægilegasti gróðinn, sem á sér stað sem stendur, þrífst undir sérstakri vernd hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna. Ég meina okrið. Ég meina það, að af 100 þús. kr. séu teknar í vexti á ári 72 þús. kr., og hæstv. ríkisstj. gerir sjálf sérstakar ráðstafanir til þess að hindra, að það séu látin ganga lög og réttur yfir þá, sem slíkt gera. Hverjum þeim, sem vill sölsa undir sig fé frá almenningi, er leyft að ganga lausum, og ríkisstj. gerir sérstakar ráðstafanir til að vernda slíkt, auk þess sem hún með sinni fjármálapólitík skapar grundvöllinn að svarta markaðnum á peningum í landinu. Hæstv. fjmrh. leyfir sér að tala um frjáls viðskipti. Hvaða maður dirfist að halda því fram, að það séu frjáls peningaviðskipti hér í Reykjavík í dag, að það sé frjáls peningamarkaður? Það er svartasti peningamarkaður, sem þekkist í Evrópu. Og hver hefur skapað hann? Sú fjármálastefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið. Og á sama tíma sem ríkisstj. þannig heldur sinni vernd yfir okrurunum, leyfir hæstv. fjmrh. sér, yfirmaður þessarar fjármálastefnu, að vera með brodd til verkamannanna um það, að þeir megi ekki heimta kauphækkun, og hefur þó m. a. ein afleiðing okursins orðið sú, að það hefur verið hækkuð ár frá ári húsaleigan hérna í Reykjavík, þannig að menn verða að borga fyrir tveggja til þriggja herbergja íbúð 1500—2000 kr. á mánuði, þegar hagstofan reiknar með 400 kr.

Ég held, að ef hæstv. fjmrh. ætlar að fara að nota sína skýrslu nú til þess að prédika eitthvað yfir verkamönnum, þá ætti hann að koma hér fram fyrir okkur og gefa okkur skýrslu um gróða fleiri aðila, sem ríkið hefur með að gera, heldur en ríkissjóðs eins. Hvað tekur Landsbankinn í gróða í ár? Eru það 30 millj., eða eru það 40 millj.? Og hvað verður gefið upp af því? Hvað tekur Eimskip í gróða í ár? Hvað taka skipafélögin í gróða í ár? Og hvað tóku þau síðasta ár? Allt eru þetta stofnanir, sem ríkið gerir sérstakar ráðstafanir til þess að vernda. Það er ekki hægt að koma og ætla að fara að nota skýrslu hæstv. ráðh. um það, að afgangurinn sé ekki eins hrottalega mikill og undanfarið hjá ríkinu, eins og hæstv. ráðh. var að reyna að gera, til þess að ætla að fara að reyna að telja verkamenn ofan af því að gera réttmætar kröfur til sín. Mér sýnist, að þeir aðilar, sem eiga upp á pallborðið hjá ríkisstj., geti hlaupið til hæstv. fjmrh., hvenær sem þá vantar peninga, og mér finnst þess vegna ekkert undarlegt, þó að verkamenn hér í Reykjavík og annars staðar geri þær kröfur til ríkissjóðs og til atvinnurekendanna, að okurhúsaleigan, sem þeir verða að borga, sé greidd með hækkuðu kaupi.

Hæstv. fjmrh. gaf þá yfirlýsingu hér áðan, að hann hefði borgað tæpa 1 millj. kr. vegna áburðarverksmiðjunnar. Hvað kom hæstv. ráðh. til þess að fara að borga úr ríkissjóði í svipinn 900 þús. eða upp undir eina millj. króna fyrir það, sem hann kallar h/f Áburðarverksmiðjan? Hvað kom honum til þess? Það er hann, sem heldur því fram, að þetta sé einkaeign eins hlutafélags. Það er hann, sem heldur því fram, að ríkið eigi ekki þetta fyrirtæki, þvert ofan í lög. Af hverju eru ekki hluthafarnir látnir sjá um þetta, m. a. einkahluthafarnir þarna í, sem lögðu fram 4 millj. kr. til þess að eignast fyrirtæki upp á 130 millj.? Af hverju eru þeir ekki látnir sjá um þetta, eða af hverju notar ekki ríkissjóður tækifærið, ef þetta fyrirtæki er í greiðsluþroti, til að kaupa þessi hlutabréf upp? Getur hvaða hlutafélag sem er komið til ríkissjóðs þannig til þess að láta borga fyrir sig vexti og afborganir?

Ég álít, að það sé mjög gott, að hæstv. ráðh. gefur okkur sínar skýrslur. Ég álít, að það sé

mjög gott, að það sýni sig, eins og áður hefur verið, að afgangurinn hjá ríkissjóði skiptir tugum millj. kr., að það er reyrt og reyrt að almenningi, og ráðh. barmar sér yfir, að það skuli ekki vera enn þá meira. En þegar nú almenningur heimtar að fá eitthvað dálitið hærra kaup til þess m. a. að standa undir öllum þessum þunga, þá fer hæstv. fjmrh. að bregðast illa við og er að tilkynna, að svo framarlega sem verkamenn fái slíkt í gegn, þá sé voðinn vís. Ég vil segja honum það, af því að hann notaði nú ekki það orð, sem hann er vanur að nota í hvert einasta skipti, sem hann hefur talað, frá því að hann kom á þing, og það var orðið hrun, — ég býst við, að hann sé orðinn hræddur við hrunið, sem fjármálapólitík ríkisstj. er að undirbúa, og hann vilji koma því yfir á verkalýðshreyfinguna, — ég vil aðeins segja honum, að það hrun, sem er afleiðingin af fjármálapólitík ríkisstj., er byrjað. Ríkisstj. stendur sjálf á sífelldum fundum til þess að ráðgast um, hvernig hún eigi að kæfa þetta hrun, hvernig hún eigi að dylja þetta hrun, hvernig hún eigi að stöðva þetta hrun, svo að það grípi ekki um sig í allri Reykjavík, vegna þess að hún vill gjarnan láta það allt saman frestast fram yfir verkfall eða fram yfir kauphækkanir til þess að geta sagt á eftir: Þetta er nú allt saman verkalýðnum að kenna; ótætis kommúnistarnir eru að grafa grundvöllinn undan þjóðfélaginu. — Ég held, að hæstv. fjmrh. ætti að tala dálítið gætilegar um afstöðuna til verkalýðsins og hans kaupkrafna í þessu efni, en segja Alþ., hvaða kröfur braskararnir í Reykjavík gera til ríkisstj. og stjórnarflokkanna.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að færa hæstv. fjmrh. þakkir fyrir það framtak, sem hann hefur sýnt með því að birta hinu háa Alþ. niðurstöður ríkisreikninganna fyrir 1954 nú þegar, ekki tveim mánuðum eftir að reikningsskilaárinu lýkur. Þetta er til fyrirmyndar og ætti að vera svo framvegis, að kappkostað væri að ljúka reikningsskilunum fyrir liðið ár sem allra fyrst, þannig að þingmenn gætu glöggvað sig á afkomu ársins, sem er liðið, og haft það til hliðsjónar við bollaleggingar sínar um árið, sem er að líða. Jafnframt vildi ég taka undir það, sem hv. 5. landsk. þm. (EmJ) sagði áðan, að í framtíðinni væri mjög æskilegt, að áður en slík ræða er flutt, fengju menn reikningsyfirlitið fjölritað í hendur, því að þá er miklu auðveldara að ræða bæði málið í heild og einstök atriði, — það síðara er raunar mjög torvelt nú, vegna þess hve hér er auðvitað um margbrotnar tölur að ræða. En örfáar athugasemdir vildi ég gera í framhaldi af ræðu hæstvirts fjármálaráðherra.

Hann skýrði frá því, að rekstrarafgangur ársins 1954 hefði verið um 96 millj. kr., en 1953 hafði hann verið 87 millj. kr. Bæði þessi ár hefur því verið mikill tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Hæstv. ráðh. undirstrikaði þetta mjög og gaf í skyn, að þetta bæri vott um heilbrigða fjármálastefnu hæstv. ríkisstj. Það virtist jafnvel svo, að hann vildi nota tækifærið sem allra fyrst til þess að skýra frá þessum mikla tekjuafgangi ríkissjóðs til þess að geta lagt áherzlu á, hversu heilbrigða fjármálapólitík núverandi hæstv. ríkisstj. ræki.

En með þessu er sagan alls ekki sögð öll. Sannleikurinn er sá, að rekstrarafgangur ríkissjóðs, eins og íslenzku ríkisreikningarnir eru gerðir upp, gefur engan veginn fullnægjandi eða tæmandi, jafnvel alls ekki rétta mynd af áhrifum ríkisbúskaparins á hagkerfið, einfaldlega vegna þess, hversu mikið af beinum útgjöldum er á eignahreyfingareikningi, en ekki á rekstrarreikningi. Svo sem kunnugt er, er hafður mjög mismunandi háttur á því í ýmsum nágrannalöndunum, hvaða gjöld eru færð á rekstrarreikning og hvaða gjöld eru færð á eignahreyfingareikning, og hefur það að sjálfsögðu áhrif á rekstrarniðurstöðuna, hvaða venjur eru viðhafðar í þessum efnum. Hér er sú venja að færa fjölmörg útgjöld til fjárfestingar á eignahreyfingareikning, en ekki rekstrarreikning, og á þeim árum, þegar mikið kveður að slíkum fjárfestingarútgjöldum, hefur það að sjálfsögðu þau áhrif, að rekstrarreikningurinn sýnir mjög hagkvæma niðurstöðu. En þegar talað er um heilbrigða fjármálastefnu í þessu sambandi, þá er að sjálfsögðu átt við það, hversu mikinn kaupmátt ríkissjóður tekur úr umferð með skatta- og tollakerfi sínu og útgjaldapólitíkinni, en þá verður auðvitað að bæta hreinum fjárfestingarútgjöldum á eignahreyfingareikningi við rekstrarútgjöldin og miða við þá niðurstöðu, sem þá fæst. En þannig var á árinu 1953 og hefur áreiðanlega verið á árinu 1954, þótt ég hafi að sjálfsögðu ekki haft aðstöðu til þess enn að ganga úr skugga um það, að á eignahreyfingareikningnum hafa verið mjög mikil fjárfestingarútgjöld, sem draga verulega úr gildi þeirrar staðhæfingar hæstv. fjmrh., að þessi mikli tekjuafgangur beri í sjálfu sér vitni um heilbrigða fjármálastefnu.

Það er enginn ágreiningur meðal sérfróðra manna um það, að á tímum sem þeim, sem við nú lifum, eigi að reka ríkisbúskapinn með verulegum tekjuafgangi. Þegar verðlag allt er á hreyfingu upp á við og þensla mikil í viðskiptakerfinu öllu, er heilbrigt, að áhrifa ríkisvaldsins gæti í þá átt að draga úr þessari þenslu með því að hafa mjög verulegan raunverulegan rekstrarafgang á sínum búskap, á sama hátt og eðlilegt er, að á krepputímum hiki ríkisvaldið ekki við að halda uppi atvinnu og komi í veg fyrir fallandi verðlag með því að hafa verulegan halla á búskap sínum.

Nú kynnu ýmsir að halda, ef menn athuguðu tölur hæstv. ráðh. gagnrýnislaust, að þannig hefði einmitt verið farið að hér. Tvö ár eru nýliðin, 1953 og 1954, þar sem tekjuafgangurinn hefur verið 90—100 millj. hvort árið. En þá þarf til þess að taka tillit jafnframt, hver raunveruleg útgjöld hafa verið á fjárfestingarreikningi, og draga þau frá. Afgangurinn einn ber vott um þau áhrif af svonefndri heilbrigðri fjármálastefnu, sem hæstv. fjmrh. virtist vilja láta í veðri vaka með hinum háu tölum, sem hann nefndi.

Þó að ég hafi auðvitað ekki haft aðstöðu til þess að virða neitt fyrir mér ríkisreikninginn fyrir 1954, þar sem einu upplýsingar um hann eru þær tölur, sem hæstv. ráðh. las áðan, þá má mynda sér nokkra hugmynd um hina raunveru-

legu rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs með því að virða fyrir sér viðskipti ríkissjóðs við seðlabankann og hina bankana og þá fyrst og fremst sparisjóðsdeild Landsbankans. Hinn raunverulegi rekstrarafgangur ríkissjóðs á með eðlilegum hætti að safnast fyrir sem aukin inneign ríkissjóðs eða sem minnkuð skuld hans í seðlabankanum. Það, sem menn eiga við með heilbrigðri fjármálastefnu, er það að flytja kaupgetu frá góðum tímum til vondra tíma, ef svo mætti segja, fyrst og fremst með því, að ríkissjóður auki inneignir sínar í seðlabankanum á góðum tímum í því skyni að hafa þær til ráðstöfunar á erfiðum tímum.

*Ef athuguð eru skuldaskipti ríkissjóðs* við seðlabankann á s. l. ári, einmitt á því ári, sem hæstv. fjmrh. skýrði frá með nokkru stolti að hefði haft 96 millj. kr. í rekstrarafgang, þá yrðu þau *í mjög stórum dráttum eftirfarandi:*

Skuld ríkissjóðs við seðlabankann var í árslok 1953 110 milljónir, en í árslok 1954 121 milljón. Skuld ríkissjóðs við seðlabankann hefur með öðrum orðum vaxið um 11 milljónir á árinu 1954, því ári, sem samkvæmt ríkisreikningnum sýnir 96 milljóna kr. tekjuafgang. Í þessu sambandi ber þó auðvitað að taka tillit til þess, að ríkissjóður á ýmsa inneignareikninga í seðlabankanum, og þar hefur orðið breyting til batnaðar. Í árslok 1953 átti ríkissjóður á ýmsum innstæðureikningum 4 millj., en í árslok 1954 37 millj., þ. e. a. s. innstæður hafa vaxið um 33 millj. á móti 11 millj. kr. skuldaraukningu, þannig að innstæðuaukningin er þó ekki nema 22 millj. kr. aðeins. Þetta eru hin hreinu viðskipti við seðlabankann, þau sem í fljótu bragði eru einna nærtækasti mælikvarðinn á það, hvort ríkissjóður hefur raunverulega rekið heilbrigða fjármálastefnu eða ekki. En svo hefur verið tekið upp á því nú á þessu ári af alveg sérstökum ástæðum, að ríkissjóður er einnig farinn að hafa viðskipti við viðskiptabankana í sambandi við raforkuframkvæmdirnar, því að ríkissjóður hefur sem kunnugt er gert samning við viðskiptabankana um að kosta raforkuframkvæmdirnar, en það eru auðvitað fjárfestingarútgjöld. Þessar lánveitingar hjá viðskiptabönkunum, að sparisjóðsdeild seðlabankans meðtalinni, — þar er mestur hlutinn, — nema 18 millj. kr. Þannig er skuldaaukningin 18 millj. kr., svo að á móti 22 millj. kr. innstæðuaukningu hjá seðlabankanum kemur 18 millj. kr. skuldaaukning hjá viðskiptabönkunum, þannig að fljótlegt yfirlit um þetta sýnir þá niðurstöðu, að skuldaskipti ríkissjóðs við bankana sýna ekki hagstæða útkomu nema um 4 millj. kr. á því sama ári og fjmrh. skýrði frá því með stolti, að rekstrarafgangurinn hafi numið 96 millj. kr. Nú vil ég engan veginn draga það í efa, að þessi ráðstöfun á tekjuafganginum sé gagnleg í sjálfu sér, a. m. k. verulegur hluti hennar, en það er ekki hægt að guma af hvoru tveggja í senn, að ráðstafa fé til gagnlegra framkvæmda og svo jafnframt af hinu að reka heilbrigða fjármálapólitík í þeirri merkingu að vinna gegn óeðlilegri þenslu í fjárhagskerfinu, að vinna gegn hækkandi verðlagi og þenslu á vinnumarkaðnum. Sú stefna virðist hafa orðið ofan á hjá hæstv. ríkisstj. að standa undir fjárfestingunni, þó að það kosti þenslu á vinnumarkaðinum og í verðlaginu, og þá á hæstv. ríkisstj. að segja, að það sé svo, en ekki að reyna að *ávinna sér viðurkenningu fyrir hvort tveggja,* því að það á hún ekki skilið. Hún á að láta sér nægja að reyna að fá með heiðarlegum málflutningi viðurkenningu fyrir annað hvort og taka þá á sig *ámæli fyrir það, sem henni ekki tekst.*

En sannleikurinn er sá um fjármálapólitík hæstv. ríkisstj. undanfarin ár, þrátt fyrir mikið tal um það, að hún hafi átt að vera og verið heilbrigð í *þeim skilningi* að halda inni kaupmætti til varðveizlu til erfiðari tíma, að hún hefur verið óheilbrigð, því að tekjuafgangnum hefur jafnan verið ráðstafað til margvíslegra fjárfestingarútgjalda, *þannig* að niðurstaðan hefur orðið ósköp svipuð því, sem mundi hafa verið, ef mjög lítill tekjuafgangur hefði orðið á rekstrarreikningi ríkissjóðs. Þetta er auðvitað ein af ástæðunum *fyrir því ástandi í efnahags- og viðskiptakerfi* landsins, sem nú á sér stað. Það er þensla í verðlaginu og ekki hvað síst á vinnumarkaðnum, og hún hefur verið vaxandi, hún er orðin svo mikil, að böndin eru að springa og í uppsiglingu eru kaupkröfur af hálfu vinnustéttanna. Hæstv. ríkisstj. á einmitt með fjármálapólitík sinni sinn þátt í ábyrgðinni á því, að eins er komið og nú er.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það er ljóst af ræðu hæstv. fjmrh., að ríkistekjurnar hafa farið mjög verulega fram úr áætlun á árinu 1954 samkvæmt því bráðabirgðayfirliti, sem hann las hér. Tekjurnar voru áætlaðar 443 millj. kr. í fjárlögum, en hæstv. fjmrh. gat þess, að þær mundu samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu verða 537 millj. rúmlega, eða fara 21% fram úr áætlun.

Ég minnist þess í þessu sambandi, að við þm. Þjóðvarnarflokksins fluttum till. um það á síðasta þingi, að tekjurnar yrðu ekki áætlaðar 443 millj., heldur um 470—480 millj. kr., ef mig minnir rétt, og yrði þessum mismun á áætlun stjórnarflokkanna og okkar áætlun varið til að reisa sementsverksmiðju og til að efla nýjar atvinnugreinar í þjóðfélaginu, einmitt þær sömu nýju atvinnugreinar og hv. þm. Framsfl. virðast nú vera að koma auga á að sé nauðsynlegt að efla, ef höfð er í huga till. þeirra, sem ekki er þó um að veita fé til þessara nýju atvinnugreina, heldur að stofna nefnd til að rannsaka, hverjar þessar atvinnugreinar ættu að vera.

Þá var það á síðasta þingi af hæstv. fjmrh. og öðrum hv. talsmönnum stjórnarflokkanna talin hin mesta firra að láta sér detta í hug, að ríkistekjurnar gætu orðið nokkuð verulega hærri en 443 millj. kr., eins og þeir vildu áætla, og þeir höfðu um það mörg orð og stór, hve stjórnarandstaðan væri ábyrgðarlaus í sínum málflutningi, að hún skyldi leyfa sér að bera fram þvílíkar tillögur á Alþingi Íslendinga. Á hinn bóginn sögðum við, að áætlun okkar væri mjög varleg, og við gerðum það af ásettu ráði að hafa hana ekki hærri en þetta, enda þótt við vissum, að tekjurnar mundu verða mun meiri, en þar sem okkur þætti sýnt, að afstaða stjórnarflokkanna til málsins væri á þann veg, að það væri öruggara að hafa vaðið fyrir neðan sig, þá lögðum við sem sagt ekki til, að tekjurnar væru áætlaðar hærri en 470—480 millj. kr.

Nú hefur hins vegar kom'ð í ljós, eins og allir hv. þm. vissu þegar á síðasta þingi, að okkar áætlun var miklu nær sannleikanum en áætlun hæstv. fjmrh., enda þótt þeir létu hafa sig til þess að ljá hans málstað lið. Og hæstv. fjmrh. segir nú eins og endranær, að þetta komi sér algerlega á óvart, hvað ríkistekjurnar hafa orðið miklar, og að það stafi af óvenjulega góðu árferði, eins og hann orðaði það hér í ræðu sinni áðan og hefur orðað það öll þau ár, sem ríkistekjurnar hafa farið um 100 millj. kr., eða sem næst því, fram úr áætlun á ári hverju.

Nú er ástæða til fyrir hv. þm. að velta því nokkuð fyrir sér, hvernig það er með þetta óvenjulega góða árferði. Hefur það verið? Var árið 1954 óvenjulegt góðæri í sögu þjóðarinnar? Bendir það til þess, hvað bændur neyðast nú til þess að auglýsa jarðir sínar mikið til sölu, að það hafi verið óvenjulegt góðæri? Var togarastöðvunin vottur um það, að þetta ár væri óvenjulegt góðæri? Var sú niðurstaða, sem nefndin komst að, sem rannsakaði það mál, að togararnir þyrftu um 1 millj. á ári til þess að bera sig, merki um óvenjulegt góðæri í þjóðfélaginu? Svona mætti lengi telja. Engin dæmi, sem maður fær úr sjálfum atvinnuvegunum, benda til þess, að það hafi verið óvenjulegt góðæri árið 1954. En er það þá rangt hjá hæstv. fjmrh. að komast þannig að orði, að það hafi verið óvenjulegt góðæri? Nei. Í einum skilningi málsins var óvenjulegt góðæri. Það var góðæri fjárglæfranna. Það var góðæri hernámsins. Það var góðæri skattkúgunarinnar. Það er þetta, sem hæstv. fjmrh. á við, þegar hann talar um óvenjulegt góðæri í þessu sambandi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þrátt fyrir óvenjulegt góðæri hefði afkoma ríkissjóðs ekki orðið nógu góð, og þó hafði ríkissjóður, eftir því sem hann sagði sjálfur, um 96 millj. kr. tekjur umfram fjárlög. Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh., hvað ríkissjóður þyrfti miklar umframtekjur umfram áætlanir Alþ., til þess að von væri um það, að afkoma ríkissjóðs gæti orðið nógu góð að dómi hæstv. fjmrh. Mig langar mjög mikið til að fá upplýsingar um þetta mál. Mig langar sem sagt til að fá upplýsingar um það, hvað vitlaus fjárlagaáætlun Alþ. þyrfti að vera, til þess að hæstv. fjmrh. gæti talað um nógu góða afkomu ríkissjóðs, þegar það nægir ekki, að skekkjan á tekjuáætluninni er 21%.

Það væri auðvitað ástæða til þess að ræða þetta mál hér mjög ýtarlega í öllum atriðum, um umframgreiðslur ríkissjóðs umfram fjárlög o. fl. Það atriði í sjálfu sér er í flestum tilfellum hreint lögbrot, þar sem fjárl. eru afgreidd í lagaformi. En um þessi atriði öll hefur verið rætt hér margt og mikið og umræður um þau því orðnar dálitið þreytandi við hæstv. fjmrh., þar sem hans svör eru alltaf á sama veg.

Þá sagði hæstv. fjmrh. í lok ræðu sinnar, að það væru til öfl í þjóðfélaginu, sem vildu grafa undan traustinu á gjaldmiðlinum og koma verðbólguhjólinu af stað. Og ég verð að segja það eins og er, að mig furðaði á því, að sjálfur fjmrh. landsins skyldi leyfa sér að hafa um hönd önnur eins ummæli og þetta í ræðu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1954. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur verið mikið traust á íslenzkum gjaldmiðli að undanförnu? Hefur engin verðbólga verið í landinu síðustu árin? Hvers vegna lætur maðurinn sér þau orð um munn fara, að það sé verið að grafa undan traustinu á gjaldmiðlinum og koma verðbólguhjólinu af stað, að það séu hér sérstök öfl í þjóðfélaginu, sem vilji þetta? Það fór enginn í grafgötur um það, hvaða öfl þetta væru. Þar átti hann við íslenzka verkamenn. Þeir voru öflin, sem vildu grafa undan traustinu á gjaldmiðlinum og koma verðbólguhjólinu af stað, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það. Ég ætla ekki að fella neinn dóm sjálfur í þessu máli, en til er dómur, sem hæstv. fjmrh. neyðist kannske til að taka meira mark á en mínum dómi, og þann dóm ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp. Hann birtist í okt.—des.-hefti Fjármálatíðinda Landsbankans 1954, eftir hagfræðing bankans, dr. Jóhannes Nordal, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gífurleg þensla hefur verið í efnahagskerfinu síðustu tvö árin. Er þegar að sjá alvarleg merki þess, að sparifjársöfnun sé farin að minnka, en í nóvember lækkuðu spariinnlán í bönkum í fyrsta sinn í tvö ár og þá um fullar 12 millj. kr. Nauðsynlegt er, að sem fyrst sé gripið til ráðstafana, sem dregið gætu úr þenslunni, til þess að Íslendingar einangrist ekki sem eina haftaþjóðin í hinum lýðræðissinnaða heimi.“

Og enn segir: „Mikil hækkun ríkistekna getur verið merki um dulda verðbólgu, og þegar þannig er ástatt, er nauðsynlegt, að útgjöldum ríkissjóðs sé stillt mjög í hóf og rekstrarafgangur notaður til að draga úr peningaþenslunni.“

Og enn segir: „Mikilvægasti lærdómurinn, sem menn hafa dregið af reynslu síðustu ára, er, að fjármálastefnan innanlands ræður mestu um það, hver gjaldeyrisafkoman verður.“

Og hér segir loks, „að Íslendingar verði að gera það að höfuðmarkmiði fjármálastefnu sinnar á næstunni að draga úr þenslunni í efnahagskerfinu og skapa sér traustan og heilbrigðan gjaldmiðil.“

Bera þessi ummæli, sem ég hef hér lesið, vitni um, að það hafi verið hér traustur og öruggur gjaldmiðill, að það hafi ekkert verðbólguhjól verið í gangi, verið að snúast, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það? Eru þessi ummæli, sem ég hef lesið hér upp úr Fjármálatíðindum, í þá átt, að menn geti dregið af þeim þá ályktun, að íslenzkur verkalýður hafi komið af stað verðbólguhjóli síðustu tveggja ára eða stofnað til þessarar gífurlegu þenslu, sem verið hefur í efnahagskerfinu síðustu tvö árin, eins og hér stendur, og að það sé íslenzkur verkalýður, sem hafi stuðlað að því, að sparifjársöfnunin hafi lækkað, og að það verði að gera það að höfuðmarkmiði að draga úr þenslunni og skapa hér traustan og öruggan gjaldmiðil? Hverjir eru það, sem hafa haldið þannig á málum, að sérfræðingur Landsbankans neyðist til þess að viðhafa þessi ummæli? Það eru hv. núverandi stjórnarflokkar, hæstv. núverandi ríkisstj. Og í því sambandi vil ég á það benda, að fyrir síðustu gengisfellingu munu ríkistekjurnar hafa verið um eða innan við 300 millj. kr., en eru nú, árið 1954, komnar á sjötta hundrað millj. kr. Þessi aukn-

ing á ríkistekjunum leggst að sjálfsögðu á almenning, alþýðu landsins. Til viðbótar hefur svo komið gengisfellingin sjálf, bátagjaldeyrir, togaragjaldeyrir o. s. frv., o. s. frv. Og hvernig hefur íslenzkur verkalýður brugðizt við þessu? Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að nefna mér dæmi þess, ef hann kann, að nokkur skipulögð verkalýðshreyfing hafi nokkurn tíma brugðizt við annarri eins álöguaukningu eins og hér um ræðir frá 1950 á þann veg, sem íslenzk verkalýðshreyfing hefur gert. Hún hefur enn til þessa dags, allar götur frá gengisbreytingunni 1950, ekki gert eina einustu skipulagða tilraun til þess að létta þessum álögum af sér með því að krefjast hækkunar á kaupi í krónutölu. Íslenzk verkalýðshreyfing hefur sýnt það einstæða siðferðisþrek og þá ríku ábyrgðartilfinningu á velmegun og hagsæld þessarar þjóðar að gera ekkert til þess að auka á verðbólguskrúfu í landinu, heldur þvert á móti. Sú eina skipulagða tilraun, sem gerð var til þess að bæta kjör alþýðunnar 1952, var á þann veg að lækka dýrtíðina og verðbólguskrúfuna, og þrátt fyrir það, sem þá vannst á til að lækka þessa verðbólguskrúfu og skapa gjaldmiðli þjóðarinnar aukið traust, er nú svo komið fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj., að þetta er allt að gliðna, að hagfræðingur Landsbankans neyðist til þess í skýrslu sinni að tala um vantraust gjaldmiðilsins og gífurlega þenslu og dulda verðbólgu í þjóðfélaginu og benda á það mjög rækilega og mjög ýtarlega, að það þurfi að snúa við frá þessari stefnu, stefnu ríkisstj., en ekki verkalýðsins, ef það eigi ekki að valda voða í þessu þjóðfélagi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 8. landsk. þm. (BergS) spurði að því m. a., hvort hér hefði verið mikið traust á íslenzkum gjaldmiðli. Traustið á íslenzkum gjaldmiðli hefur verið þannig, að sparifjárinnstæður hafa nú á síðustu tveimur árum aukizt meira raunverulega en nokkru sinni eru dæmi til í sögu landsins og margfalt meira en þær höfðu aukizt á næstu árum á undan. Þetta sýnir, að menn höfðu fengið aukið traust á íslenzkum gjaldmiðli. Þetta er hinn ólygnasti vottur þess.

Þessi hv. þm. vitnaði hér nokkuð í ummæli frá hagfræðingi Landsbankans um, að það væri ofþensla hér, sem ekkert var raunar nánar til tekið í hverju væri fólgin. Hv. 8. landsk. var að gefa í skyn, að óróa væri orðinn út af þessu meðal landsmanna. Ég vil í þessu sambandi benda á, að tveir úr hópi merkustu hagfræðinga landsins, hagstofustjórinn og Ólafur Björnsson prófessor, hafa íhugað þessi mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að á síðustu tveimur árum hafi kaupmáttur launa svo sem ekkert breytzt, og þetta bendir óneitanlega ekki til þess, að þeir dómar, sem hv. 8. landsk. vildi fella um verðlags- og fjárhagsmál, séu réttmætir.

Þá vil ég benda á það í þessu sambandi, þó að það verði nú að teljast aukaatriði, að hv. 8. landsk. þm. og aðrir þeir hv. þm., sem hafa svipaða aðstöðu og hann, hafa skipað sér á móti stjórninni, hafa ævinlega beitt sér á móti öllum ráðstöfunum, sem hafa gengið í þá átt að minnka þensluna. Þeir hafa viljað láta afnema tolla í svo stórum stíl, að ef farið hefði verið að þeirra ráðum, hefði orðið stórfelldur halli á ríkisbúskapnum, sem óhjákvæmilega hefði haft í för með sér gífurlega verðþenslu og sett hér allt úr skorðum. Það situr miðlungi vel á mönnum, sem hafa haft slíka afstöðu, að koma hér fullir vandlætingar út af því, að stjórnin hafi ekki rekið nógu harðhenta fjármálapólitík. En það var ekki hægt að skilja annað en að það væri það, sem hv. 8. landsk. meinti með því að vitna hér í álit hagfræðings Landsbankans. Enginn dregur a. m. k. það í efa, að hagfræðingur Landsbankans á við, að það hafi ekki verið rekin nógu harðsnúin fjármálapólitík, það hafi ekki verið tekið nógu mikið af mönnum í sköttum og tollum, ekki hafður nógu mikill afgangur á ríkisbúskapnum til þess að safna inneignum í seðlabankanum og draga fé úr umferð. Það er vitanlega þetta, sem vakir fyrir með þeirri gagnrýni, sem hv. 8. landsk. þm. vísar til. En öllu skýtur þessu nú nokkuð skökku við, eins og við er að búast úr þessari átt. Það bar meira en lítið á þessu sama hjá hv. 1. landsk. þm. (GÞG), og skal ég koma hér örlítið að því næst.

Ég fer að halda, að þessi hv. þm. hafi alls ekki verið hér viðstaddur, þegar ég flutti framsöguræðuna í dag. Ég sný nú að vísu baki við sæti hans og fylgdist því ekki með því, hvort hann hlustaði, en ég ályktа helzt, eftir því sem hann talaði, að hann hafi ekki verið viðstaddur. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hæstv. ráðh. hefði verið að guma af tekjuafganginum, — verið að guma af því, að tekjuafgangur ríkissjóðs hefði orðið 96 millj. Af þessu ályktа ég, að hv. þm. hljóti að hafa verið fjarstaddur, því að þetta er svo fjarri öllu lagi. Ég lagði enga áherzlu á tekjuafganginn og hef aldrei gert á undanförnum árum, ævinlega á greiðsluafganginn, og því ætla ég að þessi hv. þm., sem er prófessor í hagfræði, hefði þó átt að geta áttað sig á. Ég hef ævinlega lagt höfuðáherzluna á greiðsluafganginn, en ekki tekjuafganginn á rekstrarreikningnum, sem segja má, eins og hann tók fram, að í þessu sambandi sé ekkert höfuðatriði. Ég hef ævinlega lagt höfuðáherzluna á það, hver áhrif ríkisbúskaparins væru á fjármálakerfið, einmitt með því að gera upp miðað við greiðsluafgang eða greiðsluhalla, en ekki tekjuafgang eða tekjuhalla á rekstrarreikningi. Ég hygg, að flestir landsmenn aðrir en þessi hv. prófessor hafi áttað sig á því, hvernig þetta dæmi hefur verið gert upp af minni hendi undanfarin ár. Í því sambandi vil ég m. a. vísa til ræðu minnar áðan, þar sem ég lagði höfuðáherzluna á, að greiðsluafgangur hefði orðið 35 millj., þegar búið var að draga frá allar greiðslur, sem hafa áhrif á peningakerfið, en lagði enga áherzlu á tekjuafganginn, svo sem vorkunnarlaust var að heyra. Ég dró svo þar að auki frá það, sem ráðstafað hefur verið til ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, til þess einmitt að sýna, að það væru þá ekki nema 19 millj. eftir, þó að tekjuafgangurinn væri 96 millj. Svo kemur hér einn hv. þm. og það prófessor í hagfræði og fer að tala um, að það sé mjög vafasamt af hæstv. ráðh. að vera að veifa hér framan í menn og guma af tekjuafganginum sérstaklega. Síðan fer þessi hv. þm. að benda á, hvernig skuldaskiptin hafa verið við

Landsbankann, og flytur það hér eins og einhverja uppgötvun, að aðstaða ríkissjóðs í Landsbankanum hafi ekki batnað nema um 22 millj. á s. l. ári, þó að tekjuafgangurinn, sem ráðh. hafi verið að guma af, eins og hann orðaði það, hafi verið 96 millj. Þetta var þá saga til næsta bæjar, eða hitt þó heldur, þegar ég var búinn að upplýsa, að sá raunverulegi afgangur er um 19 millj. Er þá nokkuð einkennilegt, þó að aðstaðan í Landsbankanum hafi ekki breytzt til bóta nema um 22 millj.?

Þá sagði þessi hv. þm., að hér kæmu fleiri kurl til grafar, því að þar að auki hefði ríkisstj. tekið upp á því að hafa viðskipti við viðskiptabankana, fá hjá þeim fé til framkvæmda — sagði, að 18 millj. hefðu verið teknar í þessu skyni að láni hjá viðskiptabönkunum á s. l. ári, og mér skildist hann vilja blanda þeim inn í þetta dæmi, þær þyrftu líka að dragast frá, áður en sá greiðsluafgangur ríkissjóðs væri fundinn, sem væri hægt að tala um í sambandi við peningamálin. En þetta er byggt á misskilningi, því að ef þessar 18 millj., sem ganga til framkvæmda, eru lánaðar af viðskiptabönkunum af auknum sparnaði á árinu, þá þarf alls ekki að taka það inn í þetta dæmi, því að þá hefur aðeins það gerzt, að þessar 18 millj. hafa verið lánaðar til þessara framkvæmda, en hefðu ella verið lánaðar til annarra framkvæmda eða a. m. k. annarra þarfa.

Ég er hv. þm. alveg sammála um það, að heilbrigt er að hafa afgang á ríkisbúskapnum, þegar þensla er, ætti þá frekar að leggja út í að hafa halla, þegar of lítið er um að vera hjá öðrum en ríkinu. Þetta er einmitt það, sem ég hef verið að prédika hér ár eftir ár. Menn skyldu vera rólegir, þó að einhver afgangur væri á ríkisbúskapnum, bæði þyrfti á honum að halda í margvíslegu skyni, þannig að lítt héldist á honum, og svo þyrfti á góðum árum að leggja fyrir til framkvæmda síðar og til þess að hafa heilbrigð áhrif í þjóðarbúskapnum, þegar hætta væri á þenslu og ekkert atvinnuleysi. Þetta hef ég prédikað svo að segja í hvert skipti sem ég hef talað um þessi mál undanfarin ár. Mér þykir vænt um, að þessi hv. þm. tekur undir þetta núna. Á hinn bóginn get ég ekki komizt hjá því að minna á, að úr herbúðum stjórnarandstæðinga, og það líka úr herbúðum hv. þm. og það meira að segja nú síðast áðan af hendi formanns þingflokks Alþfl., hefur það verið harðlega gagnrýnt á undanförnum árum, að ríkissjóður hafi haft afgang fremur en hitt. Nú uppgötvast það allt í einu hins vegar á elleftu stund af hagfræðiprófessor stjórnarandstöðunnar, að þetta tal þeirra hefur allt saman verið bara misskilningur. Nú er tónninn sá, að stjórnin hafi ýtt undir verðþenslu með því að hafa of lítinn afgang og úthluta honum svo stundum ofan í kaupið. Ég skal játa, að það hefur stundum verið teflt á tæpt vað einmitt með því að úthluta greiðsluafganginum. Hefði þurft að safnast meira fyrir af honum í Landsbankanum. En það þurfti ekki þennan hv. þm. til að segja mér þetta; mér var þetta alveg ljóst áður. Að hinu leytinu er fróðlegt að heyra þetta nú úr herbúðum stjórnarandstæðinga eftir allt það, sem á mér hefur dunið undanfarið út af því, að ég hef reynt að stilla svo til síðustu árin, að greiðsluafgangur yrði. Meira að segja nú rétt áðan talaði hv. 5. landsk. þm. nokkur orð og sagði m. a., að niðurstaðan af ríkisbúskapnum á síðasta ári sýndi, að það hefði verið tekið meira en þörf var á af landsmönnum. En hv. 1. landsk. þm. (GÞG) heldur því fram, að ekki hafi orðið nógu mikill greiðsluafgangur til þess að styðja peningakerfið. Ég held því alveg hiklaust fram, að áhrif ríkisbúskaparins á peningakerfið á s. l. ári og á síðustu árum, eða síðan 1950, hafi verið hagstæð, en ekki óhagstæð. Þegar á heildina er litið, hefur orðið nokkur afgangur, og þótt miklu af honum hafi verið úthlutað, hafa lausaskuldir ríkissjóðs lækkað á þessu tímabili, og það er gleggsti mælikvarðinn. Ég álít þess vegna, að sú gagnrýni, sem hér hefur ofur lítið bólað á í sambandi við þessar umræður nú í fyrsta skipti í nokkur ár og í algerri mótsögn við allt, sem komið hefur úr herbúðum stjórnarandstæðinga á undanförnum árum, að ríkisbúskapurinn hafi haft óhagstæð áhrif á peningakerfið undanfarið, sé alveg úr lausu lofti gripin, það megi halda hinu fram, að átt hefði að stilla svo til, að hagstæð áhrif ríkisbúskaparins yrðu meiri en þau hafa orðið. Það er annað mál. Áhrifin hafa óneitanlega verið hagstæð og verkað í þá átt að halda við fjárhagslegu jafnvægi og verðlagi stöðugu, enda sýnir þróunin í verðlagsmálum þetta. Það hefur óneitanlega verið nokkuð erfitt að fá samtök um þessa fjármálastefnu vegna þess, hve fast er sótt hér á hv. Alþingi að fá alls konar framlög úr ríkissjóði og hve fast er sótt á um úthlutun eða ráðstöfun greiðsluafgangsins hverju sinni. Og stjórnarandstæðingar hafa ekki gert þetta léttara, þótt þeir komi nú allt í einu úr öfugri átt.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér nokkur orð. Mest af því var svo almennt, að ekki er hægt að henda reiður á því. Hann kom inn á, og það gerði hv. 5. landsk. þm. nokkuð líka, að ríkisstj. hefði verið of aðgangsfrek um skattaálögur og tollakröfur. Það vottaði t. d. fyrir því, að sparnaður minnkaði, skildist mér á hv. 2. þm. Reykv., fyrir það að stjórnin gengi svo fast að mönnum. Þetta eru auðvitað hin verstu öfugmæli. Ég er satt að segja alveg hissa á því þreki að geta endurtekið ár eftir ár þessa fjarstæðu, þegar það liggur fyrir, að skattar og tollar hafa verið lækkaðir mjög verulega og beinu skattarnir hvorki meira né minna en um 28 eða 29%. Það kom t. d. fram mjög glöggt í útreikningum þeim, sem hagfræðingar hafa nú gert, að um skattalækkunina munar talsvert, þegar metin er kaupgeta launa nú, samanborið við það, sem var fyrir 2 árum.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., og talaði einnig í því sambandi alveg svart, að ríkisstj. hefði lagt of lítið í framleiðslutæki á undanförnum árum. Þetta eru sem fyrr alveg öfugmæli. Það hefur aldrei verið meiri fjárfesting en einmitt á þessum síðustu árum og aldrei jafnmikil framleiðsla og atvinna og síðustu árin, og það svo, að stórkostlegt vandamál er að fólkseklunni, þó að fækkað hafi verulega því fólki, sem vinnur að varnarliðsvinnunni. Þetta eru því allt saman fullkomin öfugmæli hjá hv. þm.

Þá var hv. þm. að breiða sig út um það, og hv. 8. landsk. þm. (BergS) tók nokkuð undir, að ég

hefði sveigt hér sterklega að verkamönnum og talið, að þeir væru þau öfl, sem mundu setja úr skorðum fjárhagskerfið og koma verðbólgunni af stað aftur. Ég tók það greinilega fram, að þau öfl, sem þetta vilja, eru kommúnistarnir, og þeirra starfsemi og öll afskipti þeirra af atvinnu- og fjárhagsmálum eru miðuð við að koma af stað öngþveiti. Starfsemi kommúnista á ekkert skylt við hagsmuni verkalýðsins.

Þá spurði hv. 2. þm. Reykv. hér: Hvað kom fjmrh. til að leggja fram níu hundruð og eitthvað þús. krónur í vexti og afborganir fyrir áburðarverksmiðjuna? Það er von, að hv. þm. spyrji. Hvað gat valdið þessum undrum? Þetta er þó ósköp einfalt mál. Ríkið er nefnilega í ábyrgð fyrir láni því, sem þurfti að greiða af vexti og afborganir. Þess vegna var ekki um annað að ræða en að leggja þetta út, þegar skuldari gat ekki staðið í skilum.

Þá eru loks fáein orð út af því, sem hv. 5. landsk. þm. (EmJ) sagði. Hann sagði, að það væri bezt, að bráðabirgðauppgjörið lægi fyrir þm., til þess að menn gætu áttað sig á því fyllilega fyrir umr. Það er alveg rétt, að ekki er hægt að búast við því, að menn geti krufið til mergjar uppgjör sem þetta, þótt þeir heyri það lesið, enda er ekki gert ráð fyrir því, að svo geti orðið. Þessar upplýsingar eru gefnar til þess, að hv. þm. geti fengið vitneskju um afkomuna og haft hana til afnota við þær umr., sem síðar verða hér á hv. Alþ. Það er ekki hægt að ætlast til þess af hv. stjórnarandstæðingum t. d., að þeir geti nú á stundinni sagt allt um þetta, sem þeir vildu segja eftir að hafa íhugað málið.

Hv. 5. landsk. þm. minntist nokkuð á, að stjórnin hefði aukið álögurnar, en það er byggt á algerum misskilningi. Stjórnin hefur lækkað skattana og tollana.

Þá minntist hv. þm. einnig á, að stjórnin hefði aukið bátagjaldeyrishlunnindin. En þetta er líka alveg öfugmæli. Stjórnin hefur dregið úr bátagjaldeyrishlunnindunum 10%, þannig að í stað þess, að áður var heimilt að leggja á helming bátagjaldeyrisins, þá er nú aðeins heimilt að leggja á 45% gjaldeyrisins. Þetta er því allt á sömu bókina lært hjá hv. stjórnarandstæðingum.

Þá minntist þessi hv. þm. nokkuð á, og aðrir hv. þm. raunar sumir hverjir líka, að tekjurnar sýndu, að óhætt hefði verið að áætla þær hærra en gert var í fjárlögunum. Sumir hafa kveðið *dálitið fastar að orði og sagt*, að niðurstaðan sýndi, að það hefði verið hægt að lækka mjög verulega skattana, t. d. söluskattinn. Ég vil benda þessum hv. þingmönnum á, að eiginlega er blærinn á þessum umr. sá, þegar á heildina er litið, — ég miða það m. a. við þá gagnrýni, sem kom fram hér hjá hv. 1. landsk. þm. (GÞG) og hv. 8. landsk. (BergS), — að afkoma ríkissjóðs hafi ekki orðið nógu góð. Sjá þá allir, hvernig mundi farið hafa, ef farið hefði verið eftir uppástungum hv. stjórnarandstæðinga um að lækka tolla og skatta miklu meira en stjórnin beitti sér fyrir.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh., að hann taldi, að sumar stofnanir ríkisins áætluðu hvað eftir annað gjöld sín svo lágt, að reynslan sýndi, að þau færu ætíð fram úr áætlun, og var ekki hægt að skilja það á annan veg en þann, að hann teldi, að umbóta þörf væri í þessum efnum. Ég vil aðeins geta þess, án þess að vilja taka upp nokkrar illdeilur við hæstv. fjmrh., að ég hygg það vera algera undantekningu, ef fjmrn. lækkar ekki þær áætlanir, sem a. m. k. koma úr mínum ráðuneytum, og ég hef ár eftir ár tekið fram, að þessar lækkanir væru gersamlega út í bláinn og væri ómögulegt að fylgja þeim tölum, sem fjmrn. tæki upp. Og hef ég á seinni árum, a. m. k. nú, og ég hygg raunar stundum áður, skrifað fjvn. sérstaklega út af þessu til að benda á, að áætlun, ekki minna ráðuneyta, heldur hæstv. fjmrh., í þessu efni væri óraunhæf, og það gleður mig, ef hann ætlar nú að taka upp í þessu raunhæfari störf en hann hefur haft að undanförnu.

Þá get ég ekki látið vera að lýsa undrun minni yfir þeim aðfinningum, sem hér hafa komið fram gegn ríkisstj. og fjármálastjórn hennar og áhrifum fjármálastjórnarinnar á þær vinnudeilur, sem nú virðast vera í uppsiglingu. Það undrar mig að vísu ekki svo mjög, þótt ríkisstj. sé kennt um þetta allt saman. Við vitum, að það er venjan, að allt hið illa á að vera ríkisstj. að kenna, en hið góða er einhverjum öðrum að þakka. Því er að taka að þessu sinni eins og ella.

En það, sem er sérstaklega eftirtektarvert, er sá meginmunur á röksemdunum fyrir syndum ríkisstj. í þessum efnum, er kom fram annars vegar hjá hv. 5. landsk. þm. (EmJ) og hv. 2. þm. Reykv. (EOl), og hins vegar hjá hv. 1. landsk. þm. (GÞG) og hv. 8. landsk. þm. (BergS). Þeir fyrr nefndu sögðu, að ríkisstj. hefði gengið svo freklega í álögur á landsmenn og tekið af þeim svo mikið fé, að þess vegna væri óhjákvæmilegt fyrir verkalýðinn að krefjast nú launahækkana, að því er manni hlaut að skiljast, fyrst og fremst til þess að standa undir hinum gífurlegu álögum ríkisvaldsins. Þeir síðar töldu og þá einkum sá fyrr taldi, hv. 1. landsk. þm., lagði á það megináherzlu og hv. 8. landsk. í öðru orðinu, en hann var nú meira reikandi í þeim efnum eins og ýmsum fleirum, — *þeir lögðu á það áherzlu*, að ríkisstj. hefði komið svo mikilli fjárþenslu á hér, þ. e. a. s. sett of mikið fjármagn til framkvæmda, að það hefði boðið svo mikið í vinnuaflið og gert aðstöðu verkamanna svo létta til kauphækkana, að ekki yrði komizt hjá því, eins og hv. 1. landsk. þm. sagði, að ríkisstj. af þessum sökum bæri verulega ábyrgð á því, sem nú væri fram undan.

Annars vegar er því þá sem sagt haldið fram, að ríkisstj. íþyngi mönnum með álögum og standi á móti framkvæmdum, hins vegar, að ríkisstj. standi fyrir of miklum framkvæmdum, veiti of mikla vinnu í landinu.

Hvernig er nú hægt að samræma þessar ásakanir, sem meira að segja koma hvorar tveggja frá mönnum úr sama flokkinum, þ. e. Alþfl. Það væri hugsanlegt, að þetta rækist ekki á, ef það væru menn af gerólíkri skoðun, sem héldu uppi þessum ásökunum, annars vegar hið harðsvíraða fjármálavald Landsbankans, sem við stundum heyrum talað um og hv. 8. landsk. þm. vitnaði í, og svo hins vegar öfgamaður nýsköpunarinnar, hv.

2. þm. Reykv. Við vitum, að það er sagt, að þessir aðilar séu ekki á sama máli. En þegar í sama orðinu, frá mönnum úr sama flokki og meira að segja úr sama hálsi eins og hjá hv. 8. landsk. þm., koma fram jafngerólíkar ásakanir, byggðar á jafngagnstæðum hugsunarhætti, þá sjáum við, að hér er farið meira en lítið rangt með og að það er eitthvað annað en leit að raunverulegum orsökum þess vanda, sem við erum staddir í, sem vakir fyrir þeim mönnum, er slíkum fjarstæðum halda fram.

Ég hygg einmitt, að slíkar ásakanir, bornar fram samtímis úr þessum áttum, bendi til þess, að ríkisstj. hafi þrátt fyrir allt nokkuð hitt hinn rétta meðalveg í fjármálastefnu sinni: Annars vegar haft varlega afgreidd fjárlög og skynsamlega stjórn á fjármálum ríkisins, hins vegar í þessu landi, þar sem allt er ógert enn, reynt að halda við eðlilegum og sjálfsögðum framkvæmdum, því að það er algerlega rangt hjá hv. 2. þm. Reykv., að framkvæmdir til nýsköpunar og atvinnuaukningar hafi fallið niður, þegar hin margblessaða nýsköpunarstjórn lét af völdum. Það er óumdeilanlegt, að síðan og oft við miklu erfiðari aðstæður en sú ágæta stjórn átti við að etja hefur verið haldið uppi látlausum framkvæmdum hér á landi, svo miklum, að sannast sagt er nærri ótrúlegt og raunar algerlega ótrúlegt, hversu miklu hefur verið áorkað á tiltölulega stuttum tíma. Og það er auðvitað eðlilegt, að nú sé einkum lögð áherzla á þau mál, sem drógust aftur úr hjá nýsköpunarstjórninni og hún hafði ekki hug á eða komst ekki til að framkvæma, eins og hin stórkostlega rafmagnsvirkjun, sem átt hefur sér stað á síðustu árum með virkjun Sogsins og Laxár, með byggingu áburðarverksmiðjunnar og nú með hinum miklu ráðagerðum, sem þegar er að nokkru leyti farið að framkvæma, um allsherjar rafmagnsvirkjun á landinu. Allt eru þetta ómetanlegar framkvæmdir og sýna, að það er algerlega rangt, sem hv. 2. þm. Reykv. hélt fram, að nýsköpunin hefði verið stöðvuð, þegar nýsköpunarstjórnin lét af völdum.

Þó að segja megi, að öðrum en mér ætti að standa nær að halda hér uppi hlut Framsfl. og sá flokkur geri sér ekki svo títt um að láta mig njóta sannmælis, þá vil ég ekki gjalda honum í sömu mynt, og þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki minnzt á það, þá var það einmitt eftir að Framsfl. kom í ríkisstj., sem haldið var áfram togarakaupum, þannig að ummæli hv. 2. þm. Reykv., sem mátti skilja í þá átt, að þau hefðu fallið niður með tilkomu Framsfl. í ríkisstj., eru algerlega röng. Meira að segja sýndi Framsfl. svo mikinn áhuga á togarakaupum, að hann beitti sér fyrir kaupum skipa með miklu óhagstæðari kjörum og erfiðari á allan veg en nýsköpunarstjórnin hafði gert, og hafði flokkurinn þó harðlega deilt á nýsköpunarstjórnina á sínum tíma. Sýnir það, að Framsfl. hefur í þessu látið sér að kenningu verða, og væri það að óskum, að fleiri færu að hans ráði um að bæta sitt illa hátterni.

Það virtist líka koma í ljós hjá hv. 2. þm. Reykv., að hann öðru hverju í ræðu sinni vildi nú sýna einhverja viðleitni til umbetrunar. Hann lagði sem sagt á það mikla áherzlu, að ekki væri hægt að koma fram varanlegum eða raunverulegum lífskjarabótum nema með því að auka framleiðsluna. Þetta er alveg rétt. Þarna er ég honum alveg sammála og gleðst yfir því, ef hann hefur séð að sér í þessu og yfirgefið sínar fyrri syndir. En það er ekki nóg að iðrast í orðum, heldur verður að sýna iðrunina í verki, ef vel á að fara. Og mér fannst raunar strax í þeim orðum, sem á eftir komu hjá hv. 2. þm. Reykv., slá svo mikið út í fyrir honum, að fullkomin ástæða væri til að efast um, að verkin yrðu góð, þegar að þeim kemur.

Hv. þm. talaði mikið um það, að eðlilegt væri, að verkalýður fengi nú kjarabætur. Ég skal ekki ræða um það málefni hér að neinu ráði við þessar umræður, til þeirra var ekki efnt í því skyni, og ég er ekki undir það búinn. En þó verður að leiðrétta þær missagnir, sem fram hafa komið.

Hv. þm. játar sem sagt í öðru orðinu, að kjarabætur geti ekki orðið, nema því aðeins að framleiðslan aukist. Hins vegar segir hann: Ja, það er sjálfsagt og eðlilegt, að laun séu hækkuð nú, vegna þess að ríkisstj. tekur svo mikið af borgurunum, — alveg gagnstætt því, sem hv. 1. landsk. þm. stóð hér upp til að sanna og hv. 8. landsk. las upp úr peningaauðvaldsmálgagninu. Hins vegar heldur hv. 2. þm. Reykv. því svo fram, að nú sé komið að allsherjarhruni á fjármálastefnu ríkisins, og segir, að ríkisstj. keppist nú við að sitja á fundum til þess að reyna að draga þetta hrun á langinn fram yfir það, að kröfur verkalýðsins hafi náð fram að ganga.

Ég spyr nú: Ef það er komið að allsherjarhruni og ef það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. segir, að hér hafi engin nýsköpun átt sér stað, frá því að nýsköpunarstjórnin var, er þá grundvöllur fyrir hækkuðu kaupi? Er líklegt, að verkalýðurinn hagnist á kauphækkun? Ef hrun er nú þegar orðið raunverulegt, eins og hv. þm. segir, eru þá eðlileg viðbrögð við því, að atvinnustéttir þjóðlífsins heimti meira í sinn hlut? Ég mundi halda, að flestir aðrir teldu, að einhver önnur viðbrögð þyrfti þá, ef svona væri ástatt.

Nú viðurkenni ég alls ekki, að eins og sakir standa sé neitt hrun fram undan í okkar þjóðlífi. (Gripið fram í.) Við skulum athuga það á eftir, ég er ekki búinn enn og ætla ekki heldur að svara þessu til neinnar hlítar. En hv. formanni Alþýðusambandsins, fyrrv. þm. Ísaf., — ég man nú ekki númerið á honum sem landsk. þm., 3. landsk. er hann víst, — vil ég segja það, að ég tel alveg nauðsynlegt, að það verði reynt að skera úr því á hlutlausan hátt, hvort hér eru skilyrði fyrir því að hækka kaup, af því að ef efnahagsástandið í landinu er þannig, að hægt sé að hækka kaup og atvinnulífið standi undir því, þá er sjálfsagt að hækka kaupið. En ef atvinnulífið er ekki þannig á sig statt nú, að það leyfi kauphækkanir, þá eru það svik við allan almenning að gera honum það ekki ljóst.

Um það, hvort góðæri sé í landinu eða ekki, má auðvitað deila á ýmsa vegu. Það er enginn vafi á því, að góðæri hefur verið hér síðastliðin ár að því leyti, að allir landsins þegnar hafa haft góða atvinnu, yfirleitt mjög mikla atvinnu og svo mikla, að jafnvel afkastamestu vinnutækin

hefur ekki verið hægt að fá menn til að starfa við, eins og togarana. Hins vegar skulum við ekki gleyma því, að Ísland hefur orðið fyrir stórkostlegum áföllum, þar sem er síldarleysið, — stórkostlegum áföllum, sem gera það að verkum, því miður, að mikið af þeim framkvæmdum, sem ráðizt var í á nýsköpunartímanum, hafa enn þá orðið til einskis. Við vonum að sá tími komi, að hinar miklu síldarverksmiðjur mali okkur gulls ígildi og bátarnir, sem voru fyrst og fremst smíðaðir fyrir síldveiðar, geti komið hlaðnir af síld að landi, en enn hefur þetta ekki orðið. Enn hefur þessi hluti nýsköpunarinnar þess vegna mistekizt og orðið okkur stórkostleg byrði í stað þeirrar upplyftingar, sem við vonuðum að hann leiddi til. Það má því margt ræða um ástandið í okkar atvinnumálum, sem hér gefst ekki færi til.

En ég vil vekja athygli á því enn, að hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að stöðvun hefði orðið í öflun nýrra framleiðslutækja, en þrátt fyrir það væri ástandið slíkt, að það réttlætti kauphækkun. Áður fyrri hélt þessi hv. þm. því oft fram, að útgerðin græddi svo mikið, að auðvelt væri að bæta hag verkamanna með því að skipta gróðanum af henni upp á milli þeirra. Nú í vetur urðum við í þinginu vitni þess, að hv. þm. hélt því eindregið fram, að sú aðstoð, ef við eigum að kalla það aðstoð, eða fyrirgreiðsla, sem togararnir fengju, væri allt of lítil; það væri ekki nokkur von til þess, að útgerðin gæti haldizt við, ef fyrirgreiðslan eða aðstoðin yrði ekki miklu meiri, svo að ekki er samkvæmt þeim yfirlýsingum hv. þm. sjálfs mikið fé að hafa af botnvörpuskipaauðvaldinu.

Þá eru það vélbátaeigendurnir. Ríkisstj. lækkaði nokkuð bátagjaldeyrishlunnindi um áramótin. Hverjir voru hatrammastir í því að ásaka ríkisstj. fyrir þá stöðvun á atvinnuveginum, sem hún hefði valdið með þessu, og þá hættu og kúgun, sem hún væri að leiða yfir landslýðinn með þessu? Það voru einmitt flokksbræður hv. 2. þm. Reykv., það var hans málgagn hér í bænum, það var Alþýðusambandið, sem hv. þm. ásamt hv. 3. landsk. ræður nú mestu í, sem sendi útgerðarmönnum skeyti um það, að þeir vottuðu þeim sína fyllstu samúð gegn ofsóknum ríkisstj., meðan ríkisstj. var að reyna að koma fram þeirri lækkun bátaálagsins, sem henni tókst. Þegar þetta skeyti var sent og þegar öll þessi skrif birtust í blöðunum, þá var áreiðanlega ekki ætlun þessara manna, að bátaútvegsmennirnir væru of vel haldnir. Er þá líklegt nú, að þeir geti frekar lagt fram fé og staðið undir auknum tilkostnaði?

Hv. þm. hefur oft talað um það, að verzlunin græddi mikið. Ég tók ekki eftir því, að hv. þm. nefndi verzlunina neitt í sinni upptalningu áðan, þegar hann var að tala um þá, sem nú mokuðu saman fé hér í landinu. Mér skildist þvert á móti, að hv. þm. væri að gefa í skyn, að verzlunin væri að hruni komin vegna þess, hversu illa væri að henni búið. Ef þetta hefur verið misskilningur hjá mér, þá leiðréttir hv. 2. þm. Reykv. það efalaust, vegna þess að sjaldnast vantar hann nú orðin. Hann nefndi, að því er ég tók eftir, — það getur vel verið að mér hafi misheyrzt, en ég tók ekki eftir, að hann nefndi nú nema 3 aðila, sem gætu staðið undir álögunum, mokuðu saman fé, þannig að eðlilegt væri, að þeir stæðu undir þeim kostnaði, sem leiddi af allsherjarkauphækkun í landinu.

Það var Eimskipafélag Íslands. Ég hygg, að það sé ekkert leyndarmál með Eimskipafélag Íslands, að gróði þess undanfarin ár hefur ekki verið meiri en svo, að hann hefur ekki einu sinni numið lögheimiluðum afskriftum, hvað þá heldur meira. Afskriftirnar eru miðaðar við það, að hægt sé að endurnýja skipastólinn, að hægt sé að halda áfram atvinnuaukningu, nýsköpun og þar af leiðandi lífskjarabótum í landinu. Er það verkalýðnum til góðs eða nokkrum Íslendingi til góðs, að það sé búið þannig t. d. að Eimskipafélagi Íslands, að það geti ekki endurnýjað skipaflota sinn? Verðum við ekki þvert á móti að leggja allt kapp á og telja það skyldu þess félagsskapar að endurnýja skipaflota sinn og láta enga stöðvun þar á verða? Það er skoðun mín, og ég hefði haldið fram að þessu, að það væri skoðun allflestra Íslendinga. Og ég man ekki betur en að hv. 2. þm. Reykv. hafi a. m. k. öðru hverju verið með sérstökum skatthlunnindalögum fyrir Eimskipafélagið, til þess að það gæti endurnýjað sín skip. Að minnsta kosti vissi ég það, að Sigurður Guðnason var oft áhugasamur um þau efni, meðan hann sat hér á þingi. Það kann að vera, að nú sé komið annað hljóð í strokkinn, meðan þess mæta manns nýtur ekki við. En sannleikurinn er sá, að seinustu árin hefði Eimskip út af fyrir sig ekki þurft að halda á þessum skatthlunnindalögum, vegna þess að gróði þess, sem hv. þm. er nú að reyna að gera svo mikinn í augum manna, er ekki meiri en svo, að hann nemur ekki einu sinni lögheimiluðum afskriftum.

Hv. þm. talaði svo um Landsbankann, og oft hefur hann nú talað um Landsbankann og ekki af mikilli hlýju, — enda þótt sá hlýjuskortur virðist nú bættur upp með þeim átrúnaði, sem sálufélagi hans, hv. 8. landsk. þm., hefur tekið upp á þá góðu stofnun. Nú má margt segja um rekstur Landsbankans og stjórn á undanförnum árum, og ég vil ekki láta svo sem ég hafi ætíð verið ánægður með allar aðgerðir þeirrar stofnunar. En það verður þó að segjast, að því fé, sem Landsbankinn safnar, er ekki kastað á glæ. Því fé, sem hann leggur í varasjóð sinn, er raunverulega varið til útlána í atvinnulíf Íslendinga, og einmitt því fé, sem hann leggur fyrir sem ágóða, má samkvæmt viðurkenndum fjárhagslegum lögmálum verja til áframhaldandi nýsköpunar, til viðvarandi atvinnuaukningar í landinu. Ef Landsbankinn væri hindraður í því að safna eðlilegum varasjóðum, þá er alveg í sama mæli dregið úr möguleikum hans til þess að lána fé til nýsköpunar og til eðlilegs atvinnurekstrar í landinu. Það mundi bitna á almenningi í minnkandi atvinnu, í versnandi kjörum, ef komið væri í veg fyrir, að fé væri lagt til hliðar í þessu skyni.

Þriðji aðilinn, sem hv. þm. nefndi nú, var okrararnir, og hann sagði, að það lægi fyrir, að það væru teknir 72% vextir. Ja, ég hef nú heyrt margt ljótt um Landsbankann, en ég hef aldrei heyrt, að hann taki 72% í vexti. Hv. þm. sagði,

að ríkisstj. hefði gert sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þessi okurstarfsemi yrði hindruð. Mér er algerlega óljóst og ókunnugt, hvað hv. þm. á við. Ef hann hefur einhverjar raunverulegar upplýsingar um slíkt okur og slík lögbrot í þjóðfélaginu, þá vil ég eindregið mælast til þess, að hann leggi þau gögn fram, svo að hægt sé að skerast í þann ljóta leik. Og ég vil lýsa því yfir alveg afdráttarlaust, þannig að ekki geti leikið á neinum vafa, að ríkisstj. hefur ekki fengið til meðferðar neitt, sem þessi ummæli hv. 2. þm. Reykv. geti helgazt af, þannig að ef hann hefur einhverja vitneskju um slíka starfrækslu hér, þá er það atriði, sem er mjög mikilvægt að hann láti koma fram í dagsins ljós, svo að hægt sé að koma í veg fyrir slíkar aðfarir.

Ég skal ekki rekja ræðu hv. 2. þm. Reykv. frekar. Ég viðurkenni sem sagt, að það er eðlilegt, að hann sem talsmaður þess, að nú sé gerð allsherjar kauphækkun í landinu, bendi á staðina, sem hægt sé að finna fé á. Það er mjög eðlilegt og mjög nauðsynlegt, að þetta sé gert. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef nýsköpunin, sem hófst á tímum nýsköpunarstjórnarinnar og hefur staðið ætíð síðan, hefði náð tilgangi sínum, þ. e. a. s. ef síldarskorturinn og hin óteljandi vandamál, sem af honum hefur leitt, hefðu ekki komið til, þá er enginn vafi á því, að lífskjörin gætu almennt verið betri í landinu en þau nú eru. Ég viðurkenni, að það er eðlilegt, að verkalýðurinn fái sinn hluta af öllum auknum arði í þjóðfélaginu og að hann láti ekki ganga á sinn hlut um skiptingu þjóðarteknanna. Ég viðurkenni það, en ég tel, að það sé svo mikið í húfi, ekki sízt þegar jafnstórfelldar kröfur eru gerðar í þessum efnum eins og nú, að það mál verði allt að rannsakast miklu ýtarlegar og fyrir að liggja miklu rækilegri gögn í þeim efnum heldur en enn liggja fyrir.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er aðeins út af einu atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. Ég minntist á það hér áðan, að umframgreiðslur stöfuðu að talsverðu leyti af því, að lögboðin útgjöld væru stundum áætluð af of litilli framsýni af þeim, sem ættu að vera þeim hnútum kunnugastir. Hæstv. ráðh. hefur misskilið þetta nokkuð og taldi þetta vera í ósamræmi við það, að fjmrn. hefur lækkað stundum nokkuð tillögur hinna rn. um starfskostnað við ýmis embætti. Það er alveg óskylt þessu, sem ég átti við, því að það hefur verið gert til þess að reyna að veita aðhald, þegar um útgjöld er að ræða, sem gátu verið nokkuð á reiki. En það, sem ég átti við, voru lögboðin útgjöld, sem verður að inna af hendi, hvernig sem áætlunin er.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var tekið á dagskrá frh. umr. um bráðabirgðayfirlit fjmrh.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið umr. um bráðabirgðayfirlit fjmrh.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka til máls út af skýrslu hæstv. fjmrh. um afkomu ríkissjóðs á árinu 1954, en hæstv. ráðh. hoppaði við og við út úr skýrsluforminu og brá sér á leik áróðurs og árása og hirti þá ekki allt of mikið um að vera nákvæmur eða jafnvel sannorður.

Í einum þessara útúrdúra frá skýrslunni sagði hæstv. ráðh., að stjórnarandstaðan og sérstaklega fulltrúar Alþfl. hefðu á undanförnum árum talið það til ódáða, ef greiðsluafgangur kæmi fram á fjárl. Því miður verður að lýsa þessi ummæli hæstv. fjmrh. ósönn með öllu, því að þau eru bein og því miður vísvitandi ósannindi. Þarf ekki annað en taka fram till. Alþfl. á undanförnum árum í sambandi við afgreiðslu fjárl. — og þær eru sem betur fer prentaðar í þingskjölum — til þess að sannfærast um, að þótt þær hefðu allar verið samþykktar, þá hefði samt komið út tugmilljóna tekjuafgangur á fjárl., — enginn rekstrarhalli, enginn tekjuhalli þeirra vegna. Það sanna í málinu er, að Alþfl. hefur gætt mjög hófs í till. sínum við fjárlagaafgreiðsluna og á engan skæting skilið í því sambandi. Hitt er staðreynd, að sú saga hefur endurtekið sig ár eftir ár, að sömu tekjuliðir fjárlaga hafa sífellt verið áætlaðir milljónum og milljónatugum lægri en vitað var að þeir yrðu. Þetta er ekki til fyrirmyndar. Þetta sýnir fullkomið blygðunarleysi gagnvart fjárveitingavaldinu, sem þó á samkvæmt stjórnarskránni að vera í höndum Alþ., en ekki í höndum fjmrh.

Þetta blygðunarleysi gagnvart rétti Alþ. staðfestist enn þá einu sinni einmitt með skýrslu fjmrh. Í skýrslunni viðurkenndi hann, að tekjuafgangurinn hefði orðið 86 millj. kr. árið 1953, og umframtekjur á rekstrarreikningi og 20. gr. samtals 97.7 millj. kr. á árinu 1954.

Er nú hægt að játa betur hinar röngu tekjuáætlanir en einmitt þessar tölur gera án allra útlegginga? Ég held varla.

Ráðh. játar, að rekstrartekjurnar hafi reynzt 537 millj., en þær voru áætlaðar um 443 millj. á fjárl. ársins 1954. Einn einasti tekjuliður á 3. gr. fjárl. var áætlaður 54 millj., en reyndist 68.5 millj. og fór þannig 14½ millj. fram úr áætlun, og þetta er ekki liður, sem sveiflast mikið frá ári til árs. Þetta er liður, sem hefur verið að smáhækka frá ári til árs og allir vita að var rangt áætlaður.

Svipað þessu hefur reynslan orðið að því er þennan lið snertir mörg undanfarin ár, alltaf hefur hann farið fram úr áætlun um margar milljónir, en samt er alltaf haldið fast við að áætla hann vitlaust, vísvitandi vitlaust. Lengra er sem sé ekki hægt að fara í því að áætla tekjuliði fjárl. í botnlausri vitleysu, og þetta er lamið fram hér í gegnum þingið frá ári til árs.

Það er ekki hægt að sjá, að sú meginregla gildi við afgreiðslu fjárl., að það sé talið rétt að fara sem næst því, sem lítur út fyrir að verða það rétta, heldur lítur miklu fremur út fyrir, að það sé farið eftir reglunni, að áætlanirnar séu beztar sem vitlausastar. Og allt bendir einmitt til, að hæstv. ráðh. ætli ekki að víkja af þessari braut, heldur halda sitt strik eftir þessari reglu. Tekjurnar á auðvitað að áætla sem næst því rétta, en vilji ríkisstj. geyma fé til erfiðara árferðis, þá ber að afgr. fjárl. með tugmilljóna greiðslu-

afgangi og honum í sýnilegum tölum, en ekki földum. Það hefði þannig verið rétt að afgreiða fjárl. 1953 með milli 80 og 90 milljóna tekjuafgangi og fjárl. ársins 1954 með milli 90 og 100 milljóna tekjuafgangi og standa við það. Á því hefði verið einhver mannsbragur.

En lítum nú á endanlega útkomu þeirra búskaparhátta, sem íhaldið og Framsókn eru svo státin af. Liggja ekki þessar 97.7 millj. kr. nú á borðinu til frjálsrar ráðstöfunar fyrir Alþingi? Nei, ekki aldeilis. Og ekki liggja heldur á lausu þær 35 millj., sem sagt er að hafi orðið endanlegur greiðsluafgangur á árinu 1954. Það eru einar 19 millj. kr., sem okkur er sagt að ekki muni vera búið að ráðstafa, og því miður er það smávægileg upphæð, svo að notuð séu einmitt orð ráðh. um þessa endanlegu afgangsupphæð, og það eru orð að sönnu: Því miður smávægileg upphæð.

Ráðh. gerir sjálfur grein fyrir því, hvernig gengið hafi smátt og smátt á fyrningarnar, og gerir það með þessum orðum: Þetta yfirlit sýnir, segir hann, að Alþingi hefur sjálft ráðstafað 24.5 millj. af umframtekjunum fyrir fram, þ. e. á heimildagrein, 22. gr., og með sérstökum lögum og þál. — Og svo bætir hann við: Og Alþingi mun ráðstafa greiðsluafganginum, 35 millj. Alþingi mun því ráðstafa beinlínis 59.5 millj. af umframtekjum. — Þetta eru orð ráðh. sjálfs. Takið eftir: Alþingi mun því ráðstafa beinlínis 59.5 millj. af umframtekjunum. Er það ekki skollans nóg, þó að það eigi sjálft að fara með fjárveitingavaldið samkv. stjórnarskrá? Aðrir hefðu haldið, að það ætti að ráðstafa öllum afganginum. Mismunurinn, 38 millj., hefur farið í ríkisábyrgðatöp og sitt hvað annað, sem ráðh. taldi nákvæmlega og vandlega upp.

Þó þykir mér ráðh. kasta fyrst mörsiðrinu, þegar hann fer að útskýra, hvernig á því standi, að af 97.7 millj. umframtekjunum hafi hann nú ekki handbærar nema rúman helminginn af þeim hreina greiðsluafgangi, 35 millj. kr., en sú játning ráðh. er á þessa leið: Samkv. bráðabirgðayfirlitinu nemur greiðsluafgangurinn réttum 35 millj. kr. Og svo segir hann: Af því fé hefur ríkisstj. með samþykki þingmeirihlutans, sem hana styður, ráðstafað til ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs 16 millj. kr., 8 millj. kr. til hvors. — Og enn bætir ráðh. við: Verður leitað samþykkis og staðfestingar Alþingis á þessari ráðstöfun, en þingfylgi fyrir fram tryggt, eins og ég áðan sagði, enda aldrei til þess komið, að féð hefði verið fram lagt, hefði ekki legið fyrir samþykki meiri hluta alþm. — Mikið var, að ekki var ráðstafað 16 millj. kr. án þess að spyrja nokkurn um það, já, nokkurn eða nokkra, án þess að spyrja t. d. hæstv. forsrh.! (Gripið fram í.) Hann hefði auðvitað samþ. það undir eins að ráðstafa 16 millj. kr. utan vilja Alþingis. En hvers konar stjórnarhættir eru þetta? Eru þetta þingræðislegir stjórnarhættir? Nei, það er áreiðanlega ekki. 16 millj. kr. er ráðstafað utan Alþingis og gripið til þess, eins og ráðh. segir, með samþykki meiri hluta alþm. upp á það að leita samþykkis Alþingis síðar. Þetta er aðferð, sem Hitler notaði við afgreiðslu stórmála í þýzka þinginu á sínum tíma, hann ákvað hlutina, og svo var þýzka þingið kallað saman og leitað samþykkis þess síðar. Alveg afbragðs vinnubrögð þetta hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj.! Og svo er komið til Alþingis á eftir og sagt: Samþykkið þið 16 millj. kr. útgjöld, sem við höfum komið okkur saman um með ráði stjórnarþm. og þið skuluð samþ. síðar. — Fyrirmyndina vantar ekki, hún er ágæt.

Á það verður þó að minna, að meiri hluti þm. utan þings er engin stofnun, sem ráðstafað geti fé ríkisins án formlegra samþykkta á þingfundum. Þetta er vægast sagt hneyksli, sem á ekki að þola og sízt af öllu á að þegja um. Og Alþingi á ekki að samþ. það, að farið sé inn á slíka braut. En samt finnst hæstv. fjmrh. Íslands þetta allt saman í stakasta lagi og segir bara kalt og rólega: Drögum við svo þessar 16 millj. kr. frá greiðsluafganginum, og verða þá eftir 19 millj., og því miður er það smávægileg upphæð. — Þar er botninn fenginn í þetta.

Með þessu að vísu smávægilega handbragði er ráðh. kominn að lokum, kominn að botni í kassanum, enda ekki hægt að segja annað en að það sé bærilega búið að sópa hann innan.

Ég get ekki að því gert, að mér finnst broslegar eggjakonuhugleiðingar hæstv. ráðh. um það, hvað þyrfti og væri hægt að gera fyrir endanlega afganginn. Hann hefði sannarlega þurft að vera hærri til þess að vega á móti þeirri ofþenslu í fjárhagskerfi landsins, sem mjög verður nú vart, sagði ráðh. Ríkissjóður hefði þurft að vera þess megnugur að hjálpa til að leysa fjáröflunarvandamál, sem fast knýja nú á. Þessi fjárhæð hefði þurft að geta gengið til þess að grynna á lausaskuldunum eilítið og til framkvæmdasjóðs, sem geymzt gæti þangað til honum yrði varið til gagnlegustu framfara, án þess að með því væri framleiðslustarfsemin og efnahagskerfi landsins fært úr skorðum vegna of örrar fjárfestingar og þar af leiðandi skorts á vinnuafli. Og það væri skynsamlegt og æskilegt að geta lagt greiðsluafganginn til hliðar í slíku skyni og vinna þannig á móti verðhækkunum, en stuðla heldur að atvinnujöfnun. Það væri æskilegt að geta framkvæmt raforkuáætlun ríkisstj. að einhverju leyti með greiðsluafganginum, og mikið væri það gott, ef hægt hefði verið að greiða sparifjárbæturnar marglofuðu frá gengislækkuninni, sem helzt þurfa að greiðast í peningum. Líka hefði verið gott að geta sett meira fé í ræktunarsjóðinn — og því þá ekki fiskveiðasjóðinn líka? Og það hefði verið ánægjulegt að geta sett eitthvað af greiðsluafganginum í veðdeild Búnaðarbankans. Full þörf hefði líka verið á að geta greitt af þessu milljónir og aftur milljónir upp í vangreidd framlög ríkissjóðs til hafnagerða og skólabygginga eða þá til íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum og kaupstöðum eða til að endurbyggja hrynjandi stórbrýr eða til sjúkrahúsbygginga. Já, mikið hefði verið gaman að geta gert þetta allt fyrir 19 millj., sem eftir eru á kassabotni ríkissjóðs, í einhvers konar ógáti sennilega, því að þm. meiri hlutans voru ekki látnir ráðstafa þessum 19 millj. líka. — Hvernig stendur annars á því, að þm. meiri hlutans, sem geta ráðstafað milljónum, voru ekki látnir ráðstafa þessum 19

millj. líka og spyrja svo Alþ. bara eftir á? Það hefði mér fundizt vera hreinlegast. — Þetta voru allt saman hugleiðingar hæstv. ráðh. í skýrslunni um það, hvað hefði verið ánægjulegt að gera fyrir þessar 19 millj., sem urðu eftir. Og ég sagði áðan: Ég sé nú ekki, hvaða erindi svona eggjakonuhugleiðingar eiga í skýrslu hæstv. ráðh. til Alþingis um ráðstafað fé að mestu leyti.

En hvað skyldi svo annars vera ætlunin að gera með þessar 19 millj.? Það mun koma fram síðar á hv. Alþ., segir ráðh., hvað ríkisstj. leggur til að gert verði í þessu máli. Þessi kafli úr ræðu hæstv. fjmrh. þótti mér líka bráðskemmtilegur og vil leyfa mér að endurtaka hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiðsluafgangur ríkissjóðs á s. l. ári er óneitanlega minni en hann hefði þurft að vera í jafnóvenjugóðu ári. Leit út fyrir framan af árinu, að afkoma ríkissjóðs mundi verða enn betri en hún hefur orðið. Tekjur voru á þeim tíma verulegum mun hærri en í fyrra. Á síðustu mánuðum ársins varð á þessu breyting, og dró úr tekjunum, samanborið við það, sem verið hafði framan af árinu. Það má þó segja, að afkoma ríkissjóðs á s. l. ári hafi orðið dágóð, en alls ekki óvenjugóð og ekki nógu góð, þegar litið er á þá miklu þenslu, sem nú er á þjóðarbúskapnum.“ — Dágóð, alls ekki óvenjugóð og þó ekki nógu góð. — „Ríkissjóður hefði þurft að hafa verulegan greiðsluafgang til þess að vega á móti ofþenslu annars staðar í fjárhagskerfinu. Leggja hefði þurft fé til hliðar beinlínis og verja til nauðsynlegra framkvæmda síðar, þegar minna var um að vera hjá öðrum aðilum. Greiðsluafgangur hefði getað orðið allmiklu meiri en raun er á, ef hv. Alþ. hefði ekki með löggjöf og með því að samþykkja heimildir, sem átti að nota, ráðstafað fyrir fram milljónatugum af umframtekjunum, eða samtals 24½ millj.“ Og svo segir að síðustu: „Hélzt hæstv. ríkisstj. því ekki vel á fé, þótt nauðsyn hefði verið á öðru til þess að styrkja afkomu þjóðarinnar út á við og trúna á fjármálakerfi landsins inn á við.“

Hæstv. ráðh. ávarpar sína eigin ríkisstj. að síðustu og segir: „Hæstv. ríkisstj. hélzt því miður ekki vel á fé.“ Það varð útgjaldasamt hjá henni, og hefði þó verið þörf á allt öðru. Það hefði þurft að styrkja trúna á fjármálakerfi landsins og á tiltrú þjóðarinnar út á við — og merkilegt, að slíkt skyldi ekki vera látið sitja í fyrirrúmi fyrir öðru.

Þessi ummæli hæstv. ráðh. finnst mér vera skemmtileg og blessunarleg og viðeigandi lokaorð eftir greinargerð hans um fjármálastjórnina á liðnu ári. En svo ætla ég mér ekki að fara fleiri orðum um þessa skýrslu og benda heldur á önnur atriði úr ræðu hans. Og byrja ég þá, þegar hann vék að því, að þó að allt hefði nú tekizt heldur vel hjá ríkisstj. nema að halda á þessu fé, sem hafði farið til ýmissa hluta, þá væru ill öfl í þjóðfélaginu, sem vildu spilla öllu og eyðileggja allt hið góða starf ríkisstj. á undanförnum árum. Og það duldist engum, að þessi illu öfl, sem hæstv. ráðh. taldi sig þurfa að víkja að í sinni skýrslu, eru verkalýðssamtökin í landinu; það er alþýða landsins, sem vill heimta að fá að lifa sæmilegu lífi.

Sjálfsagt er þá meðal þeirra illu afla stjórn Reykjavíkurbæjar, sem stuðlaði að því á s. l. hausti, að orðið yrði við kröfum einnar vinnustéttar hjá bænum um verulega hækkun á kaupgjaldi. Sjálfsagt er tilheyrandi hinum illu öflum sú vinnustétt hjá ríkinu, sem gerði ákveðnar kröfur til þess að fá hækkuð vinnulaun á s. l. sumri og lagði niður störf sín og knúði þannig fram launahækkun, sem nemur a. m. k. einum launaflokki, og að fá borgaðan einn klukkutíma á dag að auki, sem nemur nokkru yfir árið, og í þriðja lagi er svo vafalaust meðal hinna illu afla, sem nú ætla að eyðileggja allt, sem ríkisstj. hefur gert, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja undir forustu herra Ólafs Björnssonar, fjármálahagfræðings ríkisstj., og svo náttúrlega Alþýðusamband Íslands og öll þau verkalýðsfélög, sem innan þess vébanda eru.

Hvað er það nú, sem alþýðusamtökin hafa gert eða eru að gera og hæstv. ráðh. stendur svona mikil ógn af? Það er þetta, að 24 verkalýðsfélög hafa sagt upp samningum sínum um kaup og vinnukjör við atvinnurekendur, og þessir samningar gengu úr gildi 1. þ. m. Þá var lítið áleiðis komið samningum um nýja samninga og gat samkvæmt lögum landsins skollið á verkfall. Verkalýðsfélögin áttu rétt á því samkvæmt lögum að lýsa yfir verkfalli, þegar vika var eftir af febrúarmánuði, þannig að það kæmi til framkvæmda 1. marz, en verkfallsréttinn notuðu verkalýðsfélögin ekki að sinni og lýstu yfir því, að þau vildu sjá til, hversu samningum þokaði í áttina, án þess að verkfallsrétturinn væri notaður, og þannig standa málin enn, að samningar hafa verið reyndir við þá réttu aðila, atvinnurekendurna, og reynt að þoka málum fram, án þess að til verkfalls kæmi. Það er áreiðanlega erfitt að halda því fram, að með þessu hafi verkalýðsfélögin framið neitt afbrot gegn þjóðfélaginu, hvorki að því er snertir rétt þeirra til þess að segja upp samningum né þann rétt, sem þau hafa til þess að gera verkfall samkvæmt lögum, en nú hafa þau ákveðið að nota þann rétt ekki af tilhliðrunarsemi við sína atvinnurekendur og við þjóðfélagið í heild.

Meðan málin stóðu svona, lét hæstv. ríkisstj. nokkuð til sín heyra. Þá lét hæstv. viðskmrh. birta þjóðinni skýrslu, sem átti að sanna það, að verkalýðurinn í landinu hefði undan engu að kvarta, hann lifði við síbatnandi kjör; kjör hans hefðu batnað á s. l. tveimur árum um 1.1%, og mætti því landslýðurinn þegja.

Mér er nú sagt, að þessari fregn um það, að lífskjörin hefðu batnað og hagfræðingar væru búnir að reikna það út, að svo væri, hafi verið tekið af þjóðinni almennt á þann hátt, að það var hlegið að þessu. Og mér er sagt, að einn úr liði hæstv. ríkisstj. hafi viðhaft þau orð, þegar hann frétti um tölurnar frá hagstofunni, sem hann hafði beðið eftir með nokkurri eftirvæntingu: Nú, þetta eru tölurnar úr stóru vélunum hjá hagstofunni. En svo eru til aðrar minni vélar, og það eru húsmæðurnar, og þær segja allt annað. — Og þetta er sannleikur. Þannig er það, að húsmæður landsins hafa nokkur skilyrði til þess, nokkra reynslu af því, hvort það er dýrara eða ódýrara, sem þær þurfa að kaupa inn, og þær

gera það frá degi til dags, og þær vélar reikna ekki svo vitlaust. Það er dálítið að marka tölurnar frá þeim, og það er alveg eins og þessi ágæti maður sagði, tölurnar frá litlu reikningsvélunum, húsmæðrunum, segja allt annað en þessi hagstofuskýrsla, sem hæstv. ríkisstj. lét malla, meðan verkalýðsfélögin gáfu hlé og gáfu þjóðfélaginu grið, til þess að betur væri hægt að þrautreyna samninga með friðsamlegum hætti.

Það er sennilega hægt að fullyrða, að þessir hv. hagfræðingar hafi reiknað rétt það dæmi, sem þeir gátu reiknað. En þeir urðu að byggja á áætlunum þennan liðinn og hinn liðinn, og jafnvel einn stærsta útgjaldalið hverrar fjölskyldu, húsaleiguliðinn, urðu þeir að áætla út frá alls konar tilbúnum forsendum, og með því móti gátu þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að húsaleigan hefði ekki hækkað um nema 2%, en játa í löngum skýringum með sínum útreikningum, að þennan lið sé ekki mikið að marka, því að þeir hafi orðið að áætla alla undirstöðuna að þeirri útkomu.

En nú er eftir að vita, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að láta sína hagfræðinga reikna út til einskis, og það kalla ég til einskis gert, ef hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að taka mark á þessari skýrslu þeirra. Það tekur enginn annar mark á henni, svo mikið er víst. En ætlar nú hæstv. ríkisstj. að taka mark á skýrslunni um, að kaupmáttur launanna hjá verkalýðnum hafi aukizt? M. ö. o., ætlar hæstv. ríkisstj. að knýja fram kauplækkun, sem nemi a. m. k. 1.1%? Ef svo er, þá væri bezt að fá að vita það og fá að vita það sem fyrst. En hins vegar væri líka gott að vita það, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að *láta skýrsluna frá hagfræðingunum* um 1.1% aukinn kaupmátt niður í skúffu og láta hana ekki sjást meira.

En það er líka gaman að einu. Það er sagt: Ja, þessi illu öfl, sem við tölum um, eru nú ekki beint öll alþýða landsins, sem er í verkalýðsfélögum, — því að þá væri nærri höggvið 27 *þús. manns, — það er ekki fólkið í öllum flokkum* í þessum félögum, sem við eigum við. Það eru kommúnistar. Það eru kommúnistarnir, sem ráða Alþýðusambandinu, ásamt Hannibal, segja sumir, segja aðrir bara: kommúnistar, sem ráða því, og það eru þeir, sem ætla nú að rífa allt niður og eyðileggja allt saman. — En hverjir eru það, sem hafa sagt upp samningum? Eru það bara kommúnistar? Ég var staddur á fundi Dagsbrúnar, þegar rætt var um samningsuppsögn þar. Þar var troðfullt samkomuhúsið Iðnó af verkamönnum af eyrinni. Ég efa ekki, að það eru sjálfstæðismenn og það eru framsóknarmenn og það eru Alþýðuflokksmenn og það eru vafalaust líka þjóðvarnarmenn í Dagsbrún, auk kommúnistanna, sem eru þar. Og komu þá ekki í ljós mótatkvæði framsóknarmannanna, mótatkvæði sjálfstæðismannanna, mótatkvæði Alþýðuflokksmanna og þjóðvarnarmanna, og að það hafi einungis verið komúnistarnir, sem greiddu atkv. með uppsögn samninga? Ég segi nei. Annaðhvort er, að það er enginn sjálfstæðismaður og enginn framsóknarmaður til í Dagsbrún eða staddur á slíkum fundi sem þessum, þar sem var saman komið hátt á fjórða hundrað manns, ellegar þá að það voru ekki kommúnistarnir einir, sem samþykktu þessa samningsuppsögn, heldur allir, því að þar var ekkert mótatkvæði móti glæpnum að segja upp samningum og að krefjast hækkaðra launa. Á sama hátt gekk það, þegar kröfurnar voru lagðar fram og höfðu verið undirbúnar af trúnaðarmannaráði: Ekkert mótatkvæði, enginn sjálfstæðismaður, enginn framsóknarmaður til þess að afstýra glæpnum, þeir tóku þátt í þessu með niðurrifsöflunum, sem ætla að eyðileggja allt starf ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum. Og þannig hefur það gengið í hinum 23 verkalýðsfélögunum, sem nú hafa sagt upp samningum, að enginn stjórnarliði hefur sagt þar til sín til þess að afstýra þessum glæp, sem nú er verið að fremja og á hvorki meira né minna en að leiða til þess að eyðileggja allt hið ágæta starf hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil því segja, að það er allt of dýrt að ætla sér bara að stimpla kröfur verkalýðsfélaganna um hætt kjör sem kommúnistískt tilræði við þjóðfélagið. Það er það ekki. Verkalýðurinn stendur alveg einhuga saman, hvar í flokki sem verkamennirnir og verkakonurnar standa, um það, að þeir verði að fá hætt kjör, vegna þess að kaupmátturinn hafi minnkað á undanförnum árum og að það sé ekki hægt að framfleyta lífinu lengur fyrir þau launakjör, sem nú eru greidd eftir gildandi samningum við atvinnurekendur.

Það var í haust fjölmennasta þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið hefur verið hér á landi. Þar voru mættir á fjórða hundrað fulltrúar frá verkalýðssamtökunum. Þar var lagt fram nefndarálit verkalýðsmálanefndar, og það nál. var tvíþætt. Það voru kröfur um stórfelldar atvinnuumbætur *til atvinnujafnvægis í landinu í þremur landsfjórðungum*. Og hin krafan var um, að kaupmáttur launanna yrði aukinn á þann hátt, að hægt væri fyrir meðalfjölskyldu að lifa af tekjum 8 stunda vinnudags. Hvorugt eru þetta byltingarkenndar eða ósvífnar kröfur. Þetta eru réttlætiskröfur í þjóðfélaginu.

*Nú eru tekjur af 8 stunda vinnudegi rúmlega* 2900 kr. hjá karlmanni. Hjá kvenfólki fer þetta niður í 1300—1400 kr. Þær eiga að geta lifað á því. Og nú er Alþýðusambandsstjórn og verkalýðsfélögunum skylt að vinna að því, að þessum kröfum Alþýðusambandsþings verði fullnægt. Þessar kröfur voru ekki afgreiddar á Alþýðusambandsþingi eftir flokkum. Vissulega höfðu stjórnarflokkarnir góð tök á sínu fólki á Alþýðusambandsþinginu og hefðu áreiðanlega beitt flokkshandjárnum að því er snertir afgreiðslu þessa máls, ef þeir hefðu getað, en sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, stjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar á Alþýðusambandsþingi voru einhuga um að gera báðar þessar kröfur, um ákveðna atvinnumálastefnu, sem Alþýðusambandið ætti að stuðla að framkvæmd á í þrem landsfjórðungum, og að laun 8 stunda vinnudags yrðu að nægja til lífsframfæris meðalfjölskyldu, 4—5 manna fjölskyldu. Og það er þetta, sem verkalýðsfélögin og Alþýðusamband Íslands eru nú að framkvæma.

*Þetta þýðir*, að 2900—3000 kr. *mánaðartekjur* verkamannsins mundu að viðbættum 30%, sem eru hámarkskrafa verkalýðsfélaganna á lægstu laun, hækka um 900 kr., m. ö. o., að vinnutekjur

á mánuði mundu verða 3900 kr. Og ég tæki fúslega við leiðbeiningu og kennslu frá hæstv. ríkisstj., ef hún treystir sér til að láta 5 manna fjölskyldu draga sómasamlega fram lífið, þ. á m. borga húsaleigu eins og hún er, fyrir minna en 3900 kr. mánaðartekjur. Það væri ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. héldi námskeið í sparsamlegum lífnaðarháttum til þess að kenna fólki að lifa eins og nú er háttað verðlagi í landinu fyrir minna en það.

Ég skal nú staldra við samning, sem ég hef nýlega lesið yfir, — samning, sem einn af hæstv. ráðh. hefur undirskrifað við verzlunarmannafélag hér á Suðurlandi. Þar er grunnkaup stúlkna við verzlunar- og skrifstofustörf 950 kr. í grunn. Ef þær fengju nú framgengt þeirri ósvífnu kröfu, að kaup þeirra hækkaði, þegar þessi ágæti samningur gengur úr gildi aftur, um 30%, þá fengju þær hvorki meira né minna en eitthvað yfir 1200 kr. á mánuði. Það eru öll ósköpin. En þetta er ekki einsdæmi, þessi samningur, sem nú er nýgerður með grunnkaup allt niður í 900 kr. á mánuði, sem er talið fólki boðlegt. Þeir eru margir samningarnir, sem eru þannig og eiga þá að hækka um 30% samkvæmt þeim kröfum, sem menn vilja nú stimpla sem óbilgjarnar kröfur af hendi verkalýðssamtakanna.

Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. og aðrir, sem segja, að kaupmáttur launanna hafi aukizt að undanförnu, fái miklar og góðar undirtektir undir þá afstöðu sína. En svo mikið er víst, að alþýðusamtökin virðast fá góðar undirtektir undir þær fyllstu kröfur, sem þau hafa gert. Þann 1. marz, daginn, sem verkföllin áttu að skella á, fékk Alþýðusamband Íslands svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með viljum vér tilkynna sambandi yðar (þ. e. Alþýðusambandinu), að á 17. þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem haldið var í Reykjavík 28. febr. 1955, var samþ. svo hljóðandi ályktun:

„Aukaþing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, haldið í Melaskólanum 28. febr. 1955, lýsir yfir fyllstu samúð sinni með kjarabaráttu verkalýðsfélaganna. Jafnframt lýsir þingið yfir þeirri skoðun sinni, að þær ráðstafanir séu beztar, sem auka kaupmátt launanna.“

Vinsamlegast, f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.“

Undir þetta skrifa stjórnendurnir í því sambandi, en þar er forsetinn Ólafur Björnsson hagfræðingur.

En hafa nú aðrir, sem ekki er hægt að stimpla sem kommúnista, lýst yfir samstöðu með verkalýðssamtökunum? Jú, ég held nú það. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, sem er áreiðanlega ekki skipað kommúnistum að meiri hluta, heldur miklu fremur sennilega fylgjendum hæstv. ríkisstj., hefur líka sagt upp samningum, og það hefur borið fram kröfur sínar. Og hverjar eru þær? Kröfurnar eru 30—40% hækkun á kaupi. Það fer þar fram úr verkalýðssamtökunum. Það verður að fá allt að 40% hækkun á sitt kaup. Og í stað þess, að verkalýðssamtökin óska eftir mánaðar uppsagnarfresti hjá því fólki, sem hefur verið í stöðugri vinnu hjá sama fyrirtæki árum saman, þá heimta þeir auðvitað þriggja mánaða uppsagnarfrest og upp í sex. M. ö. o.: Allar kröfur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur ganga mun lengra en kröfur verkalýðssamtakanna.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur líka gert samþykkt að því er snertir hinar almennu kröfur verkalýðssamtakanna, og er hún eindregið á þá lund, að Verzlunarmannafélag Reykjavíkur óski verkalýðssamtökunum til hamingju og óski þeim sigurs í þeirri baráttu, sem þau standi nú í fyrir hækkuðu kaupi og bættum kjörum.

Ef það væri rétt, að það væru kommúnistar, sem væru að leiða ógæfu yfir þjóðina að því er snertir þessa leiðréttingu á kjarabótum, þá vil ég segja í fyrsta lagi, að kommúnistar hefðu tekið að sér gott hlutverk, sem ætti ekki skilið, að góðir Íslendingar snerust á móti, og það væri ætlandi andstæðingum kommúnista betra hlutskipti en að berjast á móti þeim í því.

Nú vita menn, að það er hægt að reikna og reikna rétt meira að segja, en ef forsendurnar eru rangar, þá verður niðurstaðan líka röng. Það er hægt, eins og séra Guðmundur frá Gufudal sagði, að ljúga með tölum miklu betur en hægt er að ljúga á nokkurn annan hátt. Og það er ég anzi hræddur um að niðurstaðan sýni í raun og veru á skýrslu hagfræðinganna um 1.1% aukinn kaupmátt launa, af því að þeir hafa ekki hagfræðilegan grundvöll til þess að byggja á, þó að þeir reikni rétt út frá gefnum forsendum.

Það er enginn vafi á því, að engin kjaraskerðing hefur lent á alþýðustéttunum á Íslandi eins stórfelld og afleiðingarnar af gengislækkuninni, og það var fyrsta verk, og það er eina stórvirki þessarar hæstv. ríkisstj. Gengislækkunin og allar afleiðingar, sem af henni hefur leitt, eru ávöxtur þessarar og næstseinustu ríkisstj.

Ef nú er gerður útreikningur, sem byggir á gömlu vísitölunni, hvað kemur þá út? Þá kemur út, segja tölfróðir menn mér, að kaupið ætti að vera nú kr. 19.56 í staðinn fyrir kr. 14.64, sem það hefur verið fram að þessum mánaðamótum, en yrði samkvæmt kröfunum núna með 30% hækkuninni kr. 19.08. Ef reiknað væri áfram út kaup eftir gömlu vísitölunni frá því fyrir gengislækkun, þá ætti kaupið sem sé að vera kr. 19.56, en með 30% hækkuninni, sem nú er farið fram á, kr. 19.08, en er niðri í kr. 14.64 fram að seinustu mánaðamótum.

Ég held, að þið komizt ekki að öðrum leiðum til réttari niðurstöðu en að byggja á vísitölugrundvellinum eins og hann var, áður en gengislækkunin var framkvæmd og áður en nýr vísitölugrundvöllur var lagður. Það sýnir bezt samhengið.

Ég fæ ekki séð, hvað gæti réttlætt kauplækkun úr kr. 19.56 í kr. 19.08, hvað þá heldur niður í kr. 14.64 síðan 1949. Ég held, að atvinnulífið hafi ekki átt við nein þau harmkvæli að stríða frá náttúrunnar hendi núna seinustu árin, nema afleiðingar gengislækkunarinnar. Það eitt út af fyrir sig er að vísu mikið áfall. En það ætti nú samt að vera gert fyrir atvinnuvegina. Og ég held, að sjaldan eða aldrei hafi gengið eins vel með sölu afurðanna og nú; öllu afskipað eftir hendinni. Ég held því, að það sé einmitt rétt, sem kom fram í skýrslu hæstv. fjmrh., sem ég var nú að mörgu leyti að gagnrýna áðan, að í

slíku góðæri sem núna er, og það hafði hann oft sagt í skýrslunni, og var síðastliðið ár ætti einmitt að vænta þess, að atvinnulífið, ef ekki er gengið of nærri því af öðrum aðilum, sem eru réttminni en vinnandi fólkið, sem við atvinnuvegina starfar, eigi að standa í þeim sporum nú, að það beri betra og jafnara kaupgjald en nokkru sinni fyrr í sögu Íslands.

Það verður líka að því að gæta, að verkalýðsstéttin býr a. m. k. í þrem landshlutum við atvinnuóvissu, við ósamfellda atvinnu og hefur áhyggjur af því, hvort hún fái vinnu frá degi til dags, og það er þessi stétt, sem við mesta atvinnuóvissuna býr, sem er að fara fram á það að fá kjör sín bætt.

Getuleysi atvinnuveganna í atvinnugóðæri og í góðæri, sem skapast af því, að vel gengur að selja afurðirnar, getur ekki stafað af öðru en því, að það séu aðrir látnir ganga nærri hagsmunum atvinnuveganna en vinnandi fólkið sjálft, og það er ekkert réttlæti.

Ég vil því halda því fram, að getuleysi atvinnuveganna nú til þess að ætla verkamanni allt upp í 3900 kr. kaup fyrir 8 stunda vinnu sé viðbára, sem ekki sé hægt að taka mark á, ef menn vilja fallast á, að hér eigi að ráða réttlát skipting þjóðarverðmætanna, framleiðsluverðmætanna, í íslenzku þjóðfélagi. En hitt er satt, að það er hægt að vitna í bágborna afkomu togaraútvegs og vélbátaútvegs, hvort tveggja er staðreynd, af því að það er búið að mergsjúga þessar atvinnugreinar af öðrum, en verkalýðssamtökin viðurkenna engan rétt til þess að mergsjúga þá.

Það er vissulega rétt, að meiri framleiðsla getur lagt heilbrigðan grundvöll að því, að hægt sé að borga hærra kaup, og verkalýður Íslands vill sannarlega leggja fram sína krafta til þess, að atvinnuframleiðslan verði meiri og betri, og slíkar till. vorum við að ræða hér áðan. En framleiðsluafköstin fara mest eftir því, hvernig atvinnutækin eru notuð, og atvinnutækin eru ekki notuð sem skyldi. Það byrjaði þetta ár með stöðvun á vélbátaflotanum, af því að það var í samningaþrefi milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og ríkisstj. Það er næsta stöðvun í janúarmánuði líka í Vestmannaeyjum, af því að útgerðarmenn þar sitja slagbranda fyrir hraðfrystihúsin og neita að afgreiða beitu til manna, sem vilja fara á sjó. Þriðja stöðvunin er svo um hálfs mánaðar tíma í Vestmannaeyjum vegna deilu um verð á fiski, þar sem sjómennirnir krefjast þess að fá sama verð fyrir sína aflahluti og útgerðarmennirnir fá fyrir sína aflahluti. Og það er grundvallarregla, frá því að hlutaskipti hófust á Íslandi, að sjómönnum sé borgað í fiski og sá fiskur sé seldur á sama verði, hlutur sjómannsins og útgerðarmannsins. Og nú getur svo farið, ef ekki er sýnd lipurð af báðum aðilum í samningum, að það verði víðtæk og alvarleg stöðvun, sem enginn veit hve lengi kann að standa, vegna þess að 24 verkalýðsfélög hafa sagt upp sínum gildandi samningum, en þau hafa farið þannig af stað, að þau hafa sannað það og sýnt, að þau vilja komast hjá stöðvun hjá þjóðfélaginu, og það eru önnur öfl, sem geta ráðið því, hvort til verkfalls kemur eða ekki.

Ég vil því fullyrða að lokum, að hæstv. fjmrh. hefur sagt of mikið og sagt þau orð, sem á svo viðkvæmum tímum sem nú verða heldur til þess að draga úr möguleikum til friðsamlegrar lausnar á þessum málum, að segja, að það séu niðurrifs- og spillingaröfl í þjóðfélaginu, sem ætla nú að eyðileggja allt, sem ríkisstj. hafi afrekað á undanförnum árum. Það er ekki hægt að afsaka sig með því, að þetta sé meint aðeins til kommúnista. Ég hef sannað, að það er verkalýðurinn sameinaður í öllum stjórnmálaflokkum, í öllum þessum 24 verkalýðsfélögum, sem hefur ákveðið að segja upp samningum og samþ. einróma þær kröfur, sem fram hafa verið bornar, og þær liggja nú á samningaborði til þess að útkljást með friðsamlegum hætti, ef þess er nokkur kostur. Og það er hæstv. ríkisstjórnar miklu fremur að bera þarna sáttarorð á milli heldur en að kveikja eld með ógætilegum ásökunum og tilefnislausum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Ég vildi gjarnan segja fáein orð af tilefni þessarar ræðu hv. 3. landsk. þm. (HV). Ég skal þó ekki vera langorður, því að ég veit, að nokkrir eru á mælendaskrá. Sumt af því, sem hann sagði, var þannig vaxið, að ég vil helzt ekki láta það verða mosavaxið.

Hann sagði, að ég hefði sagt, að stjórnarandstaðan hefði talið það til ódáða, ef greiðsluafgangur varð á ríkisbúskapnum. Þetta sagði ég, það er rétt. Hann sagði þetta bein ósannindi og viðhafði önnur álíka stóryrði í því sambandi. Ég held, að það hefði verið réttara fyrir hv. þm. að viðhafa ekki svo stór orð, því að ég veit, að það kannast hver einasti hv. alþm. við, að á undanförnum árum hafa ádeilur stjórnarandstæðinga fyrst og fremst beinzt að því, að landsfólkinu hafi verið íþyngt með sköttum og tollum, ófyrirsynju. Það hefði verið hægt að komast af með miklu minni álögur en lagðar hefðu verið á, hafa þeir sagt. Það sýndi greiðsluafgangurinn, hefur verið viðkvæðið. Og í hvert skipti, sem fjárlög hafa verið hér til meðferðar, hafa hv. stjórnarandstæðingar lagt til, að felldir væru niður ýmsir tekjustofnar ríkisins eða skertir verulega einmitt á þeirri forsendu, að ekki þyrfti á þeim að halda, það væri hægt að komast af án þeirra, þeir væru aðeins notaðir til þess að fá greiðsluafgang, sem stjórnin notfærði sér svo án þess að hafa um það samráð við Alþingi. Ég spyr: Hver er sá hér inni, sem kannast ekki við þessa gagnrýni af hendi hv. stjórnarandstæðinga nú undanfarið? Þegar ég flutti ræðu mína, hafði ég þetta mjög glöggt í huga. Upptalningin, sem ég gerði um hin mörgu verk, sem hefði þurft að leggja peninga til, og hv. 3. landsk. þm. var svo hrifinn af, að hann hafði hana hér yfir í sínu máli, var einmitt gerð af minni hendi til þess að sýna fram á, hvílík fjarstæða væri og hefði verið þessi gagnrýni út af greiðsluafganginum, þegar hvort tveggja fer saman, að það þyrfti að vera greiðsluafgangur til jöfnunaráhrifa í fjárhagskerfinu og svo hitt, að fjöldi nauðsynjamála bíður fjárframlaga. Þau hrúgast upp og krefjast framlaga, og við getum ekki sinnt þeim nándar nærri sem þyrfti vegna fjárskorts.

Þessi litla framsöguræða, sem ég hélt um dag-

inn, hefur komið rækilega við kaunin hjá hv. stjórnarandstæðingum. Það þykir mér vænt um, því að það var einmitt ætlun mín að sýna hv. stjórnarandstæðingum fram á, svo að þeir fyndu til þess, hvílíkum fjarstæðum þeir hafa haldið fram á undanförnum árum um þessi efni. Ég finn, að ég hef hitt í mark, og það gleður mig.

Það bólaði á þessu sama hér í umr. um daginn, þar sem einn af talsmönnum hv. stjórnarandstæðinga og það ekki sá ógleggsti talaði einmitt um, að afkoma ríkissjóðs á síðastliðnu ári sýndi, að landsfólkinu hefði verið íþyngt að óþörfu. Svo komu á hinn bóginn aðrir stjórnarandstæðingar með alveg nýjar kenningar, sem sé þær, að ríkisstj. og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefði ekki rekið nógu harðhenta fjármálapólitík undanfarið. Það var alveg nýtt úr þeim herbúðum.

Þá sagði hv. 3. landsk. þm., að hefðu nú verið til ráðstöfunar 96 millj. kr., þá hefði allt verið sök sér. Þá gleymir hv. þm. aðeins því, að á 20. gr. fjárlaganna er gert ráð fyrir að greiða út 40—50 millj. kr. af þeim tekjuafgangi, sem verður á rekstrarreikningi.

Loks sagði þessi hv. þm. líka um þetta efni, að það væri ekki einu sinni því að heilsa, að þessar 35 millj. kr., sem væru raunverulegur greiðsluafgangur, væru eftir til ráðstöfunar, hefði þegar verið ráðstafað 16 millj. kr. fyrir fram, og líkti þeirri ráðstöfun við það, sem Hitler hefði leyft sér á árunum, þegar hann var upp á sitt bezta. Ég held, að það sé hollast fyrir þennan hv. þm. að hafa ekki stjórn Hitlers í neinum flimtingum yfirleitt eða að líkja atburðum eins og þessum við hana. Ég held, að stjórn Hitlers hafi haft allt of alvarlegar afleiðingar, til þess að viðeigandi sé að hafa slíkt í flimtingum, og það færi bezt á því að temja sér ekki slíkt. (Gripið fram í.) Við getum séð svona hér um bil, hve glöggt þessi hv. þm. hugsar og hvernig auga hann hefur fyrir hlutföllum, á því, að hann skuli leyfa sér að nefna Hitler og stjórnarfar hans í sambandi við atburð eins og þann, að löglegur þingmeirihluti ráðstafar 16 millj. kr. til fiskveiðasjóðs og ræktunarsjóðs og leggur frumvarp um staðfestingu á þeim ráðstöfunum fyrir hv. Alþingi.

Hv. þm. minntist á, að hefðu verið 96 millj. kr. til ráðstöfunar nú, þá hefði það verið sök sér. Um leið rifjaði hann það upp, og mér þótti vænt um það, að Alþingi hefði með sérstökum ákvörðunum ráðstafað nærri 60 millj. kr. af umframtekjunum, — og það er alveg rétt, ég upplýsti það í minni ræðu, — sumpart með sérstökum lagaákvæðum og sumpart með heimildum í fjárlögum. Þá eru eftir af tekjuafganginum á rekstrarreikningi um 36 millj., sem hafa farið í ýmislegt á árinu um hendur stjórnarinnar. Ég tek ekki þegjandi við neinum sérstökum ákúrum frá þessum hv. þm. né neinum öðrum þm. fyrir þetta, vegna þess að umframgreiðslur þessar eru tiltölulega þær lægstu, sem orðið hafa a. m. k. í 30 ár, og mestur hluti af þessu fé hefur farið til lögboðinna útgjalda, sem voru ekki nógu hátt áætluð í fjárlögum. Ég veit, að þó að hv. þm. sé að tala um þetta, þá dettur honum ekki í hug, að þessi gagnrýni sé réttmæt. Hann skilur t. d., að ríkisstj. getur ekki komizt hjá því að standa í skilum með þau lán, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á. Ég veit, að hv. þm. skilur, að af þeim verður að greiða, hvað sem fjárlagaáætluninni líður.

Ég veit líka, að hv. þm. skilur, að það verður t. d. að greiða samkv. lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og berklavarnalöggjöfinni og fjöldamargri annarri löggjöf, hvað svo sem áætlun fjárlaga líður. Það er ekki hægt að stöðva greiðslur samkv. lögum né ábyrgðargreiðslur t. d., þangað til þingið kemur saman. Hv. Alþingi er fyrir fram búið að ákveða að greiða þessar greiðslur, og það er óhugsandi, að hægt sé að deila á nokkra stjórn með rökum fyrir það að halda uppi þess háttar útborgunum. Það verður að gerast, og það er aldrei hægt að komast hjá því, að það verði einhverjar umframgreiðslur af þessu tilefni, nema menn séu þá nógu framsýnir og áætli nægilega hátt þessa liði fjárlaganna. Því miður hefur það aldrei tekizt undanfarið, vegna þess að það hefur verið slíkur vöxtur í lögboðnu útgjöldunum. — Það er því engin ástæða til þess að ráðast á stjórnina fyrir umframgreiðslur.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem ég vil minnast á fáeinum orðum. Það er út af því, sem hv. þm. sagði hér um kaupgjaldsmál og þau ummæli, sem ég vék að kommúnistum í ræðu minni um daginn. Ég sagði, að það væru til öfl í þjóðfélaginu, sem teldu sig geta sett verðbólguhjólið af stað aftur þrátt fyrir greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Og svo sagði ég orðrétt: „Þetta telja kommúnistar sig geta nú, og máske geta þeir það.“ Það hefur farið mikið í taugarnar á hv. 3. landsk. þm., að ég skyldi drótta öðru eins og þessu að kommúnistum, að þeir hefðu áhuga á þessu. Hann setti á langa ádeiluræðu út af þessu. M. ö. o., þessi hv. þm. þolir ekki, að ég deili á kommúnista með þessu móti. Dettur nú hv. þm. í hug, að þetta sé of mikið sagt um starfsemi kommúnista? Dettur honum í hug, að fyrir kommúnistum vaki nokkuð annað en að reyna að koma af stað slíkri ringulreið sem ég talaði um í þjóðfélaginu, bæði nú og oft áður? Mér dettur ekki í hug, að það vaki neitt annað fyrir þeim, og eins og ég sagði hér um daginn, álít ég, að starfsemi kommúnista eigi yfirleitt ekkert skylt við hagsmuni verkalýðsins, og það mundi verða mestur hagur að því fyrir verkalýðinn, ef áhrif kommúnista þurrkuðust út með öllu. Þetta er sannfæring mín, og þetta tel ég mér leyfilegt að segja hvenær sem er og hvar sem er. Satt að segja hélt ég, að það væri hægt að segja þetta án þess að verða fyrir árásum út af því af hendi annarra en kommúnista. En þetta þolir ekki þessi hv. þm. Sannleikurinn er sá, að afstaða þessa hv. þm. til kommúnista er býsna einkennileg og býsna hættuleg. Hann heldur, að það sé ráðið til að berjast á móti kommúnistum með árangri að elta allar fjarstæður, sem þeir halda fram, taka enga sjálfstæða afstöðu gagnvart kommúnistum, heldur elta allt, sem þeir kasta fram, og keppast jafnvel við þá um að halda fram sem mestum fjarstæðum. Þetta virðist vera stefna þessa hv. þm.

Þessi hv. þm. telur sennilega, að hann sé nú

voldugur maður. En það grátlega er, að sennilega ræður þessi hv. þm. engu, þegar til kemur, — ég segi: því miður. Það eru víst allt aðrir en þessi hv. þm., sem ráða, þegar til á að taka. Ég segi: því miður, því að ég vil á engan hátt væna hann um, að hann hafi sama tilgang með *sínu starfi og kommúnistar hafa*. Hitt er annað mál, að hann virðist frá mínu sjónarmiði séð hörmulega misskilja, hvernig á að vinna á móti kommúnistunum.

Hv. 3. landsk. minntist svo í framhaldi af þessu á þær kaupdeilur, sem hér standa yfir. Ég skal ekki fara langt út í það, en ég vil þó segja um það fáein orð af þessu tilefni.

Mér fannst hann fara nokkuð einkennilegum orðum um þær athuganir, sem hagstofan og aðrir hafa gert í þessu sambandi, því að hann viðhafði þau orð um þær, að það hefðu verið skýrslur, sem hæstv. ríkisstj. hefði látið malla, — hefði látið malla, ég skrifaði þetta upp eftir hv. þm. Mér finnst í þessu felast fólsleg aðdróttun að opinberri stofnun, hagstofunni, að hagstofustjóri láti ríkisstj. hafa sig til þess að „malla“ einhverjar skýrslur. Í þessu orðalagi liggur það, að hagstofustjóri og þeir, sem með honum vinna, láti ríkisstj. hafa sig til þess að búa út það, sem ríkisstj. sýnist. Það getur ekki legið annað í þessu en slík aðdróttun. Engum, sem þekkir hagstofustjóra, dettur í hug, að nokkuð sé hæft í þessum aðdróttunum af hendi hv. 3. landsk. þm. Það efast enginn um, sem þekkir hagstofustjóra, að hann vinnur að þeim verkefnum, sem honum eru fengin í hendur, af hinni mestu samvizkusemi.

Svo sagði hv. þm., að þessari skýrslu hagstofunnar *tryði enginn nema ríkisstj., og annað þar* fram eftir götunum. Hér er ekki um neitt trúaratriði að ræða. Það, sem þarna hefur gerzt, er ekkert annað en að upplýsa staðreyndir, og eru notaðar þær beztu heimildir, sem fáanlegar hafa verið.

Svo spurði hv. 3. landsk. þm., hvort það ætti ekki að lækka kaupið, ef kaupmáttur launa hefði aukizt. Mér finnst þetta vera dálítið einkennilegur hugsunarháttur, og ég veit ekki, hvort þetta er meining hv. þm. En honum fannst það líklegt, að einhverjir hefðu þessa skoðun: ef kaupmáttur launa hefði aukizt, þá ætti að lækka kaupið. Þetta er auðvitað hrein fjarstæða frá mínu sjónarmiði. Það eðlilega í þessu efni er, að kaupgjaldið sé eins hátt og framleiðslan frekast getur borið, og ef kaupmáttur launa eykst og framleiðslan þolir það kaupgjald, sem þá er greitt, þá kemur auðvitað ekki til mála að lækka kaupið. Það er heilbrigt og nauðsynlegt að hækka kaup, þegar atvinnureksturinn þolir það og hægt er að koma því við, án þess að af því leiði verðhækkanir, sem gera kauphækkanirnar gagnslausar. Þegar þannig stendur á, er bókstaflega nauðsynlegt að hækka kaupið, til þess að starfsemi þjóðfélagsins gangi með eðlilegum hætti og full sanngirni eigi sér stað.

Hitt er svo annað mál, að það er auðvitað fullkomin fjarstæða að halda því fram, að það sé alltaf ábati að því að hækka kaupgjaldið. Ef það væri alltaf ábati að því fyrir launastéttirnar að hækka kaupgjaldið, væri ekki vandlifað. Þá væri hægt að bæta lífskjör manna með því einu að reikna með fleiri krónum. En það vita allir, að slíkt er fjarstæða, slíkt er ekki hægt. Málið er ekki svo auðvelt, og engir hafa verið ákafari við að halda því fram en forráðamenn launasamtakanna víðs vegar um lönd, að slíkt sé vitanlega ekki mögulegt, og vandinn sé sá fyrir ábyrga forráðamenn í launasamtökunum að finna út, hvenær hægt sé að hækka kaupið þannig, að ávinningur verði að því fyrir verkalýðinn og fyrir launastéttirnar. Fyrir örfáum árum gáfu launasamtökin hér á landi út smárit um þetta efni, þar sem þetta mál virtist vera mjög skynsamlega rætt, og aðalniðurstaðan í því riti var sú, að væri þannig ástatt, að framleiðslan þyldi ekki hærra kaup en greitt væri, þá mundi ekki borga sig fyrir launamenn að hækka. Þetta var aðalniðurstaða ritsins.

Á hinn bóginn er það vitanlega fjarstæða að halda því fram, að aldrei sé ávinningur að því að hækka kaupið, enda þekkjum við vitanlega mörg dæmi þess, að ávinningur hefur orðið að því að hækka kaupið. Það, sem á að gera, er að láta sem oftast, ekki bara þegar kaupdeilur standa til, en þó ekki sízt þá, fara fram athuganir á því, hvort hægt sé að framkvæma kauphækkanir þannig, að af því verði ávinningur fyrir verkalýðinn. Ef hægt er að hækka kaupið með þeim árangri, ef grundvöllur er fyrir því hjá atvinnurekstrinum, ef þjóðartekjurnar eru þannig og framleiðslan, þá á að gera það. Í sambandi við þessa kaupdeilu ætti að kveðja til hina beztu menn, óvilhalla, og fulltrúa frá báðum aðilum til þess að láta fara fram athugun á þessu og hafa síðan niðurstöður þeirrar athugunar að leiðarstjörnu fyrir þá aðila, sem semja um málið. Þetta er auðvitað hyggilegasta aðferðin við lausn þeirrar launadeilu, sem hér hefur upp risið.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég hafði ekki tækifæri til að hlusta á alla ræðu hv. 3. landsk. þm. (HV), en í seinni hluta ræðunnar hélt hann fram skoðunum, sem mér þóttu nokkuð fjarstæðukenndar og ég tel ástæðu til að gera örstutta athugasemd við, og getur hún þó verið styttri fyrir það, að sumt af því, sem mér hefði þótt rétt að tilgreina, kom fram í ræðu hæstv. fjmrh.

Þessi hv. þm. staðhæfði það, að hin mesta kjaraskerðing, sem alþýða manna eða launþegar hefðu orðið fyrir hér á landi á undanförnum árum, væri gengislækkunin, sem framkvæmd hefði verið 1950.

Ég hygg, að þetta sé byggt á grundvallarmisskilningi. Ég leyfi mér að minna þennan hv. þm. á, að haustið 1949 var svo komið, að ef átti að fullnægja þeim lágmarkskröfum, sem sjávarútvegurinn gerði og taldi sig færa rök að að fullnægja yrði, til þess að auðið yrði að halda áfram útgerðinni á sómasamlegum grundvelli, kostaði það árleg útgjöld úr ríkissjóði, sem námu áreiðanlega nokkuð á annað hundrað milljónum og sennilega 150 millj. kr. Enginn vafi er á því, að þó að Alþingi hefði þá viljað leitast við að verða við þessum kröfum, en ekki gert neinar aðrar ráðstafanir, þá hefði þingið neyðzt til nokkru síðar vegna nýrra viðhorfa í

atvinnulífi þjóðarinnar að hækka þessa upphæð mjög verulega. Það er örðugt að staðhæfa, þannig að óyggjandi rök verði færð fyrir, hversu há sú upphæð væri nú orðin, sem þurft hefði til að fullnægja lágmarksþörf útvegsins, ef genginu hefði ekki verið breytt og ekki gripið til bátagjaldeyrisráðstafananna. Ég hygg ekki fjarri sanni, að sú upphæð mundi án efa vera milli 200 og 300 millj. kr. á ári.

Þessu fé gátum við því miður ekki búizt við að rigndi af himnum ofan. Ríkið átti ekki annars úrkosta, ef í þessum efnum átti að fara troðnar slóðir, en að leggja nýja skatta á þjóðina til þess að standast þau gjöld, sem leiddi af fullnægingu þessara þarfa útvegsins, ef gengisbreytingin hefði ekki verið framkvæmd. Þessir skattar, þessi gjöld í ríkissjóðinn, urðu auðvitað að takast úr vasa almennings. Yrði það ekki gert og ef ekki var horfið að gengisbreytingunni, þá var ekki neinn þriðji úrkostur fyrir hendi annar en sá, að atvinnuvegirnir hefðu stöðvazt, þar til fólkið í landinu hefði sætt sig við þá kauplækkun, sem nauðsynleg var, til þess að auðið yrði að reka þá, ég vil ekki segja hallalaust, en a. m. k. ekki hallameiri en svo, að hægt væri að halda þeim áfram.

Ef sú leið hefði verið farin að leggja þessa nýju skatta á almenning, þá staðhæfi ég, að kjör almennings í landinu hefðu verið önnur og miklu verri en þau urðu eftir að gengislækkunin var framkvæmd, en langverst þó, ef hvorug leiðin hefði verið farin og sjálfar þrengingarnar, sjálft atvinnuleysið, sjálfar hörmungarnar hefðu kennt hinni nöktu konu að spinna.

Gengisfellingin var eina skynsamlega úrræðið, svo bágt og bölvað sem það úrræði ævinlega er. Það var eina skynsamlega úrræðið, sem þá var fyrir hendi, eins og komið var atvinnumálum Íslendinga, til að bægja hinu gamla böli atvinnuleysisins frá dyrum almennings í landinu. Og manni, sem sjálfur er gerkunnugur sjávarútveginum og veit vel, hvernig hans hag var komið, og auk þess skipar þann virðulega sess að vera forseti í Alþýðusambandi Íslands, ber skylda til að gera sér grein fyrir þessum grundvallaratriðum í þróuninni í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar.

Það er svo aðeins ein önnur athugasemd, sem ég vil gera út af því, að hv. þm. sagði, að getuleysi atvinnuveganna til kauphækkunar — eins og hann orðaði það — geti ekki stafað af öðru en milliliðagróðanum. Hér gætir einnig mjög mikils misskilnings. Ég treysti mér ekki í dag til að kveða upp um það úrskurð, hvort ekki sé óeðlilegur gróði í einhverjum atvinnurekstri þjóðarinnar, hvort milliliðagróðinn, sem kallaður er, sé ekki of mikill. En ég minni á það, að um áramótin 1952 og 1953 var gert samkomulag, sem þáverandi ríkisstj. beitti sér fyrir, um vissar niðurfærslur á kostnaði við dreifingu og aðra þjónustu, sem svokallaðir milliliðir láta í té. Ég býst ekki við, að Alþýðusambandið hefði þá sætzt á þær niðurstöður, sem raun bar vitni um, ef það hefði ekki talið, að eftir atvikum væri þá hæfilega skertur gróði þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Nú skal ég þó ekki staðhæfa, að nægilega vel hafi verið leitað í þessum efnum, né hitt, að einhverjar breytingar eða aukningar á gróða þessara milliliða kunni ekki að hafa á orðið frá þessari sáttagerð og fram á þennan dag. Ég hygg þó, að líkur bendi til, að ekki sé um verulegar breytingar að ræða í þessum efnum. Mér er t. d. tjáð, að afnám verðlagseftirlitsins á vissum vörum hafi ekki að verulegu leyti aukið gróða milliliðanna. Eftir þeim lauslegu upplýsingum, sem ég hef í dag og vil þó ekki bera fram sem endanlegar, þá virðast líkur benda til, að álagning sé á sumum vörum minni nú en hún var þá, á öðrum svipuð og enn öðrum nokkru hærri. Um þetta er verið að afla skýrslna, og þær verða auðvitað að liggja fyrir, svo að menn geti gert sér grein fyrir, hvað mögulegt er að gera í sambandi við þær deilur, sem nú standa yfir og geta leitt böl og bölvun yfir alla þjóðina.

En þetta er ekki eina atriðið, sem við þurfum að horfa á. Meginatriði þessa máls — og það verða menn að skilja — er, að undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga, útveginum, er þannig háttað, að leita verður teknanna annars vegar í aflabrögðunum, hvað þau eru mikil á hverjum tíma, og hins vegar í verðlaginu, sem fæst fyrir þennan afla. Við hljótum allir að gera okkur grein fyrir því, að hvorugu þessu ráðum við nema að litlu leyti. Við erum að sjálfsögðu ekki að öðru leyti herrar yfir aflabrögðunum en því að reyna að taka á hverjum tíma í okkar þjónustu þá tækni, sem við teljum fullkomnasta. Íslendingar hafa að mörgu leyti verið til fordæmis í þessum efnum. Við þorðum t. d. að láta af okkar litlu getu byggja 30 nýja togara fyrir allmikið fé, áður en nokkur enskur útgerðarmaður þorði að ráðast í sams konar byggingar í eigin landi. Við höfum kannske verið of stórtækir á öðrum sviðum, þegar við vorum að byggja síldarverksmiðjurnar, vegna þess að við gátum þá ekki séð fyrir 10 ára aflabrest á síldinni. Hitt sáum við aftur fyrir, að ef yrði sæmilegur afli, þá mundu þær framkvæmdir bera tífaldan árangur á stuttum tíma.

Ég segi þess vegna, að varðandi aflabrögðin verðum við að gera okkur ljóst, sem auðvitað hver heilvita maður líka auðveldlega getur, að við ráðum ekki nema að takmörkuðu leyti yfir, hver þau eru, og höfum eftir atvikum gert okkar skyldur vel í þeim efnum, fyrst með fullkomnum tækjum og nú með stöðugum rannsóknum, þar sem ég hygg, að íslenzka þjóðin leggi meira af mörkum hlutfallslega heldur en nokkur önnur þjóð í veröldinni.

Þetta er annar tekjustofninn, sem grundvallaratvinnuvegur Íslendinga stendur á. Hinn er svo aftur á móti, eins og ég segi, verðlagið, og verðlagið ráðum við í raun og veru sáralitlu um. Við ráðum náttúrlega því að reyna að viðhafa þau vinnubrögð um sölu afurðanna, sem eru líklegust til að skila sem hæstu verðlagi á hverjum tíma, eftir því sem heimsmarkaðurinn leyfir.

Okkur kann að greina á um það, hvort sé rétt að láta síldarútvegsnefnd fara með sölu á síld. Útvegsmenn hafa ákveðið það sjálfir, það er árlegur fundur þeirra á meðal, og þeir vilja hafa þessa skipan. Okkur kann að greina á, hvort

rétt sé að láta einn aðila selja saltfiskinn. Útvegsmenn ráða því sjálfir. Þeir hafa sinn árlega fund, og þeir ákveða alltaf að bera fram óskir um þetta.

Þannig er það um meginframleiðsluvöru okkar. Sú skipan ríkir, sem útvegsmenn sjálfir hafa kosið sér. Ég tel þess vegna út af fyrir sig ekki ástæðu til að vefengja, að sú hlið málsins sé eftir atvikum í lagi.

Hitt er svo allt annað mál, að neyzluþjóðin spyr ekki um það: Hvað kostar það Íslendinga að framleiða t. d. þorskinn eða síldina? Þeir spyrja um hitt: Hver eru gæði hinnar íslenzku vöru í hlutfalli við aðra vöru, sem aðrar þjóðir framleiða, og hvert verð heimta Íslendingar í hlutfalli við aðrar þjóðir? Með þessu er okkur stakkur skorinn. Við erum sem sagt varðandi meginatvinnuveginn, undirstöðuatvinnuveginn, þannig settir, að annars vegar eru það aflabrögðin, hins vegar verðlagið, og yfir hvorugu ráðum við nema að litlu leyti.

Varðandi tilkostnaðinn aftur á móti er þessi atvinnurekstur háður í mjög ríkum mæli kaupgjaldinu í landinu. Nú dregur það enginn í efa, að íslenzkir launþegar ala í brjósti þær óskir að bera sem mest úr býtum og fá sem hæsta krónutölu fyrir vinnu sína, meðan þeir gera sér ekki ljóst, að hækkun krónutölunnar leiðir til versnandi kjara. En við komumst aldrei fram hjá þeirri staðreynd, að ef við förum lengra í þessum efnum en gjaldgeta þessa meginatvinnurekstrar leyfir, þá erum við komnir út á hættulegar brautir. Ég hef leyft mér að benda á þessa staðreynd í áramótaræðu, sem ég flutti, og ég hef í engu andstöðublaða minna séð um þetta talað öðruvísi en sem hótun af minni hendi um gengisfellingu. Fyrir mér vakti ekki annað en að biðja þjóðina að slá skjaldborg um krónuna, að vekja athygli sem flestra á því, að okkar króna, alveg eins og gjaldmiðill annarra þjóða, lýtur vissum, föstum og órjúfanlegum lögmálum. Ef einhver getur fært mér heim líkur fyrir því, að okkar króna lúti öðru lögmáli en gjaldmiðill annarra þjóða, skal ég vera reiðubúinn að taka afleiðingunum af því að tefla djarfar í þessum efnum án þess að telja mig tefla krónunni í hættu. En ég hef bara engan heyrt gera það, og ég held ekki heldur, að það sé hægt. Og náttúrlega er ekki gaman að fást við þessi efni fyrir menn, sem út af fyrir sig vilja koma sem beztu til leiðar, og við skulum ekki vera að væna hver annan of mikið um illa þanka í þessum efnum, meðan stjórnmálaumræður eru á svo lágu þroskastigi í þessu þjóðfélagi, að slík aðvörun af hendi manns, sem — óverðskuldað að sönnu — hefur þó hlotið þá virðingu að vera stjórnarformaður, er tekin sem alger þvættingur, ógnun eða illvilji. Ég er án efa í hópi skuldugustu manna landsins, og ég hef þess vegna vissa ástæðu, eins og ég sagði við formann Alþýðusambandsins, til þess að taka í höndina á honum og segja: Góði, heimtaðu sem mest og gerðu allt sem vitlausast, þá borgarðu fyrir mig skuldirnar. — En ég sagði líka við hann: Ég er ekki kosinn á þing né settur í forsæti ríkisstjórnarinnar af skuldum þess fyrirtækis, sem ég á hluta í, heldur af almenningi í landinu. Hann hefur trúað mér til að fara eftir samvizku minni og þeirri litlu skynsemi, sem ég kann að vera gæddur. Þessu trausti vil ég ekki bregðast. — Og ég segi nú við formann Alþýðusambandsins, að vilji hann á sama hátt gera sér ljós þau lögmál, sem við eigum við að glíma, eins og ég hef reynt að gera og taka sömu afleiðingum af því og ég hef reynt að gera, þá er ég alveg ánægður með hann sem formann Alþýðusambandsins.

Ég viðurkenni, að um aðra atvinnuvegi þjóðarinnar kann að gegna nokkuð öðru máli. Það má segja, að nokkur hluti iðnaðarins eða kannske mikill hluti iðnaðarins í landinu hafi aðstöðu til þess að segja: Ja, ef þið hækkið kaupið, drepur það mig ekki, því að ég innheimti það bara frá ykkur, sem fáið kauphækkun. Ég hækka mínar vörur að sama skapi og minn tilkostnaður hækkar. Ég velti því yfir á aðra.

Verzlunin kann að mega segja alveg það sama. Ef verzlunarfólkið hækkar sitt kaup, þá hækkar okkar rekstrarkostnaður, og við hækkum vörubirgðir að sama skapi, og gjaldþegninn, sem fær kauphækkunina, borgar þetta.

Það má að vissu leyti segja sama um landbúnaðinn í dag, vegna þess að hann þarf ekki að flytja sína framleiðsluvöru úr landi og fær þess vegna hækkun á sinni tekjuhlið um leið og hann fær hækkun á sínum tilkostnaði. M. ö. o.: Það má segja það um iðnaðinn, verzlunina og landbúnaðinn, að það sé kannske ekki aðalatriði fyrir þá, hvort kaupið er eilítið hærra eða lægra, af því að þeir geta velt því yfir á skattþegnana, á launþegana. En útgerðin, sem er grundvöllurinn undir þessu öllu, verður að segja: Afsakið, herrar mínir, ég get þetta ekki, ég get ekki milliliðalaust farið í vasa þess almennings, sem er að heimta hærra kaup, ég verð að hafa millilið, og milliliðurinn er þið, herrar mínir, hér á þingi, ríkisstj. og Alþingi. Í gegnum þessa aðila verður útgerðin að fá það, sem á skortir, til þess að hún geti haldið áfram starfsemi sinni, án þess að hallarekstur inn verði svo mikill, að hún stöðvist, hvað sem öðru líður.

Ástandið í okkar þjóðfélagi er það frá mínu sjónarmiði, að fara verður mjög varlega og það verður að athugast mjög gaumgæfilega, hvað hægt er að gera, þannig að svokallaðar kjarabætur snúist ekki launþegunum til bölvunar.

Hitt tek ég svo undir með glöðu geði, að ef við rannsókn þessa máls kemur í ljós óeðlilegur milliliðagróði einhvers staðar, óeðlileg skipting á þjóðartekjunum, sem mjög er um talað, þá er fyrir hendi möguleiki til þess að taka af þessum og láta til hins. En það er aldrei hægt að skipta meiru en inn kemur, og ég er mjög á því máli og mundi þakka fyrir, ef þingið vildi taka undir það, að við létum rannsaka þetta mál ofan í kjölinn, og þó án þess að það þyrfti að taka allt of langan tíma.

Hér veltur ekki á frómum óskum, heldur getu, og sú geta er byggð á óbifanlegum lögmálum, sem standa eins föst og sjálft þyngdarlögmálið, og það er óbifanlegt lögmál, að við getum og megum aldrei hugsa okkur að geta deilt öðru en því, sem fyrir hendi er, annað stefnir til bölvunar.

Við vitum sjálfir, að það er nokkur siður með öðrum þjóðum, þegar slíkar örlagaríkar deilur eru í uppsiglingu eins og nú virðist vera á Íslandi, að hlutlausir menn eru skipaðir til rannsókna. Tveir ráðherrar hafa hér áður sagt, hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh., að þeir séu mjög eindregið því fylgjandi, að við gerum hið sama. Ég tek undir það og segi fyrir mitt leyti, að ég mundi þakksamlega þiggja það og vildi eiga mikinn hlut að því, að slíkar rannsóknir væru ekki aðeins málamyndarannsóknir og ekki gerðar aðeins til að tefja málið, heldur til þess í bróðerni að leita að sannleikanum. Ég segi, að með öðrum þjóðum er þetta háttur víða og góður háttur, og það hefur mér skilizt, að launþeginn taki ekkert síður undir slíka málsmeðferð heldur en atvinnurekendur, og mætti vera, að margur atvinnurekandi vildi síður fara inn á brautina en launþegi. Færi slík rannsókn fram, verður væntanlega ekki allt tekið gilt, sem frá er skýrt af sjálfum aðilunum, heldur rannsókn hlutlausra aðila og dómur.

Ég tel því, að þessar umr., sem farið hafa hér fram út af skýrslugerð hæstv. fjmrh., væru blessunarríkar fyrir þessa þjóð, ef þær mættu leiða til þess, að við, sem berum ríka ábyrgð á málefnum þjóðarinnar, vildum taka þessi mál föstum tökum og reyna að sameinast um það, sem er kjarni málsins, en kjarni málsins er sá að gera okkur ljóst, að við getum ekki skipt öðru en því, sem við öflum, og hinn, að sú skipting á að fara fram með réttlæti, og loks það, að sá, sem engu hefur að farga í dag, eins og verkalýðurinn, á þar von á bótum, ef möguleiki er til bóta, en verður að sætta sig við sitt, ef enginn möguleiki er til bóta, vegna þess að þá er hækkuð krónutala kaupsins ekki bætur, heldur bölvun.

Ég lýk svo þessu aðeins með því að láta í ljós þá einlægu ósk, að við, sem getum um þetta miklu ráðið, ef við sameinum kraftana, leggjumst á eitt um að leysa þetta mál af skilningi og velvilja á þessum grundvelli.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að víkja örfáum orðum að einu atriði í ræðu hæstv. forsrh., þó að það hafi annars ekki verið erindi mitt í ræðustólinn að þessu sinni.

Hann vék að hinum kunnu ummælum sínum í áramótaræðu sinni, að ef kaupgjald yrði hækkað á næstunni, þá mundi óhjákvæmileg afleiðing af því verða gengisfall íslenzku krónunnar. Hann kvartaði mjög undan því, að í blöðum andstæðinga hefðu þessi ummæli verið kölluð hótun. Jafnframt ræddi hæstv. forsrh. um, að íslenzka krónan, eins og gjaldmiðill allra annarra landa, lyti vissum lögmálum, sem ómögulegt væri að komast í kringum, og er það vissulega rétt. En hæstv. forsrh. verður að minnast þess, sem hann sagði ekki í ræðu sinni um þau lögmál, sem gengi krónunnar lýtur. Staðreynd málsins er auðvitað sú, að síðan gengi krónunnar var opinberlega fellt vorið 1950, hefur hún hvað eftir annað verið felld með öðrum aðgerðum, sem þó hafa ekki verið kallaðar gengislækkun. Í raun og veru hefur gengi krónunnar á undanförnum árum verið skert hvað eftir annað, án þess þó að það hafi verið kölluð gengislækkun og án þess að hæstv. forsrh. og aðrir í ríkisstj. hans hafi viljað við það kannast, að það hafi verið gengislækkun. Hvað var bátagjaldeyririnn í raun og veru annað en önnur gengislækkun? Hvað er ferðagjaldið, sem allir verða að borga, sem fara til útlanda, í raun og veru annað en gengislækkun? Hvað er bílaskatturinn, sem nýbúið er að innleiða, í raun og veru annað en sérstök tegund af gengislækkun? Allt þetta veldur því, að erlendar fjármálastofnanir, sem þurfa að skrá gengi krónunnar á hlutlausan hátt, treysta sér ekki til annars en að skrá tvöfalt gengi á henni, svo sem alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Hæstv. forsrh. og stjórn hans hefur aldrei viljað viðurkenna það, að neitt af þessum ráðstöfunum jafngilti gengislækkun. En þegar það liggur við, að kaupgjaldið verði hækkað, þá er strax hafin upp mikil raust og voldug og sagt: Nú verður afleiðingin gengislækkun! Þetta veldur tortryggni og ekki að ástæðulausu. Hér er spurningin sú, hvort ekki sé viðleitni til þess að skella skuld af því, sem þegar er orðið, yfir á það, sem nú er talið vera í vændum, og það tel ég vera merg málsins.

Þegar hæstv. fjmrh. hafði flutt skýrslu sína um afkomu ríkissjóðs á fundi fyrir nokkrum dögum, þá tókum við nokkrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar til máls. Hæstv. fjmrh. svaraði í allýtarlegri ræðu. Hann byrjaði á því að svara hv. 8. landsk. þm. (BergS). Þá var hann eiginlega óvenju blíðmáll og stilltur í máli. Einhverjir þm. létu þess getið á eftir, að líklega hefði hann þarna verið að láta þennan þm. njóta þess, að hann er fyrrverandi flokksbróðir hans og skjólstæðingur. En þegar hann kom að því að gera aths. við mína ræðu, þá færðist hæstv. fjmrh. allur í aukana og talaði bæði mikið og hátt. En innihald ræðunnar var að engu leyti í samræmi við raddhæðina, því að í raun og veru játaði hann flest af því, sem fram hafði komið í gagnrýni minni á skýrslu hans, og mætti því e. t. v. segja, að sannleikanum yrði hver sárreiðastur.

Hvað hafði ég sagt? Hvað hafði verið kjarninn í gagnrýni minni á hinni löngu skýrslu hæstv. fjmrh.? Ég hef á það bent, að afkoma ríkissjóðs 1953 bæri ekki vitni um svonefnda heilbrigða fjármálastjórn. Tekjuafgangur er að vísu 90 millj., en greiðsluafgangurinn er aðeins 35 millj., og er þegar búið að ráðstafa honum að verulegu leyti, þannig að raunverulegur greiðsluafgangur er nú, óráðstafaður, aðeins 19 millj. kr.

Hæstv. fjmrh. undirstrikaði það sérstaklega, að hann hafi aldrei verið stoltur af tekjuafgangi í ríkissjóði, hann hafi alltaf gert sér ljóst, að það væri greiðsluafgangurinn, sem máli skipti. En á það var ég einnig að benda, að það sé raunverulegi greiðsluafgangurinn, sem sé aðalatriðið. En kannast menn ekki við það, að hann hafi verið stoltur af heilbrigðri fjármálastjórn sinni og hæstv. ríkisstjórnar? Eða ætlar hann kannske allt í einu að játa, að hann sé ekki stoltur af henni og það sé, ef betur er að gætt, kannske ekkert af að státa?

Hvað er heilbrigð fjármálastjórn á tímum eins og þessum, sem við nú lifum? Hún er auðvitað fólgin í því, að á ríkisbúskapnum sé verulega hár raunverulegur greiðsluafgangur, að hárri hlutfallstölu af tekjum ríkissjóðs sé haldið

eftir, að þær komi fram sem innstæðuaukning í seðlabankanum eða lækkun á skuldum ríkissjóðs við seðlabankann, sem svo yrði m. a. til þess, að hægt væri að hafa hallabúskap á erfiðum árum, til þess að hafa þá hagstæð áhrif til atvinnuaukningar og til þess að koma í veg fyrir verðfall. Þetta hefur ekki tekizt. Það kom eins skýrt og á verður kosið fram í skýrslu hæstv. fjmrh. Og það var þetta, sem ég var að undirstrika í athugasemdum mínum. Raunverulegur greiðsluafgangur er aðeins 19 millj. kr. Því til staðfestingar, að svo væri, benti ég einnig á skuldaskipti ríkissjóðs og seðlabankans og viðskiptabankanna, en þar er niðurstaðan mjög svipuð. Þar hefur ríkissjóður ekki grynnt, svo að neinu nemur, á skuldum sínum. Greiðsluafgangurinn er aðeins 3—4% af ríkistekjunum og það þrátt fyrir eitt mesta góðæri, sem yfir Íslendinga hefur gengið. Það er einn höfuðgalli á stjórnarstefnu núverandi ríkisstjórnar, að ríkisbúskapurinn hefur ekki verið rekinn með raunverulegum afgangi. Það er einmitt þess vegna, sem það er rétt, er ég staðhæfði, að á þennan hátt hefur ríkisvaldið raunverulega stutt að þeirri þenslu, sem átt hefur sér stað í fjárhagskerfinu undanfarin tvö til þrjú ár. Framtíðin hefur ekkert verið undirbúin. Það hefur engum sjóði verið safnað til þess að mæta erfiðum árum, sem mjög hætt er við að séu fram undan, þegar varnarliðsframkvæmdirnar á Keflavíkurflugvelli dragast saman. Enginn varasjóður er til. Þessi óhemju góðæri, sem yfir landið hafa gengið, skilja enga varasjóði eftir í ríkisbúskapnum til að mæta erfiðleikunum, sem hljóta að vera fram undan. Það er alveg sama, til hvaða nágrannalanda yrði litið. Fjármálasérfræðingar og fjármálamenn í þeim öllum mundu hafa talið það skyldu sína á tímum eins og þeim, sem við höfum verið að lifa undanfarin tvö til þrjú ár, að hafa mjög verulegan raunverulegan greiðsluafgang á ríkisbúskapnum til þess að hafa hagstæð áhrif á hagkerfið á líðandi stund og til þess að undirbúa framtíðina.

Kjarninn í gagnrýni minni var í raun og veru sá, að ríkisstj. gæti ekki gert hvort tveggja, að guma af heilbrigðri fjármálastjórn og hinu, að hafa varið geysimiklu fé, öllu handbæru fé, til framkvæmda. Að vísu verður að játa, að stjórnarflokkarnir hafa hér haft með sér nokkra verkaskiptingu. Það hefur fallið í hlut hv. framsóknarmanna að guma af hinni heilbrigðu fjármálastjórn, en í hlut sjálfstæðismanna að guma af hinum miklu framkvæmdum og miklu fjárveitingum til atvinnuaukningar úti á landi. En þetta fellur ekki saman. Hvort tveggja getur ekki verið rétt. Annaðhvort hefur fjármálastjórnin verið óheilbrigð eða þá að framkvæmdirnar hafa verið óeðlilega miklar.

Það er svo saga út af fyrir sig, að hæstv. ríkisstj. hefur ráðstafað tugum milljóna án formlegs samráðs við Alþ., sem vitanlega er óheilbrigt.

Ég skal þó með ánægju láta hæstv. fjmrh. njóta þess sannmælis, að síðan hann tók við fjármálastjórninni eða fjármálaráðuneytinu hefur verið miklu meiri skilningur en áður var á nauðsyn raunverulegs greiðsluafgangs, en greiðsluhallapólitík fyrrv. fjmrh. var mjög ámælisverð, eins og ég hef hvað eftir annað bent á, þegar þessi mál hefur borið á góma hér á hinu háa Alþ. og annars staðar. En niðurstaðan er samt sem áður sú, að enn er ástandið afleitt, og þess verður að gæta, að síðustu ár hafa verið miklu meiri góðæri en árin, er greiðsluhallabúskapurinn var mestur árin fyrir 1950 og fyrst þar á eftir.

Hæstv. dómsmrh. gerði mikið úr því, að við stjórnarandstæðingar gagnrýndum stjórnina fyrir sitt hvað, sumir fyrir ónógan greiðsluafgang og aðrir fyrir of miklar álögur. Taldi hann, að í því fælist mótsögn í röksemdafærslu. En það ætti að vera óþarfi að benda hæstv. dómsmrh. á, að auðvitað gætu álögurnar minnkað og greiðsluafgangurinn samt vaxið, ef dregið væri nógsamlega úr útgjöldunum. Greiðsluafgangurinn er auðvitað mismunur tekna og gjalda, og greiðsluafgangur þarf ekki einvörðungu að vaxa þannig, að tekjurnar vaxi; hann getur einnig vaxið þannig, að gjöldin minnki. Er þetta ósköp augljóst mál. Hæstv. ríkisstj. hefði átt að kappkosta að draga úr útgjöldum sínum, spara á sem allra flestum sviðum. Tímar eins og þessir, sem við nú höfum lifað, eru einmitt tímar til þess að reyna að hafa uppi viðleitni til sparnaðar. Atvinnuástandið er þannig, að það ætti að vera hægt. En í stað þess hefur ríkisstj. eytt meira og meira. Svo að segja allir liðir fjárl. hafa farið sívaxandi frá ári til árs.

Kaupgjaldsmálin hefur borið mjög á góma í þessum umræðum um daginn og svo aftur núna. Í því sambandi vil ég skjóta fram einni athugasemd. Hvers vegna skyldu í raun og veru vera á ferðinni kröfur um hærra kaupgjald? Hæstv. ríkisstj. hefur talið sig vera formælanda svokallaðra frjálsra viðskipta og þá væntanlega einnig á vinnumarkaðnum. Hæstv. ríkisstj. telur væntanlega ekki, að þau lögmál, sem hún hvað eftir annað vitnar í að eigi að fá að ráða og eðlilegt sé að fái að ráða á vörumarkaðnum, lögmálin um framboð og eftirspurn, séu og eigi að vera algerlega óvirk á vinnumarkaðnum.

En hvernig er ástandið á vinnumarkaðnum? Það vita allir, að undanfarin 2—3 ár hefur verið mikið um yfirvinnu. Það er yfirleitt unnið 2, ef ekki 3 tíma í yfirvinnu, og stundum meira. Mikið hefur að því kveðið, að greitt hafi verið meira en samkv. gildandi taxta, það hefur verið um yfirgreiðslur að ræða, og alls staðar þar, sem kaupgjald fer eftir ákvæðisvinnutöxtum, en ekki eftir tímatöxtum, hefur raunveruleg útkoma úr ákvæðisvinnunni verið miklu meiri en úr tímavinnunni. Ef höfð er hliðsjón af þeim sígildu markaðslögmálum frjálsra viðskipta, sem hæstv. ríkisstj. er alltaf að vitna í og telur að eigi að fá að ráða alls staðar, þar sem þeirra geti gætt, ber þá þetta vitni um, að vinnan sé of hátt metin í gildandi kauptöxtum? Er ekki yfirvinnan og yfirgreiðslutaxtarnir ótvíræð sönnun þess, að þar, sem um frjáls viðskipti milli vinnusala og vinnukaupanda er að ræða, eru gildandi taxtar taldir of lágir? Yfirvinnan og yfirgreiðslurnar virðast m. ö. o. bera vitni um það, ef lögmál frjálsra viðskipta eru höfð í huga, að framleiðsluöflin séu ekki rétt hagnýtt, að það sé um að ræða ofnotkun á vinnunni. Það virðist borga sig að

hagnýta vinnu umfram venjulegan vinnutíma og meira að segja greiða verulega umfram taxta. Hverjum getur þá komið á óvart, þó að þrýstingur sé á vinnulaunataxtana upp á við? Allra sízt þeim mönnum, formælendum hæstv. ríkisstj., sem sýknt og heilagt hafa verið að vitna í, að það séu markaðsöflin, sem eigi að fá að ráða á vörumarkaðnum. Hverjir geta rekið upp stór augu, þegar sömu aflanna fer einnig að gæta á vinnumarkaðnum? Halda þeir menn, sem hafa gagngera vantrú á því, að það sé til nokkurs að blanda afskiptum ríkisvalds í þessi frjálsu öfl markaðsins á vörumarkaðnum, að geti verið eðlilegt eða sanngjarnt að spyrna gegn þessari hreyfingu, þegar sömu öflin verka á vinnumarkaðnum?

Í umræðunum hefur oftar en einu sinni verið vitnað í athugun hagstofustjórans, Klemens Tryggvasonar, og Ólafs prófessors Björnssonar, sem að aðalniðurstöðu er talin leiða það í ljós, að raunverulegur kaupmáttur verkamanna hafi hækkað um 1.1% á s. l. tveim árum. Ég get tekið undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að enginn, sem þekkir til, efast um vilja þessara manna til þess að leysa samvizkusamlega úr þeim dæmum, sem fyrir þá eru lögð En hafa verður hliðsjón af því, hvernig dæmið er, sem fyrir mann er lagt. Með hliðsjón af því getur margt verið við þessa niðurstöðu að athuga.

Í fyrsta lagi verður að benda á, að aukning kaupmáttarins fæst með því að taka tillit til skattalækkunar, til þeirra breytinga á skattstiganum, sem gerðar voru á síðasta þingi. En það má mjög um það deila, hvort það hafi verið eðlilegt í þessu sambandi að taka slíkt tillit til skattalækkunarinnar sem gert var, blátt áfram af því, að allir aðrir liðir, sem ganga inn í þessa athugun, eru þannig, að sama verðlagið gildir fyrir alla menn, hvort sem þeir hafa háar tekjur, lágar tekjur eða engar tekjur. Allir menn, hver sem tekjuhæð þeirra er, kaupa kartöflur og vefnaðarvörur á sama verði. En þessi kostnaðarliður, sem þarna er tekinn með í framfærslukostnaðinum, þ. e. a. s. skattarnir, er gerólíkur eftir því, hvaða tekjur menn hafa. Hann er hár, ef menn hafa háar tekjur, en lágur, ef menn hafa lágar tekjur, og enginn, ef menn hafa engar tekjur. Þetta veldur eðlismun á sköttunum sem lið í framfærslukostnaðinum, sem gerir það að verkum, að skattarnir eru yfirleitt ekki reiknaðir með, þegar reiknaðar eru út framfærslukostnaðarvísitölur. Það má mjög um það deila, hvort eðlilegt sé að taka tillit til hans þarna og þá á hvern hátt. En sé áhrifum skattstigalækkunarinnar sleppt, þá verða menn að hafa í huga, að þá kemur út — með aðferðum hagfræðinganna — rýrnun á raunverulegum kaupmætti um 2.9%. Skattalækkunin er m. ö. o. eina atriðið, sem hefur verkað til kaupmáttaraukningar hjá daglaunamanninum. Annars verður í þessu sambandi auðvitað að hafa fyrst og fremst í huga, að öll athugunin var byggð og ætlazt til þess að hún væri gerð á grundvelli vísitölugrundvallarins, sem allir vita að er orðinn mjög gallaður. Eins og hagfræðingarnir fengu dæmið, áttu þeir einskis annars úrkostar en að byggja svo að segja alla athugunina á vísitölugrundvellinum, eins og hann er núna. En þegar kaupgjaldið er bundið vísitölu, eins og nú á sér stað hér, þá er auðvitað ekki nema eðlilegt, að út komi nokkurn veginn óbreyttur kaupmáttur. Það dæmi, sem hæstv. ríkisstj. hefði átt að fela hagfræðingunum að athuga, var að athuga grundvöll vísitölunnar, að athuga hann af fyllstu gagnrýni og segja álit sitt um, hvort þessi grundvöllur væri sómasamlegur mælikvarði á raunverulegan kaupmátt launanna. Þá hygg ég, að skýrslan hefði orðið nokkuð öðruvísi en hún raunverulega varð. Sem dæmi um þetta nægir að benda á eitt, þ. e. a. s. á húsaleiguliðinn, sem er þannig í vísitölunni samkv. lagaákvæðum, að fjarri öllu lagi er. En opinberir embættismenn geta auðvitað ekki gengið fram hjá þeim staðreyndum, sem þar er um að ræða. Húsaleigan er ákveðin svona í vísitölunni, og þá verða þeir að taka tillit til þess í athugunum sínum. En húsaleiguliðurinn er fjarri öllu lagi. Það vita allir — og þeir auðvitað líka. Enn fremur er þess að geta, að neyzlusamsetning hefur breytzt mjög mikið undanfarið. Almenningur er farinn að neyta annarra vara en áður var. Það vita líka allir, að það skortir algerlega verðupplýsingar um ýmsar þær vörur, sem nú er farið að gæta mjög í almennri neyzlu þeirrar fjölskyldu, sem vísitöluútreikningurinn er miðaður við. Verðlagsstjóri hefur einfaldlega aldrei safnað slíkum upplýsingum, þær eru ekki fyrir hendi, og þess vegna var ekki von, að sérfræðingarnir gætu við þær miðað.

Ég tel, að ef höfð er hliðsjón af þessu, þá megi staðhæfa, að niðurstaðan hafi sýnt, að kaupmátturinn hefur lækkað nokkuð. Þó að ég treysti mér ekki til að nefna ákveðna tölu í því sambandi, þá er staðreyndin sú, að sé höfð hliðsjón af húsaleigunni og hinum nýju neyzluvörum, sem vitað er að hafa hækkað mjög mikið í verði, bátagjaldeyrisvörunum ýmsum, sem nú eru orðnar almennar neyzluvörur, þá sé staðreyndin sú, að niðurstaða athugunarinnar hafi sýnt, að kaupmátturinn hafi lækkað eitthvað. Þó er þetta auðvitað ekki nema önnur hlið á því máli, sem þarf að athuga, þegar svona dæmi er stillt upp. Hin er sú, hvort þjóðartekjurnar hafi aukizt eða minnkað. Eigi maður að gera sér grein fyrir, hvort eðlilegt sé, að tímakaup launþega hækki eða lækki, þá má gera það frá tveim sjónarmiðum. Annars vegar má athuga, hvort tímakaupið skili auknum eða lækkuðum raunverulegum tekjum, eins og þarna var leitazt við að gera á ófullkominn hátt, og svo hins vegar, hvort þjóðartekjurnar í heild hafi vaxið eða minnkað, því að hafi þjóðartekjurnar í heild vaxið, þá er auðvitað eðlilegt, að það komi m. a. fram í því, að tímakaupið hækki, af það kemur ekki fram í hinu, að verðlagið lækki. Það er búið að sanna, að það hefur ekki komið fram í því, að verðlagið lækki, það sýnir athugun hagfræðinganna. Verkamenn hafa m. ö. o. ekki fengið raunverulega kjarabót í lækkuðu verðlagi, raunverulegar tekjur þeirra hafa ekki aukizt þannig, og þá er spurningin: Er þróun þjóðarteknanna þannig, að engin ástæða sé til slíks? Hver skyldi sannleikurinn vera um þetta? Mér finnst mjög eðlilegt, að næsta spor hæstv. ríkisstj. verði að fela þessum mönnum eða einhverjum öðrum að

athuga það. Ég veit, að um það eru ekki til fullkomnar skýrslur. Þó veit ég það samkvæmt sæmilega áreiðanlegri athugun, að 1952—53 má telja, að þjóðartekjurnar hafi vaxið um 10—15%, og ég þori að staðhæfa, eins og allar aðstæður eru, að þær hafa ekki vaxið um minna á árunum 1953—54, þannig að óhætt muni vera að segja, að þjóðartekjurnar á s. l. tveimur árum hafi vaxið einhvers staðar á milli 20 og 30%. (Gripið fram í.) Auðvitað, ég ætlaði einmitt að koma að því. Hlutdeild í þessari aukningu hafa launþegar sumpart fengið á þann hátt, að yfirvinna hefur vaxið, en það þarf að athuga, hvort allur tekjuaukinn sé í því falinn. Ég leyfi mér mjög að draga í efa, að svo sé, en þetta þyrfti að athuga. Ef þessum hliðum á málinu er sleppt, þá er aðeins verið að ræða um aðra hliðina, en hin, sem er ekki síður mikilsverð, algerlega vanrækt. Það er um ófullnægjandi, ef ekki beinlínis villandi málflutning að ræða.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 7. marz, var enn fram haldið umr. um bráðabirgðayfirlit fjmrh.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er nú komið svo með þessar umræður, að með tilliti til þeirra deilna, sem nú fara í hönd, og þess ástands, sem ríkir sem stendur í þjóðfélaginu, er auðséð, að þær eru komnar inn á þann vettvang að ræða ekki sízt um launakjör verkalýðsins og efnahagsástandið í þjóðfélaginu sjálfu. Ég álít að mörgu leyti, að slíkt sé vel farið, og það hafa síðan ég talaði hér verið fluttar fjórar ræður af hálfu hæstv. ráðherra, sem allar hafa fjallað um þessi mál, og ég verð þess vegna að biðja hæstv. forseta afsökunar, þó að ég fari nokkuð út fyrir það, sem upphaflega lá hér fyrir í þessu máli, með tilliti til þeirra ræðna, sem þegar hafa verið fluttar hér, því að ég vil taka það fram, að ég álít það ákaflega mikilvægt fyrir Alþingi, að við reynum, ef þess er nokkur kostur, að gera okkur eins óhlutdrægt og hægt er — og samt án þess að vera að fara í nokkra launkofa með okkar skoðanir í þessum efnum — grein fyrir því efnahagsástandi, sem við stöndum frammi fyrir, alvarleika þeirra deilna, sem í uppsiglingu eru, og möguleika okkar þjóðfélags á að leysa þær, og ég vil þess vegna leyfa mér nokkuð ýtarlega að taka fyrir ýmislegt af því, sem hæstv. ráðherrar hér hafa komið með.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir á grundvelli rannsókna, sem hann taldi hafa farið fram, að kaupmáttur launa hefði svo sem ekkert breytzt, og því hefur verið haldið fram hér af mörgum ráðherrum, að opinberar stofnanir, alveg hlutlausar stofnanir, hafi framkvæmt rannsóknir, og það hefur verið sagt, þegar efazt hefur verið um gildi þessara rannsókna af hálfu stjórnarandstæðinga, að það væri verið að drótta alls konar illum hvötum að þeim mönnum, sem fyrir stofnunum standa. Við verðum að gá að í þessu sambandi, að það er hæstv. ríkisstj., sem ræður því, hvaða rannsóknir eru látnar fara fram. Það er hún, sem hefur lagt það fyrir ákveðnar stofnanir að rannsaka ákveðna hluti, og við skulum aðeins taka eitt atriði af því, sem ríkisstj. hefur látið rannsaka. Það er það, sem hæstv. fjmrh. er að tala um: kaupmáttur launa hefði svo sem ekkert breytzt og hagstofan hefði komizt að þessari niðurstöðu. Á hvaða grundvelli hefur hagstofan komizt að þessari niðurstöðu? Í grundvelli núverandi vísitölu. Og hvernig er sjálfur vísitölugrundvöllurinn, sem hagstofan þarna reiknar með, þ. e. undirstaðan undir þessum svokölluðu óhlutdrægu útreikningum? Húsaleigan í þessari vísitölu, eins og hún er nú, er reiknuð 116, og það er reiknað með 4800 kr. á ári, eða 400 kr. í húsaleigu á mánuði fyrir fimm manna fjölskyldu. Húsaleigan er sá liðurinn í vísitölugrundvellinum, sem tvímælalaust er vitlausastur. Sé húsaleigan tekin út úr og reiknað með hinum þáttunum, matvörunni, eldsneytinu og slíku, þá mundi vísitalan vera 174 í staðinn fyrir 161. En við skulum ofur lítið athuga, hvernig færi, ef við færum að reikna með húsaleigunni eins og hún er. Það eru að vísu engar skýrslur til einu sinni um, hvað húsaleigan er í dag, en við skulum segja, að við reiknuðum með 1200 kr. á mánuði fyrir 4—5 manna fjölskyldu, og ég býst við, að það væru hundruð fjölskyldna, sem mundu fagna því að geta fengið húsnæði fyrir 1200 kr. á mánuði. Hvað mundi þá verða? Ef við reiknuðum þannig, þá mundi vísitalan hækka um 47.5%. En auðvitað skal ég viðurkenna um leið, að náttúrlega skekkist allur grundvöllurinn og verður vitlaus, ef við förum að taka húsaleiguna eina þannig út úr, en svona er ástandið sem sé. Svona veikur er þessi grundvöllur, sem þarna er byggt á, þannig að þetta segir ekki neitt, þessar rannsóknir verða aðeins áróður.

Svo skulum við að síðustu taka sjálfan grundvöllinn, sem byggt er á í því, sem maður telur þó einna eðlilegast koma út, matvörunum og þess háttar. Hvernig er þessi grundvöllur? Þessi grundvöllur er nú miðaður við 1939, hann er miðaður við fátækt, sem a. m. k. þorrinn af ungu kynslóðinni alls ekki gerir sér grein fyrir, hvernig hafi verið. Og vegna þess að þessi vísitölugrundvöllur er miðaður við slíka fátækt, næstum eymd, þá hefur verið miðað við það við alla tolla, við allan bátagjaldeyri og allt slíkt, sem lagt hefur verið á á síðustu árum, að láta þetta ekki lenda á þessum fáu vörum, sem inn á vísitölugrundvöllinn koma, þannig að hann skekkist allur saman. Þetta verður spémynd, sem út kemur. Ég vil aðeins minna hv. þm. á örfá dæmi í sambandi við þetta og minna um leið á, að hæstv. ráðh. hafa sagt, að það væri byggt á beztu heimildum, sem fáanlegar voru. Hvernig er í vísitölugrundvellinum, sem nú er, — við skulum taka t. d. nautakjöt? Hverju er reiknað með af nautakjöti handa fimm manna fjölskyldu? Það er reiknað með 1.33 kg á ári. Það er það, sem reiknað er í neyzlu manna viðvíkjandi nautakjöti. Við skulum taka annað dæmi í matvörunum, það eru sveskjur. Það er reiknað með 0.41 kg, þ. e. 400 g á fimm manna fjölskyldu á ári af sveskjum. Það er reiknað með svo fátæklegu mataræði, að allur þorri alþýðumanna í dag gerir sér varla grein fyrir því lengur, a. m. k. ekki þeir yngri, hvernig það var, þegar þessi vísitölugrundvöllur var raunhæfur, var rétt mynd af þeirri fátækt, sem alþýða manna bjó við á Íslandi. Hverju var reiknað með af húsgögnum í

þessum vísitölugrundvelli? Það er ekki reiknað með neinum. Það er ekki reiknað með húsgögnum handa verkamannafjölskyldu 1939, enda munum við, sem höfum fylgzt með í þessu, að það þótti af hálfu vissra forsvarsmanna atvinnurekenda hneyksli, þegar verkamenn á árunum 1943—44 fóru að kaupa sér hægindastól, — að verkamaður, sá maður, sem var þreyttur eftir dagsins erfiði, skyldi eignast hægindastól til þess að hvíla sig í; það þótti hneyksli, var í frásögur færandi í samningum á milli atvinnurekenda og verkamanna. Það var ekki reiknað með húsgögnum, það var ekki reiknað með, að menn ættu almennt lak á rúmið eða ver utan um koddana. Þannig var ástatt hjá fjölda af mönnum. Og sama myndin er viðvíkjandi kröfunum til skemmtanalífsins, einhverrar lífsnautnar. Hvað er reiknað með mikilli eyðslu í kvikmyndahús í þessum vísitölugrundvelli? Það er reiknað með 8.75 kr. 1939. Það mundi samsvara því, að ein svona fimm manna fjölskylda færi máske einu sinni á ári í bíó; algengasta skemmtun fólksins nú á tímum. Og hverju er reiknað með í leikhús? Í grunntölunni 1939 er reiknað með 48 aurum á alla fjölskylduna á ári í leikhús. Þetta er það, sem mönnum er ætlað að lifa af, og þetta er það, sem allt er síðan byggt á. Svona er grundvöllurinn. Alþingi er á millitímanum frá 1939 búið að samþykkja lög um orlof og annað slíkt. Það er álitið sjálfsagt, að menn eigi að fá sumarleyfi og geti hvílt sig. Hverju er reiknað með í sumarleyfi 1939? 6.24 kr. fyrir fimm manna fjölskyldu. Þó að við segðum, að það væru 60 kr. í dag; hvað er það? Svona er þessi grundvöllur. Og svo er sagt við okkur hérna: Beztu heimildir, sem fáanlegar eru. Kaupmáttur launa hefur svo sem ekkert breytzt. — Til hvers er að bjóða mönnum upp á svona, ef á að ræða mál af alvöru?

Íslenzk alþýða bjó við slíka fátækt, að þetta var einu sinni rétt spegilmynd af hennar lífi. Hún býr til allrar hamingju ekki við þessa fátækt lengur, og það er henni sjálfri að þakka, hún hefur brotizt upp úr henni. En það þýðir ekki heldur að ætla að fara að leggja svona vísindi til grundvallar, þegar á að fara að ræða, hvort það sé hægt að finna lausn á þeim vandamálum, sem nú eru fyrir höndum. Hví hefur ríkisstj. ekki látið rannsaka, hvað hin raunverulega húsaleiga er? Það var að vísu dálítið erfitt. Það er nefnilega þannig með mjög mikið af húsaleigunni í Reykjavík í dag, að hún er bundin þagnarheiti, að það er borgaður ákveðinn hluti opinberlega, og það er ekki gefið upp, sem er þar fram yfir. Menn hafa samt ýmsar aðferðir til þess að komast að því. Menn gætu t. d. auglýst í Morgunblaðinu eftir að fá íbúð eða herbergi og séð, hvaða tilboð kæmi. En hvað er þessi leiga? Ég þekki t. d., að verkamaður, sem vinnur átta tíma á dag, Dagsbrúnarmaður, sem vinnur sinn reglulega vinnutíma, hefur ekki yfirvinnu, hefur sínar 36 þús. kr. á ári, sem sé örugga vinnu, borgar 16 þús. kr. í húsaleigu. Hvernig haldið þið að lífið verði hjá fjölskyldum, sem svona stendur á hjá? Og það er ekki einsdæmi. Þetta hefur aldrei verið rannsakað, þetta hefur aldrei fengizt rannsakað.

Það hefði mátt rannsaka, hvað hinir raunverulegu vextir eru, sem greiddir eru í bænum, hvaða kjörum þeir menn verða að sæta, sem af miklum dugnaði brjótast í því að reyna að koma upp húsum yfir sig og njóta vissrar aðstöðar frá því opinbera í því sambandi, þó takmarkaðrar.

Það mætti enn fremur rannsaka gróða vissra fyrirtækja, og ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að svo að segja allar ríkisstj. annarra landa láta rannsaka þessa hluti. Við getum fengið hjá sænsku hagstofunni eftir hvert ár yfirlit yfir afkomu atvinnulífsins í hverri einstakri iðngrein. Við getum séð, við skulum segja í því fagi sem snertir málmvinnsluna, hvað mikið var greitt í laun fyrir málmvinnslu á þessu ári og hvað mikill er sá gróði, sem atvinnureksturinn og hlutafélögin, sem þarna starfa, gefa upp. Við getum tekið þetta saman hvað snertir verkstæðin í Svíþjóð, og við höfum þessar tölur til, og ég get lagt þær hérna fram. Og reynslan í þessu er, t. d. hvað málmiðnaðinn snertir, að öll launafúlga verkamannanna, sem út er greidd á árinu, er álíka há og bruttógróði atvinnurekstrarins. Þetta mikill er gróðinn. M. ö. o.: Það er stórgróði og vaxandi gróði, t. d. hjá þessum sænska atvinnurekstri. Þó veit ég, að samsvarandi greinar hérna heima, við skulum segja í þessu sambandi t. d. stóru járnsmiðjurnar, eru eins vel búnar að vélum og hafa eins góða fagmenn og þær sænsku. Við höfum hins vegar enga slíka rannsókn hérna heima á þessu sviði. Og þetta er ekki aðeins hjá Svíum; við getum fengið þetta sama í Bandaríkjunum. Ár eftir ár er það birt alveg nákvæmlega, hver gróði amerísku auðfélaganna er, hver upphæð greiddra vinnulauna er. Við höfum ekki neitt af þessu hér heima, ekki neinn aðgang að því, og hvernig stendur á því? M. a. máske þannig, að svo og svo mikið af öllum gróða íslenzkrar auðmannastéttar byggist á skattsvikum og að það er oft erfitt fyrir það opinbera að eiga að komast fyrir um, hvernig þarna er. Það verður a. m. k. að hafa þá mjög harðvítug hagstofueða skattstofuyfirvöld, sem reyna, þó að þau fái ekki rétta mynd af því, sem ætti að greiða í skatt, að gera sér einhverja hugmynd um þann gróða, sem þarna skapast. M. ö. o.: Þetta er eitt af því, sem veldur því, að það er erfiðara að gera upp óhlutdrægt og fyrir fram, hvernig þessir hlutir standa hér á Íslandi, heldur en í ýmsum af þeim löndum, sem við þekkjum bezt til.

Ríkisstj. hefur ekkert skeytt um að breyta þarna til og láta rannsaka þetta og fela hagstofunni slíkar rannsóknir, en hún lætur birta núna tölur eins og í sambandi við vísitöluútreikninginn, sem raunverulega hafa bara þau áhrif að reyna að dylja þann gróða, sem skapast.

Það er ekki til neins að rannsaka vitlausar vísitölur og reikna út frá þeim í staðinn fyrir að reyna að komast til botns í því, hvernig er ástandið í þjóðfélaginu. Skapast gróði? Hvar skapast hann og hvernig? Í staðinn fyrir að reyna slíkt, þá kemur hæstv. fjmrh., sem mikið hefur talað þegar í þessu máli, fram með dylgjur, — sá aðilinn, sem ætti að hafa bezta aðstöðu og þar að auki er gamall skattstjóri og ætti að þekkja þetta ofur lítið. Hver er aðaluppistaðan í allri þeirri ræðu og þeim tveim ræðum, sem hæstv. fjmrh. hefur haldið í þessum efnum? Jú,

hans aðaluppistaða er þessi trúarbrögð: Mér dettur ekki í hug, að það vaki neitt annað fyrir kommúnistum en að koma af stað öngþveiti. — Hann kemur hér með fullyrðingar, sem hann náttúrlega reynir ekki að færa neinar röksemdir fyrir, og fullyrðir síðan, að allar þær kröfur, sem verkalýðurinn gerir til batnandi lífskjara, séu nokkuð, sem þessir voðalegu menn, þessir kommúnistar, — og það er auðséð, að hann á við Sósfl., — hafi komið af stað með það fyrir augum að eyðileggja þjóðfélagið og koma af stað öngþveiti. Og ég verð að segja það, að þegar fjmrh. einnar þjóðar á þeim alvöruríku tímum, sem við lifum, leyfir sér að koma fram með svona fullyrðingar og byggja alla sína afstöðu í alvörumáli þjóðarinnar á svona fullyrðingum, þá verður ekki komizt hjá því að taka fyrir hans hugmyndir í þessum efnum og rannsaka, hvað það þýðir, þegar slíkar hugmyndir fá að ráða. Og þetta er ekki nýr söngur hjá hæstv. fjmrh., að kommúnistarnir, eins og hann kallar það, séu að koma af stað öngþveiti og með vinnudeilunum eigi nú að eyðileggja þjóðfélagið. Þetta er ekki nýr söngur. Þetta er sami gamli söngurinn sem hann nú er búinn að kyrja hér í meira en 15 ár. Þessi hæstv. fjmrh. hefur á síðasta hálfum öðrum áratug ekkert lært og engu gleymt. Hann heldur enn þá, að þjóðfélagið hrynji, svo framarlega sem verkamenn hafa meira en til hnífs og skeiðar.

Við skulum nú athuga þessa afstöðu hæstv. fjmrh., hans framferði í þessum hlutum, þegar hann var með svipaðan söng áður, og afleiðingarnar fyrir þjóðfélagið, ef henn hefði komizt upp með að beita þeirri sömu pólitík sem hann leggur til að beitt sé í dag.

Ég gaf með vísitölumyndinni áðan nokkra hugmynd um, hvernig verkalýður Íslands lifði 1939 og á árunum þar á eftir, og hann lifði þannig enn þá og verr í árslok 1941 og ársbyrjun 1942. Kjör verkalýðsins höfðu þá farið versnandi frá því 1939, og verkalýðurinn heimtaði kjarabætur. Stærsti atvinnurekandinn á Íslandi var þá útlendur her, og allar þær kjarabætur, sem verkalýðurinn hefði knúið fram, hefðu meira að segja þar að auki þýtt gjaldeyrisávinning fyrir þjóðina. Hvernig leit hæstv. fjmrh. þá á, að þessar kjarabætur, sem verkalýðurinn heimtaði, væru? Hann leit á það eins og núna, að kjarabætur væru stórhættulegar, að það væru ótætis kommúnistarnir, eins og hann kallar það, sem væru að koma öllu af stað í öngþveitið og væru að eyðileggja þjóðfélagið. Það virtist ekki þá frekar en nú komast inn í hans höfuð, að verkamaðurinn gæti sjálfur átt neina minnstu löngun til þess að geta borðað kjöt meira en einu sinni í viku, að þurfa ekki að hafa „tros“ 6 daga vikunnar, að verkamaðurinn vildi gjarnan eiga húsgögn, að verkamaðurinn vildi gjarnan geta keypt sér lök og ver utan um koddana sína, að hann vildi jafnvel geta kostað börnin sín í skóla. Það virtist ekki geta komizt inn í höfuðið á þessum hæstv. fjmrh., að verkalýðurinn hefði eðlilegar lífskröfur til þess að öðlast betri kjör. Nei, það virtist alltaf vera skapað af einhverjum árðursmönnum, helzt útsendum af erlendu valdi, sem væru að æsa verkalýðinn upp, gera hann óánægðan með þessi prýðilegu lífskjör sín. Að verkalýðurinn hefði áhuga fyrir mánaðarlegri vísitölu eða 8 tíma vinnudegi eða öðru slíku, nei, það gat ekki hugsazt.

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hafði þá aðstöðu til þess, ekki aðeins að láta í ljós í orðum, að það væri hættulegt, sem verkamenn væru að heimta, hann hafði líka vald til þess að geta beitt sér gegn því, og hann beitti því valdi. Hann setti þá lög, sem bönnuðu allar kjarabætur verkamanna, sem bönnuðu verkföll, þannig að það lá við í þeim lögum, að ef verkamenn gerðu verkföll, yrðu sjóðir verkalýðsfélaganna gerðir upptækir og foringjar verkalýðsfélaganna dæmdir í fangelsi. Þetta var draumur hæstv. fjmrh., er hann hafði vald til þess að geta fylgt sínum vonum eftir. Þá setti hann lögbann við kauphækkunum, og kjör verkalýðsins voru þá eins og ég hafði lýst þeim áðan. En hvað gerðu verkamenn þá? Þeir brutu þessi lög. Þeir sópuðu burt þessum lögum, sem voru draumsjón Eysteins Jónssonar, og þeir sópuðu burt eymdinni, sem þessi lög áttu að viðhalda hjá þeim. Og afleiðingarnar voru þær, að á árunum á eftir sköpuðu verkamenn sér þolanleg lífskjör, — lífskjör, sem þeir þá héldu alveg fram til 1947, beztu lífskjörin, sem þeir nokkurn tíma hafa búið við.

Og það var ekki nóg með, að þeir sköpuðu sér góð lífskjör. Þeir sköpuðu líka þjóðinni grundvöll að betri lífskjörum. Allt það, sem verkamenn áunnu með skæruhernaðinum 1942, með kauphækkunum þá og 1944 og þar á eftir, skóp allar þær erlendu innstæður, sem við Íslendingar áttum í stríðslok, þær rúmar 500 milljónir, sem við áttum þá. Okkar útflutningur og innflutningur á öllum stríðsárunum stóðst alveg á endum. Það voru rúmar 1200 millj. kr. öll þau árin. Það, sem við áttum í inneignum í stríðslok, stafaði fyrst og fremst af kauphækkunum verkamanna hér innanlands, þeim kauphækkunum, sem hæstv. núverandi fjmrh. ásamt fleirum ætlaði sér að koma í veg fyrir og hann áleit vera þjóðarógæfu. Allt það fé, sem við höfðum til þess að kaupa fyrir okkar nýsköpunartæki í stríðslokin, var skapað fyrst og fremst með þeim kauphækkunum, sem verkamennirnir þá knúðu fram. Þá hafði hæstv. fjmrh. básúnað, eins og hann gerir nú, að verkamenn hefðu ætlað að eyðileggja þjóðfélagið, koma af stað öngþveiti, og þetta væru auðvitað ótætis kommúnistarnir eins og vant væri, og hefði hann haft vald, eins og hann reyndi fyrst að beita þá, til þess að framfylgja sinni pólitík, þá hefði íslenzkum verkalýð verið haldið niðri í sömu fátæktinni og hann þjó við 1939 og þjóðinni í þeirri eymd að geta ekki endurnýjað sín atvinnutæki í stríðslok. Þetta blinda ofstæki hæstv. núverandi fjmrh. á móti kaupkröfum verkalýðsins hefði orðið þjóðarógæfa, ef bak við hann hefði búið nægilegt vald, til þess að hann hefði getað haldið sinni stefnu þá til streitu.

Fyrir sigur verkamanna 1942 hrökklaðist Eysteinn Jónsson, núverandi hæstv. fjmrh., út úr ríkisstj., og hann komst ekki inn aftur fyrr en 1947, þegar ógæfan dundi aftur yfir Ísland. Á þeim tíma, sem hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hefur verið utan ríkisstjórnar, hefur íslenzkur verkalýður lifað sitt fegursta og affarasælasta skeið. Á þeim tíma hefur hann búið við þau

beztu lífskjör, sem hann hefur fram að þessu búið við á Íslandi.

Hafði nú hæstv. fjmrh. lært nokkurn skapaðan hlut, meðan hann var utan ríkisstjórnar? Nei, og það skal ég að vissu leyti segja honum til heiðurs, að það er nákvæmlega sama afturhaldið hjá hæstv. fjmrh., þá sjaldan sem hann á þessum síðustu áratugum á Íslandi hefur verið utan við ríkisstj., eins og þegar hann hefur verið í henni. Ég skal alveg viðurkenna þann heiðarleika hjá honum.

1944 gerðu verkamenn kauphækkunarkröfur aftur, og það kom aftur til átaka, þar sem núverandi hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, kom við sögu. Í sept. 1944 vofðu yfir verkföll, og á sama tíma komu fram nýsköpunartillögur Sósfl. Hvaða afstöðu tók hæstv. fjmrh. þá? Hann heimtaði kauplækkun. Hann stóð jafnvel með því, þegar tilraun var gerð til þess af utanþingsstjórninni í sept. 1944 að lögbjóða kauplækkun. Og hvaða afstöðu tók hann til þeirra till., sem Sósfl. þá flutti fram um að nota erlendu innstæðurnar til þess að byggja upp atvinnulífið? Ja, ég veit ekki nema menn séu kannske farnir að gleyma þeirri afstöðu, sem hæstv. fjmrh. þá tók. Það gerir máske ekki til a. m. k., þó að hún sé rifjuð upp. Þá vofðu yfir verkföll alveg eins og nú. Og þá sat samninganefnd að störfum um að reyna að koma á ríkisstjórn. Og hver var afstaðan, sem hæstv. fjmrh., sem nú er, og hans blað, Tíminn, tóku á þeim tíma? Ég ætla að leyfa mér að vitna ofur lítið í hann, bara til þess að menn sjái, að það er sami söngurinn sem þá kvað við eins og núna. 15. september sagði þá Tíminn í ritstjórnargrein undir fyrirsögninni „Friðarskraf kommúnista“ eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkföllin, sem nú standa yfir eða eru í undirbúningi, eru nýjasta sönnun þess, að kommúnistar meina ekkert með friðar- og samningsskrafi sínu, heldur vinna markvíst að upplausn og eyðileggingu ríkjandi þjóðskipulags með öllum athöfnum sínum. Friðar- og samningaskrafið er aðeins ætlað til að reyna að dylja þennan raunverulega tilgang.“

29. september 1944 birtist mikil grein í Tímanum undir fyrirsögninni „Friðarvilji kommúnista í verki“:

„Þeir halda áfram verkföllunum og magna kauphækkunarbaráttuna. Hvað lengi á marklaust friðarskraf þeirra að tefja viðræðurnar um stjórnarmyndun?“

Þetta er söngurinn og þannig áfram, þegar verið var að semja milli fjögurra flokka hér í þinginu þá um þær till., sem sósíalistar höfðu lagt fyrir, og um þær vinnudeilur, sem þá stóðu yfir eða vofðu yfir. Og svar hæstv. fjmrh. og þess hluta af Framsfl., sem hann réð þá, var, að það, sem þá yrði að gera, væri að lækka kaupið, og ekki að tala um að semja um neina kauphækkun og því síður um ríkisstjórn. Í grein, sem Eysteinn Jónsson skrifaði í Tímann 4. nóv., þegar prentaraverkfallinu var lokið og nýsköpunarstjórnin komin á, var hann mjög að gera gys að stjórnarmynduninni og lýsa því hruni, sem í vændum væri, og sagði, að það væri hlægilegt að gefa mönnum kost á að kaupa gjaldeyri til að auka atvinnureksturinn „við þessi glæsilegu skilyrði“, sagði hann í háðsskyni, — og segir:

„Þetta á að gerast nú rétt í stríðslokin, þegar svo að segja dag hvern er von á lækkuðu útflutningsverði.“

Og síðan, 7. nóv., staðfestir Tíminn áfram þetta með því að segja:

„Það eina, sem hægt er að gera raunhæft og mikilvægt fyrir útgerðina, er að lækka kaupgjaldið og verðlagið.“

Með öðrum orðum: Öllum till. verkalýðsins um bætt kjör fyrir sig og stórkostlegasta átaki þjóðarinnar til þess að bæta hennar lífskjör til frambúðar var svarað með því einu: Það verður að lækka kaupgjaldið, svo að segja hvað sem það kostar. — Og það hafði greinilega komið í ljós líka hjá Tímanum þá áður, að Framsfl. fannst hann þurfa að stappa stálinu í atvinnurekendur. 21. júlí 1944 sagði Tíminn í ritstjórnargrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef til andstöðu atvinnurekenda kæmi, mundu líka skapast verkföll og ófriður í þjóðfélaginu, sem yrði atvinnulífinu til mikils trafala. Þó er vafalaust, að slíkur ófriður væri þjóðfélaginu ekki skaðlegri en þetta algera undanhald atvinnurekenda í kaupgjaldsmálunum.“

Og þannig gæti ég haldið áfram endalaust. Þetta var afstaðan 1944 hjá Eysteini Jónssyni, hæstv. núverandi fjmrh., þegar fyrir lágu frá verkamönnum annars vegar kröfur um nokkra kauphækkun, hins vegar tillögur um svo stórfellda breytingu á íslenzku atvinnulífi, að það gæti borið ekki aðeins þá kauphækkun, heldur líka kauphækkanir í framtíðinni. Inn í koll Eysteins Jónssonar komst ekkert annað en að þetta væri allt saman hrekkjabrögð og vélabrögð kommúnista, að þetta miðaði allt saman að því að eyðileggja þjóðfélagið. Og út frá þessu tekur hann þessa fjandsamlegu afstöðu gegn því og lætur í blaði sínu boða atvinnurekendum það, að þeir skuli nú vera sem harðsvíraðastir, bara ekki láta undan verkamönnum, bara ekki semja við verkamenn, það geri ekkert til, þó að atvinnulífið stöðvist í einn mánuð, tvo mánuði, sex mánuði, það geri ekkert til, þó að þjóðin verði að éta út allar útlendu innstæðurnar, sem hún átti þá, meðan hún stæði í vinnudeilunum hérna innanlands. Allt þetta átti að leiða yfir þjóðina út frá þessu sama blinda ofstæki. Meira að segja sjálft orðalagið í sumu af þessu kom þannig fram eins og hann gerði sér stundum vonir um, að það væri lækkandi útflutningsverð, sem Íslands biði, þannig að það gæti ekki sýnt sig, að sú trú, sem við þá höfðum á hækkandi útflutningsverði, ætti við rök að styðjast, sem reyndist þó vera það rétta. M. ö. o.: Ef hæstv. núverandi fjmrh. hefði með þessu blinda ofstæki sínu gagnvart kaupkröfum verkamanna fengið að ráða þá, þá hefði Ísland misst af öllum þeim möguleikum, sem það þá hafði til þess að skapa sér öruggan efnahagslegan grundvöll með þeirri nýsköpun sjávarútvegsins, sem þá var framkvæmd. En gæfa þjóðarinnar var það mikil á þeim tíma, að Eysteinn Jónsson svo að segja vék sjálfum sér til hliðar, fór út úr íslenzkri pólitík í svipinn, tilkynnti 3. okt. hinum þrem flokkunum, að hann væri hættur öllum tilraunum til samninga, og

bauð nokkru seinna Sjálfstfl. upp á að mynda ríkisstj. með honum einum, þar sem Framsfl. eðlilega minntist ekki á neina nýsköpun sjávarútvegsins eða neitt slíkt. Þá dæmdi hæstv. núverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson, Framsfl. út úr íslenzkri pólitík í sinni blindu trú á hrunið, í sínu ofstæki gegn kauphækkunarkröfum verkamanna. Þá brauzt Framsfl. frá sókn hinna vinnandi vega, og ég býst við, að seinna meir hafi sá flokkur máske séð það, að hann gerði einhverja mestu pólitíska vitleysu, sem hann hefur gert á sinni ævi. En íslenzkur verkalýður aftur á móti gekk þá braut, sem var þjóðinni til heilla, og skapaði sjálfum sér þau beztu lífskjör, sem hann hefur átt við að búa.

En hvað var það, sem hæstv. núverandi fjmrh. vildi í september 1944 og október 1944? Hann vildi þá mynda stjórn með Sjálfstfl. um að lækka kaupið, um að fara í allsherjar stéttabaráttu hér á Íslandi. Þetta mistókst. Það tókst að koma á sættum milli atvinnurekenda og verkamanna. Og það tókst með samstarfi af þeirra hálfu að leggja grundvöll að miklu framfaraskeiði í sögu íslenzks atvinnulífs. Núna prédikar hæstv. fjmrh. nákvæmlega sama ófriðinn og eyðileggingunа og hann vildi koma á þá. Nú er tekin nákvæmlega sama fjandsamlega afstaðan gagnvart öllum kaupkröfum verkamanna. Nú er sagt, að allar þessar kaupkröfur verkamanna séu ekkert annað en tilraunir frá hálfu Sósfl. til þess að koma þjóðfélaginu í öngþveiti. Er nú ekki hv. Alþ. búið að sjá á þessum undanförnu áratugum nógu rækilega, hvernig þessi árátta hjá hæstv. fjmrh. leiðir til ófarnaðar, ef hann hefur vald til þess að koma henni í framkvæmd, en ef hann fær ekki að ráða í þessum efnum, hvernig hægt er þá að tryggja batnandi lífskjör verkalýðsins, öruggan efnahagslegan grundvöll þjóðarinnar og vinna að því, sem mun sýna sig að vera gæfa fyrir allt þjóðfélagið? Ef hæstv. fjmrh. gæti gert sér sjálfur grein fyrir því, væri það gott, en a. m. k. er tími til þess kominn, að Framsfl. fari að gera sér grein fyrir því: Kemur Framsfl. til með að dæma sig út úr íslenzkri pólitík með tímanum með svona afstöðu gagnvart verkalýðnum?

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, talaði af nokkru yfirlæti út af því, sem hv. 3. landsk. (HV) talaði um Hitler, hvað óviðeigandi væri að hafa nokkurn samanburð í þeim efnum. En finnur ekki hæstv. fjmrh. sjálfur, að bakterían, sem eitrar honum allt útsýni í íslenzkum stjórnmálum, er ein af þeim, sem runnar eru frá nazismanum og blinduðu Hitler og þá, sem réðu þýzku þjóðinni, þessi starblindi andkommúnismi að sjá djöfulinn í hverju horni og hans vélabrögð í hverri viðleitni verkalýðsins til bættra lífskjara, þessi óforbetranlega, ofsatrúarkennda blindni og ofstæki, sem sviptir menn allri rökréttri hugsun? Svona afstaða leiðir hvern flokk, sem er heltekinn af henni, fyrr eða seinna til pólitísks sjálfsmorðs. Ég vil vara Framsfl. við því að láta svona afstöðu, sérstaklega ef hún er athuguð í ljósi staðreyndanna frá undanförnum áratugum, ráða gerðum sínum nú. Það á ekki að heyrast, að þeir staðlausu stafir, sem hæstv. fjmrh. hefur leyft sér að hafa um hönd hér í þessum umr., heyrist á þessum vettvangi, og það ætti sízt af öllu að koma fyrir með hliðsjón af þeirri reynslu, sem við þegar höfum í þessum efnum. Þetta vildi ég segja út frá því, sem hæstv. fjmrh. sagði, af því að ég veit, að það er þessi firra, sem hefur markað afstöðu hans gagnvart þessum vinnudeilum, sem nú eru, og meðan slíkri firru er haldið og hún er hjá ráðandi mönnum, þá er ómögulegt að finna neina lausn af skynsemi.

Þá skulum við koma að þeirri spurningu, sem eðlilega kemur hvað eftir annað inn í þessa umr.; og það er spurning, sem hæstv. forsrh. alveg sérstaklega hefur komið með hvað eftir annað. Það er spurningin um gjaldeyrinn og gengi íslenzku krónunnar.

Fyrsta málið, sem við verðum að rannsaka í þeim efnum, er: Hlýtur gengi íslenzku krónunnar að falla, ef laun verkamanna eru hækkuð? Og við verðum að reyna að kryfja það til mergjar í þessu sambandi, á hverju íslenzkur gjaldeyrir byggist og hans gengi og hvernig hann verður bezt tryggður. Það hefur verið talað mikið um hótanir í þessu efni, um hótanir m. a. frá hæstv. forsrh., og sagt, að hann hafi verið með hótanir um að lækka gengið, ef kaup yrði hækkað. Slík hótun er alls ekki frá hæstv. forsrh. Slík hótun er upprunalega fram komin frá allt öðrum og jafnvel voldugri aðilum. Í frv. til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem lagt var fyrir Alþ. 1950, í 2. gr., eins og það frv. var lagt fyrir, er svo hljóðandi ákvæði, eftir að í 1. gr. er ákveðið, hvernig gengið skuli vera; þar stendur í síðari málsgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í þessum lögum. Skal bankinn, svo fljótt sem kostur er, gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum."

Þarna kom fyrsta hótunin fram um að tengja gengi íslenzks gjaldeyris við launabreytingar innanlands. Þetta frv. var samið af amerískum sérfræðingi. Þetta frv. var sent til þáverandi hæstv. ríkisstjórnar frá Ameríku með dr. Benjamín Eiríkssyni, og þessi grein sýndi vilja Alþjóðabankans, Efnahagsstofnunarinnar og þeirra aðila, sem um þetta höfðu fjallað. Hún sýndi vilja þeirra til að tengja gengi íslenzks gjaldeyris við laun verkamanna á Íslandi. Þarna var hótunin beint sett fram. Þarna átti að taka valdið af Alþ. að ákveða gengið, flytja það yfir í Landsbankann og fyrirskipa landsbankastjórninni að taka það til endurskoðunar í hvert skipti, sem launabreyting yrði hér heima. M. ö. o.: Ameríska auðvaldið, sem á bak við þetta stóð, gerði kröfu til þess, að svo framarlega sem íslenzkir verkamenn hækkuðu sitt kaup, þá skyldi gengi íslenzkrar krónu verða lækkað. Og þetta ameríska auðvald, sem gerði þessa kröfu í þessu frv. þá, var það sama auðvald sem var að búa sig undir að verða stærsti atvinnurekandi hér á Íslandi, það sama auðvald sem var þá orðið og er enn stærsti viðskiptavinur Íslands. Það var sá aðili, sem annars vegar sem komandi atvinnurekandi hafði mesta hagsmuni af því að halda niðri kaupgjaldi íslenzkra verkamanna og lækka gengi íslenzku krónunnar, og

hins vegar sá aðili, sem selur eins mikið til Íslands og hann gerir, hafði mesta hagsmuni af því, að íslenzka krónan væri sem lægst, en dollarinn sem hæstur.

Þarna koma í fyrsta skipti fram þessar hótanir, sem síðan er oft verið að tala um. Þá var verið að taka upp þá efnahagspólitík á Íslandi, sem raunverulega efnahagssamvinnan svokallaða, Marshallsamvinnan, hefur byggzt á. Þá var verið að byrja á að framkvæma þá stefnu, þ. e. burt með allar hömlur á auðsöfnun einkaaðilanna, burt með allar hömlur á auðsöfnun auðmannanna, frjálsa braut fyrir gróðaþorstann, en um leið engar kauphækkanir hjá verkamönnum. Og svo framarlega sem átti að verða kauphækkun hjá verkamönnum, þá átti að svara með gengislækkun.

Þessi grein, sem Ameríkanarnir höfðu sett inn í gengislækkunarfrv., komst ekki í gegn hér á Alþingi. Alþ. vildi ekki algerlega missa valdið yfir þessu. En er þessi forsenda, sem þarna var byggt á og kemur stundum fram enn þá, rétt; er það rétt, að gengi íslenzku krónunnar verði að falla, ef kaupgjaldið hækkar? Þetta er rangt. Á hverju byggist gengi íslenzks gjaldeyris? Það byggist á því, að afköst framleiðslunnar séu mikil, alveg sérstaklega framleiðslunnar fyrir útflutninginn. Það byggist á því, hve mikið við framleiðum til útflutnings og hvaða verð við fáum fyrir þær afurðir, sem við flytjum út. Og það byggist á því, hvaða hóf og hvaða hagsýni þau máttarvöld, sem stjórna innflutningnum til landsins, sýna í sínum innkaupum fyrir þjóðina. M. ö. o.: Hér á okkar landi eru þess vegna aukin afköst í sjávarútveginum, þ. e. margir togarar og fleiri togarar, margir vélbátar og fleiri vélbátar, hraðfrystihús og fleiri hraðfrystihús, höfuðundirstaðan undir öruggum gjaldeyri og undir velmegun almennings.

Hitt spursmálið, hvernig verkamenn og auðmenn eða aðrir aðilar innanlands skipta andvirði hinnar seldu vöru á milli sín, er algert innanlandsmál, sem hefur engin bein áhrif á gengi krónunnar. Þetta er atriði, sem við verðum að gera okkur ljóst, og þetta er atriði, sem mér finnst satt að segja liggja alveg í augum uppi. Það, að við rækjum allan okkar útflutning án þess að hafa t. d. nokkra auðmenn í landinu, að verkamenn ættu þetta allt saman sjálfir og rækju það með samvinnusniði, þjóðnýtingu eða hvernig sem þeir vildu, væri vel mögulegt. Það væri líka mögulegt fyrir auðmennina, ef þeir væru sterkir, að halda niðri kaupi verkalýðsins og hafa það *mjög lágt, en verðið á útflutningsafurðunum*, magnið, sem flutt er út, og annað slíkt væri það sama, allt eftir því, hvers konar efnahagspólitík væri rekin.

Það, hvernig verkamenn og auðmenn skipta á milli sín afrakstrinum af vinnunni, er innanlandsmál. Það er mál, sem við gerum upp hér okkar á milli. En gjaldeyrisframleiðsla og gengi okkar krónu byggist á því, að við aukum okkar útflutning nógu mikið, að við einbeitum okkur að því að geta framleitt til útflutnings, að við höfum afköstin þar sem mest, að við högum okkur skynsamlega í innflutningnum og að við getum um leið sem allra skynsamlegast hvað vinnuafl snertir og tæki framleitt hér innanlands það, sem eðlilegast er að framleiða hérna innanlands, — eðlilegast frá sjónarmiði þjóðarbúskaparins, ekki endilega alltaf gróðavænlegast frá sjónarmiði eins einstaklings.

Þegar við tölum um að undirbyggja gengi okkar íslenzku krónu, þá hefur það mikla þýðingu fyrir okkur, hvort við hindrum t. d., að það verði verkfall eða verkbann í heilan mánuð. Við vitum, að t. d. á *vertíðinni framleiðum* við a. m. k. 3 millj. kr. á dag eða meira. Á heilum mánuði getum við tapað 90—100 millj. kr., ef við stöndum í allsherjarverkföllum og verkbönnum. Þó að við hækkuðum um 100 millj. kr. til verkamanna kaupgjaldið innanlands, án þess að nokkur verkföll yrðu, þá gæti þjóðin staðið sig við það, en hitt væri beint tjón fyrir hana. Ef framleiðslan fellur niður hjá okkur, ef atvinnutækin stöðvast um lengri tíma, við skulum segja eins og var núna í Vestmannaeyjum í vetur, þá rýrir það okkar gjaldeyri, þá falla burt kannske 25, kannske 30 millj. kr., sem við gátum framleitt í útlendum gjaldeyri. Það veikir íslenzku krónuna, hitt ekki, þótt þessar 25—30 millj. kr. hefðu farið til íslenzkra verkamanna sem aukið kaupgjald. Ef við ræðum þetta af einhverju viti og sanngirni, þá hljótum við að geta komið okkur niður á þetta, *og þá kemur í ljós, að það er alger villukenning* og vitleysa, að kaupgjald íslenzkra verkamanna og gengi íslenzku krónunnar þurfi að breytast saman eða fara saman.

Við verðum að geta gert okkur grein fyrir, hvað er grundvöllurinn, sem við byggjum okkar íslenzka gjaldeyri á. Til þess að vernda gjaldeyrinn, til þess, eins og hæstv. forsrh. komst að orði, að slá skjaldborg um íslenzku krónuna og tryggja um leið hagsmuni íslenzks almennings, þurfum við að efla útgerðina, auka sjávarútveginn, fjölga togurunum og vélbátunum, samtímis því sem við aukum aðrar heilbrigðar atvinnugreinar, og þetta hlýtur að vera verkefni hverrar góðrar ríkisstj., að tryggja, að fjármunir þjóðarinnar séu fyrst og fremst festir í því, sem þjóðarþarfir heimta. Ríkisstj., sem ætlar að undirbyggja jafnt gengi krónunnar og velferð landsmanna, hlýtur þess vegna að haga efnahagsmálum þjóðarinnar þannig, að menn hafi áhuga og helzt líka hag af því að leggja fé í togara, í vélbáta, í hraðfrystihús og annað, sem þjóðinni er nauðsyn á, en síður í annað, sem henni er ekki eins mikil þörf á. Hvernig hafa nú þær ríkisstj., sem setið hafa að völdum á síðustu árum, rækt þessa skyldu hverrar góðrar ríkisstj.?

Hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. sögðu báðir, að aldrei hefði meiri fjárfesting farið fram en nú á þessum síðustu árum, sem sérstaklega hafa eiginlega markazt af þeirra samvinnu og þeirra sameiginlegu áhrifum í íslenzkri pólitík. En það er ekki nóg, að það sé bara mikil fjárfesting. Það er ekki sama, í hverju fjárfestingin fer fram. Það er ekki sama, hvort fé er fest í milljóna króna birgðum af óseljanlegum „gæjabindum“ eða einhverjum tízkuvörum eða hvort það er fest í togurum. Það er ekki sama, hvort fé er fest í því að útbúa einhverja fína „bara“ hérna í Reykjavík, sem kostar kannske ½ millj. kr. að

innrétta eða slíkt, eða hvort það er fest í vélbátum. Það er ekki sama, hvort fé er fest í „lúxusbílum“ eða hvort það er fest í hraðfrystihúsum.

Síðustu 6—7 árin hefur það verið pólitík þeirra ríkisstj., sem hafa setið að völdum á Íslandi, að gefa hamslausri gróðalöngun einstakra manna lausan tauminn á efnahagssviðinu og láta þessa gróðalöngun ráða fjárfestingunni að mestu leyti, en þjóðfélagslegu viti og fyrirhyggju um þjóðarþarfir hefur ekki verið leyft að komast að nema í hverfandi litlum mæli. Í þessi 6—7 ár hefur okkar efnahagslíf og alveg sérstaklega útflutningurinn þess vegna byggzt á þeim framleiðslutækjum, togurum, vélbátum, hraðfrystihúsum og öðru slíku, sem keypt voru á árunum 1944—48, og af þeim máttarvöldum verzlunarauðvaldsins, sem hafa stjórnað á þessum tíma, hefur verið litið á sjávarútveginn eins og mjólkurkú, sem hefur jafnan verið svo þurrmjólkuð og svelt, að það hefur legið við, að hún hafi næstum drepizt, næstum kiknað. En það varð þó að hindra, að þessi mjólkurkýr dræpist alveg, því að það var hún, sem skapaði allan gjaldeyrinn, sem verzlunarauðvaldið og bankarnir höfðu allan sinn gróða af. Og einungis að svo miklu leyti sem verzlunarauðvaldinu og bankayfirvaldinu var þetta nauðsynlegt, var sjávarútveginum haldið uppi, alltaf á heljarþröminni.

Meðan verkalýðurinn hafði áhrif á ríkisstjórn á Íslandi á árunum 1944—47, á meðan báðir verkalýðsflokkarnir sátu í stjórn með núverandi hæstv. forsrh. sem forsætisráðherra, voru unnin stórvirki í því að efla sjávarútveginn, í því að leggja grundvöll að gengi íslenzku krónunnar, í því að tryggja framtíðargrundvöll íslenzks gjaldeyris og velmegunar landsins. Hæstv. dómsmrh. talaði nú að vísu að nokkru leyti fagurlega um það tímabil, en vildi auðsjáanlega frekar fara að draga úr því. Það er náttúrlega dálítið skiljanlegt, það er ekki von, að honum finnist að öllu leyti gott, að 32 af þeim togurum, sem við nú byggjum okkar efnahagslíf á, og meginið af þeim vélbátum, sem við byggjum á, skuli hafa verið keypt inn þá, og hann minntist nokkuð á þá 10 togara, sem keyptir voru 1948, og vildi nú reyna að tileinka Framsókn að einhverju leyti heiðurinn af því, hún hefði verið að batna það mikið, að það hefði a. m. k. verið hægt að fá hana til að kaupa dýrari togara, þótt seint væri, heldur en ódýrari áður. Ég er nú hræddur um, að hæstv. dómsmrh. hafi verið að ræna fjöðrunum frá þeim, sem frekar áttu þær. Það var held ég áreiðanlega sjútvmrh. þáverandi hæstv. ríkisstj., Emil Jónsson, sem tilkynnti fyrst um þau kaup í ræðu, sem hann hélt á sjómannadaginn, og ég er hræddur um, ef ég þekki mína Framsókn rétt, að hún hafi ekki verið farin að breytast neitt, og hæstv. núverandi fjmrh. hafi þá enn þá skoðað togarana sem „gums“ eins og áður. En hitt getur verið, að Austfirðingar hafi verið farnir að gera nokkuð sterkar kröfur, þannig að þingmaðurinn í honum hafi verið farinn að láta eitthvað undan.

En það kom fram í sambandi við þau togarakaup, sem fram fóru 1948, kaupin á þeim 10 togurum, sem voru eitt á þeim óskalista, sem ríkisstj. þá setti upp, þegar Marshall-samstarfið byrjaði, að Alþjóðabankinn og Ameríkanarnir voru á móti þessum togarakaupum, að Marshallstofnunin og þeir neituðu að veita fé að láni til þess að kaupa þessa 10 togara. Seinna kom í ljós, þegar till. dr. Benjamíns Eiríkssonar voru lagðar fram, þær sem ég gat um áðan, að hefðu þær till. gilt hér á Íslandi 1944, hefðu aldrei verið keyptir þeir 32 togarar, sem þá voru keyptir; það hefðu aldrei verið keyptir meira en máske í hæsta lagi sex. M. ö. o.: Afstaða þeirra amerísku máttarvalda, sem tóku við efnahagsstjórninni á Íslandi á bak við tjöldin þá, var, að Íslendingar ættu ekki að festa fé í togurum, að íslenzka þjóðin ætti ekki að efla sinn sjávarútveg, að hún ætti að sleppa því að kaupa togarana, sem keyptir voru 1948, þá tíu, að hún hefði ekki heldur átt að kaupa hina, m. ö. o. það, sem ég hef reynt að sýna fram á að er grundvöllurinn að gjaldeyri Íslendinga og gengi þess gjaldeyris, grundvöllurinn að velmegun þjóðarinnar. Þessi amerísku máttarvöld voru á móti því, að það væri gert. Hvernig stóð á því? Ég skal ekki fara að gera því neinar getsakir, en ég skal fullyrða, að þeir hafa verið á móti því að skapa öruggan gjaldeyri, öruggan grundvöll að íslenzka gjaldeyrinum og að þetta ameríska auðvald hefur viljað gera íslenzka gjaldeyrinn háðan hernaðarvinnunni einvörðungu, eins og hefði orðið, ef við hefðum aldrei keypt nýsköpunartogarana 1945 og ekki haldið áfram með það 1948. Og þá getum við séð nokkurn veginn heildarmyndina af þeim áhrifum, sem hafa komið til greina á íslenzkt efnahagslíf á síðustu 6—7 árum, þegar það ameríska auðvald, sem þarna hefur getað beitt sínum áhrifum, hefur lagzt á móti togarakaupunum, hefur neitað stjórninni, sem sat hér 1948, um lán til þess að kaupa togara, og hefði þessari pólitík ameríska auðvaldsins verið fylgt út í æsar bæði 1945 og 1948, þá hefði það þýtt, að íslenzkur gjaldeyrir væri eingöngu kominn undir hernaðarvinnunni svo að segja, og hefði þessum lögum, eins og ameríska auðvaldið lagði þau fyrir, verið framfylgt, þá hefði þar að auki gengi íslenzks gjaldeyris verið lækkað jafnóðum sem kaupið við hernaðarvinnuna hefði verið hækkað, þannig að það hefði alltaf komið út á það sama fyrir það ameríska auðvald. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, vegna þess að 1945 vorum við að skapa sjálfstæðan efnahagslegan grundvöll fyrir íslenzkt atvinnulíf og fyrir velmegun Íslendinga, en 1947 og 1948 var að seilast hér til áhrifa óheillastefna amerískra auðmanna, sem auðsjáanlega hefði, ef hún hefði haft vald til þess, kippt grundvellinum undan efnahagslífi Íslendinga og gert íslenzkan gjaldeyri og gengi hans háðan sér einvörðungu og þeirri vinnu, sem hún stofnaði hér til.

Til allrar hamingju, eins og ég hef oft tekið áður fram, var sú gæfa með okkur 1945 og áhrif þeirrar stefnu, sem þá var tekin upp, það rík enn þá 1948, meðan togararnir streymdu hér inn nýir hver á eftir öðrum, að það tókst að skapa þó þennan grundvöll, og ég vona, að öllum þm. sé það ljóst í dag, að helmingurinn af öllum þeim útflutningi, sem Ísland nú hefur, er togurunum einum að þakka, og að helmingurinn af öllum þeim gjaldeyri, sem þjóðin og bankarnir og heildsalarnir hafa til þess að vinna úr, er togurunum

einum að þakka. En síðan 1948 hefur verið vanrækt að halda þessu áfram. Síðan 1948 hefur verið vanrækt að halda þessum togarakaupum áfram. Og skyldi það ekki að neinu leyti standa í sambandi við það, að það hefur komizt til áhrifa á íslenzkt atvinnulíf okkur fjandsamleg stefna, fjandsamlegt erlent vald, sem stendur á móti því, að við Íslendingar getum byggt upp sjálfstæðan efnahagsgrundvöll fyrir okkar líf, fyrir okkar velmegun?

1944—47 var fjárfesting Íslendinga skynsamleg og hagsýn, svo langt sem áhrif verkalýðshreyfingarinnar náðu, og ég vil út af því, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um, hve mikið væri byggt nú á síðasta ári hér, minna hann á, að enn þá stendur árið 1946 með fleiri fullgerð hús á einu ári heldur en árið 1954. Enn þá er það svo, að á þeim árum var byggt meira á Íslandi en byggt hefur verið á nokkru ári síðan. Verkalýðurinn hefur öll þessi 6—7 síðustu ár lagt til, að haldið væri áfram nýsköpun sjávarútvegsins, að nýir togarar væru keyptir, að vélbátar væru byggðir og annað slíkt, en ríkisstjórnirnar hafa hindrað það. Þær hafa vanrækt að styrkja eins og hægt hefði verið undirstöðu íslenzks atvinnulífs og þar með undirstöðu íslenzks gjaldeyris, þó að á mörgum sviðum hafi orðið framfarir; því ætla ég alls ekki að neita.

Það er þess vegna á ábyrgð þessara ríkisstjórna, hvernig er komið viðvíkjandi því, að meginhlutinn af allri gjaldeyrisframleiðslu Íslendinga skuli enn þá verða að byggjast á togurunum, sem keyptir voru inn 1945—48. Verkalýðurinn getur ekki tekið að sér að bera byrðarnar, bera afleiðingarnar af þessari pólitík. Þær verður auðmannastéttin sjálf að bera af hennar vanrækslu á þessum síðustu 6—7 árum. Það, sem er að bíða skipbrot í dag á Íslandi, er efnahagspólitík þessara 6—7 ára. Það er sú tilraun, sem var gerð, sumpart af hagfræðingum, sem lítið vit höfðu á þörfum íslenzks atvinnulífs, til að yfirfæra á okkar íslenzku staðhætti, til að yfirfæra á okkar unga þjóðfélag, sem er í örum vexti, efnahagspólitík gamalla, ríkra, staðnaðra auðvaldsþjóðfélaga, — yfirfæra á okkar þjóðfélag efnahagspólitík, sem var í þágu slíkra auðvaldsríkja, en hvorki átti við okkur né var í okkar hag.

Við skulum nú athuga á grundvelli þessa, sem ég nú hef rætt, kröfur verkalýðsins í dag til bættra lífskjara, þær réttlætiskröfur, sem verkamenn nú gera um bætt kaup. Við hæstv. dómsmrh. erum yfirleitt ekki sammála um margt, en einstaka sinnum erum við þó sammála. Við erum sammála um það, að bætt lífskjör þurfi að rísa upp á grundvelli aukinnar framleiðslu. Hæstv. dómsmrh. var að prédika yfir mér um þetta. Hann þarf nú ekki að kenna mér mikið í því. Ég held ég hafi alveg eins reynt máske að kenna honum einhvern tíma. En um þetta erum við þó a. m. k. sammála. En það er ekki sama, hvernig sú aukna framleiðsla er. Sú aukna framleiðsla, sem gefur grundvöll að bættum lífskjörum, þarf að vera aukin framleiðsla á þeim sviðum, þar sem vinnuaflið gefur mest af sér, þar sem íslenzkur verkamaður eða verkakona afkastar mestu úr íslenzkum auðlindum með því að vera sett til að vinna við það. Það er ekki sama, hvort íslenzkur sjómaður dregur á einum togara 70 tonn, máske upp í 200 tonn, eins og á beztu togurum, á ári úr sjó, og menn geta unnið úr þessum íslenzku auðlindum, þessum íslenzku auðsuppsprettum í landi og gert þetta að dýrmætri vöru til að flytja út, eða hvort sami maður pakkar inn andlitspúðri úr stórum poka í litinn bauk. Það er ekki sama. Ef við ætlum að byggja upp okkar þjóðfélagslíf, þá verðum við að ráðstafa okkar vinnuafli þar, sem það gefur mest af sér fyrir þjóðfélagið í heild, — ekki þar, sem það kann að gefa einhverjum, sem kaupir þetta fyrir það, svo og svo margar krónur út frá einhverri sérstakri aðstöðu í þjóðfélaginu á því augnabliki.

Við höfum hag af að framleiða þær afurðir, sem við seljum og fáum gjaldeyri fyrir. En við höfum ekki hag af að hrúga hér upp því, sem er óseljanlegt, eða kaupa inn það, sem er óseljanlegt. Og við hæstv. dómsmrh. erum sammála um, að stórfenglegustu ráðstafanir íslenzkrar sögu, sem gerðar hafa verið til slíkrar aukinnar, praktískrar framleiðslu, hafi verið gerðar á árunum 1944—46. Og við erum þá vonandi líka sammála um, að þessar stórfelldu ráðstafanir lögðu eðlilegan efnahagslegan grundvöll að bættum lífskjörum. Og nú segir hæstv. dómsmrh. og aðrir ráðh. með honum, að síðan 1947 hafi líka orðið gífurleg aukning á framleiðslunni. Hvað sú aukning hefur orðið, hefur verið undir stefnu ríkisstjórnarinnar komið. Við skulum þá gera ráð fyrir, að í fyrsta lagi hafi á grundvelli stefnunnar 1944—46 skapazt mjög mikill og góður grundvöllur fyrir bætt lífskjör íslenzkrar alþýðu, og við skulum segja, að síðan 1947 hafi líka farið fram mikil aukning framleiðslunnar, þó að við séum máske ekki alveg sammála um, hvort henni hefur verið beint alls staðar inn á réttar brautir. 1947, í desember, stendur verkalýðurinn í hámarki þeirra lífskjara og þeirra launa, sem hann hefur haft. 1947 eru raunveruleg laun verkalýðsins á Íslandi, miðað við 1939, um 50% hærri. Ef við setjum 1939 sama sem 100, þá verður í desember 1947 hvað kaupmátt tímakaupsins snertir sama sem 56. Það er hámarkið, sem verkalýðurinn þá hefur náð. Og nú skulum við skjóta fram þeirri spurningu: Þoldi íslenzka þjóðfélagið í desember 1947 þessi launakjör verkalýðsins? Já, íslenzka þjóðfélagið þoldi þessi launakjör. Meira að segja Framsfl. hélt því fram, að þá, þegar verkalýðurinn hafði þessi launakjör, hafi auðmannastéttin í Reykjavík grætt þannig, að hún hafi aldrei grætt annað eins. Og Framsfl. hélt því fram, að það hefði verið stórgróði hjá auðmannastéttinni á þessum tíma. Ein aðaláðeila Framsfl. á öllum þessum árum á okkur sósíalista var: Þið létuð auðvaldið græða allt of mikið. — Og það vill líka svo til, að við höfum staðreyndir frá des. 1947 um, hvort íslenzka auðmannastéttin þoldi það kaupgjald, sem verkalýðurinn hafði þá. Eignakönnunin fór fram í þeim mánuði, og það sýndi sig þá, að 100 ríkustu menn og félög í Reykjavík áttu 88 millj. kr. þá í skuldlausum eignum, eins og talið er fram til skatts. Og það er vaninn hjá hagfræðingunum að tólffalda þessa tölu, vegna þess að þarna er átt við fasteignamat og fasteignamatið er jafnvel oft allt að því tví-

tugfaldað, þannig að ef maður bindur sig við þessa tölu, þá áttu 100 ríkustu menn og félög í Reykjavík 1056 millj. kr. í skuldlausum eignum. Eignasöfnunin hafði verið gífurleg. Og samt var ástandið þannig þá, að 1/10 hluti Reykvíkinga átti meiri hlutann af allri skattskyldri eign og 100 skattskyldir Reykvíkingar áttu 14% af allri skattskyldri eign, en 2/3 Reykvíkinga áttu þá ekki svo mikið, að þeir kæmust í eignarskatt. M. ö. o.: Það er engum efa bundið, að launakjör verkalýðsins í desember 1947, þau hæstu sem hann nokkurn tíma hefur haft, voru ekki nema hófleg hvað það snerti, að auðmannastéttinni var eftirskilinn mikill gróði og að gífurleg auðsöfnun hafði farið fram. Og þetta er eiginlega eina árið, þar sem við höfum það skjalfest, hve mikil auðsöfnun íslenzkra auðmanna var, vegna þess að eignakönnunin fór fram í lok þess árs. Síðan 1947 — og þar vorum við sammála, ég og hæstv. ráðherrar, sem talað hafa — hefur þjóðarframleiðslan í heild aukizt og aukizt stórum. Síðan 1947 hafa allir nýsköpunartogararnir og öll nýsköpunartækin komið í gagnið. Togararnir voru að byrja að koma, sá fyrsti í febrúar 1947, og héldu áfram að koma 1948 og 1949. Síðan 1947 hefur Ísland fengið allar Marshallgjafirnar. Síðan 1947 hefur Ísland fengið stór lán, sem vafalaust eiga að geta borið bætt lífskjör. Þjóðartekjurnar hafa þannig aukizt, og verkalýðurinn á sinar þakkir skilið fyrir að hafa knúið fram, meira að segja gegn vilja afturhaldsins, mikið af aukningu þessara þjóðartekna. Verkalýðurinn, eins og ég hef áður sagt, knúði fram gegn vilja þáverandi afturhalds allar launahækkanir á árunum 1942—44, sem skópu þann útlenda gjaldeyri, sem við áttum 1945. Verkalýðurinn knúði fram þá stefnu, sem tryggði, að erlendu innstæðurnar væru, að svo miklu leyti sem hans áhrif náðu til, hagnýttar til kaupa á stórvirkum framleiðslutækjum, sem þjóðin nú byggir atvinnulífið á.

Og þá vil ég spyrja: Hvað hefur svo verkalýðurinn fengið af bættum lífskjörum frá því 1947 í krafti hinnar stórauknu framleiðslu, sem hann lagði grundvöllinn að? Hvar hefur nú verkalýðurinn uppskorið ávextina af allri nýsköpuninni, sem hann átti sinn stóra hlut í að afla inn í landið, og af allri aukningu þjóðarteknanna síðan? Hefur hlutdeild íslenzks verkalýðs í þjóðartekjunum aukizt frá því 1947? Þetta er spurning, sem við verðum að leggja fyrir okkur hér á Alþ. og svara. Og hvert er svarið? Þar eru hagskýrslurnar alveg tæmandi, alveg réttar og alveg óvefengjanlegar. Hlutdeild verkalýðsins hefur minnkað frá því í des. 1947. Hún hefur minnkað í þjóðartekjunum, hún hefur minnkað hvað snertir kaupmátt tímakaupsins. Aðeins til þess að hafa það sama og verkalýðurinn hafði 1947 þyrfti a. m. k., þegar ekki væri reiknað með húsaleigunni, eitthvað í kringum 20% hækkun. Og ef reiknað væri með húsaleigunni, þá, eins og ég gat um áðan, brjálast öll vísitalan. Vísitalan, eins og hún er núna, þyrfti að hækka þá um 47.5%. Staðreyndirnar eru sem sé þær: Frá því 1947 hefur hlutdeild verkalýðsins minnkað.

En hefur nú hlutdeild auðmannastéttarinnar á Íslandi vaxið eða minnkað síðan 1947? Hvað segir lífið í Reykjavík um þann hlut, ef við bara lítum í kringum okkur hérna í Reykjavík, — hvort íslenzka auðmannastéttin hefur tekið upp sparnaðarhætti og lífsvenjubreytingu síðan. Nei, bararnir, lúxusbílarnir og allt saman þetta sýnir okkur, að lífskjör auðmannastéttarinnar og „lúxus“ hennar hefur vaxið. Hlutdeild hennar í þjóðartekjunum hefur vaxið. Frá 1947 hefur hlutdeild verkalýðsins minnkað, og það þrátt fyrir það að öll nýsköpunargögnin séu komin í gagnið síðan að heita má og öll þessi mikla fjárfesting, sem ríkisstj. stærir sig af, hafi farið fram síðan.

Hver er þess vegna réttlætiskrafa verkalýðsins í dag? Hún er í fyrsta lagi eðlilega sú, að hann nái því, sem hann hafði 1947, fái þá hækkun, hver sem hún nú er, eitthvað um 20 eða 30%, eða hvar sem hún kann að vera, ef það er reiknað nákvæmlega út, þegar tillit væri tekið til húsaleigunnar og annars slíks líka. Og í öðru lagi, að hún fái sinn hluta í aukningu þjóðarteknanna síðan. Sem sé í fyrsta lagi, að hann fái að uppskera það, sem hann sjálfur hjálpaði til að sá með nýsköpuninni 1944—47, og í öðru lagi, að hann fái eitthvað af því, sem ríkisstjórnirnar á síðustu 6—7 árum segjast hafa gert svo mikið af, að auka framleiðslu þjóðarinnar, að festa fé á skynsamlegan hátt og annað slíkt. Þetta eru réttlætiskröfur verkalýðsins. Og hæstv. ráðherrar hafa lýst því yfir, að það eigi að fara fram kauphækkun eins og framleiðsluafköstin frekast þoli. Ég þykist hafa gert nokkra grein fyrir, að verkalýðurinn eigi réttlætiskröfur á kauphækkunum, að hann sé að gera upp sakirnar við efnahagspólitík síðustu 6—7 ára, hann sé að gera kröfurnar í að fá að uppskera sjálfur það, sem hann hjálpaði til að sá með nýsköpuninni.

Og þá skulum við nú örlítið reyna að taka fyrir, þó að það sé nú sá hlutur, sem erfiðastur er: Stendur íslenzkt þjóðfélag og stendur íslenzk yfirstétt undir því að verða við réttlætiskröfum verkalýðsins í þessum efnum? Hæstv. forsrh. spurði okkur: Hvar á að taka þetta, sem verkalýðurinn á að fá? Það er oft látið líta svo út sem það raunverulega vanti ekki, að menn vilji verða við kröfum verkalýðsins, — en hvar á að taka þetta? Og ég skal vissulega viðurkenna, að það getur oft verið dálítið erfitt, því að sá, sem hefur það, sem verkalýðurinn átti að fá, heldur stundum nokkuð fast um það.

Við skulum athuga nokkra þætti í bákni íslenzku yfirstéttarinnar í þessu efni, atvinnurekendurna og aðra. Við skulum fyrst taka fyrir stærsta atvinnurekandann. Stærsti atvinnurekandinn á undanförnum árum hefur verið sjálft ameríska auðvaldið og hervaldið hér á Íslandi, Hamilton og þeir hermangarar, sem standa í sambandi við það. Kaup íslenzkra verkamanna var 1947, reiknað í dollurum, 1.40 dollarar um tímann. Það var sama kaup og hafnarverkamaður hafði þá í New York. Íslenzkur verkamaður hafði þá sama kaup og ameríkur hafnarverkamaður. Amerískur hafnarverkamaður hefur í dag 2.10 dollara, og það mun e. t. v. ekki vera mjög mikil raunveruleg launahækkun, en hækkun í samræmi við vaxandi dýrtíð þar. Kaupgjald íslenzks verkamanns, sem var 1.40 dollarar 1947, er nú um 90 cent. M. ö. o.: Það hefur lækkað um helming síðan, og hefði þó verið lægra, ef ameríska auðvaldið hefði alveg, án mót-

spyrnu verkalýðssamtakanna, komið sinu fram. Gróðinn í þessum atvinnurekstri hefur verið slíkur, að meira að segja stjórnarflokkarnir hafa séð sérstaka ástæðu til þess að fara að bítast um hann, að meira að segja stór framlög hafa verið lögð fram úr ríkissjóði til þess að mynda hlutafélög til þess að taka þennan gróða. En allan þennan tíma hefur verið séð til þess, að viðkomandi amerískt auðvald hefur fengið að stórgræða á vinnu íslenzku verkamannanna. Þarna lá alveg beint við, hvernig gróðinn var, og ef á að rannsaka gróðann á þessu sviði, þá mætti gefa verkalýðssamtökunum aðgang að bókum þeirra félaga, sem hafa haft með vinnuna á Keflavíkurflugvellinum að gera. Skattayfirvöldin virðast hvort sem er ekki hafa skeytt svo mikið um það. Stærsti atvinnurekandinn hefur áreiðanlega þess vegna breitt bak til að bera hækkanirnar, enda hefur hann beinlínis knúið fram launalækkanir á þessum tíma. Og ég vil aðeins geta þess um leið, að þær launalækkanir, sem voru knúðar fram af hálfu ameríska auðvaldsins, jafngilda því, að ef ameríska auðvaldið hér á Íslandi hefði orðið að borga á Keflavíkurflugvelli á þessum árum sömu laun og það hefur orðið að borga i Ameríku, þá hefur það grætt jafnmikið og nemur öllum Marshallgjöfunum. Það hef ég reiknað út og sett fram á prenti áður, og ég ætla ekki að vera að lesa það hér upp. Ég get gert það, ef einhver vefengir það. Ég miðaði þá við 2500 og 3000 verkamenn á Keflavíkurflugvelli ár eftir ár, og ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að allar þær gjafir, sem mest var gumað af, voru teknar til baka af ameríska auðvaldinu með því einu að lækka gengi íslenzku krónunnar.

Þá skulum við athuga með ríkið sjálft. Ég ætla hér ekki að fara að ræða um það, sem við höfum nú margrætt, um þær 100 millj. kr., sem teknar eru fram yfir þarfir ríkissjóðs á ári af íslenzkri alþýðu, og annað slíkt, það hefur verið gert af öðrum, — en mig langar til þess að reyna að gefa hv. Alþ. eina smámynd af því, þegar talað er um atvinnureksturinn og kaupgjald verkamanna, hvernig hlutirnir líta út. Ég er orðinn svo vanur, að það sé alltaf sagt við okkur í hvert einasta skipti, sem verkamenn gera kröfu um kaupgjald: Þetta setur allt á hausinn — að ég gæti stundum jafnvel trúað, að hv. þingmenn gerðu sér ekki sjálfir grein fyrir, hvað þetta er fjarri lagi. Og ég ætla að taka hérna dæmi einmitt af einum af stærstu mannvirkjunum, sem unnin hafa verið á undanförnum árum, og hvernig kaupgjald verkalýðsins og afskipti ríkisvaldsins koma þar fram, og það er af Sogsvirkjuninni. Ég skal fyrst geta þess, að Sogsvirkjunin átti að kosta, þegar áætlanirnar voru gerðar um hana, 67 millj. kr. Vegna gengislækkunarinnar kostar hún 195 millj. kr., og meginið af þessari hækkun fellur í skaut amerísku auðhringanna, sem selja okkur vélarnar. Ég þarf ekki að taka fram, hvað það þýðir fjárhagslega, að í staðinn fyrir að reikna með 67 millj. kr., eins og Sogsvirkjunin upprunalega átti að kosta, verður við verðlagningu á rafmagninu að reikna með 195 millj. kr. sem kostnaði vegna gengislækkunarinnar, og hvað þetta hefur þýtt í gróða fyrir ameríska auðvaldið. En við skulum hverfa að öðru. Við skulum taka bygginguna sjálfa. Ef ég man rétt, urðu tvisvar sinnum almenn verkföll, á meðan Sogsvirkjunin var í byggingu, og í bæði skiptin var auðvitað sagt: Það er ekki hægt að verða við kröfum verkamanna. Þær eru svo ósvífnar, og það eru kommúnistarnir, sem koma á öngþveiti og steypa þjóðfélaginu o. s. frv. — Hvað var allt kaupgjald, greitt öllum íslenzkum verkamönnum, sem unnu við Sogsvirkjunina, þetta mikla mannvirki, mannvirki, sem kostaði 195 millj. kr.? Allt kaupgjald íslenzkra verkamanna var rúmar 40 millj. kr., allt kaupgjald allra þeirra manna, sem boruðu þessi miklu göng, settu niður þessar miklu vélar, fluttu þetta og allt saman slíkt. Hvað tók ríkið sjálft í söluskatt og tolla af gjöfunum til Sogsvirkjunarinnar, og hvað tók það sjálft í vexti af lánunum til Sogsvirkjunarinnar þessi þrjú ár, á meðan hún stóð yfir? Ríkið tók í kringum 25 millj. kr. í söluskatt og tolla af vélunum, og það tók 9 millj. kr. í vexti af peningum þennan tíma, sem byggingin stóð yfir. Það voru 33—34 millj. kr., sem ríkið stakk í sinn vasa af þessum 195 millj. kr., sem Sogsvirkjunin kostaði. En 40 millj. kr. voru það, sem allir þeir verkamenn, sem unnu við þetta, fengu greitt í laun allan tímann. Og þá var talað um, eins og alltaf: Verkamenn gera ósvífnar kröfur um kauphækkun. — En það var ekki talað um ósvífnar kröfur frá hæstv. fjmrh. Það var ekki talað um, að hann væri að setja neitt í öngþveiti. Það var ekki verið að tala um, að hann væri að skapa dýrtíð í landinu, þó að hann innheimti söluskatt upp á 25 millj. kr. af þessu sama. Og rekstur þessa fyrirtækis, hvernig er hann? Á ári borgar Sogsvirkjunin upp undir 10 millj. kr. í vexti. En öll vinnulaun í sambandi við hana eru 1.8 millj. kr. Þetta vil ég taka fram til þess að reyna að gefa mönnum ofur litla hugmynd um, hvernig verðmyndunin í íslenzku þjóðfélagi fer fram nú, hvernig fjármálaauðvaldið hrifsar til sín þorrann af öllu því, sem skapað er, og hvað kaup verkamannsins er oft og tíðum hverfandi lítill þáttur í þessu sambandi. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi viðvíkjandi afskiptum ríkisvaldsins.

Við skulum þá koma að sjálfri íslenzku auðmannastéttinni. Og ég vil þá fyrst segja það, af því að það er á hendur henni, sem verkalýðurinn gerir sínar kröfur um bætt lífskjör, að mikill hluti af íslenzku auðmannastéttinni kann sér ekki hóf í dag, að óhóflega mikill hluti af gróða íslenzku auðmannastéttarinnar fer í daglega eyðslu, í vitlausa eyðslu eða glatast í braski, í villtu kapphlaupi, sem veldur stórkostlegu þjóðhagslegu tjóni. Mikill hluti af íslenzku auðmannastéttinni hefur grætt stórkostlega, en hún hefur ekki kunnað að ráðstafa þessum gróða og því veltufé, sem hún hefur, af viti. Og hún verður sjálf að bera afleiðingarnar af því. Það þyrfti að fara fram rannsókn á atvinnufyrirtækjunum og hve mikið stjórnendurnir hafa tekið til persónulegrar neyzlu af þeim. Það þyrfti að fara fram rannsókn á því, hvernig það getur verið, að gömul og gróin verzlunarfyrirtæki t. d. séu komin á heljarþröm nú meðfram vegna vitlausrar stjórnar. Og hver hefur svo verið afstaða ríkisstj. á undanförnum árum til þessarar íslenzku auð-

mannastéttar? Hafa ríkisstj. reynt að halda aftur af henni? Hafa þær reynt að takmarka hennar gróða og hennar eyðslu, eða hafa þær hvatt hana til þess? Á undanförnum árum hafa verið afnumdar allar hömlur, sem voru á gróðamyndun, allar hömlur á verðlagningu og allar hömlur á húsaleigu. M. ö. o.: Ríkisstj. hefur beinlínis með sínum aðgerðum sagt við auðmannastéttina: Leikið ykkur, hver sem betur getur. Reynið að hamstra til ykkar gróða með hverju móti sem er. — Á sama tíma hefur hverfandi lítið verið gert til þess að tryggja, að þessi gróði væri lagður í þau fyrirtæki, sem tryggðu efnahagslegan grundvöll þjóðfélagsins.

Hæstv. forsrh. sagði við okkur, að það væri afli íslenzku skipanna og það væri markaðsverðið, sem við fengjum, sem réði því, hvernig stæði um íslenzka sjávarútveginn, og þetta væru hlutir, sem við gætum ekki ráðið við. En við getum ráðið við tvennt. Við getum ráðið við annars vegar, hvað togararnir og vélbátarnir eru margir, sem stunda þessar veiðar. Og við getum ráðið við það, hvað mikið er tekið af þessari togara- og vélbátaútgerð handa yfirstéttarbákninu einu, hvað mikið er tekið í vexti, hvað mikið er tekið í olíugróða, hvað mikið er tekið í vátryggingagjöld, hvað mikið er tekið handa hraðfrystihúsunum. Við getum ráðið því, hvort við látum eitt hraðfrystihús í Vestmannaeyjum græða 3 millj. kr. á einu ári eða hvort við látum vélbátana og togarana gera það. Þessu getum við ráðið hér á Alþingi með þeirri skipun, sem við höfum á þessum málum. Og það hefur sýnt sig, að stjórnirnar, sem ráðið hafa undanfarin ár, hafa viljað ráða á þann hátt, að það væri ekki togaraútgerðin og ekki vélbátaútvegurinn, sem græddi, nema með einhverjum sérstaklega óeðlilegum ráðstöfunum af hálfu ríkisins, heldur aðrir aðilar, eins og ég hef svo oft tekið fram og ég ætla ekki að fara að ræða einu sinni enn þá. Enginn ber á móti því, að Landsbankinn hafi grætt sínar 30—40 millj. kr., að hann eigi sínar 200 millj. kr. bara í varasjóðunum. Enginn ber á móti því, að olíufélögin græði sínar 20—30 millj. og fá að afskrifa allar þær eignir, sem þau staðsetja meira eða minna vitlaust, svo að segja á örfáum árum. Enginn ber heldur á móti því, að Eimskip og skipafélögin græði. Hin gífurlega fjárfesting í skipum sýnir það bezt, hve mikill sá gróði er. En við hefðum getað ráðið því, hvort við létum borga þessi um 10 sterlingspund í fragt fyrir hvert tonn af hraðfrystum fiski, m. ö. o., að við létum borga kannske 23 millj. kr. fyrir að flytja út 51 þús. tonn af hraðfrystum fiski til skipafélaganna einna. Við gátum ráðið, hvort eitthvað af þessu fór heldur til útgerðarinnar sjálfrar.

Menn bera ekki heldur á móti því, að þessi flutningaskipafélög hafi safnað stórkostlegum eignum, að jafnvel Eimskipafélagið eigi kannske 150 millj. kr. í skuldlausri eign. Menn bera ekki heldur á móti því, að vátryggingafélögin séu mikil gróðafyrirtæki, og menn bera ekki heldur á móti því, að heildverzlanirnar í Reykjavík hafi grætt, þó að menn kunni að vera hissa á, hvernig sumar þeirra hafa ráðstafað sínum peningum. Ég skal nefna eitt dæmi um þennan gróða, dæmi, sem ég nefndi hér í fyrra og hefur ekki verið vefengt — endurtaka það — og það af einni aðalnauðsynjavörunni, þ. e. sementi, vöru, sem ríkisstj. kaupir inn með milliríkjasamningum, vöru, sem ríkisstj. skiptir upp á milli þriggja aðila samkvæmt helmingaskiptunum, þeirri einu heilögu meginreglu í íslenzku efnahagslífi. Sementið kostaði í fyrra 200 kr. tonnið f. o. b. í austurþýzkri höfn. Flutningsgjaldið, sem skipin tóku þá, var 130 kr. Þá kostaði 200 kr. að flytja þetta tonn af sementi frá skipshlið upp í pakkhús. Þangað gátu þeir, sem keyptu það, komið og tekið við því. Það var lagt 200 kr. á það af hálfu heildsalanna að flytja sementið þennan spöl, jafnmikið og það kostaði að framleiða það á framleiðslustaðnum. Og þá kostaði sementið þannig út um 530 kr. niðri í pakkhúsi. Svona var verðlagningin á þennan hlut. Svona var auðsöfnunin á þessum hlut, og þetta er ein brýnasta nauðsynjavara almennings. Þetta er vara, þar sem ekki er neitt spursmál um, hvort það séu hæf og hentug innkaup, eða neina samkeppni í innkaupi, viturlegar ráðstafanir eða annað slíkt. Þetta er allt keypt inn af ríkisstjórninni. Og má ég nú spyrja: Ef svona er með sementið, svona nauðsynjavöru, hvernig er þá eiginlega álagningin á öðrum hlutum? — En þó að þessir einokunarherrar ríkisstjórnarinnar taki svona gróða af sementinu, er þá samt enginn gróði af því að byggja? Það hefur verið fullyrt hér og því ekki verið mótmælt, að fokheld hús, byggð úr sementi, sem byggingarvöruverzlanirnar græða svona á, hafi verið seld hér í Reykjavík með 80% álagi, og það hafa sagt kunnugir menn.

Þannig mætti taka hvert sviðið á fætur öðru, en það yrði of langt mál að ætla að rekja það. Ég veit, að t. d. í iðnaðinum hérna, í fyrirtækjum eins og súkkulaðigerðunum, er gróði máske upp á eina millj. kr. á ári á einni lítilli súkkulaðigerð. Ég veit um járniðnaðarfyrirtækin hérna, að lítil járniðnaðarverkstæði hafa boðið lægra en stærstu fyrirtækin hérna niðri við höfnina í aðgerðir og haft góðan gróða upp úr því, svo að þá getum við hugsað okkur, hvað stóru fyrirtækin hafa af þeim verkum, sem þau venjulega taka. Þannig gætum við tekið hvert svið atvinnurekstrarins á fætur öðru; alls staðar er gróðamyndun, hvernig svo sem þeim gróða er ráðstafað. Ég ætla ekki að fara hérna út í að rekja t. d. gróðann á vefnaðarvöruverzlunum, — það hefur verið gert hérna af öðrum, sem þekkja það betur en ég, — álagninguna, sem var fyrst eftir að verzlunin var gefin frjáls, sem kallað er, hvers konar ægilegur gróði þá var á almennri vefnaðarvöru. En ég ætla að taka einn hlut út úr, því að þar kemur inn í sjálf pólitík ríkisstjórnarinnar, og það er gróðinn í sambandi við húsaleiguna og pólitíkin, sem þar er verið að reka.

Það, sem er að gerast í dag, er, að það er verið að knýja þá kynslóð, sem nú er uppi, til að greiða upp öll húsin, sem byggð eru á Íslandi, á 10—15 árum. Það er verið að knýja hana til þess að neita sér um svo og svo mikið af öllum gæðum lífsins til þess að geta borgað hús, sem standa í 100—200 ár, niður á skömmum tíma. Það er verið að gera þetta með rangri banka- og fjármálapóli-

tík, og það er verið að gera þetta með þeim afleiðingum, að alltaf öðru hverju hlýtur verkalýðurinn að rísa upp, einmitt vegna þessarar húsaleigu, hvort sem hann borgar hana sjálfur í eigin húsum eða hann borgar hana í húsum, þar sem hann verður að leigja, vegna þess að þessa fjármálapólitík þolir hann ekki. Hún er að brjóta þessa kynslóð niður efnahagslega. Við erum að vinna stóra hluti hér á Íslandi, þessi kynslóð, við erum að húsa land, sem á tímum okkar afa var að heita mátti húsalaust hvað varanleg hús snerti. Og okkar eftirkomendur eiga að taka á sig svo og svo mikið af þessu, og við getum ekki gert þetta með öðru móti en því að tryggja þannig fjármálapólitík, að það séu með lánum hér innanlands sköpuð þau skilyrði, að það verði hóflegur sá þungi, sem lendir á núverandi kynslóð.

Nú skal ég reyna að gera ofur litla grein fyrir, hvaða byrði það er, sem þessi kynslóð er að bera í þessum efnum. Brunabótamat allra húseigna á Íslandi, bæði íbúðarhúsa og annarra, er 1. jan. í ár: í Reykjavík 3300 millj. kr., eða 3.3 milljarðar, úti á landinu, miðað við 15. okt. í haust, 2721 millj. kr., eða 2.7 milljarðar; til samans sex milljarðar kr. Þetta er brunabótamat allra húseigna á Íslandi núna, sem sé endurbyggingarkostnaður þeirra, sex milljarðar. Og ég þori að fullyrða, að helmingurinn af öllum þessum húsum er byggður á síðustu 15 árum. Þetta gífurlega verðmæti, sem okkar kynslóð hefur skapað bara hvað hús snertir, er upp á sex milljarða kr. Og hvað eru lánin út á þessar húseignir? Öll lán í veðdeildum Landsbankans eru 38 millj. kr., — 38 millj. kr. út á húseign, sem er 6000 milljónir. — Ég veit ekki, og það hefur ekki verið gerð nein athugun á að rannsaka það, hvað öll veðlán eru út á allar þessar húseignir. Kannske eru það 300 millj., kannske 400 millj., kannske 600 millj., en ég efast um, að það nái 10% af verðmæti þessara húseigna. Hvað er að gerast með þessu? Það er að gerast það með því, að það er verið að láta þessa kynslóð greiða upp verðmæti í húseignum einum upp á 5—6 milljarða kr. á nokkrum árum eða áratugum. Og hvað þýðir þetta? Það þýðir, að þeir smáu og tekjurýru, sem eru að reyna að eignast hús, eru að brotna undir því, og ef þeir eiga að eignast húsin, ef þeir eiga að standa undir hárri húsaleigu, sem þeir reikna sjálfum sér, eða hárri húsaleigu, sem aðrir reikna þeim, sem kannske eru líka að pína sig til að eignast hús, þá verða þeir annaðhvort að taka þriðjunginn eða helminginn af öllu því, sem þeir vinna sér inn, eins og maðurinn, sem ég tók dæmi af áðan, og borga í húsaleigu, eða þá að þeir verða að hækka kaupið.

Ég vona, að mönnum sé ljóst, að sú fjármálapólitík, sem rekin er viðvíkjandi húseignum á Íslandi, er úrslitaþáttur í því að skapa þá aðstöðu fyrir verkalýðinn í dag, að hann verður að knýja fram stórfellda hækkun á sínu kaupgjaldi; menn verða að gera sér ljóst, að þegar verkalýðurinn er að heimta þetta kaupgjald, þá er hann að berjast fyrir því, ekki aðeins að hafa til að bíta og brenna, heldur líka til þess að verða efnahagslega sæmilega sjálfstæður, jafnvel að geta eignazt smákofa yfir höfuðið á sér eða eignazt þátt í litilli íbúð. Og þess vegna er í sambandi við kaupkröfur verkalýðsins óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir allri efnahagspólitíkinni, því að hún kemur öll inn í þetta. Og hver verður svo afleiðingin af því, að ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa rekið svona pólitík hvað fjármálin snertir, eru að knýja þessa kynslóð til þess að borga svona hratt upp, eru að skapa þessa gífurlegu húsaleigu? Afleiðingin verður sú, að með þessum svokallaða frjálsa markaði á peningum, sem ríkisstj. hefur gert að sinni aðalreglu, skapast mestu gróðamöguleikarnir af peningum ekki með því að gera út og afla íslenzku þjóðinni gjaldeyris, heldur með því að lána fé út á svörtum markaði og taka okurvexti af því, lána mönnum, sem eru í vandræðum með húsin, seinustu 30—40 þúsundirnar, lána mönnum, sem búast við að geta tekið fljóttekinn gróða í sambandi við verzlun og flækjast svo smám saman í þessu okri. Ríkisstj. hefur innleitt það, sem hún kallar frjálsa pólitík, frjáls viðskipti í verzlunarmálunum, en hún hefur innleitt á sama tíma svörtustu haftapólitík, ef ég svo má segja, á peningamarkaðnum, og afleiðingarnar af þessu misræmi í allri pólitík ríkisstj. eru þær, að það skapast svartur markaður á peningum, slíkur sem íslenzkt þjóðfélag hefur aldrei þekkt áður.

Ég fullyrti hér og hef fullyrt í þskj., sem ég ásamt tveim öðrum hv. þm. hef lagt hér fyrir, að þessi svarti markaður sé orðinn svo gífurlegur, að það þekkist, að teknir séu 5% vextir á mánuði, jafnvel 6% vextir á mánuði. En eins og nærri má geta, er þetta gert með slíkum aðferðum, með lækkun á verðbréfum, afföllum, með því að kaupa verðbréf eða víxla fyrir svona og svona lágt verð, að þetta er náttúrlega aldrei reiknað út sem vextir, til þess að það kæmi þannig beint við lög. M. ö. o.: Það eru alltaf nógu „sniðugir“ menn, sem framkvæma þessa hluti, til þess að það varði máske ekki við lögin og þess vegna verði erfitt að taka á því. Hæstv. dómsmrh. skoraði á mig að nefna dæmi um þetta. Ég veit ekki, hvort mér sérstaklega ber að hafa svo mikla trú á óhlutdrægni hæstv. dómsmrh. Ég mundi í þeim efnum máske vísa honum til hans ágæta samstarfsflokks, að hann skyldi spyrja hann um traustið og hvernig honum litist á að fela honum að rannsaka öll þau mál, sem Framsókn hefur verið að skrifa mest um undanfarið, bæði fiskmálin og önnur slík, áður en ég færi beint að fela honum rannsókn á okurmálunum. Hins vegar hef ég, eins og ég ætlaði ekki að ræða hér, lagt fram till. ásamt tveim af hv. þm. um rannsóknarnefnd hér í þingi, og ef hún verður sett, sem ég vona, þá gefst tækifæri til þess að yfirheyra m. a. hæstv. dómsmrh. um, hvort meira að segja hæstv. ríkisstj. hefur ekki einhverja hugmynd um, að það hafi átt sér stað einhverjar þess háttar verzlunarframkvæmdir hér í Rvík, þar sem slíkir okurvextir hafi verið teknir, að þeir hafi gleypt allar tekjur þeirrar verzlunar, sem lent var í greipum okraranna.

Ég efast þess vegna ekki um, að gróði íslenzkrar auðmannastéttar, ekki sízt sá, sem framkvæmdur er á þessum svarta markaði, er gífurlegur. Íslenzk auðmannastétt rís þess vegna undir því nú að borga verkalýðnum hærra kaup, og

verkalýðurinn á þessar kaupkröfur inni. Hitt verður svo spursmálið: Fær hann þessu framgengt, þannig að auðmannastéttin láti undan þessum réttlætiskröfum, án þess að það þurfi að kosta þjóðfélagið tugi milljóna króna? Og þó hef ég hér ekki tekið og ætla ekki að taka þær kröfur, sem verkalýðurinn ætti í viðbót við það, sem ég hef rætt og reynt að rökstyðja, — verkalýðurinn ætti meiri kröfur en þessar. Framleiðsla þjóðfélagsins og þjóðartekjurnar gætu í dag verið miklu meiri en þær eru, svo framarlega sem farið hefði verið að ráðum verkalýðsins, svo framarlega sem það hefðu verið keyptir t. d. fleiri togarar til landsins, eins og hann hefur lagt til ár eftir ár hér á Alþingi, og verkalýðurinn á ekki að bera byrðarnar af því, að það hefur ekki verið farið að þessum ráðum. Íslenzk yfirstétt hefur stjórnað framleiðslunni illa á undanförnum árum. Hún hefur látið framleiðsluna stöðvast mánuðum saman, hún hefur kastað svo að skiptir tugum og jafnvel hundruðum milljóna kr. á ári í ekki neitt. Verkalýðurinn hefði líka getað gert henni reikning fyrir þessari óstjórn hennar á atvinnulífinu, og verkalýðurinn á ekki að bera afleiðingarnar *af slíkri óstjórn yfirstéttarinnar*. Og síðast, en ekki sízt: Sú íslenzka yfirstétt, sem nú er, er allt of stór, hún er allt of fjölmenn, hún er allt of heimtufrek. Hún á að byrja á því að spara. Verkalýðnum ber engin skylda til þess að bera á sínum herðum allt þetta bákn, of stórt, of dýrt og of þungt. Íslenzk yfirstétt má gjarnan þrengja að sér, svo að ég ekki tali um, hvað útlenda yfirstéttin tekur af okkur. Þess vegna verður það óhjákvæmilega svo, að hver vinnudeila verður uppgjör íslenzkrar alþýðu við yfirstéttina, við hennar efnahagspólitík, við hennar gróða, við hennar stjórnarlag. Þess vegna hef ég reynt hér að setja fram, hvernig slíkar vinnudeilur eins og nú eru í aðsigi hljóta að setja upp vandamálið um alla efnahagspólitíkina, hvernig við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það verður að breyta til um efnahagspólitík, ef í fyrsta lagi á að bæta verkalýðnum upp allt það tjón, sem búið er að vinna honum á þessum undanförnum 6—7 árum, ef á að veita honum aftur þau lífskjör, sem hann hafði 1947, og í öðru lagi, ef á að láta hann fá sinn eðlilega hlut í þeim þjóðartekjum, sem skapazt hafa síðan. Verkalýðurinn á stóran og mikinn reikning á hendur þjóðfélagsins og á hendur yfirstéttar þess að leggja fram, og hann leggur hann fram nú. Við skulum vona, að sá reikningur verði borgaður, án þess að það þurfi að koma til stórfelldra og dýrra átaka í þjóðfélaginu.

Það hefur aldrei verið ósk Sósfl. og ekki heldur verkalýðssamtakanna að knýja fram það réttlæti, sem verkalýðurinn á kröfu á, með harðvítugum aðgerðum. Og þegar tillit hefur verið tekið til okkar ráðlegginga í íslenzkum stjórnmálum, þá hefur tekizt að gera þetta með blessun fyrir alla þjóðina, og það hefur sýnt sig, að íslenzkt þjóðfélag hefur alltaf getað borið allar þær kauphækkanir, sem menn hafa orðið við.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að blanda mér inn í þær löngu umræður, sem hafa orðið um þetta mál hér í þinginu. Ég tel, að þær hafi orðið til góðs. Ég tel það mikils virði, að menn fást til þess að ræða um þessi mál af fullri hreinskilni, eins og gert hefur verið oft í þessum umræðum, og ég tel það mikla framför hjá foringjum verkalýðsins, að í stað þess að hefja verkfall á tilsettum tíma, gefa þeir sér tíma til að ræða þessi mál í fullu bróðerni. Það verður að fyrirgefast, þó að þeim sé gjarnt á öfgar oft og tíðum, eins og t. d. hv. 2. þm. Reykv., sem talaði hér áðan langt mál. Ég veit, að sá hv. þm. meinar það, að hann vill verkalýðnum vel, en honum hættir við því að tala sig upp í æsing og segja stundum það, sem hann sjálfur jafnvel ekki meinar. Ég hygg, að ég og hv. 2. þm. Reykv. eigum það sameiginlegt að vilja gera okkar bezta fyrir vinnandi fólk í þessu landi.

Ég kem hingað aðallega til að leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. og byggist á því, að hann hefur ekki kynnt sér nógu rækilega það plagg, sem hann byrjaði á að ræða hér í upphafi máls síns. Það er álit hagstofustjórans og prófessors Ólafs Björnssonar. Hann hefur ekki kynnt sér það frá grunni, ekki það, á *hverju þessir hagfræðingar byggja álit sitt*. Hv. þm. byrjaði að ræða um það, að 1939, þegar vísitölugrundvöllurinn var fenginn, hafi verið svo mikil fátækt hér í landi og sú neyzla, sem fólki þá var ætluð, svo lítil, að það væri engin sanngirni að byggja á slíku nú, þegar verið væri að reikna út kaupmátt launanna. Og þessu er ég alveg samþykkur, því að það er mikill munur á kjörum fólks nú og 1939. Menn leyfa sér nú í neyzlu það, sem þeir gátu ekki leyft sér þá. Þess vegna er það, að það var ekki við þann útreikning, sem nú var gerður á kaupmætti launa, 1. jan. 1953 og 1. jan. 1955, byggt á þeim grundvelli, gamla vísitölugrundvellinum, heldur var byggt á nýjum grundvelli, sem verið er að vinna að og reikna út og ég vænti að hv. 2. þm. Reykv. hafi hugmynd um. Kauplagsnefnd hefur undanfarið unnið að útreikningum á nýjum vísitölugrundvelli og hefur sérstaklega falið fulltrúa Alþýðusambandsins að finna út þennan grundvöll. Niðurstöðurnar á þessum grundvelli eru þegar fengnar að mestu leyti, þannig að hagfræðingarnir treystu sér til þess að byggja á honum. Og þar er sannarlega gert ráð fyrir meiri neyzlu heldur en 1939. Þar er gert ráð fyrir þeirri neyzlu, sem almenningur í dag lætur eftir sér. Það er *þess vegna*, að álit þessara hagfræðinga er meira virði en ef það hefði verið byggt á gamla grundvellinum, sem hvorki ég né hv. 2. þm. Reykv. viljum í dag viðurkenna, vegna þess að við vitum, að lífskjörin eru betri en 1939, og við viljum hafa þau betri en þau voru 1939. Þessu áliti hagfræðinganna var heldur þunglega tekið, þegar það kom. Ríkisstj. vildi gera sér grein fyrir því fyllilega, hvernig væri varið með kaupmátt launanna í dag. Var því þannig varið, að kaupmáttur launanna hafi rýrnað verulega undanfarin 2 ár, þannig að það væri ólíklegt, að almenningur í þessu landi gæti í dag lifað á þeim launum, sem hann fær? Ríkisstj. fannst sér skylt að rannsaka þetta. Hún gat ekki leitað að betri stað en til hagstofustjóra og annars góðs hagfræðings, og mér finnst, að ummælin í Þjóð-

viljanum í garð okkar ágætu stofnunar, hagstofunnar, og þessara hagfræðinga séu ómakleg með öllu. Það er áreiðanlegt, að þeir hafa unnið sitt starf af þekkingu og óhlutdrægni. Að útkoman í álitinu er eins og raun ber vitni, stafar af því, að kaupmáttur launanna hefur ekki rýrnað á þessum tíma.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér áðan um húsaleiguna og húsaleiguokrið og vildi sérstaklega halda því fram, að húsaleigan hafi hækkað mikið. Hagfræðingarnir gera ráð fyrir tveimur möguleikum: að húsaleigan hafi hækkað um 3% og ef til vill 6%. Nú vitum við, að mikill meiri hluti býr í sama húsnæði nú og með sama tilkostnaði og fyrir 2 árum, og þegar reiknað er út jafnaðarverð, jafnaðarhækkun á húsaleigu, þá er það vitanlega geysileg hækkun á nýjasta húsnæðinu, ef á að fá út úr því 3—6% hækkun. Og í dag býr stór meiri hluti verkamanna og launþega í sama húsnæði og hann bjó fyrir 2 árum og í ekki dýrara húsnæði. Tölurnar, sem hagfræðingarnir komu með um húsaleiguna, eru þess vegna mjög nærri sanni. Þeir telja til þess að vera sanngjarnir og réttlátir, að það megi alveg eins fara upp undir 6% eins og 3%.

Svo getum við hv. 2. þm. Reykv. verið sammála um, að það væri mjög æskilegt að hækka launin í dag, þrátt fyrir það að kaupmáttur þeirra hafi ekki rýrnað frá því í desember 1952. Við óskum eftir því, að lífskjör fólksins í dag megi vera betri en fyrir 2 árum, og við teljum, að þróunin í íslenzku þjóðlífi sé á réttri leið, ef svo má verða, og viljum að því keppa. En það er ekki nóg að eiga sér óskir. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir hinum kalda veruleika, fyrir staðreyndunum, og því er nú verr, að staðreyndirnar sýna það, að okkar höfuðatvinnuvegir hafa nú að undanförnu verið reknir með tapi, og raunhæfir menn telja, að þessir atvinnuvegir þoli ekki að bæta á sig, eins og nú er komið, þyngri böggum; það hljóti að leiða til stærri taprekstrar og til þess, að það verði að innheimta af fólkinu hærri upphæðir til þess að borga töpin. Og til hvers leiðir þá kauphækkunin? Er hún þá til gagns, eða þarf að taka hana alla aftur með nýjum sköttum? Hv. 2. þm. Reykv. skilur og veit, að þetta er ekki til gagns fyrir verkamenn eða launþega. Við höfum stundum látið í ljós, að okkar land væri land möguleikanna, og það er alveg rétt. En ef við viljum vera raunhæfir, verðum við eigi að síður að viðurkenna, að okkar land er að litlu leyti betra en nágrannalöndin. Ef okkar land er ekki betra en nágrannalöndin og býður ekki betri lífskjör en þau, þá er tæplega við því að búast, að fólkið í þessu landi geti búið við betri lífskjör en hjá nágrannaþjóðunum, þar sem lífskjörin eru talin vera sæmileg. Og sé gerður samanburður á lífskjörum Íslendinga og nágrannaþjóðanna, menningarþjóðanna, sem við köllum, þá stenzt Ísland þann samanburð.

Það hefur stundum verið sagt og hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það væru vissar stéttir þjóðfélagsins, sem hefðu hagnazt meira á undanförnum árum en fyrr, og þessar stéttir gætu greitt — hann sagði það ekki berum orðum, en mátti skilja það — aukin töp atvinnutækjanna eða greitt verkalýðnum uppbætur á það, sem hann nú ber úr býtum. Það má vel vera, að ýmsir græði, einstaklingar og fyrirtæki græði, og ég býst við, að í landi, sem vantar eins margt og Ísland, verði erfitt að lifa, ef gróðamyndun eða fjármagnsmyndun er með öllu útilokuð. Ég býst við því, að í okkar kalda landi, þar sem svo mikið er ógert, megum við ekki haga okkur eins og hinar frumstæðu þjóðir í Suðurlöndum, sem þurfa ekki að hugsa fyrir morgundeginum til þess að geta lifað og deila öllu, sem þær afla, út fyrir neyzluvörur. Það var sagt frá því í Þjóðviljanum í vetur, hversu þjóðartekjur Íslendinga væru miklar, og ef deilt væri í upphæðina með þeirri tölu, sem fjögurra manna fjölskylda á Íslandi gaf tilefni til, þá kom út talan 87. Af því var dregin sú ályktun, að tekjur hverrar fjögurra manna fjölskyldu á Íslandi væru 87 þús. kr. eða gætu verið það. Þá var reiknað með öllu, tekjum bæjar- og sveitarfélaga og fyrirtækja, og ég býst ekki við, að hv. 2. þm. Reykv. meini það, að hann teldi eðlilegt að úthluta öllum þessum tekjum til neyzlu- og eyðsluvarnings. Hvað hefðum við þá til þess að byggja fyrir brýr, vegi og leggja rafmagn og gera annað, sem við eigum ógert í okkar hálfnumda landi? Það verður að vera fjármagnsmyndun í landinu, sem er notuð á réttan hátt til uppbyggingar atvinnulífinu og til þess að bæta lífskjör fólksins. Það er eina ráðið til þess, að fólkið í þessu landi geti lifað góðu lífi, þ. e., að hér sé öruggur atvinnurekstur, sem gefur einhvern arð.

Ég ætlaði mér ekki að tala langt mál, en ég vil aðeins drepa hér á tvö atriði, sem ræðumaður gerði að umtalsefni. Hann var að tala um álagninguna á sementi. Af því að margur, sem á hann hlustaði, hefði getað ímyndað sér, að hér væri um okurálagningu að ræða, þá vil ég upplýsa það, að það er stutt síðan ég sá verðlagsútreikning yfir sement, og þar er álagningin 3% í heildsölu, og verðgæzlustjóri getur staðfest þetta, ef hv. 2. þm. Reykv. finnst þörf á því eða ef hann vill rengja mig. Hann talaði um afnám verðlagseftirlits og að gróðamyndunin hefði verið meiri síðan, en það var óheppilegt, að hann gerði það á sama tíma og hann minntist á, að stór verzlunarfyrirtæki væru að fara á höfuðið, eins og það er kallað. Þessi hv. 2. þm. Reykv. getur ekki nefnt eitt einasta verzlunarfyrirtæki, sem fór á höfuðið, á meðan verðlagseftirlitið var í algleymingi. Þá döfnuðu allar verzlanir. Þær fylgdu þeirri álagningu, sem verðlagseftirlitið leyfði, og þá fór engin yfir um. Það var ekki fyrr en hin frjálsa verðmyndun kom og samkeppni myndaðist, sem það reyndi á kappann að reka verzlun, og þá var það, að þegar hin frjálsa verðmyndun hafði staðið í þrjú til fjögur ár, var ein stærsta verzlun í miðbænum í Reykjavík að falli komin og meira en það. Og það er haft eftir einum stjórnmálamanni, að það séu margar verzlanir hér í Rvík að falli komnar, vegna þess að þær hafi ekki þolað samkeppnina. Hver vill nú halda því fram, að slæmt sé fyrir fólkið í landinu að hafa fengið vöruna á þessu samkeppnisverði? Hver vill halda því fram, að það sé slæmt fyrir fólkið í Rvík að hafa átt þess kost í allan vetur að kaupa vörur á innkaupsverði og jafnvel fyrir

neðan það á útsölum? Hefði verið betra, að það hefði verið hámarksálagning á þessum vörum með verðlagseftirliti og að enginn hefði selt undir því, sem verðlagseftirlitið leyfði? Og er ekki líklegt, að með þeirri samkeppni, sem þannig hefur verið rekin núna undanfarið í verzluninni, heltist þeir úr lestinni, sem eiga ekki að fást við verzlun, heldur finna sér einhverja aðra atvinnu? Og er ekki þá einnig líklegt, að sá fjöldi manna, sem sækist eftir því að reka verzlun, verði minni en áður var, þegar það sýnir sig, að það er áhættusamt og það er aðeins fyrir þá, sem einhvern kraft hafa, að leggja út í slíkt? Mig minnir, að ég hafi heyrt hv. 2. þm. Reykv. halda því fram, að verzlanir væru of margar. En það er eina ráðið til að tryggja það, að verzlanir séu ekki of margar, að gera verzlunina með samkeppninni það erfiða, að aðeins þeir, sem skara fram úr, geti staðizt samkeppnina, aðeins þeir, sem bjóða fólkinu góð kjör, góðar vörur með sanngjörnu verði, en ekki fúskararnir, sem eru verndaðir með verðlagseftirliti og hámarksálagningu.

Við erum sammála um það, hv. 2. þm. Reykv. og ég, að atvinnulífið eigi að efla, það eigi að auka framleiðsluna og að það eitt geti verndað krónuna. Ég skrifaði upp áðan, þegar þessi hv. þm. var að tala um krónuna og hvað þyrfti að gera til þess að halda henni uppi, setningu innan gæsalappa, sem er eftir honum: „Gengið byggist á útflutningsframleiðslunni og því verði, sem fæst á erlendum markaði.“ Þetta er alveg rétt. Gengið byggist á þessu. En ef gengið byggist á þessu og ef þjóðartekjurnar byggjast á því, hvað við fáum á erlendum markaði, þá er arðurinn og það, sem við höfum að úthluta á milli þeirra, sem vinna að framleiðslunni, undir því komið, hvað það er, sem við fáum á erlendum markaði. Ég vil leyfa mér að taka dæmi, sem ég skrifaði líka upp undir hans ræðu: Tíu menn vinna að framleiðslu á útflutningsvöru, og þeir selja þessa vöru fyrir 1000 pund, sem er hér um bil 45400 kr. Nú á að skipta þessum þúsund pundum jafnt á milli þessara tíu manna. En þeir segja: Ég vil ekki sætta mig við það að fá 4540 kr., ég vil fá 5400 kr. — Það sjá allir, að ef þeir sætta sig ekki við 4540 kr., sem er 1/10 af þúsund pundum með því gengi, sem núna er, þá verða þeir að sætta sig við að fá minni krónur. Og það er þetta, sem gengið byggist á, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan. Það byggist á því verði, sem fæst fyrir framleiðsluna. Og ef menn vilja ekki sætta sig við staðreyndirnar og byggja á þeim, sætta sig við það, sem er til í raunveruleikanum til að skipta á milli manna, þá leiðir það til þess, að það verða verðminni krónur, sem hver einstaklingur getur fengið, því að það eru aðeins þúsund pund til þess að skipta upp. Og það er það, sem hér er verið að ræða um dag eftir dag, að þrátt fyrir það að útflutningsframleiðslan sé rekin með tapi, þá koma hér menn, skynsamir menn eins og hv. 2. þm. Reykv., og segja: Við sættum okkur alls ekki við það, sem fæst fyrir útflutningsframleiðsluna. Við viljum fá meira. — En vegna þess að það er ekki hægt að fá meira en þúsund pundin og hv. 2. þm. Reykv. ætlar samt að heimta meira, þá er ekkert annað til í dæminu en að fjölga krónunum og smækka þær, úthluta sama verðmæti í öðru formi en áður hafði verið. Og það er enginn sælli fyrir það, þó að hann fái hlutnum skipt á þann veg. Mig undrar það, af því að hv. 2. þm. Reykv. þekkir grundvöllinn að því að gera krónuna sterka, sbr. setninguna, sem ég las eftir honum áðan, að hann skuli samt sem áður halda fram öðru í sömu ræðunni, sem stangast alveg við þennan grundvöll og þessa staðreynd.

Ég þarf ekki að hafa þessa ræðu öllu lengri. Ég vil þó aðeins minna á það, sem hefur verið bent á hér, að það væri nauðsynlegt að skipa nefnd hlutlausra, fróðra og velviljaðra manna til þess að rannsaka greiðslugetu atvinnuveganna. Og það hefur verið sagt hér af flestum, sem til máls hafa tekið, að það sé eðlilegt og sjálfsagt, að verkamenn og þeir, sem lægst eru launaðir, fái sinn hlut af aukningu framleiðslunnar, af aukningu arðsins. Og ég vil undirstrika það. Ég vil láta vinnandi fólkið fá sinn hlut af aukningu arðsins. Ef hv. 2. þm. Reykv. og þeir, sem halda fram hans skoðun, telja víst, að það sé grundvöllur í dag fyrir kauphækkunum, þá eiga þeir að taka með fögnuði þeirri till., að það sé skipuð hlutlaus nefnd til þess að rannsaka málið, því að ef þeir eru vissir í sinni sök, þá hlýtur niðurstaðan að verða þeim í vil. Og vegna þess að mér virðist þessir menn vera í mikilli framför, þar sem þeir í stað þess að skella á verkfalli gefa tíma til athugunar og umræðna um þessi mál, þá vænti ég þess, að það verði samkomulag um slíka nefnd og að þetta verði rannsakað á hlutlausan hátt og með því tryggt, að verkamenn og launþegar fái sinn hlut af auknum arði, ef hann er fyrir hendi. En ef hann er ekki fyrir hendi, þá er augljóst, að það er ekki neitt til til þess að skipta upp fram yfir það, sem gert hefur verið.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Fáein orð út af þeim langa kafla, sem hv. 2. þm. Reykv. helgaði mér í langloku þeirri, sem hann flutti hér í dag.

Hv. 2. þm. Reykv. flutti langt mál um þann fjandskap, sem hefði komið fram af minni hendi um kauphækkunarkröfur þær, sem nú væru fluttar af hálfu verkalýðsins. Allt tal hv. 2. þm. Reykv. í þessa stefnu er hreinn skáldskapur. Ég hef ekkert um þessar kröfur sagt hér á hv. Alþ. annað en það, að rétt mundi að viðhafa þá aðferð að láta fara fram rannsókn á því, hvort nú mundi vera hægt að hækka kaupið á þá lund, að gróði yrði að því fyrir launastéttirnar. Þetta er allt og sumt, sem ég hef sagt um þessi mál. Það er þessu algerlega óskylt, að ég í framsöguræðu minni um bráðabirgðayfirlitið minnti á það vald, sem kommúnistarnir telja sig hafa til þess að koma af stað glundroða og upplausn í atvinnu- og fjárhagsmálum. En barátta kommúnista í þessa átt á ekkert skylt við hagsmunabaráttu verkalýðsins, eins og ég hef áður lagt áherzlu á í þessum umræðum.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að ég hefði jafnan verið andstæðingur verkamanna í þessum efnum og beitt mér mjög einhliða gegn kauphækkunum. Ég hef oft varað við því að trúa um of á kaup-

hækkanir einar. Ég hef þráfaldlega bent á, að til þess að kauphækkanir geti orðið að liði, þurfi að vera fyrir hendi vissar aðstæður. Þá þurfi að vera fyrir hendi möguleikar til þess að koma þessum kauphækkunum í framkvæmd, án þess að þær skelli aftur á launastéttunum í verðhækkunum svo að segja tafarlaust. Ég ætla ekki að ræða hér mikið almennt um þetta við hv. 2. þm. Reykv. En vegna þess að hann talaði digurbarkalega um þessi efni og um það, hve fjandsamlegt væri að benda á þau atriði í sambandi við kaupgjaldsmálin, sem ég hef stundum gert og ég drap á áðan, þá ætla ég að minna hv. þm. á tvennt eða þrennt, sem komið hefur fram á undanförnum árum um þetta mál, einmitt um það, hvernig tekizt hafi að afla verkalýðnum kjarabóta með kauphækkunum.

Ég vil þá fyrst vísa til þess, að í ársbyrjun 1946 ályktar trúnaðarráð Dagsbrúnar í Reykjavík á þessa lund: „Samt sem áður hefur það komið í ljós, að þrátt fyrir þessa grunnkaupshækkun veitist verkamönnum, sem eiga við lægsta grunnkaupið að búa, æ erfiðara að framfæra fjölskyldur sínar.“

Ef það væri rétt, að það væri alveg öruggt úrræði fyrir verkalýðinn að hækka kaupið, að kauphækkun hlyti ævinlega að vera honum í hag, hvernig sem á stendur, hvernig gæti þá á því staðið, að trúnaðarráð Dagsbrúnar í Reykjavík gefur þessari kjarabaráttu stríðsáranna, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði svo digurt um, þennan vitnisburð, að sú starfsemi hafi raunverulega ekki leitt til neinna kjarabóta fyrir verkalýðinn?

Ég vil einnig minna hv. 2. þm. Reykv. á, að um sama leyti segir þáverandi forseti Alþýðusambandsins sitt álit um þetta mál. Hann segir svo í sérstöku ávarpi í tímariti Alþýðusambandsins:

„Fyrir vanmátt og úrræðaleysi valdhafanna hefur ósamræmið milli verðlags og kaupgjalds verið svo launþegunum í óhag vegna falskrar vísitölu og svikins verðlagseftirlits, að kauphækkanir þær, sem verkalýðurinn náði 1942 og síðan 1944, eru að engu orðnar.“

Ef það er algerlega einhlítt að hækka kaupið til þess að bæta lífskjörin, hvernig getur þá á því staðið, að forseti Alþýðusambandsins gefur slíka yfirlýsingu á þessum tíma?

Og um sama leyti segir annað málgagn þáverandi ríkisstjórnar, nýsköpunarstjórnarinnar sællar minningar, Þjóðviljinn, blað hv. 2. þm. Reykv., þegar það blað vill líka segja sitt álit um, hvernig tekizt hafi til með kjarabaráttu verkalýðsins, sem stýrt var af hv. 2. þm. Reykv. o. fl.:

„Sannleikurinn er sá, að hlutur verkamanna er mun lakari nú en hann var fyrir nokkrum árum.“

Og það er auk þess eftirtektarvert, að þessir vitnisburðir ganga árið 1946, eftir að fulltrúar frá kommúnistum eru búnir að sitja í ríkisstjórn nokkur missiri. Það þarf því ekki að fara í neinar grafgötur um þetta allt. Hv. 2. þm. Reykv. gæti sparað sér þennan hávaða og líka talað styttra. Málið liggur ekki eins fyrir og hann vill vera láta. Fyrir liggur ekki aðeins mitt álit um, að kauphækkanir séu ekki alltaf einhlítar, heldur einnig álit ýmissa þeirra manna, sem hv. 2. þm. Reykv. vill vafalaust taka miklu meira tillit til en mín.

Þá vil ég minnast á annað atriði í sambandi við þessi mál. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að 1944 hefði Framsfl. viljað lækka kaupgjaldið. Hann sleit þetta algerlega úr samhengi. Á þessum tíma var leitað til bændastéttarinnar um að lækka verðlag á afurðum, og bændastéttin varð vel við því. Þá álitum við í Framsfl. og skömmumst okkar ekkert fyrir, að þegar bændur slökuðu til og lækkuðu af sinni hendi, þá ættu aðrar stéttir að gera slíkt hið sama, til þess að jafnvægi héldist. Það var okkar afstaða, og hún var fullkomlega réttmæt. Ef allir hefðu þá tekizt í hendur um að lækka, þá hefði verið hægt að lækka, án þess að verkamenn hefðu skaðazt á því.

Ég álít þetta alveg nóg til þess að koma gati á þann vindbelg, sem hv. 2. þm. Reykv. blés út áðan hér í deildinni.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 9. marz, var enn fram haldið umr. um bráðabirgðayfirlit fjmrh.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það hafa, eins og við mátti búast, orðið miklar umr. um bráðabirgðayfirlit hæstv. fjmrh. um rekstrarafkomu ríkissjóðs á árinu 1954. En ræða hans var tvíþætt, var í fyrsta lagi skýrsla og greinargerð um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á árinu 1954 og svo útrás nokkur — árás raunar — á verkalýðssamtökin, sem nú ætluðu að ráðast gegn þeim mikla og góða árangri, sem orðið hefði af starfi ríkisstj. á undanförnum árum, og að manni skildist eyðileggja þetta allt saman. Það er því ekki að undra, þó að umr. hafi orðið tvíþættar eins og ræða hæstv. ráðh. og menn hafi haldið sér við þetta tvennt.

Í fyrri hluta ræðu minnar í öndverðum þessum umr. vék ég að því, eins og raunar kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. hefði haldizt illa á fé, en sú játning stóð einmitt í ræðu ráðh. og var orðuð á þessa leið: Hélzt hæstv. ríkisstj. því ekki vel á fé, þótt þörf hefði verið á öðru til þess að styrkja afkomu þjóðarinnar út á við og trúna á fjármálakerfi landsins inn á við. — Þetta er hverju orði sannara og var í raun og veru það, sem ég vék nokkru nánar að. Ég hélt því fram, að árásir hæstv. ráðh. á Alþfl. út af því, að hann hefði borið fram ábyrgðarlausar till. á undanförnum árum í sambandi við afgreiðslu fjárl., sem leitt hefði af, ef samþ. hefðu verið, að rekstrarafgangur hefði ekki orðið á fjárl., væru alls ekki á rökum reistar, væru ósannar og að hæstv. ráðh. vissi betur. Hann upplýsti í sinni skýrslu, að rekstrarafgangurinn 1953 hefði orðið 86 millj. Allar hækkunartill. Alþfl. á fjárl. 1953 námu 29 millj. Þá hefði afgangurinn getað orðið 57 millj. kr. Allar brtt. Alþfl. til hækkunar á tekjubálki fjárl. árið 1954 námu 32.2 millj. kr., og þó að þær hefðu allar verið samþ. og útgjaldatill. allar verið samþ., þá hefði á því ári, sem nú skiladi 97.7 millj. kr., orðið 65 millj. kr. afgangur til umframeyðslu, og hefði þá ekki verið gerð sú krafa til hæstv. ráðh., að hann hætti í miðri framkvæmd að greiða til sjúkra-

húsa eða til annars slíks, sem hann nefndi og sagði að ekki væri hægt að hætta á þeim punkti, þar sem fjárlögin settu stopp við. Það hefði þess vegna alls ekki þurft að gera slíka kröfu til hæstv. ráðh. Eins og ég sagði, hefði getað orðið tugmilljóna rekstrarafgangur á fjárl. fyrir það, þótt allar till. Alþfl. á þessum nefndu árum hefðu verið samþ. Þær brtt. voru aðgengilegar fyrir hvern þann þm., sem hirðir um að vilja heldur hafa það, sem sannleikanum er samkvæmt í þessu efni.

Hæstv. ráðh. spurði svo nokkuð rogginn í framhaldi af þessu: Hefði verið hægt að komast af með minni álögur? Ég svara því hiklaust játandi. Það hefði verið hægt að komast af með minni álögur á landslýðinn til þess að standa undir öllum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs á þeim árum, sem hér er um að ræða. Hann spurði enn fremur: Hefði verið hægt að fella niður álögur? Já, vissulega hefði verið hægt að fella niður álögur. Útkoma seinasta árs sýnir, að það hefði verið hægt að fella niður nálega allan söluskattinn, sem nemur um 100 millj. kr. Hefur gjaldþegnunum verið íþyngt að óþörfu? spurði hæstv. ráðh. Já, þeim hefur verið íþyngt að óþörfu. En það, sem ég var þungorðastur um í minni fyrri ræðu, var það, að hæstv. ráðh. hefði blygðunarlaust játað það hér á Alþingi, að 16 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1954 hefði nú þegar verið ráðstafað til ákveðinna hluta með samþykki þeirra þm., sem styddu stjórnarflokkana, sem styddu ríkisstj. Ég benti á, að þm. stjórnarflokkanna væru engin stofnun, sem hefði fjárveitingavald, það væri Alþingi eitt, sem hefði fjárveitingavald og ákvörðunarrétt um slík mál á þingfundum. Hvað gerist þá, þegar ríkisstj. er að afgreiða tugi millj. kr. í útgjöldum með samráði stjórnarflokkanna — þingmannanna í stjórnarflokkunum — jafnvel kannske meðan Alþingi situr? Þá er horfið af þingræðislegum grundvelli um afgreiðslu fjármála í þjóðfélaginu, og það er spor, sem ég skil ekki í að hv. þm. séu ekki allir sammála um að beri að víta. Ég sagði í þessu sambandi, að fyrirmyndin væri svo sem til í sögu þjóðþinganna, Hitler hefði gert þetta, þegar hann var upp á sitt bezta og var og hét, að afgreiða mál utan þingsins og kalla þingið síðan saman eftir á til að samþ. þau, — og það hefði verið þessi aðferð, sem hér væri viðhöfð. Hæstv. ráðh. féll þetta mjög fyrir brjóst og sagði, að hér væru nú ekki rétt hlutföll á milli. En það er nákvæmlega þetta, sem hefur gerzt. Það var í hvoru tveggja tilfellinu farið út fyrir hinn þingræðislega grundvöll og afgreidd mál utan þings og leitað samþykkis þings á eftir, og það er skripaleikur í þingræðislöndum. Það kann að vera, að landslýðurinn hafi tekið þetta svo, að samþykki þingflokkanna — þm., sem styðja ríkisstj. — sé jafngott og gilt og samþykki Alþingis, því að í ríkisútvarpinu í fréttayfirliti til útlanda s. l. sunnudag var sagt, að fjmrh. hefði upplýst, að 16 millj. kr. hefði m. a. verið varið til þessara tveggja sjóða, sem hér er um að ræða, með samþykki Alþingis, sem er algerlega ósatt. Það er ekki enn þá farið að leita eftir samþykki Alþingis fyrir þessari smávægilegu fjárveitingu, 16 millj. kr., og hefur fjmrh. sagt, að það verði leitað samþykkis Alþingis síðar fyrir þessu. Ég held, að ríkisútvarpið ætti að sjá sóma sinn í því að leiðrétta þennan misskilning, þessa röngu frétt, því að Alþingi hefur ekki samþ. þessi útgjöld enn þá.

Hinn þátturinn í ræðu hæstv. ráðh. var um það, að nú væru ill öfl að verki í þjóðfélaginu, sem ætluðu að eyðileggja hinn góða árangur af stjórnarstefnunni. Sagði hæstv. ráðh. í svarræðu, að hann hefði nú ekki meint, að það væru verkalýðssamtökin í heild, því síður, að það væri alþýða landsins, það væru kommúnistar, sem hann hefði átt við. Orð hans voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „En það eru til öfl í þjóðfélaginu, sem telja sig geta sett verðbólguhjólið af stað aftur þrátt fyrir greiðsluhallalausan ríkisbúskap, eyðilagt allt það, sem áunnizt hefur síðustu árin í þá átt að auka traust á fjármálakerfi landsins, grafið undan verðgildi peninganna og trú manna á því að leggja fyrir fé.“ Þetta voru óbreytt orð hæstv. ráðh. Hvaða öfl eru það að verki, sem hæstv. ráðh. hefur hér fyrir sökum? Það vita allir, að hann stílar þarna til þeirra samningsuppsagna, sem hafa átt sér stað, og að því verki standa 24 verkalýðsfélög a. m. k., sem öll hafa gert þetta, tekið þessa ákvörðun ágreiningslaust, þ. e. a. s. fólkið í öllum flokkum í þessum verkalýðsfélögum hefur verið sammála um að gera þessa ráðstöfun. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að allt þetta, sem hann þarna upp taldi, mundi fara úr skorðum, ef þessar kröfur næðu fram að ganga. Það eru kröfur verkalýðsfélaganna, sem eru ágreiningslaust fram bornar alveg án tillits til skoðana manna í stjórnmálaflokkum. Ég er á allt annarri skoðun en hæstv. ráðh. um það. Ég held, að það mundi ekkert ganga úr skorðum í þessu þjóðfélagi fyrir það, þó að allar kröfur verkalýðsfélaganna, eins og þær eru nú fram bornar, væru samþykktar. Og ég held, að það væri affarasælla fyrir þjóðfélagið að gera það, að samþykkja þær heldur í dag en á morgun, heldur í dag en eftir mánuð, heldur í dag en einhvern tíma með vorinu, þegar búið væri að ljúka öllum skýrslugerðum og reikningum, sem hefði átt að vera búið að gera nú, ef menn hefðu haft hug á því að vilja koma í veg fyrir stöðvanir atvinnulífsins. Ég sýndi fram á það um daginn, að ef orðið yrði við toppkröfum verkalýðsfélaganna, þá mundi mánaðarkaup verkamanns hækka úr tæpum 3000 kr. í 3900 kr., og ég er sannfærður um, að þjóðfélagið þyldi þetta. Þjóðfélagið þyldi það, að verkamaður, sem vinnur hvern dag sinn reglubundna vinnutíma, 8 stundir á dag, fengi 3900 kr. til framfæris sér og sínum.

Það má vel vera, að það sé hyggileg barátta á móti kommúnisma að segja á Alþ. og túlka í blöðum og á mannamótum: Að þessari kauphækkunarherferð standa kommúnistar og ætla að eyðileggja þjóðfélagið með því. — En að tileinka kommúnistum einum þá viðleitni til að bæta kjör íslenzks verkalýðs er ekki barátta til þess að tálga af þeim fylgið. Það að tileinka andstöðuna við þessa kjarabaráttu, sem nú er hafin, öllum andstæðingum kommúnista og segja þjóðinni: Allir, sem ekki eru kommúnistar, berjast á móti því, að þessar kjarabætur verði veitt-

ar, — er ekki heldur til þess að valda kommúnistum tjóni og tálga af þeim fylgi. Nei, ef nokkuð er, þá er það til þess að veikja aðstöðu kommúnistaandstæðinga í þjóðfélaginu og að hjálpa kommúnistum, sem þessir menn þykjast óttast allra mest, með því að tileinka þeim góðan málstað, sem öll alþýða landsins fylkir sér nú um. Þetta er einhver sú allra vitlausasta afstaða gegn kommúnisma, sem hugsazt getur. Þessa baráttuaðferð hefur hæstv. ríkisstj. helgað sér og lætur sérfræðingakerfi sitt styðja að þessari afstöðu, málgögn hæstv. ríkisstj. túlka þetta fyrir þjóðinni, og Alþ. á að slá trumbur fyrir þessari vanhugsuðu afstöðu.

Ég brosi að einu, og það er það, þegar hæstv. fjmrh. og Morgunblaðið kyrja í kór, að því miður gæti minna áhrifa allt of lítið í sambandi við þessa deilu, ég sé ekki hafður með í samninganefndunum, það sé greinilegt, að kommúnistar ráði þarna lögum og lofum og ég sé bara hafður svona til hliðar. (**Forsrh.**: Bezti maður þjóðarinnar settur út undan.) Já, einhver bezti maður þjóðarinnar hafður út undan. Þetta fellur ágætlega inn í kenninguna. Ég hafði nú aldrei gert mér vonir um, að ég yrði kosinn í samninganefnd fyrir Dagsbrún eða að ég yrði kosinn í samninganefnd fyrir Múrarafélagið í staðinn fyrir formann þess, Eggert Þorsteinsson, eða að ég yrði kosinn í samninganefnd fyrir félagsmennina, sem félagsfólkið eitt hefur rétt til þess að kjósa til þessara starfa. Og þess vegna er alveg ómögulegt að fá mig til að móðgast út af þessu, að mér hafi verið ýtt til hliðar frá aðstöðu, sem ég hefði átt að hafa. Ég var í samningunum 1952 vegna þess, að fjarlæg félög, sem gátu ekki átt menn hér á staðnum úr sínum röðum til þess að standa í samningunum, voru þá þátttakendur í deilunni. Þá var ég kosinn fulltrúi fyrir Vestfjarðafélögin, sem voru þátttakendur í deilunni. Ef einhver félög núna utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem hafa ekki aðstöðu til að geta mætt daglega á samningafundunum, væru í deilunni, þá gæti ég bezt trúað því, að þessi einn af ágætustu mönnum þjóðarinnar, skulum við segja, væri þá valinn fyrir þau í nafni Alþýðusambandsins til þess að taka þátt í samningunum. Ég er nokkurn veginn viss um það. Og þetta bendir þá bara til þess, að vinnustöðvanirnar núna eða deilurnar núna eru ekki nógu viðtækar til þess, að ég gæti verið þarna með og látið mín góðu áhrif koma í ljós. Verið getur, að þær verði smátt og smátt, ef þær dragast mjög á langinn, nógu viðtækar til þess, að Alþýðusambandið fari með umboð fyrir félög, sem geta ekki teflt eigin félagsmönnum fram hér á samningafundum, en þangað til kemur það varla til greina. Ég veit svo sem ósköp vel, að tilgangurinn hefur verið sá að reyna að koma því inn hjá almenningi, að þarna væri eitthvert ágreiningsefni, sem gæti valdið vandkvæðum. En það er ekki. Það er ekki til fótur fyrir því. Það er hvorki hægt að gera mig afbrýðisaman út af þessu, að mér sé stíað frá, né heldur að koma neinni tortryggni inn hjá mér um það, að það sé verið að halda þarna á kröfum af meiri óbilgirni en Alþýðusambandið fyrir sitt leyti vilji samþykkja og staðfesta.

Kröfurnar hafa verið ákveðnar með réttum hætti af hverju verkalýðsfélagi um sig. Alþýðusambandið getur ekki ákveðið kröfur verkalýðsfélaganna. Alþýðusambandið getur ekki sagt fyrir: Þú skalt hækka kaup þitt um 10% — þegar félag vildi t. d. ákveða 15% kröfur, og hefur engan rétt til þess og hefur aldrei ætlað sér það. Alþýðusambandið getur aðeins sagt til um það, hvort það vilji styðja fram komnar kröfur verkalýðsfélaganna. Kröfurnar hafa verið bornar undir Alþýðusambandið, og Alþýðusambandið stendur einhuga að baki þeim kröfum, sem nú hafa verið fram bornar, og ég blygðast mín ekkert fyrir að telja, að verkamaðurinn hefði ekki fengið ofborgað fyrir vinnu sína, þó að kaup hans hækkaði um 30%, þ. e. 3000 kr. kaupið yrði um 3900 kr.

Það, sem nú hefur gerzt nýtt í þessum málum, er einkanlega það, að hæstv. ríkisstj. hefur í viðbót við þá útreikninga, sem hún hefur látið framkvæma og birta, gert tilboð til samninganefndar verkalýðsfélaganna um það, að skipuð yrði sérstök nefnd til þess að rannsaka greiðsluþol atvinnuveganna og mörg atriði, sem upp eru talin í bréfi til samninganefndar verkalýðsfélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands.

Ég játa, að það hefði verið mjög ánægjulegt, ef það hefði legið fyrir vitneskja í þann mund, sem þessar deilur hófust, um þau atriði mörg, sem þarna eru nefnd. En ég geri mér líka ljóst, að ef það ætti að fara í rannsókn þessara atriða allra saman, þá tæki það langan tíma, ef verkið ætti að vera vel og samvizkusamlega unnið. Og það er ekki hyggilegt að koma fram með tillögur, sem greinilega skjóti úrlausn deilunnar, eftir að hún er hafin, á langinn, dragi hana á langinn um margar vikur eða jafnvel mánuði. Hæstv. ríkisstj. var búin að þreifa fyrir sér um það, hvort vera mundi vilji fyrir því að fresta aðgerðum í þessum kaupgjaldsmálum fram til vors. Miðstjórn Alþýðusambandsins var búin að láta það í ljós við hæstv. ríkisstj., að við teldum alveg óhugsandi, að slíkt fengist fram. Þann sama dag sem hæstv. ríkisstj. bar þessa ósk fram við Alþýðusambandsstjórnina var hér í Reykjavík fundur flestra formanna stéttarfélaganna við Faxaflóa, allfjölmennur fundur, það var vel mætt á honum, nálega formaður hvers stéttarfélags á þessu svæði. Þar var alveg svikalaust og samvizkusamlega skýrt frá þessum tilmælum hæstv. ríkisstj., og einn fundarmanna bar fram till. um að verða við ósk ríkisstj. um að fresta aðgerðum fram til vors. Hvað fékk sú till. mörg atkvæði? Hún fékk eitt atkvæði, tillögumannsins sjálfs og einskis annars. Þetta mátti vera hæstv. ríkisstj. til leiðbeiningar um, að það væri ekki vilji fyrir því að fresta aðgerðum. (**Forsrh.**: Hvað margir sátu hjá, og hvað margir sögðu já?) Ég taldi nú ekki þá, sem sátu hjá, en það var með öllum þorra atkvæða fundarmanna samþykkt að hafna þessum tilmælum hæstv. ríkisstjórnar. Þetta var enginn æsingafundur. Þetta var fundur, þar sem róleg athugun og umræða fór fram um það, hvort ráðlegt mundi vera að segja samningum upp. Þá var ekki búið að segja þeim upp. Þá voru menn ekki komnir í deiluskap. En það var aðeins einn maður á þeim fundi meðal forustu-

manna verkalýðsfélaganna við Faxaflóa, sem vildi fresta aðgerðum til vors.

Ég hélt því, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki koma fram með viðleitni í þá átt að draga þessi mál á langinn, því að það er alveg óumdeilanlegt, að ef þessir útreikningar og athuganir ættu að fara fram, sem hugsunin var að tveir fulltrúar frá vinnuveitendum, tveir frá verkalýðssamtökunum og þrír frá hæstarétti framkvæmdu, þá er það umfangsmikið verk, sem áreiðanlega tæki margar vikur.

Viðbrögð verkalýðsfélaganna gagnvart þessum tilmælum eru þau, að þetta sé því miður tilraun af hendi ríkisstj. til að draga málið enn þá fremur á langinn, og nú eru menn gjarnir á tortryggni, það skal ég játa, og það mátti hæstv. ríkisstj. líka vita. Ég held því, að tortryggnin í garð ríkisstj. um það, að hún muni heldur draga taum annars aðilans, þ. e. a. s. atvinnurekenda fremur en verkamanna, hafi aukizt við þessa tilraun ríkisstj. — við skulum segja frá hennar sjónarmiði til þess að leggja sæmilegan grundvöll að lausn málsins.

Er það þá nokkuð annað en órökstudd tortryggni af verkalýðssamtökunum að vilja ekki fallast á þessa rannsókn nú? Ég vil svara þessu með því að minna á nokkur atriði frá seinustu dögum og vikum. Nú eru liðnir 9 dagar síðan verkföllin áttu að hefjast. Það eru liðnar 3 vikur síðan kröfurnar frá verkalýðsfélögunum voru sendar atvinnurekendum. Kröfurnar hafa verið þaulkannaðar af báðum aðilum, og menn eru búnir að sitja við samningaborð um aukakröfur og aðalkröfur og þokast örlítið í áttina, en tiltölulega hefur þetta gengið allt of hægt, miðað of seint í áttina, þegar athugað er, að verkalýðsfélögin gáfu frestinn til þess, að samningar gætu farið fram við eðlileg skilyrði, án þess að verkfallsvopnin væru á lofti, og menn gerðu sér vonir um, að á tiltölulega stuttum tíma tækist kannske að jafna ágreininginn og komast að niðurstöðu. Það er komið á sjöttu viku síðan verkalýðsfélögin sögðu upp samningum sínum, og eftir að verkalýðsfélögin höfðu sagt um samningum, máttu atvinnurekendur þegar vita, að hverju drægi. Það hefði mátt með góðum vilja vera búið að þoka þessum málum mikið í áttina til lausnar, ef vel hefði verið unnið að lausn. Það eru komnar 7 vikur síðan hæstv. ríkisstj. kvaddi stjórn Alþýðusambands Íslands á fund til að tilkynna henni, að hún væri þá í þann veginn að hefja samninga um ráðstafanir til lækkaðs verðlags. Alþýðusambandinu var tilkynnt þá skömmu síðar, nokkrum dögum síðar, að Alþýðusambandið yrði látið fylgjast með því, sem kynni að gerast í þeim málum í verðlækkunaráttina. Við höfum ekki fengið orð að heyra frá hæstv. ríkisstj. síðan, og ég veit ekki í dag, hvort nokkuð hefur verið gert í þessu og því síður hvort nokkuð hefur unnizt í áttina í þessum málum. Þegar maður sér, að 7 vikur hafa liðið, frá því að hæstv. ríkisstj. fór að athuga sinn gang um að gera ráðstafanir til lækkaðs verðlags, og það var í sambandi við þessar yfirvofandi deilur, sem hæstv. ríkisstj. gerði það, og veit, að mjög lítið hefur miðað áfram í samningaáttina, þá er ekkert að undra, þó að verkafólkið, sem sagði upp samningum fyrir rúmum 6 vikum, sé farið að ókyrrast og segi: Það fer eins og venjulega, að það kemst enginn skriður á þessi mál, fyrr en a. m. k. búið er að tilkynna verkfall og verkfallið vofir yfir. — Og þess vegna er það, að nú er áreiðanlegt, að það er búið að halda þannig á málum, að því verður ekki frestað, að verkfalli verður lýst yfir nú alveg þessa dagana. Það verður auðvitað gert með löglegum fyrirvara, 7 dögum, og það eru líkur til, að við höfum enn þá yfir að ráða 7 dögum og nóttum til þess að gera úrslitatilraun til að leysa deiluna, ef hún á að leysast án þess að stöðva atvinnulífið. Og það er sannfæring mín, byggð á langri reynslu, að ef ekki er notaður tíminn til þess að ná endanlegum samningum, áður en verkfall er skollið á, þá getur enginn við það ráðið, þó að verkfall verði kannske langvinnt og víðtækt og heltaki þjóðfélagið, því að það er allt annað andrúmsloft, sem skapast, eftir að verkfall hefur skollið á.

Ég tel því, að það megi nú þegar reikna með, að verkfall skelli á frá og með kannske 18. eða 19. þ. m., og ég vil brýna það fyrir öllum aðilum, að þessa 7—8 daga, sem eftir eru, þarf að nota til hins ýtrasta, betur en tíminn hefur verið notaður síðan menn vissu, að verkfalls væri von.

Það hefur enn þá því miður ekkert tilboð komið frá atvinnurekendum, sem máli skipti um aðalkröfurnar. Það hefur aðeins dálítið þokazt í áttina með sérkröfur ýmissa félaga.

Alþýðusamband Íslands hefur fallið fyrir þeirri sömu freistni og hæstv. ríkisstj. að taka fræðimenn í sína þjónustu og láta þá reikna. Nú er ég raunar sannfærður um það, að vinnudeilurnar verða ekki reiknaðar til lausnar; þær verða ekki leystar með útreikningum. Ég er alveg sannfærður um það. En það er samt bezt að athuga þessi mál öll eins og tíminn annars vinnst til, og það hefur Alþýðusambandið líka látið gera, og þeim útreikningum, sem Alþýðusambandið hefur látið gera, er nú lokið, og þeir þurfa þannig ekki að tefja gang deilunnar á nokkurn hátt.

Við höfum beðið fræðimenn að reikna út, hvað kaupmáttur tímakaupsins hafi breytzt síðan á árinu 1947. Þeir fræðimenn komust að þeirri niðurstöðu, að tímakaupið hafi verið í hámarki kaupmáttar á tímabilinu júlí—september 1947, en á kaupbindingartímabilinu, sem ég vil svo kalla, hafi kaupmátturinn minnkað um 8%, þegar kaupbindingunni sleppti, hafi kaupmáttur tímakaupsins aukizt nokkuð á árinu 1949, en á miðju ári 1949 hafi kaupið aftur verið nálega í sama hámarki kaupmáttar og 1947. Síðan er talið að kaupmáttur tímakaupsins hafi lækkað út árið 1949 og síðan lækkað með auknum hraða eftir gengislækkunina 1950 og að kaupmáttur tímakaupsins hafi náð lágmarki í árslok 1950, en þá var kaupmáttur tímakaupsins orðinn 21% lægri en á tímabilinu júlí—sept. 1947. Nokkur kjarabót varð af uppbótum, sem greiddar voru 1951, en á tímabilinu 1951—52 er kaupmáttur tímakaupsins um 15% eða 16% lægri en 1947, og síðan hrakar kaupmætti tímakaupsins sífellt, þangað til í október—nóvember 1952 er kaupmáttur tímakaupsins 23% lægri en 1947. Svo

koma kjarabætur verkfallsins 1952, sem að miklu leyti féllu allri þjóðinni í skaut, en að nokkru leyti, í smáatriðum þó, verkalýðsstéttinni einnig til handa að því er snertir smávægilega kauphækkun. Eftir það, fyrri hluta ársins 1953, er talið, að kaupmáttur tímakaupsins sé um það bil 15% lægri en á miðju ári 1947, og síðan hefur kaupmáttur tímakaupsins smátt og smátt heldur minnkað, þannig að í febrúarmánuði 1953 telst fræðimönnum svo til, að hann sé aftur orðinn 23% lægri en á tímabilinu júlí—sept. 1947. Þá get ég látið hagfræðinga hæstv. ríkisstj. taka við, og vissulega eru þeir a. m. k. ekki með of háar tölur, því að þeir telja, að kjaraskerðingin síðan 1952 hafi numið a. m. k. 2.9%, þegar ekki er reiknað með þeim kjarabótum, sem hafa fengizt í lækkuðum opinberum sköttum. Þó að maður bæti ekki nema þeim 2.9%, eða 3%, við 23%, sem voru í febrúar 1953 sem skerðing á kaupmætti launanna miðað við 1947, þá eru þarna um 26%, og verður að viðurkenna, að þá er reiknað með stórum lið í útgjöldum verkamannafjölskyldunnar, húsaleigunni, langt fyrir neðan það, sem svarti markaðurinn í Reykjavík gefur tilefni til, en hann verður ekki reiknaður, hvorki á stórar né litlar reikningsvélar, því að um hann vita menn ekkert annað en að hann er staðreynd. Nú má kannske deila um þessar tölur fræðimanna, en þeir vilja þó fullyrða, að það eitt sé víst um þessar tölur, sem eru tilraun til að rekja kaupmátt tímakaupsins allt frá árinu 1947 og fram á þennan dag, að þær séu a. m. k. ekki of háar, þeir hafi reynt, að viðlögðum sínum vísindamannsheiðri, að reikna þannig, að þær væru a. m. k. ekki neinar skröktölur, væru ekki of háar.

Á þessum grundvelli er það, sem við stöndum í dag, og það er gagnvart þessu, sem atvinnurekendur landsins og hæstv. ríkisstj. og aðrir þeir aðilar, sem koma til með að hafa með þessa deilu að gera, verða að horfast í augu við staðreyndir, að verkalýðssamtökin í heild, alveg án tillits til stjórnmálaflokka, jafnt sjálfstæðismenn sem kommúnistar, Alþýðuflokksmenn sem framsóknarmenn og þjóðvarnarmenn, standa einhuga að því, að þeir vilja fá aukinn kaupmátt launa sinna, fá aukna hlutdeild í þeim auknu þjóðartekjum, sem hafa skapazt á undanförnum árum við þá vinnu, sem vinnandi fólk landsins hefur innt af hendi. Og þetta mál verður ekki leyst nema með því, að komið sé af fullkominni sanngirni og velvild fram við þessa aðila, því að þeir telja og eru sannfærðir um það, að þeir standi á rétti.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þessar umr. hafa farið allmjög á víð og dreif, en þó í síðari hluta þeirra mjög snúizt um þær vinnudeilur, sem yfirvofandi eru og samkvæmt því, sem hv. síðasti ræðumaður, Hannibal Valdimarsson, tilkynnti þingheimi nú síðast, eiga að snúast upp í verkfall frá 18. eða 19. þ. m.

Það sem gerði að verkum, að ég tók til máls nú, þó að málið hafi þegar verið skýrt svo af hálfu ríkisstj., að ég mun ekki bæta þar verulega við, var það, sem hv. þm. (HV) sagði um þá till. ríkisstj., að nú væri skipuð n. til að rannsaka vissar staðreyndir í sambandi við deilurnar. Hv. þm. játaði, að mjög gott væri, ef rannsókn lægi fyrir um þessi atriði, en taldi, að ríkisstj. hefði of seint komið fram með till. sína, og hefði hún mátt búast við því fyrir fram, að lítt yrði undir hana tekið, og færði fyrir því ákveðin rök. Hv. þm. færði hins vegar þau rök fyrir kauphækkunum nú, að kaupmáttur launanna væri orðinn mun minni en hann hefði verið, þegar verkamenn höfðu bezt kjör, 1947, og hið sama kom glögglega fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl), að hann miðaði mjög við kjörin 1947, og útskýrði hv. 2. þm. Reykv. einmitt, af hverju miðað væri við kjörin 1947: að þá hefðu verið að komast í gagnið framkvæmdir nýsköpunarstjórnarinnar, en síðan hefðu ýmsar aðrar umbætur orðið hér í landi, sem einmitt andstæðingar hans legðu mikið upp úr, og hv. 2. þm. Reykv. spurði: Ef við stöðum undir þessu kaupgjaldi 1947, stöndum við þá ekki undir enn hærra kaupgjaldi nú, eftir allar þær umbætur, sem stjórnarstuðningsmenn og ríkisstj. gera svo mikið úr?

Hv. 2. þm. Reykv. spyr ekki um þetta af því, að hann viti ekki. Þessari spurningu hans var í raun og veru svarað af mér strax í þeirri fyrstu ræðu, sem ég hélt um þetta mál. Þjóðin veit vel, af hverju ekki er hægt að bæta kjörin meira en orðið er þrátt fyrir látlausar nýsköpunarframkvæmdir allt frá árinu 1945 fram á þennan dag. Ástæðan til þess er sem sagt sú, að þrátt fyrir allar þessar framfarir höfum við átt við mjög erfitt atvinnuárferði að búa að sumu leyti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að miðað við þá feiknafjármuni, sem lagðir hafa verið fram til að hagnýta sér síldarafla, hefur síldarleysið skapað fáheyrð vandræði í íslenzkum þjóðarbúskap. Til viðbótar síldarleysinu hafa komið fjárpestir og aðrar plágur, sem gengið hafa yfir landbúnaðinn. Þegar á þetta er litið, þá er sannast sagt undravert, að svo skuli hafa tekizt að halda í horfinu sem raun ber vitni um. Það er undravert, en hitt ekki, þó að við höfum mætt mörgum örðugleikum og ýmsir hafi ekki átt þess kost að bæta svo sinn hag sem ætla hefði mátt að tækist, ef öll atvinnutækin, sem komið hafa fyrir nýsköpunarframkvæmdirnar á þessum árum, hefðu orðið að því gagni, sem menn vonuðust til að þau yrðu.

Án þess að ég ætli nú að fara að rökræða frekar við hv. 2. þm. Reykv., þá kemst ég ekki hjá því að benda á þá veilu í málflutningi hans til viðbótar þessari höfuðveilu, að hann heldur því fram enn í dag, að það sé höfuðsynd af stjórnarvöldunum að hafa ekki lagt ríkari áherzlu á eflingu sjávarútvegsins en gert hefur verið síðustu ár. Við hinir höfum einmitt sannfærzt um, að ef við ætlum að halda sæmilegu jafnvægi í þjóðarbúskap okkar og sæmilegu atvinnuöryggi fyrir allan almenning, þá dugi ekki að eiga svo mikið undir sjávarútveginum einum sem við enn gerum og einkanlega gerðum, áður en hin mikla síðasta viðbótarvirkjun við Sogið var framkvæmd og þær iðnaðarframkvæmdir hafa getað átt sér stað, sem á henni hvíla. Ég játa það, að við verðum að halda

sjávarútvegi okkar við, og eðlileg aukning er þar sjálfsögð, en höfuðverkefni næstu ára hlýtur að vera að byggja fleiri undirstöður undir atvinnulíf okkar en það enn stendur á.

En hvað sem deilunni um það líður, hefur þó það áunnizt í þessum umr., að allir hafa viðurkennt, að raunverulegar kjarabætur fáist ekki með pappírssamningum eða pappírssamþykktum, heldur eingöngu með aukningu framleiðslunnar. Það eru þess vegna þær aðgerðir, sem mestu máli skipta. Og það er vegna þess, að ríkisstj. efast um, að kjarabreytingar, gerðar með samningum nú, verði að raunverulegum kjarabótum, sem hún hefur talið, að rannsaka þyrfti það mál betur en enn hefur verið gert.

En þá kem ég aftur að því, sem ég gat um, að bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. síðasti ræðumaður, forseti Alþýðusambands Íslands, vitnuðu í kjörin 1947 sem þau beztu kjör, er verkamenn hafi átt við að búa og vilji nú ná aftur. En voru þá þessi kjör 1947 með þeim hætti, að þau gætu staðið til frambúðar? Því miður var svo ekki. Einmitt í desember 1947 voru sett lög, sem leiddu til kjaraskerðingar verkamanna, og það var alveg með opnum augum, að þau lög voru sett. Menn vissu, að kaupgjaldið mundi eitthvað lækka vegna lagasetningarinnar, og einn þm., sem studdi lögin þrátt fyrir þetta og tók fram, að hann styddi lögin þrátt fyrir þetta, var hv. síðasti ræðumaður, Hannibal Valdimarsson, núverandi forseti Alþýðusambands Íslands. Hann segir í þingtíðindum 1947, B-deild, bls. 304, m. a. á þessa leið:

„Með því að ég lít svo á, að í þessu frv. felist ákvæði, sem skapi aukið atvinnuöryggi, sem ég tel að veiti verkalýð landsins betri hagsbætur heldur en sem nemur þeirri kjaraskerðingu, sem binding vísitölunnar leiðir af sér“ o. s. frv.

Þarna viðurkennir hv. núverandi forseti Alþýðusambands Íslands, að kaupuppfæring ein dugi ekki; það sé atvinnuöryggið, sem meira máli skipti, og hann greiðir atkvæði með beinni kjaraskerðingu, gerðri með löggjöf, vegna þess að hann er sannfærður um, að það sé verkalýðnum til bóta að fara þannig að. Því miður kom það strax á daginn 1947, að boginn var of hátt spenntur.

Það hefur verið sagt réttilega í þessum umræðum, að það sé svo oft búið að segja, að allt fari um koll, ef kaupið verður hækkað, að menn séu hættir að taka mark á slíkum spádómum. Þetta er að vissu leyti svo, og þetta truflar eðlilegar, sanngjarnar umræður um þessi mál. En er það svo, að þessir spádómar hafi reynzt algerlega rangir? Þeir hafa reynzt rangir að því leyti, að atvinnuvegirnir hafa haldið áfram. En þeir hafa ekki reynzt rangir að því leyti, að það, sem menn voru að berjast fyrir, oft með löngum verkföllum og miklum fórnum, varð að engu í höndunum á þeim, vegna þess að þegar til kom stóðu atvinnuvegirnir ekki undir því, sem af þeim var krafizt og þeir höfðu skuldbundið sig til að greiða, og þess vegna varð að grípa til annarra ráða til að halda þeim við. Það varð að jafna niður einhvers konar álögum, sköttum eða gera gengisfall eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir, til þess að allsherjarstöðvun yrði ekki. Það hefur sem sagt komið á daginn, að það er rétt, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson, núverandi forseti Alþýðusambands Íslands, sagði 1947, að kaupgjaldið eitt dugir ekki, það er atvinnuöryggið, sem verkamaðurinn þarf meira á að halda. Og ef kaupgjald er sprengt hærra upp en atvinnuvegirnir standa undir, þá fellur atvinnulífið með meiri og minni erfiðleikum, með meiri og minni hörmungum, að lokum í sinn gamla farveg, því að þaðan er ekki hægt að taka meira en þar er skapað.

Þetta eru sannindi, sem menn hver og einn játa og viðurkenna. — Hv. þm. Hannibal Valdimarsson gerði mikið úr því, að þær kröfur, sem nú væru bornar fram, væru kröfur allra verkamanna án tillits til þess, í hvaða flokki þeir eru. Auðvitað vitum við, að verkamenn í öllum flokkum efast mjög um réttmæti þeirra krafna, sem nú eru bornar fram. Hins vegar er það eðlilegt, að verkamenn í öllum flokkum vilji fá sem bezt kjör. Þeir fylgja forustumönnum félaganna í því að reyna að knýja fram frá atvinnurekendum það, er þeir mest geta greitt. Það er eðlilegt. Við vitum líka, að þegar mönnum er hóað saman á fundi og ekki sízt ef þar er ákveðinn meiri hluti einnar skoðunar, eins og er t. d. á fundum Dagsbrúnar, þá telja aðrir þýðingarlaust að vera að hafa sig þar í frammi til andmæla. En látum þetta allt vera. Aðalatriðið er það, að auðvitað vilja allir verkamenn eins og hverjir aðrir einstaklingar knýja fram sem mest þeir geta upp kaup sér til handa, að því áskildu, að atvinnuöryggið hverfi ekki. En vitanlega eru það fyrst og fremst forustumenn þeirra, sem bera ábyrgð á kröfunum, sem fram eru settar, og verkamenn hafa sannast sagt engin tök á því að gera sér grein fyrir eðli **allra þessara krafna.**

Það er t. d. eftirtektarvert, að hv. síðasti ræðumaður talar um það, að kauphækkunarkröfurnar nú séu þó ekki nema eitthvað um 30%. Það er að vísu býsna röskleg hækkun í einu og meiri hækkun hygg ég heldur en nokkurt þjóðfélag nokkru sinni hafi getað staðið undir í einu stökki. En það er fullyrt í mín eyru, og það er eitt af því, sem væri gott að hafa örugga skýrslu hlutlausra manna um, að kröfurnar séu ekki þetta, heldur þegar tekið er tillit til ýmiss konar hlunninda og nýrra ákvæða að öðru leyti, þá séu þær kringum 57%. Ég skal ekki dæma um það, hvort af þessu er réttara. (HV: Eru það stóru vélarnar á hagstofunni?) Ég hef ekki kunnugleik á hinum stóru vélum á hagstofunni. Hitt efast ég ekki um, að hagstofustjóri, þó að hann standi sjálfsagt hv. fyrirspyrjanda, Hannibal Valdimarssyni, nær í stjórnmálum en mér, reikni eins rétt á hinar stóru vélar og hann bezt getur, og dettur ekki í hug að bregða honum um rangindi eða vísvitandi fölsun í embættisfærslu sinni. Og ég staðfesti það, að hv. þm. gerir slíkar höfuðhreyfingar, að mér skilst, að hann sé mér sammála í því, sem ég nú sagði.

Það er áreiðanlega umdeilanlegt, hversu háar kröfurnar eru að þessu sinni, eins og svo oft áður, og það er líka meira en umdeilanleg sú frásögn, sem hv. ræðumaður hafði um þann

tíma, sem hefði verið til stefnu í þessu máli. Hv. þm. sagði, að kröfurnar hefðu komið fram nú fyrir þremur vikum. Mér er sagt og fékk það staðfest af áreiðanlegum manni nú áðan, að hinar almennu Dagsbrúnarkröfur hefðu ekki borizt Vinnuveitendasambandinu fyrr en 17. febr. Það eru þó ekki alveg þrjár vikur síðan. Og mér er einnig sagt, að kröfur annarra hafi ekki komið fyrr en síðar og hafi jafnvel sumar verið að berast allt fram til mánaðamóta. Og ég hygg, að það sé alveg óvefengjanleg staðreynd, að verulegur hluti af kröfunum hafi enn ekki legið fyrir, þegar fyrst þurfti að taka ákvörðun um það af hálfu verkalýðsfélaganna, hvort þau ættu að tilkynna verkfall eða ekki, eða a. m. k. hafi sumar þeirra ekki komið fram fyrr en alveg sama daginn eða daginn áður.

Nú eru þessar kröfur ákaflega margþættar og flóknar, og þó að ég kunni mjög vel að meta þann hug, sem komi fram í því, að verkfallsákvörðun hefur verið frestað, þá verður að segja það eins og er, að það er ekki ákaflega mikil linkind, þó að frestað sé að tilkynna verkfall, meðan kröfurnar eru enn ekki fram komnar og meðan alveg er ljóst, að ekki er enn nokkur möguleiki til þess að vera búinn að rannsaka til hlítar þær kröfur, sem höfðu komið aðeins örfáum dögum áður.

Það er líka rétt að segja það alveg eins og er, að ýmsir hafa sagt, að sú frestun á verkfallinu, sem átt hefur sér stað, hafi ekki verið gerð til þess að greiða fyrir samkomulagi, heldur vegna þess, að verið væri að bíða eftir því, að kaupskipaflotinn kæmi aftur í höfn. Það var vitað, að vegna þess verkfalls, sem lauk fyrir fáum vikum, mundi hann koma hér allur um nokkuð svipað leyti, upp úr miðjum mánuði, og því hefur verið haldið fram af sumum, að með verkfallið yrði beðið, þangað til kaupskipin yrðu komin í höfn á ný, en síðan yrði því miskunnarlaust skellt á. Þær upplýsingar, sem hv. þm. (HV) gaf hér áðan, kynnu að gefa þessum orðróm byr undir báða vængi. Ég vona, að þetta reynist ekki rétt ásökun, að það verði gefinn raunverulegur tími til þess að vinna að þessum málum, og að menn flani ekki að því að stefna þjóðfélaginu öllu og velmegun þúsund heimila í stórhættu fyrr en betri færi hefur gefizt á að kanna þær mjög róttæku kröfur, sem hér eru fram bornar, og kanna, hvort einhver millivegur er finnanlegur, er viðunandi sé fyrir alla.

Ég skal ekki tala hér mikið almennt um þann hátt, sem hafður er á vinnudeilum hér á landi, en ég verð að segja, að bæði virðist vinnulöggjöfin gera ráð fyrir því og eins, ef svo mætti segja, væri það a. m. k. ekki andstætt heilbrigðri skynsemi, að áður en sagt er upp samningum, þá liggi fyrir þær kröfur, sem eigi að reyna að knýja fram. Það sýnist engan veginn óeðlilegt, að það sé kannað, áður en til átaka kemur og uppsagna, hvort mögulegt sé að fá breytingar með góðu, og það verður að segja, að það er mjög komið aftan að hlutunum, þegar stórkostlegar kröfur eru ekki bornar fram fyrr en liðinn er meira en hálfur uppsagnartíminn og jafnvel sumar ekki fyrr en komið er að þeim tíma, sem heimilt var að skella á vinnustöðvun. Slík vinnubrögð hafa eflaust of lengi tíðkazt, og ég vil ekki segja, að þau komi af neinum illvilja. En það er alveg greinilegt, að ef mönnum er umhugað um að forða vandræðum, þá er þetta ekki rétta aðferðin, þá er rétta aðferðin hin, að reyna að kanna fyrir fram, hvort hægt sé að koma á samkomulagi, og segja ekki upp samningum fyrr en verulega hefur reynt á og a. m. k. að fara ekki í allsherjarverkfall, eins og nú er yfirvofandi, fyrr en öll úrræði hafa verið reynd til friðsamlegrar lausnar, sérstaklega þegar á það er litið, sem hér hefur komið fram í umræðunum, bæði hjá hv. 2. þm. Reykv. og forseta Alþýðusambands Íslands, að nú er verið að reyna að bæta upp það, sem tapazt hefur á öllu árabilinu frá 1947. Ef í alvöru er við þetta miðað og sú röksemd á að halda, að eftir þessu sé verið að sækjast, hver trúir þá því, að ekki sé hægt að gefa sér nokkrar vikur, jafnvel mánuði til rannsókna og úrslitaglöggvunar á því, hverjar staðreyndir málsins eru, hver sannast hefur að mæla um þau atriði, sem hér er ágreiningur um?

Aðrar þjóðir gefa sér betri tíma í þessum efnum. Hjá þeirri þjóð, þar sem verkamenn njóta beztra lífskjara og viðurkennt er af öllum að þeir njóta langbeztra lífskjara, sem sagt í Bandaríkjunum, er heimilt fyrir forseta landsins, ef hann telur þjóðarvoða stafa af verkfalli, að fresta því um 80 daga, til þess að aðilar geti jafnað sig og hægt sé að kanna til hlítar á þeim fresti, hvort samkomulagsmöguleikar séu fyrir hendi. Og þess eru mörg dæmi, jafnvel í hinum alvarlegustu og ískyggilegustu deilum, að á þessum 80 dögum hefur tekizt að leysa þann vanda, sem í fyrstu virtist óleysanlegur. Einmitt í sambandi við slíkan frest eru fyrirmæli um það, að skipa verður rannsóknarnefndir til að kanna allar staðreyndir málsins, og skilst mér, að forsetinn megi ekki gefa út slíka frestunarfyrirskipun, nema hún hvíli á þeim grundvelli, sem lagður er með starfi rannsóknarnefndar. Auðvitað eiga slík fyrirmæli ekki að öllu leyti við hér, og hér hefur enginn farið fram á það, að ríkisstj. væri veitt heimild til þess að fresta verkföllum með þessum hætti. En mannlegt eðli er alls staðar hið sama, og mannlegt eðli er áreiðanlega þannig, að meiri líkur eru til þess, að hægt sé að komast að skynsamlegri niðurstöðu, sem öllum verði til gagns, þannig að verkalýðurinn fái raunverulegar kjarabætur, en ekki pappírsgagn, sem honum sé einskis virði, — það eru meiri líkur til þess, að slíkt náist, ef hóflega er að öllu farið, ef menn ætla sér tíma til þess að kanna þær kröfur, sem fram hafa komið, hvaða afleiðingar þær hafa og hvaða möguleikar eru fyrir höndum til þess að verða við þeim.

Í Bretlandi, þar sem verkamannaflokksstjórn hefur lengi verið alls ráðandi, þó að ekki sé svo nú um sinn, hefur það áratugum saman verið í lögum, að heimilt er fyrir ríkisstj. ýmist að skipa rannsóknarnefnd eða rannsóknardómara til þess að kanna allar staðreyndir vinnudeilu og gefa um þær staðreyndir hlutlausa skýrslu, og það er lærdómsríkt fyrir okk-

ur, að slíkar rannsóknir hafa oft orðið að grundvelli frambúðarlausnar. Síðast nú í vetur, í þeirri mjög alvarlegu vinnudeilu, sem þá var uppi, var þessu ráði beitt, og lausnin fannst einmitt eftir að slík rannsókn hafði fram farið. En þar er sá háttur hafður á, að rannsóknardómarann má ekki skipa fyrr en búið er að reyna öll önnur úrræði til sátta á milli aðila. Það er ekki fyrr en komið er á daginn, að deilan er ekki leysanleg eftir venjulegum leiðum, sem talið er, að slík rannsókn sé líkleg til árangurs og hana eigi að láta fram fara.

Það er þess vegna einmitt eftir þeim fordæmum, þar sem slíkar rannsóknir eru ráðgerðar í lögum, sem ríkisstj. hefur farið, að koma ekki með till. um rannsókn á fyrstu stigum málsins, enda sjá allir, að það er þýðingarlaust að fyrirskipa rannsókn á kröfum, sem ekki eru fram komnar. Hv. þm. (HV) heldur því fram, að ríkisstj. hefði átt, jafnvel áður en samningum var sagt upp, mörgum vikum áður en fyrir lá, hvaða kröfur voru gerðar, að fyrirskipa rannsókn í málinu, á þeim staðreyndum, er skiptu höfuðmáli varðandi lausn deilunnar. Ég spyr: Hvernig er hægt að rannsaka kröfur, sem ekki liggja fyrir, sem enginn veit, hverjar verða? Hvernig er hægt að kanna staðreyndir þeirrar deilu, sem ekki er enn hafin? Það er ekki nóg að segja, að menn hafi vitað, að deila var í uppsiglingu, að menn hafi vitað, að það var verið að undirbúa átök í þessum efnum. Það liggur enginn grundvöllur, hvorki til samninga á milli aðila né rannsóknar af hálfu ríkisvaldsins eða neinnar aðgerðar, fyrr en tilteknar kröfur eru bornar fram, og kröfurnar voru ekki bornar fram fyrr en 17. febrúar.

Það má vel vera, að það sé að tala fyrir daufum eyrum að tala við þá menn, sem hér tala nú sem aðalmálsvarar verkalýðssamtakanna í landinu, sem er auðvitað allt annað en verkalýðurinn sjálfur, vegna þess að hann er í öllum stjórnmálaflokkum og ekki sízt í Sjálfstfl., — það má vel vera, að það sé að tala fyrir daufum eyrum að tala við þessa málsvara og vitna til skynsemdar þeirra og góðvildar um að reyna að koma í veg fyrir þessa deilu, ef nokkur kostur er. En ríkisstj. hefur gert það, sem í hennar valdi hefur staðið til þess að reyna að miðla málum. Hún er enn þá fús til þess að gera það, sem í hennar valdi stendur. En undirstaðan er sú, að aðilar fáist til þess að skoða staðreyndir málsins og gera sér grein fyrir, hverjar afleiðingar verða af verkum þeirra. Það má vel vera, að öðrum hvorum deiluaðila takist að knýja fram mál sitt með valdi nú, en einmitt reynslan af hinum síítrekuðu verkföllum hér á landi, sem hafa ekki leitt til kjarabóta fyrir verkalýðinn þrátt fyrir stöðugar pappírsumbætur, ætti að gefa mönnum fullkomið tilefni til að átta sig á, að nú sé ástæða til að taka upp ný vinnubrögð. Vera kann, að svo verði ekki að þessu sinni, en sá tími mun koma, að alþjóð sannfærist um, að varnaðarorð okkar nú eru réttmæt.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hélt mjög hófsama ræðu í þessum umr. á mánudaginn var og raunar í allt öðrum tón en þá ræðu, sem hæstv. dómsmrh. var að flytja nú. Ég er honum sammála um, að okkur ríður á að ræða þessi mál af stillingu og málefnalega, ekki sízt eins og sakir standa nú, enda þótt ég líti á þessi mál frá óliku sjónarmiði og hæstv. ráðh. Það er nauðsynlegt vegna þess, að þrátt fyrir allt, sem á milli ber, er mjög áríðandi fyrir þjóðfélagið sem heild, að það takist að leysa vinnudeilurnar, sem nú eru í uppsiglingu, friðsamlega og án þess að til stórfelldra vinnustöðvana komi til óbætanlegs tjóns fyrir alla íslenzku þjóðina.

Hæstv. ráðh. hóf ræðu sína á því, að hann vildi íslenzkum verkalýð allt hið bezta og hann væri þess hvetjandi, að verkafólkið fengi eins mikinn hlut í þjóðartekjunum og framast væri unnt; ef hlutdeild verkalýðsins væri hins vegar þannig, að ekki væri meiru að skipta, án þess að tekið væri frá öðru vinnandi fólki eða af því fé, sem fer til nauðsynlegs viðhalds framleiðslutækjanna og til nauðsynlegra framkvæmda til almenningsþarfa, þá væri ekki til neins að hækka kaupið að krónutali. Sömuleiðis yrði að vera gróðamyndun í þjóðfélaginu, til þess að það gæti staðizt.

Við þetta hef ég ekkert að athuga. Ég er þessu sammála, svo langt sem það nær. Það er gagnslaust að hækka kaupið að krónutali, nema fyrir þessar krónur fáist verðmæti, nema þjóðarbúið hafi yfir verðmætum að ráða, sem hægt er að nota til að bæta kjör verkafólksins. Sömuleiðis er ég sammála því, að auðvaldsþjóðfélag getur ekki staðizt án gróðamyndunar. Til þess að kaupkröfur eigi rétt á sér, þurfa þess vegna eftirfarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

Þjóðartekjurnar þurfa að nægja til þess að greiða það kaup, sem krafizt er, auk nauðsynlegs viðhalds og aukningar framleiðslutækjanna. Sömuleiðis ber að taka tillit til þess, að nokkur gróðamyndun er kapítalisku þjóðfélagi nauðsynleg. Það, sem þarf að rannsaka, er þá, hvort þessi skilyrði séu raunverulega fyrir hendi. Reynist svo, ættum við að geta orðið sammála um, að það ber að verða við kaupkröfum verkalýðsfélaganna. Blað hæstv. ráðh. hefur oft haldið því fram, að allar kauphækkanir — allar kauphækkanir undantekningarlaust — væru gagnslausar, því að þær gætu ekki leitt til annars en að kaupmáttur krónunnar lækkaði að sama skapi. Þessu hefur blaðið raunar alltaf haldið fram í hverri einustu kaupdeilu, svo að það er ekkert nýtt. Þetta er því aðeins rétt, að engin gróðamyndun sé í þjóðfélaginu. Það er því aðeins rétt, að afköst framleiðslunnar nægi rétt til þess að greiða laun og viðhald framleiðslutækjanna. Sé aftur á móti önnur skipting á þjóðartekjunum möguleg, þá liggur líka í augum uppi, að þetta er rangt. Undir slíkum kringumstæðum er ekki hægt að líta öðruvísi á það en hreina hótun, þegar stjórnarvöldin lýsa því yfir, að kauphækkun leiði til gengislækkunar, hljóti að leiða til gengislækkunar. Það er hótun um að taka aftur og afhenda auðmannastéttinni með opinberum ráðstöfunum það, sem náðst hefur í samningum milli aðila.

En eitt atriði vil ég líka leggja áherzlu á í þessu sambandi. Þegar verkalýðurinn gerir kaupkröfur sínar, ber ekki aðeins að líta á það, hver framleiðsluafköstin eru, heldur hvernig þau gætu verið með skynsamlegri stjórn og skynsamlegri efnahagspólitík. Ef framleiðslutækin og framleiðsluafköst landsmanna eru ekki fullnýtt, framleiðsluorka landsmanna ekki fullnýtt, þá er það ekki á ábyrgð verkalýðsins, heldur stjórnarvaldanna. Verkafólkið getur ekki sætt sig við það, að kaup þess fyrir 8 stunda vinnudag sé lækkað langt niður fyrir það, sem nauðsynlegt er til lífsframfæris, einungis vegna þess að framleiðslugeta þjóðarinnar er ekki nýtt vegna óstjórnar eða annarlegra gróðasjónarmiða lítils hóps manna, sem eru í andstöðu við heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Hæstv. ráðh. talaði fagurlega um það, að hlutlaus rannsókn þyrfti að fara fram á getu þjóðfélagsins til þess að verða við kaupkröfum verkalýðsfélaganna, og þetta var einmitt uppistaðan líka í þeirri ræðu, sem hér var haldin áðan af hæstv. dómsmrh. Ég er honum alveg sammála um það. Slík hlutdrægnislaus rannsókn hefði þurft að fara fram fyrir löngu. En þá er spurningin: Hvernig á að tryggja hlutleysið? Slík rannsókn þarf vissulega að vera með öðrum hætti en sú rannsókn, sem ríkisstj. lét tvo hagfræðinga gera nú fyrir skemmstu. Sú rannsókn er þvert á móti ágætt dæmi um hlutdræga rannsókn. Í fyrsta lagi var valið einmitt það tímabil, sem ríkisstj. taldi að kaupmáttur launanna gagnvart almennum neyzluvörum hefði minnkað minnst á undanförnum árum, og síðan eru forsendurnar algerlega út í bláinn.

Hæstv. viðskmrh. viðurkenndi, að vísitölugrundvöllurinn, sem nú gildir, væri fráleitur. Það var góð játning. Og hann reyndi að afsaka hagfræðingana með því, að þeir hefðu ekki notað hann, heldur annan grundvöll. Við skulum þá athuga þennan grundvöll, sem þeir notuðu, en um hann segja þeir svo sjálfir í álitsgerð sinni, sem birt er í Morgunblaðinu 26. febr., með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Mælikvarðinn, sem hér er notaður, er vísitala framfærslukostnaðar. En vegna hinna stórfelldu breytinga, sem orðið hafa síðan núverandi framfærsluvísitala tók gildi, í byrjun síðari heimsstyrjaldar, hefur hún takmarkað notagildi í þessu efni. Í þess stað er stuðzt við rannsókn á neyzlu launþega hér í bænum, sem nú er verið að gera á vegum kauplagsnefndar til undirbúnings nýjum vísitölugrundvelli, ef til kæmi. Rannsókn þessi er ekki langt á veg komin, og ekkert er enn vitað um endanlegar niðurstöður hennar. En þar sem ekki er fyrir hendi annar og betri grundvöllur til þess að byggja á, hefur verið stuðzt við þessa rannsókn.“ — Og síðan segir: „Breyting framfærslukostnaðar frá jan. 1953 til jan. 1955 er síðan fundin á þann hátt, að útgjaldaupphæðir á fyrri tímanum samkv. grundvelli kauplagsnefndar eru margfaldaðar með vísitölu fyrir breytingu sömu liða í framfærsluvísitölunni. Útgjaldaskiptingin samkvæmt áætlun kauplagsnefndar er þannig látin ráða, en einstakir liðir hennar eru færðir fram til jan. 1955 í hlutfalli við breytingu sömu liða framfærsluvísitölunnar á sama tímabili. Þessi aðferð er að vísu ekki nákvæm, en þó leyfileg, og verður að nota hana, vegna þess að grundvöllur kauplagsnefndar liggur ekki fyrir nægilega sundurliðaður.“

M. ö. o.: Það er hreinskilnislega viðurkennt, að grundvöllurinn sé í raun og veru algert handahóf, og það sem er mest athyglisvert: Útkoman er næsta lík því, sem orðið hefði, ef núverandi vísitölugrundvöllur hefði verið notaður. Þar skakkar svo litlu, að það skiptir engu verulegu máli. Þess vegna eru öll rök hv. 2. þm. Reykv. að því er þetta snertir í fullu gildi. En magnaðasta skekkjan felst í því, að byggt er á þeirri fjarstæðu forsendu, að húsaleiga hafi svo að segja haldizt óbreytt. Hæstv. ráðh. reyndi að afsaka þetta með því, að meiri hluti fólks byggi nú í sama húsnæði og við sömu kjör og 1953. Hitt vita þó allir, að húsaleiga almennt hefur stórhækkað. Og svo mikið er víst, að húsnæði alls fjöldans, einnig þeirra, sem búa í eldra húsnæði, hefur hækkað um meira en 8 kr. á mánuði, eins og hagfræðingarnir vilja vera láta. Og þó að þessi upphæð sé hækkuð upp í 24 kr. á mánuði, eins og hagfræðingarnir gera til samanburðar, þá er það jafnmikil fjarstæða. En hvað sem því líður, þá hafa þeir, sem verða að búa við húsaleigu, sem kannske hefur tvöfaldazt eða meira síðan 1953, ekki gott af því, þótt einhverjir aðrir kunni að búa við skaplegri kjör.

Hagfræðingarnir hefðu alveg eins getað sett einhverjar aðrar tölur inn í útreikninga sína og fengið einhverja aðra útkomu, sem þeir hefðu sjálfir kosið, t. d. að það hefði orðið 10% kauphækkun frá 1953! Útkoman hefði verið nákvæmlega jafnhárrétt fyrir það, út frá þeim forsendum, sem valdar hefðu verið. Hagfræðingarnir hefðu getað sagt með nákvæmlega sama rétti, hvaða tölur sem þeir hefðu valið, eins og þeir gera í álitsgerð sinni, að niðurstaðan sé rétt að því tilskildu, að forsendurnar séu réttar. M. ö. o.: Hagfræðingarnir hafa ekki gert annað en að setja í reikningsvélar sínar tölur í samræmi við þær forsendur, sem ríkisstj. hefur falið þeim. Auðvitað eru niðurstöðurnar undir öllum kringumstæðum jafnréttar, ef reikningsvélin reiknar rétt. Þess vegna eru hagfræðingarnir með alla þessa fyrirvara til þess að vernda embættisheiður sinn. En til þess að fá þessa niðurstöðu var alveg þarflaust að nota nöfn þekktra hagfræðinga og þarflaust að gefa út álitsgerð með spekingslegu orðalagi og vísindalegum tilburðum og slá um sig með fræðihugtökum eins og „vegið meðaltal“ o. s. frv. Það var alveg nægilegt að tilgreina firmanafn reikningsvélarinnar. Góð og viðurkennd firmu taka ábyrgð á því, að vélar þeirra reikni rétt. Nöfn fræðimannanna voru aðeins notuð til þess að gefa þessari samsetningu ríkisstj. vísindalegan svip í því skyni að slá ryki í augu fólks. Svona á sannarlega ekki að framkvæma hlutdrægnislausa rannsókn. Og eftir svona reynslu er ekki undarlegt, þótt verkalýðsfélögin líti með tortryggni á allt rannsóknartal hæstv. ríkisstj.

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á þá viðurkenningu hæstv. viðskmrh., að núverandi vísitölugrundvöllur sé alveg fráleitur. En fyrst hæstv

ráðh. viðurkennir það, þá hlýtur hann líka að viðurkenna, að allar verðhækkanir undanfarandi ára hafa orðið til þess að lækka kaupið stórlega, þar sem kaupið hefur, eins og kunnugt er, verið reiknað út samkv. þessari alröngu og viðurkennt alröngu vísitölu. Það, sem þó skiptir mestu máli, er hin fráleita fölsun á húsaleguvísitölunni, eins og bezt sést af því, að ef ekki væri reiknað með húsaleigunni, þá ætti vísitalan nú að vera 176 stig í staðinn fyrir 161, en væri reiknað með réttri húsaleigu, þá ætti hún að hækka miklu meira. Ef reiknað væri með nokkurn veginn réttri húsaleigu og hún látin vega hið sama í vísitölunni og nú, þá ætti vísitalan að hækka um a. m. k. 40%. Enn betur sést þetta, ef húsaleigan er tekin út úr vísitölunni og borinn saman kaupmáttur launanna samkv. þeim forsendum árið 1947 og nú. Þá kemur í ljós, að kaupmáttur launanna hefur lækkað um allt að 17% frá 1947 aðeins gagnvart þeim neyzluvörum, sem ganga inn í vísitöluna, svo að aðeins til þess að vega þetta upp þyrfti kaupið að hækka nú um 20%. Nú er hvort tveggja, að húsaleigan hefur hækkað miklu meira en flestir aðrir liðir og vísitölugrundvöllur neyzluvarnings er fráleitur, einkum þegar tekið er tillit til hinna hóflausu hækkana, sem orðið hafa á ýmsum neyzluvörum, sem ekki eða að litlu leyti ganga inn í vísitöluna, og má þar til nefna bátagjaldeyrisvörurnar fyrst og fremst. Ef kaupmátturinn væri reiknaður samkv. réttri vísitölu, þá held ég, að lítill vafi sé á, að það þyrfti að hækka kaupið um svipaða upphæð og verkalýðsfélögin fara fram á til þess að halda í horfinu frá 1947, svo að annað er nú ekki farið fram á en aðeins að haldið sé í horfinu. Það yrði áreiðanlega til þess að auðvelda lausn deilunnar, ef ríkisstj. vildi fallast á að leiðrétta vísitölugrundvöllinn. En það má ekki vera nein málamyndaleiðrétting, eins og niðurstöður hagfræðinganna, sem ég gat um áðan, benda til að nú sé í undirbúningi.

Við höfum þá komizt að þeirri niðurstöðu, að síðan 1947 hafi kaupmáttur launanna minnkað um 20—30% a. m. k. Þá er spurningin: Hefur þjóðfélagið ráð á að gjalda sömu laun og 1947? Það var einmitt þessi spurning, sem hæstv. dómsmrh. var að varpa fram áðan og hann svaraði neitandi. Hvernig var það 1947? Þá voru árslaun Dagsbrúnar fyrir 8 stunda vinnudag innan við 20 þús. kr. Samkvæmt upplýsingum Ólafs Björnssonar og Benjamíns Eirikssonar voru þjóðartekjurnar þá um 54 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, svo að ekki er að efa, að framleiðsla þjóðarinnar stóð vel undir þessu kaupgjaldi. Við höfum engar áreiðanlegar heimildir um þjóðartekjurnar nú, þrátt fyrir skyldu Framkvæmdabankans að reikna þær út og birta þær tölur. En við ættum að geta verið alveg viss um, að þær eru ekki tiltölulega lægri nú, og það hefur heldur enginn haldið því fram. 1947 voru aðeins fá af þeim stórvirku framleiðslutækjum, sem keypt voru á nýsköpunarárunum og síðar, komin til skjalanna í framleiðslunni, svo að það er ekki fyrst og fremst um að ræða framleiðslutæki, sem hafa verið flutt inn eða verið komið upp af núverandi ríkisstjórn, heldur þau framleiðslutæki, sem aflað var á nýsköpunarárunum. Þau voru sem sagt ekki komin til skjalanna nema að sáralitlu leyti í framleiðslunni 1947. Flest komu þau ekki fyrr en á árinu 1948. Framleiðslugeta þjóðarinnar er þess vegna margfalt meiri nú, og úrvinnslan úr sjávarafurðum er líka miklu meiri. Þó að hlutfallið milli verðs útflutnings og innflutnings kunni að vera eitthvað óhagstæðara nú en þá, kemur ekki til mála, að það vegi upp á móti hinni stórkostlegu aukningu framleiðslunnar. Samkvæmt spá Framkvæmdabankans ættu þjóðartekjurnar eða það, sem kallað er þjóðarframleiðsla, að vera árið 1954 2700 millj. kr. Framkvæmdabankinn mun þó viðurkenna, að þjóðarframleiðslan er miklum mun meiri en þessi spá hans, sem er orðin úrelt, bendir til. Ef við gerum ráð fyrir, að peningatekjur þjóðarinnar væru 2700 millj., þá koma um 87 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Gerum við nú ráð fyrir, að launin séu að meðaltali 43—44 þús. kr. á ári, þá er enn eftir hvorki meira né minna en 50% þjóðarteknanna til viðhalds atvinnutækjanna, til opinberra framkvæmda, sem koma ekki fram sem launatekjur, og til gróðamyndunar. Langsamlega mestur hluti þessarar upphæðar er, eins og allir sjá þegar í stað, gróðamyndun. Þó virðist mér allt benda til þess, að samanlagðar peningatekjur þjóðarinnar séu miklum mun hærri, ef við tökum samanburðinn við þær tölur, sem fyrir hendi eru frá árunum eftir stríð, enda höfum við fyrir okkur fullyrðingu stjórnarblaðsins Timans um það, að þjóðartekjurnar hafi hækkað til muna á undanförnum árum.

Kvörtun hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar, um síldarleysið í þessu sambandi, er algerlega út í bláinn. Það var líka aflabrestur á síld á nýsköpunarárunum. Við samanburð á efnahagsafkomunni 1947 og nú eru það þjóðarframleiðslan og þjóðartekjurnar, sem skera úr. Þær hafa áreiðanlega hækkað síðan 1947, og það er hið eina, sem skiptir máli í þessu sambandi. Þar af leiðandi falla öll þessi rök hæstv. ráðh. um sjálf sig.

Hæstv. ráðh. Bjarni Benediktsson sagði, að kjörin 1947 hefðu verið svo góð, að þau hefðu ekki getað staðið til frambúðar. Ég hef með þeim staðreyndum, sem ég hef nú nefnt og raunar margsinnis áður, sýnt fram á, að þetta eru staðlausir stafir.

Þá má geta þess, að tekjuafgangurinn á rekstrarreikningi fjárlaga s. l. árs gerir miklu meira en nægja til þess að uppfylla allar kröfur þeirra verkamanna, sem nú standa í deilu. Og þegar búið er að greiða allar umframgreiðslur, allar afborganir af lánum, allar skuldbindingar vegna ríkisábyrgða og inna af hendi allar þær greiðslur, sem heimild er fyrir samkvæmt lögum, þá er samt eftir hærri upphæð en nauðsynleg er til þess að uppfylla allar kröfur Dagsbrúnarmanna, svo að þetta eitt út af fyrir sig sannar, hvílík reginfjarstæða það er, að nokkra rannsókn þurfi til þess að ganga úr skugga um það, að þjóðfélagið hafi ráð á þeirri kauphækkun, sem gert er ráð fyrir í kröfum verkalýðsfélaganna.

Niðurstaðan verður því þessi: Kaupmáttur launanna hefur stórlega rýrnað á undanförnum árum. Hlutdeild verkalýðsins í þjóðartekjunum hefur stórum minnkað síðan 1947. Þó að launin yrðu hækkuð eins og verkalýðsfélögin fara fram á, þá er samt sem áður geysimikil gróðamyndun í þjóðfélaginu. Þar með eru öll þau skilyrði uppfyllt, sem bæði ég og hæstv. viðskmrh. töldum að yrðu að vera fyrir hendi til þess að uppfylla kröfur verkalýðsfélaganna. Samkvæmt því ættum við að geta orðið sammála um, að það ber að semja á grundvelli þessara krafna, án þess að til víðtækra vinnustöðvana komi til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðfélagið.

Svo sannarlega eru verkalýðsfélögin ekki að gera kröfu til þess, að allur gróði í þjóðfélaginu sé afnuminn. Þvert á móti er gert ráð fyrir mjög mikilli gróðamyndun eftir sem áður. Við sósialistar viðurkennum ekki, að gróðasöfnun einstakra manna sé nauðsynleg á því stigi, sem framleiðsla mannanna er nú komin á. Gróðamyndun einstakra manna er hins vegar lögmál kapítalismans. Við sósialistar viðurkennum ekki það skipulag. Við teljum það siðlaust og mannskemmandi og vera orðið framförum mannkynsins fjötur um fót. En með kröfum okkar og verkalýðsfélaganna nú er vissulega ekki verið að krefjast afnáms auðvaldsskipulagsins. Þess vegna eru kröfurnar líka miðaðar við það, að mjög mikil gróðamyndun einstakra manna geti eftir sem áður átt sér stað.

Og nú kemur ríkisstjórnin og leggur til, að skipuð sé nefnd til þess að rannsaka það, hvort atvinnuvegirnir þoli kauphækkun og hvort kauphækkun geti komið verkamönnum að notum. Öll undanfarin ár hefur verið svikizt um að láta gera skýrslur um hluti, sem þykir nauðsynlegt að almenningur fái vitneskju um í öllum siðuðum löndum, svo sem tekjuskiptingu stéttanna, breytingu á kaupmætti launa, hlutdeild hinna ýmsu greina í þjóðartekjunum og gróða hinna ýmsu atvinnugreina og fyrirtækja. Það er nú bráðum liðið heilt ár síðan verkalýðsfélögin sögðu upp samningum til þess að fá samningstímann styttan í því skyni að geta hvenær sem er lagt til baráttu fyrir hækkuðu kaupi, ef ekkert yrði gert til þess að auka kaupmátt launanna, en sama þróun, sem hefur í för með sér síminnkandi kaupmátt launanna, yrði látin halda áfram. Á þessu tímabili hefur ýmsum atvinnustéttum, sem taka ekki þátt í þessari deilu, tekizt að hækka kaup sitt verulega.

Það er nú komið allmikið á annað ár síðan verkalýðsfélögin sögðu upp samningum og meira en hálfur mánuður, nærri þrjár vikur, síðan verkfallinu var frestað til þess að freista þess að ná samningum án verkfalls. En ekkert hefur heyrzt frá ríkisstj. nema sífelldur rakalaus áróður gegn verkamönnum og kröfum þeirra. Nógur tími hefur verið til stefnu til þess að láta fara fram hlutlausa rannsókn um allt, sem máli skiptir í þessu sambandi. Það er alveg gersamlega gagnslaust fyrir hæstv. dómsmrh. að bera því við, að kaupkröfurnar hafi ekki legið fyrir. Það, sem lá fyrir, var það, að talið var nauðsynlegt að hækka kaupið. Og ef það á annað borð var viðurkennt, þá var ekkert til fyrirstöðu að láta rannsókn fara fram um það, hvað væri hægt að hækka kaupið mikið. Það er ekkert annað en undansláttur að bera því við, að ákveðnar kaupkröfur hefðu ekki verið gerðar. Og ef óskað hefði verið eftir kaupkröfum verkalýðsfélaganna, þá mundi aldrei hafa staðið á þeim. Nú eru allt að því 3 vikur síðan þessar kaupkröfur voru settar fram, og það hefur ekki komið fram nein till. um slíka rannsókn fyrr en nú. Og hvers vegna einmitt nú? Um leið og samningarnir um sjálf kaupgjaldsatriðin eru að hefjast fyrir alvöru, þá fyrst kemur ríkisstj. og leggur til, að nú sé byrjað á svokallaðri rannsókn, sem varla mundi taka skemmri tíma en mánuð. Það er varla von, að verkalýðsfélögin geti dregið nema eina ályktun af þessari framkomu, og það hafa þau gert með svari sínu. Ríkisstj. grípur inn í til þess að reyna að koma í veg fyrir samninga einmitt á þeirri stundu, sem nokkrar líkur voru fyrir því, að saman mundi draga með deiluaðilum. Með þessu er ríkisstj. beinlínis að segja við atvinnurekendur: Semjið ekki á þessu stigi málsins. Gefið ekki eftir um hársbreidd.

Hitt er þó sérstaklega athugavert, hvernig till. ríkisstj. eru orðaðar. Það, sem farið er fram á að rannsakað verði, kemur að því er aðalatriði snertir ekki deilunni við. Við vitum, að togararnir t. d. hafa margir gengið með halla, og það hefur verið rannsakað af stjórnskipaðri n. En það er ekki það, sem máli skiptir fyrir verkalýðssamtökin í þessu sambandi. Verkalýðurinn getur ekki miðað kaupkröfur sínar við það, að eitthvert fyrirtæki sé rekið með halla. Þá yrðu kaupkröfurnar að vera miðaðar við það, sem mesti hallarekstur í þjóðfélaginu gæti borið, alveg án tillits til þess, þó að ofsagróði væri á öðrum sviðum. Með því móti yrði kaup verkalýðsins harla lítill hluti af þjóðartekjunum, verkamenn yrðu að búa við kaupkjör, sem væru hungurkjör, þrátt fyrir miklar þjóðartekjur, óvenjulega mikil vinnuafköst og ofsagróða auðmannastéttarinnar í heild sinni. Það væri að vísu mjög fróðlegt og gagnlegt að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvað milliliðirnir hirða mikið af því verðmæti, sem sjávarútvegurinn aflar. En það kemur ekki kaupkröfum verkamannanna við. Það eina, sem þeim kemur við, er, hver er hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum. Hitt er svo mál stjórnarvaldanna, hvernig skiptingin er milli auðmannastéttarinnar, milli kaupsýslumanna og atvinnurekenda í ýmsum greinum. Það er ákveðin efnahagspólitík núverandi ríkisstj., sem veldur því, að undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar er látinn vera á heljarþröminni og aðrir aðilar látnir hirða bróðurpartinn af þeim verðmætum, sem hann aflar. Og það er verkefni og skylda þessarar sömu ríkisstjórnar að leiðrétta það.

Hvað hitt atriðið snertir, hvort kauphækkun muni koma verkalýðnum að notum, þarf enga rannsókn og kemur engin hagfræðileg rannsókn að gagni. Það eina, sem getur komið að haldi í því sambandi, er breytt stjórnarstefna. Kauphækkun verður verkalýðnum til varanlegra nota, nema það, sem vannst í kaupdeilunni, verði beinlínis tekið aftur með stjórnarráðstöfunum.

Og það er einmitt þetta, sem stjórnarvöldin hafa verið að gera sífelldar tilraunir til á undanförnum árum. Þess vegna hefur verkalýðurinn verið neyddur til þess að heyja hin mörgu og fornfreku verkföll. Þess vegna hafa atvinnutækin stöðvazt mánuðum saman til tjóns fyrir alla þjóðina. Af þessari reynslu undanfarinna ára fer þeim verkamönnum nú sífellt fjölgandi, sem skilja það, að það er ekki nóg að heyja kaupgjaldsbaráttu. Til þess að sú barátta geti komið að fullum notum, þarf verkalýðurinn að hafa úrslitavald um það, hvernig þjóðarbúskapurinn er rekinn og hvernig honum er stjórnað. Til þess þarf hann pólitísk völd. Og til þess þurfa áhrif hans á Alþingi að verða margfalt öflugri en nú.

Þær upplýsingar, sem verkalýðssamtökin þurfa á að halda í sambandi við þessar kaupdeilur, eru, hvaða breytingar hafa orðið á kaupmætti launanna og hvaða breytingar hafa orðið á hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum undanfarin ár, ekki frá 1953, heldur á öllu því tímabili, sem hin raunverulegu laun hafa sífellt verið að lækka, þ. e. allar götur frá því 1947. Þessum gögnum hefur nú verið safnað af hagfræðingum, sem hafa unnið verk sitt vel og samvizkusamlega, og munu bráðlega verða birt. Til þess að ganga úr skugga um þetta þarf ekki langan tíma. Það er hægt að gera á 2—3 dögum, og ef ríkisstj. vill eiga sinn þátt í slíkri hlutdrægnislausri rannsókn, sem getur farið fram án þess að tefja samningaumleitanir á nokkurn hátt, þá er ekki nema allt gott um það að segja. Ef ríkisstj. vill undirhyggjulaust komast að hinu sanna í þessum efnum, þá stendur vissulega ekki á verkalýðssamtökunum og hefur aldrei gert.

Hæstv. fjmrh. var að reyna að vefengja það, að kjarabæturnar 1942 og þar á eftir hafi komið verkalýðnum að notum, og var því til sönnunar með tilvitnun úr grein eftir Hermann Guðmundsson. Þetta er vonlaust verk fyrir hæstv. ráðh. 1947 hafði kaupmáttur launanna hækkað um 56% frá 1939, og 1945 var kaupmátturinn að heita má hinn sami. Undir þessari álitsgerð, sem þessar tölur eru teknar úr, stendur m. a. nafn Ólafs Björnssonar hagfræðings. Þetta hafa verkalýðssamtökin aldrei vefengt. Það eru allir sammála um það, að á nýsköpunarárunum var kaupmáttur launanna hærri en nokkru sinni fyrr og síðar. Ummæli Hermanns Guðmundssonar eru að vísu þannig orðuð, að þau virðast alveg upplögð til þess að misskilja þau og til þess að snúa út úr þeim, enda hefur það ekki verið sparað. En það, sem Hermann átti við, var það, að frá því 1944 höfðu farið fram verðhækkanir, sem stuðluðu að því að rýra kaupmátt launanna, enda þótt þær væru mjög smávægilegar, borið saman við það, sem síðar varð. Þetta var leiðrétt án verkfalls 1946. Og það var þetta, sem gerði gæfumuninn á stjórnarstefnunni þá og nú.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Í framsöguræðu um rekstrarafkomu ríkissjóðs fyrir árið 1954, sem hæstv. fjmrh. hélt hér í Sþ. 28. febr. s. l., gaf ráðh. alveg sérstakt tilefni til þess að ræða hér um kjaradeilu þá, sem nú stendur yfir, og kröfur þær, sem verkalýðsfélögin hafa sett fram til hækkunar á kaupi meðlima sinna.

Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, sem er reyndar ekki ný skoðun, sem þar kemur fram hjá þessum hæstv. ráðh., að ef gengið yrði að kröfunni um kauphækkanir, þ. e. a. s. grunnkaupshækkanir, væri beinn voði fram undan fyrir atvinnuvegina, atvinnuvegirnir væru þannig á vegi staddir, að þeir þyldu engar kauphækkanir, enda væru kröfur þær, sem verkalýðsfélögin hefðu nú sett fram, ekkert annað en ósvífið áróðursbragð kommúnista og ættu ekkert skylt við verkalýðssamtökin. Þessar fullyrðingar hæstv. fjmrh. hafa nú þegar verið marghraktar af þeim hv. alþm., sem hér hafa talað fyrir málstað verkalýðshreyfingarinnar, og má segja, að það væri að bera í bakkafullan lækinn að ræða það öllu meira. Hins vegar get ég samt ekki látið hjá líða að fara örlítið inn á fullyrðingar hæstv. ráðh.

Menn eru orðnir ýmsu vanir í málflutningi þessa hæstv. fjmrh., og það verður víst aldrei sagt um hann, að úr þeim herbúðum hafi verkalýðshreyfingunni borizt mikil liðveizla eða aðstoð í kaupdeilum, heldur hið gagnstæða. Ég minnist þess a. m. k. ekki að hafa heyrt frá þessum hæstv. fjmrh. nokkurn tíma eitt einasta vinsamlegt orð til stuðnings kröfum verkalýðssamtakanna. Hæstv. fjmrh. viðhafði í ræðu sinni nákvæmlega sömu slagorðin og hann hefur alltaf haft og hans sálufélagar í andófi sínu á móti verkalýðssamtökunum. Þessir ágætu menn telja, að barátta verkalýðsins fyrir bættum kjörum, t. d. fyrir nokkurri hækkun á grunnkaupi, sé ósvífinn áróður vondra afla, eins og þeir vilja orða það, sem engan rétt eigi á sér, og að allar slíkar kröfur séu til að skaða þjóðfélagið, grafa undan fjárhagslegu og pólitísku öryggi þess. Þessum áróðri hefur auðvald allra landa nú á dögum og langt aftur í tímann beint á móti hagsmunabaráttu alþýðunnar. Það er ekkert einstakt dæmi um það hér á Íslandi. Þannig hefur það verið og þannig verður það, svo lengi sem sú yfirráðastétt ræður ríkjum í fleiri eða færri þjóðlöndum veraldar. Það verður ekki sagt um ráðamennina í íslenzku þjóðfélagi, forustumenn hinna borgaralegu flokka hér og forustumenn ríkisstj., að þeir séu sérstaklega tornæmir eða seinir til að tileinka sér slíkar áróðursaðferðir.

Ég gat þess áðan, að ég minntist þess ekki, að nú í seinni tíð a. m. k. og jafnvel aldrei hefði verið háð sú kaupdeila á Íslandi, að ekki hafi verið hrópað í blöðum og á mannfundum um, að hér væri um kommúnistiskt samsæri að ræða. Ég vil spyrja: Allt frá því að verkamennirnir á Íslandi fyrst hófu baráttu fyrir bættum kjörum, hvernig tóku andstæðingarnir þeim óskum og kröfum? Er ekki dæmi úr verkalýðshreyfingunni hér, að menn hafi verið teknir með valdi og fluttir burt af sínum heimilum, þegar þeir voru að bera fram og berjast fyrir kröfum félaga sinna í verkalýðshreyfingunni? Jú, þau dæmi eru til. Öllum óskum og kröfum um bætt kjör af hendi launastéttarinnar hefur atvinnurekendastéttin og ríkisvaldið mætt með hinni mestu óvild og freklegri andúð. Alltaf hefur viðbáran verið sú sama: Atvinnuvegirnir og ríkisbúskapurinn þola

ekki hærra kaupgjald. — Það er tap á atvinnurekstrinum, segja þeir, ef kaupgjaldið hækkar, þá stöðvast atvinnuvegirnir. Þið verkamenn og launafólk, þið megið ekki vera að krefjast hærra kaups, það er kommúnismi, en kommúnismi og stéttabarátta eru landráð. — Þetta er þeirra málflutningur. Þetta eru þeirra rök. Við höfum heyrt þau oft áður. Það er ekkert nýtt í þeim.

Það er ekki úr vegi að athuga þetta örlítið nánar: Eru kröfur verkalýðsfélaganna um hækkað kaup óþarfar? Eru þau laun, sem verkafólkið í dag fær greidd fyrir 8 stunda vinnudag, það sómasamleg, að hægt sé að lifa menningarlífi fyrir þessi laun? Ég vil koma hér með örlítið dæmi: Dagsbrúnarverkamaður, sem vinnur alla virka daga mánaðarins, við skulum segja árið út, hefur í kaup tæpar 3000 kr. á mánuði fyrir 8 klst. vinnu á dag. Ef um fjölskyldumann er að ræða, t. d. með konu og 3 börn, þarf hann að leigja tveggja herbergja íbúð með eldhúsi. Við skulum segja, að fyrir slíka íbúð sé honum gert að greiða 1000 kr. á mánuði, í sumum tilfellum kannske lægra, í flestum tilfellum hærra. Til viðbótar húsaleigunni þarf hann svo að greiða ljós og hita. Það er óvarlegt að áætla þennan kostnað minna en sem nemur 500 kr. á mánuði. Fyrir húsnæðið eitt ásamt ljósi og hita verður því verkamaðurinn að greiða rúman helming launa sinna. Þá á hann eftir tæpar 1500 kr. Þá upphæð verður hann að láta sér nægja fyrir fæði, fatnaði og öðrum lífsnauðsynjum handa sér og fjölskyldu sinni. Af þessari upphæð þarf hann svo að greiða allt, sem fjölskylda hans þarfnast. Við skulum segja, að hann eigi heima fyrir innan eða vestan miðbæ, — verkafólkið býr ekki í miðbænum í Reykjavík, nema þá í kjöllurunum og á hanabjálkaloftunum. Það er tiltölulega örlítill hluti af vinnandi stétt Reykjavíkur, sem býr í miðbænum. Verkamaðurinn býr í úthverfunum og þarf því að nota strætisvagna, og fyrir það fer hann með a. m. k. á annað hundrað krónur bara í beinar ferðir að og frá vinnustaðnum um mánuðinn, fyrir utan allar aukaferðir. Hann þarf vitanlega að greiða tryggingagjöld, almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsgjöld, og margt fleira. Við skulum segja, að tekjurnar séu ekki meiri en það, að útsvar og skattar verði tiltölulega lág. En það skiptir a. m. k. nokkrum hundruðum og jafnvel þúsundum á ári. Til viðbótar þessu kemur svo fæðiskostnaður fjölskyldunnar og fatnaður. Það verður lítið eftir til skemmtana og annars þess, sem menningarlíf krefst. Ég vil nú álíta, að fáir menn muni a. m. k. í alvöru vilja halda því fram, að verkamaður með ekki hærri laun muni lifa neinu sérstöku óhófslífi, og því síður, að af slíkum launum sé hægt að leggja mikið fyrir til elliáranna. Hvað margir hv. alþm. mundu t. d. treysta sér til þess að lifa af slíkum launum? Ekki treysti ég mér til þess, ef ég hefði t. d. 3 börn á framfæri. Treysta hæstv. ráðh. sér til þess, t. d. hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh., sem hér hafa einna mest rætt þessi mál og barizt einna ötullegast fyrir þeim málstað, að það væri ekki hægt að hækka laun vinnustéttanna hér í Reykjavík og annars staðar? Þeir eru nú því miður ekki hér viðstaddir, og þeir geta ekki svarað því núna. En ég vonast til þess, að einhver verði til þess að flytja þeim þessa fyrirspurn. Mér þætti ákaflega fróðlegt að fá að heyra svör þeirra, sem hér hafa staðið dag eftir dag til þess að verja það og halda því fram, að það væri ekki hægt og ekki rétt að hækka laun þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu, við því, hvort þeir hinir sömu ágætu menn treystu sér til þess að lifa af lágmarkslaunum Dagsbrúnarverkamanna og annarra þeirra, sem vinna fyrir líkum launum og þeir.

Það er sannarlega ekkert undrunarefni, þó að verkalýðssamtökin hafi nú — ég vil segja á síðustu stundu — farið fram á allverulegar grunnkaupshækkanir. Með gengislækkuninni, sem skellt var yfir þjóðina 1950, var verkalýðshreyfingunni og launastéttunum greiddur kinnhestur, sem hefur ekki gleymzt og mun ekki gleymast, fyrr en sá reikningur hefur verið greiddur að fullu. Með þeim ráðstöfunum voru verkalýðurinn og launastéttirnar rænd allverulegum hluta af kaupi sínu og öllu verðlagi kippt úr þeim skorðum, sem það hafði þó verið í að undanförnu. Verkalýðshreyfingin hefur sýnt alveg undraverða þolinmæði með því að bíða allan þennan tíma án þess að hafa lagt út í baráttu fyrir verulegum grunnkaupshækkunum. Þeir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar, sem stóðu að gengislækkunarlögunum og börðu þau í gegn í fullri óþökk og andstöðu alls þorra verkalýðsins í landinu, ættu sízt af öllu að vera nú að blása sig út af vonzku yfir því, þó að verkalýðshreyfingin krefjist nú nokkurs hluta þess, sem af henni var rænt með gengisfellingarlögunum 1950. Slíkur andróður er vitatilgangslaus og vonlaust verk. Það ætti andstæðingum verkalýðsfélaganna að vera orðið ljóst eftir áratuga baráttu verkalýðssamtakanna. Þeir ágætu menn ættu að hafa lært það mikið í skóla reynslunnar, að sókn alþýðunnar fram á við til meiri hagsældar og betra lífs verður ekki stöðvuð með gífuryrðum og skömmum. Þegar verkalýðurinn er að krefjast betri kjara, kjara, sem hann telur vera lágmarkskröfur, þá þýðir ekki að vera að slá því fram, að hér sé um kommúnistiska skemmdarstarfsemi að ræða og þjóðhættulegt athæfi. Meðlimir verkalýðsfélaganna gætu með miklu meiri rétti ásakað andstæðinga sína um skemmdarstarfsemi og kallað þá menn þjóðhættulega, sem ætíð og ævinlega hafa barizt á móti réttmætum kröfum undirstéttanna. Það eru þjóðhættulegir menn, sem sí og æ beita öllu sínu áhrifavaldi til þess, að kjör lágstéttanna séu sem verst, á sama tíma sem óhófsgróði og óhófseyðsla yfirstéttarinnar, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, er þannig, að hverjum manni, sem hugsar um slíkt, hlýtur að blöskra.

Það er þjóðhættulegt að búa þannig að þeim, sem mest leggja á sig, fólkið, sem vinnur erfiðustu og hættulegustu störfin, að það geti ekki séð sér og sínum sæmilega vel farborða. Auk þess er það staðreynd, sem verður ekki á móti mælt, að því betri sem hagur launastéttanna er, því betri og öruggari er afkoma þjóðfélagsins í heild. Bændastéttinni gengur betur að selja sínar afurðir, þegar afkoma verkalýðsins í bæjunum og sjávarþorpunum er betri. Því meiri kaupgeta hjá launastéttunum, því meiri verður verzlun hjá þeim, sem vöruna selja, o. s. frv.

Ég get látið að mestu útrætt um þetta mál.

Hæstv. ríkisstj. fór fram á það nú á síðustu stundu, að verkalýðsfélögin tilnefndu menn í svokallaða hlutlausa nefnd, sem átti að rannsaka það, hvort framleiðslan og þjóðarbúið þyldu þessar kauphækkanir eða aðrar slíkar. Mér er spurn: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. verið að gera í allan vetur? Var henni það ekki ljóst áður, að það stóðu fyrir dyrum kaupdeilur? Var henni það ekki ljóst áður, að verkalýðsfélögin mundu fara fram á allmiklar breytingar á kjörum sínum? Hélt hæstv. ríkisstj., að verkalýðsfélögin hefðu verið að segja upp kauptöxtum sínum og samningum bara út í loftið? Nei, svona vinnubrögð er ekki hægt að bjóða verkalýðshreyfingunni á Íslandi. Hún krefst allt annarra vinnubragða. Ef það hefði verið snemma á þessu þingi í vetur farið fram á, að slík nefnd hefði verið skipuð, þá fullyrði ég, að verkalýðshreyfingin hefði tilnefnt menn í þessa nefnd. En þegar farið er fram á það nú á síðustu stundu að skipa menn í slíka nefnd, sem allt bendir til að hefði ekki orðið til annars en að draga málið óþarflega mikið á langinn, þá segir verkalýðshreyfingin: Hingað og ekki lengra. — Forustumenn verkalýðssamtakanna og verkalýðshreyfingin í heild hefur gefið nægilega langan umhugsunarfrest og samningsfrest til þess að ræða þessi mál. Það verður ekki verkalýðshreyfingin, sem ber ábyrgð á því, ef til vinnudeilu kemur. Þá ábyrgð verður ekki hægt að skrifa á reikning verkalýðssamtakanna. Ábyrgðina bera þeir aðilar fyrst og fremst, sem ófáanlegir hafa verið og eru enn til að mæta með skilningi og velvild hinum sanngjörnu og um leið sjálfsögðu kröfum verkalýðssamtakanna.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er nú hálfleiðinlegt að halda áfram umræðum um skýrslu hæstv. fjmrh. að honum brotthlaupnum og öllu hans fylgdarliði úr ráðherrastólunum. Það er eiginlega botninn dottinn úr þessu, þegar hæstv. ríkisstj. er farin af vígvellinum. En samt vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. dómsmrh. hér áðan, þó að hann hafi ekki beðið eftir því, að honum yrði svarað.

Hann virtist ekki draga í efa, að kaupmáttur launanna hefði lækkað mjög síðan 1947. En honum fannst eðlilegt, að nú væri ekki hægt að borga sams konar kaup og 1947, því að það hefði fiskazt lítið af síld síðan og það hefðu komið upp sauðfjárpestir. Þetta voru höfuðafsakanirnar, sem hæstv. dómsmrh. færði fram fyrir því, að nú hlyti að eðlilegum hætti kaupmáttur launanna að vera lægri en þá. En ég hef einmitt viljað gera þennan samanburð: Hefur verið verra árferði nú að undanförnu en á árunum fyrir 1947? Ég man ekki betur en að hæstv. fjmrh. hafi ein tvö, þrjú undanfarin ár komið með þá skýringu á því, hvernig á því stæði, að fjárlög hafa farið upp undir 100 millj. kr. fram úr áætlun hans, að það væri að þakka einstæðu góðæri, — einstæðu góðæri, hefur hann sagt, ekki fyrir fram vitlausri tekju- og gjaldaáætlun fjárlaga, heldur höppum, einstöku góðæri. Og þetta er sannleikur. Það hefur verið og er einstakt góðæri til lands og sjávar einmitt nú. Það hefur aldrei borizt annar eins aflafengur á land og s. l. ár og það sem af er þessu ári, þegar sjór hefur verið sóttur. Og það hefur verið einstakt góðæri til landsins á s. l. ári, og það sem betra er, það hefur aldrei verið eins greið sala á íslenzkum afurðum og nú. Það er því ekki hægt að segja annað en að það mælir allt með því, að íslenzkir atvinnuvegir beri nú það, sem þeir hafa nokkru sinni áður getað borið. Það er bágt að standa í stað, og verkalýð landsins er ekki um það að hafa misst af því hlutskipti, sem hann hefur einu sinni fengið, og vill nú rétta það, sem hefur farið úrskeiðis síðan 1947, sannfærður um það, að árferði hefur aldrei verið betra og burðarþol atvinnuveganna aldrei annað eins og nú.

Það er vikið að því, að það eina, sem geti réttlætt hækkað kaup, sé aukning framleiðslunnar. Það er enginn vafi á því, að það er hægt að auka stórkostlega framleiðslumagn íslenzkra atvinnuvega, ef um það væri hugsað. Það er ekkert skipulag á atvinnuvegunum. Það er hægt að auka framleiðslumagnið með því að tryggja stöðvanalausan atvinnurekstur og það er hægt með betri sambúð við verkalýðssamtökin. Það er hægt að auka framleiðslumagnið með tilfærslu atvinnutækja, það hefur verið mjög lítið skipulag á því. Það er hægt að auka framleiðslumagnið með tilfærslu vinnuafls, það er ekkert skipulag á því. Það er búið að leggja niður allar vinnumiðlunarskrifstofur. Það er engin skráning til á íslenzkum vinnumarkaði. Það er fengizt við að hafa ráðningarskrifstofu fyrir Keflavíkurflugvöll. En ef 30 atvinnuleysingjar frá Dalvík eða einhverju þorpi norðanlands koma til Reykjavíkur og ætla að ná sambandi við íslenzkt atvinnulíf, þá veit enginn þeirra, hvert hann á að snúa sér. Það geta komið 50 Færeyingar með skipi sama sólarhringinn, og þeim er ráðstafað til íslenzks atvinnulífs. En það er engin stofnun til þess að tryggja sómasamlega notkun á hinu íslenzka vinnuafli. Algert skipulagsleysi er ríkjandi á íslenzkum vinnumarkaði og ekki lagt sig í líma við að tryggja sem bezta notkun vinnuaflsins og þá aukningu framleiðslunnar, sem möguleg er.

Hæstv. ráðh. vitnaði í það, að ég hefði á einhverju ákveðnu tímabili lagt meira upp úr atvinnuöryggi en kaupupphæð. Þetta er alveg rétt. Ég legg geysilega mikið upp úr atvinnuöryggi og tel það jafnvel meira virði en kaupupphæðina í krónutali á hverjum tíma. Og ég er alveg sannfærður um það, að nú þarf að bæta afkomumöguleika íslenzks verkalýðs, bæði með hækkuðu kaupi og auknu atvinnuöryggi, og hvort tveggja er hægt.

Hæstv. dómsmrh. var með getsakir um það, að frestunin á verkfallinu hefði ekki komið til af góðu hjá verkalýðnum, það hefði ekki verið til þess að tryggja góðan árangur af samningum með friðsamlegum hætti, heldur til að ná taki á kaupskipaflotanum, þegar hann kæmi í höfn, og að verkfallsfrestun hefði verið miðuð við það. Þetta er ómaklega mælt og er eitt af því, sem hæstv. ráðherrum hér hefur hrotið úr munni og stuðlar að því að minnka möguleika fyrir friðsamlegri lausn, en ekki að auka þá möguleika.

Þá kom hæstv. ráðh. með það, að ekki hefði verið hægt fyrir ríkisstj. að láta sérfræðinga reikna út í sambandi við þessar vinnudeilur,

fyrr en kröfurnar hefðu verið komnar fram, það hefði ekki verið hægt að byggja neina útreikninga á kröfunum, meðan þær voru óþekktar. Þetta er algerlega út í hött. Það eru ekki kröfurnar, sem þarf að reikna út. Þær eru fullreiknaðar. Það, sem þurfti að reikna og þarf að reikna að áliti ríkisstj., er þetta: Hún vill láta fara fram hlutlausa rannsókn á efnahagsástandinu í landinu. Þurfti hún að bíða með slíka útreikninga, þangað til kröfur verkalýðssamtakanna voru komnar fram? Var ekki hægt að reikna út, hvert væri efnahagsástandið í landinu, áður en kröfurnar komu fram? Jú, vissulega. Í annan stað átti að athuga, hvort atvinnuvegirnir gætu borið hækkað kaupgjald. Var ekki hægt að gera það fyrr en kröfurnar komu fram? Var ekki hægt að gera það strax á haustmánuðum? Var ekki hægt að gera það óslitið, þegar menn vissu, að það mundi draga til deilu? Það eru sjö vikur síðan þeir vissu, að samningum yrði sagt upp. Það þurfti ekki að bíða með það, þangað til kröfurnar voru komnar fram. Og svo átti í þriðja lagi að athuga, hvort kauphækkanir mundu leiða til kjarabóta fyrir verkalýðinn. Gátu þeir ekki komið fram með sínar hugleiðingar og ágizkanir um það, hvenær sem var, eftir að vitað var, að til deilu mundi draga? Vissulega. Það voru ekki kaupkröfurnar, sem þeir þurftu að reikna út. Það var ýmislegt í efnahagsástandi þjóðfélagsins, sem þeir þurftu að reikna út, og það gátu þeir gert löngu áður en kröfurnar sjálfar komu fram. En kröfurnar hafa nú verið kunnugar á sjöundu viku. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert neitt til þess, að málin lægju nú ljósara fyrir en þegar deilurnar hófust. Rannsókn á þjóðartekjunum hefur ekki verið framkvæmd. Athugun á því, hvort hlutdeild launafólks í þjóðartekjunum sé nú meiri eða minni en 1947, hefur ekki verið gerð, en það er atriði, sem hægt væri vafalaust af fræðimönnum með stórar vélar að reikna út á nokkrum dögum. Og það er undarlegt, að menn, sem viðurkenna, að kaupmáttur launanna hafi verið mestur 1947, skuli ekki láta sína fræðimenn reikna út, hve mikið var hlutskipti launafólksins í þjóðartekjunum 1947, hve mikið er hlutskipti launamanna í þjóðartekjunum núna, 1955. Þessar niðurstöður þyrftu að liggja fyrir, og verkalýðssamtökin mundu taka nokkurt tillit til þeirrar útkomu, ef hún væri rétt fundin.

Ég er sjálfur tímabundinn núna kl. 5, hef boðað fund í stjórn Alþýðusambands Íslands, og hæstv. ráðherrar ekki viðlátnir til þess að taka þátt í umræðum um þessi þýðingarmiklu mál, og læt því máli mínu lokið. Ég lofaði hæstv. forseta því að nota hér aðeins nokkrar mínútur, en taldi rétt að meta hæstv. dómsmrh. svo mikils að svara nokkru hans síðustu ræðu, sem hann flutti af miklum móði.

## III. Varnarmálin, skýrsla utanríkisráðherra.

Á 8. fundi í Sþ., 2. nóv., var tekin á dagskrá:
**Skýrsla utanríkisráðherra um varnarmálin.**

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Þegar samkomulag varð um það við stjórnarmyndunina í fyrrahaust, að Framsfl. tæki að sér utanríkismálin, var sú verkaskipting gerð samkv. ósk hans. Þess hafði gætt, að óánægja ríkti með ýmislegt í sambandi við varnarsamninginn og framkvæmd hans, enda ekki óeðlilegt á byrjunarstigi framkvæmdanna.

Eftir að Framsfl. hafði tekið við utanríkismálunum, var þegar hafizt handa að undirbúa fyrirhugaðar breytingar, en sumum breytingum varð ekki komið á nema með samkomulagi við Bandaríkjamenn.

Með orðsendingu, sem ég afhenti sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík 4. des. 1953, var farið fram á það af hálfu Íslands, að teknar yrðu upp viðræður milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna um nokkur tiltekin atriði varðandi hervarnarsáttmálann frá 5. maí 1951 og framkvæmd hans. Hinn 21. des. s. l. tjáði Bandaríkjastjórn íslenzku ríkisstj., að Bandaríkin hefðu fallizt á að hefja viðræður og viðræðurnar færu fram hér á landi. Þeir af fulltrúum Bandaríkjanna, sem þaðan voru sendir, komu hingað um mánaðamótin janúar—febrúar, en viðræðurnar milli fulltrúa íslenzku ríkisstj. og Bandaríkjastjórnar hófust í Reykjavík 2. febr. síðastliðinn.

Samningarnir gengu mjög hægt. Var farið fram á margt af okkar hendi, sem Bandaríkjunum þótti erfitt að samþykkja. Er samningamenn Bandaríkjanna voru farnir vestur, hélt utanrrn. og ameríska sendiráðið viðræðum áfram, en lengi stóð á samþykki bandarískra stjórnarvalda á ýmsum atriðum. Gætti töluverðrar óþolinmæði hjá almenningi vegna þess, hve samningarnir gengu seint. Við, sem við samningana fengumst, létum það ekki á okkur fá. Kusum við heldur seinaganginn en að slá af lágmarkskröfum okkar. Samningsgerðinni var loks lokið hinn 26. maí s. l., og birti ég þá í útvarpi og blöðum niðurstöður af samningsgerð og viðræðum, sem átt höfðu sér stað um endurskoðun tiltekinna atriða varnarsáttmálans frá 5. maí 1951 og framkvæmd hans. Hv. Alþ. hafði þá hætt störfum, og tel ég rétt og skylt að gefa því nú skýrslu um samninganna svo og skýra frá því, hvernig gengur með framkvæmd þeirra. Mun ég svo taka hér hin ýmsu samningsatriði hvert fyrir sig.

Í fyrsta lagi var samið um, að framkvæmdir á vegum varnarliðsins skyldu skipulagðar þannig, að fullt tillit sé tekið til vinnuaflsþarfar íslenzkra atvinnuvega. Framkvæmd þessa atriðis hefur orðið sú, að um 600 færri Íslendingar vinna að jafnaði fyrir varnarliðið nú en í fyrra. Er því auðsætt, að aukinn vinnuaflsskortur í landinu stafar ekki af fjölgun Íslendinga í varnarliðsvinnu, nema síður sé.

1. okt. s. l. var alls 2391 Íslendingur, menn og konur, við störf fyrir varnarliðið, og til

fróðleiks má geta þess, að tala þessi skiptist niður á ýmsa aðila þannig:

| | |
|---|---|
| Varnarliðið sjálft | 483 |
| Íslenzkir aðalverktakar | 9 |
| Metcalfe-Hamiltonfélagið | 1049 |
| Sameinaðir verktakar | 765 |
| Þar af utan Keflavíkur 168, með talið vinnan á Langanesi og Hornafirði og víðar. | |
| Wyatt Hedrickfélagið | 30 |
| Ýmsar umsýslustofnanir á vellinum | 55 |

Síðari tölur, þ. e. a. s. tölur síðar í október, eru lítið sem ekkert breyttar, en þó nokkru lægri.

Í öðru lagi var samið um, að Íslendingum skyldi gefinn kostur á ýmiss konar tækniþjálfun. Skyldi það vera gert til þess, að Íslendingar gætu yfirtekið ýmis störf, sem nú eru framkvæmd af Bandaríkjamönnum. Er hér einkum um að ræða meðferð og viðhald stórvirkra vinnuvéla svo og verkstjórn við vandasöm verk. Bandaríkjamenn leggja til endurgjaldslaust vélar og menn í þessum tilgangi og bera einnig dvalarkostnað þeirra Íslendinga, er fara til Bandaríkjanna til slíks tæknináms.

Tækninám þetta er þegar hafið. Fyrir alllöngu fór 12 manna hópur vestur, og annar hópur er á förum. Er gert ráð fyrir, að 50—60 menn fari vestur.

Annar þáttur í tækniþjálfuninni er sá, að hafin er lagning vega með nýtízku og stórvirkum vélum. Er Íslendingum kennt að stjórna þeim. Ákveðið var að leggja veg ofan við Hafnarfjörð til þess í framtíðinni að beina umferðinni til og frá Suðurnesjum út úr bænum, en forráðamenn Hafnarfjarðar hafa kveinkað sér undan hinni miklu umferð, sem streymir í gegnum bæinn. Vegarlagningu þessari miðar vel áfram, og er mér sagt af fróðum mönnum, að vinnubrögð og tækni þar gæti orðið fyrirmynd fyrir lagningu nýrra íslenzkra vega í framtíðinni.

Í þriðja lagi var samið um, að núverandi aðalverktaki hætti starfsemi sinni hér á landi. Samningar, sem gerðir höfðu verið við þennan aðalverktaka um tiltekin verk, sem voru ekki hafin, hafa verið afturkallaðir. Öruggt er talið, að aðalverktaki hafi lokið útivinnu í kringum áramótin og hverfi síðan af landi brott, er hann hefur gengið frá vélum sínum, varahlutabirgðum og öðrum málum. Allar sögur um það, að samið hafi verið við hinn ameríska aðalverktaka um að starfa hér áfram næsta ár, eru ósannar.

Því hefur verið haldið fram, að krafan um, að ameríski aðalverktakinn hætti, væri fram komin einungis af efnahagslegum ástæðum og til að auka gróða Íslendinga. Ég vil taka það fram, og legg áherzlu á það, að fyrir mér og öðrum þeim, er að samningnum stóðu, vakti það fyrst og fremst, að með brottför erlends verktaka væri leystur erfiður þáttur sambúðarvandamálsins.

Í fyrsta lagi losnum við við verkstjórn útlendinga yfir íslenzkum verkamönnum, sem því miður hefur ekki ætíð gefizt vel.

Í öðru lagi hverfa erlendir verkamenn úr landi með verktakanum, og fækkar þá hinum erlendu mönnum að mun í landinu.

Nú eru rúmlega 1000 erlendir verkamenn og starfsmenn á vegum varnarliðsins hér á landi, og er það um 300 færra en í fyrra. Er hér með hrakin sú fullyrðing, sem út hefur verið breidd, að erlendum starfsmönnum á vegum varnarliðsins hafi stórfjölgað í seinni tíð.

Í fjórða lagi var samið um, að nýjum verkum fyrir varnarliðið skyldi úthlutað til íslenzkra verktaka, sem viðurkenndir væru af íslenzku ríkisstj. og þeir væru færir um að framkvæma. Samkomulag hefur orðið um þau verk, sem byrja á eða úthluta á á þessu ári, og samningar um verkefni næsta árs munu hefjast í nóvember—desember. Ríkisstj. fylgist með verksamningum. Ef milli ber með gerð verksamninga, hefur ríkisstj. milligöngu um að leysa úr þeim ágreiningi. Um framkvæmdir þessa atriðis er það að segja, að stofnað hefur verið íslenzkt aðalverktakafirma. Verður hlutverk þess að leysa hinn erlenda verktaka af hólmi, bjóða í verk og úthluta þeim til íslenzkra verktaka eða, ef til kemur, framkvæma þau sjálft.

Hinn nýi aðalverktaki stendur nú í samningum um fyrstu verkin. Er það von mín, að allt fari vel af stað og íslenzkir verkfræðingar sýni, að þeir séu færir um að taka að sér hin vandasömustu störf.

Til þess að gera íslenzkum verktökum kleift að taka að sér hlutverk hins erlenda verktaka, verður þeim gefinn kostur á að fá til umráða vinnuvélar og önnur tæki og efni til framkvæmda, sem Bandaríkin eiga hér á landi, með þeim skilmálum, er um semur, sömuleiðis húsahverfi það, er hinn ameríski aðalverktaki nú notar, jafnóðum og verkefni hans minnka, þ. á m. íbúðir og húsnæði mötuneytis, verkstæði, vörugeymslur og húsnæði og tæki til sameiginlegra afnota fyrir verkamenn í tómstundum þeirra, enda komi þetta ekki í bága við skipulag til aðgreiningar á samningssvæðum.

Ríkisstj. hefur milligöngu um hvers konar ráðningar íslenzks fólks til starfa á samningssvæðunum.

Í fimmta lagi var samið um, að Bandaríkjamenn skyldu girða af dvalarsvæði varnarliðsins á sinn kostnað. Skyldi þar með lokið því sambýli, er átt hefur sér stað á varnarsvæðunum. Girðing á varnarsvæði í Keflavík verður nálega 40 km löng, og er nú þegar búið að leggja um þriðjung hennar. Verkinu er haldið áfram, og veitt hefur verið fé til þess að ljúka því. Hér með vil ég hrekja þann fréttaburð nokkurra blaða, að engin girðing hafi verið gerð eða verði gerð.

Það er einnig ástæðulaust að orða þetta svo, að verið sé að setja varnarliðið í fangabúðir. Alls staðar þar, sem herbúðir eru, er fylgzt með því, hverjir fara inn eða út úr herbúðum, og eins á að gera hér, þótt það hafi verið vanrækt til þessa.

Í sjötta lagi var samið um, hversu margir varnarliðsmenn eða erlendir starfsmenn við varnarframkvæmdir fái orlof hvern dag og fyrir hvaða tíma þeir skuli vera komnir í stöðvar sínar. Með þessu nýja samkomulagi er stórlega dregið úr samskiptum varnarliðsins og landsmanna.

Það bar á því á tímabili, að hermenn bjuggust borgaralegum klæðum, er þeir fóru í leyfi af flugvellinum. Fyrir þetta hefur verið tekið, enda mjög lág tala hermanna, er leyfi fá daglega.

Þegar amerískir verkamenn hafa flutzt úr landi, ætti ekki nein teljandi umferð erlendra manna af flugvellinum að eiga sér stað í Reykjavík eða annars staðar.

Ríkisstj. hefur áskilið sér og á það hefur verið fallizt, að reglur þessar verði endurskoðaðar, jafnskjótt og ástæða kann að þykja til að svo verði gert.

Þá hafa, eins og kunnugt er, verið sett með reglugerð ný ákvæði um ferðir Íslendinga inn á varnarsvæðin, og er tekin upp með henni ný stefna í því máli í samræmi við þá ákvörðun að draga með öllu móti úr samskiptum Íslendinga og varnarliðsins. Eru ferðir Íslendinga inn á varnarsvæðin stórlega takmarkaðar með reglugerðinni.

Þá hefur verið tekið upp vegabréfakerfi til þess að auðvelda framkvæmd þessara ákvæða.

Það skal tekið fram, að reglur þær, sem settar hafa verið um ferðir Íslendinga inn á völlinn, miðast eingöngu við það að hindra óþarfa umferð um hann. Hins vegar munu þær ekki baka þeim, er starfa sinna vegna þurfa inn á völlinn að fara, nein teljandi óþægindi.

Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir samningsatriðum og framkvæmd þeirra, svo sem unnt er á þessu stigi málsins. Ég vil taka fram, að ráðstafanir þær, sem ég hef nefnt, munu að sjálfsögðu greiða fyrir löggæzlu og tollgæzlu, sem hvort tveggja eru vandasöm mál í framkvæmd varnarsamningsins.

Þótt ég hafi hér aðallega talað um Keflavíkurflugvöll, nær samkomulagið einnig og ekki síður til bækistöðva varnarliðsins annars staðar á landinu. Mér er það ljóst, að ýmislegt, sem ekki hefur verið talið upp hér að framan, þarfnast leiðréttinga, enda leiða tíminn og framkvæmdirnar í ljós ný viðfangsefni, sem taka verður til meðferðar. En að sjálfsögðu mun allt kapp verða lagt á meðferð þeirra mála út frá sömu sjónarmiðum sem ráðið hafa, síðan mál þessi voru tekin til endurskoðunar, að gæta í hvívetna málstaðar Íslendinga, svo sem auðið verður.

Stefna stjórnarinnar er að standa við þá samninga, sem gerðir hafa verið um gagnkvæmt öryggi, en um leið gæta þess, að fullt tillit sé tekið til sérstöðu Íslands og þjóðlegra íslenzkra sjónarmiða.

Bandaríkjamenn hafa sýnt skilning á þessari aðstöðu okkar, og vænti ég þess, að svo verði einnig eftirleiðis.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil leyfa mér að flytja hæstv. utanrrh. þakkir fyrir þessa skýrslu, sem hann hér hefur flutt, svo langt sem hún nær.

Meðgöngutími hæstv. ráðh. er nú orðinn býsna langur, því að ég ætla, að það séu komnir nær því 13 mánuðir, síðan hann tók við starfi sínu sem utanrrh. Þegar hann tók við því starfi, gaf ríkisstj. út tilkynningu um fyrirætlanir sínar í sambandi við varnarmálin og framkvæmd samningsins við Bandaríkin.

Í desember 1953, að ég ætla, tilkynnti hæstv. ráðh. Alþ. í tilefni af þáltill., sem við Alþfl.-menn bárum fram í Sþ. um endurskoðun varnarsamningsins, að hann hefði snúið sér til Bandaríkjastjórnar og óskað eftir, að samningar yrðu teknir upp um breytingar á samningnum og framkvæmd hans. Svo leið og beið fram yfir áramótin, ég ætla þangað til í byrjun febrúar, að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum hér í Reykjavík, að þá var tilkynnt, að komnir væru hingað menn frá Bandaríkjunum til þess að hefja þessar viðræður. Þegar liðið var fram undir lok marzmánaðar, þurfti hæstv. utanrrh. að fara til útlanda í nauðsynlegum erindum, en tilkynnti Alþ., áður en hann fór, að samningaviðræðum væri nú langt komið og hann teldi vonir standa til og teldi sig raunar mega treysta því, að í öllum meginatriðum mundi verða orðið við tilmælum íslenzkra stjórnarvalda um breytingar á samningnum. Hins vegar vildi hann ekki gefa neina skýrslu þá um efnisatriði málsins eða hvað það væri, sem íslenzka ríkisstj. hefði farið fram á. Hann tilkynnti þá og, að í síðasta lagi hinn 12. apríl n. k. mundi hann gefa Alþingi skýrslu um niðurstöður samninganna, og jafnframt, að Alþ. mundi ekki verða lokið fyrr en eftir þann tíma.

Hinn 13. apríl flutti svo hæstv. utanrrh. skýrslu sína fyrir Alþ., en efni hennar var það eitt, að hann hefði ekkert að segja, samningunum væri ekki lokið og hann gæti hvorki skýrt frá því, hvað farið hefði verið fram á, né heldur við hverju hefði verið orðið af þeim tilmælum, sem ríkisstj. flutti. Leið svo enn fram í maí, ég ætla seint í maí, 26. eða 27. maí, að þá birtist tilkynning í blaði hæstv. ráðh. um niðurstöður af þessum samningaviðræðum. Og loks nú, eftir að Alþ. hefur setið á rökstólum talsvert á fjórðu viku, sér svo hæstv. ráðh. ástæðu til þess að flytja þinginu skýrslu sína.

Um þessa skýrslu hæstv. ráðh. er svipað að segja og þær skýrslur, sem hann hefur gefið hér áður, að hún segir furðu lítið. Hún segir ekkert um það, hverju hæstv. ráðh. hefur farið fram á að yrði breytt í varnarsamningnum og framkvæmd hans. Hún segir nokkuð um það, sem eigi að gera, en þó harla ónákvæmt að minni hyggju.

*Hæstv. ráðh. sagði í upphafi ræðu sinnar nú,* að samningarnir við Bandaríkjamenn hefðu gengið hægt. Við fórum fram á margt, segir hann, sem erfitt var að fá Bandaríkjamenn til þess að fallast á, og þeir féllust ekki á sumt. Hins vegar lét hann alveg vera að skýra frá því, hvað þetta marga var, sem íslenzk stjórnarvöld fóru fram á og sumpart var erfitt að fá Bandaríkin til að fallast á og sumpart reyndist ekki kleift að fá Bandaríkin til að fallast á.

Í þáltill. þeirri, sem við Alþfl.-menn fluttum hér á síðasta þingi um endurskoðun varnarsamningsins, var drepið á allmörg atriði, sem við gerðum okkur vonir um að hæstv. ríkisstj. mundi taka upp og bera fram sem óskir og kröfur Íslendinga í sambandi við endurskoðun samninganna. Af þeim atriðum, sem þar eru talin upp, eru í raun og veru ekki nema tvö atriði, að nokkru leyti þrjú þó, sem hæstv. ráðh. drap á í skýrslu sinni nú, og veit ég ekki, hvort hann hefur hreyft öðrum í þeim viðræðum, sem hann átti við fulltrúa Bandaríkjanna, en það upplýsist væntanlega seinna.

Hæstv. ráðh. hóf mál sitt með því að segja, að mikil óánægja hefði verið meðal Íslendinga með framkvæmd samningsins og einstök atriði

hans og það hefði einmitt verið ástæðan til þess, að svo röggsamlega hefði nú verið snúizt við málinu og gengið eftir því að fá breytingar á samningnum.

Fram til þessa hefur lítil breyting orðið á framkvæmd samningsins, sem landsmenn hafa orðið varir við, en hæstv. ráðh. segir, að þetta sé í vændum, og er vel, ef það sýnir sig, að svo verður sem hann segir.

Þau atriði, sem hæstv. ráðh. telur að samið hafi verið um, eru:

Í fyrsta lagi, að framkvæmdum skuli hagað þannig, að fullt tillit sé tekið til íslenzkra atvinnuvega við ráðningu starfsmanna í þjónustu herliðsins og til annarra framkvæmda á flugvellinum.

Hér er um mjög óákveðið orðalag að ræða, því að það má náttúrlega deila um það óendanlega, að hve miklu leyti þetta sé gert, þegar til framkvæmdanna kemur. Hæstv. ráðh. segir, að nú þegar hafi íslenzkum starfsmönnum á vellinum fækkað um 600 frá því, þegar þeir voru flestir. Ég vil ekki vefengja þessar tölur, en hitt er víst, að allmiklu raski hefur þessi mikla setuliðsvinna valdið fyrir íslenzka atvinnuvegi og íslenzkt fjárhagslíf á undanförnum tímum. Ég mundi mjög óska, að hægt væri að skýra nánar frá þessu atriði en gert hefur verið. Mér skilst í sambandi við það, sem síðar er upplýst, að það, hversu mikinn mannafla þarf til framkvæmdanna þarna á Keflavíkurflugvelli og annars staðar á landinu, hljóti að sjálfsögðu að fara eftir því, hve mikið er gert ráð fyrir að verði unnið að framkvæmdum hér á næstunni. Um það upplýsti hæstv. ráðh. ekki neitt.

Hann segir enn fremur, að samið hafi verið um, að Íslendingum verði gefinn kostur á ýmiss konar tækniþjálfun. En það, sem hann nefndi í því efni, var fyrst og fremst það að fara með stórar vinnuvélar, stjórna þeim og beita þeim til verka; enn fremur að milli 50 og 60 ungir Íslendingar mundu fara til Vesturheims til þess að kynna sér ýmis störf í þessu sambandi. Nánar fór hæstv. ráðh. ekki inn á þetta, hvaða störf það væru, sem hægt væri að taka nú úr höndum útlendra manna og leggja í hendur íslenzkra nú þegar eða þegar þeirri tækniþjálfun væri lokið, sem hann gat um.

Loks er svo það, sem mun vera talið eitt stærsta atriðið í þessu efni, og það er, að sá erlendi aðalverktaki, sem mestar framkvæmdir hefur haft á Keflavíkurflugvelli, muni hætta algerlega nú um áramótin næstu og hverfa af landi brott. Síðan á, eftir því sem hæstv. ráðherra segir, að úthluta nýjum verkum til Íslendinga, þ. e. a. s. þeim nýjum verkum, sem Íslendingar reynast færir um að inna af hendi. Ef ágreiningur rís um það, hvort Íslendingar séu færir um að inna þessi verk af hendi, þá á ríkisstj. að leysa úr ágreiningnum, segir hæstv. ráðherra. En ef það nú kemur í ljós, að Íslendingar reynast ekki færir um að taka að sér þessi verk, hvað er þá? Eiga þá verkin að vera ónunnin, eða eiga þá erlendir verktakar að taka þau, og hver dæmir um í þessu efni? Er það íslenzka ríkisstj., sem þá á að reyna að leysa úr ágreiningi, eins og hæstv. ráðh. orðaði það?

Þá taldi hæstv. ráðh., að með því að girða Keflavíkurflugvöllinn eða varnarsvæðið, eins og hann kallaði það, hefði mjög mikið áunnizt. Ég álít, að það hefði fyrir löngu átt að vera búið að girða þetta varnarsvæði. En eftir því sem mér er tjáð, er sú girðing, sem nú er verið að vinna að, að miklu leyti endurnýjun á girðingu, sem þarna var komin áður, kannske gerð eitthvað rammbyggilegri nú en hún var fyrr, og er það sízt að lasta.

Þá segir hæstv. ráðh. enn fremur, að reglur hafi nú verið settar um ferðir varnarliðsmanna út af þeim svæðum, sem þeim eru ætluð, en um nánara innihald þessara reglna segir hann hins vegar ekki neitt. Hann segir að vísu, að þær séu strangar, strangari en í flestum öðrum löndum, þar sem amerískar varnarsveitir dveljast, en um efni þeirra og innihald að öðru leyti hefur hæstv. ráðh. ekki viljað segja neitt. Hins vegar hafa verið birtar reglur um ferðir Íslendinga inn á varnarsvæðið, hið girta svæði, og þarf til þess vegabréfaskoðun og annað eftirlit, og skal ég út af fyrir sig ekki hafa neitt út á það að setja. En æskilegt væri, úr því að þær reglur eru birtar og hverjum manni gerðar kunnar, að einnig væru birtar reglurnar um ferðaleyfi varnarsveitanna út af varnarsvæðinu.

Þetta er í stuttu máli það, sem hæstv. ráðh. telur að fengizt hafi með þeim samningum, sem unnið hefur verið að óslitið að telja má frá því í desember s. l. Hitt hefur hæstv. ráðh. látið ógert að nefna, hvað umfram þetta hafi verið farið fram á af Íslendinga hálfu í þessum samningsviðræðum og hver andsvör það hafi hlotið af hálfu Bandaríkjamanna. Og það er í mínum augum mjög mikilsvert atriði. Ég vildi því freista að fá nokkur svör við þessu með því að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ráðh., og vík ég þá að þessum sömu atriðum sem ég hér hef drepið á að nokkru leyti og vona, að það verði ekki talið óviðeigandi, þó að ég víki þar aftur að einstöku atriðum.

Fyrst vildi ég í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um, að meiningin væri að tryggja, að íslenzkir verktakar tækju í sínar hendur allar framkvæmdir á vellinum, mega spyrja: Eru nokkur ákvæði í hinu nýja samkomulagi, sem gera ráð fyrir því, að stjórn Bandaríkjanna geti falið erlendum aðilum framkvæmd verka, sem íslenzkir verktakar hafa gert boð í eða ekki verið gefinn kostur á að bjóða í? Ég teldi mjög mikilsvert, að hæstv. ráðh. gæti gefið ákveðin svör við þessari spurningu. Eru nokkur ákvæði í samningnum, sem gera ráð fyrir því, að stjórn Bandaríkjanna geti falið erlendum aðilum framkvæmd verka, sem íslenzkir verktakar hafa gert boð í, kannske reynzt ófærir til að framkvæma að dómi stjórnar varnarliðsins, eða hefur ekki verið gefinn kostur á að bjóða í?

Ef fyrri spurningunni yrði svarað játandi, — ég vil taka þetta fram um leið til þess að stytta tímann, — eftir hvaða reglum getur þá stjórn Bandaríkjanna falið erlendum aðilum slíkar framkvæmdir? Geti hins vegar hæstv. ráðh. svarað þessari spurningu algerlega neitandi, þá fellur að sjálfsögðu þessi spurning niður. En ég get ekki neitað því, að mér fundust ummæli hans

um tryggínguna fyrir því, að íslenzkir verktakar mundu taka allar framkvæmdir í sínar hendur, vera dálítið tvíræð og sérstök áherzla lögð á, að það væri bundið við þau verk ein, sem „vér reyndumst færir um að framkvæma", eins og hæstv. ráðh. orðaði það.

En í sambandi við þetta og í sambandi við áhrif ferða á Keflavíkurflugvöll á íslenzkt atvinnulíf þykir mér nauðsynlegt að koma enn með eina spurningu, sem lýtur að þessu, og hún er sú: Hverjum framkvæmdum er ólokið á Keflavíkurflugvelli, og hvenær er gert ráð fyrir, að ráðgerðum framkvæmdum verði að mestu lokið, eftir áætlun stjórnar varnarsveitanna? Um þetta finnst mér alveg nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. gefi Alþingi skýrslu, því að því aðeins er hægt að gera sér nokkra hugmynd um það, að upplýsingar um þetta liggi fyrir, hversu miklum íslenzkum vinnukrafti þarf á að halda til þess að inna þessi verk af höndum, ef gert er ráð fyrir því, að verkin séu unnin af íslenzkum verktökum og íslenzkum verkamönnum, en ekki erlendum.

Í fjórða lagi, sem er einnig í sambandi við þriðju spurninguna: Hefur stjórn Bandaríkjanna fengið leyfi ríkisstj. til hafnargerðar í Njarðvík? Ég spyr sérstaklega um þetta atriði af því, að í Tímanum 27. maí, þegar birt er skýrsla hæstv. ráðh., er tekið svo til orða: „Verði leyfð hafnargerð í Njarðvík, hafa íslenzkir og bandarískir verktakar jafnan tilboðsrétt varðandi það verk." Því vildi ég beina þessari spurningu sérstaklega til hæstv. ráðh.: Er búið að leyfa hafnargerð í Njarðvík, og hafa þá, eins og segir í Tímanum 27. maí, íslenzkir og bandarískir verktakar jafnan tilboðsrétt í það verk? Og hvernig kemur það heim við það, sem hæstv. ráðh. fyrr hafði sagt um tryggingu fyrir því, að íslenzkir verktakar önnuðust framkvæmdir hér á landi? Í þessari sömu grein eða yfirlýsingu í Tímanum er tekið svo til orða viðvíkjandi því, hvernig fer, þegar boðið er í verkin: „Ef á milli ber við gerð verksamnings, hefur ríkisstj. milligöngu um að leysa úr þeim ágreiningi." Hér er enn vægar að orði kveðið en í skýrslu ráðh. áðan. Ef á milli ber um gerð verksamnings, þ. e. hvort Íslendingar eru taldir færir til að inna verkið af hendi og með þeim kjörum, sem hinir sætta sig við, þá hefur ríkisstj. milligöngu við að leysa úr þeim ágreiningi, segir í blaði hæstv. ráðh. 27. maí, í þeirri skýrslu, sem hann þá gaf. Mér virðist þetta gefa í skyn, að ekki sé gert ráð fyrir því í samningnum, að ekki geti erlendir verktakar tekið hér að sér verk, a. m. k. þau, sem Íslendingar teljast ekki að mati þeirra, sem þar um ráða, færir um að inna af hendi.

Í fimmta lagi vildi ég svo spyrja: Hver er ábyrgur fyrir þeim vinnulaunum, sem kynnu að verða óuppgerð og ógoldin, þegar aðalverktakinn ameríski, Metcalfe Hamilton & Co., hverfur af landi burt, og hvert eiga þeir verkamenn, sem kynnu þá að eiga óuppgert, að snúa sér til að fá þá greiðslu?

Þá vil ég víkja að því, sem hæstv. ráðh. sagði um þjálfun Íslendinga. Það eina, sem hann nefndi af sérþjálfun, sérmenntun, sérhæfni í því sambandi, var, að gert væri ráð fyrir því, að þeir skyldu læra að stjórna stórum vinnuvélum og beita þeim til verka og að nokkrir menn mundu fara til Ameríku til að læra þar ýmis störf, en hann lét vera að upplýsa, hvaða störf það væru. Í þessu sambandi vildi ég spyrja hæstv. ráðh.: Hver var afstaða stjórnar Bandaríkjanna til þess, að Íslendingar önnuðust rekstur radarstöðva og önnur slík störf? Ég veit ekki betur en að Íslendingar eigi nú þegar allstóran hóp manna, sem vinnur að alls konar loftskeytaþjónustu og öðru slíku og að því er ég bezt veit með sæmilegum árangri. Ég tel alveg fullvíst, að hæstv. ríkisstj. hafi leitað eftir því, að íslenzkir menn yrðu æfðir til þess að annast störf á varnarstöðvunum, læra þau til fullnustu, þannig að þeir gætu tekið þau störf að sér, sem á þessum stöðum er ætlað að inna af hendi. Hæstv. ráðh. drap ekki á það í sinni ræðu, að nokkrir Íslendingar væru þjálfaðir til þessara verka. Ég vona, að það hafi verið gleymska, hann hafi talið það svo sjálfsagt, að hann hafi ekki talið ástæðu til þess að nefna þá sérstaklega. En þetta gefur mér tilefni til þess að spyrjast fyrir um, hvort undir þessa þjálfun, sem hann hefur talað um, falli ekki einmitt þessi störf á radarstöðvunum víðs vegar um land. — Í framhaldi af því: Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert til þess að þjálfa Íslendinga til þess að taka að sér rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja, sem varnarliðið hefur gert hér? Fyrst eru radarstöðvarnar, sem ég hef nú sérstaklega drepið á, í öðru lagi fjarskiptastöðvarnar í Grindavík og á Miðnesi og loftskeytastöðin á Stapanum og aðrar slíkar stöðvar, sem hafa ekki beinlínis unnið að hernaðarlegum störfum eða í þjónustu hernaðarlegra athugana. Ég spyr um þetta sérstaklega með hinar þrjár síðasttöldu, vegna þess að mér virðist sem leikmanni, að það sé ekki víst, að þeim beri að skipa í sama flokk og radarstöðvunum úti um land. Ef það skyldi vera rétt, þá gefst hæstv. ráðh. tilefni til að skýra frá því.

Þá vík ég að reglunum um takmörkun á ferðum varnarsveitamanna út fyrir varnarsvæði. Hæstv. ráðh. gaf í skyn — fannst mér — í ræðu sinni, að þessar reglur hefðu verið settar sem algerlega íslenzkt mál og heyrandi undir íslenzka aðila einhliða af íslenzkum stjórnarvöldum. Í margnefndu Tímablaði frá 27. maí 1954 er nokkuð skýrt frá þessu á annan veg. Þar er sagt, að samtímis því sem aðrar breytingar eru gerðar, hafi verið gert samkomulag milli íslenzku ríkisstj. og yfirmanna varnarliðsins um, á hvern hátt ferðir varnarliðsmanna út af samningssvæðum og ferðir Íslendinga inn á svæðið skuli takmarkaðar framvegis, og gengur það samkomulag í gildi nú þegar. Mér virðist þá eftir þessu, að tekin séu öll tvímæli af um það, að þessar reglur hafi ekki verið settar af íslenzkum stjórnarvöldum einhliða, eins og mér skildist af ræðu hæstv. ráðh. nú, heldur hafi þetta verið samkomulag milli íslenzku ríkisstj. og yfirmanna varnarliðsins, eins og það er orðað í yfirlýsingunni frá 27. maí. Enn fremur segir: „Hafa íslenzk yfirvöld aðstöðu til þess að sjá um, að eftir þessum reglum sé farið." M. ö. o.: Þann 27. maí ganga þessar reglur í gildi, og ís-

lenzk yfirvöld hafa þá þegar frá þeim degi aðstöðu til þess að sjá um, að eftir þessum reglum sé farið, og þess er að vænta, að þau hafi gert það. Nú veit ég ekki, hvort hv. þm., sem hér sitja, og aðrir landsmenn hafi orðið varir við stórfellda breytingu frá 27. maí í þessum efnum. Ég hygg, að það sé mjög vafasamt, að menn almennt hafi orðið hennar varir. En einmitt í þessu sambandi og í sambandi við þessi ummæli Tímans frá 27. maí þykir mér rétt að spyrja hæstv. ráðh.: Hvenær var íslenzkum löggæzlumönnum gert kunnugt um efni þeirra reglna, sem frá er greint þann 27. maí að settar hefðu verið um ferðir varnarliðsmanna út af samningssvæðunum og ráðh. sagði að hefðu gengið í gildi þá þegar og íslenzk yfirvöld hefðu aðstæður til að sjá um að hlýtt væri? Hvenær var íslenzkum löggæzlumönnum gert kunnugt um efni þessara reglna, spyr ég um í fyrsta lagi, og hver íslenzk yfirvöld þekkja þessar reglur? Þekkir lögreglan á Keflavíkurflugvelli þessar reglur, hefur hún fengið þær og fyrirmæli um að fara eftir þeim, og þekkja lögreglumennirnir í Reykjavík, þar sem mest er sótt til af varnarliðsmönnum, þessar reglur, og hafa þeir fengið fyrirmæli um að fara eftir þeim?

Þetta, sem ég spyr hér um og ég vænti að hæstv. ráðh. gefi fullnægjandi upplýsingar um, snertir allt þau atriði, sem hæstv. ráðh. telur að um hafi verið samið og samkomulag náðst um. En til viðbótar því vildi ég mega spyrja hæstv. ráðh. enn á ný: Hvað var það, sem íslenzk stjórnarvöld fóru fram á og ekki fékkst samkomulag um við Bandaríkjastjórn? Í fyrsta lagi þá: Var farið fram á það af Íslendinga hálfu, að þegar Íslendingar væru orðnir færir um að taka í sínar hendur gæzlu og umsjón þeirra mannvirkja, sem hér eru, þá yrði uppsagnarfrestur samningsins styttur? Í öðru lagi: Var farið fram á það, að þjónustan á radarstöðvunum væri lögð í hendur íslenzkra manna?

Til viðbótar þessu vildi ég enn fremur spyrja hæstv. ráðh.: Var í sambandi við breytingar á samningunum rætt nokkuð um eða farið fram á af Íslendinga hálfu, að tekið væri fyrir tollfrjálsan innflutning á áfengi, tóbaki og annarri slíkri munaðarvöru til hersins og þeirra útlendinga, sem dveljast við störf á flugvellinum? Hefur ríkisstj. ekki leitað eftir því að fá þetta afnumið og að sama regla gildi um innflutning á þessum vörum til varnarliðsins og um innflutning á slíkum vörum til landsmanna sjálfra? Ég nefni þessar vörur sérstaklega af því, að engum manni getur dottið í hug, að þessar vörur séu nauðsynlegar til þeirra framkvæmda, sem ráðgert er að vinna á Keflavíkurflugvelli og íslenzku stjórnarvöldin hafa fallizt á. Hins vegar stafar af því mikil hætta, þegar þessar vörur flytjast tollfrjálsar inn í landið, og getur gefið undirstöðu að miklu gróðabraski í sambandi við tollsmygl og annað slíkt, eins og reyndar hæstv. ráðh. drap nokkuð á í sinni ræðu, þar sem hann gerði ráð fyrir því, að girðingin mundi bæta mjög úr misfellum í því efni.

Í öðru lagi — og það er sérstaklega af tilefni blaðaskrifa nú upp á síðkastið — vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh.: Er það rétt, að Hamiltonfélagið krefjist þess af íslenzkum starfsmönnum, að þeir gangi úr ákveðnum stéttarfélögum, og sé svo, hvaða ráðstafanir hefur hæstv. utanrrh. gert í þessu efni, eða hvaða ráðstafanir hyggst hann að gera? Enginn vafi er á því, að í íslenzkum lögum er réttur verkamanna alveg tvímælalaus til þess að ganga í verkalýðsfélög, og ef það er rétt, að Hamiltonfélagið hafi krafizt annars af verkamönnum sínum eða bannað þeim að neyta þessa réttar, þá eru þar beinlínis brotin íslenzk lög.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja að því: Hefur verið samið við varnarliðið um framlag þess til vegaviðhalds, og hvaða framlag hefur þá verið samið um og með hverjum hætti verður það greitt?

Ég vona, að hæstv. ráðh. taki þessum spurningum mínum vel og veiti þær upplýsingar, sem um er beðið. Ég tel víst, að hann hafi þær allar á reiðum höndum, því að þetta er allt mál, sem hefur margsinnis verið rætt um hér.

En að lokum vildi ég svo bera fram þau tilmæli til hæstv. ráðh., að hann birti þær reglur, sem settar hafa verið um ferðir varnarliðsmanna út fyrir varnarsvæðin, — að hann birti þessar reglur öllum almenningi, þannig að vitað sé, hverjar þær eru, ekki aðeins af einhverjum fáum löggæzlumönnum, heldur öllum almenningi í landinu. Í öðru lagi vildi ég óska þess, að samningarnir um verklegar framkvæmdir, sem eiga að tryggja það, að Íslendingar, en ekki útlendir verktakar, annist þessi verk, verði einnig birtir, því að um þetta hljóta að vera sérstakir samningar. Í þriðja lagi, að samningar eða reglur eða samkomulag það, sem um er að ræða, um þjálfun Íslendinga til starfa í sambandi við gæzlu mannvirkja og framkvæmdir og annað slíkt verði birt að efni til, þannig að vitað sé með fullri vissu, hvaða störf það eru, sem ætlazt er til að Íslendingar taki, og hvaða störf það eru, sem er ekki talið fært að leggja í hendur Íslendinga, heldur verða að vera í erlendum höndum, að sjálfsögðu annað en það, sem beint lýtur að hernaðarstörfum. Einnig vildi ég óska þess, að aðrir þeir sérsamningar, sem kynnu að hafa verið gerðir í sambandi við þessa endurskoðun samninganna, yrðu einnig birtir.

Mér er óskiljanlegt, hvers vegna þarf að vera leynd yfir þessum efnum. Mér er óskiljanlegt, hvers vegna ekki má birta reglurnar um ferðir varnarliðsmanna út af varnarsvæðunum. Hvað getur verið því til fyrirstöðu, ef til er samningur um það, að Íslendingar skuli annast framkvæmdir þarna á vellinum, að sá samningur sé birtur og gerður almenningi kunnur? Og hvað getur verið því til fyrirstöðu, að almenningur fái að vita það nú þegar, hvaða störf í sambandi við flugvöllinn og stöðvarnar þarna er að ætlun hæstv. ríkisstjórnar hægt að leggja í hendur Íslendinga — að sjálfsögðu ekki hernaðarstörf — og hvaða störf það eru, sem Íslendingar geta ekki unnið og þarf endilega að fá útlenda menn til að vinna?

Ég efast ekki um, að hæstv. utanrrh. sé ljúft að verða við tilmælum mínum um birtingu þessara skjala.

Í Tímanum þann 27. marz 1953 er ályktun 10. flokksþings framsóknarmanna um öryggismálin.

Í 4. lið þessarar ályktunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið leggur áherzlu á eftirfarandi atriði (og hér kemur 4. atriði):

Að varnarmálin verði rædd meira opinberlega en verið hefur og þjóðinni veittar upplýsingar um þau, eftir því sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir kviksögur og óheiðarlegan áróður.“

Þetta er krafa flokksþings framsóknarmanna í marz 1953, að þjóðinni verði veittar upplýsingar um varnarmálin, eftir því sem unnt er, og jafnframt bent á, hversu óheppilegt það sé, að slíkar upplýsingar séu ekki veittar, því að það gefur tilefni til, að upp komi alls konar kviksögur og óheiðarlegur áróður.

Um leið og ég ítreka tilmæli mín til hæstv. ráðh. um að birta þessar reglur, sem ég hef hér drepið á, og skírskota til þessarar ályktunar flokksþingsins, leyfi ég mér mjög að vænta þess, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild sjái um, að þessar nýju reglur og breytingar verði birtar alþjóð, ekki aðeins í lauslegri frásögn, eins og hér hefur verið gert, heldur eins og þær eru upp settar og samið er um þær í því samkomulagi, sem gert hefur verið.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. hefur lagt fyrir mig fjölda spurninga. Ég vil reyna að svara þeim strax, áður en ég gleymi þeim. En ég verð að taka fram, að ég hef ekki heyrt nógu vel sumt af því, sem hann hefur spurt um, svo að það getur vel verið, að ég svari sumu út í hött, og bið hann afsökunar á því.

Það, sem hv. þm. lagði aðaláherzlu á, er að fá upplýsingar um, hvernig vissar reglur séu, þ. e. reglur um leyfi bandarískra manna til þess að fara út af flugvellinum. Þetta hefur verið eitt aðalmál í blöðum stjórnarandstöðunnar í allt sumar. Hv. 4. þm. Reykv. veit, að ég hef lýst því yfir, að þær væru hernaðarleyndarmál. Þess hefur verið óskað, að þær verði ekki gefnar upp, og þess vegna hef ég ekki gert það og álít mér því ekki heimilt að gera það. En ég get upplýst ýmis atriði úr þeim, sem ekki eru neitt launungarmál.

Það hefur verið samið um það við yfirmann hersins, á hvaða tíma hermenn eiga að vera farnir frá Reykjavík og öðrum bæjum og hversu margir megi fara út af vellinum á hverjum degi. Ég get upplýst, að sú tala er mjög lág, t. d. hefur tala þeirra, er leyfi hafa fengið vikuna 18.—24. okt., komizt hæst upp í 52 á laugardagskvöldi og niður í 7. Hermenn og aðrir, er leyfi fá, mega ekki vera lengur í Reykjavík eða öðrum bæjum en til kl. 10, nema eitt kvöld í viku mega þeir vera til 12.

Nú verður því sjálfsagt haldið fram, að hér sjáist bílar bandarískra hermanna eða annarra Bandaríkjamanna á götum að nóttu til. Því er til að svara, að nokkrir Bandaríkjamenn, sem eru kvæntir íslenzkum konum, búa utan vallarins. Það eru allmargir, sem þannig stendur á með og búa bæði í Reykjavík og þó einkum í Keflavík og Njarðvíkum, og enn fremur nokkrir, sem hafa fengið konur sínar frá Bandaríkjunum hingað heim og búa hér í íbúðum.

Ég vil taka það fram, að sömu reglur eru látnar gilda um þá menn, sem búa utan vallarins. Þeim er ekki leyft að vera úti hér í Reykjavík eftir kl. 10 á kvöldin, nema á miðvikudagskvöldum.

Það var spurt um það, hvort við hefðum nokkra möguleika til þess að fylgjast með, að reglunum sé framfylgt. Ég get upplýst, að amerískir lögreglumenn eru hér í bænum til eftirlits, og þeir hafa samvinnu við íslenzka lögreglu, eftir því sem ég bezt veit. Mér er kunnugt um, að amerískir menn hafa verið sóttir inn í kvikmyndahús hér, ef þeir hafa verið lengur úti en leyft er.

Ég veit ósköp vel, af hverju menn eru svo áfjáðir í að spyrja um þessar reglur. Það er af því, að þeir vita, að því hefur verið lofað að gefa ekki upp, hvernig þær eru orðaðar. Af hvaða ástæðu það er, er óþarfi að vera að skýra frá. Það gildir sama um þessar reglur og önnur skjöl og gögn, sem er haldið sem leyndarmáli, að þau eru ekki birt. Þetta hefur alltaf verið þannig og engin breyting orðið á síðan ég tók við utanríkismálunum.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á það, hvernig við gætum ráðið við það, hve mikill íslenzkur mannafli starfaði fyrir varnarliðið. Því er til að svara, að við höfum það í hendi okkar, hvaða framkvæmdir við leyfum. Allar framkvæmdir, sem eru gerðar á vellinum og annars staðar, eru háðar leyfi íslenzkra stjórnarvalda, og því getum við algerlega ráðið, hvaða hraði er á framkvæmdunum, og þar með, hversu margir Íslendingar vinna við þær. Í því sambandi spurði hv. þm., hvort Bandaríkjastjórn hefði fengið leyfi til þess að gera höfn í Njarðvík. Því er til að svara, að leyfi hefur ekki verið gefið enn þá. Er það vegna þess, að eigi hefur orðið samkomulag um, hvernig og hvar höfnin eigi að vera. Í samningunum hafði Njarðvíkurhöfnin sérstöðu. Það var tekið fram, að ef hún yrði leyfð, þá skyldu Ameríkumenn og Íslendingar hafa jafnan rétt til þess að bjóða í verkið, en aðrar þjóðir vera útilokaðar.

Eitt af því, sem hv. þm. spurði um, var, hver ætti að dæma um hæfni Íslendinga til að taka að sér verk. Þetta atriði var eitt af þeim erfiðustu og vandasömustu í samningunum. Það var tekið fram, að ef um það væri deilt, hvort Íslendingar væru hæfir til að taka að sér ákveðið verk eða ekki, þá skyldi íslenzka ríkisstj. blanda sér í málið og reyna að leita samkomulags. Þar með er ekki sagt, að endilega þurfi erlendur verktaki að fá verkið, þó að Bandaríkjamenn í bili segi, að Íslendingar séu ekki hæfir til þess að taka það að sér. Þeir geta bætt hæfni sína með því t. d. að fá sér erlenda sérfræðinga til aðstoðar. Ef við á hinn bóginn álítum, að Bandaríkjamenn beiti ósanngirni, þá getum við stöðvað framkvæmdina. Þar með er ekki sagt, að algerlega sé útilokað, að Bandaríkjamenn geti notað erlenda verktaka, t. d. ef þeir gera lægra tilboð í höfnina í Njarðvík en við.

Hv. þm. spurði um það, hvaða framkvæmdum væri ólokið nú á vellinum. Þær framkvæmdir, sem hafa verið hafðar með höndum undanfarið á vellinum, eru aðallega lenging flugbrauta og að-

gerðir á brautum og enn fremur bygging húsa. Aðalverkið, sem íslenzku verktakarnir hafa haft með höndum, er húsabyggingar. Ég get ekki svarað því, hversu lengi gert er ráð fyrir að unnið verði á vellinum, um það hefur ekki verið neitt samið enn þá, en öll vinna í framtíðinni er háð samþykki íslenzku ríkisstj. Ég hygg, að aðgerð á brautunum ætti að verða að mestu lokið á næsta ári, ef haldið verður áfram að vinna við þær. Viðgerð flugbrauta verður aðalverkið, sem gert er ráð fyrir að vinna á næsta ári, og einmitt það verk, sem ef til vill er mest hætta á að Íslendingar séu ekki færir um að taka að sér, sem sé malbikun, og í sambandi við hana er einmitt tækniþjálfunin, sem fram fer í Bandaríkjunum.

Hv. þm. spurði um, hvaða störf það væru, sem Íslendingar ættu að læra með tækniþjálfuninni. Ég hélt ég hefði tekið það fram, að það væri aðallega meðferð stórra véla, aðgerðir og viðhald á slíkum vélum og ýmislegt í sambandi við ný tæki, sem ég er ekki nógu fróður um. En af því að um það var spurt, þá er ekki þar innifalin meðferð radarstöðva. Mér er sagt, að það sé mjög vandasamt verk að starfa við radarstöðvarnar og þurfi langt tæknínám til þess. Auk þess býst ég við, að störf við radarstöðvar séu tekin sem hernaðarstörf. Við sömdum ekki um radarstöðvarnar, af því að þar virtust ýmsir örðugleikar vera á ferðinni, en þau mál koma vitanlega til samninga síðar meir, þegar stöðvarnar úti um landið verða teknar í notkun.

Ég vil þá um leið svara þeirri spurningu, hvaða ráðstafanir Íslendingar hefðu gert til þess að geta yfirtekið amerísku stöðvarnar á flugvellinum. Um það hefur ekki verið samið, þar eð það mál hefur ekki legið fyrir og við ekki farið fram á það enn þá.

Hv. þm. spurði svo um, hvort það væri rétt, að Hamilton krefjist þess, að íslenzkir starfsmenn gangi úr íslenzkum stéttarfélögum. Ég hef heyrt um þetta talað og sá eitthvað um það í blöðum. Ég hef falið varnarmálanefndinni að athuga þessi mál, en mér er ekki kunnugt um, að nokkrum manni hafi verið sagt upp vegna þessa. Ég veit ekki enn með vissu, hvort það sé rétt, sem um þetta hefur verið sagt í blöðunum, en það verður áreiðanlega athugað.

Hv. þm. kom hér inn á atriði, sem hefur verið deilumál í flokksblöðum hans, hvort hafi verið nokkur girðing gerð um Keflavíkurflugvöll. Ég veit ekkert betra svar við þessari spurningu en að bjóða hv. þm. suður eftir að skoða girðinguna — og helzt ritstjóra Alþýðumannsins á Akureyri með. (EOl: Þurfa þeir ekki passa þá?) Ætli þeim mundi ekki duga að vera undir vernd utanríkisráðherrans? (Gripið fram í.) Já, svo getum við líka séð girðinguna frá hinni hliðinni, að utan, hversu árennilegt er að komast inn. Ég vil ekki tala um þetta mál. Mér finnst það svo mikil fjarstæða að vera að deila um staðreyndir, sem hver einasti maður, sem hefur verið þarna suður frá, veit, og meira að segja veit ég um þingmenn hér inni, sem hafa skoðað girðinguna. En ef blöð hv. þm. hafa ánægju af því að halda þessu þófi áfram, þá er mér sama.

Ég veit ekki, hvort niður hafa fallið einhver atriði, sem hv. þm. hefur spurt um. Ég held, að ég hafi svarað þeim flestum, að því leyti sem ég get svarað. Það væri þá aðallega, að ég hef ef til vill ekki farið nógu greinilega inn á það, sem hann spurði um framkvæmdirnar. En því er til að svara, að það verður samið um það árlega fyrir fram, hvaða framkvæmdir á að gera, og það er íslenzka ríkisstjórnin, sem hefur þar um síðasta orðið, þannig að við höfum ekki sleppt neinu úr höndum okkar.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir í skýrslu þeirri, sem hann flutti hv. Alþingi hér áðan, hófust ofanverðan síðasta vetur samningaumleitanir milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um breytingar á framkvæmdareglum herverndarsamningsins svokallaða frá 1951. Þessir samningar gengu, eins og hv. 4. þm. Reykv. lýsti allrækilega í ræðu sinni hér áðan, í miklu þófi og urðu næsta síðbúnir. Hæstv. utanrrh. hafði gert ráð fyrir því að geta skýrt Alþ. frá niðurstöðum þessara viðræðna, áður en þingi lyki s. l. vor, en úr því gat ekki orðið vegna þess, hve treglega gekk samningagerðin. Það var loks í endaðan maímánuð í vor, eftir um það bil fjögurra mánaða strit við samningaborðið, að birt var niðurstaða viðræðnanna eða eitthvað um þær niðurstöður, sem áttu að hafa fengizt af þessum viðræðum. Í útvarpsræðu, sem hæstv. utanrrh. hélt þá, þar sem hann skýrði alþjóð frá þessu samkomulagi, lét hann í ljós mikla ánægju yfir þeim árangri, sem náðst hafði. Þetta sama gerði hann einnig nú í skýrslu þeirri, sem hann flutti hér áðan, og komst þó nokkru vægar að orði í síðara skiptið heldur en í hið fyrra, hvort sem það er nú vegna þess, að reynslan hefur kennt honum eitthvað svolítið þessa mánuði, sem liðnir eru.

En það mun sannast sagna, að það er ekki yfir ákaflega miklu að státa fyrir hæstv. ráðherra í þessu sambandi. Ég held, að það sé flestra manna mál, annarra en hæstv. ráðherra sjálfs og nokkurra flokksbræðra hans, að miklu fátæklegri hefði árangurinn af fjögurra mánaða samningsþófi tæplega getað verið. Það var fátt í samkomulagi þessu, sem íslenzk stjórnarvöld virtust ekki hafa fullkomlega í hendi sinni að gera breytingar á samkv. ótvíræðum ákvæðum í sjálfum herstöðvasamningnum, nema þá — og á það vil ég leggja áherzlu — að einhverjir leynisamningar hafi verið gerðir í sambandi við herstöðvasamninginn, samningar, sem aldrei hafa verið birtir. Sá tími, sem liðinn er síðan þetta samkomulag birtist í endaðan maímánuð í vor, held ég að hafi sannað það ótvírætt, að breytingarnar, sem orðið hafa til bóta, eru helzt til litlar.

Í skýrslu þeirri, sem hæstv. utanrrh. gaf Alþ. áðan, var ekki ákaflega margt nýtt. Hann rifjaði upp aðalatriðið úr skýrslunni frá því í vor og fór síðan nokkrum orðum um framkvæmdina. Hann reyndi, svo sem vonlegt var, að bera í bætifláka fyrir þau atriði í framkvæmd varnarmálanna svonefndu, sem hafa sætt mestri gagnrýni undanfarna mánuði. En þetta var allt með heldur óákveðnum orðum hjá hæstv. ráðh., kryddað fáeinum fullyrðingum um það, að ein-

hver vond blöð hefðu rangtúlkað mjög margt í sambandi við hina ágætu framkvæmd á þessu samkomulagi.

Hæstv. ráðh. minntist á Hamilton-félagið og hina umsömdu brottför þess og lét fyllilega í það skína, — ég held, að hann hafi sagt það alveg berum orðum, — að störfum þess hér á landi muni lokið um næstu áramót og þá væri ekki annað eftir fyrir þetta félag en að pakka saman, eins og það er kallað, og hverfa af landi brott. Mér virðist nú að vísu, að eitt og annað bendi til þess, að þetta félag kunni að verða nokkuð lengi að því að taka saman skóflur sínar og önnur áhöld og hverfa úr landi. En tíminn mun að sjálfsögðu leiða það í ljós, eins og hann verður vafalaust hinn réttláti dómari um þessar sem aðrar fullyrðingar hæstv. ráðherra.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. um samkomulagið við Bandaríkjastjórn frá því í maímánuði í vor er kafli, sem hv. 4. þm. Reykv. vitnaði að vísu lítils háttar til, en sá kafli er það mikilvægur í sambandi við það, sem hér um ræðir, að mig langar til að lesa hann hér í heild, með leyfi hæstv. forseta. Í þessu samkomulagi eða réttara sagt í skýringum hæstv. ráðherra við samkomulagið segir svo:

„Samtímis hefur verið gert samkomulag milli íslenzku ríkisstj. og yfirmanns varnarliðsins um, á hvern hátt ferðir varnarliðsmanna út af samningssvæðum og ferðir Íslendinga inn á samningssvæði skuli takmarkaðar eftirleiðis, og gengur það samkomulag í gildi nú þegar (þ. e. a. s. í maímánuði 1954). Er þess að vænta, að hinar nýju reglur leysi á viðunandi hátt þau vandamál, sem uppi hafa verið í samskiptum Íslendinga og varnarliðsmanna á samningssvæðunum og utan þeirra. Hafa íslenzk yfirvöld aðstöðu til að sjá svo um, að eftir þessum reglum sé farið."

Þannig hljóða þessi orð. Það vakti ekki alllitla athygli, þegar hæstv. utanrrh. fordæddist vendilega að minnast á það einu orði, hvernig samkomulag þetta væri, en það gerði hann í skýrslu sinni í vor. Síðan hefur, eins og upplýstist hér í umr. áðan, þrásinnis verið um það spurt, hvernig hinar nýju reglur hljóðuðu, en það hefur jafnan staðið á svörunum. Einhverju sinni gat Tíminn, blað hæstv. utanrrh., um það eða gaf þá næsta frumlegu skýringu á þögninni um reglurnar, að þær mundu mælast illa fyrir hjá varnarliðsmönnum, ef þær væru birtar. Mátti helzt af því orðalagi ráða, að reglurnar væru hulinn leyndardómur ekki aðeins Íslendingum, heldur einnig varnarliðsmönnum, og er það mikil ráðgáta, hvernig til þess er ætlazt, að aðilar hlíti reglum, sem þeir vita ekki hverjar eru.

Fyrir fullum þrem vikum, ef ég man rétt, lagði ég fram hér í hv. Alþingi fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um það, hvernig reglur þessar hljóða. Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað þeirri fyrirspurn. Hann vék að reglum þessum í skýrslu sinni nú og aftur í svari sínu til hv. 4. þm. Reykv., og ég var satt að segja töluvert hissa á þeim svörum, sem ráðherrann gaf, og ætla að koma lítillega að þeim svörum síðar. En skömmu eftir að þessi fyrirspurn mín var lögð fram hér á hv. Alþingi, birti hæstv. ráðherra reglur varðandi umferðarmál í sambandi við herstöðvarnar, ekki að því er snerti ferðir herliðsins um landið eða út fyrir herstöðvarnar, heldur eingöngu varðandi ferðir Íslendinga inn á þau svæði, sem herliðinu hafa verið fengin til umráða. Hæstv. ráðherra hefur nú einnig skýrt Alþingi frá þessari reglugerð. Ég mun ekki fara langt út í þá sálma að ræða þessar reglur í einstökum atriðum. Ég sé enga ástæðu til að amast við því, að leitazt sé við að stemma stigu við óþörfum ferðum Íslendinga inn á þessi svæði; síðar en svo. Ég og minn flokkur höfum jafnan haldið því fram, að öll ónauðsynleg samskipti hersins og Íslendinga eigi að hindra með hverjum þeim ráðum, sem tiltækileg eru. Þess vegna ber að mínum dómi miklu fremur að fagna því heldur en hitt, ef hæstv. ráðherra sýnir einhverja alvarlega tilburði til að stemma stigu við þessum samskiptum. Því er þó ekki að leyna, að sum ákvæði þessarar reglugerðar koma dálítið kynlega fyrir sjónir, a. m. k. finnst manni orðalagið á stöku stað nokkuð einkennilegt, t. d., svo að ég nefni aðeins eitt atriði, þar sem svo er að orði kveðið, að heimsóknir Íslendinga til varnarliðsmanna skuli ekki leyfðar, nema sérstaklega standi á. Mér virðist þetta vera nokkuð teygjanlegt orðalag, ekki sízt ef þeir, sem framkvæmdirnar eiga að annast, líta kannske töluvert á það, hvenær sérstaklega þykir standa á frá sjónarmiði hermanna. Annars verður reynslan að sjálfsögðu að skera úr því, hvort eitthvert gagn og þá hve mikið gagn verður af þessum reglum. Og eins og ég áðan sagði, sé það staðfastleg ætlun þeirra, sem með framkvæmdina fara, að stemma sem mest stigu við þarflausum og skaðvænum samskiptum herliðsins og Íslendinga, þá er ekki nema allt gott um það að segja. Sé hins vegar fyrst og fremst um pappírsgagn að ræða, kemur það fljótlega í ljós, og þá verður tæplega yfir því þagað.

En það var sérstaklega eitt atriði í sambandi við setningu þessarar reglugerðar, sem ég tel ástæðu til að gera nokkru frekar að umtalsefni. Í upphafi reglugerðarinnar nýju er skírskotað til þeirra samningaumleitana við Bandaríkjastjórn, sem fóru fram á s. l. vetri og voru um breytingar á framkvæmdareglum herstöðvasamningsins, og af skýrslu þeirri, sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan, virtist vera hægt að ráða það, þó að það kæmi ekki fram alveg berum orðum, að um þetta atriði einnig hafi verið gert samkomulag við Bandaríkjamenn. Ég vil nú beina því til hæstv. ráðherra að skýra frá því ótvírætt, hvort sú málsmeðferð hefur verið viðhöfð í þessu tilfelli. Sé svo, að um þetta hafi verið samið við aðra þjóð, tel ég það mjög vítaverða málsmeðferð. Í varnarsamningnum frá 5. maí 1951 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum." Jafnframt hinum svonefnda varnarsamningi var, eins og kunnugt er, gerður samningur um réttarstöðu Bandaríkjahers á Íslandi. Er þar svo að orði kveðið, með leyfi hæstv. forseta: „Gefnar verða út rækilegar leiðbeiningar um íslenzka umferðarlöggjöf og reglur og lagt fyrir Bandaríkjamenn að hlýða þeim í

einu og öllu.“ Þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem íslenzk stjórnarvöld áskilja sér rétt til að gera og framkvæma. Samkvæmt þessum og öðrum samningsákvæðum virðist mér það jafnvel vera mjög hæpið, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, að um það þurfi að semja við Bandaríkjamenn, hvaða umferðarreglur herliðinu eru settar. Það er a. m. k. mjög hæpið, að þess sé nokkur þörf, en hitt hlýtur hver maður með óbrjálaðan íslenzkan hugsunarhátt að sjá, að ekki kemur til nokkurra mála að fara að semja um það við aðra þjóð, hverjar reglur eru látnar gilda um ferðir Íslendinga í eigin landi. Því vil ég endurtaka það og leggja á það áherzlu, að hafi sú málsmeðferð verið viðhöfð að leita um þetta efni samninga við aðra þjóð, þá eru það vinnubrögð, sem Alþingi Íslendinga á og hlýtur að mótmæla. Ég hygg, að þetta atriði hafi ekki komið skýrt fram í ræðum hæstv. utanrrh., þeim sem hann hefur haldið hér áður, en ýmislegt virðist mér þó benda til þess, að einmitt þetta hafi verið gert. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðherra veiti við þessu skýr og ákveðin svör.

Fyrst hæstv. ráðherra hefur gert samningagerð sína við Bandaríkjastjórn að umtalsefni hér í dag, vil ég að lokum víkja örfáum orðum að þeim umferðarreglum, sem hafa ekki enn þá verið birtar opinberlega, ákvæðunum um ferðir svonefndra varnarliðsmanna út af samningssvæðunum.

Blað hæstv. utanrrh. hefur ekki alls fyrir löngu gefið á því fyrirbæri, að reglurnar eru ekki birtar, þá skýringu, að herstjórnin hafi óskað eftir því, að reglur þessar væru ekki birtar, þar sem slíkt heyrði til hernaðarlegra leyndarmála, eins og blaðið komst að orði. Og nú í svari sínu hér áðan til hv. 4. þm. Reykv. endurtók hæstv. ráðherra þessi sömu orð. Þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra gerði þetta — mér og trúlega mörgum alþm. öðrum til mikillar undrunar, þá á ég ákaflega bágt með að taka þessa skýringu á leynd reglnanna alvarlega, jafnvel þótt hæstv. ráðherra beri hana fram. Ég er meira að segja hræddur um, að einhverjir galgopar í hópi yfirmanna varnarliðsins hafi bókstaflega verið að gera að gamni sínu við hæstv. ráðherra, þegar þeir voru að segja honum, að það væri nauðsynlegt að halda þessum reglum leyndum vegna orlofsferða — ja, fáeinna pilta, að eigin sögn ráðherrans, sem fá að skreppa út fyrir völlinn stöku sinnum.

Nú hygg ég, að það sé svo um Reykvíkinga marga og ýmsa aðra landsmenn, að þeir hafi orðið þess nokkuð greinilega varir, hvað sem hæstv. ráðherra segir, að ferðalög hermanna utan samningssvæða hafa ekki minnkað ákaflega mikið við tilkomu þessara reglna, sem sagt er að gerðar hafi verið, þó að ekki hafi verið frá þeim skýrt. Hæstv. ráðherra fullyrðir raunar hér áðan, að úr þessu hafi mikið dregið. Ég hef að sjálfsögðu engin skilríki í höndum til þess að sanna hið gagnstæða, en það er margra manna mál, að þess hafi harla lítið orðið vart, að úr þessum ferðum hafi dregið.

Það, sem ég vildi svo að síðustu leggja áherzlu á, er þetta: Hæstv. ráðherra hefur tilkynnt, að samdar hafi verið reglur um ferðir varnarliðsmanna út fyrir samningssvæðin. Það virðist liggja nokkuð í augum uppi, að eigi Íslendingar að fylgjast eitthvað með því, hvort þessar reglur séu haldnar eða ekki, þá beri almenningi að fá vitneskju um það, í hverju þessar reglur eru fólgnar. Frá mínu sjónarmiði virðist það og næsta torvelt fyrir hina amerísku hermenn að fylgjast með reglunum, ef þeir hafa hvorki heyrt reglugerðarákvæðin né séð. Ég get, eins og ég sagði áðan, tæplega tekið alvarlega þá fullyrðingu hæstv. ráðherra, að þessar reglur séu hernaðarleyndarmál og að birting þeirra stofni, að mér skilst, öryggi vestrænna þjóða í vísan voða. Ég vil því eindregið taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. fór fram á hér áðan og ég hef þegar óskað eftir, að hæstv. ráðherra láti nú ekki líða langt þangað til hann birtir þessar reglur. Ég held, að það sé ekki stætt á öðru fyrir hæstv. ráðherra. Enn fremur vænti ég þess, að hann svari ákveðið þeirri fyrirspurn, sem ég beindi til hans hér áðan, hvort um það hefur verið samið við Bandaríkjamenn að setja umferðarreglur, sem Íslendingum er ætlað að hlíta í eigin landi.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. lagði þá spurningu fyrir mig, hvort um það hefði verið samið við Bandaríkjamenn, eftir hvaða reglum Íslendingar mættu fara inn á varnarsvæðið. Því svara ég neitandi. Þeir hafa ekki verið um það spurðir, enda hafa þeir sagt það sjálfir, að þeim kæmi það ekki við, það væri okkar mál að sjá um það.

Ég vil hér með leggja nokkrar spurningar fyrir hv. 8. þm. Reykv. — Hann talaði um eitthvert atriði, sem allur almenningur kvartaði undan. Ég vil spyrja hann: Hvaða atriði er það, sem almenningur hefur kvartað undan í framkvæmdum varnarsamningsins? Og svo vil ég enn fremur spyrja hann: Hvaða rök eða líkur hefur þessi hv. þm. fyrir því, að Hamilton-félagið fari ekki á þeim tíma, sem ég hef minnzt á, þ. e., að það hafi lokið vinnu um áramótin og fari svo smátt og smátt í burtu? Hann reyndi að gera gys að því, að þeir þyrftu tíma til þess að taka saman þjönkur sínar eða eins og hann sagði: taka saman skóflur sínar. Hér er um að ræða mikið af vélum og tækjum, sem tekur langan tíma að ganga frá og búa undir brottflutning úr landinu. Svo vildi ég enn fremur spyrja þennan hv. þm.: Hvaða nauðsyn ber honum til að vita um vissar reglur? Ég er margbúinn að segja, að þessar reglur hafa verið settar sem leyndarmál. Reglurnar hafa komið í okkar hendur sem leyniskjal, og því getum við ekki gefið þær upp, hversu mikið sem um þær er spurt, enda höfum við enga ástæðu til þess að brjóta trúnað við Bandaríkjamenn í þessu efni. Ég er búinn að skýra frá aðalefninu úr þeim. Það hefur verið samið um, hversu margir Bandaríkjamenn mega fara út af vellinum og hvað þeir mega vera lengi og eftir hvaða reglum leyfi skuli gefin. Þetta er efnið í þeim, og ég álít, að þetta sé fullkomlega nægilegar upplýsingar. Hv. þm. dró það í efa, að Ameríkumenn færu eftir íslenzkum umferðarreglum. Þetta er hin mesta fásinna. Bandaríkjamenn fylgja alveg íslenzkum umferðarreglum. Ef þeir brjóta þær, þá er þeim refsað engu síður en Ís-

lendingum. — Hann sló þeirri fullyrðingu fram, að það væru undarlegar reglur, sem hermennirnir vissu ekki, hverjar væru. Ég skal upplýsa fyrir honum, að sá hermaður eða starfsmaður á vellinum, sem fær leyfi, fær vegabréf í hvert skipti, og í því vegabréfi stendur, hve lengi hann má vera í burtu. Það er því ekki torskilið plagg fyrir hermanninn eða þann, sem hefur fengið leyfi. Ég fullyrði, þótt hv. 8. þm. Reykv. dragi það í efa, að það hefur stórkostlega dregið úr ferðum manna af vellinum til Reykjavíkur og til annarra staða. Bezta sönnunin fyrir því er, að blað hans hefur algerlega þagað um þetta efni mánuðum saman. Það mundi áreiðanlega ekki láta það liggja í láginni, ef eitthvað væri verulegt að í þessu máli, því að a. m. k. hefur það gengið svo langt að búa til sögur, sem tæplega geta talizt heiðarlegar, eins og þegar það gerði fyrirspurn um það, hvað sá ameríski bíll hefði verið að gera, sem keyrði á manninn í Hafnarfirði, þó að allir viti, að það voru Íslendingar, sem voru í bílnum. Þetta var gert á móti betri vitund og ekki í góðum tilgangi.

Ég fullyrði það, að hermannaferðir hér í bænum séu ekkert vandamál lengur, og eins og ég sagði áðan í framsöguræðu minni, þegar verkamennirnir eru farnir í burtu, þá dregur vafalaust enn þá meira úr umferðinni. Ég hef enga ástæðu til að vantreysta þeim yfirmanni, sem nú er á vellinum. Ég hef ekki reynt hann að öðru en að hann stæði fullkomlega við það, sem hann hefur lofað. Ég veit enn fremur, að ef reglur, sem hann hefur sett, hafa verið brotnar af hermönnunum, þá hefur hann látið koma fram strangar refsingar fyrir það.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er nú nokkuð komið í ljós, hver árangur liggur fyrir af meðferð Framsóknar á hernámsmálunum og stefnu núverandi ríkisstjórnar, sem átti að taka svo miklum breytingum í sambandi við meðferð þeirra mála eftir síðustu kosningar.

Ég býst við, að ef hreinskilnislega væri gengið hér til verks af hálfu hæstv. ríkisstj., mundi hún segja okkur, að hún hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum í þeim samningaumleitunum, sem fram hafa farið undanfarið, að hún hefði haldið, að það væri hægt að tala við Bandaríkjastjórn um vinsamlega framkvæmd á hernáminu hérna á Íslandi, hún hefði haldið, að það væri hægt að fá Bandaríkjastjórn til þess að hliðra til á ýmsan hátt fyrir íslenzkum hagsmunum, en hún hefði rekið sig á, að slíkt væri ekki mögulegt. Bandaríkjastjórn hefði þvert á móti sýnt sig mjög harða í horn að taka, eins og sá aðili, sem með ýmsum ófögrum aðferðum hefur náð mikilvægum ítökum í einu landi og kærir sig ekki um að sleppa þeim, vegna þess að hann hefur ekki náð þessum ítökum í landinu til þess að vernda þjóðina, sem býr fyrir í því, heldur vegna sjálfs sín, til sóknar, sem hann hugsar sjálfur til. Ég er hræddur um, að við verðum að hafa þetta í huga, að þetta búi raunverulega undir, vonbrigði yfir því, hvernig hefur gengið með þessa samninga hjá hæstv. utanrrh. og hjá hæstv. ríkisstj., þegar hún leggur fram fyrir Alþingi að lokum ávöxtinn af meira en ársviðleitni sinni í þessum efnum. Og við skulum þá athuga nokkrar staðreyndir, sem nú hafa komið fram.

Eitt af því, sem Framsfl. gerði einna mest úr viðvíkjandi hættunni, sem af Keflavíkurflugvelli stafaði, var um vinnuaflið, og sú yfirlýsing, sem einna skýrust er af þeim, sem hér koma fram, er, að við framkvæmdirnar á Keflavíkurflugvelli skuli fullt tillit tekið til íslenzkra atvinnuvega. Og við skulum sjá, hvernig þetta atriði er framkvæmt. Um þetta getum við þm. talað af fullri reynd. Hér er ekki hægt að veifa neinu framan í okkur um, að það sé ekki hægt að telja óeinkennisbúna ameríska hermenn í Reykjavík og það sé ekki hægt að hafa eftirlit með þeim. Hér getum við sjálfir athugað, hvernig hæstv. ríkisstj. fer að því að sjá um, að fullt tillit sé tekið til íslenzkra atvinnuvega. Nú sem stendur mun vinna 2391 maður hjá hernámsliðinu. Og hvernig er ástandið í okkar eigin atvinnuvegum, einmitt hér í Reykjavík og hérna í kringum okkur? Ástandið er og hefur verið þannig, t. d. hvað mikilvægasta útflutningsatvinnuveginn snertir, sjávarútveginn, að fjöldi frystihúsa hér við Faxaflóann getur ekki unnið úr fiskafla vegna skorts á vinnuafli, að fiskiskip og flutningaskip verða að liggja hér dögum saman og bíða vegna skorts á vinnuafli, að útlendir menn hafa verið teknir inn í landið til þess að vinna á okkar eigin fiskiskipum. Hér í Reykjavík er hvað húsbyggingarnar snertir ástandið þannig, að það gengur svo að segja ekkert með að vinna að mörgum húsbyggingum, vegna þess að það vantar vinnuafl. Á sama tíma er 2391 maður suður á Keflavíkurflugvelli. Þar er verið að vinna að því að byggja yfir ameríska liðsforingja og aðra slíka dáta, sem þar eru, á sama tíma sem vantar vinnuafl til þess að bæta úr húsnæðisskorti íslenzkrar alþýðu. Á meðan Íslendingar verða að hírast í bröggum, sem sífellt eldast og sífellt flytja fleiri og fleiri börn inn í, þá er hindrað með þessum aðgerðum ríkisstj., að vinnuafl fáist til þess að vinna bráðnauðsynleg verk hér, bæði sem snerta það að byggja yfir þjóðina og snerta það að sjá um, að framleiðsla hennar sé í þeim fulla gangi, sem hún gæti verið. Er þetta að taka tillit til íslenzkra atvinnuvega? Ef framkvæmd hæstv. ríkisstj. er svona á fleiri málum eins og hún er á þessu, þá er auðséð, hvað þarna er um að ræða. Hæstv. ríkisstj. er að traðka undir fótum alla íslenzka hagsmuni í þessu sambandi, traðka undir fótum hagsmuni íslenzku þjóðarinnar. Það er ósköp vel vitanlegt, að meira að segja þótt við værum aðeins að vega það og meta út frá hreinu peningagildi þess, sem vinnan gefur, þá gefur sú vinna, sem unnin er við að afla fisksins og vinna úr honum, margfalt meira verðmæti á hverja vinnustund fyrir þjóðina í heild heldur en það, sem unnið er að suður á Keflavíkurflugvelli, fyrir utan svo hitt, að öll vinnan, sem unnin er á Keflavíkurflugvelli, er Íslandi til bölvunar, og það húsnæði og annað slíkt, sem þar er byggt, er til einskis fyrir Íslendinga fyrir framtíðina, í staðinn fyrir að á meðan er látið vera að byggja húsnæði, sem Íslendingar hafa brýna þörf á, svo brýna, að fjöldi manns líður heilsuskort og heilsutjón vofir yfir fjölda

barna, vegna þess að það er ekki unnið af fullum krafti við byggingar.

Þess vegna er ekkert spursmál um það, að einmitt á því sviðinu, þar sem við Íslendingar höfum sjálfir bezta aðstöðu til þess að dæma í þessum efnum, er verið að traðka alla íslenzka hagsmuni og þörf íslenzkra atvinnuvega undir fótum og drepa niður íslenzkt atvinnulíf og eyða landsbyggðinni á Íslandi, með þeim aðgerðum, sem nú eru framdar á Keflavíkurflugvelli. Menn geta litið á allan hringinn: Vesturlandið, Norðurlandið, Austurlandið — og séð, hvernig fólkið streymir þaðan fyrir aðgerðir ríkisstj., fyrir tillitsleysi ríkisstj. til íslenzkra hagsmuna. Og þetta gerist á sama tíma sem nokkrir menn eru hér úr stjórnarliðinu að koma með alls konar till. um að halda jafnvægi í byggð á Íslandi, jafnvel nefndarskipanir af hálfu ríkisstj. um slíkt, og svo lýsir hæstv. utanrrh. yfir: Við höfum þetta í hendi okkar. — Svona fer ríkisstj. með það, sem hún hefur í sinni hendi, og ef hún fer svona með spurninguna viðvíkjandi vinnuaflinu og viðvíkjandi þörfum íslenzkra atvinnuvega, hvernig fer hún þá með hitt, sem við eigum erfiðara með að dæma um?

Þetta er eitt stærsta og alvarlegasta spursmálið, þó að mörg séu alvarleg í sambandi við þá svokölluðu samninga, sem fram fara um þessi mál.

Við skulum líta á annað atriði, sem hér hefur verið talað um. Það er viðvíkjandi ferðum Íslendinga inn á Keflavíkurflugvöll eða hin svokölluðu varnarsvæði. Það var dálítið rætt hér í fyrra í sambandi við umræðurnar, sem fram fóru í deildunum um frv. um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, um, hvað væri að gerast með þeirri lagasetningu, og ég benti á það þá, að með þeirri lagasetningu væri verið að stíga fyrsta sporið á hættulegri braut, það væri verið að taka hluta af Íslandi út úr venjulegu lögsagnarumdæmi, láta það hlýða öðrum reglum en önnur lögsagnarumdæmi á Íslandi; það væri verið að skapa meira að segja svo óákveðinn svip í lögsagnarumdæmum, að Íslendingar almennt gætu varla vitað, hvenær þeir væru staddir undir yfirráðum og dómgæzlu lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli eða hvenær þeir væru staddir undir löggæzlu annarra og hvenær þau afbrot, sem þeir kynnu að fremja, kynnu þess vegna að heyra undir utanrrh. eða hvenær þau kynnu að heyra undir dómsmrh. Og ég benti þá á, að með þessu móti væri verið að stíga spor í þá áttina að liða hluta af Íslandi undan yfirráðum venjulegra íslenzkra yfirvalda, enda væri það greinilegt, þegar þar að auki ætti að setja þessi svæði sérstaklega undir utanrrh., hann ætti að vera dómsmrh., hann ætti að vera heilbrmrh., hann ætti að vera ráðh. fyrir allt, sem snerti þessi sérstöku lögsagnarumdæmi, en aðrir íslenzkir ráðh. hefðu ekki með það að gera.

Það hefur sýnt sig nú, að það er stigið áfram á þessari sömu braut. Það voru teknir hlutar af Íslandi og settir undir yfirráð utanrrh. í hans eigind sem dómsmrh., heilbrmrh., póst- og símamálaráðh. og annað slíkt á þessum svæðum. Slíkt spor var stigið í fyrra. Nú er stigið annað í viðbót. Það er stigið það spor að ákveða, að Íslendingar skuli þurfa að hafa vegabréf til þess að komast inn á ákveðna hluta af eigin landi. Það hefur verið sagt hér af sumum, að út af fyrir sig væri alveg nauðsynlegt að hindra samskipti Íslendinga við setuliðið, en hindrun á samskiptum Íslendinga við setuliðið á ekki að fara fram á þann hátt, að Íslendingar séu sviptir frelsi í eigin landi, heldur með því, að innrásarherinn sé rekinn burt af okkar landi.

Það að teygja út fleiri og fleiri svokölluð varnarsvæði á Íslandi, gera Hornafjörðinn að varnarsvæði, gera Aðalvík að varnarsvæði, gera Njarðvík að varnarsvæði, gera Hvalfjörð að varnarsvæði, halda áfram þannig, eftir því sem Ameríkönum þóknast, og fyrirskipa Íslendingum jafnóðum: Ja, þið þurfið nú passa til þess að komast þarna inn — það þýðir að lima fleiri og fleiri hluta af Íslandi undan raunverulegum yfirráðum Íslendinga. Það þýðir að stefna að því að skapa erlent ríki á Íslandi. Það er það, sem verið er að miða að með þessu.

Ég get ósköp vel viðurkennt, að það geti e. t. v. verið allt gott, sem vakir fyrir þeim mönnum, sem leggja þetta til, að það sé eðlilegt, að ýmsum finnist þetta endurbót. En af hverju verður þessi endurbót óþolandi? Hún verður óþolandi vegna þess, að henni er ætlað að bæta ástand, sem er sjálft óþolandi og getur aldrei orðið viðunandi; vegna þess að þessi svæði eru hernumin, eru í klóm erlends hers, þá verður aldrei fundið neitt ráð, hvorki vegabréfin né annað, sem verður viðunandi fyrir Íslendinga til þess að bæta úr þessu óþolandi ástandi, jafnvel þó að þau í sjálfu sér kynnu að bera vott um góða viðleitni.

Við, sem þekkjum, hvað Bandaríkjunum gekk til, þegar þau knúðu fram þau ítök, sem þau nú hafa á Íslandi, við, sem höfðum með að gera þeirra kröfur til Íslendinga 1945, vitum alveg, hvað fyrir þeim vakir. Það var ekki verið að tala um neitt Atlantshafsbandalag, neina verndun lýðræðis, það var ekki haft neitt yfirskin, það var ekki beitt neinum blekkingum, þegar Bandaríkin 1. okt. 1945 kröfðust þess af Íslendingum, að þrír hlutar af Íslandi væru teknir undan íslenzkum yfirráðum og settir undir yfirráð Bandaríkjanna: Keflavíkurflugvöllur, Skerjafjörður og Hvalfjörður. Þá átti beinlínis að girða af hluta af íslenzku landi og hann átti að vera í 99 ár undir yfirráðum Bandaríkjanna, þannig að við áttum ekkert að vita, hvað þar gerðist, og okkur átti ekkert að varða um það og við áttum ekki að hafa neitt leyfi til þess að komast inn á þau svæði. Þetta var það, sem Bandaríkin ætluðu sér að taka í einu áhlaupi, strax í stríðslok.

Íslendingar neituðu þessu. Það, sem síðan hefur gerzt, er, að Bandaríkjastjórn er að reyna að ná því í áföngum, sem henni mistókst að ná í einu áhlaupi þá. Þess vegna miðar hvert fet, sem hún færir sig áfram nú, að því að ná þessu takmarki í áföngum, sem henni tókst ekki að ná í einu stökki þá. Þess vegna eru girðingarnar, vegabréfin, sérstök lögreglustjórn og allt annað slíkt aðeins smááfangar á þessari leið. Og það verðum við að hafa í huga, ef við ætlum að skilja, hvað sé hið raunverulega innihald í þessu, jafnvel þó að sumir menn kunni að fallast á

sumt af þessum áföngum, jafnvel stundum í góðri meiningu.

Hvað er svo viðvíkjandi hernaðaraðgerðunum á Íslandi? Um það leyti sem kosningar fóru fram í fyrra, var það fyrst og fremst Keflavíkurflugvöllurinn, sem um var rætt, og hann var eina raunverulega herstöðin, auk þeirrar, sem var í Hvalfirðinum, en það var a. m. k. hægt að keyra hann. En hvað hefur gerzt síðan um þessar kosningar? Það hafa bætzt fjórar nýjar herstöðvar við. Eftir að átti að stöðva útþenslu hernámssvæðanna á Íslandi og yfirlýsingar voru gefnar um slíkt, hafa Bandaríkin fært sig upp á skaftið og bætt við fjórum nýjum herstöðvum, sem allar er verið að reisa í kringum radarstöðvarnar. Og þetta er gert á sama tímabili sem meira að segja í stjórnarflokkunum kveður við, að alltaf sé útlitið í heiminum að verða friðvænlegra — og því miklu minni þörf á nokkrum af þeim hernaðaraðgerðum á Íslandi, jafnvel í Tímanum sagt, að það sé helzt hægt að nota þetta sem eins konar varaskeifu í sambandi við atvinnubótavinnu. Það hafa margfaldazt hernámssvæðin á Íslandi, einmitt þegar þetta átti að hætta. Og því er lýst greinilega yfir nú um þessi nýju svæði, að það komi ekki til neinna mála einu sinni, að það séu Íslendingar, sem reki stöðvarnar, það séu hernaðaraðgerðir, það séu hermenn, sem þar verði að vera, m. ö. o. herstöðvar, sem innan skamms munu auðvitað heyra undir sömu lög og ákvæði t. d. um vegabréf og annað slíkt og herstöðin á Keflavíkurflugvelli.

Svo er bætt við hafnargerðinni í Njarðvík. Hæstv. utanrrh. segir: Það er ekki enn þá búið að semja um höfnina þar, af því að það er ekki samkomulag um, hvar hún eigi að vera. — M. ö. o.: Við eigum það í vændum, að í staðinn fyrir landshöfn fyrir okkar útveg í Njarðvíkum, eins og íslenzk lög ákveða, eigi að koma upp höfn, sem er eitt af tvennu, — það veit ég ekki fyrir mitt leyti, — annaðhvort uppskipunarhöfn fyrir hergögn og annað slíkt eða herskipahöfn, nema hvort tveggja sé. Þó að þar væri ekki nema uppskipunarhöfn fyrir hergögn og annað slíkt, þá mundi það líklega ekki þykja svo þýðingarlítið frá hernaðarlegu sjónarmiði, að innan skamms mundi það heyra undir það sama, jafnvel vera afgirt fyrir Íslendingum, nema verkamennirnir, sem Bandaríkin láta svo lítið að nota til að vinna þar, hafi öll merki utan á sér. „Voldugir húsbændur, hundar á vörð og hópur af mörkuðum þrælum“ — það virðist vera hugsjónin, sem vakir fyrir mönnum, þegar þeir ætla að skipuleggja, hvernig búið sé að Íslendingum á þessum svæðum, — allt undir því yfirskini, að þetta sé gert til þess að vernda okkur.

Mér sýnist þess vegna, að í stað þess að draga úr hernaðarvinnunni og taka tillit til íslenzkra atvinnuvega, hafi herstöðvarnar á Íslandi verið margfaldaðar og minna tillit tekið til íslenzkra atvinnuvega en áður. Ég gæti jafnvel trúað, að sums staðar úti um landið væri það svo, að meira að segja vegarspottar, sem þingmenn kjördæmanna hafa barizt fyrir hér í þinginu, hafi varla verið lagðir í sumar, af því að menn hafi verið svo önnum kafnir við að leggja veg fyrir hernámsliðið.

Og má ég svo spyrja: Hvaða heimild kom hæstv. ríkisstj. til að fara svo ofan á allt þetta, að þenja á þennan hátt út hernámsvinnuna, hernaðarsvæðin, að blanda íslenzka ríkinu, íslenzka lýðveldinu inn í það að taka þátt í hernaðarframkvæmdunum sem hluthafi í ákveðnu fyrirtæki? Það lá ekki nein till. fyrir frá Framsfl. hér á síðasta Alþ. um neitt slíkt og engin heimild gefin þá. Hennar mun kannske vera að leita nú í fjárlögunum. Var það kannske vegna þess, að það var ekki búið að finna upp, hvaða aðferð ætti að nota við helmingaskiptin, hin venjulegu helmingaskipti á milli stjórnarflokkanna, þegar samningarnir voru hafnir, þannig að það að láta íslenzka ríkið fara þarna inn í kom ekki til, fyrr en menn sáu, að annars mundi kannske hallast á Framsókn í gróðanum af því að taka Íslendinga frá íslenzkum atvinnuvegum og nota þá fyrir ameríska hernaðarvinnu? En smekklegt var það ekki, jafnvel þó að það kunni að hafa verið mjög nauðsynlegt fyrir Framsfl., til þess að ekki hallaðist á. En sýnt er, að ekki dregur það úr þeirri spillingu, sem farin er að grafa um sig í sambandi við hernaðarvinnuna og allt, sem hana snertir, þegar farið er þar að auki að blanda ríkinu inn í þetta á slíkan hátt.

Þá eru nú leynireglurnar og allt talið um þessar ferðir viðvíkjandi Keflavíkurflugvelli og slíku. Það kom upprunalega fyrst og fremst til af því, að amerísku hermennirnir voru að flækjast hér í Reykjavík. Það var undirrótin að því, að farið var að tala um þetta og að mönnum fannst það óþolandi. Það var snemma fundið upp á því ráði að klæða þá um, þvert ofan í fyrirmælin um, að þeir skuli að jafnaði vera einkennisklæddir, og nú er það orðið hernaðarleyndarmál — líklega vegna þess, að það sé búizt við árás á hvaða stund sem er á Keflavíkurflugvöll og það megi ekki láta vita af því, að það séu jafnvel stundum sjö og stundum fimmtíu og tveir menn burtu. Það er nú slæmt, að hæstv. utanrrh. skuli samt hafa ljóstrað upp slíkum leyndarmálum, því að náttúrlega hlýtur það að vera eitt það alvarlegasta í því, að Keflavíkurflugvöllur skuli nokkurn tíma vera svo varnarlaus, að það skuli vanta á hann frá sjö til fimmtíu og tvo menn.

Það var spurt að því hér áðan af hv. 4. þm. Reykv., hvernig ætti að framkvæma þetta eftirlit með, að amerísku hermennirnir færu eftir leynireglunum. Ég þykist sjá af svörum hæstv. ráðh., að íslenzkir lögreglumenn fái ekkert um þetta að vita, það séu ekki þeir, sem eigi að hafa eftirlit með amerísku hermönnunum; það eigi að öllum líkindum bara ameríska lögreglan að gera — líka hér í Reykjavík. Hann talaði um, að það væru amerískir lögreglumenn í Reykjavík, og mér liggur nú við að spyrja: Hefur þá ekki einu sinni verið reynt að semja um það að hindra, að við þyrftum að vera að sjá ameríska lögreglumenn á vakki hér í Reykjavík? Það er í 2. gr., 10. lið, viðaukans gert ráð fyrir því, að um slíkt sé hægt að semja við íslenzk stjórnarvöld, hvort Bandaríkjamenn annast nokkur lögreglustörf og þá hve mikil utan samningssvæðanna, og eðlilega er það að öllu leyti heppilegast fyrir okkur, að amerískir lögreglumenn komi þar hvergi nærri. Ég vil í því sambandi leyfa mér

að spyrja: Er það máske svo, að íslenzkir lögreglumenn megi yfirleitt alls ekki handtaka ameríska hermenn, eða hvernig er það þá annars skýrt, að það sé nauðsyn á því, að amerískir lögreglumenn séu að flækjast utan samningssvæðanna?

Viðvíkjandi þessu spursmáli um leyniskjalið og leynireglurnar og hernaðarleyndarmálin vil ég segja, að hæstv. utanrrh. hefur aðstöðu og skyldu til að láta Alþ. dæma um það sjálft, hvort nauðsynlegt sé að fallast á þá kröfu Bandaríkjanna, að þetta sé hernaðarleyndarmál. Svo framarlega sem utanrrh. skýrir annaðhvort utanrmn. eða Alþ. á lokuðum fundum sem leyndarmáli frá slíku, þá getur hann heyrt skoðanir alþm. á því, það hefur verið gert um stærri mál en þetta, og það er sá háttur, sem venjulega er hafður á af ríkisstjórnum, svo framarlega sem þær álíta sjálfar, að það, sem heimtað er, í þessu tilfelli af Bandaríkjastjórn, sé þess eðlis, að að einhverju leyti þurfi að láta undan því. Ég held nefnilega, að við megum ekki í öllum þessum samningaumleitunum koma Bandaríkjastjórn upp á að gera kröfur, sem annaðhvort gera íslenzku ríkisstj. að athlægi eða eru að öðru leyti fjarri öllum sanni. Við verðum að muna það, að það er Alþingi Íslendinga, sem ræður þessu. Það er það, sem er æðsti dómarinn í þessum málum. Bandaríkjastjórn getur sem sé ekki fengið fram neina hluti hér, ef Alþingi Íslendinga álítur annað.

Þá minntist hæstv. utanrrh. á, að það væri nokkuð af Bandaríkjamönnum, sem byggju utan vallarins, og við erum orðnir því nokkuð vanir að sjá t. d. í Morgunblaðinu auglýsingar frá Bandaríkjamönnum um íbúðir hér í Reykjavík. Því virðist fara sífellt fjölgandi, á sama tíma sem húsnæðisskorturinn er meiri en fyrr hér í Reykjavík og íbúðirnar dýrari, að Bandaríkjamenn, sem eftir að þeir létu lækka íslenzku krónuna í verði, hafa mun meiri fjárráð en Íslendingar, *kaupi upp með hárri leigu íbúðirnar*, sem Íslendingar annars hefðu getað búið í. Það er engum efa bundið, að þarna þarf alvarlega að skerast í leikinn. Það, hvernig Bandaríkjamenn, ekki aðeins þeir, sem eru giftir íslenzkum konum, heldur líka þeir, sem eru að öllu leyti amerískir menn og hafa ekki í sinni fjölskyldu neina íslenzka þegna, taka húsnæði frá Íslendingum, getur alls ekki gengið. Það verður að breytast.

Þá kom hæstv. utanrrh. inn á spurninguna um, hvernig dæma ætti um hæfni íslenzkra manna til þess að taka að sér verk, og sagði, að það væri eitt það erfiðasta í samkomulaginu. Hvað eftir annað kemur fram, að það sé svo erfitt að semja um þessa hluti, — þetta atriði, sem hann tekur þarna út úr, sé eitt það allra erfiðasta í samkomulaginu. Ég er hræddur um, að hæstv. utanrrh. og ríkisstj. sem heild hafi gengið að þessum samningum án þess að búa sig undir þá á þann eina hátt, sem hugsanlegt var að gera, ef átti að verða árangur af þeim, og það var á þann hátt að tilkynna Bandaríkjastjórn fyrir fram: Ef þið ekki fallizt á þetta, sem við leggjum áherzlu á, þá segjum við samningnum upp, — eða það, sem hefði verið enn áhrifameira, að byrja með því að segja samningnum upp og leyfa Bandaríkjamönnum að sækja á og setja þeim stólinn fyrir dyrnar. Það er engum efa bundið, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér að ná samkomulagi, sem henni fyndist viðhlítandi, þá átti hún að byrja með því að hafa þá aðferð. Og ég þykist vita, að jafnvel Framsfl. muni upphaflega hafa ætlað sér að hafa þann hátt á, hann muni hafa ætlað sér fyrst að segja samningnum upp og semja síðan við Bandaríkjastjórn og hann muni jafnvel hafa þreifað fyrir sér til þess að vita, hvort Bandaríkjastjórn féllist ekki á það, að hafður væri slíkur skollaleikur, en að Bandaríkjastjórn muni bara alls ekki hafa kært sig um að hætta á slíkan skollaleik sem nýjan samning, vegna þess að hún hafi ekki verið viss um, að það fengist yfirleitt gerður nýr samningur af hálfu Íslendinga. Hitt er alveg gefið, að svo framarlega sem við áttum ekki að þurfa að heyra það hér, að hæstv. utanrrh. kvartaði og kvartaði: Ja, það væri nú svo erfitt að eiga við þetta samkomulag, þetta verður að vera hernaðarleyndarmál, og í þessu er ekki enn þá hægt að gera neitt, — ef við áttum ekki að heyra einhverjar svona afsakanir, þá var hitt það eina, sem gat bjargað honum og ríkisstj., að tilkynna Bandaríkjamönnum: Ef þið ekki fallizt á þessa hluti, sem við álítum nauðsynlega, þá segjum við samningunum upp. — Það var það eina, sem gat skapað þeim almennilega aðstöðu í samningunum.

Svo talaði hæstv. ráðh. um í sínum svörum, hvaða verkum væri ólokið, og ef ég heyrði rétt, — hann talaði nokkuð lágt, — þá heyrðist mér hann tala um lengingu flugbrautarinnar sem eitt af þeim verkum. Ja, ég verð nú að segja, að ef það er hernaðarleyndarmál um, hvort það séu 7 eða 52 amerískir hermenn á sumum kvöldum í Reykjavík, er það þá ekki dálítið hernaðarleyndarmál, hvort það eigi að fara að lengja flugbrautirnar hérna mikið frá því, sem búið er að lengja þær, því að við vitum, að það er búið að lengja þær upp í það, að þessi flugvöllur, eins og hann er, er ekki ætlaður til neins annars en árása sprengjuflugvéla, sem geta borið kjarnorkusprengjur til árása á borgir í Evrópu? Það verk, sem er ólokið, er sem sé að halda áfram að lengja þessar flugbrautir, ekki aðeins það, að þær beri flugvélar B-29, heldur stærri, og ef til vill verður því verki nokkuð lengi ólokið, eftir því sem flugvélarnar halda áfram að stækka og farmarnir að þyngjast. En hæstv. utanrrh. lýsir yfir um leið: Íslenzka ríkisstj. hefur síðasta orðið. — M. ö. o.: Þegar Bandaríkjastjórn útbýr hér einn stærsta flugvöll í Evrópu, einn af stærstu flugvöllum í heimi, flugvöll, sem samkvæmt allri gerð er eingöngu hugsaður fyrir árásarflugvélar, fyrir langdrægar sprengjuflugvélar, þá segir íslenzka ríkisstj.: Íslenzka ríkisstj. hefur síðasta orðið. — Það er hún, sem ætlar að taka á sig ábyrgðina af því, að Bandaríkjastjórn, sem fullkomlega veit, hvað hún er að gera, sé búin að útbúa sér hér á Íslandi flugvelli til árása á þjóðirnar í Evrópu. Sjálf veit íslenzka ríkisstj. ekki, vegna þess að ég veit ósköp vel, að hún er ekki frekar en við þm. almennt neinn hernaðarsérfræðingur, um það, hvernig og til

hvers svona flugvellir eru hugsaðir, — ekki meira en það, sem hver okkar getur lesið út úr bókum. En hún trúir í blindni á blekkingar, sem Bandaríkjastjórn hefur haft í frammi við hana. Hún trúir á það, að þessi flugvöllur hér sé skapaður til varna fyrir Ísland, þótt ekki nokkrum lifandi manni af þeim, sem eru sérfræðingar í þessari grein í veröldinni og skrifa um það lærðustu bækur, detti í hug að halda öðru fram en þetta sé liður í keðju þeirra árásarflugvalla, sem Bandaríkin hafa útbúið víða um heim og Bandaríkjamenn sjálfir í sínum blöðum tala hispurslaust um. Og ef einhverjir Íslendingar og þar á meðal hæstv. ríkisstj. hafa hugsað keðjuna af radarstöðvunum sem einhverjar ákaflega skikkanlegar og þarfar stöðvar, sem við kannske gætum líka vel notað í okkar almennu flugsamgöngum, ef þeir hafa hugsað þær þannig og óttast þær máske ekki sérstaklega þess vegna, þá taka orð hæstv. utanrrh. öll tvímæli af. Það á ekki að þjálfa íslenzka menn til þess að stjórna þessum radarstöðvum. Nei, þær eru slíkt hernaðarmannvirki, að þar eiga um alla framtíð, á meðan amerískur her væri á Íslandi, eingöngu að vera amerískir hermenn. Það verður ekki samið, sagði hæstv. utanrrh., um þjálfun Íslendinga til að taka við radarstöðvunum. Þá er það orðið nokkuð ljóst, hvers konar hernaðarkerfi hér er búið að útbúa og hvernig Bandaríkin eru á tíu árum frá 1945 að ná því takmarki, sem þau ætluðu sér að ná þá í einu áhlaupi og öllum Íslendingum þá fannst sjálfsagt að vísa frá sér, þó að þá stæði rauður her bæði í Noregi og Danmörku, — og þótti engin hætta þá. Menn láta samt nú blekkja sig með því, að þarna sé um einhvers konar varnir gegn árás að ræða.

Ég held, að lærdómurinn af þessum samningaumleitunum, sem ég fyrir mitt leyti efast ekki um að af hálfu hæstv. utanrrh. hafi verið gengið að af heilum hug, og árangurinn af þeim færi okkur heim sanninn um, að það sé ekki hægt við Bandaríkjastjórn að semja í þeirri aðstöðu, sem Ísland er nú; það sé ekki hægt að semja við hana, meðan einhverjir íslenzkir menn eru haldnir af því, að það séu að einhverju leyti hagsmunir Íslendinga, að þessi her sé hér í landinu og að þessi hernaðarmannvirki séu gerð. Ég held, að fyrst þurfi menn og það meira að segja þeir, sem vilja hafa hér bandarískar herstöðvar, að gera sér ljóst, að það er eingöngu í þágu Bandaríkjanna, engra annarra, og flytur Íslendingum ekkert annað en hættu á tortímingu í friði og stríði, að þessar herstöðvar séu hér; og án þess að ganga að þeim samningum fyrir þá, sem herstöðvarnar vilja hafa, alveg raunsætt í þessu efni og beygja Bandaríkjastjórn með hótunum um að segja upp, sé ekki hægt að fá út úr slíkum samningaumleitunum neina viðunandi lausn fyrir þá, sem meira að segja vilja hafa þessar herstöðvar.

Við erum um þetta leyti að horfa upp á þjóðir, sem fyrir 70 árum leigðu voldugu ríki herstöðvar í sínu landi, — við erum að horfa upp á Egypta núna vera að reyna að losa sig við slíkar herstöðvar, sjáum, hve löng sú barátta hefur verið, og eru þeir raunverulega ekki lausir enn með þeim samningi, sem þeir hafa gert. Við skulum reyna að horfa raunsætt á þessi mál, taka ekki trúanlegt það, sem borið er að okkur í blekkingum þeirra blaða og þeirra stjórnmálamanna, sem halda því fram, að Bandaríkin séu að hugsa um að vernda Ísland og Íslendinga með því að koma hér upp herstöðvum. Það eru til menn hér á þingi, sem hafa haldið því fram, að það hafi öll þessi undanfarin ár verið gífurleg hætta á því, að sérstaklega Sovétríkin gætu á hvaða augnabliki sem er farið að ráðast á Ísland. Það hafa jafnvel fremstu menn Atlantshafsbandalagsins lýst því yfir, að Sovétríkin hefðu, ef þau hefðu viljað, getað tekið Vestur-Evrópu á undanförnum árum, ef þeim hefði verið það í hug. Allar yfirlýsingar og allar staðreyndir hnekkja gersamlega þessari bábilju, sem reynt hefur verið að bera á borð fyrir okkur. Sovétríkin eru sem stendur eitt allra stærsta viðskiptaland Íslands, eru ríki, sem Íslendingar hafa aldrei haft neitt annað en gott af að segja, aldrei hefur gert okkur neitt, — ríki, sem eftir síðustu styrjöld stóð með sinn her, þar sem það hafði barizt við Þjóðverja, bæði í Danmörku og Noregi og fór burt bæði úr Danmörku og Noregi, á sama tíma sem Bandaríkjamenn sátu fastir hér heima og fóru ekki. Það er þess vegna fyllilega tími til kominn í sambandi við öll þessi mál, að farið sé að ræða þau raunhæfar og grípa til raunhæfari aðgerða en gerðar hafa verið undanfarið.

Eina raunhæfa aðgerðin, sem hægt er að gera í þessum málum, er að segja hernámssamningnum upp, — eina aðgerðin, sem samsvaraði okkar hagsmunum, Íslendinga, okkar frelsi og okkar heiðri. Hitt væri svo hægt að deila um á eftir á milli þeirra, sem vilja semja aftur við Bandaríkin, hvort eigi að endurskoða samninginn og gera nýjan eða hvort það eigi engan samning að gera, eins og Sósfl. fyrir sitt leyti alltaf hefur staðið á, því að hann áleit frá upphafi glópsku að gera þennan samning. Ég þykist vita og sjá það af reynslu síðasta árs í þessum efnum, að ef samningnum er ekki sagt upp, halda Bandaríkin áfram að færa sig upp á skaftið. Það var talað mikið um, að framkvæmd hernámssamningsins í höndum Sjálfstfl. hefði verið hneyksli. Framsfl. hefur haft með þessa framkvæmd að gera nú. Og ég ætla ekki að draga úr því, að þeir menn, sem með það hafa haft að gera, hafi gengið að því með góðum hug að reyna að bæta þarna úr. En hver er árangurinn? Fimm nýjar herstöðvar og yfirlýsingar um höfn í Njarðvík, um lengingu flugbrauta og annað slíkt. Það er þess vegna gefið, að við verðum að beita öðrum aðferðum í þessum efnum. Og aðferðin, sem dugir, er uppsögn samningsins. Þegar hún er framkvæmd í því formi að heimta endurskoðun samningsins og nota næstu sex mánuði til samninga eða uppsagnar, þá getum við deilt um það innbyrðis, hvort hann skuli endurskoðaður og gerður að nýju eða hvort það skuli enginn samningur gerður. En það vil ég segja þeim — og ekki sízt þeim, sem kannske af góðum hug hafa haft með þessa samninga að gera, að með þessu móti, eins og unnið hefur verið að undanförnu, komast þeir aldrei áfram, vegna þess að þeir kunna ekki að skapa sér þá aðstöðu, sem gerir þeim mögulegt að slá í borðið við Bandaríkjastjórn.

Umr. frestað.
Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var umr. fram haldið.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Svör hæstv. ráðh. og svaraleysi, ef svo mætti segja, við þeim spurningum, sem ég bar hér fram á síðasta fundi í sambandi við skýrslu hans um niðurstöðurnar af endurskoðun varnarsamningsins, gefa mér tilefni til nokkurra athugasemda.

Skal ég þá fyrst víkja að því atriðinu, sem hæstv. ráðh. var einna margorðastur um, en það eru reglurnar um ferðir varnarliðsmanna út af varnarsvæðunum og ferðir Íslendinga inn á varnarsvæðin. Að því er snertir setningu þessara reglna, þá þykir mér rétt að víkja að því nú þegar, að svo virðist sem ekki sé fullkomlega ljóst, með hverjum hætti reglur þessar hafa verið settar. Mér skildist á skýrslu hæstv. ráðh., að reglurnar bæði um ferðir varnarliðsmanna út af svæðunum og Íslendinga inn á svæðin hefðu verið ákveðnar einhliða af íslenzkum stjórnarvöldum. En í síðari ræðu hans virtist mér koma fram, að þetta ætti ekki alveg við að því er snerti ferðir varnarliðsmanna út af varnarliðssvæðunum. Og kom það fram í ræðu hans, að hæpið væri a. m. k., hvort Íslendingar einir eða íslenzk stjórnarvöld ein gætu um þetta sett reglur samkv. ákvæðum varnarsamningsins. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að það væri tvímælalaust, að íslenzk stjórnarvöld gætu einhliða sett reglur um ferðir varnarliðsmanna út af varnarsvæðunum, og byggi það m. a. á því, að í upphafi samningsins er það beinlínis tekið fram, að úrslitayfirráð þessara mála skuli vera í höndum íslenzkra stjórnarvalda og þau aldrei túlkuð þann veg, að það raski þessum úrslitayfirráðum. Sé nú hins vegar svo, að hæstv. ráðh. sé þeirrar skoðunar, að einhver ákvæði samningsins séu því til fyrirstöðu, að íslenzk stjórnarvöld setji einhliða reglur um þetta efni, þá leit ég svo á, að það væri alveg sjálfsagt og eitt fyrsta atriðið, sem hann mundi krefjast við endurskoðun samninganna, að því ákvæði samninganna yrði breytt þannig, að á því gæti enginn vafi leikið, að Íslendingar hefðu þarna í sínum höndum úrslitavaldið.

Að því er snertir aftur á móti reglurnar um ferðir Íslendinga inn á varnarsvæðið, þá sagði ráðh. í seinni ræðu sinni alveg skýrt og tvímælalaust, að þær reglur hefðu verið settar af íslenzkum stjórnarvöldum einhliða. Hins vegar er frá því skýrt í Tímanum þann 27. maí 1954, að þessu sé ekki þannig háttað. Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtímis hefur verið gert samkomulag milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og yfirmanns varnarliðsins um, á hvern hátt ferðir varnarliðsmanna út af samningssvæðum og ferðir Íslendinga inn á samningssvæði skuli takmarkaðar."

Hér segir alveg skýrt og skorinort, að um þetta hafi verið gert samkomulag milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og yfirmanns varnarliðsins, en alls ekki, eins og hæstv. ráðh. segir nú, að þetta hafi verið ákveðið einhliða af íslenzkum stjórnarvöldum. Hvort tveggja getur ekki verið rétt. Annaðhvort er það rétt, sem hæstv. ráðh. segir nú, og þá rangt það, sem í Tímanum stendur, eða það er rangt, sem ráðh. segir nú, og rétt það, sem í Tímanum stendur. Ég vildi mjög óska, að þetta kæmi fram, og ég vildi enn á ný ítreka ósk mína um, að það samkomulag, sem um þetta hefur verið gert, sé birt.

Þá segir hæstv. ráðh., að reglurnar um ferðir varnarliðsmanna út af umráðasvæðum sveitanna séu hernaðarleyndarmál, a. m. k. sá hluti reglnanna, sem fjallar um tölu þeirra varnarliðsmanna, sem á hverjum tíma fái útgönguleyfi eða ferðaleyfi. Hins vegar upplýsti hann, að það væri mjög mismunandi tala varnarliðsmanna, sem fengi burtfararleyfi á hverjum tíma; það væri allt niður í 5 á dag og allt upp í 52 og hvarvetna þar á milli.

Mér er nú óskiljanlegt, — ég verð að segja það, — hvers vegna slík ákvæði sem þessi, um tölu þeirra manna, sem gætu fengið ferðaleyfi, þurfa að vera hernaðarleyndarmál. Og ég vil mjög vænta þess, að hæstv. ráðh. fái því nú framgengt með samningum, ef ekki fengist breytt ákvæðum samninganna um þetta atriði, að slíkt yrði ekki lengur neitt feimnismál, neinn leyndardómur.

Hins vegar upplýsti hæstv. ráðh., að settar hefðu verið reglur um það, hvenær þeir menn, sem fengju burtfararleyfi af vellinum, skyldu hverfa heim aftur til búðanna, og virtist mér á honum, að hann teldi þar allmikið hafa áunnizt. Þessar reglur kvað ráðh. vera þannig, að varnarliðsmenn skyldu hverfa heim flest kvöld vikunnar kl. 10, en eitt kvöld í viku kl. 12 að kvöldi. Það er nú eins og mig minni, að þetta sé ekki fullkomið nýmæli. Ef ég man rétt, voru eftir allmikið þóf árið 1952 gefnar út reglur um dvöl varnarliðsmanna utan samningssvæða, og ég man ekki betur en tíminn væri hinn sami, kl. 10 og kl. 12. Ég man ekki, hvort það voru fimm kvöld í viku kl. 10 og tvö kvöld kl. 12, en þær reglur voru a. m. k. mjög svipaðar í höfuðatriðum og þessar reglur, sem nú hafa verið settar.

En til viðbótar þessu upplýsti svo hæstv. ráðh., að talsvert af erlendum varnarliðsmönnum hefði búsetu utan samningssvæðanna. Ég hef haldið, að þetta væri óheimilt samkv. samningnum, og vildi mega biðja hæstv. ráðh. að upplýsa, ef svo er ekki, og hverjar reglur þá gilda um þetta. Hæstv. ráðh. sagði, að þeir menn, sem hér væri um að ræða, væru einkum þeir, sem giftir væru íslenzkum konum, og enn fremur þeir, sem giftir væru bandarískum konum, þeir hefðu fengið leyfi til að leigja sér íbúðir utan varnarsvæðanna hér í Reykjavík og Keflavík. Og víst er um það, að oftlega sjást í blöðunum auglýsingar, þar sem óskað er eftir húsnæði fyrir bandaríska menn. Mig furðar mjög á því, að hæstv. ráðh. skyldi ekki gefa upplýsingar um, hversu mikinn fjölda hér er um að ræða. Það er að minni hyggju alveg nauðsynlegt. Ég veit ekki betur en þetta sé óheimilt eftir varnarsamningnum. En það er augljóst, að ef hér er um tölu fólks að ræða, sem nokkru nemur, þá er tvímælalaust skylt að setja skorður fyrir þetta, ef unnt er, og fá samningnum svo breytt, að það sé unnt, ef það er ekki hægt samkv. honum eins og hann er nú.

Húsnæðisleysið er þannig nú hér í borg og ekki í Keflavík síður, að það er óverjandi að láta útlenda menn taka húsnæðið frá íbúum bæjanna, sem eru í mesta hraki með að fá þak yfir höfuðið. Ég veit ekki, hvort það hefur átt að vera sagt sem fyndni hjá hæstv. ráðh., en hann leyfði sér, að mér skildist til að sýna, að ekki væri nein hætta eða leiðindi samfara dvöl þessara manna í bæjunum, að segja, að þessir giftu menn, t. d. sem eru búsettir hér í Reykjavík, ættu að vera komnir heim kl. 10 á kvöldin, eins og þeir ættu að vera komnir inn á varnarsvæðin, ef þeir byggju þar. Þetta eru náttúrlega góðar upplýsingar. (Gripið fram í.) Ég er ekki neitt að tala um, að það sé mjög illa með þá farið, en ég hef mínar efasemdir um, að þetta sé framkvæmt bókstaflega, og ég tók þetta eiginlega nánast sem spaug hjá hæstv. ráðh., að þessir menn séu undir því eftirliti af lögreglunni, að þeir séu alltaf komnir heim til konunnar kl. 10 á hverju einasta kvöldi, ef þeir eru búsettir hér. Það minnir mig á, að í stríðinu voru, ætla ég, settar af stjórnarvöldunum, sem voru mjög röggsöm í þann tíð ekki síður en nú, reglur um það, að námsfólk, þ. á m. sjómannaskólapiltar, mætti ekki vera úti eftir kl. 10 á kvöldin, eða 8 á kvöldin var það nú víst, nema í fylgd með foreldrum sínum. Þessir sjómannaskólapiltar voru margir rígfullorðnir skipstjórar, sem höfðu verið skipstjórar á bátum svo að árum skipti, og svo máttu þeir ekki fara út eftir kl. 8 eða 10 á kvöldin nema í fylgd með mömmu sinni, ef þeir voru á sjómannaskólanum hér í Rvík. Þessi frásögn hæstv. ráðh., sem ég skoða nánast sem spaug, minnti mig á þessi ákvæði.

Um þetta atriði er í stytztu máli það að segja, að augljóst er af þessu, að þá einu takmörkun á ferðum varnarliðsmanna, sem um er að ræða, fyrir utan tímatakmarkið, hvað lengi þeir megi dvelja, er að finna í ákvæðunum um fjölda þeirra manna, sem hverju sinni mega fá útgönguleyfi af vellinum. Um það hafa Íslendingar ekkert að fjalla, og um það fær Alþingi og engir aðrir neitt að vita. Ég verð því að telja, að það séu mjög ófullnægjandi upplýsingar um þetta atriði, og enn endurnýja það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að um þetta tel ég alveg nauðsynlegt að íslenzk stjórnarvöld hafi alveg einhliða ákvörðunarrétt. Sé það ekki tvímælalaust samkv. samningnum, að ákvörðunarrétturinn sé einhliða í þessu efni fyrir Íslendinga, þá er nauðsynlegt að fá fram þær breytingar á samningnum, að þetta sé gert alveg tvímælalaust.

Þá spurði ég hæstv. ráðh. um það, hvaða íslenzk yfirvöld þekktu þær reglur eða hverjum íslenzkum yfirvöldum hefðu verið tilkynntar þær reglur, sem gilda ættu um ferðir varnarliðsmanna út og inn af svæðunum, — hvenær það hefði verið tilkynnt þessum yfirvöldum og hvort ekki hefði verið sérstaklega tilkynnt lögreglunni í Keflavík, á Keflavíkurflugvelli, lögreglunni í Reykjavík, Hafnarfirði og öðrum nærliggjandi stöðum innihald þessara reglna og þeim þá að sjálfsögðu boðið að líta eftir því, að þessum reglum yrði fylgt. Við þessu fékk ég engin svör.

Það liggur í augum uppi, að þýðingarlaust er að setja reglur, sem ætlazt er til að farið sé eftir, ef hlutaðeigandi yfirvöldum eru ekki tilkynntar reglurnar og fyrirmæli gefin um, að þeim skuli fylgt. Þessi tilkynning var gefin út af hæstv. ráðh. þann 26. maí og sagt, að þá samtímis gengi hún í gildi, þannig að ég verð að vænta þess, ef ekki er annað upplýst, að lögreglunni a. m. k. í Keflavík, Reykjavík og nærliggjandi svæðum hafi verið tilkynnt efni og innihald þessara reglna. — Og þá kem ég enn að því með töluna: Hvernig eiga þeir að líta eftir því, að ekki fari fleiri út á hverjum degi en til er ætlazt, ef ekki er a. m. k. lögreglunni gert kunnugt um, hve margir flest mega fara samdægurs út af vellinum eða vallarsvæðinu?

Þá var annað atriði, sem hæstv. ráðh. vék nokkuð að og ég hafði spurzt fyrir um, en fsp. mín var á þá leið: Eru nokkur ákvæði í hinu nýja samkomulagi, sem gera ráð fyrir, að stjórn Bandaríkjanna geti falið erlendum aðilum framkvæmd verks, sem Íslendingar hafa gert boð í eða ekki verið gefinn kostur á að bjóða í? Hæstv. ráðh. sagði í sambandi við þetta, að í samningsviðræðunum hefði einmitt þetta atriði verið hið erfiðasta, og ég skildi ræðu hans svo, að ef verkið yrði boðið út og kæmi lægra tilboð annars staðar frá en íslenzkir verktakar hefðu gert, þá gæti svo farið, að erlendir verktakar yrðu látnir taka þetta verk að sér, og alveg sérstaklega tók hann þetta fram að því er varðaði framkvæmdir við höfn í Njarðvík, ef til slíkra framkvæmda kæmi, sem hæstv. ráðh. sagði að að þessu sinni væri ekkert ákveðið um.

Enn fremur upplýsti hæstv. ráðh. það, að ef af einhverjum ástæðum teldust íslenzkir verktakar ekki færir um að vinna verkið, þá væri einnig sá möguleiki fyrir hendi að fela það erlendum verktökum. Milligöngu í þessu efni, ef til ágreinings kæmi, ættu íslenzk stjórnarvöld að hafa, en ef sú milliganga leiddi ekki til samkomulags, þá væri sú leið til — og sú ein, sagði hæstv. ráðherra, að neita að veita leyfi til framkvæmdar verksins. Ef það væri ekki gert, skildist mér, mætti gera ráð fyrir því, að verkið gæti orðið falið erlendum verktökum.

Ég verð að segja, að eftir þessar upplýsingar hæstv. ráðh. virðist mér það fjarri, að svo tryggilega sé um hnútana búið í þessu efni sem upphaflega hefur verið látið í veðri vaka. Mér virðist fullkomin óvissa um það, hvort það verður úr því í framkvæmdinni, þrátt fyrir það sem segir í skýrslu hæstv. ráðherra, að íslenzkum verktökum séu tryggðar þessar framkvæmdir, það megi á ýmsan hátt fara fram hjá þeim ákvæðum, skapa ágreining, þar sem enginn fullgildur úrskurðaraðili er til, sem getur fellt lokaúrskurð í málinu, a. m. k. ekki íslenzkur aðili.

Að því er snertir fyrirspurn um þjálfun íslenzkra manna til að taka við störfum, gæzlu og umsjón mannvirkja, störfum á radarstöðvum og annað slíkt, þá upplýsti hæstv. ráðh. beinlínis, að það, sem ákveðið hefði verið um þjálfun í þessu efni, tæki alls ekki til starfsmanna á radarstöðvunum, þær væru undanteknar í þessu efni og það væri ætlunin, skildist mér, að þjónustan þar yrði innt af hendi af erlendum mönnum, og sama skildist mér einnig gilda um fjarskiptastöðvarnar í Grindavík, á Miðnesi og loftskeyta-

stöðina á Stapanum. Þetta veldur mér nokkurri undrun. Ég hafði talið og fæ ekki séð annað en að svo til öll störf — ef ekki öll — á þessum stöðvum ættu að geta verið unnin af íslenzkum mönnum, sem þyrftu ekki neina sérstaka hernaðarþjálfun. En skoðun okkar Alþýðuflokksmanna og það, sem ég hefði viljað vona að hæstv. ráðh. hefði viljað stefna að í sinni samningaviðleitni, er sú, að þannig beri að greina á milli, meðan varnarsveitir eru í landinu, að öll þau störf, sem eru ekki hernaðarlegs eðlis, ætlu að vera í höndum Íslendinga, en eingöngu sú hernaðarfræðilega hlið varnaraðgerðanna væri í höndum erlendra manna, og það er tvímælalaust sú skipting í þessu efni, sem allur þorri Íslendinga telur sjálfsagða og það eina, sem hægt er við að una, — allt það, sem getur fallið undir borgaralegt starf, verði falið Íslendingum, en hitt eitt verði í höndum varnarsveitanna erlendu, sem útheimtir hreina hernaðarlega þjálfun og kunnáttu. Mér eru það því vonbrigði, að ekki hefur áunnizt meira í þessu efni en hæstv. ráðh. gerir grein fyrir.

Ég spurðist einnig fyrir um það, hvort rætt hefði verið um tolla á áfengi og tóbaki og slíku, sem inn er flutt til verkamanna og varnarsveitanna á Keflavíkurflugvelli, hvort rætt hefði verið um vegaviðhald og kostnað af því og hver ábyrgðist vinnulaunagreiðslur, sem hefðu ekki verið inntar af hendi, ef Hamilton færi, og við því fékk ég engin svör.

Loks spurðist ég fyrir um það og mæltist til þess við hæstv. ráðh., að hann léti birta þær reglur og það samkomulag eða samninga, sem gert hefði verið í þessu efni, bæði heildarsamning og reglur um einstök atriði. Hæstv. ráðh. veitti engin svör við þessu. Það gefur mér tilefni til fyrirspurnar, sem ég vænti að mundi ekki þurfa að bera fram, en sé mig, eins og málinu nú er komið, nauðbeygðan til að spyrjast fyrir um, og sú fsp. er þá á þessa leið: Hefur hæstv. ráðherra gert nokkurn formlegan, skriflegan samning um þessi efni við stjórn Bandaríkjanna, eða hefur hann ekki gert það? Mér virðist sú leynd og hula, sem yfir þessu er, benda sterklega til þess, að hér sé í raun og veru ekki um samninga að ræða, ekki endurskoðun á varnarsamningnum frá 1951, ekki nýjan samning, og enn hef ég ekki fengið upplýsingar um, að sérsamningar hafi verið gerðir um ákveðin atriði. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðh., — liggur við, að ég megi biðja afsökunar á að þurfa að spyrja svona: Hefur verið gerður samningur, heildarsamningur eða samningur um breytingar á eldri samningi, eða samningar varðandi einstök atriði hans, eða hafa slíkir samningar ekki verið gerðir? Er það, sem hæstv. ráðh. er hér að segja okkur um fyrirætlanir sínar í þessu efni eða hvað koma skuli, einhliða yfirlýsingar frá honum, sem hann hefur fengið samþykki hins samningsaðilans til að mega birta, eða er hér um samning að ræða, eins og allir höfðu búizt við, þegar þessar viðræður voru teknar upp, og eins og hæstv. ráðherra hefur alltaf talað um, þegar hann hefur talað um samkomulags- og samningsviðleitni? Um þetta vildi ég óska að fá alveg skýr og ákveðin svör.

Í sambandi við þetta vil ég svo minna á það, sem ég margsinnis hef spurt um og hæstv. ráðh. hefur aldrei svarað, og það er: Hvað fór ríkisstj. fram á í þessum samningaviðræðum við Bandaríkjastjórn, sem hún fékk ekki fram? Hvað fóru íslenzk stjórnarvöld fram á umfram það, sem hæstv. ráðh. nú hefur greint frá að samkomulag hafi náðst um? Fór hæstv. ríkisstj. fram á það, að þegar búið væri að þjálfa Íslendinga til að taka við þeim störfum, sem greint hefur verið, þá yrði uppsagnarfresturinn styttur, ef ekki spilltist útlitið í alþjóðamálum? Fór hæstv. ráðh. fram á það, að íslenzkir menn yrðu þjálfaðir til þess að taka við þjónustu á radarstöðvunum? Hefur ráðh. nokkuð minnzt á það, að tollfrelsi væri afnumið á algerum óþarfavörum, sem fluttar eru inn til varnarliðssveitanna og verkamanna á Keflavíkurflugvelli? Þetta er ákaflega þýðingarmikið fyrir Alþingi að vita, hvað reynt hefur verið í þessu efni og hverjar undirtektirnar hafa verið. — Ég sé á hæstv. fjmrh., að það léttist á honum brúnin, þegar ég spyr um tollana á áfenginu og tóbakinu. (Fjmrh.: Ég var að segja við sessunaut minn, að það væri gaman að vita, hvort hv. þm., sem hefur verið að tala, teldi sígarettur óþarfa.) Það er dýr munaður, mundi ég segja, mjög dýr munaður.

Niðurstaða mín verður því sú: Það er enn í fullkominni óvissu, að hve miklu leyti Íslendingar taka í sínar hendur framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og í sambandi við hann. Það er enn óvissa um það, til hverra starfa Íslendingar verða þjálfaðir, að öðru leyti en því, að það er vitað, að það er ekki ætlazt til, að þeir verði þjálfaðir til að taka við rekstri radarstöðvanna. Það er leyndarmál enn, með hverjum hætti reglurnar um ferðir varnarliðsmanna utan svæðanna eru, að því er snertir fjölda þeirra manna, sem útgönguleyfi fá hverju sinni. Uppsagnarfresturinn er óbreyttur eins og í núgildandi samningi og ekki upplýst, hvort farið hefur verið fram á, að hann yrði styttur.

Ég verð því að segja það, að ég tel niðurstöðurnar af þessum samningaviðræðum, samkomulagstilraunum hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnar Bandaríkjanna, gersamlega ófullnægjandi. Ég get ekkert um það dæmt, hvort þetta er vegna þess, að slælega hafi verið fylgt eftir málinu af Íslands hálfu og ekki bornar fram þær kröfur, sem ég hefði talið sjálfsagt fyrir mitt leyti að fram hefðu verið bornar, eða hvort hér hafi strandað á andstöðu hins samningsaðilans. En niðurstaðan er sem sé að mínum dómi gersamlega ófullnægjandi.

Alþýðuflokkurinn lítur einnig svo á, — og það er ástæðan til þess, að við þingmenn hans höfum borið hér fram till. um endurskoðun varnarsamningsins með þeim hætti, — að nú skuli leitað til ráðs Atlantshafsbandalagsins og það látið gefa grg. um ástandið í heiminum nú og rökin fyrir því, að nauðsyn sé að hafa hér sveitirnar áfram. Þessi tími sé jafnframt notaður til þess að reyna að knýja fram þær breytingar, sem drepið er á í þáltill. okkar, en fáist það ekki, áður en þeir sex mánuðir eru liðnir, sem gert er ráð fyrir í samningnum, þá sé málinu fylgt eftir á þann hátt að segja samningnum upp samkv. ákvæðum

7. gr. og taka á sig þá áhættu, sem því kann að fylgja. Ef á þeim 12 mánuðum fengjust þeir agnúar sniðnir af samningnum, að hann gæti talizt nokkurn veginn viðunandi af Íslands hálfu og ástandið í alþjóðamálum talið svo iskyggilegt, að ekki væri vert að láta sveitirnar hverfa burt, þá mætti að sjálfsögðu athuga með nýjan samning á þeim grundvelli.

Loks vil ég leyfa mér að endurtaka þessa nýju fyrirspurn mína til hæstv. ráðh. um það, hvort gerður hafi verið um þau efni, sem hér hefur verið rætt, formlegur, skriflegur samningur við stjórn Bandaríkjanna, annaðhvort heildarsamningur, sérsamningar um einstök atriði eða ákveðnar reglur, sem báðir aðilar hafi fallizt á og skrifað undir.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég var einn af þeim, sem tóku þátt í samningagerð eða endurskoðun á þeim samningum, sem fyrir lágu milli Bandaríkjanna og Íslendinga, og vegna þess að það hefur verið nokkuð um þessa samningagerð rætt, taldi ég rétt að segja nokkur orð um þá breytingu, sem gerð var frá því, sem áður var.

Það var spurt um það hér af hv. 4. þm. Reykv., hvort samningurinn, sem gerður hefði verið, væri venjulegur samningur, sem báðir aðilar skrifuðu undir, eins og stundum er gert í milliríkjasamningum, eða hvort þetta væri ekki raunverulegur samningur. Nú veit þessi hv. þm., að milliríkjasamningar eru gerðir með ýmsu móti og eru jafngildir, með hverjum hætti sem gert er. Samningurinn, sem var gerður hér 1951, var gerður með þeim hætti, að hingað komu fulltrúar frá Bandaríkjunum, sem sömdu við íslenzka aðila, og síðan munu hafa skrifað undir samninginn utanríkisráðherra og sendiherra Bandaríkjanna. Aftur á móti var samningurinn, sem gerður var hér 1941, gerður með nótuskiptum, þar sem skýrt er frá því, hvað farið er fram á, og síðan svarað, hvað fallizt er á, og svo um leið staðfest frá hinum aðilanum, að hann sé því samþykkur. Þannig koma samhljóða nótur frá báðum aðilum, sem verða þá jafngildar og samningur. Þannig var samningurinn 1941, þegar Bandaríkjaher kom hingað, og var það jafngildur samningur og samningurinn 1951, þó að það væri gengið frá honum með öðrum hætti. Þó að deilt sé um það, hvort herinn hefði átt að koma hingað, efnislega, var samningurinn 1941 mjög hagkvæmur fyrir Íslendinga, eins og hann líka reyndist í styrjöldinni. Það, sem gerðist núna, var, eftir því sem ég bezt veit, nótuskipti, sem fóru fram milli sendiherra Bandaríkjanna og utanríkisráðherra.

Það er minnzt hér á tolla og tollaeftirgjafir, sem Bandaríkjamenn fái á sígarettum og öðrum vörum, sem þeir flytja hingað inn til neyzlu handa hernum. Að sjálfsögðu skýrir hæstv. utanrrh. frá því. En ef ég man rétt, þá var skýrt frá því hér á Alþingi, hvað það yrði, sem farið yrði fram á við Bandaríkjamenn í þeim samningum, sem fyrir dyrum stóðu; og ég man ekki til þess, að nokkur maður minntist þá á það eða óskaði eftir því, að farið yrði fram á, að þeir greiddu toll af þeirri vöru, sem þeir flyttu hingað inn til neyzlu handa hernum. Ég man ekki eftir því, það kann að vera misminni. En það var einmitt skýrt frá því hér á Alþingi af hæstv. utanrrh., hvað mundi verða farið fram á, og ég hygg líka, að því sé nú svo háttað, að her greiði hvergi toll af þeim vörum, sem hann flytur inn, þegar hann er í öðru landi og telur sig vera þar með þess lands samþykki, og náttúrlega því síður, ef hann er það ekki. Ég hygg, að það sé ekki hægt að benda á neitt fordæmi þess, að þannig sé; og þó að kannske dragi ekki mikið um þessa tolla, sem hér eru, þá er það eðlilegt, að það sé á því nokkur tregða, að sú regla sé tekin upp hér, ef hún gildir hvergi annars staðar, vegna þess að það mundi draga sjálfsagt nokkuð mikinn dilk á eftir sér.

Það eru annars þau atriði, sem mest hefur verið rætt um, sem ég ætla að gera hér aðallega að umtalsefni.

Það er mikið um það talað nú, að framkvæmdirnar á Keflavíkurflugvelli og aðrar hernaðarframkvæmdir í landinu raski jafnvæginu á vinnumarkaðinum í landinu. Ég hef ferðazt talsvert um landið núna s. l. sumar, og það er ekki hægt að neita því, að þessi umkvörtun á sér stað og það nokkuð víða. Þess gætir nokkuð, að fólk vill fremur fara til Keflavíkur og vinna þar létta vinnu heldur en vinna við okkar framleiðslustörf, sem eru tiltölulega erfið, ýmis af þeim a. m. k. En því er nú þannig háttað, að þetta breytist furðulega fljótt hjá okkur í þessu landi. Það er um hálft þriðja ár síðan hér var atvinnuleysi, og a. m. k. fyrir tveimur árum bar þá kröfu hæst í þessu landi, að hingað kæmu ekki erlendir verkamenn, vegna þess að þeir tækju vinnuna frá íslenzkum verkamönnum, sem hefðu hennar fulla þörf, og þessi krafa kom ekki aðeins fram hér í Reykjavík, hún kom fram á fundum víðs vegar um land. Svo skyndilega breytast nú viðhorfin. En hvað sem því líður, þá er nú þannig háttað, að í samningnum, sem núna liggur fyrir, á að taka fullt tillit til íslenzkrar framleiðslu, og ríkisstj. hefur samkv. þeim samningi, sem fyrir liggur, fullt vald til þess að takmarka það vinnuafl, sem til Keflavíkur fer.

Ég veit, að ríkisstj. er í verulegum vanda með þetta atriði, því að enn þá eru kvartanir sums staðar úti á landi yfir því, að ekki sé nægileg vinna. Og það munu þeir hv. þm., sem hér eru, þekkja, a. m. k. þekki ég til þess, sem eins og ég sagði áðan hef ferðazt út um land í sumar talsvert og það nýlega og orðið fyrir sams konar kvörtunum. Það er þess vegna vandi að stilla þessu í hóf. En eins og upplýst hefur verið hér í þessum umr., er 600 manns færra í vinnu á Keflavíkurflugvelli en áður var. Og það leynir sér ekki fyrir neinum, að sú vöntun, sem núna er á verkafólki til ýmissar vinnu, — ég ætla ekki að segja, að hún stafi ekki að einhverju leyti af því, að margir vinna á Keflavíkurflugvelli, — en hún stafar ekki sízt af því, að það er meira byggt í Reykjavík en hefur átt sér stað í mörg ár. Og sennilega vita hv. þm., að það er þegar búið að kaupa fólk úr öðrum atvinnugreinum í byggingarnar í Reykjavík; m. a. eru húsasmiðir keyptir út af verkstæðunum með hærra kaupi.

En hvað sem því líður, þá er þetta atriði samningsins með þessum hætti, sem ég hef skýrt frá

og hæstv. utanrrh. raunar skýrði frá í gær. Og ég er satt að segja þeirrar skoðunar, að eins og gengið er frá þessum samningum núna, ef þeir eru framkvæmdir, sem ég efast ekkert um, þá verði erfitt fyrir okkur að hafa her hér í landinu, þannig að ekki verði okkur að verulegu tjóni, ef ekki er hægt að ráða við það samkvæmt þeim samningum, sem núna liggja fyrir. Um þetta atriði hef ég gefið þær upplýsingar, sem ég tel að séu nægilegar, og skal ekki fara fleiri orðum um það.

Hver ræður því, hvað Íslendingar framkvæma og hvað þeir teljast hæfir til að gera? Það er sennilega flestum kunnugt, sem hér eru inni, að áður réð verkfræðingadeild hersins því, hvað Íslendingar framkvæmdu og til hvers þeir teldust hæfir. Og þetta er það, sem þeir hafa haldið fram að gert sé í öllum löndum, verkfræðingadeild hersins bæri ábyrgð á framkvæmdunum, að þær væru rétt gerðar og öruggar, og þeir gætu ekki falið öðrum en verkfræðingadeild hersins neins staðar að skera úr um það atriði. Það er rétt að skýra frá því hér, því að vitanlega er nauðsynlegt að ræða öll þessi mál eins opinskátt og frekast er unnt, að um þetta var verulegur ágreiningur. T. d. býst ég við, að fáir muni verða nokkuð undrandi yfir því, þó að sé nokkur ágreiningur um það, hvort við Íslendingar séum eins og sakir standa hæfir til þess að taka að okkur malbikun, sem þarf að þola nokkur hundruð gráðu hita og er að því leyti nokkuð sérstakt verk. Ég sé, að einn þm. skrifar það upp, þegar ég nefni nokkur hundruð gráðu hita. Á völlum, sem þrýstiloftsflugvélar fljúga um, er hitinn nefnilega það mikill, um leið og þær taka sig á loft, að það skiptir nokkrum hundruðum gráða, sem völlurinn þarf að þola. Við sjáum það hér í Reykjavík og því var haldið fram einu sinni af forseta bæjarstjórnarinnar, að malbikun væri hér á tilraunastigi, og óneitanlega er það þannig, að þegar við förum hér um göturnar, hvort sem það er í Reykjavík eða í nálægum kaupstöðum, þá hugsum við oft um þessi orð og komumst að þeirri niðurstöðu, að þau muni vera allt of sönn. Eitt af því, sem gert var með þeirri tækniþjálfun, sem skýrt hefur verið frá að átt hafi sér stað, er að koma því til vegar, að Íslendingar gætu tekið að sér þessa malbikun.

En hvað sem því líður, hvaða verk Íslendingar geta tekið að sér eða ekki, þá var það skilið eftir í samningunum óákveðið, eins og hv. 4. þm. Reykv. minntist hér á, hvor aðilinn réði, ef ágreiningur verður. Það er það rétta, það er skilið eftir í samningunum. En það var ákveðið, að í nóvember og desember ár hvert fari fram athugun á því, hvað talið er að íslenzkir verkfræðingar geti leyst af hendi. Fundur um það verður núna á næstunni, og ef ágreiningur verður, þá hafa Íslendingar, vegna þess að þetta er ákveðið fyrir árið fyrir fram, tvær leiðir, ef þeim sýnist, að óbilgirni sé sýnd. Þeir geta neitað að láta framkvæma verkið. Þeir geta neitað að samþykkja verkið, því að það þarf að samþykkja hvert verk af íslenzku ríkisstj. Og þeir geta neitað að láta vinnuafl til þess að framkvæma það. Þannig er um þetta atriði. Það er raunverulega að forminu til óákveðið, hvor ákveði það, en valdið — og það gera samningamenn Bandaríkjanna sér fyllilega ljóst — er að þessu leyti í höndum Íslendinga og með tvennum hætti fullkomlega.

Það breytist nokkuð skyndilega allt saman hjá okkur. Það var talið í fyrra, að herinn væri ágætur, það væri Hamilton, sem væri aðalmeinið í þessu öllu saman. Og ég vil ekki neita því, að eftir því sem ég kynntist þessu betur, komst ég að þeirri niðurstöðu, að þessar raddir höfðu vissulega mikið til síns máls. Þau atriði, sem var fundið að og menn eru eiginlega búnir að gleyma núna, voru þau, að verkamennirnir, sem Hamilton hefði í vinnu, tækju vinnu frá Íslendingum og útlendingar stjórnuðu Íslendingunum með ókurteisi. Ég býst við, að það hafi nokkuð átt sér stað, að þar hafi verið misskilningur á milli stjórnenda og verkamanna. Einnig var sagt, að þeir greiddu ekki rétt kaup, — það voru um þúsund kærur frá Íslendingum út af því, að þeir hefðu ekki fengið rétt kaup, — útlendingarnir hefðu meira frelsi en herinn og kæmu hingað til bæjarins. Þetta var alveg rétt. Þeir höfðu það, og þeir voru mjög áberandi hér á götunum, og ýmislegt, sem hernum var kennt, var áreiðanlega þessara manna sök. Þeir höfðu hærra kaup en Íslendingar, og þetta olli geysilegum leiðindum, eins og alltaf, þegar misrétti á sér stað, þannig að einn verkamaður er með helmingi hærra kaup en hinn. Þeir höfðu fríðindi til þess að kaupa tollfrjálsar vörur, sem íslenzku verkamennirnir höfðu ekki, og þeir biðu oft í hópum til þess að fá útlendu verkamennina til að kaupa fyrir sig tollfrjálsar vörur, og þetta voru eins og hálfgerðar snikjur. Allt þetta var fært fram gegn því, að Hamilton væri hér áfram, og ég býst við, að allar þessar kvartanir hafi haft við mikil rök að styðjast.

Nú er það ekkert launungarmál, að það var ekkert auðvelt verk að fá því komið til vegar, að Hamilton færi héðan. Og ég man eftir því, að þegar því var lýst yfir hér í einu blaði, að Hamilton yrði að fara, þá var það tekið sem stóryrði, sem ekki mundi verða staðið við. Nú hefur það fengizt fram, og það er þá talið kannske ekki svo mikils virði. En ég er ekki í neinum vafa um það, að með því, að Hamilton fer héðan með þá útlendu verkamenn, er komið í veg fyrir mikið af þeim ágreiningi á Keflavíkurflugvelli, sem hefur verið alvarlegastur. Og ég er ekki í neinum vafa um, að það er mikil framför frá því, sem áður hefur verið, þegar sá dagur rennur upp, að þeir hætta að vera verktakar hér og stjórna íslenzkum verkamönnum.

Það er spurt um það, hvort Njarðvíkurhöfnin sé nauðsynleg. Ja, það hefur nú verið fundið að því á undanförnum árum alveg sérstaklega, að hergögn skuli hafa verið flutt í gegnum Reykjavíkurhöfn, og því talin fylgja veruleg hætta. Þetta hefur verið ein af aðalumkvörtununum í sambandi við veru hersins, ekki einu sinni, heldur tugum sinnum. Og vitanlega er ekki hægt að neita því, að það er eðlilegast, að þær vörur, sem fluttar eru til hersins, séu fluttar þangað á þennan hátt.

Það hefur verið minnzt á útboðið á framkvæmdinni við að byggja þessa höfn. Það kann

að vera, að það þyki óeðlilegt, þegar um svona stórt verk er að ræða, að sá, sem á að kosta verkið, hafi leyfi til þess að bjóða það út. Ég verð nú að segja það, að ég tel það ekki alls kostar ósanngjarnt. Og ég get lýst því hér yfir, að þegar um var rætt, hvort þetta ætti að leyfa eða ekki, — sem liggur nú náttúrlega í augum uppi að varla er hægt að komast hjá, og það hafa orðið geysilegar þrætur út af þessu t. d. við Spánverja, út af því, hvernig útboðin ættu að fara fram þar vegna framkvæmdanna á Spáni, og þeir, sem eiga að kosta verkið, vilja ekki víkja frá því að geta undir sumum kringumstæðum haft útboð, — þá vil ég lýsa því yfir hér, að þegar var rætt um þetta mál, þá lýstu íslenzkir verktakar því yfir, að þeir væru alveg óhræddir við þessi útboð, því að reynslan hefði sýnt, að þeir gætu boðið lægra en hinir vegna þess, hvað stjórnarkostnaðurinn væri geysilegur við þessi verk hjá Bandaríkjamönnum. Má það gjarnan koma hér fram, vegna þess að þeir tóku það mjög greinilega fram í sambandi við nokkra þrætu, sem varð um það, hvort útboð ætti að fara fram á þessu verki. Þeir skáru alveg úr um það.

Viðkomandi radarstöðvunum er það rétt, að það var sett fram sem krafa, að við tækjum radarstöðvarnar að öllu leyti í okkar hendur, og það var eitt af því, sem var sett fram hér í þinginu. Þegar sú krafa kom fram, var það upplýst, sem ég álít að hafi verið réttar upplýsingar, þó að ég sé vitanlega ekki fróður um þau mál, að enn þá eru radarstöðvarnar algerlega tæknilegt leyndarmál, sem herinn lætur ekki aðra fá í hendur að gæta. Við erum ófróðir um flest af þessum atriðum, en við erum a. m. k. fróðir um ýmislegt, sem hefur verið skrifað um þau njósnamál, sem eiga sér stað hér í nálægum löndum, og ég býst við, að flestir séu þess kannske minnugir, að eitt stærsta njósnamál í Bandaríkjunum er út af radarstöð norðarlega í Bandaríkjunum. Það er talið, að þaðan hafi síazt út leyndardómur um það, hvernig viss hluti af radarstöðvunum sé gerður. Hefur það orðið mikið átakamál þar í landi, og stór nefnd hefur haft sérstaklega með rannsóknina að gera, þannig að það er auðséð og þarf ekki að færa þessa sönnun fram, til þess að öllum alþm. sé ljóst, að þessi tækni er hernaðarleyndarmál. En ⅓ af þeim, sem gæta stöðvanna, er ekki tæknilega menntaður, og það var auðvelt að fá það fram, að ⅓ af þeim, sem gættu stöðvanna, væri Íslendingar, og er sjálfsagt auðvelt að fá það nú þegar. En ég segi fyrir mig, að ég var alveg hiklaus í því að mæla með því, að það væri ekki einn einasti Íslendingur látinn fara inn í radarstöðvarnar, fyrst ekki var hægt að hafa þar eintóma Íslendinga. Ég álít það engan ávinning fyrir okkur að blanda þar saman Íslendingum og útlendum mönnum, og þess vegna var valin sú leið, að þangað fer enginn inn, en stöðvarnar verða lokaðar. Þær verða lokaðar, af því að þær eru úti í fámenninu. Það er vitanlega hægt að taka upp síðar samninga um það, hvort við tökum radarstöðvarnar að öllu leyti í okkar hendur.

Það hefur verið spurt um það hérna, hvaða yfirvöld þekki reglurnar um útiveru hermanna af vellinum og hverjum sé falin framkvæmd. Mér er það persónulega kunnugt og þyrfti vitanlega ekki að vera að svara því, að lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, sem ber ábyrgð á öllum framkvæmdunum, hafa verið tilkynntar reglurnar. Og vitanlega er það hans að sjá um, að þeir aðilar, sem þurfa að annast löggæzluna, fái að vita um reglurnar. Dómsmrh. — í þessu tilfelli er utanrrh. dómsmrh. — tilkynnir lögreglustjóranum í Reykjavík: Þetta er það, sem á að framkvæma. Síðan tilkynnir lögreglustjórinn þeim undirmönnum sínum, sem eiga að framkvæma verkið, hvaða reglur gildi. Það er ekki farið til lögregluþjónanna, heldur til þess manns, sem ber ábyrgð á framkvæmdinni, og það hefur vitanlega verið gert.

Annars finnst mér þessar umræður, sem hér hafa farið fram, vera mjög hóflegar, og þannig ættum við að geta rætt um utanríkismál, þó að við séum ekki sammála um þau, — nema eitt atriði, þ. e. reglurnar um ferðir út af vellinum. Þeim tókst hér, sem töluðu um þetta, að fá einhverja til þess að hlæja uppi á pöllunum í gær út af þessu, að þetta sé leyndarmál hersins. Þá ætla ég að segja ykkur annað. Það er leyndarmál hersins, alveg strangt leyndarmál hersins, hvað það eru margir hermenn hér á Keflavíkurflugvelli. Það hefur verið lofað að segja alls ekki frá því. — Já, það er ágætt, að einhverjir geta hlegið. En samt sem áður hefur verið skýrt opinberlega í útvarpsumræðum frá þessu leyndarmáli. En menn þurfa ekki að láta sér detta það í hug, að utanrrh. skýri frá þeim skjölum, sem eru leyndarmál, hvað mikið sem síast út um það frá öðrum. Náttúrlega getur þingmaður talað um það hér í útvarpsumræðum, en utanrrh. getur ekki gert það. Og ég vil nú spyrja hv. þingmenn, sem hér eru og brosa mikið að því, að það skuli vera leyndarmál hersins, hvað margir fari hér út af Keflavíkurflugvelli: Vilja þeir þá ekki gera svo vel og upplýsa mig um það, hvar í herstöðvum — og þær eru nokkur hundruð hér ekkert langt í burtu, á meginlandi Evrópu eru margar og í Englandi og Frakklandi og víðar — eru birtar opinberlega reglur um ferðir hersins, litlar eða stórar, leyfi eða annað, nokkurn tíma? Þið getið brosað að því, ef þið viljið, það er bara stefnumál að birta aldrei neitt um ferðir hers, hvort sem það eru smáar eða stórar hreyfingar. Ég vil gjarnan, að þeir, sem eru að gera þetta að svona miklu umtalsatriði, segðu mér frá því, hvaða reglur gilda um þetta annars staðar, því að þær eru sjálfsagt birtar. Annars hefur verið sagt frá því, hvað mikið fer út af Keflavíkurflugvelli daglega af mönnum núna undanfarinn hálfan mánuð, þetta frá 50 niður í 7. Og samkv. þeim reglum, sem áður giltu, er það núna ⅛ af því, sem var áður, það hefur minnkað niður í einn fimmta. Og það er hægt að skýra frá því, að maður, sem er hér venjulegan tíma, getur farið til Reykjavíkur einu sinni eða tvisvar. Þannig eru nú ferðirnar teknar. En annars er það einkennilegt, að það sé aðalatriðið að fá að vita um reglurnar, fyrst þeir, sem eiga að framkvæma þær, vita um þær. Er ekki aðalatriðið að fá þær framkvæmdar, en ekki að fá tölurnar? Og er það þá raunverulega meint, þetta mikla umtal og umhyggja, sem er út af því að fá að vita um reglurnar? Er ekki hitt aðalatriðið, að ferðunum

fækki og að þeir, sem eiga að framkvæma reglurnar, viti um, að þær á að framkvæma, og menn sjái það í framkvæmd?

Það hefur verið fundið að því, að herlögreglan sé hér. Það hefur alltaf verið talið og reynslan er sú, að það er stór ávinningur að hafa herlögregluna hér íslenzku lögreglunni til aðstoðar. Og ég býst við, að sá lögreglustjóri og bæjarfógeti, sem hér er úr hv. Ed., viðurkenni, að það séu að því stór þægindi að geta kallað á hana til aðstoðar íslenzku lögreglunni.

Því er haldið hér fram, að hér séu fimm nýjar herstöðvar. *Einn þm. lét sér þau orð um munn fara.* Í þeim upphaflega samningi, sem gerður var milli Bandaríkjanna og Íslendinga, voru allar radarstöðvarnar ákveðnar, svo að þetta er algerlega ósatt. Það eina af þessu, sem hefur ekki verið ákveðið, er Njarðvík, sem raunverulega er ekki nein stöð, heldur höfn þess staðar, Keflavíkurflugvallar, sem þar er fyrir.

Það er mikið talað um, að bandarísk hjón, sem hér dveljist, fái hér húsnæði. Ég álít, að það mál eigi að taka til athugunar. Ef það er mjög útbreitt, þá er það atriði, sem þarf að leiðrétta.

Talað er um, að Keflavíkurflugvöllur sé fyrir sprengjuflugvélar og stærð hans miðuð við það. Ég er ekki hernaðarsérfræðingur, eins og ég hef tekið fram og þarf reyndar ekki að taka fram, en sérfróðir menn segja það a. m. k., að til þess að hafa fullkominn árásarflugvöll þurfi meira en einn flugvöll, og um það ber held ég flestum saman. Hins vegar er það vitað mál, að þessi flugvöllur er bæði fyrir þrýstiloftsflugvélar og einnig fyrir sprengjuflugvélar, og þeir, sem muna þær skýrslur, sem gefnar voru, þegar Reykjavíkurvöllur var afhentur eftir seinustu styrjöld, ættu að gera sér ljóst, að hér þurfti a. m. k. í seinustu *styrjöld á sprengjuflugvélum að halda*, því að það var gefin upp sú tala kafbáta og óvinaskipa, sem hefðu verið eyðilögð af sprengjuflugvélum, sem haldið var út af Reykjavíkurflugvelli, og það voru ekki neitt *smáar* tölur. Það er því alveg eðlilegt, að það sé miðað við svipaða starfsemi frá þessum velli og áður, en radarstöðvarnar benda óneitanlega í þá átt, að hér sé meira um vörn að ræða, eins og tekið er fram í okkar samningum.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég álít, að það sé vel farið, að hér hafa tekizt umr. um þessi mál, og það er háttur flestra þjóða að verja verulegum tíma til þess að ræða sín utanríkismál, og þannig þarf það að vera, án þess að það komi um of til flokkslegra sjónarmiða.

Það, sem við þurfum að *minu áliti* að gera og beita okkur fyrir, er það, að framkvæmd þessara mála fari þannig úr hendi, að dvöl hersins verði okkur sem minnst tilfinnanleg og ekki til tjóns. Og ég hika ekki við að segja það, eins og *ég sagði í upphafi, að með þeim nýju viðbótar*samningum, sem gerðir hafa verið, er stefnt mjög mikið í þá átt. Og þegar talin eru upp þau atriði, sem samið hefur verið um, og allur samningurinn athugaður, þá geri ég ráð fyrir, að flestir muni komast að þeirri niðurstöðu, að málin eru í meginatriðum í höndum Íslendinga. Það er ekkert smáræði t. d. að fá Hamilton héðan burt og hefði ekki verið talið fyrir hálfu ári eða tveim árum. Það hefði ekki verið talið neitt smáatriði, að öll verk, sem urðu unnin á vellinum, eða flestöll verk verði færð yfir í íslenzkar hendur og eingöngu íslenzkur vinnukraftur vinni við það. Það hefði ekki verið talið neitt smáatriði, að Íslendingar gætu ráðið því með tilliti til sinnar eigin framleiðslu, hvað margir menn mættu vinna á vellinum. Það hefði ekki þótt neitt smáatriði, *eins mikið og hefur verið talað um það, að kvenfólk og ungar stúlkur færu mikið inn á völlinn* og það væri til mikillar vansæmdar fyrir Íslendinga o. s. frv., að þær færu þangað, sem ég skal *sízt af öllu draga úr, að rétt er*, — það hefði ekki verið talið neitt smáatriði, að vellinum er algerlega lokað og Íslendingar setja sjálfir reglur um það, hverjir fá að fara þarna inn, og íslenzkir verðir eru þarna við, völlurinn girtur og komið í veg fyrir þetta. Það er verulegt atriði, að ferðir varnarliðsmanna eru minnkaðar á þann hátt, sem ég hef skýrt frá, og ég geri ekki ráð fyrir því, að þeir, sem fara hér um, hvort sem það er að degi eða kvöldi, verði nú seinustu mánuðina yfirleitt mikið varir við ferðir varnarliðsmanna hér um bæinn. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég a. m. k. sé ekki svo vel, að ég verði stórlega var við það. Radarstöðvunum í fámenninu verður lokað.

En þó að þetta sé þannig, þá vitanlega þurfum við að halda áfram að athuga það gaumgæfilega, á hvern hátt framkvæmdin getur farið enn þá betur úr hendi og að hvaða leyti reynslan sýnir, að breyta þarf einu og öðru.

Og ég vil endurtaka þau orð, sem ég sagði hér fyrir nokkru, að við þurfum að sjálfsögðu jafnhliða í þessum varnarmálum að gá til veðurs. Við verðum að játa það með gleði, að nú horfir friðvænlegar en horfði, þegar herinn kom hingað, stórum friðvænlegar. Hiti Berlínardeilunnar var þá enn þá í loftinu, og Kóreustyrjöldin stóð sem hæst. Það var litið svo á, að það væri jafnvel á mörkunum, hvort gerð yrði árás á Kína, sem átti sjálfboðaliðana í Kóreu, og sá herforingi, sem stjórnaði Kóreustyrjöldinni, gerði það að till. sinni. Menn voru yfirleitt sammála um það, að ef af þeirri árás yrði, væri líklegt, að það mundi leiða til heimsstyrjaldar fyrirvaralaust. A. m. k. skýrðu mörg blöð frá því, að Pekingútvarpið væri ekki spart á að skýra frá því, að ef Bandaríkjamenn réðust með sprengjuárásum á kínverskar borgir, þá væri það loforð Rússa að skerast í leikinn, kínversku þjóðinni væri óhætt að treysta því, að það yrðu ekki gerðar neinar árásir, því að því yrði svarað þannig. Hvað sem öllum slíkum áróðri líður í útvarpi, þá a. m. k. stóð þannig á, að þenslan var það mikil, að menn töldu ýmsir, hvort sem þeim hefur yfirsézt eða ekki, að styrjöld gæti skollið á fyrirvaralaust, og ég ætla ekki að rekja þetta nánar. En við munum öll þá spennu, sem orsakaðist einnig út af styrjöldinni í *Indókína*. Það *hefur margt óneitanlega breytzt*, það verðum við að athuga, og með því verðum við að fylgjast.

Ég lít svo á, að sú stórvægilegasta breyting, sem nú er sennilega að gerast, sé sú sameining Vestur-Evrópu, sem virðist vera í aðsigi. Ef sú sameining tekst, sem nú litur út fyrir, þá myndast á milli Rússlands og Bandaríkjanna veldi, sem óneitanlega, um leið og það skapar jafnvægi í ver-

öldinni, — a. m. k. að margra áliti, það eru auðvitað deildar skoðanir um það, — skapar varnargarð austan við okkur og að ýmissa áliti hernaðarlegt jafnvægi. *Það er nú einu sinni svo*, að það er ekki alls kostar skökk líking, sem sumir hernaðarsérfræðingar leyfa sér að taka sér í munn, að styrjaldir hlíta stundum svipuðu lögmáli og veðrið. Þegar háþrýstisvæði myndast og lægðir á öðrum stöðum, þá leitar loftið frá háþrýstisvæðunum í lægðirnar, og þegar hernaðarleg háþrýstisvæði myndast, eins og Japan og Þýzkaland fyrir síðustu heimsstyrjöld, þá er hættan jafnframt yfirvofandi. Og það ósamræmi, sem hefur verið milli styrkleika austurs og vesturs, hefur að margra dómi verið ein hin mesta hætta fyrir friðinn í veröldinni. Ef myndast veldi milli þessara tveggja Golíata, Rússlands og Bandaríkjanna, þá er það a. m. k. að margra áliti líklegt, að það skapi jafnvægi, sem getur skapað útlit fyrir nýtt friðartímabil.

Við þurfum þess vegna að vera stöðugt á verði í þeim efnum, hvað er að gerast. Og það getur vel farið svo um þær deilur, sem núna eru um dvöl herliðsins á Íslandi, og það eru meiri vonir til þess nú en verið hefur, að það deiluatriði sé tímabundið spursmál. Það getur farið svo.

Vitanlega verðum við að taka í öllum þessum athugunum á málunum með mestu gát, og það er alveg augljóst, að samtökin, sem nú eru að hefjast í Vestur-Evrópu, verða að taka á sig stórum fastara form en nú er, áður en til breytinga kemur. En ég tel, að þær breytingar, sem nú eru að gerast í Vestur-Evrópu, séu svo stórvægilegt atriði, að það sé ekki rétt, um leið og við erum að ræða um þessi mál, að láta þess ógetið, hvaða afleiðingar þær geta haft í þessu máli.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. þm. Str. (HermJ) hefur nú flutt hér alllanga ræðu og komið víða við, minnzt á mörg atriði, sem ástæða væri til að ræða við hann um nokkru *nánar. Ég mun nú ekki fara langt út í það*, en vil þó víkja lítils háttar að ræðu hans eða fáeinum atriðum úr henni.

Hv. þm. viðurkenndi, að íslenzkum atvinnuvegum stafaði nokkur hætta af herstöðvavinnunni. Hann sagði a. m. k., að það væru margir úti um landsbyggðina, sem kvörtuðu undan því, að herstöðvavinnan hefði ill áhrif á atvinnuvegina, drægi vinnukraftinn frá undirstöðuatvinnuvegunum. Og ég hygg, að það þurfi ekki að hafa mjög náið samband við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, til þess að vita, að þetta er sízt ofmælt hjá hv. þm. Þetta er vissulega mikið vandræðaástand. En hv. þm. Str. sagði, að í samkomulaginu, sem gert hefði verið í vor við Bandaríkjastjórn, hefði verið ákvæði um að taka fullt tillit til íslenzkra atvinnuvega. Það er að vísu rétt, að í því samkomulagi, sem frá var skýrt í maímánuði s. l., er tekið til orða eitthvað á þessa leið, en hins vegar er þess ekki getið, hvernig þetta er tryggt eða hvernig ætlunin er að tryggja þetta. Það er ekki nóg að flagga með svona heldur óákveðnu orðalagi, heldur þarf í þessu efni miklu meiri aðgerða við.

Hv. þm. viðurkenndi í ræðu sinni, að enginn formlegur samningur hefði verið gerður að loknu fjögurra mánaða samningaþófi, sem fram fór s. l. vetur og vor, heldur hefðu ríkisstjórnirnar *eingöngu skipzt á nótum um* þetta mál, eins og hann orðaði það. Þá er það atriði upplýst, að um þetta liggur ekki fyrir neinn raunverulegur undirritaður samningur.

Þær tilraunir, eða þeir tilburðir, sem hv. framsóknarmenn hafa verið með, síðan þeir tóku nú við yfirstjórn hinna svokölluðu varnarmála, hafa verið gylltir mjög bæði í blaði þeirra, Tímanum, og í ræðum þeirra hér í gær og í dag. Hv. þm. Str. var að tína það til, sem þeir telja að sér hafi helzt orðið eitthvað ágengt í, og það eru þessar reglugerðir, leynireglur og opinberar reglur, leynireglur um ferðir útlendinga, opinberar reglur um ferðir Íslendinga.

Ég efast raunar ekki um það, að þegar hæstv. núverandi utanrrh. tók við því vandasama starfi, sem hann gegnir nú, hafi hann haft hug á því að kippa ýmsu í lag. Framsfl. hafði gagnrýnt mjög harðlega og réttilega framkvæmd þessara mála áður, og ég efa það ekki, að hæstv. ráðh., þegar hann tók við þessu embætti, hefur haft hug á því að fá einhverju komið áleiðis til bóta. En hvernig það hefur tekizt, er annað mál, *og ég hygg*, að þegar það verður athugað, þá sé það gleggsta sönnun þess, að í raun og veru þýðir hér ekki neitt kák. Það eina, sem hefur verulega þýðingu, er það, að herliðið hverfi héðan af landi brott svo fljótt sem verða má, þ. e. a. s. þegar uppsagnarákvæði samningsins leyfa, að það geti sem fyrst orðið. Þess vegna fagnaði ég því, sem hv. þm. Str., form. Framsfl., sagði í niðurlagi ræðu sinnar. Hann gerði það að vísu með nokkuð óákveðnum orðum, en þó var helzt á honum að skilja, að að því gæti nú dregið, áður en langt um liði, að ástandið í alþjóðamálum yrði þannig, að hægt væri a. m. k. að fara að hugsa til þess að losna við herinn, að vísu með mestu gát, eins og hv. þm. orðaði það nú, en þó fannst honum þetta vera möguleiki, sem ætti að athugast.

Svo voru það nokkur atriði, sem ég þurfti að svara hæstv. utanrrh. Hæstv. ráðh. staðhæfði hér í gær, að ekki hefði verið samið um það við bandarísku herstjórnina að setja Íslendingum reglur um ferðir innan samningssvæða hersins. Það er vel, fyrst svo er. En í því sambandi vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það er alger óþarfi fyrir hann að kippa sér upp við það, þótt bæði ég og aðrir stæðum í þessari meiningu, því að það er hæstv. ráðh. sjálfur, sem hefur gefið þeim orðrómi byr undir vængi. Og ég verð að segja það líka eftir þessa yfirlýsingu hans í gær, að honum ber ekki alls kostar saman við sjálfan sig, hæstv. ráðh. Í blaði ráðh., Tímanum, birtir ráðh. sjálfur 27. maí s. l. samkomulag það, sem gert var í vor við Bandaríkin, og nokkrar skýringar frá eigin brjósti um þetta samkomulag. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) las þetta samkomulag upp í dag, eða það atriði, sem hér skiptir máli, og ég hygg, að það hafi tvívegis verið lesið hér á hv. Alþ. í gær. Í þessu samkomulagi segir skýrum orðum, að um þetta hafi verið gert samkomulag við Bandaríkin eða yfirmann eða menn varnarliðsins hér. Það virðist

því upplýst nú, að þessi ummæli hafi ekki haft við rök að styðjast. Og ég verð að segja það eitt, að þó að það sé að vísu leiðinlegt, þegar hæstv. ráðh. ber ekki betur en þetta saman við sjálfan sig, þá vil ég mega vænta þess, að það, sem hann segir nú, sé rétt um þetta efni, að ákvörðun um þessa reglugerð hafi verið tekin einhliða af íslenzkum yfirvöldum, en ekki um það samið.

Hæstv. ráðh. var í gær dálítið úrillur, þegar hann var að svara sumum þeim orðum, sem ég lét falla hér í gær. Ég skil það vel, að það er ekki gaman fyrir hæstv. ráðh. að standa í þeim sporum, sem hann stendur, að vera falið það hlutverk að telja alþjóð trú um, að einhver sérstök og frábær siðabót hafi orðið, eftir að Framsfl. tók við framkvæmd þessara mála. Flokkurinn hafði áður, eins og ég sagði, réttilega gagnrýnt framkvæmd málanna hjá fyrrverandi utanrrh. og Sjálfstfl., og ég tel, eins og ég sagði, sennilegt, að hæstv. utanrrh. hafi gert sér vonir um árangur. En hver hefur árangurinn orðið? Reynslan er þessi: Enn er haldið áfram á sömu brautinni og áður. Ómenningaráhrifin frá bandaríska hernámsliðinu flæða yfir lítið minna og í sumum tilfellum engu minna en áður. Löglaus útvarpsstöð Keflavíkurflugvallar þeysir spýju sinni yfir æskulýð þjóðarinnar eins og áður. Atvinnuvegirnir gjalda afhroð og tapa næstum því hverjum leik í keppni um vinnuafl við hernámsliðið, nokkurn veginn eins og áður. Og það er ekki einu sinni látið standa við það, sem orðið var. Herstöðvar hafa risið upp í öllum landshornum. Þó að hv. þm. Str. vildi draga úr því, að radarstöðvarnar væru herstöðvar, þá skil ég ekki, hvernig hægt er að kalla þær annað, þar sem þar á að vera nokkurt herlið að staðaldri. Flugbrautir Keflavíkurflugvallar verða enn lengdar, sagði hæstv. ráðherra hér í gær, og hið eina, sem hefur tafið bandaríska höfn í Njarðvík, þ. e. a. s. uppskipunar- eða herskipahöfn, er að sögn hæstv. ráðh. ágreiningur um staðsetningu hennar. En einnig hún á að koma. Þetta tel ég ekki glæsilegan árangur af rúmlega eins árs stjórn Framsfl. á varnarmálunum.

Hæstv. ráðh. sagði hér í gær, að ekki hefði verið um það samið, að Íslendingar byggju sig undir að taka að sér rekstur radarstöðva þeirra, sem eru að risa hér upp. Þær verða því reknar af bandarísku herliði, eins og margsagt hefur verið. Mér þótti gott að fá það upplýst, — ég hygg, að það hafi verið í ræðu hv. þm. Str., — að einnig þessar stöðvar verða afgirtar, og vænti ég, að ekki verði látið dragast að framkvæma það. En ég vil spyrja í þessu sambandi hæstv. utanrrh.: Hefur ekki verið alveg eindregið farið fram á það af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, að Íslendingar tækju við rekstri þessara stöðva, þegar þeir hefðu aðstöðu til, hefðu tækniþjálfaða menn til að gera það? Hv. þm. Str. gat þess í sinni ræðu, að þessu hefði verið hreyft, en um það hefði ekki fengizt samkomulag, og taldi hann, að hér væri um slík hernaðarleyndarmál að ræða — rétt ein, að það mundi verða torvelt að fá þessu framgengt. En ég vil þó, þrátt fyrir þessar upplýsingar, beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hvort þetta er talið alveg vonlaust. Og í því sambandi, ef svo reynist, þá spyr maður gjarnan að því, hvort Íslendingum sé með engu móti trúandi til svo þýðingarmikilla verka. Kannske er það þá rétt spegilmynd af áliti bandarískra hernaðaryfirvalda á því, hvaða hlutverki Íslendingar eiga að gegna í þeirra þágu, að ekki sé hægt að fela þeim gæzlu t. d. radarstöðva, en hins vegar megi svona sæmilega treysta þeim til að annast alla sorphreinsun fyrir herliðið á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg, að það sé eitt nýjasta trúnaðarstarfið þar á vellinum, sem Íslendingum hefur verið falið.

Hæstv. ráðh. vék í gær nokkrum orðum að Frjálsri þjóð, blaði okkar þjóðvarnarmanna, og var ekki sérlega ánægður með blaðið. Ég kippti mér nú ekki mikið upp við það. Blaðið hefur stundum gagnrýnt gerðir hæstv. ráðh. Því miður hefur hann gefið fleiri tilefni til gagnrýni en viðurkenningarorða. Hann kvartaði undan, að blaðið færi ekki alltaf með rétt mál. Það hefur átt sér stað um Frjálsa þjóð, eins og öll önnur landsmálablöð, að flytja missagnir, en öðrum blöðum fremur hefur einmitt þetta blað talið skyldu sína að leiðrétta slíkt, og mætti Tíminn a. m. k. eitthvað af því læra. Og í sambandi við sannsögli og ósannsögli vil ég aðeins skjóta því að hæstv. ráðherra, hvort ekki væri gott fyrir hann og skynsamlegt að taka upp þann sið að áminna dag hvern um sannsögli suma þá pilta, sem hann hefur í þjónustu sinni í utanríkisráðuneytinu, svo að þeir gerðu ekki ráðuneytið að hálfgerðu athlægi hvað eftir annað með því að senda frá sér í tilkynningaformi ýmsa staðlausa stafi, eins og henti þá tvívegis um daginn í sambandi við svokallaðan barnadag Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Það kynni að hafa einhver áhrif.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hv. þm. Str. talaði hér nokkur orð áðan, nokkrar hugleiðingar, sumpart út af því, sem ég hef sagt, sumpart út af málinu almennt. Hann sagðist hafa ferðazt nokkuð út um land undanfarið, hefði þar bæði orðið var við kvartanir um atvinnuleysi og hins vegar líka, að því er mér skildist, nokkrar kvartanir um á sumum stöðum, að það vantaði vinnuafl.

Það er rétt, að á nokkrum stöðum úti á landi er atvinnuleysi, og tiltölulega víða sverfur það að, en það sverfur að vegna þess, að það er ekki hugsað um að byggja upp íslenzkt atvinnulíf á þessum stöðum. Það er ekki hugsað nægilega um að koma upp hraðfrystihúsum, að tryggja rekstur togara og fjölga togurunum þar. Það er talað um þetta, það eru bornar fram þáltill. um jafnvægi í byggð landsins, það er flutt jafnvel af öllum flokkum till. hér í þingi um kaup nýrra togara, en undanfarin ár hafa allar slíkar till. verið drepnar. Á sama tíma hefur ríkisstj. beinlínis haft það verk með höndum og falið sínum trúnaðarmönnum að taka fólk utan af landi og flytja það til Keflavíkurflugvallar. Það hefur m. ö. o. með aðgerðaleysi ríkisstj., með því að stöðva framfarirnar, sem byrjað var á fyrir 10 árum úti um land, verið skapað eymdarástand víða úti á landi, þannig að menn eru að flýja landsbyggðina. Hvað liggur næst að gera á þessum stöðum? Það

liggur næst að byggja þar upp, koma þar upp hraðfrystihúsum, að fjölga þar togurum, fjölga bátum og sjá til þess, að atvinnulífið — íslenzka atvinnulífið — á þessum stöðum blómgist. Ástandið á þessum stöðum er þess vegna ekki röksemd fyrir því, að það sé nauðsynlegt að hafa íslenzkt vinnuafl á Keflavíkurflugvelli.

Hvernig er svo hins vegar ástandið á þeim stöðum, þar sem mikið er að gera, eins og hér við Faxaflóa? Hv. þm. Str. reyndi ekki að hrekja það, sem ég hélt hér fram í gær, að hér skorti vinnuafl, ekki hundruð, heldur þúsundir manna, að hér vofði það yfir og hefur jafnvel verið svo undanfarið, að það hefur ekki verið hægt að reka t. d. hraðfrystihúsin á Suðurnesjum með vinnuafli af Suðurnesjunum, og öllum er kunnugt, hvernig hefur verið um bátana og marga togarana, að það hefur jafnvel orðið að taka útlendinga á þá. Þetta þýðir, að eigi að taka „fullt tillit" til íslenzkra atvinnuvega, eins og stendur í yfirlýsingu ríkisstj. og þessum svokölluðu samningum, þá verður að stórminnka, ef ekki að taka svo að segja allt íslenzkt vinnuafl burt af Keflavíkurflugvelli. Hér hefur ekki fengizt nein yfirlýsing frá hálfu hæstv. ríkisstj. um, hvernig hún ætli að framkvæma þennan samning, en allir sjá nú sem stendur, að eigi íslenzkt atvinnulíf að halda áfram að blómgast og sérstaklega ef á að byggja upp atvinnulífið úti um land, þá þarf það á öllu sínu vinnuafli að halda. Ég tek eftir því, að hæstv. ríkisstj. og hennar málsvarsmenn hafa reynt að hliðra sér hjá því að ræða þetta mál, og það er eðlilegt, vegna þess að þetta er málið, sem annars vegar veldur mestum vandræðum hér syðra og mestum ótta úti um allt land hjá öllum þeim mönnum, sem vilja, að íslenzkt atvinnulíf úti um land geti blómgazt. Þeir horfa á eftir vinnuaflinu fara suður á Keflavíkurflugvöll í ónauðsynlega eða skaðlega vinnu þar og horfa jafnvel upp á, að ekki verði hægt að gera út báta á svo og svo mörgum stöðum úti á landi í vetur, ef svona verður látið halda áfram, en engin yfirlýsing kemur frá ríkisstj. um, hvernig hún ætli að framkvæma þetta og taka fullt tillit til íslenzkra atvinnuvega. Hún staðfestir bara, að það sé 2391 maður á Keflavíkurflugvelli. En ætlar hún sér að láta helminginn af þeim eða ⅔ af þeim eða ¾ af þeim fara burt á næstunni? Ekkert liggur fyrir.

Þá gaf hv. þm. Str. þá yfirlýsingu, að ríkisstj. hefði sett fram þá kröfu, að Íslendingar tækju að sér rekstur radarstöðvanna, Bandaríkin hefðu neitað. Bandaríkin höfðu notað þar sama yfirvarpið og í sambandi við ferðir hermanna hingað til Rvíkur, það séu hernaðarleyndarmál. M. ö. o.: Hvar sem Bandaríkin koma sér upp einhverjum stöðvum hér um land eða láta jafnvel einhverja hermenn sína vera að flækjast hér og þar hér um land, þarf hún ekki annað en að segja: Þetta er hernaðarleyndarmál — og þá á íslenzka ríkisstj. að beygja sig í duftið.

Ég held, að þau svör, sem fást í þessum efnum frá Bandaríkjastjórn, sýni það greinilega, að við hana er ekki til neins að tala um þessa hluti. Það eina, sem er við hana að segja, er: Þá verður þessum stöðvum lokað, og það verða engir menn þar. — Svona er ekki hægt að halda áfram. Það hefur varla, meira að segja frá sjónarmiði þeirra, sem hafa talið nauðsynlegt að setja upp þessar herstöðvar hér, verið til þess ætlazt frá upphafi, að Bandaríkin lýstu því yfir: Ja, þetta álít ég nú hernaðarleyndarmál, og þess vegna vil ég hafa mína hermenn hér að eilífu. — Ég held, að það hafi jafnvel ekki verið tilgangur þeirra, sem gengust fyrir því, að hernámssamningurinn var gerður, en hins vegar munu þeir reka sig á það og hafa þegar rekið sig á það, þegar þeir eru að reyna að semja við Bandaríkin um einhverja aðferð til þess að framkvæma þennan hernámssamning heldur skár fyrir Íslendinga, að það er ekki hægt við þau að semja. Bandaríkin ætla sér að sitja fast og standa fast á því valdi, á þeim ítökum, sem þau hafa fengið. Þau segja bara: Jú, radarstöðvar, það er hernaðarleyndarmál; þessa fjóra staði úti um land þarf ég. Ef ég þarf aðra fjóra í viðbót á næstunni, þá verða það líka herstöðvar. Og Íslendingar verða þá að beygja sig út frá þessu sama. Þetta er nauðsynlegt.

Hv. þm. Str. sagði út frá því, sem ég minntist hér á, að frá kosningunum í fyrra hefði verið bætt við fimm nýjum herstöðvum, þar af fjórum radarstöðvum, ef ég tók rétt eftir, að um þessar radarstöðvar hefði verið samið í þeim upphaflega samningi, þannig að það væri raunverulega bara spursmál um Njarðvík sem herstöð, hvort nokkuð hefði bætzt við. Má ég spyrja: Í hvaða upphaflegum samningi er samið um þessar radarstöðvar? Það, sem við höfum fyrir okkur, þingmenn, eru lög um lagagildi varnarsamnings, sem gerður var 5. maí 1951. Í þeim samningi er ekki nokkur skapaður hlutur um neinar radarstöðvar og var aldrei lýst yfir í sambandi við þann samning, þegar hann var löggiltur hér á Alþingi, um neinar radarstöðvar. Ég get a. m. k. ekki með bezta vilja munað það, og það er ósköp vel vitað af öllum þeim, sem um þessi mál hafa fjallað, að lengst af hefur í sambandi við þessi mál verið talað um þrjá staði, sem þeir sérstaklega höfðu hugsað sér að gera ítök í, þ. e. Keflavíkurflugvöll, Hvalfjörð og að einhverju leyti Skerjafjörð. Ég get ekki með bezta vilja munað eftir því, að nokkurn tíma hafi verið á það minnzt í sambandi við hernámssamninginn frá 1951, að þar hafi verið talað um radarstöðvar. Hvað meinar nú hv. þm. Str., þegar hann segir: „í upphaflegum samningi?" Er til einhver annar samningur? Hefur verið gerður einhver annar samningur, einhver samningur, sem er hernaðarleyndarmál? Hefur verið gerður samningur 1951, sem Alþingi hefur aldrei fengið að vita af og er það mikið leyniplagg enn þá, eins og ferðirnar hingað til Reykjavíkur, að það megi enn þá ekki skýra frá honum, nema hv. þm. Str. hafi orðið á að ljóstra upp einu hernaðarleyndarmálinu til? Þetta þætti mér mjög vænt um að fá upplýsingar um og hvort maður megi þá skilja það þannig, að í þessum upphaflega leynisamningi hafi Njarðvíkurstöðin ekki verið, heldur sé þarna ný stöð til komin, en að radarstöðvarnar hafi verið þar í. Og það væri nú kannske ekki fjarri lagi að fá þá líka að vita, hvort það

sé enn þá fleira í þessum upphaflega samningi. Ég held, ef ég hef ekki misskilið þetta, að þá þurfi hv. þm. Str. að gefa nokkru nánari upplýsingar um, hvað hann meinti.

Viðvíkjandi ferðunum til Reykjavíkur er sagt, að þær séu miklu færri en áður, og það er sagt, að hver hermaður fari ekki nema einu sinni til tvisvar sinnum hingað til Reykjavíkur, svo er sagt, að það sé ógurlegt hernaðarleyndarmál, hvað það séu margir menn á Keflavíkurflugvelli, og svo er tilkynnt um leið, að það sé að vísu sagt frá þessu í útvarpsumræðum, en það sé allt í lagi, þegar það sé ekki utanrrh., sem geri það. Það fer þá að verða heldur þægilegt að fá upplýsingarnar, ef þær eru óbeint staðfestar á þennan hátt frá manni, sem á að vita um hlutina, eins og hv. þm. Str., og raunverulega gert heldur lítið úr öllum þessum hernaðarleyndarmálum, eins og ég býst nú líka við að sé kannske rétt að gera.

Þá talaði hv. þm. Str. um Keflavíkurflugvöllinn, að hann væri bæði fyrir þrýstiloftsflugvélar og sprengjuflugvélar, og um hitann, sem skapaðist þar, er þrýstiloftsflugvélarnar væru að taka sig á loft. Hann komst svo að orði á eftir í sambandi við allan útbúnað vallarins, að það væri nú að vísu þarna meira um vörn að ræða. Alltaf er það nú heldur að minnka, sem staðhæft er í sambandi við þessa hluti. Ég hafði lýst því, hvernig þessi völlur væri hugsaður og gerður sem árásarflugvöllur, en hv. þm. Str. vill nú gjarnan láta líta svo út, að það sé meira um vörn en árás að ræða. En allt ber þetta að sama brunni. Menninirnir, sem fyrir tveim árum slógu hér í borðið og lýstu því yfir, að það kæmi aldrei nokkurn tíma til mála, að þetta væri nokkur skapaður hlutur annað en vörn, eingöngu varnarflugvöllur og allt bandalagið eingöngu varnarbandalag, eru nú auðsjáanlega sjálfir farnir að sjá, enda staðreyndirnar á Keflavíkurflugvelli þannig, að þeir geta sjálfir ekki lengur efazt um, að það sé árásarundirbúningur, sem þarna er framkvæmdur, þó að hitt sé sjálfsagt, að þegar menn ráðast á, þá þurfa þeir alltaf að vera við því búnir að verjast á eftir. En hvað sá árásarundirbúningur þýðir fyrir Íslendinga, og hvað af vörninni, sem á eftir árásinni kæmi, getur hlotizt fyrir Ísland, hliðra þeir sér hjá að minnast á af eðlilegum ástæðum.

Hins vegar ber því ekki að neita, að allur tónn, raunar bæði hjá hæstv. utanrrh. og hjá hv. þm. Str., í þessum umræðum hefur verið með allt öðrum blæ en vant hefur verið þegar þessi alvörumál hafa verið rædd hér á Alþ. undanfarið. Í fyrsta lagi ber að fagna því, að hæstv. utanrrh. hefur séð ástæðu til þess að gefa hér skýrslu fyrir Alþ. um þessi mál og stofna til umræðna um þau, og það ber að fagna því einnig, hvernig þessar umræður hafa farið fram. Og ég vil alveg sérstaklega taka undir það, sem hv. þm. Str. sagði, að það er nauðsynlegt, að við getum rætt þessi mál okkar á milli hér í þinginu, án þess að það sé farið út í venjuleg flokkahnotabit og alls konar ofstæki og vitleysu í því sambandi.

Mér sýnist bæði þær umr., sem hér hafa farið fram, og ekki sízt sú ræða, sem hv. þm. Str. hélt hér áðan, benda greinilega til þess, að innan stjórnarherbúðanna séu menn, fleiri og fleiri, að átta sig á því, að það þurfi að verða breyting á þessum málum hér á Íslandi. Og ég vil að vissu leyti undirstrika það, sem hv. þm. Str. kom inn á í niðurlagi sinnar ræðu, þó með nokkrum breyttum forsendum. Hann dró upp þá mynd, að það gæti létt af okkur Íslendingum þeirri byrði, þeirri hættu og þeirri vansæmd, sem hernámið er, ef vissar breytingar yrðu í Vestur-Evrópu. Ég veit nú ekki, hvort hann hefur gert sér alveg ljóst, hvaða breytingar það eru, sem vænlegastar eru til þess að valda slíkum létti byrðanna fyrir okkur hér á Íslandi. Ég held, að hans hugmyndir um, að hið núverandi svokallaða bandalag Vestur-Evrópu, sem var Brüssel-bandalagið, muni hjálpa mikið í þessu sambandi, muni reynast tálvonir. Brüssel-bandalagið eða Vestur-Evrópubandalagið mun að öllum líkindum ekki verða miklu langlífara en Evrópuherinn svokallaði varð, og jafnvel þó að það kæmist á með einhverjum breytingum frá því, sem nú er, þá er jafnvel efasamt, að það gæti nokkuð gott af því hlotizt. En það er aftur á móti annað, sem við skulum gera okkur ljóst að er að skapast í Vestur- og Mið-Evrópu: Annars vegar sú sterka hreyfing hjá þýzku þjóðinni, bæði í austur- og vesturhluta landsins, um sameiningu landsins, svo sterk, að á móti þeirri hreyfingu verður ekki staðið. Sá flokkur í Þýzkalandi, sem hatrammast stendur á móti þeirri sameiningu, flokkur Adenauers, stórtapar í hverjum einustu kosningum, sem fram fara þar. Það verður ekki til lengdar staðið á móti því, að þýzka þjóðin, næstfjölmennasta þjóðin á meginlandi Evrópu, sameinist, verði eitt ríki. En það er hins vegar um leið gefið, að það er óhugsandi, að Þýzkaland verði aftur eitt ríki, öðruvísi en að það ríki verði hlutlaust svæði í þeim átökum, sem talað er um á milli austurs og vesturs, enda engin þjóð í Evrópu betur til þess fallin, þegar hún væri búin að finna leið til þess að sameinast og hefði áhuga á því að dragast ekki inn í nein hernaðarbandalög og geta búið að sínum auðlindum og sinni tækni við friðsamlega framleiðslu án þess að þurfa að íþyngja sér með hernaðarframleiðslu. Og við skulum gera okkur ljóst, að sameinað Þýzkaland, hlutlaust í átökunum á milli austurs og vesturs, mun hafa við hlið sér England og Frakkland, sem reka sjálfstæðari pólitík en þau ríki hafa gert á undanförnum árum gagnvart Bandaríkjunum. Það blandast engum manni hugur um, sem fylgist með pólitíkinni í Evrópu, að í Frakklandi hefur orðið breyting hvað þetta snertir, breyting, sem utanrrh. Bandaríkjanna, herra Dulles sjálfur, hefur hvað greinilegast viðurkennt með fjandskap sínum við núverandi stjórn Frakklands, og hins vegar hvernig Bretland meira og meira stefnir að því að taka sjálfstæða forustu fyrir þeim Vestur-Evrópuríkjum, sem því vilja fylgja, án þess að fara eftir því, sem Bandaríkjastjórn vill. Við skulum gera okkur ljóst, að Vestur-Evrópa og Þýzkaland, sameinað sem hlutlaust land þarna á milli, þetta tvennt er það, sem kemur til með að skakka leikinn í þessum efnum. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Str., að okkur Íslendingum er að því stórhagur, að það skapist á þennan hátt í Vestur- og Mið-Evrópu ný afstaða hjá þessum þrem stóru þjóðum þar, Englendingum, Frökkum og Þjóðverjum, sem

þýða ýmist, að stærsta þjóðin af þeim yrði hlutlaus í átökunum á milli austurs og vesturs, eins og þau eru kölluð, og hin taki upp mun sjálfstæðari pólitík en verið hefur gagnvart Bandaríkjunum, eins og þau hafa meira og meira verið að stefna að á undanförnum tveim árum. Þetta þýðir möguleika fyrir okkur Íslendinga að létta af okkur byrðunum. En þó að þessar forsendur skapist á þennan hátt, sem ég nú hef reynt að gera grein fyrir þeim, og þó að við séum ekki alveg sammála um, hvað til þess þurfi, að fullnægjandi forsendur skapist þarna, þá vil ég segja hv. þm. Str. eitt: Við Íslendingar erum ekki að fullu sloppnir, þó að ríki í Vestur- og Mið-Evrópu skapi þannig hlutlaust svæði eða skapi slíkt veldi á einn eða annan hátt á milli „Goliatanna", eins og hann komst að orði, að við ættum ekki þess vegna vegna „hættunnar frá austri", sem þeir hafa verið að tala um, að þurfa að hafa hér ameríska her lengur. Hann gengur í þessum sínum röksemdaleiðslum út frá því, að ástæðan til þess, að hernámssamningurinn var gerður og amerískar herstöðvar reistar á Íslandi, hafi verið hætta á árás austan að. En herstöðvarnar á Íslandi voru bara ekki skapaðar undir þessum forsendum, þó að bæði honum og öðrum hafi verið talin trú um, að þetta væru forsendurnar. Herstöðvarnar á Íslandi voru skapaðar út frá þeim forsendum, sem lágu til þess, að Ameríkanar heimtuðu hér þær herstöðvar 1945. Og mér er nær að halda, að þeir hafi kúgað Englendinga til að semja um það strax 1941, þegar Englendingar afhentu Bandaríkjamönnum herstöðvar í sínum eigin nýlendum í Vesturheimi til 99 ára, að Englendingar féllust á það, að þeir svo að segja hlutuðust til um, að það yrðu herstöðvar hér á Íslandi til 99 ára fyrir Bandaríkin.

Herstöðvarnar á Íslandi, sem Bandaríkin heimtuðu 1945 og þau eru að fá í gegn núna, eru herstöðvar, sem eru settar með einhliða tilliti til stórveldahagsmuna Bandaríkjanna, en ekki með tilliti til varnar Vestur-Evrópu og varnar Íslands. Þess vegna er sú hætta yfirvofandi, jafnvel þótt á einn eða annan hátt sú þróun verði í Vestur- og Mið-Evrópu, að herstöðvar hér fyrir Bandaríkin ættu að vera orðnar alveg ónauðsynlegar út frá sjónarmiði þeirra, sem héldu, að þær væru til varnar gegn árás frá austri, að Bandaríkin reyni að halda herstöðvunum hér á Íslandi áfram, og það er sú hætta, sem við verðum að horfast í augu við. Meira að segja ef Bretland og Frakkland lentu í því, sem er náttúrlega aldrei óhugsandi á milli stórvelda, að afstaðan á milli þeirra og Bandaríkjanna yrði ekki eins vinsamleg og nú, heldur jafnvel óvinsamleg, væri fyllilega sú hætta, að Bandaríkin út frá sínum stórveldishagsmunum, þó að engum manni dytti í hug lengur, að herstöðvar á Íslandi væru til varnar gegn árás, sem þeir segðu að vænta mætti frá austri, frá Sovétríkjunum, reyndu að halda hér herstöðvum vegna hugsanlegra árása þeirra sjálfra á Vestur-Evrópu eða stríðs við Vestur-Evrópu. Við skulum gera okkur ljóst, að stórveldi eins og Bandaríkin eru ekki aðeins að hugsa út frá deginum í dag, enda sýnir það það bezt, þegar þau gera kröfu til herstöðva til 99 ára. Þau eru að hugsa alllangt út í framtíðina, ekki aðeins út frá þeim pólitísku átökum, sem eiga sér stað á milli auðvaldsins í Bandaríkjunum og alþýðunnar í alþýðuríkjum heimsins, heldur líka út frá þeim hugsanlegu átökum, sem gætu átt sér stað á milli auðvaldsins í Bandaríkjunum og auðvaldsins í Bretlandi eða annars staðar í Vestur-Evrópu.

Afstaða Íslands og amerískar herstöðvar á Íslandi geta eins haft þýðingu fyrir Bandaríkin gagnvart Bretum. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að jafnvel þó að svo færi, að slíkar forsendur sköpuðust í Vestur-Evrópu, hvort heldur það yrði nú með þeim hætti, sem hv. þm. Str. gerði sér vonir um, eða með þeim hætti, sem ég var að draga hér upp mynd af, þá yrðum við Íslendingar eftir sem áður að standa á því að losa okkur við amerísku herstöðvarnar hérna, þó að Bandaríkin vildu halda þeim áfram. Þetta skulum við fyllilega gera okkur ljóst.

Hitt þykir mér aftur á móti vænt um, að einmitt sú þróun, sem nú er að verða í Vestur-Evrópu, hvaða myndir sem hún kann nú að taka á sig á næstunni, er nú þegar að skapa forsendur fyrir því, að þeir menn hér á Íslandi, sem voru með hernáminu 1951, sjái nú, að það sé tími til kominn að létta því hernámi af, að segja þeim hernámssamningi upp, og það er það, sem verður eina lausnin á öllum þeim vandamálum, sem við höfum verið hérna að ræða um, hvernig sem við spjöllum um þetta, hvort sem við tökum hernaðarleyndarmálin sum alvarlega eða frekar í gamni, hvernig sem við ræðum um vandamál vinnuaflsins á Íslandi, hvernig sem við ræðum um allt það, sem yfir vofir, ef þessar herstöðvar yrðu einhvern tíma notaðar af hálfu Bandaríkjanna. Við komumst alltaf að þeirri niðurstöðu, að þessi hernámssamningur verður óþolandi og þess vegna sé um að gera að nota frá sjónarmiði þeirra, sem upprunalega féllust á samninginn, þá friðsamlegu þróun, eins og þeir kalla það, í alþjóðamálum, sem nú er, til þess að losa okkur við þennan samning, — og frá sjónarmiði okkar hinna, sem alltaf höfum álitið þennan samning ógæfu, að vinna að því að búa þjóðina undir að losa sig við hana, búa hana undir það andlega með því að gera henni nægilega ljóst, hver hætta og hver smán þessi samningur er og allt það ástand, sem af honum skapast, og búa hana undir það efnahagslega að vera aldrei oftar upp á það komin að þurfa svo að segja, eins og gert var fyrir tveimur árum úti um land, að segja við íslenzka menn, sem ekkert frekar mundu vilja gera en að byggja upp atvinnulífið í sínum kaupstöðum og sveitum, að þeir skuli bara fara suður á Keflavíkurflugvöll til þess að byggja þar fyrir ameríska dáta.

Eina lausnin, hvernig sem við veltum þessu máli fyrir okkur, verður þess vegna, undir hvaða forsendum sem við gerum það, að segja þessum samningi upp, hætta þessu hernámi og láta amerískа herinn fara burt.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Þótt tíminn sé næstum liðinn, ætla ég að nota nokkrar mínútur til að svara einstaka fyrirspurnum.

Þeir hafa verið sammála um það, hv. 4. og 8. þm. Reykv., að enginn samningur hafi verið gerður við Bandaríkin. Hv. þm. Str. svaraði þessu og sýndi fram á, að þetta væri misskilningur, því að það færi ekki eftir því, í hvaða formi samningur væri gerður, það væri samningur fyrir því. Það væru engin eyðublöð fyrir slíka samninga, eins og skotið var hér inn í áðan. Auðvitað er þeim heimilt að trúa því, að enginn samningur hafi verið gerður. Ég get ekki að því gert.

Báðir þessir hv. þm. hafa gert mikið veður út af öðru atriði, en það var út af fsp., sem var lögð fyrir mig í gær, hvort reglur um ferðir Íslendinga inn á völlinn hefðu verið gerðar í samráði við herstjórn Bandaríkja, og neitaði ég því. Hv. 4. þm. Reykv. las upp úr Tímanum frá 26. eða 27. maí, að það væri ósamræmi hér á milli. Það getur vel verið, að þeir álíti, að það sé, en það er ekki. Þegar var minnzt á þetta atriði við Bandaríkjamennina, þá sögðu þeir: Þetta er ykkar mál, og við semjum ekki um það — enda voru þeir ekki ánægðir með þær till., sem komu fram frá okkur, svo að reglurnar um ferðir Íslendinga inn á völlinn eru settar einhliða af Íslendingum, án nokkurs tilverknaðar Bandaríkjaherstjórnar.

Því hefur verið haldið hér fram og gert töluvert veður út af því, að það hafi verið fjölgað herstöðvum hér á síðasta ári eða síðan við framsóknarmenn tókum við utanríkismálunum. Það hefur verið skýrt frá því hér áður, að þetta sé ekki rétt. Radarstöðvarnar voru samþykktar áður og tilkynnt um þær. Ég hef ekki gögn hér við höndina til þess að upplýsa nánar um þetta, en mér er sagt frá mjög öruggum heimildum, að þetta sé rétt. Það hefur því ekki verið bætt neinu við það, sem áður var lofað. Það má að vísu telja radarstöðvarnar hernaðarstöðvar, en þær eru a. m. k. ekki árásarstöðvar, því að þær eru settar upp í varnarskyni.

Það hefur líka verið minnzt á það hér og spurt um það, hvort við höfum óskað eftir því að taka að okkur rekstur stöðvanna. Því hefur verið svarað að nokkru leyti. Hv. þm. er ekki alveg ljóst, um hvað hann er að tala, þegar hann vill, að Íslendingar taki að sér rekstur stöðvanna. Ég get upplýst það, að í eina slíka radarstöð þarf 30—50 þaulæfða sérfræðinga, til þess að stjórna þeim tækjum, sem þar eru notuð. Vitanlega höfum við ekki slíkan mannafla fyrir hendi. En eins og ég sagði í gær, hefur ekki verið um þetta samið. Þetta mál liggur alveg niðri enn þá. En hitt er rétt, að við kusum ekki, eins og hv. þm. Str. upplýsti hér, að semja um það, að Íslendingar tækju að sér einhver undirtyllustörf á þessum stöðum, heldur kusum við til þess að forðast sambýli á stöðvunum að krefjast þess, að þær væru algerlega lokaðar. Þar með segi ég ekki, að það sé vonlaust, að Íslendingar geti tekið að sér þessar stöðvar. Ég skal ekkert um það segja, að hægt verði að þjálfa svo marga menn hér, en heldur líst mér þunglega á það, því að það tekur mikinn tíma að þjálfa menn til slíkra starfa. Mér er sagt af kunnugum, að það sé tveggja ára nám, til þess að geta farið með tækin.

Þá vildi ég svara hv. 4. þm. Reykv. því, að ég hafi ekki upplýst um, hvað við hefðum farið fram á við Bandaríkjamenn. Það er alveg rétt, ég gerði það ekki í ræðu minni í gær. En ég vil geta þess, að ég hef tvisvar sinnum gert það hér á hv. Alþingi. Í ræðu 19. nóv. s. l. skýrði ég nákvæmlega frá því, hvaða kröfur við gerðum til Bandaríkjamanna. Voru þær sundurliðaðar í sex liði. Ég vil ekki vera að eyða tíma í að lesa þetta upp. Enn fremur tók ég þetta fram „summariskt“ í ræðu minni 12. apríl í vor. Þar er líka frá því sagt, hvað við höfum farið fram á, og ef maður ber svo saman, hvað við höfum fengið, og þær kröfur, sem við höfum lagt fram, þá svarar það sér sjálft, hverju við höfum ekki fengið framgengt.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði um það, sem er kki nema eðlilegt og sanngjarnt að um sé spurt, hvort við hefðum samið um, að við tækjum að okkur fleiri störf. Ég skal svara þessu óbeint. Það er stöðugt unnið að því, að Íslendingar taki að sér fleiri og fleiri störf fyrir Bandaríkjamenn. T. d. vil ég benda honum á það, að við erum að yfirtaka alltaf meira og meira af störfum í sambandi við flugið. Enn fremur höfum við tekið að okkur að mestu leyti veðurþjónustuna á flugvellinum. Það eru margir veðurfræðingar, sem vinna þar, og ég hygg, að þeim mönnum fari alltaf fjölgandi, sem fara í tæknileg störf fyrir varnarliðið.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði enn fremur að því, hvort við hefðum farið fram á að afnema tollfrelsi á áfengi og fleiri ónauðsynlegum vörum, eða munaðarvörum, eins og hann skaut inn í. Það hefur ekki verið gert, því að um það var samið í upphafi, að herinn fengi vörur sínar tollfrjálsar, en það er alls staðar gert, þar sem her dvelur erlendis, eftir því sem ég veit bezt. Á hinn bóginn hefur verið hert, eftir því sem hægt er, á eftirliti og mun verða gert betur, til þess að tollfrelsið verði ekki misnotað.

Hv. 8. þm. Reykv. gerði lítið úr því, að við hefðum samið um það, að við hefðum einhvern hemil á því, hversu margir Íslendingar ynnu við varnarstörfin. Ég lýsti því þó yfir í gær, að til jafnaðar hefði unnið 600 manns færra á árinu 1954 en 1953, og er það vitanlega vegna áhrifa frá utanrrn., að þannig hefur verið fækkað. Skortur á vinnuafli stafar þá ekki af því, að það hafi fjölgað í varnarliðsvinnu í Keflavík, heldur stafar það einfaldlega af því, að fjárfesting hefur stórkostlega aukizt, t. d. í Rvík og hér suður frá, og þar með vinna við húsabyggingar. Auk þess er útgerð miklu meiri nú en hefur verið, t. d. á smábátum, en það er mannfrek útgerð.

Ég vil hér svara fyrir óverðskuldð ummæli, sem hv. 8. þm. Reykv. hafði um starfsfólk mitt í utanrrn., þar sem hann taldi, að það væri áberandi ósannsögult fólk. Ég vil lýsa þetta ómerkileg ummæli og ódrengileg á allan hátt, þar sem hann er að níða hér menn, sem eru fjarverandi, og ég skora á hann að endurtaka þetta í blaði sínu. Mér er ekki kunnugt, að um þetta svokallaða barnadagsmál í Keflavík hafi verið sagt eitt einasta orð ósatt af ráðuneytinu, enda hefur ameríska blaðið gefið yfirlýsingu

um, að það hafi farið skakkt með. Og ef hann fylgist jafnvel með blöðum þarna suður frá og virðist vera, þá hefði hann getað lesið þetta líka og fylgzt með málinu, en það virðast álög á blaði hans að geta sjaldan sagt satt.

## IV. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., utan dagskrár, mælti

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hafði ætlað að beina örfáum orðum til hæstv. ríkisstj., en ég sé, að allir ráðherrastólarnir eru auðir enn sem komið er, — en þarna er nú fyrsti hæstv. ráðherrann kominn, svo að ég ætla þá að vekja máls á því, sem ég hafði hugsað mér að minnast hér á utan dagskrár.

Í einu dagblaðinu í morgun er frá því skýrt, að hæstv. utanrrh. Íslands sé nú kominn til Parísar til þess að sitja þar fund utanríkisráðherra aðildarríkja að Atlantshafsbandalagi. Það er vitað, að á fundi þessum á að fjalla um og taka ákvarðanir um mjög örlagaríkt mál, þar sem er innganga Vestur-Þýzkalands í Atlantshafsbandalagið. Þetta kemur í kjölfar þess, að Þýzkalandi hefur nú verið veitt leyfi til þess að hervæðast á ný og það á að fá að hafa allt að ½ millj. manna undir vopnum. Því er ekki að neita, að fjölmargir menn víðs vegar í Evrópu og raunar víðar líta til þess með miklum ugg og ótta, að Þýzkaland fái að hervæðast á ný og verða tekið sem aðili í Atlantshafsbandalag.

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, hefur þetta mál, afstaða Íslands til upptöku Þýzkalands í Atlantshafsbandalag, ekki verið rætt á nokkurn hátt eða lagt hér fyrir Alþingi. Það virðist því svo sem hér sé á ferðinni hjá hæstv. ríkisstj. sá háttur, sem raunar hefur tíðkazt áður í sambandi við örlagarík ákvarðanir um utanríkismál, að fara á bak við Alþingi, láta það ekkert hafa um slík mál að fjalla, fyrr en þá í mesta lagi eftir á.

Ég vil því leyfa mér að beina til hæstv. ríkisstj. af þessu tilefni þrem spurningum. Í fyrsta lagi: Hefur utanrmn. Alþingis ekki verið kvödd saman til þess að fjalla um það, hvaða afstöðu Ísland á að taka til upptöku Vestur-Þýzkalands í Atlantshafsbandalag? Í öðru lagi: Hvaða fyrirmæli hefur hæstv. utanrrh. fengið um afstöðu í sambandi við þetta mál? Og í þriðja lagi: Er það ríkisstj. ein og stuðningsflokkar hennar eða einhverjir fleiri aðilar, sem þegar hafa fallizt á þá afstöðu, sem hæstv. utanrrh. tekur á fundinum í París?

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fáein orð út af þessari fsp. frá hv. 8. þm. Reykv.

Eins og kunnugt er, á að fjalla um það á aukafundi þeim í Atlantshafsbandalaginu, sem nú er haldinn, hvort Þýzkaland verði þar fullgildur meðlimur eða ekki.

Áður en utanrrh. fór, ráðgaðist hann um afstöðuna í þessu máli við undirnefnd þá, sem kosin er af utanrmn., til þess að vera til ráðuneytis ríkisstj. um utanríkismál. Munu undirnefndarmenn hafa verið sammála um þá afstöðu, sem rétt væri að utanríkisráðherra tæki í þessu máli. (EOl: Hvaða undirnefnd er þarna til?) Það eru þrír nm. úr utanrmn., sem kosnir eru í undirnefnd til þess að vera stjórninni til ráðuneytis. (EOl: Utanrmn. er nýkosin, og hún hefur ekki heimild laga til að kjósa nokkra undirnefnd.) Þá eru það þeir þrír menn, sem síðast voru kosnir í þessu skyni, sem starfa þangað til aðrir eru kosnir. Það eru þeir, sem málið var undir borið. Það er einn maður úr flokki sjálfstæðismanna, einn úr flokki framsóknarmanna og einn Alþýðuflokksmaður.

Afstaða utanrrh. á fundinum mun verða sú að samþ. það, að Þýzkaland verði fullgildur aðili að Atlantshafsbandalaginu. Þetta mál mun svo síðar koma til meðferðar Alþingis til staðfestingar, eins og síður er um þess háttar ákvarðanir.

Það þótti ekki ástæða til þess að ræða þetta mál á hv. Alþingi, áður en utanrrh. fór, þar sem sú málsmeðferð var viðhöfð, sem ég nú lýsti.

Það kann að vera, að einhverjir hafi aðra skoðun á þessu máli en þá, sem kemur fram í afstöðunni, sem hæstv. utanrrh. mun taka. En tæpast held ég, að hægt sé að tala um það í alvöru, að Ísland notfæri sér neitunarvald sitt í NATO til þess að koma í veg fyrir, að Þýzkaland verði aðili að varnarsamtökum Vestur-Evrópu. Ég tel, að tæplega sé hægt að tala um slíkt í alvöru. En sem sagt, þetta mál kemur til meðferðar á Alþingi síðar, eins og venja er um slík málefni. En undirbúningur fararinnar af hendi hæstv. utanrrh. er eins og ég hef gert grein fyrir.

**Gils Guðmundsson:** Ég ætla aðeins að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar, sem hann gaf nú. Það var ágætt að fá þær fram. Væntanlega mun síðar verða tækifæri til þess að ræða þessi mál. En ég vil endurtaka það, sem ég áðan sagði, að ég tel það með öllu óviðurkvæmilegt að hafa þá málsmeðferð í mikilvægum utanríkismálum að sniðganga Alþingi og jafnvel utanrmn., sem sérstaklega er kosin til þess að fjalla um slík mál. Þessi undirnefnd utanrmn., sem hæstv. ráðh. var að tala um, hefur, eins og upplýstist nú, alls ekki verið kosin á þessu þingi, enda munu engin lög til um það, að slík n. sé kosin og starfi, svo að þetta eru aðeins þrír menn, sem tilnefndir hafa verið á síðasta þingi, en þó ekki kosnir af Alþingi sjálfu.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál komi hér fyrir hv. Alþingi á sínum tíma til staðfestingar, en það er bara of seint. Þá verður Ísland búið að móta sína afstöðu, og henni verður þá vafalaust ekki breytt. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að rökræða við hæstv. ríkisstj. um það, hvort Ísland ætti að hafa þá stefnu að samþ. upptöku Vestur-Þýzkalands í Atlantshafsbandalag, eins og málum er háttað. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þyki eðlilegt, að um það fari fram langar rökræður utan dagskrár, en ég vil enn einu sinni mótmæla þeirri málsmeðferð, sem höfð hefur verið.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það voru nokkur orð, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, sem komu mér til þess að standa upp. Ég er nú orðinn því svo vanur, að hæstv. ríkisstj. hafi þann hátt á um að taka ákvarðanir í utanríkismálum, að hún kveðji Alþingi ekki þar til ráða áður, heldur ráði sínum ráðum á bak við tjöldin, að mér bregður ekki neitt við slíkt. Það er aðeins eitt merki þess, að hæstv. ríkisstj. treystir sér yfirleitt ekki til þess að leggja nein slík mál eins og utanríkismálin undir rökræður á Alþingi, nema því aðeins að hún hafi sjálf framið hlutinn áður og það sé helzt engu þar hægt um að breyta.

Það er vitanlegt, að það hefur aldrei staðið á þeirri íslenzku ríkisstj., sem núverandi flokkar standa að, að gera hvað sem Bandaríkin hafa heimtað í utanríkismálum. Það var búið einna fyrst af öllum ríkjum að leggja sáttmálann um Evrópuherinn fyrir þetta þing og átti að kúska hann hér í gegn, áður en aðalþjóðirnar á meginlandi Evrópu, sem í Atlantshafsbandalaginu voru, höfðu tekið sínar ákvarðanir þar um. Það stóð ekki á hæstv. ríkisstj. að hlýða með þessa hluti, hvenær sem „vinkað" var þar vestur frá. Ég kippi mér þess vegna ekkert upp við það, þótt hæstv. ríkisstj. hafi þennan hátt á að ganga fram hjá Alþingi og fram hjá utanrmn. En hitt fannst mér ósvinna af hæstv. fjmrh. að segja hér áðan, að það gæti tæpast komið til mála að ræða það í alvöru, hvort Ísland notaði sinn neitunarrétt í Atlantshafsbandalaginu til þess að neita um upptöku Vestur-Þýzkalands. Hæstv. ráðh. er furðu minnissljór. Það eru ekki liðin nema 10 ár síðan það Vestur-Þýzkaland, það Þýzkaland, sem nú er risið upp með ríkisstj. í Bonn, ríkisstjórn nazistanna, vopnahringanna og hershöfðingjanna gömlu, var að granda íslenzkum sjómönnum og íslenzkum skipum. Það eru sömu mennirnir og stjórnuðu kafbátaárásunum á íslenzku skipin, sem nú eiga að ganga í bandalag til þess að varðveita lýðræðið. Það eru þeir sömu sem frömdu morðárásirnar á Fróða og Pétursey og aðra íslenzka togara og báta á stríðsárunum. Það er þessi lýður, sem nú á að fara að biðja um að vernda lýðræðið í Evrópu. Ég vil þess vegna segja hæstv. ráðh. það, að það verður rætt um það í alvöru á Alþingi Íslendinga, hvort það á að fara að taka fasistana með inn í Atlantshafsbandalagið. Það er ekki nóg, að Bandaríkin gangi hröðum skrefum til fasisma, að búið sé að innlima Spán í gegnum bakdyrnar svo að segja, allt undir merki lýðræðisins. Ég vil aðeins láta hæstv. ráðherra vita það, að það verður rætt í alvöru hér, fyrst hann leyfði sér að viðhafa þessi orð.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv., einkum þó hv. 8. þm. Reykv., fóru að tala um, að það mundi ekki vera í lögum, að þrír menn úr hópi utanrmn. væru sérstaklega til ráðuneytis ríkisstj. um utanríkismál. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það eru ákvæði um það í þingsköpum, að einmitt þrír menn úr utanrmn. skuli vera til ráðuneytis ríkisstj. Utanrmn. starfar sem venjuleg þingnefnd að öðru leyti en því, að þessir þrír menn skulu vera stjórninni til ráðuneytis á þingtíma og utan þings. Það, sem hæstv. utanrmn. gerði, var að ráðgast við þessa menn. Þar sem ekki var búið að kjósa nú nýja menn, hlýtur ráðherrann að ráðgast við þá, sem hafa haft þetta með höndum, þangað til nýir menn eru kosnir. Það gerði ráðherrann. Í hópi þessara manna var enginn ágreiningur um þetta mál.

Ég vil benda hv. þm. á, þeim sem hafa talað um, að átt hefði að leggja málið fyrir Alþingi, áður en hæstv. ráðh. fór utan, að ef þeim hefði verið sérstakt áhugamál, að þetta væri rætt hér á hv. Alþingi, áður en utanrrh. segði nokkuð í stjórnarinnar nafni um málið, þá hefði þeim verið í lófa lagið að stinga upp á því, að umr. færu fram, áður en NATO-fundurinn væri haldinn. Þeir hafa vitað það nú um sinn, að þennan NATO-fund átti að halda, og þeir hafa vitað vel, hvað það var, sem átti að taka fyrir á fundinum. Ef þeir höfðu raunverulega áhuga fyrir þessu máli og fyrir þeim vekti eitthvað annað en að finna eftir á að því, sem gert var, þá hefðu þeir átt að minna á það í tíma, að málið yrði tekið fyrir á þingfundi. Það hafa þeir ekki gert, og það sýnir, að áhugi þeirra í þessu efni hefur ekki verið brennandi. Þess vegna finnst mér, að þeim farist ekki að koma fram með stórfelldar aðfinnslur eða sýna ofstopa, þótt hæstv. utanrrh. hafi haft þann hátt á, sem ég hef lýst. Hann er fullkomlega eðlilegur. Enginn ágreiningur kom fram og samráð voru höfð við þrjá stærstu flokka þingsins á þann hátt, sem ég hef frá skýrt, þ. e. a. s. fulltrúa frá þessum flokkum. (**EOl:** Þetta er ekki rétt hjá ráðherranum.) Hvað er skakkt í þessu? (**EOl:** Það hafa engin samráð verið höfð við þrjá stærstu flokka þingsins.) Ég bið afsökunar, ég átti við þrjá flokka þingsins. Það er rétt, að þriðji stærsti flokkur þingsins var þar ekki með í ráðum. Ég á við þá flokka, sem eiga fulltrúa í undirnefndinni um utanríkismál.

Ég veit ekki, hvort það á nokkuð að vera að tala tæpitungu um þetta. Ég held, að það sé enginn skaði skeður, þótt ekki sé ráðgazt við kommúnista um utanríkismál. Ég segi það í hreinskilni og meina það. Það er ekkert til þeirra að sækja í því efni. Við vitum vel, hvað þeir vilja, og við heyrðum tóninn hér áðan hjá hv. 2. þm. Reykv. Það er ekkert nema tímatöf að tala um þetta við þá. (**EOl:** Ekki einu sinni Alþingi?) Það er allt annað með hv. Alþingi, og ef menn hefðu haft áhuga fyrir því, að mál þetta væri rætt á Alþingi fyrr, þá var í lófa lagið að óska eftir því.

Það kom greinilega fram af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að honum hefur ekkert batnað. Hann hefur Bandaríkjamenn á heilanum enn, og ég þjóst reyndar ekki við neinum bata hjá honum. Hann fór að tala um, að það væri eftir kröfu Bandaríkjanna, að nú ætti að fara að samþ., að Þýzkaland endurhervæddist. Ég hygg, að það sé ekki aðeins áhugi hjá Bandaríkjamönnum einum fyrir því að taka Þjóðverja inn í varnarsamtök Vestur-Evrópu. Ég hygg, að það sé alveg eins mikill áhugi fyrir því, ef ekki meiri, hjá Vestur-Evrópuþjóðunum, sem ætla sér að taka upp samvinnu við Þjóðverja í varnarmálum. Hv. 2. þm. Reykv. veit ákaflega vel, af hverju þessi áhugi stafar, af hverju nú er ætlunin, að Þjóðverjar

endurvígbúist. Það hefði engum dottið slíkt í hug, ef Rússar hefðu ekki endurvígbúizt svo sem þeir hafa gert eftir stríðið og ef þeir hefðu ekki lagt undir sig með ofbeldi alla Austur-Evrópu. Ef Rússar hefðu ekki gert þetta, þá hefði það aldrei komið til mála, að menn hefðu nú samþ., að Þjóðverjar færu að endurvígbúast til þess að taka saman höndum við aðrar vestrænar þjóðir í varnarskyni.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það gæti svo sem meira en komið til, að í alvöru væri um það rætt, að Íslendingar tækju á sig að koma í veg fyrir, að Þjóðverjar yrðu þátttakendur í vörnum Vestur-Evrópu. Hann sagði, að illa myndu menn þá þau óhæfuverk, sem Þjóðverjar hefðu unnið á stríðsárunum, ef slíkt gæti ekki komið til mála. — Ég hygg, að Þjóðverjar hafi á stríðsárunum komið við fleiri en Íslendinga. Ég hygg, að Frakkar, Bretar, Hollendingar, Belgir, Danir, Norðmenn og Lúxemburgarmenn gætu sagt ýmsar ófagrar sögur um það, sem gerðist á stríðsárunum. Ég hygg, ef þessar þjóðir sjá sér nauðsynlegt að samþ. endurvígbúnað Þjóðverja þrátt fyrir það, sem gerðist á stríðsárunum, og taka saman höndum við þá í varnarskyni, að það sæti þá ekki á okkur að koma í veg fyrir það. Ég segi hiklaust: Ef þessar þjóðir álíta þetta nauðsynlegt, þá mundi það illa sitja á Íslendingum að koma í veg fyrir slíkt samstarf þeirra við Þjóðverja um varnir Vestur-Evrópu.

---

Á 27. fundi í Nd., 6. des., utan dagskrár, mælti

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það ber alloft við, að við fáum fréttir frá útlöndum af íslenzkum stjórnmálum, og það má eiginlega frekar heita, að það falli undir undantekningar, að menn fái fyrstu vitneskju um þýðingarmikil mál, sem eru á framkvæmdarstigi, hjá hæstv. ríkisstj., nema því aðeins að svo beri til, að missætti komi upp á milli stjórnarflokkanna um afgreiðslu slíkra mála og að þeir fari að rífast opinberlega um þau.

Nú hefur svo borið til, að hingað til lands er komið síðasta hefti af tímaritinu Newsweek, og það hefti er dagsett í dag, þ. e. heftið 6. des. 1954, og er þannig alveg nýtt af nálinni, en í því hefti er að finna upplýsingar viðvíkjandi íslenzku þjóðmáli, sem ég hygg að margan fýsi að vita nánar um, en upplýsingarnar, sem Newsweek hefur að flytja og ég tel að eigi erindi inn á Alþingi, til þess að við fengjum um það framhaldsvitneskju frá hæstv. ríkisstj., eru á þessa leið, það virðist vera fréttaskeyti frá Reykjavík:

„Reykjavík, Ísland.

Moskva hefur nýlega boðizt til bak við tjöldin að byggja sementsverksmiðju, sem mikil þörf er fyrir hér (þ. e. á Íslandi), með mjög hagkvæmum greiðsluskilmálum. Ísland hafði leitað fyrir sér um lán til þessara framkvæmda í Bandaríkjunum og Evrópu, en verið synjað."

Nú vil ég leyfa mér vegna þessara upplýsinga að spyrja hæstv. ríkisstj., og það gleður mig, að hæstv. iðnmrh. er hér einmitt viðstaddur, þessara spurninga: 1) Hefur þessi fregn við rök að styðjast? 2) Ef svo er, með hvaða kjörum er þetta lán fáanlegt? 3) Hvaða tilraunir hafði hæstv. ríkisstj. gert til útvegunar lánsfjár vegna sementsverksmiðjunnar í Bandaríkjunum og í Evrópu? — En frá því er skýrt í greininni. 4) Hyggst hæstv. ríkisstj. að taka þessu tilboði, ef það er rétt, sem blaðið segir, að þetta tilboð frá Moskva hafi þegar borizt að heimulegum leiðum?

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er nú víst ekkert einsdæmi, þótt lesa megi í erlendum blöðum ýmsar fréttir héðan að heiman, og hv. þm., sem lagði þessa fyrirspurn fram hér áðan, veit alveg eins vel og ég og allir hv. þingmenn, að slíkum fregnum ber að taka misjafnlega og ekki allt of hátíðlega. Hitt er svo ekkert óeðlilegt, þótt hv. þm. spyrji um það í þessu tilfelli, hvort það, sem um er rætt, hafi við rök að styðjast, því að hér er um stórmál að ræða, ef það lægi fyrir, að eitt ríki hafi boðizt til þess að reisa sementsverksmiðjuna með sérstaklega hagkvæmum kjörum. En því miður liggur það ekki fyrir, og þessi fregn eða skeyti hefur ekki við rök að styðjast frekar en hitt, að það hafi algerlega verið neitað um lán til sementsverksmiðjunnar í öðrum löndum.

Nú veit hv. þm., að það liggur fyrir að byggja sementsverksmiðjuna og það sem allra fyrst, og ég geri fastlega ráð fyrir því, að það ríki, sem byði hagkvæmust og bezt kjör í því skyni, yrði látið sitja fyrir, hvað svo sem það land heitir. En þetta er eins og hver önnur blaðafregn, sem við verðum svo oft varir við í erlendum blöðum. Og blaðamennirnir eru misjafnir, og túlkunin verður oft rangfærð, svo að úr því verður hrein markleysa.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi ekki talið óeðlilegt um fregn, sem birzt hefur í áreiðanlegu tímariti, sem er alveg nýtt, sem sé dagsett í dag, eins og ég áðan gat um, og færði okkur fregn um mál, sem hefði verið okkur mikil gleðitíðindi, ef fregnin reyndist á rökum reist, þó að spurt væri um það, hvort hér væri um missögn í hinu erlenda tímariti að ræða, enda skilst mér, að hæstv. ráðh. álasaði mér ekki fyrir það að ganga beint framan að hæstv. ríkisstj. og óska eftir frekari vitneskju um málið.

Það hryggir mig hins vegar, ef enginn fótur er fyrir þessu, og má furðulegt heita, að fréttaskeyti séu send út frá Rvík til útlanda, ef þetta er allt saman úr lausu lofti gripið. Hér er sagt frá einstökum atriðum viðvíkjandi málinu, að hæstv. ríkisstj. hafi verið að leita fyrir sér um lán í Bandaríkjunum og í Evrópu og hafi fengið synjun. Það segir hæstv. ráðh. að sem betur fari sé ekki rétt, það sé ekki komin enn þá synjun um slíkt lán, þar sem leitað hafði verið eftir því. Það er enn fremur sagt, að þetta lán, sem að heimulegum leiðum sé boðið frá Moskva, sé með mjög hagkvæmum kjörum, ekki aðeins þannig sagt frá því, að lán sé til boða, heldur líka sagt, að það séu mjög hagstæð lánskjör, og fregnin bar sem sé það yfirbragð, að það væri af nokkrum kunnugleika spurt eða skýrt frá að því er snerti þann, sem sendi skeytið.

Mér skilst, að hæstv. ráðh. telji, að það sé ofsagt, að búið sé að fá neitanir um lán til sementsverksmiðjunnar í Ameríku og Evrópu, og að honum sé á engan hátt kunnugt um, að Moskva hafi á bak við tjöldin boðið þetta góða boð. Hins vegar gleður það mig, að ráðh. upplýsti, að hæstv. ríkisstj. mundi að sjálfsögðu taka góðu tilboði og hagstæðu um lánsfé til þess að byggja fyrir sementsverksmiðju, hvaðan sem það kæmi.

---

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., utan dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vildi leyfa mér, nú þegar þing er komið saman aftur, að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún hefur gert sér ljóst, hvers konar vandræðaástand er að skapast í landinu nú, og hvað hún hefur í hyggju að gera til þess að ráða fram úr því. Ég hef satt að segja undrazt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa látið Alþ. koma saman fyrr, eins og hún hafði heimild til, miðað við það ástand, sem hefur verið að skapast í landinu undanfarið, *og þá sérstaklega tvennt: annars vegar stöðvun* flutningaskipanna og hins vegar deilan í Vestmannaeyjum.

Nú stendur svo, að hvert flutningaskipið á fætur öðru stöðvast hér í Reykjavík, og nú seinast hafa nokkur stærstu skipafélögin sagt upp öllum sjómönnum á þessum skipum. Þessi skipafélög njóta ýmissa sérréttinda frá hálfu ríkisins, skattfríðinda og annars slíks, og eru eðlilega skuldbundin til þjónustu við landsmenn, en ekki til þess að leggja skipunum. Og ég er hræddur um, að nú þegar sé ástandið að verða þannig víða úti um land, að það liggi við skorti og vandræðum út af því, að skipin ganga ekki. Hins vegar er það vitanlegt mál, að þessi skipafélög hafa sjálf mjög mikinn gróða af sínum ferðum. Ég gæti jafnvel trúað, að sum þeirra skipa, sem nú hefur verið lagt hér, tækju um eina millj. króna í hreinan gróða á einni ferð fram og aftur til útlanda, en skipafélögin láta samt sem áður skipin nú stöðvast út af smávægilegum atriðum, sem á milli ber.

En hitt er þó öllu alvarlegra, að í Vestmannaeyjum, langstærstu og þýðingarmestu verstöð landsins, verstöð, sem gefur þjóðinni um 100 millj. kr. á vertíðinni í útflutningsverðmætum, er búið að vera róðrarbann af hálfu útgerðarmanna í heilan mánuð, og það af hálfu útgerðarmanna, sem njóta slíkra fríðinda frá hálfu ríkisins, að þeir fá mjög mikil lán út á sína báta, og hraðfrystihúsaeigendur út á sín hraðfrystihús, og hafa samt sem áður álitið sig hafa efni á því gagnvart þjóðinni að stöðva í heilan mánuð alla róðra frá þessari þýðingarmiklu verstöð. Og hæstv. ríkisstj. á sjálf nokkra sök á því, að nú heldur þessi stöðvun áfram, vegna deilunnar meðal annars um, að *sjómennirnir fái sinn* eðlilega hluta af bátagjaldeyrinum, því kerfi, sem ríkisstj. sjálf hefur innleitt, upphaflega ólöglega, en reynt að gera að nokkru leyti löglegt upp á síðkastið.

Það er þess vegna engum efa bundið, að það er vandræðaástand, sem yfir vofir í landinu, stórkostlegt tjón, sem vofir yfir vegna stöðvunarinnar, sem búin er að vera í Vestmannaeyjum í heilan mánuð, og vandræðaástand, sem er að skapast með flutningaskipastöðvuninni.

Hvað hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér í þessum efnum? Og hefur hún ekki eitthvað nú, þegar hún kemur saman, að segja Alþingi, fyrst hún hefur ekki séð ástæðu til þess að kalla það saman fyrr, um sínar fyrirætlanir? Það er alveg vitað mál, að eins og ríkisvaldið — ríkisstj. — nú grípur inn í allt okkar atvinnulíf, þá er það á ábyrgð ríkisstj., að okkar atvinnulíf geti gengið.

Ég vil *vona*, að hæstv. *forsrh. geti ofur lítið*, þó að það sé ekki nema undan og ofan af, sagt okkur frá því, hvað hæstv. ríkisstj. hefur verið að hugsa í þessum efnum.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. forsrh. svipaðra spurninga og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) nú hefur gert og hef því litlu við það að bæta, sem hann hefur sagt þar um. En jafnframt vildi ég mega spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta og jafnframt hjá hæstv. forsrh. að nokkru leyti, *hvenær fyrir verði tekin hér á Alþingi till. til* þál. á þskj. 155, sem flutt var af hálfu Alþfl. — ég ætla í nóvember s. l. — af Hannibal Valdimarssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni og hnígur í þá átt, að ríkisstj. leitist við að koma fram ráðstöfunum til lækkunar á dýrtíðinni.

Ég segi, að ég leyfi mér að beina þessari fsp. bæði til hæstv. forseta og jafnframt til hæstv. forsrh., því að ég hef séð í blöðum nú, að hann sé að einhverju leyti farinn að athuga það, sem farið er fram á í tillögunum, án þess að ég sjái nokkuð, með hverjum hætti það er. En sé svo, að það sé ætlun hans að gera það, sem *ég vildi* vænta, þá virðist mér einsýnt, að hann leiti til þess samþykkis Alþingis og fái stuðning þess í þeirri viðleitni sinni, sem mér er annars ekki kunnugt um hversu langt er komið eða hvernig hefur verið tekið. Þætti mér vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti einnig gefið upplýsingar um þetta atriði ásamt forseta í sambandi við umræður um það, sem spurt var um hér fyrr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hvað ríkisstj. *ætlaðist fyrir út af uggvænlegum horfum* í þjóðfélaginu, sem stafa af vinnudeilum.

Það liggur í hlutarins eðli, að sérhver ríkisstj. hefur áhuga fyrir því, að úr slíkum deilum fáist leyst á friðsamlegan hátt, ef þess er nokkur kostur. Þessi tvö atriði, sem hann nefndi, vinnudeilan í Vestmannaeyjum og vinnudeilan á kaupskipaflotanum, hafa bæði verið og eru enn þá í höndum sáttasemjara. Það hefur verið venja hér á landi að grípa ekki fram fyrir hendur sáttasemjara og — ef svo mætti segja — trufla eðlilega rás þessara viðburða, nema í fullkomið öngþveiti sé komið. Það getur náttúrlega að því komið, að ríkisstj. leiti þá samþykkis Alþ., ef nauðir þykja reka til að hafa sig í frammi umfram það, sem venja hefur verið til í þessum efnum.

Hv. þm. gat um það, að vissir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, — ég tók svo eftir, að það væru einhver skipafélög, — hefðu haft orð, og ég dreg

það ekkert í efa. En málið er flóknara en svo, að það verði leyst út frá því einu sjónarmiði. Eins og hv. þm. manna bezt veit, þá orkar kauphækkun einnar stéttar hér á landi hækkun annarrar, og málið verður því jafnan, þegar slíkar deilur rísa, að skoðast í því ljósi, hvað atvinnureksturinn yfirleitt fær risið undir.

Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu mikið um þessi mál talað í sinn hóp, en hefur ekki á þessu stigi málsins talið það vera eðli málsins samkvæmt, að hún sneri sér til Alþ. um frekari heimildir, þó að geti að því komið. Hins vegar átti ríkisstj. einkaviðræður við Alþýðusamband Íslands og ræddi þá þetta mál almennt, lét í ljós nokkurn ugg um, að almenn kauphækkun í landinu kynni að hafa örlagaríkar afleiðingar. Alþýðusambandsstjórnin sýndi hins vegar frá sínu sjónarmiði þá mynd, að hún taldi, að alþýða manna kæmist illa af með þann hlut, sem hún bæri nú frá borði, og þær viðræður voru meira almenns eðlis. Ríkisstj. lét þá að gefnu tilefni í ljós ótta um það, og ég vil, að það sé alveg skýrt, að ríkisstj. lét í ljós ótta um það, að sá, sem stofnaði til kauphækkunar eða reisti kauphækkunaröldu, mundi einnig ráðast á íslenzku krónuna, — ekki annað en ótta og allra sízt hótanir eða ógnanir. Auðvitað hlýtur ríkisstj. að vera í fararbroddi fyrir því, að krónan falli ekki. En viss lögmál gilda um okkar krónu eins og um gjaldmiðil annarra þjóða, sem við ráðum ekki yfir. Okkur kann svo að missýnast um það, hvort einhver kauphækkun þyrfti að færa þessa hættu yfir krónuna. Enginn er alvitur og hvorki Alþýðusambandsstjórnin né ríkisstj. frekar en aðrir. Menn kann að greina á um þetta. Reyndin sker þá úr, ef í það fer.

Það er rétt, að ríkisstj. tilkynnti þá Alþýðusambandi Íslands, að hún hefði í hyggju að stofna til viðræðna við ýmsa aðila, sem geta haft nokkur áhrif á verðlagsmyndunina, og ríkisstj. hefur skrifað einum átta aðilum í þessum efnum, fengið svör, jákvæð, um þátttöku í slíkum viðræðum frá þeim flestum, og á von á, að nú um helgina verði allir aðilarnir, sem hún skrifaði, búnir að nefna fulltrúa, sem ríkisstj. mun þá eiga viðræður við. Og jafnframt mun ríkisstj., eftir því sem málefni standa til, ræða þau viðhorf, sem þarna kunna að rísa, við Alþýðusambandsstjórnina og aðra þá aðila, sem mestu kunna að ráða um kaupgjaldið í landinu. Ríkisstj. vill að sjálfsögðu leita sem vinsamlegastrar samvinnu við alla þessa aðila og telur sig hafa góða aðstöðu til þess að ræða við þá. Þær undirtektir, sem við höfum fengið frá þessum aðilum, sem stjórnin skrifaði, benda til þess, og viðræðurnar við Alþýðusambandsstjórnina fóru fram á eðlilegum og vinsamlegum grundvelli, þó að nokkur skoðanamunur hafi komið fram og muni að sjálfsögðu koma fram. Ríkisstj. álítur, að ef föng standa til, þá muni sá kostur vera farsælastur að reyna að stuðla að því, að verðlag í landinu fari sem mest lækkandi, en vald stjórnarinnar í þeim efnum er takmarkað og ríkisstj. hefur ekki enn þá tekið neinar ákvarðanir um að biðja Alþingi um að gefa sér aukið vald í þeim efnum, enda hefur reynsla Íslendinga um valdboð á því sviði ekki verið farsæl.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði um það sérstaklega, hvort ríkisstj. mundi þá ekki leita samþykkis Alþingis til þessara viðræðna. Okkur hefur ekki hugkvæmzt það, að þess þyrfti. Við teljum, að þær viðræður hljóti að geta farið fram án þess, að Alþingi veiti ríkisstj. heimild til slíkra viðræðna, og þar til rök verða leidd að öðru, munum við sennilega ekki breyta um skoðun í þeim efnum. Það kunna svo að rísa viðhorf, meðan á þeim viðræðum stendur, sem orka því, að ríkisstj. telur sig sækja styrk í umræður á Alþingi og heimildir frá Alþingi til þeirra ákvarðana, sem kynni að þurfa að taka, og þá mun ríkisstj. að sjálfsögðu færa málið inn á vettvang Alþingis.

**Forseti (JörB):** Út af fsp. hv. 4. þm. Reykv. viðvíkjandi því máli, er hann tilnefndi, hvort það mundi ekki nú verða tekið fyrir, þá skal ég lýsa því yfir, að það mun eins og önnur mál, er liggja óafgreidd fyrir þessu þingi, nú verða tekið fljótlega á dagskrá.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Hér hafa verið gerðar að umtalsefni tvær vinnudeilur, sem full ástæða er til að ríkisstj. og Alþingi gefi auga og fylgist með, sérstaklega annarri þeirra, er snýst um það stór mál, að það er ástæða til að bera nokkurn ugg í brjósti út af þróun málanna að því er hana snertir, þ. e. deiluna í Vestmannaeyjum.

Það má segja, að það hafi nú þegar skapazt vandræðaástand í þessari stærstu verstöð landsins, og það ástand er afleiðing af því, að útgerðarmenn í Vestmannaeyjum gripu til þess óvenjulega tiltækis fyrir um það bil mánuði að leggja bann við því, að afgreidd yrði beita til þeirra, sem á sjó vildu fara í bæjarfélaginu. Þetta beitubann er búið að standa síðan, en þann 1. þ. m. hófst þar löglegt verkfall, sem að standa sjómannafélagið Jötunn í Vestmannaeyjum og vélstjórafélagið í Vestmannaeyjum.

Það verkfall — má kannske segja — er því á byrjunarstigi, en verkfallsástand eða öllu réttara verkbannsástand hefur ríkt núna í fullan mánuð í þessum kaupstað, og nú er svo komið, að allt viðskipta- og atvinnulíf er þar lamað. Mér er sagt, að Útvegsbankinn hafi þar lokað reikningum og viðskipti séu mjög dauf í verzlunum. Atvinnulífið er sem sé í rúst, og fjöldi aðkomufólks reikar þar fram og aftur og veit ekki, hvað það á af sér að gera, og margir af aðkomufólkinu, sem ætluðu að stunda þar atvinnu í sambandi við sjóróðra á vertíðinni, hafa þegar horfið frá aftur og leitað á aðra staði.

Að því er gang vinnudeilunnar snertir, þá er ekki hægt að segja annað en það hefur gengið sinn reglulega og venjulega gang, að það hefur verið leitað samninga. Samningar hafa ekki náðst til þessa. Sáttasemjari ríkisins hefur tekið deiluna að sér, ekki haft ástæður til þess að fara sjálfur þangað, en sett þar umboðsmann fyrir sig, og sáttaumleitun hefur farið fram og miðlunartillaga verið felld af báðum aðilum. Nú hefur sáttasemjari ríkisins óskað þess, að þeir, sem verkfallinu stjórna í Vestmannaeyjum, en það snýst eins og kunnugt er um fiskverðið og

bátagjaldeyrisfríðindin, komi til Reykjavíkur, og ég veit ekki annað en það standi nú fyrir dyrum, að fulltrúar frá sjómannafélaginu Jötni og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja komi til Rvíkur til stuttra viðræðna við sáttasemjara ríkisins í dag eða á morgun eða nú sem allra fyrst. Þykir mér það nokkuð miklu varða, hvort takast kunni að leysa málin með þeim viðræðum, sem þá hefjast. Ef til vill gæti hæstv. ríkisstj. í sambandi við það haft áhrif á lausn málsins. En það er mín skoðun, að ef þessi för deiluaðilanna í Vestmannaeyjum á fund sáttasemjara ríkisins ber ekki árangur, þá væri ástæða til að taka það til íhugunar, hvort ekki væri nauðsynlegt og rétt að ríkisstj. hlutaðist til um, að skipuð verði sáttanefnd í þessa deilu. Ég tel hana það þýðingarmikla, og það er aðgerð, sem ríkisstj. hefur oft gripið til án þess að leita sérstakra heimilda Alþingis til þess, og er úrræði, sem sjálfsagt er að reyna, áður en aðrar leiðir eru farnar.

Að því er snertir kaupdeiluna á farskipaflotanum, þá vil ég nú segja það, að það mál er allt smærra í sniðum, þó að það sé nú búið að fá allafdrifaríkar afleiðingar. Þarna er í löglegri kjaradeilu fámennt stéttarfélag, sem boðaði að öllu leyti löglega til þessa verkfalls, og hefur þannig stuðning Alþýðusambandsins. Samningar voru reyndir, nefndir skipaðar og undirnefndir til þess að athuga málin, og síðan kom sáttasemjari í deiluna. Nokkrir fundir hafa verið haldnir, en þó að mínu áliti allt of strjált, og fulltrúar framreiðslumanna og matreiðslumanna hafa borið fram tvær till. til tilslökunar frá sínu upphaflega tilboði, en ekkert tilslökunarsvar hefur komið frá skipafélögunum, því miður. Og ég vil láta í ljós hér, að það lítur út fyrir, að eitthvað búi á bak við, þar sem um svo lítil verðmæti er deilt eins og kauphækkun 20—30 manna hjá þremur allstórum skipafélögum, manna, sem óneitanlega höfðu dregizt aftur úr, höfðu lengri vinnutíma og lægri laun en aðrar stéttir á skipunum og þurftu þannig óumdeilanlega að fá lagfæringu á sínum kjörum. Ég trúi því ekki, að menn vilji stöðva 15—20 skip stórskipaflota vegna ágreinings um kaup og kjör 20—30 manna, og hef það á tilfinningunni, að umboðsmenn skipafélaganna séu ekki alveg frjálsir menn við samningaborðið, og það nást aldrei samningar, ef báðir aðilar eru ekki frjálsir menn og geta gert það, sem þeim finnst skynsamlegt, eins og viðhorfin eru hverju sinni. Ég vil vona, að það sé ekki neitt sterkt afl þarna á bak við, sem segi skipafélögunum: Þið megið ekki semja. — En þannig lítur það út frá mínu sjónarmiði. Ég trúi því ekki, að nótt eftir nótt hefði liðið á sátta- og samningafundum, ef báðir aðilar hefðu verið frjálsir gerða sinna, þegar um svona lítil verðmæti var annars vegar að semja, en stórkostleg truflun á þjóðfélaginu og stórkostleg verðmæti fyrir skipafélögin með hverjum sólarhring sem leið, án þess að deilan yrði leyst.

Alvarlegasta hliðin á þessu máli er nú orðin sú, að úti um landið eru heil byggðarlög olíulaus. Það hefur legið við, að rafstöðvar stöðvuðust vegna olíuleysis, og til húsahitunar er mjög lítið um olíubirgðir úti um land líka. Það var leitað til þeirra, sem verkfallinu stjórna, og beðið um undanþágu, og undanþága var veitt fyrir það eina olíuflutningaskip, sem verkfallið hafði tekið til. Hin voru og eru í gangi, og meðan skipið er í þeirri för að leysa þann vanda, sem þar var fyrir hendi, kom fram önnur beiðni frá olíufélögunum öllum sameiginlega um undanþágu að því er snertir rekstur a. m. k. eins eða tveggja og helzt allra olíuflutningaskipanna, og er ekki búið að taka þá beiðni til athugunar. Yfir vofir, að matvælaskortur verði víða úti um land, þar sem birgðir voru litlar, ef deilan dregst á langinn. En hversu langt verkfallsmenn vilja teygja sig til að veita undanþágu á undanþágu ofan, sem vitanlega dregur til þess, að verkfallið verður langvinnara, treysti ég mér ekki til að segja neitt um á þeirri stundu, þegar ekkert liggur fyrir, að ein einasta tilslökun hafi komið á móti tilboðum verkfallsmanna frá hendi hinna sterku skipafélaga, sem þarna eiga tiltölulega mjög litlum útgjöldum að mæta, þó að gengið væri að þeirri kröfu, sem nú liggur fyrir af hendi matsveina og framreiðslumanna. Ég óttast sem sé, að þetta sé ekki að öllu leyti eðlilegt, hversu treglega gengur þarna að semja. Ég er hræddur um, að einhvers konar bann við samningum liggi sem mara á höndum annars aðilans, og það er illa farið.

Annað tel ég ekki ástæðu til að segja að svo komnu máli, en tel Vestmannaeyjadeiluna þess eðlis, að ástæða sé til, að ríkisstj., ef ekki tekst samkomulag nú, þegar Vestmanneyingarnir koma hingað, skipi sáttanefnd í þá deilu.

Það er rétt, sem forsrh. sagði hér áðan, að hann hefur bæði í viðtali við miðstjórn Alþýðusambandsins og síðar með bréfi til Alþýðusambandsins tilkynnt, að samningar séu að hefjast við hina nýju aðila, sem áhrif geti haft á verðlag í landinu, og ríkisstj. hyggist þannig að taka upp á raunhæfan hátt efni þeirrar þáltill., sem hv. 4. þm. Reykv. spurðist hér fyrir um áðan. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, úr því sem komið er, hvort Alþingi tekur till. fyrir og afgreiðir hana jákvætt og ríkisstj. síðan fer eftir þeim fyrirmælum, sem Alþingi þannig gefur, eða ríkisstj. fylgir málinu fast eftir núna í febrúarmánuði, og ég fyrir mitt leyti tel það ekki einskis vert, hversu ötullega ríkisstj. vinnur að því máli og hvaða árangri hún gæti skilað af því fyrir næstu mánaðamót.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Í tilefni af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, svo og í tilefni af því ástandi, sem skapazt hefur í landinu vegna þeirra vinnudeilna, sem nú eru á döfinni, vil ég leyfa mér að taka fram, hvert mitt álit er á því.

Ég vil að sjálfsögðu ekki gera lítið úr því, að ríkisstj. beri að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess, að flutningaskipafloti landsmanna geti starfað óhindrað og að hann leggist ekki fyrir tiltölulega smávægilegar deilur. En hitt tel ég þó langtum meira um vert, að ríkisstj. geri sér grein fyrir þeirri deilu, sem nú á sér stað í Vestmannaeyjum, og geri sér einnig grein fyrir því, hver er undirrót hennar. Það er deila, sem er með nokkuð sérstökum hætti. Það er í rauninni alls ekki kaupdeila, heldur deila um það, hvort sjómennirnir á bátaflotanum

í Vestmannaeyjum eiga að fá kaup sitt borgað refjalaust eða ekki. Það er deila um það, hvort sjómennirnir eiga að fá að fullu greiddan sinn hluta af bátagjaldeyrisfríðindunum eða ekki. Ríkisstj. setti í upphafi reglugerð um bátagjaldeyrisfríðindi útvegsmanna í landinu, og þar fór hún í öllu á bak við sjómannasamtökin, hafði ekkert samráð við þau og reyndi frekast að leyna þau, um hvað hún hefði samið, og bátagjaldeyrisreglugerðirnar hafa verið hálfleynileg plögg allt fram undir þetta. Sjómenn höfðu hins vegar þá samninga við útgerðarmenn, að þeirra hlutur, sjómannanna, skyldi ævinlega greiddur með sama verði og útgerðarmenn endanlega fengju fyrir hlutinn, en í skjóli ríkisstj. refjuðust útvegsmenn við að greiða þetta fyrir árið 1951, fyrir árið 1952 og fyrir árið 1953. Sjómenn neyddust þess vegna til þess að sækja sinn rétt með málaferlum. En þegar liðin voru þrjú ár, án þess að þeir fengju hlut sinn greiddan, eins og samningar þeirra stóðu til, þá neyddust þeir til þess að gera þær ráðstafanir, sem tryggðu þeim það, að þeir fengju a. m. k. það, sem þeir gætu náð fram með frjálsum samningum, greitt í föstu fiskverði. Það var gert í ársbyrjun 1954, og sjómenn telja sig ekki eiga rétt til þess að sækja bátagjaldeyrisfríðindin fyrir dómstólum fyrir það ár, enda þótt nú hafi komið í ljós, að einnig þá var refjazt við sjómenn.

Fyrir um það bil einu ári féll dómur í Vestmannaeyjum um þetta mál. Þar var skýrt ákveðið, að sjómennirnir ættu réttinn til bátagjaldeyrisfríðindanna. Til að freista þess að firra frekari deilum um málið flutti ég hér á síðasta Alþingi þáltill., þar sem lagt var til, að Alþingi fæli ríkisstj. að annast um skil á bátagjaldeyrishlut Vestmannaeyjasjómanna og sjómanna yfirleitt, en ríkisstj. tæki síðan í sínar hendur endurkröfurétt á viðkomandi útgerðarmenn og greiddi þannig fyrir því, að þetta mál þyrfti ekki að hlaupa í meiri flækju en þá var orðið.

Ríkisstj. og hennar fylgjendur, þ. e. fylgjendur ríkisstj. í þeirri n., sem um málið fjallaði, skiluðu nál., þar sem þeir lögðu til, að enn yrði beðið og séð til, hvert yrði álit hæstaréttar á málinu. Síðan er liðið um það bil eitt ár, og hæstiréttur hefur fjallað um málið, og hann hefur dæmt, að sjómönnum beri ótvírætt sinn hluti af bátagjaldeyrinum.

Það er þess vegna enginn mér vitanlega, sem mótmælir því, að fiskur sjómanna eigi að greiðast með sama verði og fiskur útgerðarmanna er greiddur með. En við samningsgerðina 1954 höfðu sjómenn ekki fyllri plögg um það, hvernig verzlunin með bátagjaldeyrinn gengi fyrir sig, en svo, að fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins féllust þeir á að fella niður úr samningum sínum þá grein, að þeir skyldu ævinlega fá sama fyrir fiskinn og útgerðarmenn fá, en sömdu um fast verð fyrir fiskinn, kr. 1.22, sem þá var álitið að væri allt verð fisksins að meðtöldum bátagjaldeyrisfríðindunum. Nú hefur hins vegar sannanlega komið í ljós, að verðmæti það, sem útvegsmenn fá fyrir hvert kíló af þorski, er ekki einasta kr. 1.22, eins og sjómenn fá, heldur liggur eitthvað á milli kr. 1.38 og kr. 1.40 — ef til vill er það meira. En sjómenn hafa ekki þau gögn á sínu borði, að þeir geti sannað, að útvegsmenn fái meira fyrir fiskinn en þetta. Að sjálfsögðu hafa nú sjómenn gert þá kröfu, að fiskurinn verði greiddur fullu verði til sjómanna, sett fram kröfu um kr. 1.38 fiskverð, sem er ekkert annað en krafa um það, að þeirra kaup verði refjalaust borgað. Þetta er þess vegna ekki kaupdeila í eðli sínu, heldur, eins og ég sagði áðan, deila um það, hvort sjómenn fái hlut sinn greiddan refjalaust eða ekki. Og hver er það svo, sem hefur innleitt þann asna í herbúðirnar, að sjómenn hafa verið prettaðir ár eftir ár? Það er ríkisstjórnin.

Þetta þyrfti ríkisstj. að skiljast, og ef henni skildist þetta, þá er ég sannfærður um, að hæstv. forsrh. leyfði sér ekki að koma hér upp í ræðustól á Alþingi og segja, að það væri eðlilegast, að ríkisstj. hefði sem allra minnst afskipti af málinu, en telja það þó vera forsvaranlegar aðgerðir af ríkisstj. hálfu, að málinu hefði verið vísað til sáttasemjara. Ég vil biðja ríkisstj. um að gera sér grein fyrir því, að í Vestmannaeyjum eru framleidd útflutningsverðmæti, sem nema um það bil 12% af fiskútflutningsverðmætum þjóðarinnar. Ég hygg, að það muni láta nærri, að það sé 1/10 hluti af öllum útflutningsverðmætum íslenzku þjóðarinnar. Framleiðsla þess fisks, sem hér um ræðir, fer að langmestu leyti fram á fjórum mánuðum, mánuðunum jan.—apríl. Þegar er liðinn einn af þessum fjórum mánuðum, án þess að nokkuð hafi verið gert af opinberri hálfu til þess að leiðrétta þau mistök, sem orðið hafa af ríkisstj. hálfu og nú hafa leitt til þeirrar stórfelldu framleiðslutruflunar, sem alkunn er. Ef ríkisstj. skyldi nú eiga erfitt með að trúa orðum mínum, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp örlítinn kafla úr Morgunblaðinu, sem birtur er 28. jan. s. l. Þar segir:

„Mikil útflutningshöfn: Vestmannaeyjar eru stærsta útflutningshöfn landsins næst á eftir Reykjavík. Árið 1954 var flutt út frá Vestmannaeyjum rúmlega 21 þús. lestir af fullverkuðum fiskafurðum. Skiptist það þannig: hraðfrystur fiskur 7277 lestir, saltfiskur 6012 lestir, fiskimjöl 4178 lestir, lýsi 1809 lestir, skreið, hrogn, þunnildi, humar o. fl. 1906 lestir. Útflutningsverðmæti þessara vara nemur rúmlega 100 millj. kr., en það er rösklega 12% af heildarútflutningi sjávarafurða landsmanna 1954."

Ég get ekki litið svo á, að sú ríkisstj., sem segir, eftir að einn mánuður af fjórum aðalframleiðslumánuðum ársins er liðinn svo, að ekkert er framleitt í þessari verstöð, — ég get ekki litið svo á, að sú ríkisstj., sem segir: Það hefur verið skipaður sáttasemjari í deiluna — og lætur þar við sitja, gerir ekkert annað, en ber alla ábyrgðina á því, hvernig komið er; hefur sjálf framkvæmt þær aðgerðir, sem leitt hafa til þess, að svona er komið, hefur einnig daufheyrzt við því hér á Alþingi fyrir einu ári að leysa deiluna, eins og hún þá var komin, — ég get ekki skilið, að sú ríkisstj. geti ætlazt til þess, að hún sé talin ábyrg eða yfirleitt að landsmenn muni þola það, að ríkisstj. komi fram af slíku ábyrgðarleysi í alvörumáli sem þessu. Ég vil þess vegna alvarlega skora á ríkisstj. að bregða við, þó að seint sé, og gera ráðstafanir til þess, að sjómenn geti framvegis notið allra þeirra réttinda, sem

þeir eiga sem fiskeigendur í landinu í sambandi við bátagjaldeyrisfríðindin. Ég vil einnig benda henni á það, að hér er ekki fyrst og fremst um kaupdeilu að ræða. Hér er um það að ræða, að réttir eigendur fái það, sem fyrir fiskinn fæst, og það er í rauninni fyrst og fremst stjórnmálalegs eðlis, að úr þessari deilu sé leyst. En ef ríkisstj. ætlar enn að daufheyrast við að framkvæma skyldu sína í þessu máli, þá hlýtur það óhjákvæmilega að baka alþjóð feikilega mikinn skaða, þannig að vart verður við unað. Og ég hygg, að hér sé frekar um það að ræða, að ríkisstj. hafi alls ekki skilið eðli þessarar deilu, heldur en hitt, að hún sé jafnáhugalaus um málið og framkoma hennar að öðru leyti gefur tilefni til að ætla. Ég hygg, að slíkt sé nærri óhugsandi af ríkisstj., sem vill láta telja sig ábyrga um það, hvernig þessari þjóð reiðir af í hennar lífsbaráttu.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það undraði mig, að hæstv. forsrh. skyldi ekki minnast meira á það ástand, sem ríkir í Vestmannaeyjum, þegar hann var að svara minni fsp. hér áðan. Og ég vildi aðeins í viðbót og til þess að leggja frekari áherzlu á það, sem hv. 9. landsk. (KGuðj) nú var að ljúka við að segja, taka það fram, að það er aldagömul hefð á Íslandi, að sjómenn geti fengið sinn hlut út. Það hefur allar þær aldir tíðkazt, sem sjávarútvegur hefur verið rekinn. Það, sem verið er að gera í Vestmannaeyjum, er raunverulega að neita sjómönnum um að fá út sinn hlut, og þetta er gert í skjóli þess, að hæstv. ríkisstj. er búin að afhenda stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna rétt til þess að skattleggja landsmenn með bátagjaldeyrinum, og síðan tregðast þessir menn, sem hafa þessa skattlagningu með höndum, við því að láta fé, sem þeir heimta af landsmönnum, til réttra eigenda, til sjómannanna, þannig að það er ekkert smáræðis stefnumál, sem hér er um að ræða. Og það hefði einhvern tíma verið talað um rán, ef það væru aðrir en sjómennirnir, sem ættu í hlut, þegar svona er farið að.

Viðvíkjandi svo því, sem hæstv. forsrh. svaraði, þá vildi ég aðeins gera stuttar athugasemdir við það, fyrst þingtíminn verður svona stuttur núna.

Það hefur skapazt sú óvenja á síðustu árum að gera ekki neitt í sambandi við vinnudeilur fyrr en stöðvað hefur verið. Þetta er óvenja og hún ný. Þetta var ekki hér áður fyrr, og það er óvenja, sem er mjög dýr og mjög hættuleg og óþolandi fyrir þjóðina. Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., að ég hafi með þeim orðum, sem ég viðhafði, verið að fara fram á einhver afskipti umfram það, sem venja væri, og allt tal hans um, að hann þyrfti að snúa sér til Alþingis í þessum efnum, er líka raunverulega út í hött. Það er engin þörf á slíku. Hæstv. forsrh., ef hann man fyrri daga, hefur hagað sér allt öðruvísi í þessum efnum, þegar hann hefur verið forsætisráðherra hér áður fyrr, heldur en honum finnst einhver venja orðin nú. Hann veit, að ríkisstj. þarf ekkert að snúa sér sérstaklega til Alþingis eða fá neina heimild hjá Alþingi til þess að fara að reyna að liðka mál í atvinnulífinu og hindra, að það komi til vinnustöðvunar, með því að tala á milli þeirra aðila, sem þar deila. Ef hæstv. ríkisstj., sem að völdum situr á hverjum tíma, skoðar það sem sitt verkefni að hjálpa til þess, að atvinnulífið gangi, og hjálpa til þess, að réttlátari skipting verði á þjóðartekjunum, þá skoðar ríkisstj. það líka sem verkefni sitt að tala við þessa aðila. Ég vil minna hæstv. forsrh. á, þegar hann var sjálfur forsrh. hér fyrir 10 árum. Þegar vinnudeilur voru þá í aðsigi, var meira að segja oft hvað eftir annað haft svo mikið við, að það voru settir þrír af ráðherrunum til þess að reyna að finna út, hvort ekki væri hægt að komast að sættum í þessum vinnudeilum. Það voru, held ég, meira að segja hvað eftir annað settir sömu ráðherrarnir í þetta, Pétur heitinn Magnússon, þáverandi fjmrh., Brynjólfur Bjarnason, þáverandi menntmrh., Emil Jónsson, þáverandi samgmrh. Og ég held, að í flestöllum tilfellum hafi bókstaflega tekizt að semja um þessi mál. Þarna var munurinn sá, að verkalýðsflokkarnir voru í ríkisstjórn með hæstv. forsrh. og ríkisstj. leit á það sem sérstakt verkefni sitt að efla atvinnulífið og halda atvinnulífinu gangandi, og hún skoðaði það, án þess að þurfa nokkuð að spyrja Alþingi þar um, sem sitt verkefni að reyna að vita, hvort hún af sínu hyggjuviti og sinni umhyggju fyrir landshag gæti ekki fundið ráð, sem aðrir menn fundu ekki. Og þá fann ríkisstj. slík ráð. Þess vegna er þessi óvenja, sem skapazt hefur upp á síðkastið, að gera ekki neitt í svona málum, fyrr en allt er stöðvað, valda þjóðinni stórtjóni með slíkum stöðvunum, það er óvenja, sem skapazt hefur á síðustu árum, eftir að farið er að gæta harðneskju í garð verkalýðsins í landinu og verkalýðssamtakanna, sem þekktist ekki á þeim árum.

Ég held þess vegna, að við verðum alvarlega að athuga, hvað það er, sem þarna er að gerast. Hæstv. forsrh. viðurkenndi, að ég mundi hafa haft rétt að mæla, að það mundi vera allmikill gróði hjá þeim skipafélögum, sem nú hafa stöðvað sín skip í staðinn fyrir að láta þau færa landsmönnum björg. Ég hélt því fram, að hreinn gróði af einu einasta skipi í einni einustu ferð til útlanda fram og aftur á einum einasta mánuði væri um ein milljón kr., og hæstv. forsrh. gerði enga athugasemd við það, enda býst ég við, að það sé alveg rétt. En ef svona skipafélög græða á einu skipi á einum mánuði eina milljón, þá er það anzi hart, að út af nokkrum hundruðum eða örfáum þúsundum króna máske yfir árið skuli vera stöðvaður svo að segja flutningaskipastóll landsmanna. Og nú upplýsir forseti Alþýðusambands Íslands, að það hafi meira að segja aldrei komið fram nein tilslökun frá hálfu þessara stórgróðafélaga, sem njóta sérréttinda þar að auki af hálfu ríkisins. Hvernig stendur á svona ósvinnu? Og hvernig stendur á því, að ríkisstj., ef hún hefði einhvern áhuga fyrir atvinnulífi landsmanna, skuli ekki grípa þarna inn í? Hvað er þarna á bak við? Er Vinnuveitendafélag Íslands og auðmennirnir hér í Rvík að gera leik að því að stöðva atvinnurekstur landsmanna með einhvern annarlegan tilgang? Þetta ber engan keim af venjulegri vinnudeilu af hálfu atvinnu-

rekendanna þarna. Og ég held satt að segja, að sumum atvinnurekendunum sé alveg um og ó að stöðva svona skip, þeir séu jafnvel knúðir til þess af einhverju valdi á bak við. Ég held þess vegna, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að svona mál komi hér til umræðu á Alþingi, strax og það kemur saman, þegar það lítur út fyrir, að annarleg öfl ætli að fara að stjórna okkar málum og skapa svona vandræði í landinu.

Ég skal ekki fara inn á þau almennu mál, sem ég nú að vísu fór ekki verulega inn á í minni fsp., en hæstv. forsrh. kom inn á, um kauphækkunarölduna. Ég vil aðeins taka það fram, að hvað snertir deiluna á skipunum, þá er ekki um neina kauphækkunaröldu að ræða. Eftir því sem mér skilst, þá er aðeins um það að ræða, að matsveinarnir og þjónarnir á skipunum fái samsvarandi samninga og gerðir voru við þeirra stéttarfélaga í landi í sumar, þannig að það er afleiðing af samningunum, sem gerðir voru í sumar, sem þarna er verið að færa til samræmis, en alls ekki verið að vekja neina kauphækkunaröldu, ef svo er.

Viðvíkjandi hins vegar því, sem forsrh. sagði um almennar kauphækkanir og kauphækkunarölduna, verð ég nú að segja það, að það var nú mun skaplegra hljóðið í honum en í hans áramótaræðu. Hann talaði nú um, að ríkisstj. hefði mikinn ótta. Ég vildi nú segja við hæstv. ríkisstj.: Vertu ekki svona hrædd. Það er engin ástæða til þess að óttast, þó að verkamenn í landinu fái ofur litla kauphækkun. Þjóðfélagið okkar þolir það vel. Til allrar hamingju er það það vel útbúið með stórvirkum tækjum og öðru slíku, að það þolir það ósköp vel, að verkamenn hafi meira en 31 þús. kr. á ári fyrir 8 tíma vinnu á dag. Við skulum þess vegna ekkert kvíða því, og ríkisstj. þarf ekkert að kvíða því. Ef við erum sjálfir staðráðnir í því að láta ekki annarlegum öflum takast að stöðva okkar atvinnulíf, eins og nú hefur verið gert í Vestmannaeyjum, stöðva okkar flutningaskip, eins og annarleg öfl eru að gera hérna núna, þá er engin hætta á því, að okkar króna þurfi að falla. En ef það eru annarleg öfl, sem hafa hug á því að stöðva, að fella okkar krónu, þá eru þau annarlegu öfl að verki í róðrarbanninu, sem var í janúar í Vestmannaeyjum, og í þeirri undarlegu harðneskju og skeytingarleysi um þjóðarhag, sem fram kemur í stöðvun flutningaskipanna af hálfu skipafélaganna núna.

Viðvíkjandi því, sem minnzt var á spursmálið um vöruverð og þess afstöðu, þá vil ég aðeins minna hæstv. ríkisstj. á, að það var samkv. till. núverandi stjórnarflokka, að það vald var tekið af Alþingi og ríkisstj. að ákveða vöruverðið í landinu. Það voru núverandi stjórnarflokkar, sem afhentu valdið til hækkunar vöruverðs í hendur einkaaðilanna í þjóðfélaginu, gáfu laust, hvað mikið mætti leggja á vöruna, og skópu þannig að miklu leyti þá dýrtíðaröldu, sem nú hefur vaxið svo gífurlega og er ægilegust á því sviðinu, þar sem svarti markaður ríkisstj. hefur orðið tilfinnanlegastur, á sviði húsaleigunnar og húsnæðismálanna.

Ég vildi aðeins gera þessar athugasemdir við ræðu hæstv. forsrh., en ég vil vonast til þess, að það verði tækifæri til þess mjög bráðlega af hálfu hæstv. ríkisstj. að ræða þessi mál, ef þau leysast ekki nú um helgina.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skildi hæstv. forsrh. svo, að hann hefði ekki hugsað sér að ræða neitt við Alþ. um það, hvort upp skyldu teknar viðræður eða með hverjum hætti við þá aðila, sem geta haft áhrif á verðlag í landinu. Og mér skildist á hv. 3. landsk. (HV), að hann teldi það, úr því sem komið væri, ekki skipta ákaflega miklu máli, hvort það yrði gert eða ekki; aðalatriðið væri það, hversu röggsamlega ríkisstj. héldi á málinu, eins og nú væri komið.

Ég tel, að þetta skipti mjög verulegu máli. Ég tel, að ef hæstv. ríkisstj. í alvöru hyggst að taka upp viðræður við þá aðila, sem hæstv. ráðh. nefndi, um ráðstafanir til lækkunar vöruverðs í landinu, þá sé ríkisstjórninni að því hinn mesti styrkur að hafa að baki sér viljayfirlýsingu Alþ. í þessu efni, viljayfirlýsingu um það, að sú leiðin, sem stefni í rétta átt og farsællegust sé, sé einmitt að knýja niður verðlagið, skerða milliliðagróðann og reyna á þann hátt að koma í veg fyrir, að sá ótti rætist, sem hæstv. forsrh. er svo fjölorður um, að áfram haldi gengislækkun íslenzkrar krónu.

Ég verð því að álíta, að ef hæstv. forsrh. vill í alvöru beita sér fyrir því með viðræðum við aðila, að þessi leið sé farin, þá eigi hann að fá viljayfirlýsingu Alþ. sér til stuðnings í þessum viðræðum, því að hann veit það án efa, að með ljúfu geði lætur enginn af þessum aðilum af hendi gróða eða gróðamöguleika. Og þá kemur að sjálfsögðu til athugunar, hvort þær viðræður leiða í ljós, að valdboð í þessu efni sé nauðsynlegt eða ekki. Auðvitað verður hæstv. ríkisstj. að meta það eða þeir menn, sem hún felur að rannsaka þessi mál, hvort gerlegt sé að lækka hlut þeirra aðila, sem hér er um að ræða. Komist hún að þeirri niðurstöðu, að það sé hægt, en aðilarnir neiti að gera það af frjálsum vilja, þá kemur til ríkisstjórnarinnar kasta að gera sínar ráðstafanir. Og eigi hún að geta talað af fullum skörungsskap og röggsemi við þessa aðila, þá verður hún að vita um vilja Alþ. í þessu efni. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að fyrrnefnd till. verði sem fyrst tekin hér fyrir til afgreiðslu í þinginu.

Til viðbótar vil ég geta þess, að ég harma það mjög, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. öll skuli hafa glatað dýrmætum tíma í sambandi við þá atburði, sem fram undan eru í kaupgjaldsmálum hér á landi. Till. sú, sem ég nefndi, var borin fram þann 16. nóv. s. l. Síðan eru tveir og hálfur mánuður. Fyrsti viðræðufundur um þetta efni, að sögn hæstv. ráðh., verður nú eftir helgina. Og þá eru þrjár vikur til stefnu, þangað til vinna stöðvast hjá mörgum félögum til viðbótar því, sem nú þegar er stöðvað. Ég vil fullyrða það, að hver einasta önnur ríkisstj. en hæstv. núverandi ríkisstj., sem á annað borð hefði hugsað sér að fara inn á þessar leiðir, hefði notað þennan tíma til aðgerða, til viðræðna við rétta aðila, til þess að rannsaka ástandið og koma síðan með ákveðnar tillögur. Það hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert. Hún rumskar fyrst nú, þegar þrjár vikur eru til

stefnu, og hefur glatað tveimur og hálfum mánuði og nauðsynlegum undirbúningstíma í þessu efni.

Ég skal ekki tefja tímann með því að ræða um deiluna í Vestmannaeyjum, en ég vil bara bæta því við, að öll meðferð hæstv. ríkisstj. á bátagjaldeyrinum og það fyrirkomulag, sem hún setti í því efni, hefur í upphafi verið það reginhneyksli, að það hlaut að leiða til stórfelldra átaka á milli sjómanna og útvegsmanna, þar sem öll viðleitni ríkisstj. og þeirra, sem með þessi mál fara, beinist í þá átt að leyna því, draga hulu yfir, hvað er það raunverulega rétta verð, sem fyrir fiskinn fæst og sjómennirnir þess vegna eiga rétt til að fá.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Mér skilst, að hér sé ekki mikill tími til stefnu, ég skal þess vegna fara mjög fljótt yfir sögu.

Hv. 3. landsk. lét í það skína, að nokkur grunur léki á, að að baki skipaeigenda stæðu einhver öfl, sem hindruðu eðlilega og frjálsa samninga. Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ef hann á þar við ríkisstj., þá hefur hún engin afskipti haft af því máli, hvorki bein né óbein. Ég vil svo að öðru leyti ekki um þá deilu ræða.

Ræða hv. 9. landsk. var að mestu leyti utan garna, kjósendaræða, skotið fram hjá markinu. Ríkisstj. hefur engin afskipti haft frá öndverðu af því, hvernig sjómenn og útgerðarmenn skiptu með sér bátagjaldeyrinum. Öll ádeila á ríkisstj. í þessum efnum var þess vegna algerlega út í hött. Hann þurfti engan veginn heldur að vitna í Morgunblaðið, það ágæta blað, til að sanna, að Vestmannaeyjar flytji út þorsk. Allir landsmenn vita, að Vestmannaeyjar flytja út mikinn þorsk til margra landa og margra staða. Það vita allir alþm. ágætlega. Það þarf ekki að vitna í Morgunblaðið um það.

Hv. 2. þm. Reykv. sagðist muna okkar fyrri fund, þegar ríkisstj. var ágæt. Hann vitnaði í það, að þáverandi landsins sómi, sverð og skjöldur, nýsköpunarstjórnin, hefði lagt þrjá ráðherra til þess að reyna að sætta milli verkalýðs og atvinnurekenda. Ja, núverandi ríkisstj. er nú ekki verri en það, að hún hefur lagt til sex ráðh., sem sé helmingi meira þó heldur en sú ágæta nýsköpunarstjórn gerði. Við vorum sex, sem fengum Alþýðusambandið á fund okkar. Það var sízt óuppbyggilegri eða ófriðvænlegri fundur en var á *tíma nýsköpunarstjórnarinnar*. Eins er það meining núverandi stjórnar, að ráðherrarnir, annaðhvort þrír eða sex, — þrír virðast nú hafa reynzt vel og ætti þá að vera nóg, svo að maður fylgdi nú tillögum hv. 2. þm. Reykv., — ræði við þessa verðlagsmyndandi eða ráðandi aðila, þar með Alþýðusambandið, í framtíðinni. Einhvern skynsamlegan hátt reyna menn að hafa á því. En það vantar ekkert vilja hjá þessari stj. fremur en hjá nýsköpunarstjórninni fyrrum til þess að reyna að setja niður þessar deilur. — Hv. þm. sagði, að þessi hefði nú verið hátturinn á, áður en var tekið að gæta harðneskju í garð verkalýðsins. Ég mælist alveg undan því, að þessi stj. hafi tilhneigingu til að sýna verkalýðnum einhverja harðneskju. Ég kann ekki skil á því og veit ekki mína félaga seka um það.

Ég vil svo aðeins út af þessum milljónagróða, sem hv. þm. var að tala um og sagði, að ég hefði játað að væri sannur, til þess að fyrirbyggja misskilning segja það, að ég veit ekkert um þennan gróða. Ég dreg ekkert í efa, að einstök félög á einstökum tímum græði. Mér er ekki kunnugt um það dæmi, sem hann nefndi, og læt það alveg liggja milli hluta. Ég gerði mig aðeins sekan um að taka hann alveg trúanlegan í þessu, en veit sjálfur ekkert um þetta. Aðalatriðið í málinu, eins og ég gat um, var það, hvort atvinnurekstur landsmanna almennt þyldi þær kauphækkanir, sem farið er fram á. Við erum nefnilega komnir inn á nokkuð hættulega braut, góðu félagar. Það er orðið opinbert leyndarmál, að verkalýðurinn á Íslandi gerir kröfur umfram það og að því játuðu, að gjaldgeta atvinnurekstrarins fái ekki risið undir því. Það er nokkuð langt síðan þetta kom fyrir í fyrsta skipti — þrjú, fjögur ár eða meira. Þá sögðu forustumenn hlutaðeigandi félags: Ja, við viðurkennum, að þessi atvinnurekstur fær ekki undir þessu risið. En á hverju á okkar heimili að lifa? Okkur ber að sjá því farborða. — Það er líka sjónarmið. En það getur verið nokkuð hættulegt sjónarmið líka fyrir verkalýðinn sjálfan, því að með því að leggja til grundvallar það sjónarmið, afsalar verkalýðurinn sér að vissu leyti þeim lögmætu áhrifum, sem hann á að hafa á skiptingu arðsins á milli atvinnurekenda og launþega. Að vissu leyti gerir hann það. Taprekstur leiðir til stöðvunar og atvinnuleysis. Síðan segja menn: Ætlar þessi duglausa ríkisstj. — við eða önnur ríkisstj. — að horfa á það auðum höndum, að atvinnurekstur landsmanna stöðvist? Ríkisvaldið grípur í taumana. Það fellir gengið. Við skulum byrja á byrjuninni eins og var hér áður en gengisfallið kom. Ríkið leggur fram nokkra tugi milljóna, sem án gengisfallsins væru nú orðnir mörg hundruð milljónir, til þess að bæta upp útflutningsvörurnar, halda atvinnurekstrinum gangandi. Þessu fé er svo ekki hægt að ná með sköttum. Þá er gengið fellt. Síðan, þegar í ljós kemur, að enn vofir yfir atvinnustöðvun, er settur á bátagjaldeyrir. Ríkið *gerir yfirleitt allt, sem hægt er*, til þess að hindra það, að atvinnureksturinn stöðvist. Hvernig fer það að þessu? Hvernig fer ríkisvaldið að því? Hvernig fer sú vitra og góða stj. að því, núverandi stj. og fyrrverandi stjórnir? Hún tekur það fé, sem með þarf, úr buddu borgaranna. Í önnur horn er ekki að venda. Það er sú braut, sem við höfum farið út á. Með því að hætta að leggja til grundvallar það meginsjónarmið, að launþegi og atvinnurekandi skipta því, sem aflast, milli sín, erum við komnir út á hála braut. Ég skal svo ekki fara lengra út í það að þessu sinni.

Hv. 4. þm. Reykv. lagði mest upp úr því, að við fengjum viljayfirlýsingu Alþ. um, að reynt væri að lækka verðlag í landinu. Að órannsökuðu máli held ég, að ég þyrði að treysta því, að Alþ. mundi allt standa á bak við ríkisstj. í þessari ósk. Ef til þess þarf svo sérstakar aðgerðir, sem heimta lagaheimildir, þá er það ríkisstjórnarinnar að segja um, hvað hún vill í þeim efnum, og ef hún vill eitthvað og óskar eftir lögum, þá náttúrlega leitar hún til Alþingis.

Ég vil svo ekki fallast á það sjónarmið hv. 4. þm. Reykv., að einhverjum sérstökum dýrmætum tíma hafi enn þá verið glatað. Vinnudeilan í Vestmannaeyjum, róðrarbannið og verkfallið virðast vera því máli a. m. k. að mjög litlu leyti viðkomandi, ef ekki með öllu óviðkomandi, og til annarra deilna er ekki komið. En einmitt þegar ríkisstj. sá fram á hættuna af uppsögn samninga 1. febr., sem mundi leiða til stöðvunar 1. marz, þá átti hún tal við Alþýðusambandið og mun halda þeim viðræðum áfram og eftir þeim slóðum, sem hún telur færar og hugsanlegt að mættu leiða til einhverrar jákvæðrar niðurstöðu.

---

Á 3. fundi í Sþ., 7. febr., utan dagskrár, mælti

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég skal ekki tefja lengi, en á síðasta fundi voru liðnar, ég segi ekki leyfðar, nokkrar umræður um verkfallsmál, sem ég veit að eiga ekki heima í umræðum utan dagskrár. En af því tilefni, að hv. 9. landsk. þm. hélt hér alllanga tölu um ástandið í Vestmannaeyjum og gaf þar þær upplýsingar, að hér væri ekki um venjulega kaupdeilu að ræða, heldur að mér skildist eitthvað það, sem sjómenn væru þegar búnir að fá sér tildæmt, þá vildi ég lýsa yfir því, að þetta er mjög rangt með farið. Ég skal ekki fara neitt út í deiluna út af bátagjaldeyrinum né heldur ræða um hæstaréttardóminn, en þó að hvoru tveggja því sé algerlega sleppt, voru ályktanir hv. 9. landsk. a. m. k. mjög villandi. Þá skal ég benda á það, að deilan er líka kjaradeila, þar sem sjómenn hafa krafizt m. a. breyttra hlutaskipta sér í hag, en útgerðinni í óhag, svo að það er algerlega rangt með farið, að þessi deila sé nokkuð annars eðlis en venjulegar deilur um kaup og kjör.

Ég veit ekki, í hvaða tilgangi hv. 9. landsk. hefur viljað nota tíma utan dagskrár í þinginu til að gefa þessar villandi upplýsingar, og skal að þessu sinni ekki leiða að þeim neinar getur, þótt hægt væri. En ég vildi ekki, að það stæði ómótmælt í þingtíðindunum, að hann leyfði sér að fara hér fram með villandi og rangar frásagnir um það alvarlega ástand, sem ríkir í Vestmannaeyjum.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að vera stuttorður. En í tilefni af þeim ummælum, sem hv. þm. Vestm. viðhafði hér áðan úr þessum ræðustól, vil ég leyfa mér að leiðrétta að nokkru þann misskilning, sem þar kemur fram.

Hv. þm. Vestm. hélt því fram, að ég hefði farið með rangt mál, er ég talaði hér utan dagskrár hinn 4. febr. s. l., þegar ég hélt því fram, að deila sú, sem nú hefur orsakað það, að ekki hefur hafizt verið í Vestmannaeyjum enn þá, væri deila um fiskverð, deila um það, hver ætti bátagjaldeyrinn, þ. e. a. s. hvort sjómenn ættu sinn hluta af bátagjaldeyrinum eða ekki. Ég vil leyfa mér að ítreka það, sem ég sagði þar, og hef ekki úr neinu að draga. En sökum þess að ég skil, hverjar orsakir liggja til þeirra mótmæla, sem hv. þm. Vestm. hefur fram flutt, vil ég taka það fram, að það er rétt, sem hann segir, að það eru einnig opnir samningar Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Sjómannafélagsins Jötuns að því er snertir kaup og kjör. En þar ber ekki meira en svo á milli, að það er ekki með neinum rétti hægt að halda því fram, að deilan snúist um það atriði. Þar er aðeins óleyst það mál, með hverjum hætti skuli borga tíunda skipverja, þegar hann er á skipum á netavertíð, en að öðru leyti hafa samninganefndir þeirra félaga komið sér saman um þetta. Og það er aðeins formsatriði, að ekki skuli hafa verið gengið frá þeim lið í kjarasamningi, og það byggist á því, að útvegsmenn hafa ekki áhuga fyrir því að ljúka því máli, á meðan það stóra mál um fiskverðið er óleyst. Það er þess vegna greinilegt, að hv. þm. Vestm., sem hefur nú takmarkaðan kunnugleika á því, hvernig málin ganga dagsdaglega til í hans kjördæmi, hefur lesið það í blaði Sjálfstfl., sem út er gefið í Vestmannaeyjum, að deilan standi aðallega um þetta, en þar er verið að þyrla upp moldroki um ákaflega lítið atriði til þess að breiða yfir þau hin stærri, sem deilan raunverulega snýst um.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. 9. landsk. hefur nú játað það, að hann hafi undan fellt að lýsa yfir því, þegar hann var að ræða hér málið áður, að deilan er líka um hlutaskiptingu, eins og ég benti á. Og til að undirstrika það, með hvaða afli það er rekið, bæði sú deila og hin deilan, þá er hægt að segja frá því hér, sem er raunar ekkert leyndarmál, að hvorir tveggja deiluaðilar, Sjómannafélagið Jötunn og félag vélstjóra á bátum, virðast hafa fengið Vélstjórafélag Vestmannaeyja, þ. e. a. s. landvélstjórafélag, til þess að lýsa yfir samúðarverkfalli. Ef þessi vinnudeila, eins og þeir orða það í sínu skeyti, — ég hef hér skeyti frá þeim í frumriti, — leysist ekki fyrir 12. þ. m., þá hóta þeir hvorki meira né minna en stöðva íshúsin og frystihúsin og láta öll verðmæti þar fara forgörðum. Það er nú ekki rekið með minna afli en þetta verkfallið, sem sjómannafélagið Jötunn og vélstjórar hóta.

En hv. þm. hefur gott af því, að honum sé bent á, hvað rétt er, þegar hann hleypur fram fyrir skjöldu til þess að lýsa einhverju máli, þó að hann hafi sterka tilhneigingu til, eins og kom fram í ræðu hans, að segja hlutdrægt frá og koma sökinni yfir á útvegsmenn. Vildi ég ekki láta það standa ómótmælt í þingtíðindunum, hvaða málfærslu hann hefði í þessu, með því að það er vitanlegt, að hann er einn af aðalkyndurum undir þessari deilu, sem hér er um að ræða.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég sé mig enn tilknúinn að leiðrétta misskilning hv. þm. Vestm. Það er sem sé á misskilningi byggt, að ég hafi nokkru sinni haldið því fram, að þeir, sem eiga frumsök á því, hvernig komið er málum Vestmannaeyinga nú, séu útvegsmenn í Vestmannaeyjum. Ég hef haldið því fram, að það sé ríkisstjórn Íslands, sem með bátagjaldeyrisreglugerðinni, þar sem útvegsmönnum einum er falin meðferð gjaldeyris þess, sem sjómenn eiga að sínum hluta að sjálfsögðu ekki síður en aðrir fiskeigendur, hefur fært málið á það stig, sem það nú er á.

Með því að hlaða þannig undir annan aðilann, sem sagt útgerðarmenn, en halda hlut sjómanna, gefa útvegsmönnum aðstöðu til þess að hirða arð af fiski sjómannanna, er stofnað til deilunnar, og það er sök ríkisstjórnarinnar, sem þar ber langhæst.

Þetta vildi ég leyfa mér að taka fram til leiðréttingar því, sem hv. þm. Vestm. hefur um málið sagt.

---

Á sama fundi, utan dagskrár, mælti

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hv. þm. öllum er kunnugt, hafa undanfarið birzt í brezkum blöðum mjög ósæmileg og furðuleg skrif í sambandi við skipstapa hér í höfunum norðan við Ísland, þar sem fullyrt er í þessum skrifum, að Íslendingar eigi sök á því, að tveir togarar hafa farizt, og sá málflutningur, að því er kemur fram í íslenzkum blöðum, virðist með þeim endemum, að furðu sætir.

Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hafi gert eða hyggist að gera til þess að mótmæla þessum skrifum. Það liggur í augum uppi, að þeir, sem ekki þekkja til, eins og þorri lesenda þessara blaða í Bretlandi, munu leggja meira eða minna trúnað á þessar frásagnir, og slíkt er með öllu óviðunandi fyrir okkur Íslendinga.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Út af fsp. hv. 4. þm. Reykv., hvaða ráðstafanir ríkisstj. hefði gert eða hefði í hyggju að gera út af ummælum nokkurra brezkra blaða, vil ég upplýsa eftirfarandi:

Brezki sendiherrann, Mr. Henderson, var hjá mér í morgun, og hann sagði mér, að hann hefði þegar borið fram mótmæli — eða beðið utanríkisráðuneytið brezka að bera fram leiðréttingar í brezkum blöðum út af ummælum þeirra, því að hann sagði, að sér væri allra manna ljósast, hvað blöðin færu hér með rangt mál. Enn fremur bar ég fram við hann umkvörtun í morgun út af þessum ummælum og afhenti honum ekki beint mótmæli, heldur nótu, þar sem tekin voru upp ummæli brezku blaðanna og sýnt fram á, hversu þau væru óréttmæt og á allan hátt ranglát.

Hann sagðist búast við, að komið gæti fram fsp. í brezka þinginu út af þessu máli, en eins og hann orðaði það, væri erfitt að fá brezk blöð til þess að taka aftur það, sem þau hefðu einu sinni sagt. En hitt taldi hann vafalaust, að þau mundu fús til þess að birta leiðréttingar á þessum ummælum.

Það má geta þess, að brezka ríkisstj. hefur borið fram þakklæti til íslenzkra aðila fyrir tilraunir þeirra til björgunar, eins og tilkynnt hefur verið í blöðunum. Enn fremur hafa vátryggjendur og eigendur togaranna, sem fórust, borið fram þakklæti til Slysavarnafélagsins, en mér er ekki alveg kunnugt um, hvort það hefur komið fram í íslenzkum blöðum.

Ég hygg, að það sé óhætt að segja, að brezka ríkisstjórnin harmi þessi ummæli blaðanna.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur veitt, og vil bara bæta því við, að ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. fylgi þessu máli eftir og hlutist til um, eftir því sem í hennar valdi stendur, að brezkum almenningi verði kunnugt um, hvernig í raun og veru liggur í þessum málum.

---

Á 48. fundi í Sþ., 23. marz, utan dagskrár, mælti

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins mega leggja fyrir ríkisstj. eina fsp. í sambandi við verkföllin, sem nú standa yfir. Ég sé í dagblöðunum í dag, að frá því er sagt, að það standi jafnvel til, að þeir olíufarmar, sem hér liggja nú óafgreiddir, verði ef til vill seldir til annarra landa. Það er alveg augljóst, að ef svo yrði farið að, mundi t. d. togaraflotinn stöðvast nokkrum dögum eftir að verkfallinu lyki. Mér er einnig sagt, að á leiðinni til landsins sé olíufarmur, sem væntanlegur er hingað eftir 5—6 daga, og að það séu uppi ráðagerðir um að selja þennan olíufarm líka til annarra landa. Það er alveg fullvíst, að ef svo verður gert, þá stöðvast allur bátafloti landsmanna líka nokkrum dögum eftir að verkfallinu væntanlega lýkur, sem maður skal nú vona að verði eftir tiltölulega fáa daga. Ég tel því, að ef hér er rétt frá skýrt, eins og blöðin hafa skýrt frá þessum málum og eins og sögur ganga um, þá sé hér um alvarlega hluti að ræða. Það er ekki aðeins nóg með það, að þessi vinnustöðvun veldur auðvitað miklu tjóni á marga vegu, heldur kann svo að fara, að þegar vinnudeilan hefur verið leyst, ætti til þess að draga, að togarafloti landsmanna og síðan allur bátaflotinn yrði óstarfhæfur, vegna þess að þá væri búið að ráðstafa til annarra landa þessum olíuförmum, sem hér liggja nú eða eru á leiðinni til landsins. Tel ég, að þetta sé svo alvarlegt mál, að ekki geti farið hjá, að ríkisstj. reyni að hafa þarna áhrif á og komi í veg fyrir þessi miklu vandræði. Ég vildi því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort henni sé kunnugt um þessi vandamál og hvort hún telji ekki sjálfsagt að reyna að skerast þarna í leikinn og fá ráðið fram úr þessu á einn eða annan hátt, annaðhvort þannig, að hún beiti sér fyrir því, að þessi skip verði látin bíða um sinn, ef tök eru á því, til þess að þessum olíuförmum verði ekki ráðstafað annað, eða þá að hún gangi í það af enn meiri krafti að fá lausn á vinnudeilunni og koma þannig í veg fyrir það gífurlega tjón, sem af þessu mundi verða fyrir alla landsmenn.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég var ekki kominn, þegar hv. fyrirspyrjandi utan dagskrár kvaddi sér hljóðs, en mér skilst, að hann hafi spurzt fyrir um það, hvort ríkisstj. vildi fyrir sitt leyti eiga hlut að því, að hindrað yrði, að þau olíuskip, sem hér liggja og ekki hafa getað losað farm sinn vegna vinnudeilunnar, fengju að flytja farminn úr landi. Ég hef ekki haft tíma til að lesa blöðin í morgun, en þó sá ég það, að olíufélögin hefðu snúið sér til Alþýðusambandsins eða til verkfallsstjórnarinnar, — það er nú ný stjórn í þessu landi, sjálfsagt mjög voldug, — og mælzt til þess, að þessi skip fengjust affermd, og mér sýndist, að það hefði verið neikvæður árangur af þessum tilmælum.

Nú veit ég ekki fyrir mitt leyti á þessu stigi málsins, hvaða afleiðingar það kynni að hafa, ef þessi skip héldu leiðar sinnar, án þess að þau fengju að losa þessa olíufarma. Ef rök hniga að því, að landið kynni að verða olíulaust af þessum ástæðum, er hér náttúrlega um ákaflega veigamikið mál að ræða, og ég er alveg reiðubúinn utan dagskrár og utan þingsalanna að ræða málið við þennan ágæta þingmann, sem áreiðanlega hefur, ef ekki lykla, þá a. m. k. þjófalykla að Alþýðusambandsstjórninni og verkfallsstjórninni. Mér er ljúft að reyna að eiga þátt í því, að þessum voveiflegu viðburðum, sem hann telur vera yfirvofandi, verði afstýrt. Mér skal verða mjög ljúft að vinna að því, að slík ógæfa hendi ekki, að landið yrði olíulaust. Nóg mun þó um að sakast og við að glíma út af þeirri örlagaríku deilu, sem nú stendur yfir.

Annað eða meira get ég ekki, herra forseti, sagt á þessu stigi málsins.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér út af því, sem hæstv. forsrh. upplýsti hér áðan, að benda honum á, að hann þarf ekki einu sinni neinn þjófalykil til þess að leysa þetta vandamál með olíuna. Það vill svo vel til, að þessi olíufélög, sem hafa sem stendur eignarhald á þessari olíu, eru þannig að því eignarhaldi komin, að hæstv. ríkisstj. keypti alla þessa olíu sjálf og kaupir alla olíuna til landsins, og enginn annar aðili fær að kaupa olíuna til landsins, þannig að ríkisstj. þarf ekki annað en ráðstafa sinni eigin eign, þessari olíu, á þann hátt, að tryggt sé, að þetta geti komið landsmönnum til góða. Ríkisstj. getur bara sagt við olíufélögin: Ja, ég tek að mér að sjá sjálf um þessa olíu — og ríkisstj. getur samið við verkalýðsfélögin nú þegar. Þar með er málið leyst. Þetta er ákaflega einfalt. Þessi þrjú olíufélög, sem samkvæmt hinni heilögu helmingaskiptareglu hafa fengið olíuna í sínar hendur, þurfa svo sannarlega ekki að hafa hana. Ríkisstj. hefur raunverulega einkasölu á olíunni til Íslands. Hún kaupir alla olíuna, og það fær enginn annar að kaupa olíuna. Hún hefur kosið að hafa þennan hátt á, að ráðstafa þessu til þriggja olíufélaga. Það er engin þörf á því. Ríkisstj. hefur meira að segja eldgamla lagaheimild. Fyrir utan það, að hún getur tekið sér þetta vald í krafti milliríkjasamninganna, sem eðlilegt er, hefur hún meira að segja vald til þess að kaupa það, sem þarf, af þessum olíum til landsins. Ég vildi þess vegna benda hæstv. ríkisstj. á að nota sér þetta vald. Ef þessi olíufélög, sem ríkisstj. hefur selt alla olíuna, eru í einhverjum vandræðum með þessa olíu í dag út af sinni eigin þvermóðsku, þá er það hægastur vandinn fyrir ríkisstj. að eiga áfram alla þessa olíu, sem þeim var seld, semja við verkamenn og byrja á að láta fólk fá olíu hér á Íslandi. Það er engin þörf á að skapa þarna millilíði milli ríkisstj. og landsfólksins, sem gera okkur ómögulegt að fá olíu. Það er þess vegna um svo veigamikið mál að ræða hér, eins og hv. 11. landsk. þm. með sinni fyrirspurn sýndi fram á, að þarna hvílir ábyrgðin algerlega á ríkisstj. sjálfri. Það er hún, sem hefur gert þær ráðstafanir, að það er enginn annar aðili á Íslandi en ríkisstj., sem kaupir alla olíu til landsins. Það er hún, sem hefur tekið á sig þá siðferðislegu ábyrgð að sjá öllum þeim mönnum á Íslandi, sem þurfa olíu, fyrir henni. Og það er þar með hún, sem líka tekur á sig þá siðferðislegu ábyrgð að semja við verkafólkið í landinu, þegar þeir milliliðir, sem hún hefur skapað þarna, eru svo þvermóðskufullir, að það reynist ekki mögulegt að fá þá til þess að vinna nauðsynleg þjóðþrifastörf.

Ég vil þess vegna mjög taka undir þau tilmæli, sem komu fram í fsp. hv. 11. landsk. þm., að ríkisstj. vindi nú bráðan bug að því að leysa þessi mál. Hún hefur valdið til þess áreiðanlega í sínum höndum, og ef hringarnir t. d. skyldu vera það þvermóðskufullir, að þeir vildu ekki lána sín tæki til þess að úthluta þessari olíu ríkisstj., þá vil ég benda henni á, að 1943, ef ég man rétt, í desember, voru samþykkt lög hér, sem heimiluðu að taka leigunámi alla tanka olíufélaganna. Mig minnir, að það væri þáverandi atvmrh. og utanrrh., Vilhjálmur Þór, sem legði það frv. fyrir þingið og fengi þá heimild samþykkta. Að vísu var því bætt við í þeirri heimild, að hún gilti þá aðeins eitt ár, en við værum nú ekki lengi að því að afgreiða hérna frv., sem gæfi ríkisstj. heimild til þess að nota þessa gömlu lagaheimild Vilhjálms Þórs gagnvart olíuhringunum, ef hæstv. ríkisstj. færi fram á það. Ég held þess vegna, að ríkisstj. hafi alla möguleika til þess að leysa þennan mikla og erfiða þátt í vinnudeilunum nú þegar.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að olíufélögin þrjú, Olíuverzlun Íslands h/f, Shell á Íslandi og Olíufélagið h/f, skrifuðu Alþýðusambandinu bréf í gær um það, að í tankskipinu Smeralda, sem nú liggi í Hvalfirði og lagt hafi verið á losunarbann, séu 8000 tonn af brennsluolíu og að þetta magn samsvari um það bil eins mánaðar þörfum alls landsins fyrir þessa olíutegund, en aðalnotendur hennar séu togarar og stærri verksmiðjur. Í þessu bréfi skýra olíufélögin enn fremur frá því, að nú liggi fyrir tilboð hjá þeim um kaup á þessari olíu í einhverri Evrópuhöfn, en áður en tekin sé ákvörðun um það, hvort þeir selji þessa olíu úr landi, vilja þau fá að vita um það, hvort Alþýðusambandið sjái sér fært að heimila, að þessari olíu sé skipað upp í tanka í Hvalfirði gegn skuldbindingu um, að hún verði ekki snert, meðan á verkfallinu standi. Í niðurlagi bréfsins skýra olíufélögin enn fremur frá því, að ef þau taki þá ákvörðun að selja þessi 8000 tonn af olíu, þá sé, eins og þau segja orðrétt, fyrirsjáanlegt, að landið muni verða brennsluolíulaust í heilan mánuð eftir lok verkfallsins.

Nú er það sýnilegt, að olíuhringunum er beitt hér á landi gegn verkalýðssamtökunum. Það er fylkingarbrjóstið. Og þessi 8000 tonna olíufarmur er hér bundinn og ekki kominn í tanka í Hvalfirði fyrir sjálfskaparvíti algert. Þetta skip hafði verið leigt þannig, að það mátti leggja á land olíu í Reykjavík og Hvalfirði, og hefði farið allra sinna ferða frjálst, þangað til það var tæmt til síðasta olíudropa, ef það hefði ekki talið sér henta að leika það hlutverk í deilumálunum hér

á landi að smygla olíu í land hér að næturlagi í myrkri, eftir að gefin höfðu verið loforð um að hætta kl. 12, þegar verkfallið hófst. En kl. 12, þegar verkfallið hófst, gat það farið með alla þá olíu, sem það var með innanborðs, upp í Hvalfjörð og losað alfrjálst, en það kaus ekki að gera það, heldur braut verkfallið þessa nótt og setti þess vegna þessi 8000 tonn af olíu föst. Þeir eiga því við engan að sakast nema sjálfa sig, að þeir létu nota sig í fjandskaparskyni við verkalýðssamtökin og festu þessi 8000 tonn og ætla svo að selja þau úr landi og tilkynna, að svo verði landið olíulaust í heilan mánuð. Það er því engin ástæða til þess að ætlast til þess, að verkalýðssamtökin eftir svona frammistöðu komi og svari bréfi þessara herra játandi. Þeir verða sjálfir að bera ábyrgðina. Þeir voru ekki tilneyddir. Auk þess er nú svo komið, að hvert þorpið á fætur öðru úti um land er olíulaust. Það er olíulaust í Höfn í Hornafirði, og fólkið þar getur ekki hitað upp sín hús. Það eru veikindi í þorpinu, hettusótt og inflúenza og báglegt ástand af þessum sökum. Sama ástand er á Patreksfirði. Þar er rafstöðin að stöðvast og fólkið olíulaust til húsahitunar. En hvað hafa olíufélögin gert til þess að sjá þessu fólki fyrir olíum? Þau áttu þess kost eins og Skipaútgerð ríkisins að hafa sín olíuflutningaskip með ströndum fram frjáls og óheft af verkfallinu. En Ríkisskip hefur eitt séð um það, að Þyrill er frjáls sinna ferða, með því að blanda honum ekki inn í verkfallsátökin. En það var hér rússneskt skip, sem varð að stöðva með ofbeldi í Laugarnesi fyrsta verkfallskvöldið. Það lá hér inni á Kollafirði. Olíuskipin bæði, Skeljungur og Litlafell, voru látin leika þann þátt í verkfallinu núna í fyrradag að fara inn í Kollafjörð og láta dæla þar í sig olíu úr þessu skipi, sem var í banni, til þess að þau gætu ekki sinnt því hlutverki, sem þeim bar skylda til að inna af hendi, að flytja olíu til Hornafjarðar og Patreksfjarðar og annarra þeirra þorpa, sem voru olíulaus og olíufélögin vissu vel að voru olíulaus. Og þau áttu nógar birgðir uppi í Hvalfirði og annars staðar til þess að taka olíuna og fara frjáls ferða sinna á þann hátt og leysa úr þörfum landslýðsins. En þau voru sett föst af þessum sökum, og er það annað sjálfskaparvíti til. Olíufélögin haga sér þannig, að þau komist fyrst og fremst í árekstra við verkalýðssamtökin, og svo á að kveina og kvarta á eftir og segja, að neyðarástandið sé öðrum að kenna en þeim. En það er þeim að kenna og engum öðrum. Þessi þrjú olíuflutningaskip gátu öll farið sinna ferða frjáls, eins og Þyrill gerir nú, en Þyrill annar bara ekki þeim olíuflutningum, sem hér þarf að leysa af hendi frá degi til dags.

Það er ástæða til þess að biðja ríkisstj. að hlutast til um, að þessi skip verði tekin af olíufélögunum og í hendur ríkisins, á meðan svona standa sakir, svo að hægt sé að flytja olíu til þeirra þorpa, sem nú eru ljóslaus og hafa ekki möguleika til þess að hita upp hús sín, þrátt fyrir það að sjúkdómsplágur herji þau þar í ofanálag. Olíufélögunum má ekki líðast að gera slíkar ráðstafanir og svíkjast þannig frá þeirri þjónustu, sem þau áttu fyrst og fremst að inna af hendi og var alfrjálst að inna af hendi, ef þau hefðu ekki metið meira að grípa inn í átökin milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda í landinu, sem þeim bar engin skylda til.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Með fyrirspurn minni vildi ég fyrst og fremst vekja athygli á því hættumáli, sem hér er á ferðinni. Mér er ljóst, að það verður án efa leikinn sá leikur af þeim aðilum, sem nú stríða jafnhart og raun ber vitni um, að þessi kennir hinum um og hinn kennir þessum um, og blöðin koma eflaust til með að taka þátt í þeirri deilu. En fari svo, að ofan á viku eða hálfsmánaðar verkfall verði að koma til allsherjarstöðvunar á öllum bátaflota landsmanna, vegna þess að sá olíufarmur, sem nú er á leiðinni til landsins, verði seldur til annarra landa, og stöðvunar á öllum togaraflota landsins, vegna þess að þeim 8000 tonnum af brennsluolíu, sem togaraflotanum eru ætluð, verði ráðstafað annað, þá er vitanlega um margfalt tjón af verkfallinu að ræða fyrir landsmenn sem heild. Því álít ég, að það sé heilög skylda hjá ríkisstj. að kynna sér þetta mál til hins ýtrasta og reyna að hafa þau áhrif, sem ríkisstj. getur, til þess að koma í veg fyrir þetta mikla tjón.

Hitt er svo annað mál, sem ég skal ekki blanda mér inn í að þessu sinni, að gera tillögur um það, hvernig er hægt að leysa málið, og ég vil ætlast til þess, að ríkisstj. hafi þar ýmsa möguleika, jafnvel aðra möguleika en þá að leita uppi einhverja þjófalykla til þess að komast í skrár annarra, eins og hér hefur verið stungið upp á. En ég held, að það ættu að vera leiðir til að koma í veg fyrir þetta, og væntanlega tekst svo líka að leysa þetta verkfall, áður en langt um líður.

Mér þótti það að nokkru leyti einkennilegt, að fram kom hjá hæstv. forsrh., að hann hefði ekki gert sér grein fyrir þessu að öllu leyti. Ég hef það m. a. beint frá þeim, sem eiga nú að sjá um flutning á þessari olíu, að það sé ekki aðeins togaraflotinn, sem er hætt við því að stöðvast, heldur einnig allur bátaflotinn. Ég hygg, að olíufélögin muni hafa tilkynnt það, eftir því sem þau láta uppi, að þau muni einnig selja þann olíufarm, sem er á leiðinni til landsins og er ætlaður öllum bátaflotanum. Ég held því, að það sé aðkallandi nauðsyn, að ríkisstj. kynni sér þetta mál og reyni að fá á því eðlilega lausn.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég er nú bílstjóri með kennsluréttindum, gamall vélstjóri á mótorbátum, en ég er farinn að ryðga í þessu, en eitthvað minnti mig, að ef olía kæmist í eitthvað, sem héti glóðarhaus, þá færi allt út um þúfur. Og mér fannst nú ræða hv. 2. þm. Reykv. (EOl) benda til þess, að eitthvað hefði komizt í glóðarhausinn á honum. Ég skildi a. m. k. ekki, hvað hann var að fara, en að svo miklu leyti sem ég skildi það, var helzt um það að ræða, að ríkisstj. ætti að taka olíuskipin í sínar hendur, fallast á allar kaupkröfur, sem frammi væru, og svo fá að losa þau. Það er mikið snjallræði, en ég veit nú ekki, hvort hann hefur gert sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem af því mundu hljótast.

Það, sem fyrir liggur, skilst mér, er það, að fari sú olía, sem nú er í þessum tveimur umræddu skipum, til annarra en Íslendinga, verði þessi skip send með farm sinn og hann verði seldur öðrum, þá geti af því hlotizt geigvænlegt tjón fyrir bátaflotann og togaraflotann. Þetta er mjög alvarlegt; það hljóta allir að skilja. Mér skilst hins vegar, eftir því sem formaður Alþýðusambandsins segir, að vegna þess, að einhverjir, sem verkfallið snertir, hafi brotið eitthvað af sér, muni Alþýðusambandsstjórnin, þótt henni sé þetta allt ljóst, ekki fyrirgefa þessar syndir, sem þeir kunna að hafa framið og mér er ókunnugt um, heldur muni hún láta arka að auðnu um, hvað verður af þessari olíu. Ég segi: Ef Alþýðusambandsstjórninni er það ljóst, að hún færir langvarandi vinnustöðvun yfir skipaflota landsins vegna þess, að einhverjir þrír aðilar af þeim hundruðum, sem hún er nú að deila við, hafa framið yfirsjón, ásetningssynd eða breyskleikasynd eða hvað það nú er, — þó að Alþýðusambandinu sé það ljóst, að þessar geigvænlegu afleiðingar hljótast af því, að skipin fari, þá skuli samt það, að þrír aðilar hafa brotið eitthvað af sér að forminu eða efninu til, geta valdið því, að þessi ógæfa skelli yfir saklausa aðila. Ég segi: Ef Alþýðusambandsstjórnin er ekki alveg önnum kafin við að mynda ríkisstj. á Íslandi, sem mér skilst nú að hún hafi tekið að sér, þá finnst mér, að hún ætti að hugsa sig dálítið betur um. Hún verður sannarlega um það spurð seinna, hvort það, að einhverjir þrír, sem mér heyrðist þar að auki á formanni Alþýðusambandsins að væru sízt beztir í hópnum, heldur jafnvel öðrum verri, hefðu framið yfirsjón, fái valdið því, að Alþýðusambandsstjórnin vitandi vits leiði voða yfir þann atvinnuveginn, sem meginþorri þjóðarinnar lifir á eins og nú standa sakir.

Ég segi svo hins vegar, að ég er reiðubúinn til allra viðræðna um þetta mál. Ég er fús til þess að ganga þar á milli og liðka til, eins og ég mögulega get, því að ég vil engan þátt eiga í því að þetta slys hendi, en allan þátt, sem ég get átt, og mæli þar áreiðanlega fyrir hönd ríkisstj. allrar, í því að afstýra voðanum. Og ef þessi fyrirspurn hv. 11. landsk. gæti orðið til þess að bægja frá dyrum þjóðarinnar því böli, sem af því gæti leitt, að rás viðburðanna leiddi til þess, að þessi skip héldu héðan burt, og af því leiddi þann olíuskort, sem um er að ræða, þá teldi ég mjög farsælt, að hún hefur hér fram komið.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér virtist hæstv. forsrh. ekki hafa skilið rétt vel það, sem ég sagði áðan, svo að ég verð kannske að árétta það og reyna að tala skilmerkilegar.

Mér virtist eiginlega af ræðu hans, að hann gerði ráð fyrir því, að ríkisstj. stjórnaði ekki landinu lengur, heldur væri sú vinstri stjórn, sem Alþýðusambandið væri að beita sér fyrir, raunverulega annaðhvort að komast á eða hann gerði ráð fyrir því, að þessi gamla ríkisstj. væri nú alveg að fara. Það væri náttúrlega betur, að svo væri. En meðan hann enn þá situr hérna í stólunum, þá vil ég minna hann á það, sem hæstv. forsrh. virtist hafa gleymt, að það er núverandi hæstv. ríkisstj., sem kaupir alla olíu til landsins eins og hún leggur sig, tekur þar með á sig líka þá siðferðislegu ábyrgð að sjá um, að landsmenn fái þessa olíu, þar sem hún, með því að kaupa sjálf alla olíuna, raunverulega hindrar alla aðra einstaklinga eða samtök í að kaupa nema þau, sem ríkisstj. kýs að selja. Nú hefur ríkisstj. haft það svo, að alla olíuna, sem hún kaupir til landsins, og það er öll olía, sem landið þarf, selur hún þrem olíufélögum. Þessi þrjú olíufélög virðast allt í einu ætla að hætta því að láta landsmenn fé olíu. Ríkisstj. hins vegar er kaupandi að allri þessari olíu, sem til Íslands á að fara. Hvað liggur nú nær fyrir hæstv. ríkisstj., þegar hún uppgötvar þetta allt í einu, að þessi olíufélög gera verkfall á landsmenn og neita að láta landsmenn fá olíuna, heldur en að segja við þessi olíufélög: Þið ótrúu þjónar, burt með ykkur. Þið hafið ekkert að gera hér á milli þessarar ástsælu ríkisstj. og okkar kæra landsfólks. Þið góðu olíuhringar, nú farið þið? — Nú segir ríkisstj. við sitt kæra landsfólk: Ég sé um, að þið fáið olíu. — Og ríkisstj., sem er nú í þann veginn, skulum við segja, að víkja fyrir vinstri ríkisstj., hugsar sér: Ja, það skal þó a. m. k. verða mitt síðasta verk að sýna, að ég hef alltaf viljað vera góð við verkalýðssamtökin og eins og einn hæstv. ráðh. ríkisstj. sagði hér nýlega: borga verkalýðnum allt það kaup, sem mögulegt er. Ég sem þess vegna við verkalýðssamtökin um að borga þeim kaupið, sem ég er alveg viss í að olíuafhendingin á Íslandi stendur undir, það kaup, sem verkalýðsfélögin fara fram á. Ég get fullvissað hæstv. ríkisstj. um það, að þó að hún haldi áfram að eiga alla sína olíu og láti olíufélögin ekkert af henni fá og semji við verkalýðsfélögin um það kaup, sem þau hafa nú farið fram á, þá stendur áreiðanlega olíuafhendingin og kostnaðurinn, sem lagður er á hana, undir því verði. Hins vegar minntist ég á það, að það væri hugsanlegt, að olíufélögin, sem eiga tankana hér á Íslandi, vildu máske ekki leyfa ríkisstj. að nota þessa tanka, og var þá að rifja upp gamla lagaheimild, að nokkru leyti að vísu fallna úr gildi, sem Vilhjálmur Þór sem þáverandi utanríkis- og atvinnumálaráðherra hafði fengið hér í gegn á tímum utanþingsstjórnarinnar, þar sem heimilað var ríkisstj. að taka leigunámi alla tanka olíufélaganna, ef ríkisstj. tækist ekki að komast að samningum við þau. Að vísu var sú heimild þá tímatakmörkuð hvað gildi snertir, en ég var að minna hæstv. forsrh. á, að það mundi nú ganga fljótlega hérna í þinginu, ef ríkisstj. óskaði þess að fá hana setta aftur í fullt gildi. Ríkisstj. hefur til þess fulla möguleika. Hún er í fyrsta lagi eigandi allrar þeirrar olíu, sem til Íslands er keypt. Hún getur látið olíuhringana hætta þeirri þjónustu, sem þeir nú ekki rækja. Hún getur samið við verkalýðsfélögin, og olíuafhendingin stendur áreiðanlega undir því að ganga að samningunum við verkalýðsfélögin. En svo minntist hæstv. forsrh. á, að þetta hefði einhverjar ægilegar afleiðingar. Hvaða ægilegar afleiðingar? Jú, þær ægilegu afleiðingar, að landsfólkið fengi olíu. Mér finnst það satt að segja ekki ægilegar afleiðingar. Mér finnst þvert á móti hitt ægilegar afleiðingar, ef landsfólkið fær ekki þessa olíu. Það eru kannske þessar ægilegu

afleiðingar, að það væri fallizt á kaupkröfu verkamanna. Eru það einhverjar ægilegar afleiðingar? Ég sé ekki betur en a. m. k. ef þessi hæstv. ríkisstj. héldi nú áfram að vera við völd, að hún mundi nokkurn veginn sjá um að reyna að ná þessu aftur af fólkinu, a. m. k. hefur hún alltaf gert það. Ef verkafólkið ætlaði að halda þeim aurum, sem það næði með þessu, þá yrði það áreiðanlega að láta ríkisstj. fara frá, eftir að hún væri búin að setja olíuhringana frá.

Ég held þess vegna, að hæstv. forsrh. ætti nú að skilja, hvaða möguleikar þarna eru, og þó að það hafi nú blandazt nokkurt glens inn í þessar umr. hjá okkur, þá vil ég minna hann á, að þarna er um mjög alvarlegan hlut að ræða, hlut, sem ríkisstj. ber siðferðislega ábyrgð á, vegna þess, að hún hefur gert olíuhringana að millilið milli sín og þjóðarinnar um öll olíukaup og olíuflutninga til landsins. Það er enginn annar, sem hefur gert það en hún. Þess vegna mun siðferðislega ábyrgðin á þessu hvíla á henni.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Þetta er örstutt athugasemd. Þetta var nú önnur útgáfa af ræðu hv. þm., dálítið betri en fyrsta útgáfa. Það getur vel verið, ef hv. þm. vill halda hana tíu sinnum, að þá verði hún skýr. En ef mér skilst rétt, að meiningin sé sú, að hér þurfi að gefa út lagaákvæði, rifta gerðum samningum ríkisstj. við innflytjendur á olíu, og þá muni ríkisstj. öðlast þann heiður og þau fríðindi að mega semja við verkalýðsfélögin um þær hækkanir, sem þau nú hafa farið fram á, þá tel ég þetta vera mikil kostakjör! En ef hv. þm. spyr, hvers vegna ég sé ekki svo mjög ginnkeyptur fyrir að fá þessi fríðindi, þá er það alveg rétt til getið hjá honum, hvers vegna það er. Það er vegna þess, að þá mundi þessi ríkisstj. neyðast til að taka það af fólkinu aftur, sem það fengi með þessum kjarabótum, og þar með mundu kjarabæturnar verða gerðar að engu, en krónan felld.

Varðandi stjórnarskiptin hef ég engan áhuga fyrir þeim, í fyrsta lagi af því, að þetta er prýðileg stjórn, sem nú er, og í öðru lagi vegna þess, að ég veit, að þegar búið er að gaufa við vinstri stjórn í fjóra mánuði og ekkert gengur saman, þá verður reynt að fá mig til að vera forsrh. í henni, og það verður miklu verri stjórn.

**Hannibal Valdimarsson:** Ég fagna því, að stjórnin, ekki aðeins verkfallsstjórnin, heldur líka ríkisstj., hefur fengið vitneskju um það, hvernig þessi mál standa, því að þetta eru alvarleg mál.

Ríkisstjórnin hefur fengið vitneskju um það, að olíufélögin þrjú, sem hafa umráð yfir allri olíu, sem hæstv. ríkisstj. hefur keypt af Rússum, ætla að selja olíufarm úr landi, og hæstv. ríkisstj. hefur líka fengið að vita það frá þessum aðilum, að ef þau selja þessa olíu úr landi, þá verður olíulaust hér um mánaðartíma, eftir að verkfallinu lýkur. Þetta tel ég vera alveg nauðsynlega vitneskju, ekki aðeins fyrir verkfallsstjórnina, heldur líka fyrir ríkisstj., þessa ágætu ríkisstj., sem við höfum núna. Og það fer ekkert á milli mála, að þessa vitneskju er hæstv. ríkisstj. búin að fá. Framhald málsins er svo aðeins það, að nú fær að sýna sig, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að kalla olíufélögin til ábyrgðar fyrir að hafa selt olíuna, og það teldi ég nú sanni nær eftir venjulegu réttlætismati, eða hún ætlar að kalla verkalýðssamtökin til ábyrgðar fyrir það, að olíufélögin selji olíuna úr landi. Mig langar til að vita, hvernig ríkisstj. lítur á það mál.

---

Á 65. fundi í Nd., 25. marz, utan dagskrár, mælti

**forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Á Alþingi og í blöðum landsins hefur oftlega verið vikið að því síðustu dagana, að ríkisstj. Íslands bæri að leysa kaupdeilu þá, sem nú stendur yfir. Umræður þessar bera vitni um, að menn hafa ekki haft handbær gögn um áhrif kauphækkunar á ríkissbúskapinn. Hygg ég því ekki hjá því verða komizt, að ríkisstj. gefi upplýsingar, er mættu auðvelda mönnum réttan skilning á þessum efnum. Hefur því verið gerð áætlun um áhrif kaupgjalds á ríkisbúskapinn. Er þá miðað við 7% hækkun grunnkaups annars vegar, en á hinn bóginn 26% hækkun grunnkaups. Báðar þessar tölur hafa verið talsvert nefndar í sambandi við málið, og það gefur gleggri mynd að taka þannig tvö dæmi.

Áætlun um hækkun ríkisútgjalda á næsta fjárlagaári, 1956, ef grunnkaup hækkar um 7% eða 26%:

1) Hækkun launa um 7% mundi kosta um 12 millj. á ári. 26% eru þá 42.2 millj.

2) Hækkun tryggingarútgjalda, vegaviðhalds, sjúkrakostnaðar utan ríkissjúkrahúsa, fæðiskostnaðar á skipum, sjúkrahúsum og framfærsluframlags, ef miðað er við 7%, er 5.2 millj. — 26% = 18.5 millj.

Samtals, ef miðað er við 7%, 17.2 millj., ef miðað er við 26%, 60.7 millj.

Auk þessara liða hækka margir aðrir liðir, sem draga sig saman, og mjög stórir framkvæmdaliðir, sem hljóta að hækka, þegar frá líður. Þá hækka ríkisútgjöldin til viðbótar þessu með hækkandi vísitölu, en vísitalan hlýtur að hækka, ef kauphækkanir verða. Hækka ríkisútgjöldin um a. m. k. 1.2 millj. kr. við hvert vísitölustig. Gert er ráð fyrir, að verðhækkun á landbúnaðarvörum mundi valda 2.9 stigum í vísitölunni næsta haust, ef 7% grunnkaupshækkun yrði, og er þá miðað við núgildandi verðgrundvöll landbúnaðarafurða. En 26% kauphækkun mundi valda á sama reikningi 10.6 stiga hækkun næsta haust, vegna landbúnaðarafurðanna einna saman. Auk þess hlytu kauphækkanirnar að valda hækkun á vísitölunni gegnum fleiri liði en landbúnaðarafurðir, þótt staðið yrði gegn slíkum hækkunum sem auðið væri, og yrði þá hækkun vísitölunnar meiri en þetta.

Það er því áætlað, að áhrif 7% hækkunar til hækkunar á ríkisútgjöldum næsta fjárlagaárs yrðu ekki undir 22 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir 4 stiga hækkun vísitölunnar á þessu ári, og áhrif 26% kauphækkunar yrðu ekki undir 78.7 millj., enda er þá ekki reiknað með meira en 15 stiga hækkun á vísitölunni á þessu ári.

Hér er gert ráð fyrir þeirri hækkun ríkisútgjalda einni, sem yrði bein afleiðing kauphækkananna, en ekki neinum aukaútgjöldum í sambandi við lausn verkfallsins, svo sem sérstökum stuðningi við framleiðsluna eða auknum niðurgreiðslum á vöruverði. Ef út í slíkt ætti að fara, mundi útgjaldaaukning ríkisins fljótlega vaxa enn um milljónatugi.

Þá er þess að geta, að kostnaður við raforkuframkvæmdir ríkisstj. mundi hækka að sjálfsögðu og þar koma til nýtt fjáröflunarmál. Tekjuskatturinn mundi sennilega hækka eitthvað vegna hærri tekna á pappírnum hjá sumum, þótt minni yrði hjá öðrum, — og söluskattur örlítið vegna hærri talna. Gæti hér verið um að ræða 3—4 millj. eða svo, ef um 7% kauphækkun væri að ræða, en 12—14 millj. eða svo, ef um 26% kauphækkun væri að ræða.

Til þess að sýna, hvers konar viðfangsefni niðurborgun verðlags er orðin, ber nauðsyn til að upplýsa eftirfarandi um kostnað við að greiða niður vöruverðið. Stigið í smjöri mundi kosta ríkissjóðinn 6.2 millj., í smjörlíki 4.7 millj., í kjöti 4 millj. — þ. e. a. s. nú, en mun meira, þegar sú aukning kemur af dilkakjöti, sem verður í haust, í saltfiski 2.3 millj., í mjólk 5.2 millj.

Tekjur á rekstrarreikningi ríkisins eru áætlaðar í gildandi fjárlögum 513.8 millj. kr., en urðu 1954 sem næst 540 millj. Fyrir umframgreiðslum eru þannig sem næst 5%. Umframgreiðslur hafa aðeins einu sinni orðið undir 7% síðustu 30 ár eða lengur.

Af þessu er augljóst, að fyrir næsta ár yrði að gera stórfelldar ráðstafanir til skatta- og tollahækkana, ef kauphækkanir verða verulegar, enda þótt ríkið yrði ekki fyrir öðrum útlátum en þeim, sem leiða mundi af hækkun kaupgjalds og verðlags. Ættu hins vegar að koma til bein framlög af hendi ríkisins í sambandi við lausn vinnudeilunnar, yrði að taka þau með því að auka álögur enn meira en ella.

Ég hef talið mér skylt fyrir hönd ríkisstj. að gefa þessa skýrslu hér á Alþ., svo að menn gætu betur glöggvað sig á ástandinu. Mér þykir ekki eðlilegt, að menn geti gert sér fulla grein fyrir þeim tölum, sem hér eru nefndar, og mun þess vegna senda bæði blöðum og útvarpi þessa skýrslu, svo að hún geti komið fyrir almenningssjónir og menn geti þá gagnrýnt hana, ef þeir telja, að hún sé ekki á réttum rökum reist eða einhverjar þær tölur, sem þar eru greindar, *séu á misskilningi byggðar að einhverju meira* eða minna leyti. Ég geri mér hins vegar sjálfur von um, að upplýsingarnar standist alla gagnrýni, enda hefur ríkisstj. unnið að þessu máli í samráði við og með aðstoð þeirra helztu sérfræðinga, sem hún á aðgang að í þessum efnum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma með þessar upplýsingar hér á þingfund, og hefði þó máske verið enn þá betra að fá þessar upplýsingar fyrr, því að sannleikurinn er, að hver dagur, sem vinnustöðvunin heldur áfram, kostar þjóðarbúskapinn upphæðir, sem slaga upp í þær, sem hann telur að það mundi kosta ríkisbúskapinn í heilt ár að leysa verkfallið. Þess vegna hefði verið æskilegt, af því að þetta er ekki ákaflega mikið reikningsdæmi, að þessar tölur hefðu verið lagðar fyrir þingið fyrr og áður en verkfallið byrjaði. En engu að síður er ágætt, að hæstv. forsrh. hefur nú lagt þetta fyrir, og ég vildi biðja hann, af því að ég er nú ekki sérstaklega vel að mér, því miður, í þessum tölum, um nokkrar upplýsingar út frá þessu.

Það er í fyrsta lagi: Það er reiknað út, að 7% grunnkaupshækkun mundi kosta ríkisbúskapinn 12 millj. kr. á árinu 1956. Má ég þá spyrja: Eru þessar 12 millj. kr. einvörðungu 7% hækkun á launum þeirra verkamanna, sem nú eru í verkfalli, og svipaðra, svo sem vegavinnumanna, sem starfa í þjónustu ríkisins? Er það einvörðungu hækkun á kaupi verkamanna, sem nú standa í deilu, sem nemur á árinu 1956 12 millj. í ríkisbúskapnum? Það þætti mér vænt um að fá upplýst. Eða er reiknað inn í þessa upphæð eitthvað fleira?

Þá er í öðru lagi: Viðvíkjandi hækkun trygginga, vegaviðgerða, sjúkrakostnaðar, fæðiskostnaðar á skipum, framfærslumála og annars slíks skilst mér að sé reiknað með því hjá hæstv. ríkisstj., að allar tryggingar og allt slíkt verði hækkað að sama skapi. Er það ekki rétt? Þessar 5.5 millj., sem reiknað er með að 7% hækkun á grunnkaupi verkamanna mundi skapa, séu ekki afleiðing af hækkun á kaupi verkamannanna. heldur afleiðing af samsvarandi hækkun á tryggingum og öðru slíku. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi mjög greinilega fram. Ég get ekki skilið þennan lið raunverulega öðruvísi, nema að vísu vegaviðgerðirnar. En hitt aftur á móti, tryggingarnar og annað slíkt, hlýt ég að skilja svona. En um þetta get ég náttúrlega ekki rætt, fyrr en ég fæ skýringuna á því.

Þá er komið inn á þá hækkun, sem verði á vísitölunni í sambandi við þetta. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að koma með eina fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. Getur hæstv. ríkisstj. ekki hugsað sér, að í sambandi við grunnkaupshækkanir nú væri sett á verðlagseftirlit og jafnvel verkalýðssamtökunum að einhverju leyti gefinn möguleiki til þess að hafa hönd í bagga með því verðlagseftirliti? Af hálfu núverandi stjórnarflokka var afnumið það verðlagseftirlit, sem áður var, og eftir að það verðlagseftirlit var afnumið, varð mjög greinilegt, að vörur hækkuðu ákaflega mikið. Ef haldið er fast við, að það eigi að leyfa ótakmarkaða álagningu eða að það sé eingöngu sú svokallaða *frjálsa samkeppni*, sem eigi að takmarka álagninguna, þá er það náttúrlega vel hugsanlegt, að þessir útreikningar séu réttir. En svo framarlega sem Alþ. ákvæði harðvítugt verðlagseftirlit og framkvæmd á því, gætu þessir útreikningar reynzt skakkir. Ég er hræddur um, að þessir útreikningar um hækkunina á stigunum byggist ekki á þeim möguleika, að það sé haft með höndum mjög skarpt verðlagseftirlit og reynt af hálfu þess opinbera að hindra verðhækkanir.

Þá kom hæstv. forsrh. að því í skýrslu ríkisstj., að m. a. hlytu raforkuframkvæmdir að hækka. Nú vitum við það, að raforkuframkvæmdirnar eru eitt höfuðáhugamál ríkisstj. eða eitt höfuðstefnumál hennar. Þar var ekki komið með

neinar tölur. En ég hef áður komið með nokkrar tölur hér í sambandi við raforkuframkvæmdir, og ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., að hún hefur alveg í sínum höndum að láta ekki kostnað við raforkuframkvæmdir hækka, þó að grunnkaup yrði hækkað. Reynslan undanfarin ár er sú, að það dýrasta við raforkuframkvæmdir eru afskipti og álög ríkisstjórnarinnar. Ég skal taka Sogsvirkjunina nýjustu, sem kostaði 195 milljónir. Öll vinnulaun við þá Sogsvirkjun, þessi gífurlega miklu neðanjarðargöng, sem þar varð að grafa, og allt annað slíkt, voru rúmar 40 millj. kr., en söluskattur og tollar til ríkisstj. voru 25 millj. kr. Svona var Eysteinn þungur. Og vextirnir, meðan á byggingunni stóð, voru 9 millj. kr. Það voru 33 millj. kr., sem ríkisstj. tók til sín af þessu fyrirtæki, sem kostaði 195 millj. En öll vinnulaunin við að framkvæma allt þetta voru 40 millj. Það var tvívegis stöðvað af verkföllum, meðan Sogsvirkjunin stóð yfir, og sagt, að það væri allt of mikið að láta verkamenn fá nokkur prósent grunnkaupshækkun. En það var aldrei talað um, að það væri of mikið að borga Eysteini 25 millj. í söluskatt.

Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að hún hefur fyllilega þann möguleika, sem væri líka eðlilegur að öllu leyti, að hætta að innheimta svona gífurlega skatta af þeirri fjárfestingu, sem á sér stað í raforkuframkvæmdunum. Og annan hlut til hefur hún líka á sínu valdi, og það er að lækka vextina við raforkuframkvæmdirnar. Það er hún sjálf, sem er lánveitandinn, eða mótvirðissjóðurinn, og það eru reiknaðir 5½% vextir af fé til raforkuframkvæmdanna, — því fé, sem ríkisstj. sjálf upphaflega fær með því að borga 3½% vexti af því, ef ég man rétt. Það er engin þörf á þessum háu vöxtum. Og það er ekki heilbrigt að stofna til þeirrar miklu fjárfestingar, sem við þurfum að leggja í og eigum að leggja í á Íslandi, og hafa þá reglu um leið að hafa svona háa vexti í sambandi við fé, sem lánað er til þess.

Ég vil aðeins benda á það núna, að Sogsvirkjunin, sem á ári kostar í rekstri um 27 millj. kr. og þar af 6—7 millj. kr. í afborganir, borgar tæpar 10 millj. kr. í vexti, en öll vinnulaun við Sogsvirkjunina eru 1.8 millj. Menn sjá þess vegna greinilega af þessu, að það, sem íþyngir þessum fyrirtækjum, eru vextirnir. Það er svo að segja vaxtaokrið. En það eru ekki vinnulaunin.

Þetta er nú aðeins það, sem ég vildi minnast á út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um, hvað raforkuframkvæmdirnar mundu hækka.

Þá birti hann útreikning yfir, hvað stigið í hverri af þeim vörum, sem kæmi til greina að kaupa niður, mundi kosta, og það er ég náttúrlega ekki fær um að neinu leyti að gagnrýna að svo stöddu. Mér sýnist, að stigið í mjólkinni sé reiknað allmiklu hærra, ef það er reiknað 5.2 millj., heldur en var fyrir nokkrum árum, 1952. Er það ekki rétt? (Gripið fram í.) Ætli það sé ekki vegna þess, að neyzlan hefur vaxið? Það hefur reynzt praktískt, ekki sízt fyrir bændur, að ríkið kaupi mjólkina svona niður, og það hefur sýnt sig að vera ákaflega mikið hagsmunamál, sameiginlegt hagsmunamál fyrir bæði verkamenn og bændur, að þeirri aðferð væri beitt.

Þessar tölur, sem eru hérna, frá 17 og upp í 60 millj., þegar reiknað er með öllu og öllu þarna í, annaðhvort 7% eða 26%, eru ekki tölur, sem ógna okkur neitt hér á Alþingi. Við erum vanir að fá ríkisreikning, þegar hæstv. fjmrh. leggur reikningana fyrir okkur á eftir og státar af, og þá hefur hann alltaf upp undir 100 millj. í afgang. Ég sé ekki betur en að það sé verið að sanna okkur, að það sé auðvelt að ráða við það smáræði, sem þarna er um að ræða.

Ég held þess vegna, að eftir þessa skýrslu ætti að vera allt í lagi. Í fyrsta lagi er það ríkisbúskapurinn á árinu 1956, sem þarna er verið að hugsa um, ekki 1955. Í öðru lagi, þó að það væri fallizt á 26% kauphækkun, sem mundi með öllum þessum útreikningi kosta um 60 millj., þá sýnist það ekki einu sinni taka allt það, sem ég býst við að hæstv. fjmrh. búi sig undir að hafa afgangs eftir þetta ár, þannig að ég sé ekki þörf á neinum álögum til þess að fallast á þessi 26%. En það er annað, sem mér sýnist vera hættulegt, og það er, að svo framarlega sem ekki verður samið fljótt, hvort sem það er um þessi 26% eða annað, sem hægt yrði að komast að samkomulagi um, þá er það, sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. sérstaklega hafa lýst yfir, að þeir vildu forðast, sem sé að gengið félli, dunið yfir okkur. Við skulum gera okkur ljóst, að ef þessi vertíð hér við Faxaflóa á að eyðileggjast í baráttu á milli verkamanna og auðvaldsins, þá þýðir það, að grundvöllurinn undir íslenzku krónunni fer um leið. Það er miklu hættulegri hver dagur eða hver vika, sem ekki er unnið af fullum krafti að framleiðslu fisks við Faxaflóa í marz og apríl, heldur en 10% eða 20% eða 30% kauphækkun til verkamanna. Sá fiskur, sem er ekki veiddur, kemur ekki aftur, og hann hjálpar ekki til þess. Hver dagur, sem sleppt er við að vinna, kemur ekki aftur, og sá dagur, sem þannig fellur úr, stuðlar að því, að gengi íslenzku krónunnar falli. Þess vegna álít ég ekki vera eftir neinu að bíða. Ef við ætlum að reyna að tryggja gengi okkar íslenzku krónu, þá þurfum við að sjá um, að það sé samið strax, hvort sem það er 7% eða 26%, hvort sem það eru 17 millj. eða 60 millj., sem það kostar, eða einhvers staðar þarna á milli. Það er alltaf fyrir ríkisbúskapinn og fyrir þjóðarbúskapinn miklu ódýrar sloppið heldur en stöðvunin. Hitt efast enginn um, að verkamennirnir, sem eiga að lifa af 3000 kr. á mánuði, geta ekki lifað á því. Og það er enginn og sízt af öllu hér á Alþ., sem dirfist að halda því fram, að verkamaður eigi að geta framfleytt sinni fjölskyldu með 3000 kr. á mánuði.

Þess vegna liggur það fyrir, álít ég, að verða við þessum kröfum, og þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. nú hefur lagt hér fyrir, eru frá mínu sjónarmiði til þess að styðja að því, að tafarlaust sé samið. Það er áreiðanlega það, sem ódýrast er fyrir þjóðarbúskapinn og meira að segja ríkisbúskapinn líka.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég vil líka þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf þingheimi og lutu aðallega að áhrifum væntanlegrar kaupgjaldshækkunar á fjárhag ríkissjóðs.

Þetta er önnur skýrslan, sem hæstv. ríkisstj.

lætur frá sér fara og talin er snerta vinnudeilur þær, sem nú standa yfir. Hin fyrri var sem kunnugt er athugun hagstofustjórans, Klemenzar Tryggvasonar, og Ólafs prófessors Björnssonar á kaupmætti verkamannalauna eða tímakaups s. l. 2 ár. Nú kemur þessi skýrsla, sem er allmiklu ýtarlegri og fjallar um nokkuð önnur atriði.

Ég efast ekki um, að tölur þær, sem frá var greint í skýrslunni, séu réttar, eins réttar og frekast er unnt að búast við, enda sýnist mér margt benda til þess, að þær séu unnar af þar til bærum mönnum, sem vanir eru að haga verkum sínum mjög samvizkusamlega. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á einu atriði. Fyrst hæstv. ríkisstj. virðist hafa sérstakan áhuga á því að upplýsa almenning um ýmis atriði, sem máli skipta í sambandi við lausn vinnudeilunnar, þá vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvers vegna henni hefur ekki dottið í hug að biðja sérfróða menn um að upplýsa það, sem þó verður að teljast grundvallaratriði í sambandi við lausn vinnudeilunnar, hvaða breyting hefur orðið á þjóðartekjum Íslendinga undanfarin ár, t. d. s. l. 2 ár eða s. l. 5 ár, svo að ekki sé tekinn lengri tími. Beinast lægi auðvitað við að athuga þá breytingu, sem orðið hefur á þjóðartekjunum s. l. 2 ár eða frá því að síðast var hér háð hörð vinnudeila og gerðir voru samningar um kaup og kjör, sem náðu raunverulega til flestra stétta þjóðfélagsins. Um það getur auðvitað ekki verið ágreiningur, að kjarni málsins í launadeilu sem þessari hlýtur að vera sá, hver breyting hefur raunverulega orðið á tekjum þjóðarbúsins sem heildar. Um það liggja því miður ekki fyrir upplýsingar, þannig að á því verður að gera sérstaka athugun. Þær athuganir, sem á þessu hafa verið gerðar þegar og liggja fyrir, þó að í lauslegu formi sé, og taka til ársins 1953, sýna, að á því ári var um 12—13% aukningu að ræða á þjóðartekjunum, að því er talið er af færustu mönnum, miðað við árið 1952. Mjög margt bendir til þess, að svipuð aukning, þó kannske ívið minni, hafi átt sér stað á þjóðartekjunum 1954, miðað við árið 1953. Á árunum 1952—54 hefur því orðið aukning á þjóðartekjum Íslendinga, að því er bezt verður vitað, einhvers staðar á milli 25% og 30%. Þess er auðvitað að geta í þessu sambandi, að verulegur hluti þessarar þjóðartekjuaukningar á rót sína að rekja til þess, að vinnudagurinn hefur lengzt mikið, þ. e. a. s. að mjög mikið hefur kveðið að yfirvinnu. Að hversu miklu leyti tekjuaukningin á rót sína að rekja til þess arna, verður ekki vitað, og ekki verður gizkað á það nema með sérstakri athugun á málinu. En þó bendir margt til þess, að þjóðartekjuaukningin eigi líka rót sína að rekja til aukinna afkasta þeirra framleiðsluþátta, sem starfa að myndun þjóðarteknanna, vinnunnar og fjármagnsins fyrst og fremst. Ef svo er, að afköst vinnunnar og fjármagnsins hafi aukizt, er sjálfsagt, — um það ætti ekki að geta verið ágreiningur, — að það komi eigendum þessara framleiðsluþátta í vil, helzt í lækkuðu verðlagi, eða ef ekki er kostur á því, þá í auknum kaupmætti tímakaupsins.

Nú er það sannað, m. a. með athugun þeirra tveggja ágætu hagfræðinga, sem ég nefndi áðan, hagstofustjórans og Ólafs prófessors Björnssonar, að á undanförnum tveim árum hefur kaupmáttur tímakaupsins fremur farið minnkandi, og sé tekinn lengri tími, eins og í athugun þeirra hagfræðinga, sem Alþýðusambandið leitaði til, þ. e. a. s. miðað við árið 1947, þá hefur rýrnunin orðið enn meiri. En á þessum tveim athugunum er enginn verulegur munur, ef þær eru skoðaðar í réttu ljósi. Milli þessa tvenns virðist því vera ósamræmi. Það hefur átt sér stað minnkun á raunverulegum kaupmætti tímakaups verkamanna, samtímis því sem ýmislegt bendir til þess, að afköst í þjóðarbúinu hafi aukizt. Þetta er auðvitað kjarni málsins.

Kjarni þessarar launadeilu hlýtur að teljast sá að leiðrétta tekjuskiptinguna hinum lægra launuðu og þá sérstaklega hinum lægst launuðu í vil. Ef raunverulegur vilji er fyrir því að leysa þetta verkefni réttlátlega og sanngjarnlega, virðist fyrsta ráðstöfunin, sem gera þarf, vera sú að gera athugun á þjóðartekjunum og breytingunni á þeim, að hve miklu leyti hún á rót sína að rekja til yfirvinnunnar og að hversu miklu leyti hún á rót sína að rekja til aukinna afkasta, sem sjálfsagt er að launastéttirnar og þó einkum þær lægst launuðu fái hlutdeild sína í. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. fram til þessa því miður vanrækt. Hún hefur látið gera tvær ýtarlegar og svo langt sem þær ná ágætar hagfræðilegar athuganir, sem sumpart liggja fyrir almenningi og sumpart munu nú verða lagðar fyrir almenning. En þriðju og mikilvægustu athugunina vantar enn, sem er á breytingunni á þjóðartekjunum. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. láti það ekki dragast of lengi úr þessu að stuðla að því, að þessi athugun verði gerð.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það er viðurkenningarvert, þegar hæstv. ríkisstj. sér sér fært að koma með upplýsingar um mál, sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu, og þess vegna vil ég fyrir mína hönd þakka fyrir þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan. Það er viðurkenningarvert að fá þessar upplýsingar, jafnvel þó að mætti gagnrýna þær. En á þessu stigi málsins skal ég ekkert um það segja. Til þess er engin aðstaða hér, eins og hæstv. forsrh. gat um í ræðu sinni. Hitt ber að gagnrýna og má gagnrýna, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki sjá sér fært að hafa þessar upplýsingar tilbúnar, áður en til verkfalla kom, svo langur aðdragandi sem að þeim varð að þessu sinni, þar sem þau voru fyrst undirbúin með alllöngum fyrirvara og svo gerðist sá einstæði atburður í baráttu íslenzkra verkalýðsfélaga, að verkföllum var frestað fram yfir tilsettan tíma, til þess að stjórnarvöldum landsins gæfist kostur á að afla sér þeirra upplýsinga og leita þeirra ráða, sem tiltæk væru til þess að leysa kjaradeiluna án þess, að til vinnustöðvunar þyrfti að koma. En ég skal ekki fjölyrða neitt um þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan. En þær gefa mér tilefni til þess að víkja nokkuð að öðru máli.

Áður en til núverandi kjaradeilna kom, voru að sjálfsögðu mikil skrif um þær í blöðum og jafnvel rætt um þær hér á Alþingi. Af hálfu stjórnarflokkanna var því þegar lýst í upphafi,

að það kæmi ekki til mála frá þeirra sjónarmiði að hækka kaup, heldur bæri að fara hina leiðina, sem líka hefur verið rædd í þessu sambandi, þ. e. a. s. niðurfærsluleiðina. Í blöðum stjórnarflokkanna var þetta rætt dag eftir dag í langan tíma. En nú ber svo við, að síðan kjaradeilan fór að harðna, frá því að verkföll áttu að hefjast og síðan þau hafa hafizt, hefur lítið eða ekkert verið minnzt á þessa leið í blöðum stjórnarflokkanna. Og enn síður hefur verið á þessa leið minnzt í blöðum Alþfl. og Sósfl. Þeir menn, sem fyrir Alþfl. hafa talað í þessum málum og látið skoðun sína á þeim í ljós, hafa þó eindregið lýst því yfir, að það væri stefna og skoðun þess flokks, að það væri hagkvæmara fyrir verkalýðinn að afla sér raunhæfra kjarabóta með því að færa niður verðlag og ýmsa aðra hluti í þjóðfélaginu. Í ræðu, sem hv. 7. landsk. þm. flutti fyrir skömmu hér á Alþ., staðfesti hann þessa skoðun mjög rækilega, og var sú ræða birt í Alþýðublaðinu. Hins vegar hafa kommúnistar frá því fyrsta lýst sig mjög andvíga þessari leið, þangað til mér virtist að mætti skilja á hv. 2. þm. Reykv. núna, að þeir væru farnir að hugsa dálítið öðruvísi í þeim málum.

Það hlaut öllum að vera ljóst, að ætti að fara þessa leið, að lækka verðlag og skatta og ýmsa hluti í þessu þjóðfélagi, þá yrði það ekki gert nema með ráðstöfunum af hálfu Alþingis. Það hlaut öllum að vera ljóst, að það var þýðingarlaust að koma til manna, sem hafði verið gefið frelsi til þess að skammta sér sjálfum hlut úr þjóðarbúinu, og segja við þá: Herrar góðir. Eruð þið ekki sammála um að bjóðast til að lækka ykkar hlut, sem þið hafið sjálfir skammtað að undanförnu mjög ríflega? — Þetta hlaut öllum að vera ljóst að var tilgangslaust. Það eina, sem til mála kom, var að samþykkja lög hér á Alþ.

Nú liggur málið þannig fyrir, að 23. febr. bárum við þm. Þjóðvfl. fram á Alþ. frv. um lækkun verðlags í landinu. Meginatriði þessa frv. voru þau, að verðlagseftirlit skyldi tekið upp og það afhent Alþýðusambandinu, yfirstjórn verkalýðssamtakanna, og að söluskattur skyldi lækkaður. Þessu frv. var vísað til hv. fjhn. Nd. 25. febrúar s. l. Í dag er 25. marz. Það er mánuður liðinn síðan þessu máli var vísað til n., því máli, sem að dómi ráðamanna í verkalýðshreyfingunni hefði getað orðið veigamesti þátturinn í að leysa núverandi kjaradeilu og firra þjóðina þeim vandræðum og því tjóni og því böli, sem verkfall raunverulega er. En svo hefur við brugðið, að hv. fjhn. Nd. hefur lagzt á þetta mál og ekki hreyft því í heilan mánuð. Á öllum þessum tíma hefur verið haldinn einn einasti laumufundur í þessari n. til þess að þurfa ekki að ræða þetta mál. Fyrir viku fór ég þess vinsamlega á leit við hæstv. forseta þessarar d., að þetta mál yrði tekið af n., sem því var vísað til, og það tekið hér á dagskrá í þinginu til 2. umr. Við þessum tilmælum hefur hæstv. forseti ekki enn séð sér fært að verða.

Nú vil ég endurtaka þessi tilmæli og ég vil jafnframt krefjast þess, að þetta mál verði tekið af hv. fjhn. og á dagskrá á næsta fundi þessarar hv. d. Og ég vil benda á, að það eru fordæmi fyrir, að slíkt hafi verið gert og sé gert. Á síðasta þingi var m. a. eitt mál, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti hér, tekið á dagskrá samkv. hans kröfu, án þess að n. fjallaði um það. Og mér er tjáð, að hæstv. forseti Ed. hafi nú að undanförnu tekið eitt eða fleiri mál þannig á dagskrá. Ég vil ekki una því að búa ekki við sama rétt og aðrir þm. í þessu efni, og þess vegna vil ég endurtaka þá kröfu mína, að þetta mál verði tekið af hv. fjhn. og á dagskrá þessarar d. á næsta fundi hennar.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég þarf að gera örstuttar athugasemdir út af ummælum þeirra þriggja hv. þm., sem hér hafa talað.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði um, hvort þær 12 millj., sem ég nefndi sem lið í hækkunum útgjalda ríkissjóðs vegna grunnkaupshækkana, væru eingöngu hækkun á kaupi til verkamanna hliðstæðra þeim, sem nú ættu í kaupdeilu. Svo er ekki. Það er rétt til getið hjá honum, að það er einmitt gert ráð fyrir, að kauphækkanir þyrftu að fara fram til starfsmanna ríkisins, og þær eru innifaldar í þessum 12 millj.

Hann spurði í öðru lagi: Er gert ráð fyrir í þessum útreikningum, að tryggingar hækki að sama skapi? Það er gert ráð fyrir, að tryggingar hækki. Hvort það yrði að sama skapi og grunnkaupshækkanirnar, þori ég ekki alveg að staðhæfa, en það er gert ráð fyrir að þær hækki, enda hefur sú verið venjan, að tryggingar hafa hækkað, þegar kaupgjald hefur hækkað.

Í þriðja lagi spurði hann: Getur ríkisstj. ekki sett á verðlagseftirlit til þess að tryggja, að vörur hækki ekki? Það er nú kannske of langt mál til þess, að ég fari að ræða það hér, en ríkisstj. hefur verið að afla sér upplýsinga um verðlagið í landinu, meðan eftirlit var og síðan því var létt af, og það verður væntanlega hægt að gefa um það skýrslu, áður en langt um líður, og sé ég þess vegna ekki ástæðu til að ræða það nú. En ég vil aðeins geta um það, að sú hækkun á vísitölunni, sem nefnd var, er að dómi þeirra, sem bezta yfirsýn hafa yfir þetta mál, mjög varlega áætluð og gerir þess vegna ekki ráð fyrir neinni óeðlilegri vöruverðshækkun í þessu sambandi.

Þá minntist hv. þm. í fjórða lagi á það, hvort ekki væri hægt að gefa eftir tolla. Þetta er spurning, sem alltaf rís, þegar ríkið beitir sér fyrir einhverjum framkvæmdum, hvort ríkissjóður eigi þá að taka tolla af þeim innflutningi, sem stendur í sambandi við þær framkvæmdir. Ég segi það sem mína einkaskoðun, að ég tel það mjög hála braut fyrir ríkið að leggja út á, ef farið er að gefa eftir tolla af vélum eða efni, sem flutt er inn til framkvæmda á vegum ríkisins, fremur en til framkvæmda, sem þegnar þjóðfélagsins hafa með höndum. Við skulum taka dæmið, sem hv. þm. nefndi, hann var að tala um Sogsvirkjunina. Á ríkið að gefa eftir tolla af vörum og vélum í Sogsvirkjunina, sem Reykjavíkurkaupstaður hefur svo og svo mikla meðgerð með? Á það þá kannske ekki líka að gefa eftir tolla af innflutningi á vélum til frystihúsa, af því að frystihúsin eru nauðsynleg, og ýmislegt svona? Allt er þetta æskilegt út af fyrir sig, að hægt væri að gera. En hvar á að taka fé til þeirra þarfa, sem við allir

vitum að á ríkissjóðs herðum hvílir að fullnægja? Og það er þá líka venjulega það, sem ber á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, jafnvel stundum án hliðsjónar af því, hver í stj. er og hver í stjórnarandstöðu er, að stjórnarandstaðan geri enn harðari kröfur á hendur ríkissjóði en stjórnarliðið á hverjum tíma, en hún má þá ekki að sama skapi bera fram kröfur um, að niður falli þær tekjur ríkissjóðsins, sem eiga að rísa undir greiðslum til þessara þarfa.

Hv. þm. sagði að lokum, að til þess að fullnægja þeim útgjaldaauka fyrir ríkissjóðinn, sem ég gat um að gæti orðið allt upp í 60 millj., án þess þó að ríkið hefði nokkur afskipti af niðurgreiðslu vísitölunnar, þyrfti ekki að leggja á neina nýja skatta. Ég tel þeirri staðhæfingu svarað í minni fyrri ræðu, þar sem fram kom, að það er ekki ætlað nema 5% fyrir umframgreiðslum á fjárlögum 1955, ef ætlað er, að tekjur verði á árinu 1955 jafnmiklar og 1954, en umframgreiðslur hafa aldrei orðið minni en 7% á síðustu 30 árum eða jafnvel lengur.

Hv. 1. landsk. lagði — og það sjálfsagt alveg réttilega — áherzlu á, að upplýsa þyrfti um þjóðartekjur Íslendinga nú og hver hækkun hefði á þeim orðið á undanförnum árum, og hann taldi, að ríkisstj. bæri að upplýsa þetta ekki síður en aðrar hliðar málsins, sem hún hefði verið að upplýsa. Ég leyfi mér að leiða athygli að því, að ríkisstj. miðar sínar upplýsingar fyrst og fremst við að gera grein fyrir, hvernig hún sem forsvarsmaður ríkissjóðsins stendur að vígi til þess að taka við þeim auknu kvöðum, sem á ríkissjóðinn verða lagðar, jafnvel þó að afskipti ríkisins verði engin önnur en þau beinu útgjöld, sem leiðir af kauphækkunum í landinu.

Hitt er alveg rétt hjá hv. 1. landsk., að náttúrlega er það veigamikil upplýsing, ef menn ætla að reyna að ráða viturlega fram úr þeirri kjaradeilu, sem nú stendur yfir, hverjar eru þjóðartekjurnar og hver er vöxtur í þjóðartekjunum á undanförnum árum, og eins og hann sjálfur réttilega gat um: af hverju sá vöxtur stafar. Og ég get sagt hv. 1. landsk. það og þá í rauninni líka svarað hv. 8. landsk. því, sem hann beindi til mín af sínu máli, að það voru einmitt slíkar upplýsingar sem þessar, sem ríkisstj. taldi að auðið yrði að afla, og þá með þeim hætti, að Alþ. mundi síður vefengja, ef kostur gæfist á að skipa það sem var kallað ransóknarnefnd til þess að rannsaka gjaldgetuna og annað það, sem máli skiptir í sambandi við kauphækkunarkröfur, og þá í því skyni að girða fyrir, að kaup hækkaði, ef ekki fælust í kauphækkuninni raunverulegar kjarabætur verkalýðnum til handa, en hins vegar færði kauphækkunin þann voða yfir alþjóð manna, að krónan yrði valtari í sessi.

Ég hygg, að með þessu hafi ég svarað því, sem hv. þm. gáfu mér tilefni til að geta um, en ég tek það náttúrlega fram, að ríkisstj. telur sér skylt og er ljúft að reyna að afla sérhverra þeirra gagna, sem mættu auðvelda mönnum að komast að réttum niðurstöðum í þessu efni, og þá engu síður þeirra gagna, sem mættu verða til þess að renna stoðum undir það, að auðið yrði að verða við kröfum þeirra, sem nú telja sig bera skarðan hlut frá borði, og þá náttúrlega fyrst og fremst kröfum þeirra, sem lægst eru launaðir. Það hlýtur hverri ríkisstj. að vera ljúft að afla slíkra gagna, og ég segi fyrir mig, að ég skal með glöðu geði taka á móti leiðbeiningum frá þeim hv. þm., sem hér hafa um þetta getið.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Ef það hefði verið hugmynd ríkisstj., að sú skýrsla, sem hæstv. forsrh. gaf hér í upphafi þessa þingfundar, yrði rædd ýtarlega, þá hefði henni að sjálfsögðu verið útbýtt skriflegri, áður en ræða forsrh. hófst, þannig að þm. gæfist a. m. k. kostur á að yfirfara, hvað í henni fælist.

Ég vil taka undir það með öðrum hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan, að þess er að sjálfsögðu enginn kostur að ræða slík fræði, um leið og þau eru lesin upp, og mun ég þess vegna geta farið fljótt yfir sögu hvað viðvíkur skýrslu forsrh., a. m. k. að þessu sinni. Hitt er öllum augljóst, að það er ekkert gamanmál fyrir verkalýðssamtökin að leggja út í slíka deilu sem þau hafa nú þegar lagt út í, og sú hagfræði, sem verkalýðssamtökin og einstakir meðlimir þeirra byggja fyrst og fremst á, er afkoma alþýðuheimilanna sjálfra, og það er sú hagfræði, sem verkalýðssamtökin hafa orðið að byggja launabaráttu sína á á undanförnum árum, og þar eru undirstöðurnar undir núverandi kjaradeilu.

Hv. 8. landsk. kom að því í ræðu sinni áðan, að áhugi okkar í hinum svonefndu verkalýðsflokkum, Alþfl. og Sósfl., væri eitthvað minnkandi fyrir þeirri stefnu, sem við höfðum upphaflega talað um, þó sér í lagi Alþýðuflokkurinn, þ. e. a. s. niðurfærslu verðlags og að kauphækkun yrði fengin á þann hátt.

Ég þóttist hafa skýrt þetta mál greinilega í þeirri ræðu, sem hann reyndar vitnaði til hér áðan, hvernig er í pottinn búið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Það er öllum augljóst, sem um þessi mál vilja hugsa, að niðurfærslu verðlags getur verkalýðshreyfingin ekki krafizt af hálfu atvinnurekenda. Hins vegar hefur samninganefnd verkalýðsfélaganna lýst því yfir fyrir sitt leyti, að hún muni meta þau tilboð, sem koma um verðlagslækkanir, til kauphækkunar, þegar þau tilboð liggja fyrir. Það er að sjálfsögðu í hendi ríkisvaldsins, og það þóttist ég einnig hafa bent á í minni ræðu, að bjóða þessa leið, og fyrir hennar tilstilli einnar er mögulegt að fara slíka leið. Verkalýðssamtökin munu meta þau tilboð, þegar þau liggja fyrir, hvað þau verka mikið til móts við þær kröfur, sem verkalýðshreyfingin hefur þegar lagt fram, og draga þá af kröfum sínum í samræmi við það og í samræmi við gildi þeirra tilboða, sem fyrir lægju þá.

Ég held, að höfuðatriðið í þeim umr., sem hér hafa verið hafnar um verkfallsmálin og launadeiluna, hafi reyndar komið fram í þeim fáu orðum, sem hv. 1. landsk. (GÞG) minntist hér á áðan. Þjóðartekjurnar hafa aukizt á tveimur s. l. árum um 25—30%, og það er í þessa aukningu, sem verkalýðssamtökin ætla að sækja sínar kauphækkanir.

Ég tek einnig undir það með hv. 2. þm. Reykv., að það væri vissulega spor áleiðis í áttina til móts við verkalýðssamtökin, að komið yrði á verðlagseftirliti og fyrir það girt, að vöruverð hækk-

aði frá því, sem nú er. En fyrir því er engin trygging í dag, og einmitt sú ringulreið, sem ríkir í verðlagsmálum á Íslandi, mun ekki hvað síst vera undirrótin að þeim átökum, sem nú eiga sér stað á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda.

Ég ítreka svo fyrri ummæli mín um það, að það er vissulega ekkert gamanmál fyrir verkalýðshreyfinguna að leggja út í slíka hluti, og hún gerir þetta í algerri nauðvörn vegna þess fjárhagslega ástands, sem ríkir á íslenzkum alþýðuheimilum í dag, og hún er staðráðin í að bæta það ástand og byggir því kröfur sínar um íhlutun í hinum auknu þjóðartekjum fyrst og fremst á því, að hagur þessara heimila og íslenzkrar alþýðu verði bættur. Það er sú hagfræði, sem verkalýðssamtökin hafa byggt baráttu sína á og munu byggja á í framtíðinni. Það er þess vegna engin stoð fyrir fátæk alþýðuheimili, sem nú berjast í bökkum þrátt fyrir aukna eftirvinnu og mikla atvinnu yfirleitt fyrir hvern þann mann, sem heilsu hefur til að vinna, að hrúgað sé yfir þau tölulegum skýrslum, reiknuðum út af hagfræðingum, sem að sjálfsögðu má á ýmsa vegu víxla til, svo að vægt sé að orði komizt. Sú hagfræði bjargar ekki þeim heimilum, sem í dag berjast í bökkum. Og það er tilgangslaust að ætla sér að sannfæra verkalýðshreyfinguna um það, að hagur hennar sé góður. Hún mundi ekki leggja til slíkra átaka sem hún hefur þegar lagt til, ef svo væri.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargóð svör. Við hans svör kemur í ljós, hvernig lítur út um fyrsta liðinn, sem hann gaf okkur upp og verður auðsjáanlega eitt aðalatriðið í skýrslu ríkisstj., og ég vil nú minna menn á, hvernig þessi fyrsti liður var.

Hann áætlaði, hver áhrif það hefði á ríkisbúskapinn, ef grunnkaup hækkaði um 7%. Það mundi þýða 12 millj. kr. á ári, og ef grunnkaup hækkaði um 26%, þá mundi það þýða 42 millj. kr. á ári, miðað við ríkisbúskapinn 1956. Ég spurði síðan: Miðast þetta eingöngu við kauphækkun hjá þeim verkamönnum, sem nú standa í deilum? Hæstv. forsrh. sagði: Nei, þetta miðast við að hækka laun til allra starfsmanna ríkisins um 7% eða um 26%. M. ö. o.: Þær tölur, sem hæstv. ríkisstj. gefur hér upp, standa alls ekki í neinu verulegu sambandi við sjálfa þá deilu, sem nú er háð, heldur við kostnaðinn af þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. álítur að hún muni leggja til að gera, svo framarlega sem lægst launuðu verkamennirnir fá einhvers staðar á milli 7% og 26% kauphækkun, og þetta náttúrlega setur málið á alveg nýjan grundvöll. Þá erum við ekki að ræða hér í dag um vinnudeiluna, sem hér stendur yfir núna, heldur erum við að ræða um þær ráðstafanir, sem við ætlum að gera til hækkunar á kaupi starsfmanna ríkisins á næsta ári. Og á meðan við hér á Alþ. erum að ákveða um hækkun til starfsmanna ríkisins á næsta ári, á að stöðva alla vertíðina við Faxaflóa, ef ríkisstj. fær að ráða því. Ég vil taka það fram, að það nær ekki nokkurri átt að setja þessi mál svona upp. Það verður ríkisstj. og stjórnarflokkar og stjórnarandstæðingar að gera upp við sig á sínum tíma, hvað þeir gera viðvíkjandi starfsmönnum ríkisins. En vandamálið, sem liggur fyrir að leysa í dag, er kauphækkun til þeirra verkamanna, sem nú standa í vinnudeilum. Og þá vil ég leyfa mér að skjóta hér fram útreikningi til þess að reyna að lagfæra þennan útreikning hjá hæstv. ríkisstj.

Ef um 7% grunnkaupshækkun væri að ræða, þá átti það að kosta 12 millj. kr. á ári. Hvað eru nú laun allra starfsmanna ríkisins? Ég veit það ekki nákvæmlega, en mér fróðari menn hér á þingi segja mér, að það muni vera nokkuð yfir 100 millj. kr. Hvað mikið yfir 100 millj. kr., get ég ekki sagt nákvæmlega. Það þýðir, að af þessum 12 millj. kr., sem ríkisstj. segir að það kosti ríkisbúskapinn á næsta ári að verða við 7% grunnkaupshækkun hjá verkamönnum, eiga a. m. k. 7 millj., en kannske 8 eða 9 millj. að fara til starfsmanna ríkisins með 7% grunnkaupshækkun til þeirra. Þessi áhrif á ríkisbúskapinn eru þá þannig, að það væru 3 millj., máske 4, það þori ég ekki að segja nákvæmlega, sem um væri að ræða með verkamenn. En það eru 7 eða 8 millj. eða kannske meira af þessu, sem eru laun starfsmanna ríkisins, 7% grunnkaupshækkun til þeirra. Ég vil vekja athygli á því, að ríkisstj. reiknar þetta þarna inn í þeirri skýrslu, sem hún leggur hér fyrir.

Ég vil enn fremur taka annað fram. Það er verið að segja okkur, að 12 millj. kr., ef um 7% grunnkaupshækkun væri að ræða, væri allt of mikið fyrir ríkisbúskapinn á ári, þegar verið er að tala um vinnudeilur hjá verkamönnum. En fyrir nýár vorum við að samþykkja hér á Alþ. að úthluta 12 millj. kr. bara til starfsmanna ríkisins og það eftir tillögu ríkisstj. og þá var aldrei minnzt á, að 12 millj. kr. væru mikið fyrir ríkið. Það kom ekki eitt orð, ekki einu sinni frá fjmrh., að 12 millj. kr. væru mikið fyrir ríkið. En í dag á það að vera mikið fyrir ríkið að borga 12 millj. kr. á ári í sambandi við vinnudeilur. Og þegar farið er að kryfja þetta til mergjar, þá sýnir sig, að það væru svona 3—4 millj., sem um er að ræða til verkamanna, en 7—8 millj. kr. eða meira til starfsmanna ríkisins í viðbót við 12 millj. kr., sem við vorum að úthluta fyrir nýár. Þá ógnaði engum að úthluta 12 millj. kr. til starfsmanna ríkisins. — Ef við reiknuðum hins vegar með 26% grunnkaupshækkun, sem hæstv. forsrh. sagði að mundi kosta ríkissjóð 42 millj. kr., þá er auðséð, að af þessum 42 millj. kr. færu yfir 30 millj. kr. til starfsmanna ríkisins. Hvað á að þýða að vera að leggja þetta svona fyrir okkur? Það er ekki þarna um að ræða þá vinnudeilu, sem núna stendur yfir. Það er ekki um það að ræða, hvort verkamennirnir, sem framleiða allan þann fisk og vinna alla þá vinnu, þar sem allir embættismennirnir fá greidd sín laun með peningunum, sem þeir skapa, og verðmætunum, sem þeir skapa, eigi að fá að vinna og fá sómasamlegt kaup. Það er um það að ræða, hvort Alþ. ætli eftir á, þegar verkamenn séu búnir að fá grunnkaupshækkun, að láta ganga til allra starfsmanna ríkisins samsvarandi. Þetta eru tvö ólík mál, og þetta eru mál, sem verður að taka fyrir á tvennan ólíkan hátt.

Svo er annað í þessu, sem ég vil benda á. Hæstv. ríkisstj. hafði fyrir nýárið, þegar hún var að láta 12 millj. kr. til embættismannanna, þann undarlega hátt á, að hún lét hæst launuðu embættismennina, sem höfðu 60—70 þús. kr. í árslaun, fá 6—7 þús. kr. til viðbótar, en hún lét lægst launuðu starfsmenn ríkisins, sem höfðu eins og láglaunamenn, jafnvel undir Dagsbrúnarkaupi, fá 500—600 kr. á ári. Ég lagði til að breyta þessu þá, en það fékkst ekki gert. Þess vegna álít ég þetta rangt, og þetta eigum við að taka fyrir á sínum tíma. Við eigum ekki að taka þetta fyrir núna; við eigum bara að taka verkamannakaupið núna. Það er það eina, sem við eigum að gera. Við getum deilt um það á sínum tíma, hvernig við eigum að hafa það viðvíkjandi starfsmönnum ríkisins, eftir hvaða reglum við ætlum að úthluta til þeirra, hvort við ætlum að láta þá lægst launuðu fá uppbætur, hvort við ætlum að minnka við þá hæst launuðu eða annað slíkt; það verðum við að deila um á sínum tíma. En þessa deilu eigum við að leysa út af fyrir sig.

Að öðru leyti hef ég ekki miklar athugasemdir við þetta að gera. Það er eðlilegt, að tryggingarnar hækki. Um verðlagseftirlitið eru skiptar skoðanir, eins og vant er.

Út af því, sem kom hér fram hjá hv. 8. landsk. (BergS), vil ég aðeins minna á, að allar verðlækkunaraðgerðir eru algerlega í höndum stjórnarvaldanna. Verkamenn hafa ekki að öðrum að ganga en atvinnurekendum í sínum kröfum, og verkamönnum er meira að segja í vinnulöggjöfinni bannað að gera kröfur, sem þýða það að knýja löggjafarþingið t. d. til aðgerða eins og verðlækkana.

Ég ætla ekki hér að fara að deila um það, hvort „praktískt“ sé að gefa eftir tolla, svo sem til raforkuframkvæmda. Það mundi þýða að mínu áliti, ef þeir væru gefnir eftir, að létta þó nokkuð á þeim byrðum, sem velta smám saman yfir á þessar raforkuframkvæmdir, en það er sérstakt mál.

Aðalatriðið, sem ég álít að við ættum nú að reyna að koma okkur saman um, er að leysa þessa deilu án þess að tengja annað við hana, semja við þá verkamenn, sem nú eru í deilu, við þá verkamenn, sem standa í því að framleiða á dýrmætasta tímanum fyrir Ísland allt það verðmæti, sem við byggjum okkar þjóðarbúskap og okkar ríkisbúskap á.

---

Á 66. fundi í Nd., 28. marz, utan dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Á síðasta þingfundi flutti hæstv. forsrh. nokkra skýrslu af hálfu ríkisstj., og það urðu nokkrar, en þó litlar umræður um þá skýrslu, og hæstv. forsrh. varð þá að víkja af fundi og gat ekki gefið þær upplýsingar að öllu leyti, sem farið var fram á.

Nú vil ég leyfa mér, af því að ég sé, að ekkert hefur gerzt um helgina í þeim samningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur með að gera, hvað snertir vinnudeiluna, að leggja fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um, hvort hún geti ekki gefið okkur nú sundurgreiningu á því, hvernig skiptast þær 12 millj., sem hún reiknaði með, ef það yrði 7% kauphækkun, og þær hærri upphæðir, sem hún reiknaði með, ef kauphækkunin yrði hærri en það, — hvernig það skiptist hvað útgjöld snertir á milli starfsmanna ríkisins annars vegar og hins vegar þeirra verkamanna, sem nú standa í kaupdeilu, að svo miklu leyti sem þeirra kauphækkunarkröfur mundu koma við ríkisbúskapinn. Eins og hv. þingmenn muna, var útreikningur ríkisstj. þessi hvað kaupgjaldið snerti, að ef það hækkaði um 7%, mundi það kosta ríkisbúskapinn beint 12 millj. og samsvarandi hækkun, ef það hækkaði um 26%.

Mér skilst, eins og ég minntist á á síðasta fundi, að ⅔—¾ hlutar af þessum útreikningi ríkisstj. væru byggðir á kauphækkun, ekki til verkamanna, heldur til starfsmanna ríkisins, og það kauphækkun, sem ríkisstj. með öðrum orðum reiknar með og á vissan hátt gerir kröfu til að nú sé samþ. af Alþ. sama sem, með því að tengja þessar till. við lausn kaupdeilunnar.

Ég vil taka það fram, að ég álít þennan útreikning ríkisstj. ákaflega óviðfelldinn. Og alveg sérstaklega óviðfelldinn verður hann, þegar hann kemur þannig fram í útvarpinu, að meginþorri fólks hlýtur að skilja þetta sem svo, að þarna sé ríkisstj. að reikna út, hvað kauphækkun hjá þeim verkamönnum, sem nú standa í deilu, kosti ríkissjóð. En það, sem raunverulega felst í þessu, er, hvað kauphækkun til allra starfsmanna ríkisins, líka til hálaunamannanna, komi til með að kosta ríkissjóð. M. ö. o.: Það, sem raunverulega gerðist hér á síðasta fundi, var, að ríkisstj. eða ráðherrarnir lögðu fram kauphækkunarkröfur ráðherranna og annarra hálaunamanna, sem sé gerðu kröfu til þess af Alþ., að svo framarlega sem ætti að leysa þessa deilu með kauphækkun t. d. fyrir verkamenn, þá skyldi og hækka hjá öllum starfsmönnum ríkisins og hjá hálaunamönnum jafnt sem öðrum, hlutfallslega jafnt. Nú munum við eftir því, að þessir sömu hálaunamenn fengu 10% hækkun fyrir nýár. Núna krefst ríkisstj. þess, að þeir fái sömu hækkun og Dagsbrúnarmenn muni fá og líklega þar að auki að prósenttölunni sé breytt, því að það er líka ein af þeim kröfum, sem verkamenn eru með nú, þannig að full vísitala sé reiknuð þarna ofan á. Það væri gaman að fá út, hvað kaup hálaunamannanna hjá ríkinu yrði, eftir að búið væri að taka tillit til þessa útreiknings ríkisstj., sem lagður var fram á síðasta fundi.

Mér skilst þess vegna, að ástandið sé þannig í dag, að raunverulega hafi ríkisstj. með þessum tilkynningum verið að lýsa yfir eins konar verkfalli ráðherranna og hálaunamanna ríkisins, eins konar samúðarverkfalli máske, en að segja a. m. k.: Ekki skulu verkamenn fá neina kauphækkun, fyrr en Alþ. er búið að gera sér ljóst, að þetta kostar svona og svona mikla kauphækkun til starfsmanna ríkisins og þar með hæst launuðu embættismannanna. — Mér skilst, að það sé búið svo að segja að stöðva allar raunverulegar sáttatilraunir, m. a. eftir að þessi útreikningur kom fram. Meðan vofir yfir meira eða minna stöðvun hér á vertíðinni. Og mér skilst, að við eigum að fá að standa frammi fyrir því, að svo framarlega sem ekki séu leyst kaupspursmál starfsmanna ríkisins nú, um leið og kaup-

hækkunarmál verkamanna eru leyst, þá getum við vel orðið að horfa upp á það, að vertíðin meira eða minna eigi að stöðvast, eftir að olíu færi að skorta.

Ég vil minna á, að í sambandi við síðasta verkfall, í desember 1952, var farið þannig að viðvíkjandi starfsmönnum hins opinbera, að þegar það verkfall var búið, voru tekin fyrir launamál starfsmanna ríkisins og reynt að finna nokkra lausn á þeim, og það var ekki farið eftir sömu reglu við lausnina á vandamálinu um starfsmenn hins opinbera og farið var eftir við kaupgjaldið til verkamanna. Það voru ekki veittar sömu uppbætur þá til hæst launuðu starfsmanna ríkisins og til hinna lægst launuðu. Það vita allir, að lægst launuðu starfsmenn ríkisins og yfirleitt lægra launuðu starfsmenn ríkisins þurfa alveg nauðsynlega að fá sína kaupuppbót og endurskoðun á sínum launakjörum, og í því starfar nefnd frá hálfu ríkisstjórnarinnar. Það eru áreiðanlega hins vegar skiptar skoðanir um, hvaða reglur eigi að viðhafa viðvíkjandi launum hinna hæst launuðu. Og það er engin ástæða til þess að setja Alþingi frammi fyrir því, ef það að sínu leyti vill gera eitthvað til að leysa þá deilu, sem nú stendur yfir, að það eigi að leysa um leið spursmálið um, hvaða kaup starfsmenn ríkisins skuli hafa. Það er spursmál, sem verður að leysa út af fyrir sig og á eftir, og það er ekki rétt að blanda því inn í þetta.

Þess vegna álít ég, að það hafi verið í fyrsta lagi rangt, ef ríkisstj. hafði áhuga á að leysa yfirstandandi kaupdeilu, að blanda spursmálinu um laun starfsmanna ríkisins inn í hana, og í öðru lagi álít ég, að það hafi verið blekking að setja þetta mál fram eins og það var sett fram, án þess að taka nokkurs staðar fram, að þarna væri verið að reikna með þeim kostnaði, sem yrði af samsvarandi launahækkunum hjá öllum starfsmönnum ríkisins eins og gengið yrði að í kaupdeilunni til verkamanna. Þetta var hvergi tekið fram.

Ég álít þess vegna, ef hæstv. ríkisstj. vill hafa einhvern snefil af hlutleysi eða réttara sagt sannleika í sambandi við það, sem hún lætur frá sér fara í þessari deilu, þá eigi hún að gefa út yfirlýsingu um það nú á eftir, að það hafi láðst að taka það fram eða að til frekari skýringar skuli það tekið fram, að í þessum útreikningum hennar hafi hún reiknað með samsvarandi kauphækkunum til allra starfsmanna hins opinbera og hún reikni með að fallizt sé á til verkamanna.

Mér sýnist yfirleitt nú stefna í þá áttina, að þessi kaupdeila ætli að verða mjög löng og hörð og að ríkisstj. að sínu leyti geri sitt til þess að gera hana þannig harðvítuga. Og ég verð að segja, að ég fer lítt að skilja þá ábyrgðartilfinningu, sem hæstv. ríkisstj. oft talar svo mikið um, þegar í húfi er seinni hluti vertíðarinnar hér við Faxaflóa, svo framarlega sem þessir hlutir fara ekki að leysast. Ég vildi þess vegna, um leið og ég fer fram á, að hæstv. ríkisstj. leiðrétti þá yfirlýsingu, sem hún þegar hefur gefið í þessu efni, að hún skýri okkur hér frá því, — og ég býst við, að hæstv. fjmrh. muni manna bezt vita það raunverulega, — hvað mikill hluti af þeim beinu kauphækkunum, sem ríkisstj. reiknaði með, sem voru 12 millj. fyrir ríkisbúskapinn á árinu 1956, ef gengið var út frá 7% kauphækkun, og samsvarandi hærra, ef gengið var út frá allt upp í 26%, — hvað mikill hluti af þessum 12 millj. er reiknaður sem kaupuppbót til starfsmanna ríkisins og hvað mikill hluti af þessu er til verkamanna, sem vinna í þjónustu ríkisins.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, vil ég segja þetta: Nær allar þessar 12 millj., sem gert er ráð fyrir í yfirlitinu, eru laun til ríkisstarfsmanna, — ég þori ekki að segja alveg allar, en nær allar þessar 12 millj. Þetta mætti upplýsa nánar, en það leiðir af sjálfu sér, að nær öll fjárhæðin stafar af því að gera ráð fyrir, að ef grunnkaupið hækkar núna, þá komi það fram sem hækkun á launum opinberra starfsmanna á næsta ári. Eins er þá með tilsvarandi fjárhæð, sem gert er ráð fyrir, þegar talað er um 26% kauphækkun. Þetta ætla ég að hæstv. forsrh. hafi tekið greinilega fram áður, einmitt að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að sér finnist það nokkuð hæpið að gera ráð fyrir því, að öll almenn kauphækkun, sem eigi sér stað nú, komi fram sem hækkun á launum opinberra starfsmanna. En ég held, að verði að horfast í augu við það, að eins og nú er ástatt um laun opinberra starfsmanna, verði það niðurstaðan, að slík hækkun komi inn í þeirra laun að ári. Ég held, að það sé skortur á raunsæi að gera sér ekki grein fyrir þessu og að skylt sé að gera það. Það var sannarlega ekki ætlun stjórnarinnar að blekkja neinn með þessari skýrslu, og ég vona, að það hafi allir skilið, að í henni var gert ráð fyrir tilsvarandi hækkun á launum opinberra starfsmanna árið 1956 og á öðru kaupgjaldi verður nú.

**Einar Olgeirsson:** Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið. Hann sagði sem sé, að nær allar þessar 12 millj., sem reiknað hefði verið með, ef 7% grunnkaupshækkun færi fram til verkamanna, væru laun til starfsmanna ríkisins. Hæstv. forsrh. vissi ekki um þetta, þegar hann svaraði mér á síðasta fundi. Honum var þetta ekki ljóst. Hæstv. fjmrh. verður nefnilega að gá að því, að það eru ekki allir jafnglöggir á tölurnar og reikningana og hann er sjálfur í þessum efnum. Og þetta bendir til þess, að það sé hæstv. fjmrh., sem hefur nú útbúið þessa reikninga og látið hæstv. forsrh. lesa þá upp, en forsrh. ekki verið alveg eins glöggur á því, hvernig þetta væri samsett. Hann gat ekki gefið mér þá betri svör en það, að þegar ég talaði á eftir honum, hafði ég farið í einn mjög fróðan þingmann í þessum efnum, hv. 4. þm. Reykv. (HG), til þess að fá að vita hjá honum, hvað starfsmenn ríkisins hefðu mikið í laun til samans. Og þannig var ég að reyna að gizka á, hvað mikill hluti af þessu væri til starfsmanna ríkisins, og var þess vegna í minni síðustu ræðu hér að gizka á 8 og 9 millj. En nú upplýsir hæstv. fjmrh., að nær allar þessar 12 millj. séu laun til starfsmanna ríkisins, og setur

þar með þessa kröfu sem algera raunverulega kaupkröfu af hálfu ráðherranna og starfsmanna ríkisins til þjóðarinnar: Svo framarlega sem þið ætlið að láta Dagsbrúnarmenn og aðra verkamenn fá uppbót, þá komum við á eftir, við ráðherrarnir og aðrir hálaunamenn, og heimtum þetta. — Og hér segir kaupkröfumaðurinn Eysteinn Jónsson: Það verður að gera ráð fyrir samsvarandi kauphækkunum.

Ég verð að segja það, að það fer að verða ódýrara fyrir okkur, svo að ég tali frá sjónarmiði ríkisins, að lofa opinberum starfsmönnum að fá sinn verkfallsrétt og láta þá sjálfa standa í verkfalli, heldur en að gera það og það hér af hálfu æðstu starfsmanna ríkisins að samantvinnuðum kröfum, að svo framarlega sem Dagsbrúnarverkamenn og aðrir verkamenn fara fram á að fá meira en 3000 kr. á mánuði og ef konurnar, sem vinna í iðnaðinum hérna, fara fram á að fá meira en 2000 kr. á mánuði, þá sé þar með orðin skylda að veita öllum starfsmönnum ríkisins og það líka þeim hæst launuðu sömu uppbætur og þeim. Þetta getur ekki gengið, að keðja þetta svona saman, og þetta er í fyrsta skiptið, sem það er gert á þennan hátt, að ríkisstj. lýsir því yfir, að þetta verkfall Dagsbrúnarmanna og annarra verkamanna skuli hér með vera verkfall opinberra starfsmanna, bara þannig, að opinberir starfsmenn standa ekki sjálfir í verkfalli, heldur láta þeir Dagsbrúnarmenn og aðra verkamenn heyja það fyrir sig. Þessi samankeðjun getur ekki gengið. Þetta er verkfallsyfirlýsing ráðherranna, samúðarverkfall frá þeim, án þess að þurfa samt að hætta að vinna sjálfir, sem hefði verið mjög heppilegt, heldur bara hitt: Við ætlum að taka launin, á meðan verkamenn standa í verkfalli, en þegar verkamenn eru búnir að sigra okkur, þá hækkum við launin hjá okkur. — Það er „mórall“ í þessu! Ég held, að opinberir starfsmenn og ráðherrarnir líka verði að fara að vinna sjálfir fyrir sínum kauphækkunum með verkföllum og ekki hnýta sér aftan í Dagsbrúnarmenn og aðra verkamenn.

Ég þakka svo hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar, og ég vil eindregið óska þess, vegna þess að ég veit, að hæstv. ráðh. hefur ekki sjálfur borið þetta fram í blekkingaskyni, að hann láti tilkynna það í ríkisútvarpinu, að í þessum tölum, sem þarna voru fluttar, sé fyrst og fremst reiknað með launahækkunum til starfsmanna ríkisins og nær allar þessar 12 millj. eða 26 millj., ef það væri hitt, séu laun til starfsmanna ríkisins.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það er nú þegar augljóst mál, að skýrsla sú, sem hæstv. ríkisstj. gaf hér í sambandi við verkfallsmálin fyrir helgina, er síður en svo til þess að greiða fyrir lausn vinnudeilnanna, sem nú standa yfir. Og það er líka komið í ljós, að þessi skýrsla er í verulegum atriðum röng, og þó hefur ríkisstj. ekki séð ástæðu til þess að gefa fullnægjandi skýringar á þeim tölum, sem fram komu í skýrslunni.

Þegar skýrslan var gefin hér á þingfundi fyrir helgina, var upplýst, að með 7% grunnkaupshækkun til verkamanna mundu launaútgjöld ríkissjóðs hækka um 12.2 millj. Og þó að um það væri spurt á þeim fundi, hvernig þessi útgjaldahækkun væri fundin, þá komu engar skýringar við því, og það var látið liggja á milli hluta, hvað mikið af þessum 12.2 millj. mundi ganga í hækkað kaup til ríkisstarfsmanna og hvað til verkamanna og ef til vill einhverra annarra. En nú þegar fjmrh., sem án efa er höfundur að þessari skýrslu, sem flutt hefur verið á vegum ríkisstj., hefur komið hér til svars í sambandi við þetta mál, þá játar hann, að þessi útgjaldahækkun, 12.2 millj. kr., eigi að fara nær öll til ríkisstarfsmanna. Nú hefði verið fróðlegt líka, að þær skýringar hefðu fylgt þessu máli, hvernig þessari launauppbót til ríkisstarfsmánna á að haga. Það liggur fyrir, að margir ríkisstarfsmenn hafa fengið 10% grunnkaupshækkun nú um síðustu áramót, nokkrir aðeins 3%. Er þessi launahækkun fengin þannig, að svo sé þessum sömu aðilum, sem þá fengu 10% grunnlaunahækkun, ætluð nú 7% grunnlaunahækkun eins og verkamönnum og þar að auki 5—6% launahækkun með vísitölubreytingu, með því að sú vísitöluskerðing, sem nú er í gildi, verði einnig afnumin? Ég hygg, að þessu sé svona farið. Ef með öðrum orðum hæst launuðu embættismenn ríkisins eiga að fá samkvæmt þessum útreikningi ríkisstj. 10% grunnlaunahækkun um áramót, 7% grunnlaunahækkun nú til jafns við verkamenn og þar að auki á milli 5 og 6% launahækkun, sem kemur fram þeim til handa, vegna þess að vísitöluskerðingin, sem verið hefur í gildi, á nú að afnemast, — ef þessir launahæstu starfsmenn ríkisins eiga að fá nú á stuttum tíma 22% launahækkun, þá er eðlilegt, að um það sé spurt, hvort á þennan hátt hafi verið reiknað, þegar þessar 12.2 millj. voru fundnar út, eða eftir hvaða reglum var annars farið.

Það er mitt álit, að svona hafi verið á málunum haldið og þessar 12.2 millj. í auknum launagreiðslum til starfsmanna ríkisins í sambandi við 7% launahækkun séu fundnar á þennan hátt, að mismuna mönnum eins og ég hef gert nokkra grein fyrir.

Það er því skýlaus krafa allra, sem vilja vinna að lausn þessara hörðu deilna, sem nú standa yfir, að ríkisstj. í sambandi við þá skýrslu, sem hún hefur gefið, leggi nú gögnin á borðið og skýri málið alveg undanbragðalaust. Hvernig eru þessar 12.2 millj. kr. í auknum ríkisútgjöldum til starfsmanna ríkisins fundnar? Hvað er gert ráð fyrir miklum launahækkunum t. d. til þeirra starfsmanna ríkisins, sem eru í hinum hærri launaflokkum? Og nákvæmlega sama krafan verður vitanlega upp á teningnum líka í sambandi við aðra útgjaldahækkun hjá ríkissjóði, sem minnzt var á í þessari skýrslu, þar sem talað er um, að útgjöld ríkisins í sambandi við tryggingar og ýmislegt annað muni hækka í kringum 5 millj. kr. Það er alveg skýlaust farið fram á það, að ríkisstj. upplýsi, hvernig þessi tala er fundin, hvaða hækkanir ættu þá að koma fram, t. d. í sambandi við tryggingarbætur, — eða er þetta allt saman eintóm blekking?

Það var ekki óeðlilegt, að menn byggjust við því, að eftir að báðir aðilar í þessari vinnudeilu höfðu gengið nokkuð til móts hvor við annan og

allmiklar líkur bentu til, að það mætti fá báða aðila enn þá lengra til móts hvor við annan en komið var, að ríkisstj. hefði reynt að stuðla að því, að samkomulag næðist, en ekki að hún hefði brugðið við á þann hátt, sem hún gerði, að birta þessa skýrslu, sem beinlínis kastar frá þeim litlu vonum, sem stóðu til þess, að lausn gæti orðið á málinu.

En í sambandi við þessi verkfallsmál er vitanlega margt annað, sem fléttast inn í þetta og er ómögulegt annað en að minnast á í sambandi við þessa skýrslu.

Það hefur nokkuð verið rætt um það, að aðkallandi væri til lausnar á verkfallsmálunum að reyna að hafa hemil á verðlaginu í landinu. Enn *hafa ekki komið frá hálfu hæstv. ríkisstj. nein* loforð í sambandi við þá hlið málsins, sem snýr að verðlagningunni í landinu, sem gætu kannske greitt að einhverju leyti fyrir því, að samkomulag næðist í deilunni. En í sambandi við verðlagsmálin langar mig til að minnast á það um þá aðila, sem oft hefur verið minnzt á bæði af mér og öðrum að mundu sennilega geta lagt eitthvað fram af hagnaði sínum til þess að leysa þessa deilu, olíufélögin, að mér er kunnugt um, að það er þó nokkuð langt eða meira en vika síðan olíufélögin heimtuðu að fá að hækka allt olíuverð í landinu, alla þá olíu, sem gengur til bátaflotans, alla þá olíu, sem menn verða að kaupa til þess að kynda upp hús sín og til annars rekstrar í landinu, um 60 kr. tonnið. Og ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. hafi aðeins legið á þessu bréfi og gefið þeim fyllilega í skyn, að þegar búið væri að leysa vinnudeiluna, mætti hækka olíuna. Ég vildi nú spyrjast alveg hiklaust fyrir um það, hvort það er meiningin að verða við þeim kröfum, sem liggja nú á borðinu frá olíufélögunum, að hækka alla hráolíu í landinu um 60 kr. á tonn. En hitt veit ég svo um hina olíutegundina, sem allmikið af rekstrinum í landinu verður við að búa, hina svonefndu svartolíu, *þá olíu, sem togararnir byggja allan sinn rekstur* á og mikið af verksmiðjum í landinu, að olíufélögin hafa ekki verið að spyrja neinn um það, en eru búin að tilkynna verulega hækkun á henni einmitt núna þessa dagana, meðan á verkfallinu stendur. Og þau eru að heimta það, að sú olía verði hækkuð í verði um 38 kr. á tonn, en sú verðhækkun jafngildir því, að útgjöld á meðaltogara hækki á ári í kringum 76 þús. kr., en það er heldur meira en helmingurinn af t. d. 10% grunnlaunahækkun, sem talað var um hér á tímabili. M. ö. o.: Olíufélögin í landinu þurftu ekki að spyrja neinn um það, og það hefur enginn þurft að fjargviðrast neitt út af því, þó að þau skelltu t. d. á togaraútgerðina í landinu og verksmiðjureksturinn í landinu verðhækkun á olíu, sem jafngildir 5% kauphækkun hjá þeim. Það hefur enginn verið um þetta spurður. Þetta hefur verið látið ganga í gegn viðstöðulaust. En til viðbótar vilja þau svo fá að hækka almenna hráolíu um 60 kr. á tonn, og bréfið um það liggur væntanlega hjá hæstv. ríkisstj. **(BÓ:** Er þetta ekki vegna hækkunar á flutningsgjöldum?) Jú, það vantar ekki, að það eru alltaf til rök hjá olíufélögunum fyrir því, af hverju þau þurfi að hækka, þau eru svo illa stödd, vesalingarnir, að þau þurfa að verja sig fyrir hverri smábreytingu, sem kann að verða. Það er alveg rétt, að flutningsgjöld á olíu til landsins hækkuðu nokkuð nú á tímabili, en þau hafa aftur lækkað mikið og eru verulega fallandi, og þau flutningsgjöld, sem hafa komizt upp í 115 kr. á tonn á olíunni, eru nú komin niður í 93 kr. á tonn aftur. Verði smáverðsveifla einhvern tíma á flutningsgjöldum upp á við, þá stendur ekki á því, að olíuhringarnir knýja fram sína hækkun og láta hana svo gjarnan standa hitt tímabilið, þegar flutningsgjöldin eru lægri. En ég hygg, að þeir séu fleiri en ég, sem álíta, að olíuhringarnir í landinu hefðu sannarlega haft efni á því að taka á sig smáverðlagsbreytingar á olíu nokkurn tíma. En *í sambandi við þennan mikilvæga þátt í* verðlagsmálunum í landinu hefur ekki komið fram af hálfu ríkisstj., að það ætti að tryggja, að verðlagið yrði óbreytt, heldur hefur hitt viðgengizt, að þetta verðlag hefur verið látið hækka þessa dagana, og kröfur liggja enn fremur fyrir um verulega hækkun.

Svo er eitt atriði enn, sem ég vildi minnast á hér í sambandi við þessi verkfallsmál.

Eins og kunnugt er, hefur svo tekizt til í sambandi við olíumálin, að olíufélögin hafa kosið þá leið að lenda í harðri deilu við verkfallsmenn í sambandi við afgreiðslu á sínum olíuskipum. Það er auðvitað mál út af fyrir sig, hvor aðili hefur rekið það af meira kappi að hafa sitt fram í þeim efnum, en olíufélögin hafa gengið svo langt í þessu, að þau hafa tekið þau olíuflutningaskip, sem voru frjáls til að flytja olíu út á landsbyggðina, þar sem ekkert verkfall var, og þau hafa vísvitandi sett þá olíu í þessi skip, sem var bannað að flytja til staðanna úti á landi, og þannig lokað fyrir þeim, sem búa úti á landi, möguleikanum til að fá olíu flutta til sín með þessum skipum. Þannig hafa tvö af olíuskipum olíuhringanna verið tekin úr leik í rauninni, en þriðja skipið, sem er olíuskip ríkisins, vitanlega *annar þessu mjög knapplega, að sinna* öllum stöðum úti á landi. En ríkið á fleiri skip en olíuskipið Þyril, sem hefðu þá átt að sinna þessu. Ríkið á þar að auki hin miklu strandferðaskip sín, bæði Herðubreið, Skjaldbreið, Heklu og Esjuna, og þessi skip hafa æði oft bjargað stöðum úti á landi með olíuflutninga og geta það, en þau hafa sáralitið sem ekkert verið notuð til þess núna, þegar verst hefur staðið á. Ég álít, að það sé fyllilega verkefni fyrir hæstv. ríkisstj. að skerast í þennan leik og reyna að hlutast til um, að þeir staðir, þar sem nú er svo komið úti á landi, að þeir geta ekki einu sinni haldið í gangi rafstöðvum sínum og eru orðnir rafmagnslausir og geta ekki kynt upp hús sín, geti fengið olíu, þá olíu, sem er frjáls til flutnings út á land af hálfu þeirra, sem í verkfallinu standa. Það er lítill greiði við olíulausa staði úti á landi að bjóða þeim olíu úr þeim skipum, sem eru í banni verkfallsins, því að það er skiljanlegt mál, að þeir staðir, sem eru utan við verkfallið og vilja halda sér fyrir utan það, kæra sig ekki um að sogast inn í deilur þessara aðila og lenda í þeirra banni. Ég vildi því í sambandi við þetta alvarlega verkfallsmál beina því til hæstv. ríkisstj., að hún geri allt, sem í hennar valdi stendur, til

þess að í fyrsta lagi olíuflutningaskip ríkisins, Þyrill, verði einvörðungu notað nú á næstunni til að birgja upp staði úti á landi, þar sem leyfi er til þess, að það skip starfi þannig, en að Þyrill verði ekki tekinn eftir viku, eins og áætlað er, burt úr olíuflutningunum og látinn taka að sér að fara að flytja lýsi til Englands, og enn fremur að ríkisstj. hlutist til um, að strandferðaskip ríkisins verði notuð líka til hins ýtrasta til þess að flytja olíu til þeirra staða, sem eru utan við verkfallið og engin ástæða er til að draga inn í verkfallið. Þar að auki væri svo auðvitað full ástæða til þess, að ríkisstj. léti beinlínis taka hin skipin, sem olíufélögin hafa látið í bann, en það vissu þau mætavel, þegar þau gerðu það, sem þau gerðu í sambandi við þau skip, að þau voru að stefna þeim í stöðvun. Ríkið ætti einnig að taka þau skip og reyna að koma olíunni héðan úr birgðastöðvunum til þeirra staða, sem raunverulega þurfa á henni að halda. Verkfallsmálin eru auðvitað alla vega kostnaðarsöm og erfið, en það sýnist ekki ástæða til þess að breiða verkfallið meira út en þörf er á, og ríkisstj. verður þó a. m. k. að vera hlutlaus í þessum málum, en ekki hafa þannig áhrif á gang málanna, hvorki með birtingu skýrslna né með ráðstöfun sinna skipa, að það geti heitið svo, að það jafngildi því að framlengja stöðvunina eða blanda fleirum inn í þetta en þörf er.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, þegar hann var að tala um verðlagið á olíunni og hækkun, sem hefur orðið á henni síðustu dagana.

Það er rétt, að olía til togara hefur hækkað eitthvað lítils háttar síðustu dagana. Ég held, að það séu 12 kr. á tonn, minnir, að það sé, en þessi olía er ekki undir verðlagsákvæðum. Og hvers vegna? Hvers vegna hafa olíufélögin hækkað þessa olíu án þess að spyrja ríkisstj. að? Það er vegna þess, að hv. síðasti ræðumaður og fleiri togaraútgerðarmenn hafa sjálfir talið, að þeir gerðu hagstæðustu samninga við olíufélögin með því, að olían væri ekki undir verðlagsákvæðum, og þeir óskuðu eftir því, togaraútgerðarmenn, að svarta olían væri ekki undir verðlagsákvæðum. Þetta er sannleikurinn í málinu, og þess vegna þurftu olíufélögin ekki að spyrja að því, þótt þau hækkuðu um 12 kr. tonnið á svörtu olíunni nú fyrir nokkrum dögum, sem kemur til af því, að flutningsgjöldin hafa hækkað. Það er vitanlegt, að flutningsgjöldin voru lægst 36 shillingar, en hæst í vetur 57 shillingar. Önnur olía er undir verðlagsákvæðum, og verður ekki hækkuð nema með samþykki verðlagsyfirvaldanna. Ég get upplýst hv. þingdeild um það, að athugað verður rækilega, hvort nauðsynlegt er að hækka olíuna. Það liggja fyrir reikningar hjá verðgæzlustjóra um þetta atriði, og hann fylgist vel með því. Hitt vita svo allir, að þegar flutningsgjöldin hækka úr 36 shillingum upp í 57 shillinga, þá er hér um mikla hækkun að ræða, og sé ekki þörf á hækkun, eftir að flutningsgjöldin hafa hækkað þetta mikið, þá vil ég segja, að það hefur verið óþarflega hátt verð áður. En ég verð að segja eins og er, að þetta mál verður tekið rækilega til athugunar, og menn geta reitt sig á það, því að öll olían er í höndum verðgæzlustjóra að undantekinni svartolíunni, sem togaraútgerðarmenn sjálfir vildu ekki hafa undir ákvæðum og geta þess vegna kennt sér um að hækkar nú í verði.

Um olíuskipin og flutningana út á land vil ég segja það, að þeir, sem standa fyrir verkfallinu og stjórna því, hefðu fengið meiri samúð, ef þeir hefðu leyft að losa þessi skip, Leningrad og Smeralda. Leningrad sigldi út með 1100 tonn. Þegar verið var að losa Leningrad hér við Reykjavík, lá slanga úr skipinu til lands, og það þurfti engan Dagsbrúnarmann til þess að koma nálægt því að losa skipið. Ef Dagsbrúnarmenn og þeir, sem fyrir verkfallinu standa, hefðu leyft losun á skipinu með þeim skilyrðum t. d., að það, sem eftir var í skipinu, yrði ekki selt, fyrr en verkfallinu væri lokið, þá hefðu þeir fengið meiri samúð og meiri skilning, því að það er öllum ljóst, að þótt olíunni hefði verið skipað upp með slíkum skilyrðum, þá hafði það engin áhrif á gang verkfallsins og verkfallsmenn stóðu jafnvel að vígi, þótt þetta hefði verið leyft. En þá sýndi það sig, að þeir höfðu nokkurn skilning á því, hvað er þjóðhollusta, að það er ekki eðlilegt að láta skip, sem hefur siglt alla leið frá útlöndum, fara aftur út með slatta af olíunni, en um annað var ekki að ræða, eftir að rússneski skipstjórinn hafði fengið það bréf í hendur, sem hann fékk frá Alþýðusambandsstjórninni. Um skipið, sem er uppi í Hvalfirði, er svipað að segja, en það eru 8000 tonn í því skipi, og munar meira um það. Þess vegna hefur það ekki verið látið sigla, en borgaðir dagpeningar með því, biðpeningar, og kostar æði mikið. Ég verð að segja það: Hvaða áhrif hefði það á gang verkfallsins, þótt olíunni úr Smeralda væri skipað upp í Hvalfirði og Alþýðusambandsstjórnin fengi skriflegt loforð um, að þessi olía yrði ekki notuð fyrr en að verkfallinu loknu? Hvaða áhrif hefði það á gang verkfallsins? Hvers vegna er ekki leyft að skipa þessari olíu upp með þessum skilyrðum? Hvers konar skilningur er á þessum málum hjá þeim, sem stjórna þessu? Eru þeir nær því að tapa verkfallinu eða spilla aðstöðu sinni í baráttunni í verkfallinu, þótt olíunni væri skipað upp með því skilyrði, að hún verði ekki notuð fyrr en eftir verkfallið? Hér er um misskilning og stífni að ræða. Hér er ekki um neina þjóðhollustu að ræða, og ég segi það: Þegar verið er að ræða um þessi mál, þá ættu menn að gera sér grein fyrir því, hvað hefur raunverulega þýðingu í þessum efnum. Það hefur enga þýðingu á gang verkfallsins, hvort olíunni er skipað upp úr olíuskipinu í Hvalfirði eða hvort það er látið bíða með olíuna í sér.

Um dreifingu olíunnar út um land er ekkert annað að segja en það, að ríkisstj. hefur verið og mun verða í sambandi við Alþýðusambandsstjórnina um að reyna að koma olíu út á land, eftir því sem unnt er, því að ríkisstj. hefur ekkert síður áhuga á því en þeir, sem standa fyrir verkfallinu, að staðir úti á landi fái olíu og geti hitað upp húsin. Þess vegna getur hv. síðasti ræðumaður reitt sig á það, að ríkisstj. gerir það, sem henni er unnt, í þessu efni. En ég vil

enn endurtaka það og óska eftir því, að afstaða Alþýðusambandsstjórnarinnar og þeirra, sem stjórna verkfallinu, verði endurskoðuð og hvort þeir sjá sér ekki fært að skipa olíunni upp úr skipinu, sem bíður uppi í Hvalfirði, með þeim skilyrðum, að þessi olía verði ekki notuð fyrr en verkfallinu er lokið, — endurskoða afstöðu sína og reikna dæmið út, hvort aðstaðan er nokkru verri í verkfallinu á eftir, þótt þetta væri gert.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 11. landsk. þm. (LJós) sagði, að það væri mjög vafasamt, að þessi skýrsla, sem stjórnin hefði gefið um áhrif kauphækkana á ríkisbúskapinn, stuðlaði að samkomulagi í vinnudeilunni, og líklegt væri, að hún gæti orðið heldur þröskuldur í lausn verkfallsdeilunnar. Auðvitað getur það ekki annað en greitt fyrir því, að málefni leysist, að upplýsingar séu gefnar um það. Óhugsandi er annað en að slíkt stuðli að því, að málefni leysist. Það getur aldrei stutt að lausn nokkurs máls að grafa höfuðið í sandinn. Það er óhjákvæmilegt að horfast í augu við málavexti, eins og þeir eru, ef fást á lausn á jafnvandasömu máli og því, sem hér er við að glíma. Þess vegna hlýtur það alltaf að vera til góðs, að gefnar séu upplýsingar, svo að umræður geti stuðzt við meiri þekkingu en áður hefur verið fyrir hendi. Það er nógu erfitt að finna lausn á þessum málum, þó að menn séu ekki neyddir til að starfa að því í þoku, fái ekki vitneskju um þá höfuðliði, sem til athugunar þurfa að koma.

Hv. þm. vék aðeins að því, að enn væri á huldu, hvernig skýrslan væri gerð, og spurði í því sambandi, hvort reiknað væri með afnámi vísitöluskerðingar hjá opinberum starfsmönnum, eða hvernig þessar tölur væru fengnar um hækkun kaupgjalds, sem í skýrslunni væru áætlaðar. Þær eru fengnar þannig einfaldlega, að ofan á þau laun, sem nú eru greidd, er lögð sú prósenta, sem gert er ráð fyrir í skýrslunni. Í dæminu um 7% almenna kauphækkun í landinu eru einfaldlega lögð 7% ofan á laun opinberra starfsmanna eins og þau eru greidd nú. Vísitöluskerðing kemur ekki til greina í því dæmi. Hún liggur algerlega utan við þetta og hefur ekkert blandazt inn í málið. Og í dæminu um hærri kauphækkunina er farið nákvæmlega eins að.

Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. hafi sagt, að sér fyndist það vera nokkuð viðurhlutamikið af ríkisstj. að taka upp kröfu fyrir hönd opinberra starfsmanna um að fá sömu kauphækkun og almennt kynni að verða ofan á. Þetta er útúrsnúningur hjá hv. 2. þm. Reykv. Hér er ekki tekin upp krafa fyrir neinn og engu slegið föstu, en stjórnin er að búa til dæmi um þessi efni til þess að gera málið skýrara og gerir þá ráð fyrir í því dæmi, að almenn kauphækkun muni hafa tilsvarandi áhrif á kaup opinberra starfsmanna á næsta ári. Ef einhverjum finnst ekki líklegt, að svona fari, þá er það opið fyrir hann að reikna dæmið öðruvísi. Hér hafa aðeins verið gefnar upplýsingar út frá vissum forsendum, sem eru alveg ljósar. Þá getur hver maður reiknað dæmið fyrir sig út frá þeim, eins og honum þykir líklegast að verði í reyndinni. Ef hv. 2. þm. Reykv. þykir líklegt, að það geti átt sér stað í landinu, eins og ástatt er núna, veruleg almenn kauphækkun, án þess að opinberir starfsmenn fái kauphækkun, þá reiknar hann dæmið á þá lund. Honum er það auðvitað frjálst.

Ef litið er til reynslunnar um áhrif almennra kauphækkana á laun opinberra starfsmanna, þá sést, að kauphækkun hjá opinberum starfsmönnum kemur nokkuð á eftir almennri hækkun, en kemur þó að mestu. Ég vil t. d. benda mönnum á, að síðan launalögin voru sett 1945, hefur almennt kaupgjald hækkað um 23% rúmlega, en kaup opinberra starfsmanna um 20%. Þetta hefur því haldizt nokkurn veginn í hendur. Við vitum öll, að það er ákaflega mikil óánægja hjá opinberum starfsmönnum, einmitt eins og sakir standa, út af kaupgjaldi þeirra, og því sýndist ríkisstj., að ekkert raunsæi væri í öðru en að gera ráð fyrir þessu og þá einkum með tilliti til þess, að verið er að semja frumvarp að nýjum launalögum á þessu ári.

Hitt hefði verið með öllu óraunsætt, eins og ég hygg að allir sjái, ef dæmið hefði verið sett upp þannig, að það hefði aðeins verið tekið inn í það hækkun á launum þeirra tiltölulega fáu Dagsbrúnarmanna og lausavinnumanna, sem eru í þjónustu ríkisins, en algerlega sleppt að reikna með því, hvaða áhrif almennar kaupgjaldsbreytingar hafa væntanlega á launagreiðslur til opinberra starfsmanna. Slíkt dæmi hefði verið með öllu óraunhæft. Það vita allir, að endurskoðun launalaga stendur yfir nú, og hafa verið gefnar yfirlýsingar um, að þeirri endurskoðun eigi að ljúka fyrir næsta haust með það fyrir augum að setja þá einmitt ný launalög.

Út af því, sem hv. 11. landsk. þm. sagði um olíuflutninga út á land, vil ég taka fram, að stjórnin hefur staðið í sambandi við forráðamenn verkfallsmanna um það mál og hvaða úrræði væri hægt að finna til þess, að slíkir flutningar gætu átt sér stað, og mun halda áfram að hafa samband við þá um þetta, eftir því sem tilefni gefst til.

**Lúðvík Jósefsson:** Það skal vera aðeins örstutt aths. Ég vildi segja í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, þar sem hann sagði, að ástæðan til þess, að olía togaranna, svartolían, væri ekki undir verðlagsákvæðum, væri sú, að togaraeigendur hefðu ekki viljað þetta, og ég þar á meðal hefði staðið í vegi fyrir því, að hann og aðrir þeir, sem með verðlagsmálin fara, mættu hafa nokkra hönd í bagga með verðlagningunni á þessari olíu, að þetta er nú svona heldur líklegt, að togaraeigendur hafi sagt nei við því, að það yrðu hafðar einhverjar hömlur á verðlaginu á þessari olíu. En ég vil svo aðeins segja það, að ég hef verið í samtökum með togaraeigendum vegna þess, að ég hef haft það á hendi að stjórna togaraútgerð nú um sinn, en ég hef aldrei heyrt á það minnzt þar nokkurn tíma og aldrei verið um spurður neitt í þá átt, hvort togaraeigendur vildu, að þessi olía væri undir eftirliti ríkisverðlagsins eða ekki. Og ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að allir togaraeigendur mundu telja það mikinn vinning, ef ríkið vildi hafa hemil á þessu verðlagi eins og annarri olíu, en ríkið

hefur alltaf skotið sér undan því að vilja nokkuð hafa með verðlagninguna á þessari olíutegund að gera, og það er alveg vitað mál líka, hverjir það eru fyrst og fremst, sem hafa haft þar fingur í spili, að ríkið væri ekki að skipta sér af þessari verðlagningu. Það eru þeir, sem hafa haft með söluna á þessari olíu að gera, en ekki þeir, sem hafa haft með kaupin á henni að gera.

Hitt er svo rétt, að sú hækkun á þessari olíutegund, sem ákveðin hefur verið, meðan á verkfallinu hefur staðið, er 13 kr. á tonn, en hins vegar hafa olíufélögin krafizt þess og tilkynnt það, að þau ætli sér að hækka þessa olíu upp í 38 kr. á tonn, og það jafngildir, eins og ég sagði, jafnmikilli útgjaldaaukningu á meðaltogara og um 5% launahækkun væri að ræða.

Það kom svo fram hjá hæstv. viðskmrh. eins og reyndar áður, þegar minnzt hefur verið á verðlagningu á olíu hér á Alþ., að þegar krafa liggur fyrir um það frá olíufélögunum, að þau telji, að verðlagið þurfi að hækka til verulegra muna frá því, sem verið hefur, m. a. verði öll bátaolía í landinu að hækka um 60 kr. á tonn, að þá er það svar, sem hér fæst, aðeins á þessa lund: Ja, þetta verður athugað; það verður athugað, hvort það þarf að hækka verðið. — Skýrari svör hafa aldrei fengizt hér, en niðurstaðan hefur alltaf orðið sú sama, að þegar olíufélögin hafa heimtað hækkun, þá hefur hækkunin orðið. Það hefði hins vegar verið myndarlegt framlag í þetta mál í sambandi við verðlagsmálin og lausn þessara deilumála, sem nú standa yfir, ef ríkisstj. hefði sagt alveg afdráttarlaust: Þessi krafa olíufélaganna um að hækka olíuna nú um 60 kr. á tonn verður ekki samþykkt. Jafnvel þó að flutningsgjöld hafi hækkað nokkuð á tímabili, en eru núna lækkandi aftur, þá verða olíufélögin látin bera þennan mismun, og þessi hækkun verður ekki samþykkt. — Það hefði verið nokkurt framlag í þetta mál. En þessi almenna afsökun: Málið verður athugað, við verðum að athuga, hvort það þarf að hækka þetta eða ekki, — það er búið að segja þetta svo oft, að það tekur enginn þetta nema á einn veg, að þessi hækkun muni eiga að ganga yfir, en kannske verði beðið með hana fram yfir þann tíma, að verkfallinu er lokið, en þá verði hún hins vegar látin ganga í gildi.

Annað það, sem kom hér fram hjá hæstv. ráðh. um það, að verkfallsmenn hefðu fengið miklu meiri samúð landsmanna, ef þeir hefðu leyft að láta losa olíuskipin o. s. frv., og það, sem hann sagði í þeim efnum, ætla ég að leiða hjá mér. Í því efni vildi ég aðeins segja það, að mér fannst hann tala í þessum efnum mjög greinilega eins og hann stæði hér uppi í ræðustólnum fyrir hönd atvinnurekenda, sem eru alltaf að segja þetta þessa dagana, að verkamenn hefðu nú átt að vera svo snjallir að fá samúð landsmanna með því að láta losa skipin. Þetta er atriði, sem ég fyrir mitt leyti ætlaði ekkert að deila hér um við einn eða neinn, hvað hefði átt að gera í þessum efnum, heldur fyrst og fremst hitt, að þeir aðilar, sem óneitanlega eru ekki í deilunni og eiga rétt á því að fá olíu, eiga líka siðferðislega kröfu til ríkisstj. um það, að hún aðstoði þá í því að fá þá olíu, sem frjáls er, flutta til þeirra staða á landinu, þar sem ekkert verkfall er. Hitt er svo aðeins þræta á milli þeirra aðila, sem standa í verkfallinu, hvort það hefði átt að losa þetta skipið eða neita því um losun.

Hæstv. fjmrh. upplýsti hér, að þær 12.2 millj. kr., sem sagt var frá í skýrslu ríkisstj. að útgjöld ríkissjóðs mundu hækka um í sambandi við 7% grunnlaunahækkun, væru einvörðungu 7% hækkun á núgildandi laun starfsmanna ríkisins. Sé þetta svo, þá hefði mátt segja þetta fyrr. Þá er dæmið ákaflega auðreiknað. Þá sýnist mér, að laun starfsmanna ríkisins nú í dag séu rétt í kringum 180 millj. kr., ef það hefur verið valin sú leið að reikna aðeins 7% beint á þessa upphæð. (Gripið fram í.) Hún reiknar nærri því, já. Það er allálitleg hrúga, og kæmi vitanlega fyllilega til athugunar, hvort ekki mætti minnka hana eitthvað, kannske þannig, að a. m. k. þeir þeirra, sem fengu 10% launahækkun fyrir 3 mánuðum, þurfi e. t. v. ekki að fá 7% hækkun líka núna. Það hefði kannske mátt athuga það. (Gripið fram í.) Já, ég veit það, að sumir líta þannig á, að það sé jafnvel meiri ástæða til að hækka hjá þeim, en aðrir aftur, að það sé minni ástæða, en það var þó sannarlega full ástæða til þess að láta það fylgja með í sambandi við þessa skýrslu, hvað þessar tölur í raun og veru þýða. Ég lít þannig á, að það sé mjög blekkjandi í sambandi við útgjöld ríkissjóðs að segja, að 7% grunnlaunahækkun hjá verkamönnum, sem í þessu verkfalli standa, þýði það endilega, að það eigi að hækka líka um 7% öll laun, sem ríkissjóður greiðir. Ég tel, að það sé mjög blekkjandi, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að þessir menn, sem taka laun hjá ríkinu, eru nýlega búnir að fá grunnlaunahækkun og sumir 10% grunnlaunahækkun, svo að ég teldi líka fulla ástæðu til, að þessar upplýsingar fengju að koma út á meðal manna, að þessi tala er alveg tvímælalaust ranglega upp sett.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég skal aðeins hafa það stutta aths. Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um samúðina og þjóðhollustuna í sambandi við þetta verkfall, sem nú stendur yfir, vil ég segja honum það, að þeir verkamenn, sem í þessu verkfalli standa, hafa óskipta samúð meginhluta þjóðarinnar, og það hefur ekki komið sá maður fram enn þá í öllum þeim umr., sem um þetta verkfall hafa átt sér stað og um þeirra kaupkröfur, sem viðurkennir ekki, að verkamönnum sé brýn þörf á verulegri kauphækkun. En að tala um þjóðhollustu í sambandi við olíuhringana og fara að segja verkamönnum, að þeir ættu að sýna þjóðhollustu gagnvart þeim hringum, það er langt gengið. Er hæstv. viðskmrh. búinn að gleyma öllu, sem gerzt hefur í sambandi við olíuhringana síðustu árin? Er hann búinn að gleyma málaferlunum, sem eru fyrir hæstarétti núna út af framferði eins af þessum hringum? Er hann búinn að gleyma því, sem birt var í kosningunum síðustu um, hvernig þessir olíuhringar fóru að, þegar farmgjöldin voru að lækka? Heldur hann, að þjóðin viti það ekki, að þessir olíuhringar hafa notfært sér hverja aðstöðu, sem þeir hafa getað fengið til þess að okra á þjóðinni? Olíuhringarnir hafa eins almenna

andúð hjá þjóðinni og verkamenn hafa ríka samúð hjá þjóðinni. En hverra er sökin, að olían yfirleitt skuli komast inn í þessi brennandi mál? Sökin er ríkisstjórnarinnar, sem vegna sinnar spilltu helmingaskiptareglu hefur skipt olíuinnflutningnum til landsins á milli þriggja olíufélaga, sem stjórnarflokkarnir hafa sína miklu hlutdeild í. Það er hæstv. ríkisstj., sem sjálf kaupir inn alla olíuna til landsins, það er hún, sem afhendir olíuna gæðingunum, og það er hún, sem þannig verður þess valdandi, að olían dregst svona inn í þessi mál.

Viðvíkjandi svo því, sem hæstv. fjmrh. sagði, þá er hann nú heldur farinn að draga úr þessum hlutlausu upplýsingum um, hvað lausn kaupdeilunnar þýddi. Hann sagði raunverulega með þeim upplýsingum, sem hann lét hæstv. forsrh. lesa hér upp, að allir í landinu skyldu reikna svona. Það er litið á þetta sem hlutlausan, vísindalegan útreikning. Þetta eru afleiðingar af því að fallast á 7% eða 26% kauphækkun hjá verkamönnum. Þetta eru afleiðingarnar af því. En það var í röksemdafærslunni ekki minnzt einu orði á, að þessar afleiðingar fælust í því, að allir starfsmenn ríkisins ættu að fá samsvarandi hækkun. Það var ekki minnzt einu orði á það í þessari yfirlýsingu frá ríkisstj. 12 millj. var reikningurinn, sem hæstv. fjmrh. „presenteraði" hér fyrir þjóðinni, ef það ætti að verða 7% grunnkaupshækkun. Öðrum 12 millj. var hann að úthluta fyrir áramótin, og þá þurfti ekki að stöðva. Það var úthlutað 12 millj. kr. hér á Alþ. til starfsmanna hins opinbera, og ég efast ekki um, að þeim hafi ekkert veitt af því, þó að þeir smáu hjá þeim hafi fengið skrambi lítið, en þeir stóru tífalt hærra. En þá þurfti ekki að stöðva vertíðina, og þá þurfti ekki að stöðva atvinnulífið í landinu og valda verkafólki stórkostlegum erfiðleikum. Þá var hægt að gera þetta með einni samþykkt hér á Alþ., og það er eins hægt að leysa þessi mál næst, þegar að þeim kemur. Við viljum ekki láta leggja fyrir okkur útreikninga og segja sem einhverja vísindalega niðurstöðu: Það er ekki hægt að leysa þessa vinnudeilu, sem nú stendur yfir, án þess að ráðherrar, hæstaréttardómarar eða hverjir sem eru fái 7% eða 26% grunnkaupshækkun og fái vísitölu á allt. Við viljum ekki láta leggja þetta fyrir okkur sem neinn vísindalegan útreikning og sjálfsagða afleiðingu af lausn núverandi kaupdeilu. Við heimtum að fá að ákveða um þetta, þegar þar að kemur, hér á Alþ. Og við álítum enga ástæðu til þess að tengja það við þessa deilu, sem nú stendur yfir. Við höfum lagt fram okkar till., þegar þetta mál var rætt hér í vetur. Við höfðum mismunandi afstöðu um þetta. Það voru mismunandi atkvgr., og menn skiptust í flokka og jafnvel innan flokka um afstöðuna í þessu, og við heimtum að hafa frelsi til þess áfram. Við neitum því, að hæst launuðu starfsmenn ríkisins í ráðherrastól eigi að reikna þetta út fyrir þjóðina og birta henni þetta sem óskeikanlega vissu og niðurstöðu. Ef það hefur kannske verið ½ millj. af þessum 12 millj., sem hefði farið til verkamanna, eða kannske bara alls ekki neitt, en 11½ millj. eða 11.9 millj. eða kannske 12 millj. til starfsmanna hins opinbera, þá átti að tala um þetta í skýrslunni. Annars var skýrslan ekki hlutlaus. Það er að vísu gott, að það rétta hefur nú komið fram í þessu máli, en ríkisstj. á eftir að birta niðurstöðurnar af þessu fyrir alþjóð.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Hv. 11. landsk. (LJós) kom hér upp til þess að mótmæla því, að togaraútgerðarmenn hefðu óskað eftir því að hafa svartolíuna utan verðlagsákvæða og talið sér hagkvæmara að semja sjálfir við olíufélögin heldur en að verðið væri ákveðið með valdboði. Og hann var að mótmæla þessu, en gerði það mjög linlega, sem vonlegt var, og í staðinn fyrir að neita þessu algerlega, spyr hann: Er líklegt, að útgerðarmenn hafi óskað eftir því, að þessi hluti olíunnar væri utan verðlagsákvæða? Mig undrar ekkert, þótt hann væri linur í sinni neitun, því að hann veit ósköp vel, að þessi eina tegund olíunnar er utan verðlagsákvæða vegna óska útgerðarmanna sjálfra. Og ég spyr þá eins og hv. 11. landsk.: Er það líklegt, að aðeins þessi hluti olíunnar væri utan verðlagsákvæða, ef útgerðarmenn sjálfir hefðu óskað eftir öðru? Það þarf ekki að spyrja. Það er ekki aðeins líklegt, það vita allir, að það er af einhverri slíkri ástæðu. Og ég hef fyrir mér í þessu alveg fulla vissu. Það er ekki neitt verið að fara með blekkingar hér, og ég tek það ekki gilt, að hv. 11. landsk. komi hér og segi, að ég fari með ósannindi í málinu.

Hv. 11. landsk. er enn að tala um bréfið, þar sem farið er fram á að hækka olíuverðið um 60 kr., og segir sem svo, að það væri framlag í málið nú, ef það lægi fyrir loforð um, að þessu bréfi yrði svarað neitandi. Það, sem ég sagði áðan, var, að verðgæzlustjóri er núna í óða önn að athuga grundvöllinn undir olíuverðinu, og ég get endurtekið það, sem ég sagði áðan við þennan hv. þm., að það verður athugað rækilega, hvort ekki verður hægt að neita þessu bréfi, og það verður áreiðanlega gert, svo framarlega sem ekki þarf að taka tillit til þeirrar hækkunar, sem hefur orðið á farmgjöldunum, og ég kem þá aftur að því, sem ég sagði hér áðan í sambandi við skipið, sem bíður uppi í Hvalfirði og kostar nokkuð háar upphæðir daglega. Er það til þess að lækka olíuverðið og stuðla að lækkuðu olíuverði að halda skipinu þarna föstu? Hvers vegna leyfa ekki verkfallsmenn að losa skipið? Það eru áreiðanlega miklu meiri líkur til þess, að olíuverðið geti lækkað, ef það væri gert. Hv. 11. landsk. mótmælti því ekki hér áðan, enda ekki hægt; hann mótmælti því ekki hér áðan, að það hefði ekki haft nein áhrif á gang verkfallsins, þótt skipið hefði verið losað.

Hv. 2. þm. Reykv. var að hafa það eftir mér áðan, að ég væri að tala um samúð verkamönnum til handa. Ég var ekkert að spyrja að því, hvort verkamenn hefðu samúð í þessu verkfalli eða ekki, ég veit, að þeir hafa samúð margra. En ég sagði: Það hefur ekki samúð sú fjarstæða og sú vitleysa, sem er gerð, að halda skipinu föstu, það hefur ekki samúð, og það er ekki þjóðhollusta að gera sér leik að því að leggja í þann kostnað, sem kostar erlendan gjaldeyri, að halda skipinu föstu í marga daga eða kannske

vikur, á meðan verkfallið er. Hv. 2. þm. Reykv. mun ekki heldur geta fært rök fyrir því, að þótt skipið verði losað, hafi það áhrif á gang verkfallsins. Og hvers vegna þá að vera með þessa stífni? Hvers vegna ekki að leyfa losun skipsins, ef það hefur engin áhrif á verkfallið? Er það af einhverri misskilinni mikilmennsku til þess að sýna valdið? Valdið geta verkalýðsfélögin vissulega sýnt með öðru móti og hafa gert og nóg tækifæri, þó að þessu væri sleppt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 11. landsk. þm. (LJós) sagði, að þá væri það upplýst, að þessar 12 millj. væru 7% af launununum, og sagði, að þetta hefði mátt koma fram fyrr. Ég hygg, að engum hafi blandazt hugur um, að svona hlaut þetta að vera, því að í skýrslunni stóð einfaldlega, að 7% kauphækkun næmi 12.2 millj. kr. Hvað gat þá um annað verið að ræða en að tekin væru 7% af þeim launum, sem greidd eru? Ef það hefði ekki verið gert, þá hefði hér verið um beina fölsun að ræða. Hér hefur því ekkert nýtt komið fram. Það hefur bara verið upplýst, að það, sem hv. þm. ímyndaði sér, var misskilningur.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi einnig þetta sama atriði. Hann sagði, að hér hefði átt að vera um vísindalega útreikninga að ræða, og annað þar fram eftir götunum, og það hefði ekki verið minnzt einu orði á það um daginn, að hér væri átt við opinbera starfsmenn. Þetta er byggt á algerum misskilningi hjá hv. þm. Það gat engum blandazt hugur um, að hér var átt við laun opinberra starfsmanna. Því til sönnunar leyfi ég mér að lesa hér upp tvær eða þrjár setningar úr svari hæstv. forsrh. einmitt út af fsp. um þetta, þegar skýrslan var gefin. Þar segir hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt til getið hjá honum (2. þm. Reykv.), að það er einmitt gert ráð fyrir, að kauphækkanir þyrftu að fara fram til starfsmanna ríkisins, og þær eru innifaldar í þessum 12 millj."

Forsrh. upplýsir, að skýrslan er byggð á því, að það yrðu að fara fram kauphækkanir hjá opinberum starfsmönnum fyrir árið 1956, og það er allt málið. Hitt skiptir svo auðvitað minna máli, hvort þær voru innifaldar í þessum lið eða öðrum lið. Það skipti aðalmáli, hvort skýrslan var rétt að þessu leyti, og það var hún auðvitað.

Annars er loddaraleikur sá, sem þessir hv. þm. leika hér í sambandi við laun opinberra starfsmanna, dálítið kátbroslegur. Þeir halda hér hrókaræður um, að það muni vera alveg óþarfi að gera ráð fyrir því, að opinberir starfsmenn fái launahækkanir, þó að það verði miklar almennar kauphækkanir, og hafa miklar vangaveltur í því sambandi. Ég spái því og bið menn að taka eftir því, þegar þar að kemur, að þessir hv. þm. munu krefjast meiri launahækkana til opinberra starfsmanna, þegar þar að kemur, en ofan á verða öðrum til handa í þessu verkfalli. Það er mín spá, að þannig muni þessir loddarar leika.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Launamál opinberra starfsmanna hefur borið nokkuð á góma í þessum umræðum. Þar eð ég er svolítið kunnugur í herbúðum þeirra, vil ég leyfa mér að skjóta hér fram fáeinum athugasemdum.

Komið hefur fram sú skoðun, að þótt kaupgjald hækkaði hjá þeim stéttarfélögum, sem nú heyja harða kaupdeilu, þá mundi vera ástæðulaust að hækka kaupgjald allra opinberra starfsmanna að sama skapi. Er það í raun og veru kjarni þeirra orðaskipta, sem hér hafa farið fram á milli nokkurra þingmanna, tveggja þm. annars vegar og tveggja ráðh. hins vegar. Í því sambandi hefur verið á það bent, að nú nýlega hafi opinberir starfsmenn fengið 3—10% kaupuppbót, en það var gert í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrr á þessu þingi, svo sem öllum hv. þm. er kunnugt. Í þessu sambandi vil ég vara við að gera of mikið úr því, að opinberir starfsmenn hafi fengið allt að 10% kauphækkun á liðnu ári. Þessi háa prósenttala tekur til tiltölulega fámenns hóps manna. En svo sem kunnugt er, hafa opinberir starfsmenn nú um alllangt skeið fengið greidddar 10—17% uppbætur á þau grunnlaun, sem ákveðin höfðu verið í launalögunum frá 1945. En athugun, sem framkvæmd var á s. l. hausti, leiddi í ljós, að frá apríl 1945, en þá voru launalögin sett, og til október 1954 höfðu faglærðir iðnaðarmenn fengið 23.6% hækkun á töxtum sínum í frjálsum samningum við atvinnurekendur, og ófaglærðir verkamenn höfðu fengið, að vegnu meðaltali, 23.7% hækkun á töxtum sínum í frjálsum samningum við atvinnurekendur og ófaglærðar verkakonur 36.8% hækkun á töxtum sínum, en hækkun í almennri verkamannavinnu hafði orðið um 25.7%, og taldi hagstofan, sem þessa útreikninga gerði, að sú tala væri fullt eins táknræn fyrir þá hækkun, sem orðið hefði á kauptöxtum í almennri verkamannavinnu á þessu níu ára bili, og vegna meðaltalið, þ. e. a. s., að gera mætti ráð fyrir því, að kaupgjald hefði hækkað á þessum árum um 25—26% hjá verkamönnum. En á sama tíma höfðu opinberir starfsmenn, sem margir hverjir, í hinum lægri flokkum, eru lítið betur settir en verkamenn, aðeins fengið 10—17%, þeir lægst launuðu 17%. Um það var því engum blöðum að fletta, að opinberir starfsmenn höfðu dregizt mjög verulega aftur úr þeim stéttum, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör, nú eins og fyrri daginn. Það var því sannarlega kominn tími til þess fyrir Alþ. að rétta hlut þessarar fjölmennu stéttar, en það var gert að nokkru leyti, en ófullnægjandi þó eins og fyrri daginn, fyrr á þessu þingi. En langsamlega flestir opinberir starfsmenn fengu á s. l. vetri aðeins 3% hækkun.

Ég held, að menn verði því að gera sér það algerlega ljóst, að í sambandi við lausn þeirrar vinnudeilu, sem nú er háð, verður einnig að taka til athugunar kjör a. m. k. hinna lægra launuðu opinberra starfsmanna. Það er alveg óhjákvæmilegt. Sá meginhluti opinberra starfsmanna, sem fékk aðeins 3% grunnkaupshækkun nú fyrr í vetur og var réttilega mjög óánægður með hana, mun ekki sætta sig til frambúðar við þá lausn á málinu. Opinberir starfsmenn hafa ekki þegar gripið til ráðstafana í þessum efnum, einungis vegna þess, að þeim hefur verið heitið, að launalögin mundu verða endurskoðuð. Þau eru nú í

endurskoðun, og því hefur verið lofað, að endurskoðun þeirra muni verða lokið í sumar, þannig að *nýtt frv. til launalaga mundi* verða *lagt fram* næsta haust. Það er því öldungis víst, að brýna nauðsyn ber til þess að rétta hlut þessara stétta líka, ekki síður en daglaunamannanna og þeirra stétta annarra, sem nú heyja kaupdeilu, svo sem kunnugt er. Hitt er svo annað mál, að ég sé ekki, að þessi staðreynd eigi að þurfa að torvelda það á nokkurn hátt, að daglaunamennirnir og iðnaðarstéttirnar nái sómasamlegum samningum í kaupdeilunni, sem yfir stendur. Mér ofbjóða satt að segja ekkert þær tölur, sem hæstv. ríkisstj. hefur nefnt sem afleiðingu af 7% kauphækkun og þar fram eftir götunum, allt upp í 26% kauphækkun. Mér ofbjóða þær ekkert, með tilliti til þess mikla tekjuafgangs, sem undanfarin ár hefur verið hjá ríkissjóði. Þess ber enn fremur að geta, að það verður sjálfkrafa skattahækkun, ekki óveruleg, vegna þess að nú eru ekki í gildi ákvæði um umreikning á tekjuskatti eins og áður, svo að skattarnir hljóta að hækka, ef kaup hækkar verulega. Auk þess má búast við auknum tekjum af tollum og söluskatti. Þó að viðurkennt sé, að kjarabætur til opinberra starfsmanna verði að eiga sér stað samhliða kjarabótum daglaunamanna og iðnaðarmanna, þá sé ég ekki, að sú staðreynd þurfi í sjálfu sér að verða til þess að tefja réttmæta lausn kjaradeilunnar, sem nú stendur yfir.

**Forseti (SB):** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þau mál, sem hér hafa verið rædd, eru ekki á dagskrá hv. þingdeildar í dag. Þó að einstökum þdm. sé gefið tækifæri til þess að beina stuttum fyrirspurnum til einstakra ráðherra, þá þýðir það að sjálfsögðu ekki, að allir hv. þm. eða fjöldi hv. þm. geti tekið sig til og haldið uppi umræðum allan fundartímann. — Hv. 8. landsk. gerir örstutta athugasemd og verður síðastur ræðumanna við þessar umræður.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég vil ekki sætta mig við það, að forseti sé að halda þrumuræðu hér út af því, þó að ég kveðji mér hljóðs í þessum umr. Hér hafa margir fengið að taka til máls, sumir oftar en einu sinni. Ég hef ekki tekið til máls í þessum umr. og kann ekki við, að það sé haldin einhver þrumuræða sem formáli að því, þó að ég óski að bera hér upp stutta fyrirspurn. Og ég kann ekki heldur við það, að hæstv. forseti sé að loka fyrir það, að ég fái þessari fyrirspurn svarað, því að ég tel mjög nauðsynlegt að fá henni svarað, og eigi ég það á hættu að fá henni ekki svarað vegna aðgerða forseta, þá mun ég að sjálfsögðu ekki bera hana upp; vil ég fá úr því skorið. (**Forseti:** Frekari umr. verða ekki leyfðar). Þá ætla ég ekki að bera mína fyrirspurn upp.

---

Á 68. fundi í Sþ., 31. marz, utan dagskrár, mælti

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram örstutta fsp. eða kannske öllu heldur tilmæli til hæstv. flugmálaráðh. varðandi einn þátt kaupdeilu þeirrar, sem nú er háð hér á landi.

Svo sem kunnugt er, hefur ein afleiðing hinnar víðtæku kaupdeilu orðið sú, að flugferðir íslenzku *flugfélaganna hafa lagzt niður, fyrst og fremst* sökum þess, að báðir deiluaðilarnir hafa tök á því, sem flugferðirnar byggjast á fyrst og fremst, sem sagt eldsneytinu. Annar aðilinn á eldsneytið, sem flugvélarnar þurfa að nota, hinn aðilinn afgreiðir það.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að á því sviði, sem hér er um að ræða, hefur á undanförnum árum verið unnið stórmerkilegt brautryðjendastarf. Íslendingar hafa á undanförnum árum verið að gerast loftsiglingaþjóð, og enginn vafi er á því, að hér hafa menn verið að leggja grundvöll að nýjum, voldugum og merkilegum atvinnuvegi á Íslandi. Þó að *verkfallið bitni* að sjálfsögðu þungt á báðum flugfélögunum, bitnar það sérstaklega þungt á öðru þeirra, sem hefur viðskipti sín einkum og sér í lagi erlendis, hefur að því er talið er allt að ¾ tekna sinna af því að sigla með útlendinga og á á þessu sviði í mjög harðri samkeppni við erlend flugfélög á þeim leiðum, sem það siglir á.

Hin erlendu flugfélög geta eftir sem áður fengið alla sömu afgreiðslu hér á landi og þau hafa fengið áður. Hið íslenzka flugfélag, sem á við þau í harðri keppni, getur ekki fengið þessa afgreiðslu nú, meðan á verkfallinu stendur. Þetta bakar því *ekki aðeins geysimikið fjárhagstjón*, — það er talið munu nema, að því er ég hef séð í blaðafregnum, allt að 250 þús. kr. á viku, — heldur stórskaðar það einnig samkeppnisaðstöðu þessa félags, þessa íslenzka atvinnuvegar gagnvart erlendum keppinautum, og er það enn alvarlegri hlið á málinu.

Því hefur verið haldið fram, að auðvelt væri að leysa þennan hnút með því, að flugfélögin eða þó sérstaklega þetta flugfélag, sem hefur aðallega gjaldeyristekjur af starfi sínu, geri sérsamninga við vinnusalana. Mér finnst þó, að það hafi verið færð fram fyrir því opinberlega skynsamleg rök, að við því sé varla að búast, að félagið geri það, enda mjög hæpið, að málið leysist fyrir félagið með því móti, sökum þess, að það væri þá komið í beina andstöðu við hinn deiluaðilann, sem eftir sem áður gæti neitað honum um það, sem hann þarf fyrst og fremst á að halda í þessu sambandi, sem sagt eldsneytið.

Mér er kunnugt um, að undanfarna daga hefur farið fram viðleitni í þá átt að leysa þann hnút, sem hér hefur hnýtzt og virðist vera orðinn nokkuð fastur. Hér er ekki staður né stund til þess að ræða um það eða að deila á nokkurn fyrir það, *að ekki hefur enn* tekizt að leysa hnútinn. En erindi mitt í þennan ræðustól er það eitt að beina þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj. og fyrst og fremst hæstv. flugmálaráðh., hvort hann sjái sér ekki fært að beita áhrifum sínum í þá átt, að þessi hnútur verði leystur, þannig að þessi starfsemi geti fengið að halda áfram eins og um venjulegar kringumstæður væri að ræða.

Ég vil undirstrika það sérstaklega, að á þessu sviði hefur verið unnið þrekvirki. Forráðamenn íslenzku flugfélaganna hafa í raun og veru unnið þrekvirki með því að koma á örfáum árum fótum undir sjálfstæða atvinnugrein hér á landi,

sem stendur undir geysimiklum gjaldeyristekjum til handa þjóðarbúinu. Það væri hörmulegt, ef sú deila, sem nú er uppi, yrði til þess að skaða þennan atvinnuveg og sérstaklega það félagið, sem hér er um að ræða og á í sérstakri vök að verjast vegna þess, að það er keppinautur erlendra félaga, og hefur að því leyti algera sérstöðu *meðal íslenzkra atvinnufyrirtækja*, að það á nær eingöngu í keppni við útlenda aðila í starfsemi sinni, því að samkeppnin á milli íslenzku flugfélaganna er á mjög takmörkuðu sviði. Þess vegna er hér í raun og veru um þjóðarhagsmuni að tefla. Þjóðarhagsmunir eru í veði varðandi það, að takist skynsamleg og sanngjörn lausn á þessu vandamáli.

Ég er þess fullviss, að allur almenningur í þessu landi mundi fagna því mjög, ef tækist að finna sanngjarna lausn á málinu, þannig að þessar flugsamgöngur gætu haldið áfram með eðlilegum hætti. Ef hæstv. ríkisstj. vildi í þetta mál ganga af velvilja og dugnaði og henni tækist að leysa það, þá fullyrði ég, að hún mundi hljóta fyrir það alþjóðar þökk. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. flugmálaráðh., hvort hann hafi einhverjar upplýsingar að gefa í þessu máli og hvort hann sé ekki reiðubúinn til þess að ganga í málið og beita áhrifum sínum og ríkisvaldsins til þess, að á því fáist viðunandi lausn, þannig að flugsamgöngurnar geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra það hjá hv. síðasta ræðumanni, að hann hefur áhuga á því, að deilan um það, hvort Loftleiðir fái að hefja starfsemi sína nú þegar eða ekki, verði leyst. Hv. ræðumaður talaði hér af sanngirni og ég held af fullri hreinskilni og meiningu um, að það sé nauðsynlegt að leysa þetta mál.

Það hefur kveðið við alleinkennilegan tón í sumum dagblöðunum í sambandi við þetta. Það hefur verið sagt — stundum spurningarmerki reyndar á eftir: Hefur flugmálaráðh. eða ríkisstj. kúgað Loftleiðir og komið í veg fyrir, að Loftleiðir semji? Og það hefur verið snúið út úr og túlkað alveg öfugt það, sem ég hef komið við sögu *í þessu máli. Þannig er nú málflutningurinn.* Og er hin pólitíska barátta á Íslandi þannig í dag, að það þyki nauðsynlegt að snúa hlutunum alveg við og reyna að fá sök á hendur mönnum, þótt þeir geri allt sitt bezta til þess að leysa úr flækjunni?

Stjórn Loftleiða hefur gefið allýtarlega skýrslu, sem talar sínu máli, og hefur sagt greinilega frá gangi málanna. Það út af fyrir sig ætti að vera nægileg skýring á því, að flugmálaráðh. eða ríkisstj. hefur aldrei gert tilraun til þess að kúga Loftleiðir, hefur aldrei gert tilraun til þess að koma í veg fyrir samkomulag í þessu máli. Það væri líka alleinkennilegt, ef ríkisstj. vildi koma í veg fyrir samkomulag í þessu máli.

Flugmálastjóri og framkvæmdastjóri Loftleiða komu að máli við mig fyrir ekki alllöngu og skýrðu mér frá því, hvernig málum væri háttað, óskuðu eftir því að fá fund með mér ásamt samninganefndum frá flugfélögunum, frá flugvirkjum og frá flugmönnum. Sama dag var haldinn fundur í skrifstofu minni, allfjölmennur. Fulltrúar frá flugvirkjum og flugmönnum komu á þennan fund, prúðir menn og glæsilegir, ágætir í sínu starfi. Með þeim var flugmálastjóri, forstjóri Loftleiða og einn úr stjórn h/f Loftleiða. Fundur þessi fór í alla staði vel fram. Og þegar fundinum lauk, fóru menn ánægðir þaðan. Það var fjarri mér að steyta hnefann framan í þessa ágætu menn. Og ég trúi því ekki, að nokkur af þessum mönnum, sem á fundinum voru, hafi þá sögu að segja. Það var rætt í hreinskilni og af ró um þessi mál, og allir, sem á fundinum voru, höfðu áhuga á því að fá lausn í málinu. Og það, sem ég óskaði eftir á þessum fundi alveg sérstaklega, var, að flugvirkjar og flugmenn færu þess á leit við Dagsbrún og Alþýðusambandið, að þeir fengju undanþágu til þess að fljúga fyrir Loftleiðir upp á væntanlegan samning. Þá kom rödd fram á fundinum, sem sagði, að Flugfélag Íslands mundi una illa sínum hlut, ef Loftleiðir fengju undanþágu, en ekki Flugfélag Íslands. En vegna þess að Loftleiðir hafa hér sérstöðu um að fljúga að mestu leyti með útlendinga, þá hafði forstjóri Flugfélags Íslands skrifað bréf, sem forstjóri Loftleiða kom með á þennan fund, og þar var lýst yfir, að Flugfélag Íslands mundi ekki gera neinar sérstakar kröfur eða líta það neitt óhýru auga, þótt Loftleiðum út af fyrir sig væri gefin þessi undanþága. Fundurinn stóð ekki mjög lengi, því að fundarmenn voru einhuga í því að reyna að fá lausn á þessu máli, og flugvirkjar og flugmenn fóru af fundinum með þann ásetning að vinna að því í sínum félögum, að ósk væri borin fram um, að þessi undanþága væri veitt, að flugvirkjar og flugmenn óskuðu eftir því að fá að vinna hjá Loftleiðum upp á væntanlegan samning.

Fundur var haldinn þennan dag í félögum flugvirkja og flugmanna, og það var samþykkt þar að óska eftir þessari undanþágu. Og þess vegna var von til, að þetta yrði leyst. En á einhverju hefur strandað, því að lausn er ekki enn fengin í málinu.

Ég vildi nú mælast til þess, að Loftleiðir fengju þessa undanþágu, því að eins og sagt var hér áðan, hafa Loftleiðir hér alveg sérstöðu. Loftleiðir þurfa ekki annað en að lenda hér á Reykjavíkurflugvelli *og fá leyfi til þess að taka benzín.* Þeir fara ekki fram á að mega taka farþega hér, heldur aðeins að mega koma hér við og taka benzín, þegar þeir fljúga með útlendinga frá Evrópu til Ameríku og frá Ameríku aftur til Evrópu.

Allir hljóta að sjá, að þó að þessi undanþága væri veitt, þá hefur það engin áhrif á gang verkfallsins. Verkfallsmenn hafa eigi að síður jafnsterk tök á því að fá sín mál fram, þótt þessi undanþága verði gefin. En ég segi: Það eru ekki aðeins hagsmunir þjóðarinnar, sem hér er um að ræða, ekki aðeins efnalegir hagsmunir, það er einnig þjóðarsómi, að það megi nást samkomulag um þetta, vegna þess að hið íslenzka flugfélag, sem hefur sýnt mikinn dugnað á undanförnum árum að byggja flugið upp, á í harðri samkeppni við erlendan aðila, sterkan aðila, sem brosir, ef illa fer fyrir Loftleiðum.

Mér finnst, að það þurfi ekki að koma málinu við í dag, þegar um þetta er að ræða, hvar í flokki við erum, hvort við erum sósíalistar, sjálf-

stæðismenn, Alþýðuflokksmenn eða framsóknarmenn. Við ættum að geta sameinazt um að leyfa flugvélum Loftleiða að fljúga með útlendinga með viðkomu á Reykjavíkurflugvelli.

Ég býst nú við því, að einhver komi hér upp í ræðustólinn og segi: Þetta er enginn vandi. Það er ekkert annað að gera en bara að semja strax upp á þær kröfur, sem gerðar hafa verið. — En það er alveg rétt, sem Sigurður Magnússon, fulltrúi Loftleiða, sagði í ágætri grein í Alþýðublaðinu um daginn, að það er ekki hægt fyrir Loftleiðir að gera sérsamninga á þessu stigi málsins. Það þýðir ekkert annað en að játa staðreyndir. Það er ekki unnt að gera sérsamninga nú.

Það þarf ekki að segja öllu meira um þetta. Ég veit, að hv. alþm. og þjóðin öll hefur fylgzt með þessu máli, hefur kynnt sér grg. stjórnar Loftleiða og veit, hvað er að gerast. Ég veit líka, að sá aðili, sem hindrar það, að Loftleiðir fái að hefja starfsemi sína nú, verður dæmdur hart af þjóðinni. Ég veit, að það er verkfall núna. Það er deila um kaup og kjör, ekki á milli verkalýðsins eða launþeganna og ríkisstjórnarinnar, heldur á milli launþeganna og atvinnurekenda. Ég ætla ekkert að segja um það, á hvaða forsendum þessar deilur byggjast, og að þessu sinni engan dóm á það leggja. En það er staðreynd, að það er deila, sem enn er ekki leyst, og við erum núna að ræða um mál til lausnar, sem hefur ekki nein áhrif á þessa deilu, þótt gert væri það, sem beðið hefur verið um, að veita undanþágu til þess, að Loftleiðir geti nú hafið starfsemi sína upp á þá samninga, sem síðar kunna að takast.

**Forseti (SB):** Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, eru allmörg mál á dagskránni, sem nauðsyn ber til að koma áfram. Þess vegna vildi ég mælast til þess við hv. þingmenn að halda ekki uppi mjög löngum umræðum utan dagskrár. En þeim hv. þm., sem þegar hafa kvatt sér hljóðs, verður gefinn kostur á því að bera fram stuttar athugasemdir.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skal mjög fúslega verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að takmarka mál mitt.

Varðandi það mál, sem hv. 1. landsk. hreyfði hér, hvort hlutafélagið Loftleiðir mundi geta losnað úr því verkfalli, sem nú er háð, og haldið áfram sinni þjónustu, vil ég aðeins segja það, að mér virðist, að því miður hafi komið í það mál einhver stífni, svo sem nokkuð kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh.

Hæstv. viðskmrh. vildi, að því er mér heyrðist, skella skuldinni af því, að ekki hefði fengizt lausn í þessu efni, á verkalýðssamtökin eða samninganefndina. Ég er ekki nógu kunnugur gangi þessara mála til þess að geta þar um dæmt, en mér virtist þó, að þarna kæmi einmitt fram hjá hæstv. ráðh., að í þetta mál hefur því miður hlaupið of mikil stífni, e. t. v. af beggja hálfu.

Ég vil mjög taka undir það, sem hv. 1. landsk. sagði og hæstv. viðskmrh. raunar vék einnig að, að það væri mjög æskilegt, að þetta mál gæti leystst og það helzt nú þegar. Mér virðist satt að segja, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert enn sem komið er úrslitatilraun til þess að leysa þetta mál. Hygg ég, að flestir geti orðið sammála um, að þarna stendur nokkuð sérstaklega á með Loftleiðir. Hins vegar kom það fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann hefur aðeins haldið einn einasta fund um þetta mál. Þar náðist ekki samkomulag. Önnur afskipti virðist hæstv. ríkisstj. ekki hafa haft af þessu máli enn sem komið er. Mér virðist því greinilegt, að hún mundi geta gert a. m. k. aðra tilraun til þess að leysa þetta mál, og þá mætti e. t. v. vænta þess, að á því fengist æskileg lausn, sem allir gætu sæmilega við unað.

Fyrst ég kvaddi mér hljóðs, ætla ég um leið að víkja örlítið að öðru, leyfa mér að bera hér fram fsp. til hv. formanns fjhn. þessarar hv. deildar.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, fluttum við þm. Þjóðvfl. frv. til l. um lækkun verðlags. Það var lagt fram hér í hv. d., ef ég man rétt, 23. febr. s. l. og tekið til 1. umr. og vísað til hv. fjhn. tveim dögum síðar. Þetta mál snertir með vissum hætti þær viðtæku vinnudeilur, sem nú standa yfir, að því leyti að í frv. er fjallað um að koma á mjög viðtæku verðlagseftirliti, og ákvæði eru um það í frv., að alþýðusamtökin hafi meirihlutavald varðandi slíkt verðlagseftirlit. Ég vil spyrjast fyrir um það hjá hv. form. fjhn., hvort n. muni ekki sjá sér fært að skila áliti um þetta frv. hið allra fyrsta, og vil ég þá vænta þess, að hæstv. forseti taki það sem fyrst á dagskrá.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Út af þeim umræðum, sem hér hafa orðið viðvíkjandi Loftleiðum, vil ég taka það fram, að það félag er vissulega allrar samúðar maklegt og á fyllilega skilið þau fallegu ummæli, sem um það hafa verið sögð hér. En ég vil um leið minna menn á, að það er ekki vegna skorts á samúð og skilningi verkamanna, að bæði Loftleiðir, Flugfélagið, Eimskipafélag Íslands og önnur þjóðþrifafyrirtæki liggja stöðvuð núna. Það er vegna þess, að þetta er eina leiðin t. d. fyrir Dagsbrúnarmennina, sem hafa 3000 kr. til að lifa af á mánuði, til þess að fá hækkað sitt kaup. Og það er það, sem menn verða að skilja í þessu. Það er ákaflega hart og ákaflega leitt, ef í þeirri baráttu, sem stendur milli verkalýðsins annars vegar og nokkurra einokunarhringa hins vegar, sem hafa ríkisstjórnina í sínum klóm, skuli ýmis góð fyrirtæki vera í stórhættu að malast í sundur. Þetta er sá harði og grimmi veruleiki stéttabaráttunnar. Það er sorgleikur, sem við þurfum að reyna að forðast. En það er ekki til neins, þegar talað er um að reyna að forða einhverjum út úr þessum sorgleik, að ætla að skella skuld á einn aðila og segja, að verkalýðurinn og hans samtök eigi öllu að bjarga. Og það kemur úr hörðustu átt, þegar fulltrúi ríkisstj. leyfir sér að fara að deila á verkamenn og þeirra blöð í því sambandi, því að ég veit ekki til þess, að það hafi verið sýnd í verkföllum meiri tilhliðrunarsemi almennt gagnvart hagsmunum almennings en gert er í þessu verkfalli, sem nú stendur yfir. En hæstv. viðskmrh. kemur hér upp og lýsir einhliða yfir andúð sinni á umsögnum, sem fram hafi komið í blöðum verkalýðsflokkanna, og segir eins og til að fordæma það: Þannig er hin póli-

tíska barátta á Íslandi í dag. — Síðan talar hann mjög hjartnæm orð um hagsmuni þjóðarinnar. En hvað gerir hæstv. ríkisstj. og þeir, sem hún getur ráðið yfir, ef hún vill, til þess að varðveita hagsmuni þjóðarinnar í þessum efnum?

Verkalýðsfélögin hafa gert samninga við einn stóratvinnurekanda í Hafnarfirði, bæjarútgerðina, og við ýmsa smærri atvinnurekendur, hafa séð til þess, að atvinnulífið í Hafnarfirði geti gengið. Hvernig bregzt ríkisstjórnin og þeir, sem hún stendur í sambandi við og felur framkvæmd á sinni pólitík, eins og olíuhringarnir, við þessari ráðstöfun verkalýðsins og bæjarstjórnarmeirihlutans í Hafnarfirði, að reyna að tryggja gang þjóðlífsins og hagsmuni þjóðarinnar með samningunum þar? Það, sem hefur gerzt, er það, að olíuhringarnir og Vinnuveitendafélag Íslands hafa tilkynnt, að bæjarútgerðin í Hafnarfirði og bátarnir þar fái ekki olíu, að þingmaður íhaldsins fyrir Hafnarfjörð, sem á sæti í Ed., neitar að afhenda beitu. Eru þetta þjóðarhagsmunirnir, og er þetta umhyggja ríkisstj. og Vinnuveitendafélags Íslands fyrir þjóðarhagsmununum? Vill ekki hæstv. ráðh. gá þannig að, þegar hann talar hér um þessi mál, að það verði ekki tóm hræsni, sem hann segir?

Vinnuveitendafélag Íslands hefur gefið út yfirlýsingu, þar sem það tilkynnir, að þeir menn, sem semji við verkamenn, verði settir í bann. Ég veit ekki betur en að þessi tilkynning Vinnuveitendafélags Íslands sé brot á landslögum. Svo framarlega sem litið er á það sem verzlun að selja olíu og beitu, þá er það brot á öllum lögum og viðskiptavenjum viðvíkjandi verzlun að neita að selja mönnum vöru. Svo framarlega sem litið er á afhendingu þessara hluta til bæjarútgerðar Hafnarfjarðar og annarra aðila, sem semja, sem vinnu, þá er það brot á vinnulöggjöfinni hvað snertir sjö daga fyrirvara. Undir öllum kringumstæðum er þarna um að ræða ólöglegt athæfi ríkrar, voldugrar klíku í landinu, sem stendur í sambandi við ríkisstj., Vinnuveitendafélags Íslands. Og hvað er það þá, sem við þm. getum ætlað að hafi gerzt viðvíkjandi Loftleiðum, þegar við sjáum fyrir okkur, hvað það er, sem þarna er að verki í Hafnarfirði?

Það mun vera rétt, — annars er ég ekki svo vel inni í þessu máli, að ég geti treyst mér til að ræða það í einstökum atriðum, — að hjá þessu ágæta félagi hafi verið tilhneigingar til þess að semja. En þetta félag þarf að fá sitt benzín hjá olíuhringunum, ekki máske aðeins afhent, heldur líka máske að einhverju leyti lánað. Ef olíuhringarnir koma eins fram gagnvart Loftleiðum og þeir hafa komið fram gagnvart bæjarútgerð Hafnarfjarðar, þá þurfum við ekki langt að leita til þess að sjá, hvernig stendur á því, að Loftleiðir hafa ekki fengið að semja. Við þurfum ekki að leita lengra en til olíuhringanna, sem ríkisstj. sjálf ræður yfir. Það er ríkisstj., sem kaupir allt flugvélabenzín til landsins, það er ríkisstj., sem sér um allan innflutning á öllum olíum, og það er ríkisstj., sem getur látið þessa olíuhringa beygja sig. En hér kemur hæstv. ráðh. fram og segir: Verkamenn eiga að gera undanþágu. Það er þjóðarmetnaðarmál. Við skulum ekki láta einokunarhringinn Pan American Airways, við skulum ekki láta SAS, og við skulum ekki láta heldur þá aðila innanlands, sem kynnu að hafa samúð með þessum amerísku hringum, brosa.

Hvar stendur næst að höggva þá til þess að bjarga? Er ekki nær að láta olíuhringana láta undan í þessu máli? Liggur það ekki næst, og er það ekki það, sem ætti að gera, og er það ekki það, sem ríkisstj. hefur vald yfir?

Hæstv. viðskmrh. sagði, að honum hefði ekki dottið í hug að steyta hnefann, þegar fulltrúar þeirra verkalýðsfélaga, sem hann átti tal við, hefðu farið út, og ég efast ekki um það. Yfirleitt steyta menn nú ekki gjarnan hnefann nú á tímum í líku. Menn birta bara ósköp „pena“ auglýsingu í íhaldsblöðunum frá Vinnuveitendafélagi Íslands og tilkynna, að þeir menn, sem vilja hugsa um hagsmuni þjóðarinnar, gera út og annað slíkt, fái ekki olíu — og félög, sem þjóðin á mikið undir að geti haldið áfram sinni starfrækslu, eins og Loftleiðir. Það er máske ekki sagt beint í auglýsingunni, en það er sagt á bak við tjöldin: Þið fáið ekki olíu, ef þið semjið, þið fáið ekki benzín, ef þið semjið. — Ég vildi aðeins draga þessa hluti fram hér, vegna þess að ósk um undanþágu var af hálfu ráðh. beint hér einhliða til verkalýðsfélaganna. Ég vildi segja við hann: Beittu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er. Sjáðu um, að olíuhringarnir bjóði tafarlaust Loftleiðum að fá það benzín, sem þeir þurfa, jafnvel í reikning, þó að þeir semji. Og ég vil enn fremur beina því til ríkisstj., ef hún er ekki búin að því nú þegar, að sjá um, að Loftleiðir fái þau leyfi fyrir flugvélakaupum og innflutningi þeirra, sem þeir þurfa að fá.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki hægt að gera sérsamninga. Af hverju? Af því að olíuhringarnir vofi með bann þarna yfir? Er óhugsandi að kenna þeim hringum að haga sér? Við þurfum að fá það svar. Hann sagði, að sá aðili, sem ekki léti undan í þessu máli, yrði dæmdur hart. Það fer eftir því, hver menn álíta að hafi verið harðvítugastur í þessum efnum. Það sem af er komið þessari deilu, eru það verkalýðsfélögin, sem hafa sýnt tilhliðrunarsemi. Þá eru það verkalýðsfélögin, sem hafa reynt að bjarga hagsmunum þjóðarinnar. En milljónamæringaklíkan í Vinnuveitendafélagi Íslands sýnir slíkan yfirgang í þessari deilu sem hún hefur aldrei sýnt áður á Íslandi. Og framlag hæstv. ríkisstj. til lausnar á deilunni er það eitt að leggja fram kröfur um, að allir hálaunamenn ríkisins fái sömu laun og fátækir Dagsbrúnarmenn geti náð út úr þessari deilu, og stöðva allar samningatilraunir á þeim spursmálum. Ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði verið nær að reyna að koma á sáttum í vinnudeilum yfirleitt undanfarna daga og leysa þar með Loftleiðir líka heldur en að ganga í lið með Vinnuveitendafélagi Íslands og olíuhringunum í þeirri harðneskju, sem þau eru nú að beita þjóðina.

Ég segi þetta vegna þess, að hæstv. ráðh. gaf tilefni til þess, að svarað yrði fullum hálsi því, sem hann kom hér fram með. Hins vegar vil ég segja það frá mínu persónulega sjónarmiði, að ég efast ekki um, að það sé líka sjónar-

mið verkalýðsfélaganna, að þau vilja gjarnan reyna að bjarga Loftleiðum í þessum málum. En það verður ekki bjargað í svo harðvítugri baráttu sem hér stendur nú öðruvísi en hlíðrað sé til á báða bóga. Það er ekki til neins að heimta neina einhliða undanþágu, einhliða uppgjör af hálfu verkalýðsfélaganna, en standa með olíuhringunum í þeirra fantaskap gagnvart þjóðinni. Ég veit, að það var kosin nefnd af hálfu þeirra félaga, sem þarna eiga hluta að máli, í gær, tveir menn frá hvoru þeirra félaga, sem þarna hafa með að gera, til þess að reyna samninga um þessi mál. Og ég held, að það hafi verið mjög óhyggilegt, ef hæstv. flugmrh. hefði einhvern áhuga fyrir að leysa þetta mál, að tala eins og hann gerði hér áðan og gera hér á Alþ. kröfur til verkalýðsfélaganna um einhliða undanþágur, á sama tíma sem ríkisstj. lætur það viðgangast, að olíuhringarnir, sem eru skjólstæðingar hennar, traðki á hagsmunum landsmanna, sýni sig að lögbrotum og ósvífni, kúgi félög eins og Loftleiðir og reyni að brjóta bæjarútgerð Hafnarfjarðar og atvinnurekendur Hafnarfjarðar á bak aftur. Þess vegna held ég, að það hefði verið betur farið, ef hæstv. ríkisstj. hefði haft einhvern áhuga á að reyna að bjarga Loftleiðum í þessu máli, að hún hefði setið fund með þeim samninganefndum, sem stjórnir verkalýðsfélaganna eða verkalýðsfélögin, sem með þetta hafa að gera, hafa þegar kosið, að hún legði fram að sínu leyti allan þann þrýsting, sem ég veit ósköp vel að hún getur, ef hún vill beita honum, lagt á, að olíuhringarnir láti undan í þessu máli. Það er ekki til einhliða lausn á svona málefni, og það er ekki til neins að ætla að gera þetta mál að pólitísku æsingamáli á móti verkalýðshreyfingunni. Slík tilraun frá hálfu hæstv. ráðh. mun snúast upp í það, að olíuhringarnir verða dæmdir í þessu máli og þeirra frekja og yfirgangur í skjóli ríkisstj. Þess vegna held ég, að það sé ekki hyggilegt, eins og hæstv. ráðh. hefur gert, að hleypa pólitískri hörku í þetta mál. Þetta er mál, sem við þurfum að sameinast um að reyna að bjarga, án þess að ætla að nota það til ávinnings í stéttabaráttunni fyrir annan aðilann. Verkalýðsfélögin eru búin að sýna það mikla tilhliðrunarsemi í þessum málum, að það er sannarlega tími til kominn, að þeir aðilar, sem alltaf eru að færa sig upp á skaftið, eins og sést hvernig olíuhringarnir nú eru að gera, taki að sýna nokkra tilhliðrunarsemi líka, ekki síst þegar þjóðarhagsmunir og þjóðarsómi eru í veði. En ég veit hins vegar ekki, hvenær olíuhringarnir hafa hugsað um það tvennt.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Mín athugasemd getur vissulega verið stutt. Ég get tekið undir það með öðrum hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan, að það var vissulega um nokkra sérstöðu að ræða hvað viðvíkur þessum atvinnurekanda, Loftleiðum, og að sjálfsögðu ber að taka ákveðið tillit til þess. Hins vegar vildi ég skýra örlítið nánar það, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) benti á hér áðan.

Eins og málum er komið, hafa Flugvirkjafélagið og Félag íslenzkra atvinnuflugmanna kosið sína 2 menninа hvort til þess að ræða þessi mál ásamt 2 fulltrúum frá samninganefnd verkalýðsfélaganna og fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Hins vegar mun vera á *misskilningi byggð* sú ályktun hæstv. flugmrh. hér áðan, að félagsfundir flugvirkja og flugmanna hafi áður samþykkt fyrir sitt leyti að veita þessa undanþágu. Það mun hafa verið látið í það skína af fulltrúum þeim, sem hann sat fundi með á sínum tíma, að til þessara hluta gæti komið, en þó með því skilyrði, að alþýðusamtökin og þau verkalýðsfélög önnur, sem bundizt hefði verið samtökum við, veittu leyfi til þess. Þann sama dag sem hæstv. flugmrh. átti áður nefndan fund með deiluaðilum, var haldinn fundur í samninganefnd verkalýðsfélaganna, þar sem þessi mál voru tekin fyrir og ákveðið að standa við fyrri afstöðu um að bjóða Loftleiðum upp á sömu býti og öðrum vinnuveitendum í landinu, sem þegar höfðu samið og gert samninga við verkalýðsfélögin um fullar kröfur þeirra. Samninganefnd verkalýðsfélaganna sá sér ekki annað fært, eins og málin stóðu þá, nema reynt væri, hvað ríkisstj. hefði til málanna að leggja og hvað hún vildi til vinna, að málið leystist, að hún gengi af sinni hálfu til móts við verkalýðsfélögin í þessu mikla vandamáli, sem enga greinir á um að leysa þurfi. En hún vildi fá að vita jafnframt, hverjar væru fórnir af hálfu atvinnurekenda og þá sér í lagi ríkisstj., sem hafði í þessu tilfelli mjög góða aðstöðu til þess að beita áhrifum sínum í þá átt. Af eðlilegum ástæðum bera forráðamenn Loftleiða nokkurn kvíðboga fyrir því, að ef samið yrði upp á fullar kröfur verkalýðsfélaganna, mundu olíuhringarnir og Vinnuveitendasambandið beita sínum áhrifum til þess, að stöðvunin væri í gildi eftir sem áður, þ. e. a. s. með verkbanni. Og á þetta benti hv. 2. þm. Reykv. mjög skilmerkilega hér áðan, og ég er þess fullviss eftir þær viðræður, sem fram hafa farið í samninganefnd verkalýðsfélaganna við þessa deiluaðila, að það stendur ekki á því, að samningar verði gerðir, heldur hvað þessir samningar mundu fela í sér. Þau atriði, sem samningarnir fælu í sér, væru e. t. v. þau atriði, sem Vinnuveitendasambandið mundi gera athugasemdir við, en ekki sérstaklega samningana sjálfa. Að samningar væru sérstaklega gerðir, mundi Vinnuveitendasambandið ekki geta sett sig upp á móti. En það mundi áreiðanlega setja sig upp á móti ákveðnum hlutum, sem þar yrðu, eins og t. d. að gengið væri að fullum kröfum verkalýðsfélaganna. Og Vinnuveitendasambandið mundi í krafti sinna samtaka á þeim forsendum banna olíufélögunum að afgreiða nauðsynlegt benzín til Loftleiða.

Þessi fundur, sem ég minntist á að ætti að halda í dag með deiluaðilum ásamt fulltrúum úr samninganefnd verkalýðsfélaganna og tveim fulltrúum frá vinnuveitendum, mun nú vera að hefjast, og er það áreiðanlega sameiginleg ósk okkar allra, sem þar verðum, að viðunandi lausn geti fengizt í þessum málum. Ég vil þó ítreka það, sem hefur komið fram hér í umræðunum á undan, að vel er þess vert, að stutt sé á þjóðhollustu og þegnskap annarra aðila í þessari deilu en einungis verkalýðsfélaganna.

Og ég held, að enginn sá maður, sem vill raunhæft hugsa um þessi mál, hvernig þau hafi borið að til þessa, geti ásakað verkalýðssamtökin um, að þau hafi ekki sýnt fullan þegnskap í þeirri deilu, það sem af henni er. Ég vil því eindregið mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún reyni að beita áhrifum sínum til vinnuveitendasamtakanna á þann hátt, að samningar mættu takast og Loftleiðir gætu á ný hafið starfsemi sína, sem við erum allir sammála um að sé mjög nauðsynlegt og félaginu lífsskilyrði.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er ekkert undarlegt, þó að mönnum finnist það vera nokkuð auðvelt að verða við beiðni um undanþágu, ef hægt sé að skjóta stoðum sanngirni undir þá beiðni. En bara í morgun, frá því að ég lauk setu á fundi fjvn. og þangað til ég fór til miðdegisverðar, munu hafa legið fyrir mér milli 10 og 20 undanþágubeiðnir í einu og öðru formi frá reglum verkfallsins. Og þegar við erum „bombarderaðir" með slíkum sífelldum beiðnum frá morgni til kvölds alla daga síðan verkfallið hófst, gerist nokkuð erfitt fyrir verkfallsmenn að veita allar undanþágur, sem beðið er um, þó að góðum og gildum ástæðum séu studdar. Það var nú fyrir nokkrum mínútum verið að biðja um undanþágu fyrir því að senda flugvél og fá hana afgreidda með benzín hérna af flugvellinum til þess að fara vestur í Reykjanes til að sækja nemendur, þar sem einum skóla er lokið og annar skóli á að taka til starfa á morgun o. s. frv. Undanþágurnar eru svo margar, að það þyrfti í raun og veru að hafa benzínafgreiðslumenn t. d. á Reykjavíkurflugvelli til þess að afgreiða undanþágubenzín vegna ýmiss konar nauðsynja, sem kalla að og æskilegt væri að geta orðið við. Og hér er til umr. utan dagskrár einmitt undanþágubeiðni, sem mönnum finnst sumum hverjum, jafnvel hérna í ráðherrastólunum, ekki nema meinsemi af verkalýðsfélögunum að samþykkja ekki. Það er góður aðili, sem þar á hlut að máli, Loftleiðir, sem heldur uppi flugi milli Evrópuhafna og Ameríku, en þarf að hafa vegna flugferðasamnings síns viðkomu á Íslandi.

Rétt um það leyti, sem verkfallið hófst, var flugvél frá Loftleiðum á leið hér um Reykjavíkurflugvöll vestur um haf. Hún fór sína leið, þó að allt væri í óvissu um það, hvernig hún kæmist til baka aftur austur yfir haf til Noregs. Það hefur verið á allra fyrstu dögum verkfallsins, sem þá kom undanþágubeiðni frá Loftleiðum um það, að þessi flugvél gæti komizt aftur austur yfir haf og fengið viðkomu hér á Reykjavíkurflugvelli og afgreitt benzín, það væri búið að tilkynna áður, að þessi flugferð mundi falla að vestan, og farþegar væru nú reiðubúnir til að stíga upp í þessa flugvél Loftleiða, en ef Alþýðusambandið neitaði um þessa undanþágu, þá yrðu þessir farþegar að snúa sér beint til keppinautar síns, SAS, og taka sér flugfar þar austur um haf. Þessi undanþágubeiðni var veitt. Það voru gerðar ráðstafanir til þess, að benzínafgreiðslumenn á Reykjavíkurflugvelli afgreiddu þessa flugvél með benzín, og hún fékk tilkynningu um það, að hún fengi þannig undanþágu frá verkfallsmönnum til þess að fara sína leið frá Ameríku og til Noregs.

Við höfum líka afgreitt aðra undanþágu frá Loftleiðum um það, hvort þetta millilandaflug félagsins gæti haldið áfram, ef félagið gæti gert ráðstafanir til, að það flygi um Prestwick, en ekki um Ísland. Alþýðusambandið hafði afgreitt þá beiðni á þann hátt, að verkfallið mundi ekki láta sig það neinu skipta, ef flugfélagið gæti haldið uppi þessu millilandaflugi á þann veg. En þegar flugfélagið sjálft fór að athuga nánar framkvæmdamöguleika á þessu, þá kom í ljós, að SAS sat um færi til þess að stefna félaginu, ef það héldi uppi flugferðum í þessu formi, þar sem það hefði aðeins flugferðaleyfi bundið við viðkomu á Íslandi. Það sem sé hafa þannig verið veittar tvær undanþágur að því er snertir Loftleiðir, og ætla ég, að það eigi að nægja hv. þm. til þess að dæma um það, að gerðir Alþýðusambandsins og verkalýðsfélaganna, sem í verkfalli eiga, hafa ekki stjórnazt af hatri til Loftleiða eða vilja til þess að drepa félagið.

Þegar við höfðum veitt þessar tvær undanþágur, sem ég hef nú getið um, þá er það sannast sagna, að félagið sá, að tilveru þess mundi verða hætt, ef verkfallið drægist á langinn og það yrði að fella niður flugferðir um langan tíma, viðskiptamenn mundu snúa sér til höfuðkeppinauts þess á báðum endastöðvunum, og það gæti tekið félagið langan tíma að vinna upp þau viðskipti aftur, sem það er nú búið að vinna upp með ærnum tilkostnaði. Það skorti engan skilning af hendi Alþýðusambandsins og verkalýðsfélaganna í sambandi við það, að það gæti valdið lífi eða dauða Loftleiða að leggja niður flug lengri eða skemmri tíma. Og þá var það, sem mjög var eftir því gengið, hvort það væri engin leið, að Loftleiðir gætu þá samið og þannig tryggt ótruflaðan rekstur sinn að því er snerti millilandaflugið, og ég verð að segja það, að ég stóð á tímabili í þeirri meiningu, að það mundi vera eina lausnin á þessu, að Loftleiðir semdu og það mjög fljótlega með einhverjum hætti. Þá mun hafa verið fundur með hæstv. flugmrh., og ég verð að segja það, að eftir að sá fundur hafði verið haldinn, tel ég að hafi orðið veðrabrigði í þessu máli. Ég tel, að þá hafi forráðamenn Loftleiða sannfærzt um með einhverjum hætti, annaðhvort af beinum ummælum eða á annan hátt, að þeim yrðu ekki göturnar greiðar til að halda millilandafluginu áfram, þó að þeir semdu við alþýðusamtökin. Einhvern veginn mun þeim hafa skilizt það.

Ég hlustaði svo á nokkurn hluta af ræðu hæstv. ráðh. áðan, og þá sagði hann: Ja, einhverjir mundu segja: Það er auðvelt að leysa þetta, það er bara með því, að flugfélagið Loftleiðir semji. En það þýðir ekki, sagði hann. Af hverju þýðir það ekki? Væru ekki flugmöguleikar félagsins milli landa tryggðir, ef það hefði samið við verkalýðsfélögin, sem eiga nú í verkfalli? Það eru tvö stéttarfélög þarna, sem er um að ræða, félag atvinnuflugmannanna og félag flugvirkjanna, sem eiga í verkfalli og eiga ekki gott með að ganga út úr þeim samtökum,

sem þau eru í, í framkvæmd verkfalls, sem þau hafa byrjað, fyrr en samningum þeirra er lokið. Það er ekkert auðvelt mál fyrir þau.

En af hverju þýðir það ekki, hæstv. ráðh., ef félagið fær samninga? Er þá einhver stöðvun að fengnum samningum? Mundi ekki hæstv. ríkisstj. geta fengið það tryggt, að félagið fengi benzín? Ef það væri búið að semja, þá væri a. m. k. séð um það af verkalýðsfélaganna hendi, að benzín yrði afgreitt. Þá er bara spurningin hin: Mundi ekki ríkisvaldið vera þess megnugt að sjá um, að olíufélögin með einhverjum hætti létu þennan aðila, sem er í millilandaþjónustu, nauðsynlegri og þýðingarmikilli, fá benzín? Ég trúi ekki öðru.

Ég held þess vegna, að það hljóti að vera á valdi ríkisstj. að tryggja það, að flugfélagið Loftleiðir lifi og að flugfélagið Loftleiðir haldi áfram þessu millilandaflugi, svo framarlega sem það á þess kost, að það leysi sig út úr deilunni með samningum í einhverri mynd. Ég eygi þennan möguleika. Hæstv. ráðh. virðist hins vegar ekki eygja neinn annan möguleika en að alþýðusamtökin geri enn þá undanþágu.

Ráðh. sagði einnig, að hér væri um deiluatriði að ræða, sem hefði ekki nein áhrif á lausn deilunnar. E. t. v. hafa öll atriði, sem við deiluna koma, áhrif á lausn hennar. Mér er sagt, að það liggi t. d. fyrir yfirlýsing frá Vinnuveitendasambandi Íslands um, að það geti vel sætt sig við, að það yrði samið sérstaklega við Loftleiðir, ef ekki verður nein grunnkaupshækkun, ef það verður ekki samið um neina lagfæringu á kaupi. M. ö. o.: Vinnuveitendasamband Íslands virðist líta svo á, að þetta atriði deilunnar hafi þýðingu fyrir lausn deilunnar, og setur bara upp það smávægilega skilyrði, að það geti samþykkt samninga, ef bara verði ekki hækkun á grunnkaupi.

Ég álít, að það hljóti að vera hægt að ganga frá samningum í dag eins og á morgun við þennan aðila, og ég tel, að það sé betur farið um hvern þann aðila, sem getur leyst sig út úr deilunni með samningum og fengið að halda rekstri sínum ótruflað áfram. Það er við nóg að glíma samt.

En nú er málið í höndum tiltölulega fámennrar nefndar, eins og hér hefur verið upplýst, tveggja manna frá hvorum aðila, tveggja frá samninganefnd verkalýðsfélaganna og tveggja frá hvoru félagi, sem um er að ræða. Og það er ætlun þeirrar nefndar að reyna að leysa þetta mál, annaðhvort með bráðabirgðasamningum eða endanlegum samningum eða einhverjum samkomulagsleiðum. Það er enginn vafi á því, að allir nefndarmenn eru af öllum vilja gerðir um það. En samt er engan veginn víst, að þetta takist, nema með því að gengið verði frá samningum og ríkisvaldið tryggi síðan, að framkvæmd þeirra samninga verði ekki hindruð.

Það er kannske ekki auðskilið mál fyrir allan almenning og fyrir hv. þm., að það er ekki gott að koma því, að haldið er uppi verkfalli, sem þegar hefur staðið hátt á aðra viku og er farið að harðna frá hendi beggja aðila, saman við það að gefa tugi af alls konar undanþágum hvern einasta dag. Þegar fer að harðna í verkfalli, þá fer það að verða undanþágulítið, og þá verða jafnvel fleiri og fleiri atriði, sem tekin eru inn í verkfallið, og erfiðara að leysa hvert einstakt atriði út úr deilunni. Það vænti ég að menn verði að skilja.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Hv. 3. landsk. sagði hér áðan, að það lægju fyrir tugir af undanþágubeiðnum. Ég trúi því, að hann segi þetta satt, en ég trúi því ekki, að undanþágubeiðni Loftleiða sé ekki alveg sérstæð og að henni sé allt öðruvísi varið en öðrum beiðnum, sem fyrir liggja hjá verkfallsstjórninni. Hv. þm. nefndi hér t. d. eina beiðni áðan, þar sem farið var fram á, að flugvél væri send vestur í Reykjanesskóla til þess að sækja nemendur. Er hægt að bera þetta saman við undanþágubeiðni Loftleiða, sem fer einungis fram á að fá undanþágu til þess að fljúga með útlendinga og aðeins að lenda hér á Reykjavíkurflugvelli í því skyni? Annars verð ég að segja það, að málafærsla hv. 3. landsk., hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og að nokkru levti hv. 7. landsk. (EggÞ) er harla einkennileg og þeir horfa ekki nema í aðra áttina. Það er enginn vandi að leysa þetta mál, segja þeir, aðeins með því að semja, ganga að öllum kröfum, sem lagðar eru fram af hendi verkalýðsfélaganna, þá munu verkalýðsfélögin þola það, þótt Loftleiðir fari þegar af stað.

Í fyrri ræðu minni áðan varaðist ég að leggja nokkurn dóm á þessa deilu, sem er milli launþeganna og atvinnurekendanna. Ég lagði hins vegar áherzlu á, að þetta mál væri leyst með undanþágu vegna þess, að það hefði sérstöðu, þetta væri að mestu leyti utanríkismál og að það væru ekki aðeins hagsmunir Íslands, sem væru hér að veði, heldur einnig þjóðarsómi, og ég held, að það sé hyggilegast fyrir okkur að viðurkenna staðreyndir og að hér eru tveir aðilar, sem deila. Annars vegar eru verkalýðssamtökin, Alþýðusambandið. Hins vegar eru atvinnurekendur, sem einnig hafa með sér samtök, og Loftleiðir eru í þessum samtökum, og vitanlega mundi það verða mjög illa séð hjá atvinnurekendum, ef þeir skæru sig úr og gerðu sérsamninga, — eða hvað mundi hv. 3. landsk. segja, ef nokkrir verkamenn tækju sig til og byrjuðu að vinna upp á óbreytt kaup, meðan á vinnudeilunni stendur? Mundi hann ekki líta óhýru auga til þessara manna og segja, að þeir væru verkfallsbrjótar? Mundi hann ekki segja, að þeir verðskulduðu refsingu í staðinn fyrir samúð og hjálpsemi? Ég býst við því. Þetta eru staðreyndirnar, að hér eru tvenns konar hagsmunasamtök að deila. Það eru verkalýðsfélögin, það eru atvinnurekendurnir. Og ég ætla aftur að segja: Loftleiðir hafa sérstöðu. Þess vegna eiga Loftleiðir að fá undanþágu og vinna upp á væntanlega samninga. Það hefur verið sagt hér, að félög vélvirkja og flugmanna hafi ekki samþykkt það formlega á fundum að óska eftir undanþágunni. Hitt er eigi að síður vitað, að þeir óska eftir því að fá undanþágu og vinna upp á væntanlega samninga og að það stendur ekki á þeim í þessu efni.

Hv. 7. landsk. var hér að tala áðan um, að það væri aðeins farið hér fram á, að verkamenn færðu

fórnir. Það er ekki farið fram á, að verkamenn færi neinar fórnir í þessu efni, vegna þess að það vita allir, að þótt undanþága verði veitt, þá veikir það ekkert aðstöðu verkamanna í þeirri baráttu, sem þeir eiga í.

Hv. 3. landsk. sagði hér áðan, að vísu nokkuð lævíslega, að á einhvern hátt hafi aðstaða Loftleiða breytzt, eftir að fundurinn var haldinn með flugmrh. Hann gaf í skyn eins og hv. 2. þm. Reykv., að Loftleiðir hafi verið tilbúnar til þess að semja, áður en þessi fundur var haldinn. Ég segi nú: Það þarf töluverða dirfsku til þess að koma hér upp í hv. Alþ. og halda þessu fram, eftir að Loftleiðir hafa margsinnis gefið skýrslu um þetta mál, sem gengur í allt aðra átt. Það er í rauninni óþarft að ræða öllu meira um þetta. Við segjum allir: Loftleiðir eiga samúð skilið. Það vill enginn kippa fótunum undan þessu fyrirtæki, sem hefur hafið brautryðjendastarf. Þetta segjum við allir. En svo erum við hér að deila um það, hverjum það sé að kenna, að félagið fær ekki að hefja starfsemi sína núna í verkfallinu. Enginn hefur fært rök fyrir því, að þótt félagið fengi undanþágu, spillti það fyrir gangi verkfallsins. Hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. hafa ekki reynt að færa rök fyrir því, að aðstaða verkamanna í verkfallinu versnaði, þótt þessi undanþága væri veitt. Og ég skil þá vel, að þeir reyni þetta ekki, vegna þess að það er ekki hægt að benda á það. Það þýðir þess vegna ekki að vera að tala um það, að það sé verið að fara fram á, að verkamenn færi fórnir, þótt þetta sé gert. Það færir enginn fórnir við það, hvorki atvinnurekendur né verkamenn.

Það er einnig tilgangslaust fyrir hv. 2. þm. Reykv. að vera að tala um, að það standi á olíufélögunum í þessu efni, vegna þess að olíufélögin eru reiðubúin að afgreiða benzín á vélarnar, ef undanþágan er veitt. (**EOl:** Líka, ef samið er?) Líka ef samið er, segir hann. Þarna rataðist honum það á munn, sem hann alltaf hugsar. Það er þetta einkennilega: Ef þú vilt ganga að öllum mínum kröfum, þá mátt þú vera frjáls á eftir. Það er deila á milli tveggja sterkra aðila í landinu í dag. Það er ósköp fáfengilegt að gleyma því og játa ekki staðreyndir. Það sýnir, hvað málstaður hv. 2. þm. Reykv. er veikur, að hann skuli grípa til slíkrar fjarstæðu, og hv. alþm. og þeir, sem hér hlusta á þessar umr., munu sjá í gegnum þennan blekkingavef. Ég veit, að það er enginn svo heimskur hér inni, að hann sjái ekki, hvað hér er á ferðinni.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að segja í þessu. Ég vil aðeins biðja hv. þingmenn og aðra, sem heyra mál mitt, að hugleiða þetta mál í ró. Hafa ekki allir kynnt sér skýrslu Loftleiða? Hafa ekki allir gert sér ljóst, hvað það er, sem Loftleiðir hafa farið fram á? Hafa ekki allir gert sér ljóst, að flugmenn og flugvirkjar hjá Loftleiðum eru tilbúnir að fljúga flugvélunum, ef þeir fá að gera það upp á væntanlega samninga? Hafa ekki allir gert sér ljóst, að þótt þessi undanþága sé veitt, þá breytir það engu gangi verkfallsins og spillir ekkert fyrir verkalýðsfélögunum að ná sínu fram? Og hafa þá ekki allir gert sér ljóst, að þeir, sem standa í vegi fyrir því, að þessi undanþága sé gefin, gera það af misskilningi, af stífni, af þrjózku, vegna þess að þeir ímynda sér, að með því að steyta hnefann og játa ekki staðreyndir geri þeir sig eitthvað stóra og sterka í augum alþjóðar? En ef þannig á að halda á málunum, þá er ég hræddur um, að höggið sé reitt of hátt. Ég vil hins vegar segja það, að hv. 3. landsk. virtist hér áðan hafa vilja til þess að vera sanngjarn. Hann minntist hér á fund, sem nefnd verkalýðsfélaganna er um það bil að hefja til umræðu um þetta mál, og ég vil nú vænta þess, að hv. 3. landsk. beiti nú áhrifum sínum við þessa n. sem formaður Alþýðusambandsins til þess að leysa þetta mál, því að það heyrði ég á honum, að hann vill undir niðri, að málið verði leyst.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. flugmrh. fyrir að hafa svarað þeirri fyrirspurn, sem ég bar fram í fundarbyrjun, og jafnframt fyrir að hafa tekið vel þeim tilmælum mínum að eiga sinn hlut að því, að þessi viðkvæma deila megi leysast á farsælan hátt. Ég vil enn fremur lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að allir ræðumenn, sem talað hafa, hafa tekið undir þá skoðun, sem ég setti fram í upphaflegri fyrirspurn minni, að brýna þjóðhagslega nauðsyn beri til, að þessi deila, að því er Loftleiðir snertir, verði leyst með einhverjum hætti.

Í þessum umræðum hafa tekið þátt forseti Alþýðusambandsins, formaður þingflokks Sósfl., formaður þingflokks Þjóðvfl. og hv. 7. landsk. þm. (EggÞ), sem á sæti í samninganefnd verkalýðsfélaganna. Í ræðum allra þessara manna og enn fremur í ræðu hæstv. flugmrh. hefur komið fram sú eindregna skoðun, að það sé sérstök og óvenjuleg ástæða til þess, að þetta mál verði að fá einhverja lausn, og ég trúi ekki öðru, þegar allir þessir aðilar eru á einu máli um, að hér sé sérstakt vandamál á ferðinni, en að þá hljóti lausn á því að finnast.

Hv. 2. þm. Reykv. tók þannig til orða, að hér væri um vandamál að ræða, sem nauðsynlegt væri að við sameinuðumst um að leysa. Undir þetta vil ég taka alveg sérstaklega.

Ég hygg, að nú sé ekki tími til þess að deila um, hver beri ábyrgð á því, að hnúturinn hefur ekki enn verið leystur, heldur sé nú tími kominn til þess að setjast að samningaborði með því hugarfari, sem hefur einkennt þessar umræður, og leysa vandann. Það er áreiðanlega ósk þjóðarinnar allrar, að þannig verði að farið.

Núna mun standa yfir samningafundur milli þeirra undirnefnda, sem settar hafa verið í málið. Ef þeir menn, sem látið hafa skoðun sína í ljós hér á þessum stað, vilja beita áhrifum sínum á þann hátt, er einkennt hefur þessar umræður, þá efa ég ekki, að jafnvel þessum degi getur lokið þannig, að lausn finnist á málinu. Ég treysti því, að hæstv. flugmrh. fylgist með því, sem fram fer á þessu sviði, og ef nauðsyn ber til, grípi inn í samningaviðræðurnar þannig, að báðir aðilar hliðri til að einhverju leyti, því að á því verður væntanlega sanngjörn og skynsamleg lausn að byggjast.

Á 23. fundi í Sþ., 20. apríl, utan dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Ég vildi leyfa mér að bera fram eina fsp. til hæstv. forseta. — Þann 17. marz tók þingflokkur Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins, á móti bréfi undirrituðu af hæstv. forsetum þingsins, Sþ., Ed. og Nd. Því bréfi fylgdi allmikið bréf frá ríkisstj., frá hæstv. utanrrh., og með því nokkur fylgibréf frá sendiherra Íslands í Sovétríkjunum, þar sem m. a. var yfirlýsing frá æðsta ráði Sovétríkjanna. Forsetar þingsins kváðust hafa sent öll þessi plögg til þingflokkanna og óskað eftir svari sem fyrst, og þann 22. marz svaraði þingflokkur okkar sósíalista á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkur Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins, hefur tekið heiðrað bréf yðar, dags. 17. marz, til umræðu og samþykkt að svara því á þessa leið:

Þingflokkurinn álítur, að Alþingi beri að fagna þeirri yfirlýsingu æðsta ráðs Sovétríkjanna, sem fylgdi með bréfi yðar, og frumkvæði þess ráðs um, að löggjafarþing þjóðanna komi á samvinnu sín á milli um að efla frið og vinsamlega sambúð þjóðanna.

Álítur þingflokkurinn rétt, að Alþ. sendi æðsta ráði Sovétríkjanna slíkt svar og tjái sig reiðubúið til að skiptast á þingmannasendinefndum við Sovétríkin. Teljum vér æskilegt, að fulltrúar þingflokkanna fái hið fyrsta að mæta á fundum með forsetum Alþingis til þess að ræða svar Alþingis við orðsendingu æðsta ráðsins og nánara fyrirkomulag á sendingu íslenzkrar þingmannanefndar og boð sovétþingmanna hingað.

Virðingarfyllst.“
(Undirskriftir.)

Nú er upp undir mánuður liðinn síðan þetta svar var sent, og við höfum enn þá ekki fengið neitt svar við þessum tilmælum okkar, og ég vildi nú beina þeirri fsp. til hæstv. forseta, hvort aðrir þingflokkar séu þegar búnir að svara og hvort ekki mætti búast við, að fulltrúar þingflokkanna gætu sem fyrst mætt til þess að ræða um, hvernig Alþ. bregzt við þeirri málaleitan, sem okkur þarna barst. Það fer vafalaust brátt að líða að þinglokum, og væri þess vegna æskilegt, að við gætum í tæka tíð borið saman ráð okkar um, hvernig ætti að svara þessu vinsamlega boði.

**Forseti (JörB):** Eins og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vitnaði til um bréf það, er forsetar sendu þingflokkunum, óskuðum við eftir svörum af hálfu flokkanna við þessu erindi. Frá þremur flokkum hafa borizt svör, en það vantar svör frá tveimur flokkum.

Ég vil nú mega vænta þess, að það geti fljótlega orðið, að svör af hálfu þeirra, sem vantar enn þá, berist, og ég mun fyrir mitt leyti minnast á það við formenn þingflokkanna, að þeir beiti sér fyrir því.

## V. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., utan dagskrár, mælti

**forseti (SB):** Ég vildi leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. nefnda þd., að þær leggi áherzlu á það að afgreiða eins fljótt og kostur er á þau mál, sem til þeirra hefur verið vísað. Vil ég leyfa mér að lesa upp lista yfir þau mál, sem vísað hefur verið til hverrar einstakrar nefndar.

Til allshn. hefur verið vísað og eru enn óafgreidd: 1) Ríkisborgararéttur, frv. 2) Bifreiðalög, frv. 3) Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv. 4) Kosningar til Alþingis, frv. 5) Útsvör, frv.

Hjá fjhn. eru: 1) Brúagjald af benzíni, frv. 2) Áburðarverksmiðja, frv. 3) Tollskrá, frv. 4) Togarasmíði innanlands o. fl., frv. 5) Atvinnuframkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga, frv. 6) Olíueinkasala, frv. 7) Atvinnujöfnun, frv. 8) Tekjuskattur og eignarskattur, frv.

Hjá heilbr.- og félmn. eru eftirtalin mál: 1) Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, frv. 2) Sömu laun karla og kvenna, frv. 3) Orlof, frv. 4) Orlof, frv. 5) Framfærslulög, frv. 6) Byggingarsjóður kauptúna, frv.

Hjá hv. iðnn. eru: 1) Iðnaðarmálastofnun Íslands, frv. 2) Brotajárn, frv. 3) Iðnlánasjóður, frv.

Hjá hv. menntmn. eru: 1) Prófessorsembætti við læknadeild háskólans, frv. 2) Félagsheimili, frv. 3) Menntun kennara, frv. 4) Gagnfræðanám, frv. 5) Útvarpsrekstur ríkisins, frv.

Hjá samgmn. eru: 1) Vegalög, frv. 2) Gistihús á Þingvöllum, þáltill.

Hjá sjútvn. eru: 1) Aðstoð við togaraútgerðina, frv. 2) Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 3) Hvíldartími háseta, frv. 4) Fiskveiðalandhelgi Íslands, frv. 5) Togaraútgerð ríkisins, frv. 6) Aðstoð við togaraútgerðina, þáltill.

Ég endurtek tilmæli mín til hv. þingnefnda um að afgreiða þessi mál hið fyrsta.

---

Á 26. fundi í Sþ., 13. des., utan dagskrár, mælti

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Einhvern fyrstu daga þingsins bárum við Alþýðuflokksmenn fram till. til þál. á þskj. 17 um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna. Skömmu síðar var ákveðin ein umr. um þessa till., en síðan hefur hún ekki komið til meðferðar í þinginu. Nú er fast liðið að jólafríi, og ég hef heyrt sagt, að þing komi ekki saman aftur fyrr en í febr., og vildi því mjög eindregið mega mælast til þess, að hæstv. forseti sæi sér fært að taka þessa till. til umr., áður en jólafríið hefst.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. hefur minnt hér á það, að till. þeirra Alþýðuflokksmanna um endurskoðun varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna hefur ekki komið á dagskrá nú mjög lengi. Ég vil einnig að gefnu tilefni minna á það, að við þjóðvarnarmenn fluttum í þingbyrjun þáltill. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og

Bandaríkjanna, og er hún á þskj. 29. Hún mun hafa komið á dagskrá aðeins einu sinni, skömmu eftir að hún var lögð fram, og var þá ákveðið, hvernig ræða skyldi. Síðan hygg ég að þessi till. hafi ekki verið á dagskrá. En ég vil nú beina því til hæstv. forseta, hvort hann muni ekki sjá sér fært að taka hana á dagskrá, áður en þingi verður frestað nú fyrir jól.

**Forseti (JörB):** Till. hv. 4. þm. Reykv. og fleiri mun hafa komið nokkrum sinnum fyrst á dagskrá, en ekki verið tekin til meðferðar. Hið sama mun gilda um till. hv. 8. þm. Reykv., nema það má vera, að hún hafi nú ekki komið eins oft á dagskrá.

Í byrjun þingsins urðu nokkrar umr. um þau mál, sem þessar till. fjalla um, og síðan þær umr. og upplýsingar, sem þá voru gefnar, fóru fram, hef ég ekki tekið þessar till. á dagskrá. En þar sem hv. flm. þeirra óska eftir því, að þær verði nú teknar á dagskrá, þá er sjálfsagt að íhuga það, og ég mun verða við þeim tilmælum. Hinu get ég vitaskuld ekki lofað fyrir fram, hvenær þær fá afgreiðslu, því að það stendur ekki nema máske að litlu leyti í mínu valdi, hvenær þær verða afgreiddar frá þinginu. En ég skal sjá til þess, að þessar till. komi á dagskrá.

---

Á 42. fundi í Nd., 8. febr., utan dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Bæði er það nú, að *mér sýnast dagskrárnar hjá okkur fara* að gerast nokkuð fátæklegar, og svo hitt, að ég er orðinn nokkuð langeygur eftir afgreiðslu nefnda á sumum þeim frv., sem ég hef átt þátt í að flytja hér í þinginu, og þess vegna vil ég nú beina því til hæstv. forseta, að hann reki nokkuð ýtarlega á eftir þeim nefndum, sem enn þá liggja á frv. án þess að afgreiða þau, og fari ella að taka slík frv. á dagskrá, án þess að nefndirnar afgreiddu þau.

Ég vil þar sérstaklega tilnefna tvö frv., sem ég hef flutt. Annað er 49. mál, á þskj. 55, frv. til l. um breyt. á l. um áburðarverksmiðju. Ég tók eftir, að í gær í sameinuðu þingi var lagt til að fara að kjósa stjórn áburðarverksmiðjunnar, en nú fjallar einmitt þetta frv. mitt um breyt. á lögunum, sem um leið mundi breyta að nokkru leyti stjórn áburðarverksmiðjunnar, færa hana í það upphaflega horf, sem hugsað var, ef það yrði samþykkt, svo að það væri a. m. k. mjög heppilegt, að það kæmi í ljós, hvaða afstöðu menn hefðu viðvíkjandi þessu frv. mínu, áður en kosið væri, án þess ég sé þar með að biðja nokkuð um að fresta því. Ég gæti trúað, að strax við 2. umr. málsins kæmi greinilega í ljós, hvaða afstöðu menn hefðu um það mál. Nú hefur hv. fjhn. þessarar d. haft þetta mál — ég býst við a. m. k. tvo mánuði eða hátt á þriðja, og það er sannarlega tími til kominn, að málið verði afgreitt.

Þá hef ég enn fremur lagt fram 91. mál, á þskj. 153, frv. til l. um byggingar íbúðarhúsa til útrýmingar herbúðunum, ásamt hv. 6. þm. Reykv. Það er frv., sem er líka mjög brýnt að afgreitt fáist, ekki síst þar sem við sjáum enn þá ekkert votta fyrir tillögum hæstv. ríkisstj. til lausnar á húsbyggingarmálunum. Ég vil þess vegna mjög eindregið óska eftir því, að þetta frv., sem líka var vísað til hv. fjhn., fái að koma til 2. umr. hið allra fyrsta.

Ég hef tekið eftir því, að það hefur verið nokkur áhugi hjá hæstv. forseta að breyta þannig til að tryggja, að frv. fái afgreiðslu og að þau séu ekki svæfð í nefndunum, eins og oft hefur viðgengizt á undanförnum þingum. Og það væri ákaflega æskilegt, að hv. fjhn., sem hefur þessi frv. og fleiri til meðferðar, tæki nú rögg á sig og afgreiddi þau, ekki aðeins vegna málefnanna sjálfra, heldur er ég líka hræddur um, að annars færi fyrir okkur eins og Ed., að við stæðum uppi og hefðum ekkert að gera.

**Forseti (HÁ):** Ósk hv. þm. skal verða komið á framfæri við hlutaðeigandi nefnd.

---

Á 44. fundi í Ed., 10. febr., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Áður en þessum fundi er slitið, þykir mér rétt að geta þess hér, að í Alþýðublaðinu í gær er kvartað yfir seinagangi hjá nefndum í þinginu. Ég lét að sjálfsögðu, strax og ég kom heim frá útlöndum, en þar hafði ég verið í stjórnarerindum, athuga, hvernig málin gengju í nefndum hér í þessari hv. d., og mér þykir rétt að minna hér á, m. a. út af þessari grein, sem ég tel vera mjög óverðuga, a. m. k. hvað snertir efri deild, að það eru í fjhn. aðeins þrjú mál, í heilbrn. tvö, í iðnn. eitt, í landbn. þrjú, menntmn. eitt, samgmn. tvö og sjútvn. eitt.

Ég vil alveg sérstaklega taka það fram, að flest af þessum málum eru í nefnd sumpart með samþykki flm., sumpart vegna þess, að verið er að leita nauðsynlegra upplýsinga, og enginn af flm. hefur gert mér viðvart um að kalla eftir málum, svo að *ég hef ekki haft ástæðu til þess* sem forseti að reka sérstaklega á eftir málum. Blaðamenn eru velkomnir til þess að fylgjast með þingstörfum, eins og kunnugt er, og ég sem forseti efri deildar er fús til þess að gefa þeim, hvenær sem er, upplýsingar um gang mála. En ég vísa alveg frá þeim ummælum, sem hér koma fram í Alþýðublaðinu, að þau eigi við vinnuafköst hér í hv. efri deild.

---

Á 47. fundi í Ed., 11. febr., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vildi mega skjóta því til formanna nefnda að athuga, hvort eitthvað af þeim málum, sem liggja í nefndum, er svo langt komið, að það sé hægt að skila þeim á mánudag, því að æskilegt væri að geta komið málunum áfram eins og unnt er.

---

Á 46. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

**forseti (SB):** Þá er dagskrá þessa fundar þrotin, en áður en ég slít fundi, vildi ég leyfa mér að lesa hér upp lista um það, hvaða mál

liggja hjá hv. þingnefndum, og jafnframt beina þeim óskum til þeirra, hverrar einstakrar og allra í heild, að skila sem fyrst nál. um þau mál, sem óafgreidd liggja.

Það eru þá fyrst þau þingmál, sem liggja hjá hv. allshn.: 1) Ríkisborgararéttur, 3. mál, stjfrv., í nefnd frá 13. okt. 2) Bifreiðalög, 5. mál, stjfrv., í nefnd frá 13. okt. 3) Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 39. mál, flm.: Gils Guðmundsson og Bergur Sigurbjörnsson, er í nefnd frá 19. okt. 4) Útsvör, 81. mál, flm.: Einar Ingimundarson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Halldór Ásgrímsson og Eggert Þorsteinsson, er í nefnd frá 8. okt. 5) Brunabótafélag Íslands, 129. mál, flm.: Jónas Rafnar, Jón Sigurðsson, Emil Jónsson, Gils Guðmundsson, Gísli Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson, er í nefnd frá 7. febr. 6) Hegningarlög, 4. mál, Ed., er í nefnd frá 10. des.

Hjá hv. fjhn. eru þessi mál: 1) Ríkisreikningur 1952, 120. mál, stjfrv., er í nefnd frá 9. des. 2) Lífeyrissjóður barnakennara, lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, öll í nefnd frá 7. febr. 3) Tekjuskattur og eignarskattur, 21. mál, flm.: Gunnar Jóhannsson og Karl Guðjónsson, er í nefnd frá 14. okt. 4) Brúagjald af benzíni, 42. mál, flm.: Gísli Guðmundsson, er í nefnd frá 19. okt. 5) Áburðarverksmiðja, 49. mál, flm.: Einar Olgeirsson, er í nefnd frá 21. okt. 6) Tollskrá o. fl., 50. mál, flm.: Sigurður Bjarnason og Gunnar Thoroddsen, er í nefnd frá 21. okt. 7) Togarasmíði innanlands, 56. mál, flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson, Gunnar Jóhannsson og Einar Olgeirsson, er í nefnd frá 25. okt. 8) Stuðningur við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuaukningar, 57. mál, flm.: Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson, er í nefnd frá 25. okt. 9) Olíueinkasala, 72. mál, flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert Þorsteinsson, er í nefnd frá 1. nóv. 10) Atvinnujöfnun, 79. mál, flm.: Magnús Jónsson, Einar Ingimundarson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason, er í nefnd frá 4. nóv. 11) Bygging íbúðarhúsa til útrýmingar herbúðum o. fl., 91. mál, flm.: Einar Olgeirsson og Sigurður Guðnason, er í nefnd frá 18. nóv. 12) Olíuflutningaskip, 109. mál, flm.: Gils Guðmundsson og Bergur Sigurbjörnsson, er í nefnd frá 26. nóv. 13) Mótvirðissjóður, 108. mál, flm.: Bergur Sigurbjörnsson og Gils Guðmundsson, er í nefnd frá 30. nóv. 14) Tekjuskattur og eignarskattur, 134. mál, flm.: Karl Guðjónsson, er í nefnd frá 8. febr. 15) Útsvör, 135. mál, flm.: Karl Guðjónsson, er í nefnd frá 8. febr.

Hjá hv. heilbr.- og félmn. eru þessi mál: 1) Sömu laun karla og kvenna, 18. mál, flm.: Hannibal Valdimarsson, er í nefnd frá 14. okt. 2) Orlof, 20. mál, flm.: Gunnar Jóhannsson og Karl Guðjónsson, er í nefnd frá 14. okt. 3) Orlof, 23. mál, flm.: Eggert Þorsteinsson, er í nefnd frá 14. okt. 4) Byggingarsjóður kauptúna, 64. mál, flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson og Eiríkur Þorsteinsson, er í nefnd frá 29. okt. 5) Læknaskipunarlög, 25. mál Ed., er í nefnd frá 26. nóv.

Hjá hv. iðnn. eru eftirfarandi mál: 1) Iðnaðarmálastofnun Íslands, 63. mál, stjfrv., er í nefnd frá 29. okt. 2) Iðnskólar, 94. mál, stjfrv., er í nefnd frá 18. nóv. 3) Brotajárn, 32. mál, flm.: Gils Guðmundsson og Bergur Sigurbjörnsson, er í nefnd frá 18. okt. 4) Iðnlánasjóður, 75. mál, flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson og Pétur Ottesen, er í nefnd frá 4. nóv. 5) Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, 121. mál, flm.: Eggert Þorsteinsson, er í nefnd frá 10. des.

Hjá hv. landbn. eru þessi mál: 1) Sandgræðsla og hefting sandfoks, 96. mál, flm.: Páll Þorsteinsson og Halldór Ásgrímsson, er í nefnd frá 22. nóv. 2) Áburðarverksmiðja, 110. mál, flm.: Bergur Sigurbjörnsson og Gils Guðmundsson, er í nefnd frá 26. nóv. 3) Dýralæknar, 66. mál, Ed., er í nefnd frá 26. nóv.

Hjá hv. menntmn. eru eftirfarandi mál óafgreidd: 1) Prófessorsembætti í læknadeild háskólans, 28. mál, stjfrv., er í nefnd frá 13. okt. 2) Félagsheimili, 24. mál, flm.: Eggert Þorsteinsson, er í nefnd frá 18. okt. 3) Gagnfræðanám, 69. mál, flm.: Hannibal Valdimarsson, er í nefnd frá 1. nóv. 4) Kirkjubyggingasjóður, 122. mál, flm.: Gísli Guðmundsson og Halldór Ásgrímsson, er í nefnd frá 10. des. 5) Útvarpsrekstur ríkisins, 27. mál Ed., er í nefnd frá 8. nóv. 6) Vistheimili fyrir stúlkur, 14. mál Ed., er í nefnd frá 8. febr.

Hjá hv. samgmn. eru eftirfarandi mál óafgreidd: 1) Vegalög, 36. mál, flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Einar Ingimundarson, Steingrímur Steinþórsson og Jón Sigurðsson, er í nefnd frá 18. okt. 2) Sýsluvegasjóðir, 86. mál, flm.: Jón Pálmason, er í nefnd frá 12. nóv. 3) Hafnargerðir og lendingarbætur, 111. mál, flm.: Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson, er í nefnd frá 29. nóv.

Hjá hv. sjútvn. eru eftirtalin mál óafgreidd: 1) Fiskveiðasjóður Íslands, 78. mál, stjfrv., er í nefnd frá 5. nóv. 2) Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum, 19. mál, flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson og Gunnar Jóhannsson, er í nefnd frá 14. okt. 3) Fiskveiðalandhelgi Íslands, 45. mál, flm.: Hannibal Valdimarsson, er í nefnd frá 19. okt. 4) Togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, 61. mál, flm.: Hannibal Valdimarsson og Eiríkur Þorsteinsson, er í nefnd frá 26. okt. 5) Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, 125. mál, flm.: Ólafur Thors og Emil Jónsson, er í nefnd frá 15. des. 6) Atvinna við siglingar, 136. mál, flm.: Karl Guðjónsson, er í nefnd frá 7. febr. 7) Eftirlit með skipum, 130. mál, flm.: Karl Guðjónsson og Lúðvík Jósefsson, er í nefnd frá 8. febr.

*Ég vil leyfa mér* að endurtaka þau tilmæli mín til hv. þingdeildarnefnda, að þær afgreiði þessi mál, þannig að þau geti fengið þinglega afgreiðslu í hv. þingdeild.

## VI. Minning látinna manna.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., mælti

**forseti (JS):** Í morgun andaðist hér í bænum hinn aldni þingskörungur og glæsti framherji í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, Benedikt Sveinsson, fyrrum forseti neðri deildar Alþingis, á 77.

aldursári, og vil ég minnast hans nokkrum orðum.

Benedikt Sveinsson fæddist í Húsavík við Skjálfanda 2. des. 1877, sonur Sveins Víkings gestgjafa þar Magnússonar bónda og trésmiðs á Víkingavatni Gottskálkssonar og Kristjönu Guðnýjar Sigurðardóttur bónda á Hálsi í Kinn Kristjánssonar. Hann gekk í lærða skólann í Reykjavík og varð stúdent 1901 og cand. phil. ári síðar, en tók síðan að gefa sig mjög að stjórnmálum og blaðamennsku, var einn af stofnendum Landvarnarflokksins og í ritstjórn blaðsins Landvarnar 1903, ritstjóri Ingólfs 1905—1909 og aftur 1913—1915 og Fjallkonunnar 1910—1911.

Á árunum 1915—1916 var hann aðstoðarbókavörður í Landsbókasafni, gæzlustjóri Landsbankans 1917, en settur bankastjóri sama banka á árunum 1918—1921. 1922 var hann ráðinn útgáfustjóri að sögu Alþingis, en 1931 gerðist hann aftur aðstoðarbókavörður í Landsbókasafni og gegndi því starfi til 1941. Þá varð hann aðstoðarskjalavörður í Þjóðskjalasafni og hafði þann starfa á hendi um nokkurra ára skeið. Auk þessa voru honum falin margvísleg trúnaðarstörf, sem of langt yrði hér upp að telja. Hann var m. a. endurskoðandi Íslandsbanka í mörg ár, yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1914—1917, forseti Þjóðvinafélagsins 1918—1920, bæjarfulltrúi í Reykjavík 1914—1920, var skipaður í verðlagsnefnd 1917 og kosinn í Grænlandsnefnd 1925 og í milliþn. í bankamálum sama ár. Enn fremur átti hann sæti í fullveldisnefnd 1917—1918 og í utanríkismálanefnd 1928—1931. Norður-Þingeyingar kusu hann á þing 1908, og var hann alþingismaður þeirra samfleytt til 1931. Forseti neðri deildar var hann á árunum 1920—1930.

Benedikt Sveinsson drakk snemma af lindum íslenzkrar tungu og bókmennta. Mál hans var rismeira og hreinna en flestra manna annarra. Fáir menn munu hafa verið betur heima í fornsögum vorum en hann, enda var honum falið að sjá um alþýðuútgáfu á fjölmörgum Íslendingasögum á vegum Sigurðar bóksala Kristjánssonar.

Allir þeir, sem kynnt hafa sér sögu þings og þjóðar á fyrsta þriðjungi þessarar aldar, vita, að Benedikt Sveinsson stóð jafnan í fylkingarbrjósti þeirra manna, sem harðast börðust fyrir sjálfstæði landsins, en var þó hverjum manni háttvísari og drengilegri í vopnaviðskiptum. Málsnilld hans í ræðu og riti var við brugðið og mun lengi verða minnzt. Þeir eru margir vor á meðal enn, sem muna eftir honum í fullu fjöri, sáu og heyrðu þennan garpslega mann mæla á hreinni og lifandi tungu, sem var í senn forn og ný. Og það mun almælt, að ekki hafi skörulegri maður né virðulegri setið í forsetastóli á Alþingi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri, en vil biðja þingheim að minnast þessa þjóðholla skörungs og drengskaparmanns með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum.]

---

Á 49. fundi í Sþ., 30. marz, mælti

**forseti (JörB):** Í gær varð bráðkvaddur á heimili sínu hér í bænum dr. Einar Arnórsson, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, 75 ára að aldri, og vil ég minnast þessa þjóðkunna og gagnmerka manns nokkrum orðum, áður en fundarstörf hefjast.

Einar Arnórsson var kominn af bændaættum í Árnessýslu, fæddur 24. febr. 1880 að Minna-Mosfelli í Grímsnesi, sonur Arnórs bónda þar Jónssonar bónda að Neðra-Apavatni Jónssonar og konu hans Guðrúnar Þorgilsdóttur bónda að Stóru-Borg í Grímsnesi Ólafssonar. Hann brautskráðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1901 og lauk lagaprófi í Kaupmannahafnarháskóla 5 árum síðar, 1906, hafði ýmis störf með höndum næstu tvö árin, en var skipaður kennari í lagaskólanum hér 1908 og prófessor í háskólanum 1911, þegar hann var stofnaður. Árnesingar kusu hann á þing 1914, og var hann fulltrúi þeirra til 1919. Á því tímabili varð hann ráðherra Íslands, síðasti maðurinn, sem fór einn með það embætti. Gegndi hann því frá 4. maí 1915 til 4. jan. 1917, en þá var fyrst komið hér á fót þriggja manna ráðuneyti. Þegar Einar lét af ráðherraembætti, tók hann aftur við prófessorsembætti sínu í háskólanum og hafði það á hendi til 1932. Um sjö ára skeið á þeim árum, 1922—1928, var hann jafnframt skattstjóri í Reykjavík og í niðurjöfnunarnefnd bæjarins 1928—1932. Árið 1932 var hann skipaður dómari í hæstarétti og gegndi því embætti fyrst til 1942, en þá var hann undir árslokin skipaður dóms- og menntamálaráðherra í ráðuneyti dr. Björns Þórðarsonar og hafði það embætti á hendi til 21. sept. 1944. Tók hann þá aftur samdægurs við hæstaréttardómaraembættinu og gegndi því í tæpt missiri, til 5. apríl árið eftir, en þá var honum veitt lausn frá því. Eftir það gerðist hann hæstaréttarlögmaður og starfaði að málflutningi allt til æviloka. Auk þingmennsku fyrir Árnesinga, sem áður er getið, hafði hann á hendi þingmennsku fyrir Reykvíkinga á árunum 1931—1932, en sagði af sér, þegar hann var skipaður dómari í hæstarétti. Að meðtöldum þeim tíma, er hann sat í utanþingsstjórninni, átti hann alls sæti á 13 þingum.

Snemma komu í ljós óvenju miklar og fjölhæfar gáfur Einars Arnórssonar og atorka, að hverju sem hann gekk, skarpur skilningur, trútt minni og rökrétt hugsun. Þessir hæfileikar hans komu að góðu haldi, bæði í stjórnmálastarfsemi hans og ekki sízt í þeirri sérgrein, er hann lagði fyrir sig, lögfræðinni. Það mun ekki leika á tveim tungum, að hann hafi verið einhver mesti lagamaður, sem uppi hefur verið á Íslandi fyrr og síðar, og ritsmíðar hans í þeirri fræðigrein, svo sem fjöldi vísinda- og kennslubóka og annarra rita margvíslegs efnis, sem of langt yrði hér upp að telja, bera vitni óvenju eljusömum og ritfærum afkastamanni. Um ríkisréttindi Íslands og réttarstöðu þess ritaði hann bækur, sem urðu þjóðinni leiðarstjörnur í sjálfstæðisbaráttu hennar. Hann átti sæti í samninganefndinni við Dani um sambandsmálið 1918 og mun þar ekki hafa átt siztan þátt í því, hver árangur náðist Íslendingum til handa. Allir ljúka upp einum munni um, að hann hafi verið frábær kennari, ljós í framsetningu allri og rökvís, og víst er um það, að enginn maður gekk betur fram í því en hann að fegra og hreinsa íslenzkt lagamál né varð meir ágengt í því efni, enda var hann ís-

lenzkumaður góður og ritaði öðrum fremur hreint og meitlað mál. Hann samdi marga lagabálka, svo sem um réttarfarsmál, og bera þeir fagurt vitni ritleikni hans, framsetningargáfu og öruggri meðferð íslenzkrar tungu. Ritstörf hans voru ekki einskorðuð við lögfræðileg efni. Hann var einnig afkastamikill rithöfundur á sviði íslenzkrar sagnfræði, samdi vísindalegar ritgerðir um þau efni og hafði á hendi útgáfustarfsemi í þeirri grein, var m. a. forseti Sögufélagsins síðustu 20 árin.

Einar Arnórsson á mikið og merkilegt ævistarf að baki sér. Íslendingar eiga þessum þjóðholla og mikilhæfa atorkumanni mikið upp að inna og munu lengi búa að verkum hans.

Ég vil biðja þingheim að votta minningu Einars Arnórssonar virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum.]

## VII. Varamenn taka þingsæti.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., utan dagskrár, mælti

**forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. okt. 1954.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Birni Ólafssyni, 3. þm. Reykv.:

„Sökum þess að ég mun verða fjarverandi um 3—4 vikna skeið, óska ég þess, að varamaður taki sæti í minn stað á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt. Kjörbréf varaþingmanns, frú Kristínar Sigurðardóttur, hefur áður verið samþykkt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Samkv. þessu tekur frú Kristín Sigurðardóttir sæti á þingi.

---

Á 21. fundi í Sþ., 2. des., utan dagskrár, mælti

**forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. des. 1954.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Bergi Sigurbjörnssyni, 8. landsk. þm.:

„Þar sem ég vegna lasleika verð að liggja rúmfastur um hálfs mánaðar skeið samkv. fyrirmælum lækna, leyfi ég mér hér með að óska þess, að varamaður minn, Hermann Jónsson skrifstofustjóri, Þorfinnsgötu 14, Reykjavík, taki sæti mitt á Alþingi frá og með 2. des. þ. á. samkvæmt ákvæðum 144. gr. laga um kosningar til Alþingis.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Halldór Ásgrímsson,
fyrri varaforseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Hermanns Jónssonar skrifstofustjóra í Reykjavík, sem hlotið hefur varauppbótarþingsæti Þjóðvarnarflokksins. Nefndin hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur til, að það verði tekið gilt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hermann Jónsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

---

Á 34. fundi í Sþ., 9. febr., utan dagskrár, mælti

**forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. febr. 1955.

Formaður þingflokks Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, hefur í dag skrifað mér eftirfarandi:

„Með því að Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv., er veikur, leyfi ég mér að óska eftir, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður hans, Gunnar M. Magnúss rithöfundur, taki sæti á Alþingi í veikindaforföllum hans.“

Þetta er yður, herra forseti, tilkynnt hér með, með ósk um, að kjörbréf varamanns verði tekið til rannsóknar hið skjótasta.

Forseti neðri deildar,
Jónas G. Rafnar,
2. varaforseti.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund og tekið fyrir skjöl varðandi fyrirhugaða þingsetu Gunnars M. Magnúss sem 1. varaþingmanns Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, fyrir Reykjavík í forföllum hv. 6. þm. Reykv., Sigurðar Guðnasonar. Kjörbréf lá ekki fyrir fundinum, en í þess stað vottorð frá Hagstofu Íslands og frá formanni yfirkjörstjórnar í Reykjavík um, að Gunnar M. Magnúss hafi verið kjörinn 1. varamaður Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, við alþingiskosningar í Reykjavík 1953.

Eftir að hafa athugað þessi vottorð hefur kjörbréfanefnd orðið sammála um að leggja til, að Gunnari M. Magnúss verði heimiluð seta á Alþingi sem 1. varaþingmanni Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, í Reykjavík og kosning hans tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 27 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Gunnar M. Magnúss, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

---

Á 37. fundi í Sþ., 17. febr., utan dagskrár, mælti

**forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. febr. 1955.

Magnús Jónsson alþm. hefur í dag f. h. Sjálfstæðisflokksins ritað mér á þessa leið:

„Hér með er forseta neðri deildar Alþingis tjáð, að Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv., mun ekki geta setið á Alþingi um skeið vegna veikinda. Hefur hann óskað þess, að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Kristín Sigurðardóttir, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Frú Kristín Sigurðardóttir tekur nú sæti á þingi. Kjörbréf hennar hefur áður verið samþykkt hér.

---

Á 45. fundi í Sþ., 11. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

**Forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. marz 1955.

Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna brottfarar úr landi get ég ekki mætt á þingfundum í a. m. k. 2 vikur. Óska ég eftir, að fyrsti varaþm. Alþfl., Kristinn Gunnarsson hagfræðingur, taki sæti mitt á Alþingi í forföllum mínum.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að kjörbréf varamanns verði tekið til rannsóknar á fundi í sameinuðu þingi í dag.

Gísli Jónsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

**Frsm. (Gunnar M. Magnúss):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur falið mér að mæla hér nokkur orð, um leið og frá því er skýrt, að Guðmundur Í. Guðmundsson hefur tilkynnt hv. Alþ., að hann geti ekki sinnt þingstörfum um tíma. Þess er óskað, að varamaður hans, Kristinn Gunnarsson fulltrúi í Reykjavík, sem hefur fyrsta varauppbótarþingsæti Alþfl., taki sæti hans hér á þinginu.

Kjörbréfanefnd hefur litið yfir og athugað kjörbréf Kristins Gunnarssonar og hefur ekkert við það að athuga og leggur því til, að hann taki hér sæti á þingi í fjarveru Guðmundar Í. Guðmundssonar.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Kristinn Gunnarsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

---

Á 62. fundi í Nd., 21. marz, utan dagskrár, mælti

**forseti (SB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv., mun verða erlendis nú um alllangt skeið og getur af þeim sökum ekki setið á Alþingi. Er þess því óskað, að fyrsti varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Kristín Sigurðardóttir, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

F. h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins,
Magnús Jónsson.“

Samkvæmt þessu tekur frú Kristín Sigurðardóttir sæti á Alþingi.

---

Á 52. fundi í Sþ., 14. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

**Forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. apríl 1955.

Magnús Jónsson alþm., f. h. Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., hefur óskað þess, að varamaður hans taki sæti hans á Alþingi til loka þessa þings, þar eð hann hefur sjálfur af sérstökum ástæðum ekki aðstöðu til að sitja á Alþingi þennan tíma. Er þess því óskað, að séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ taki sæti á Alþingi til loka þessa þings.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að kjörbréf varamanns verði tekið til rannsóknar á fundi í sameinuðu þingi í dag.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Verkefni þessa fundar er, að athugun fari fram á þessu kjörbréfi, og ég vil gefa fundarhlé í fimm mínútur. Ég vona, að það nægi til þess, að athugun á kjörbréfinu og kjörgögnum geti farið fram. — [Fundarhlé.]

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf séra Gunnars Gíslasonar, sem er varaalþingismaður fyrir Skagafjarðarsýslu fyrir D-listann, lista Sjálfstæðisflokksins. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur til, að kosningin verði tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Gunnar Gíslason, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

---

## VIII. Kosningar.

### 1. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga 1953.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var tekin á dagskrá **kosning eins yfirskoðunarmanns ríkisreikninganna 1953, í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar, sem lézt 15. apríl 1954.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi.

### 2. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

#### a. Kosning í Ed.

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gísli Jónsson alþm. (A),
Bernharð Stefánsson alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Lárus Jóhannesson alþm. (A).
Karl Kristjánsson alþm. (B).

#### b. Kosning í Nd.

Á 28. fundi í Nd., 9. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna kom fram einn listi, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.,
Emil Jónsson alþm.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, sem á voru þrjú nöfn. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm.,
Halldór Ásgrímsson alþm.,
Gylfi Þ. Gíslason alþm.

### 3. Eftirlitsmenn með opinberum sjóðum.

Á 30. fundi í Sþ., 17. des., var tekin til meðferðar **kosning þriggja eftirlitsmanna með opinberum sjóðum, til 5 ára, frá 1. jan. 1955 til 31. des. 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 111 1941.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Þorsteinn Þorsteinsson, Andrés Eyjólfsson, Sigfús Bjarnason; á B-lista Bergur Sigurbjörnsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður,
Andrés Eyjólfsson alþm.,
Sigfús Bjarnason ráðsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur.

### 4. Nýbýlastjórn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning nýbýlastjórnar, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1955 til 31. des. 1958, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 35 1946.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason alþm. (C),
Steingrímur Steinþórsson landbrh. (B),
Jón Sigurðsson alþm. (C),
Haukur Jörundsson kennari (B),
Ásmundur Sigurðsson kennari (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson viðskmrh. (C),
Björn Bjarnarson ráðunautur (B),
Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður (C),
Þorsteinn Eiríksson skólastjóri (B),
Tryggvi Pétursson bankamaður (A).

### 5. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna nefndar samkv. 15. gr. A. X. í fjárlögum fyrir árið 1955 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Þorsteinn Þorsteinsson, Þorkell Jóhannesson, Þórarinn Björnsson; á B-lista Helgi Sæmundsson. — A-listi hlaut 35 atkv., B-listi 14 atkv., en einn seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður,
Þorkell Jóhannesson prófessor,
Helgi Sæmundsson ritstjóri.

### 6. Stjórn áburðarverksmiðju.

Á 33., 34., 36. og 38. fundi í Sþ., 7., 9., 16. og 23. febr., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f, til fjögurra ára, frá 6. febr. 1955 að telja til jafnlengdar 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. málsgr. 13. gr. l. nr. 40 23. maí 1949.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Pétur Gunnarsson, Vilhjálmur Þór, Kjartan Ólafsson; á B-lista Jóhann Guðjónsson bóndi á Leirulæk.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég heyri, að á lista þeim, sem hæstv. forseti las hér upp og lagður hefur verið fram við stjórnarkjör í áburðarverksmiðjunni og merktur var

A-listi, ef ég tók rétt eftir, er nafn Vilhjálms Þórs bankastjóra í Landsbankanum, ef það er rétt skilið.

Nú vil ég til þess vitna, að í 1. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, segir svo í 47. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja."

Samkvæmt þessu sýnist mér, þar sem ekki er unnt, að því er mér virðist, að líta á Áburðarverksmiðjuna h/f öðrum augum en þar sé um atvinnufyrirtæki að ræða, að nafn Vilhjálms Þórs bankastjóra á A-lista við þær kosningar, sem hér fara í hönd, sé ólöglegt og hljóti því að strikast út af listanum, því að ég get ekki séð, að hið háa Alþingi Íslendinga geti leyft sér að brjóta jafnskýlaus lagafyrirmæli og hér um ræðir og ég hef vitnað til. Þess vegna vil ég óska eftir því og jafnframt krefjast þess, að þetta nafn verði strikað út af listanum, sem lagður hefur verið fram.

**Forseti (JörB):** Hv. 8. landsk. þm. hefur gert kröfu til þess, að eitt nafn, nafn Vilhjálms Þórs, verði strikað út af þeim lista, er lagður hefur verið fram til stjórnarkjörs í áburðarverksmiðjunni, sakir þess að óheimilt sé, að bankastjóri Landsbanka Íslands eigi sæti í eða stjórni atvinnufyrirtækjum.

Þetta atvinnufyrirtæki er að meiri hluta til ríkisfyrirtæki, og Alþingi skipar af sinni hálfu menn í stjórn þess fyrirtækis, sem er eign ríkisins. Það skal ég reyndar játa, að mér hefur ekki gefizt tóm til að íhuga það, en mér sýnist sem ákvæði lagagreinar þeirrar, er hv. þm. las upp, muni ekki taka til slíks umboðs, þar sem hér er um opinbert fyrirtæki að ræða og Alþingi skipar í stjórn þess, og það muni standa nokkuð öðruvísi á, ef um öðruvísi fyrirtæki væri að ræða.

Ég get því ekki að svo vöxnu máli orðið við óskum hv. þm. um að úrskurða, að þetta nafn skuli fellt af þessum lista við þetta stjórnarkjör.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil eindregið skjóta því til hæstv. forseta, að hann fresti þessari kosningu og athugi betur sitt mál, áður en hann kveður upp úrskurð í þessu efni.

Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að hann sagði hér áðan, þegar hann var, án þess að hafa getað grundað þetta mál, að reyna að rökstyðja, að nafn bankastjóra Landsbankans mætti vera á þessum lista, að hér væri um opinbert fyrirtæki að ræða. Ég vil benda hæstv. forseta á, að fyrir liggja yfirlýsingar frá ráðherrum í tveim ríkisstj., að Áburðarverksmiðjan h/f sé einkafyrirtæki, sé eign hlutafélags, sem stofnað er eftir venjulegum hlutafélagslögum. Samkvæmt yfirlýsingu þeirra ráðh. er hér ekki um opinbert fyrirtæki að ræða, heldur einkafyrirtæki. Og hverjir eiga hlutabréfin í því, skiptir ekki máli um löglega eign þess hlutafélags. Það er hægt að selja þau hlutabréf, og það hafa verið gerðar till. um að selja þau hlutabréf. Þess vegna er ekki hægt fyrir hæstv. forseta að grundvalla sinn úrskurð á því, að hér sé um opinbert fyrirtæki að ræða og að lögin að einhverju leyti ættu ekki við slíkt, auk þess sem í lögunum stendur „atvinnufyrirtæki", án þess að það sé greint, hvort það sé eign þess opinbera eða einkafyrirtæki, þótt ég hins vegar skuli viðurkenna, að þarna sé allmikill munur á. En einmitt þessi rökstuðningur, sem hæstv. forseti nú reynir að nota við sína yfirlýsingu, stangast á við afstöðu núverandi ríkisstj. um eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni, sem er deilumál, sem liggur fyrir Alþ. í lagabreytingu, sem hér liggur fyrir. Þess vegna vil ég eindregið skjóta því til hæstv. forseta, þar sem þetta er það vandasamt mál að úrskurða, að ég álít, að það væri rétt að taka annaðhvort fundarhlé eða þá að fresta kosningunni, þar sem forsetaúrskurðirnir hafa mikla þýðingu fyrir allar framkvæmdir í framtíðinni, til þess að hægt sé að ganga þannig frá þessu máli, að sá úrskurður sé ótvírætt réttur.

**Forseti (JörB):** Ég skal játa, að mér hefur ekki gefizt tóm til þess að íhuga þetta og enn síður að athuga nákvæmlega, hvernig þessu kann að vera varið, en hygg nú og lét þess reyndar getið í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, að að svo vöxnu máli gæti ég ekki orðið við kröfu hv. 8. landsk. um að fella nafnið af listanum.

En ég vil gjarnan taka mér ofur lítinn frest til íhugunar. Upp í huga minum hafa nú komið, á meðan hv. þm. voru að tala, nokkur atriði, sem snerta þetta mál og mun rétt að komi fram í sambandi við þá ósk, að þetta nafn sé fellt út af listanum við þetta stjórnarkjör.

Ég mun þess vegna fresta fundi um 15 mínútna skeið. — [Fundarhlé.]

Þá hefst fundur að nýju, og verður tekið til meðferðar 2. dagskrármálið, sem frá var horfið áðan.

Hv. 8. landsk. þm. telur, að á A-lista, þar sem stendur nafn Vilhjálms Þórs, sé ekki heimilt að kjósa hann til stjórnarstarfa í áburðarverksmiðju ríkisins, og vitnar þar til 47. gr. l. um Landsbanka Íslands, þar sem svo er sagt: „Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja."

Hér er um að ræða kjör af hálfu Alþingis til stjórnarstarfa í þessu fyrirtæki, áburðarverksmiðju ríkisins, og umboð þeirra manna, er Alþ. kýs, er veitt af hálfu Alþ., þess opinbera, til þess að ráða af sinni hálfu þessari stofnun og á því ekki skylt við einkaatvinnufyrirtæki, heldur er það fyrst og fremst til að ráða þessu opinbera fyrirtæki ríkisins, sem Alþ. með kosningu veitir umboð þeim mönnum, er til þess eru kjörnir. Ég hygg, að ekki sé annað hægt en að gera mikinn greinarmun á þessu tvennu, hvort um atvinnufyrirtæki er að ræða, sem er óháð ríkinu eða er í höndum einstakra manna. Þetta umboð, sem Alþ. veitir, er fyrst og fremst að gæta fyrirtækisins af hálfu þess opinbera.

Þetta viðhorf mun og hafa ráðið nokkru um það, hver störf auk bankastjórastarfanna bankastjórar hafa haft utan við bankastjórastarfið. Vil ég í því sambandi minna á, að Jón Árnason bankastjóri var um langt árabil stjórnandi Eimskipafélags Íslands, og minnist ég þess ekki, að nokk-

urn tíma væri að því fundið eða á það væri bent, að óheimilt væri. Þá vil ég og minna á, að Magnús heitinn Sigurðsson bankastjóri var um langt árabil í stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og nú síðari ár hefur Jón Maríasson bankastjóri verið í stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda.

Ég hygg líka, að hvað þetta atriði áhrærir hljóti það sakir eðli málsins fyrst og fremst að vera komið undir dómi og mati yfirstjórnar Landsbanka Íslands og hún skeri úr um það, hvaða starfsemi geti samrýmzt ákvæðum laganna um störf bankastjóra. Ég tel því ekki í verkahring forseta að úrskurða um það atriði og tel Alþ. í sjálfsvald sett að kjósa til þessa trúnaðarstarfs hvern þann mann, er fullnægi almennum kjörgengisskilyrðum.

Kosning um þessa lista fer þess vegna fram.

Ég get að vísu veitt hv. þingmönnum aðeins orðið stutta stund, en ræður um þetta efni breyta í engu þessari niðurstöðu.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það getur vel verið, að þau ummæli hæstv. forseta séu rétt, að umræður um þessi mál breyti engu um niðurstöðu, en engu að síður finnst mér sjálfsagt og skylt að mótmæla þeim úrskurði, sem hæstv. forseti hefur hér kveðið upp. Í úrskurði sínum og röksemd fyrir sínum úrskurði vitnaði hæstv. forseti aðallega til þess, að hér væri um ríkisfyrirtæki að ræða, það væri um það að ræða, að Alþ. kysi mann í stjórn ríkisfyrirtækis. Nú er það í sjálfu sér rangt, að hér sé um ríkisfyrirtæki að ræða, því að í dagskrá Alþ. fyrir þennan fund er svo að orði komizt, með leyfi hæstv. forseta, að það eigi að taka fyrir sem 2. mál kosningu þriggja manna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem þýðir það, að þetta er hlutafélag og fer að lögum um hlutafélög. Hvort ríkið á þar hlutabréf eða ekki hlutabréf, skiptir engu máli um eðli fyrirtækisins né það, að hér sé um atvinnufyrirtæki að ræða. En þó að svo væri, að hér hefði verið og væri um ríkisfyrirtæki að ræða, þá væri samt sem áður óheimilt að kjósa bankastjóra Landsbankans í stjórn fyrirtækisins, vegna þess að lög nr. 10 frá 15. apríl 1928 gera engan greinarmun á því, hvort um einkafyrirtæki eða ríkisfyrirtæki, hlutafélag eða samvinnufyrirtæki er að ræða. Og það liggur í hlutarins eðli, að það sé og verði að vera óheimilt að kjósa bankastjóra í stjórn atvinnufyrirtækis. Ég hef líka flett upp núna, á meðan fundarhlé var, umræðuparti þingtíðinda frá því að þessi lög voru til umr. og voru sett á Alþ., og þar bregður svo við, að þar hafa engar umræður, sem ég get fundið, orðið um þessa grein málsins. Það hafa allir orðið sammála um, að það kæmi ekki til mála, að bankastjóri væri í stjórn atvinnufyrirtækis, og það er augljóst, af hverju allir hljóta að vera sammála um þetta atriði. Það er vegna þess, að ef bankastjóri væri í stjórn fyrirtækis og bæri hag þess sérstaklega fyrir brjósti, þá gæti hann í fyrsta lagi mismunað viðskiptavinum bankans; það væri hætta á því. Í öðru lagi væri stórhætta á því, að ef þetta fyrirtæki stæði illa, að hann héldi ekki á fjármálum bankans gagnvart þessu fyrirtæki eins og öðrum fyrirtækjum og eins og honum bæri skylda til að gera.

Ég ætla ekki að misnota þessar fáu mínútur, sem mér hafa verið gefnar, heldur aðeins að minna á það að lokum, að annað atriðið í röksemdafærslum hæstv. forseta fyrir hans úrskurði hér áðan var það, að hann vitnaði til þess, að Jón Árnason bankastjóri hefði verið í stjórn Eimskipafélagsins, Magnús heitinn Sigurðsson hafi verið í stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og Jón Maríasson bankastjóri væri í stjórn S. Í. F. einnig. Allt þetta er, miðað við þau lög, sem við höfum hér fyrir höndum, hrein lögbrot, og þó að þetta hafi átt sér stað og þó að lög hafi verið brotin og hvað mörgum sinnum sem þau hafa verið brotin áður fyrr, þá afsaka þau brot ekki nýtt lögbrot, engan veginn, og þess vegna mótmæli ég enn úrskurði hæstv. forseta og krefst þess enn, að nafn Vilhjálms Þórs verði strikað út af A-listanum.

**Einar Olgeirsson:** Mér skilst, að hæstv. forseti vilji víkja þessum kaleik frá sér með því að segja, að það komi undir yfirstjórn Landsbankans að úrskurða um þetta, hvort viðkomandi bankastjóri ætti þá að leggja niður bankastjórn. Ég er hræddur um, að það sé ekki gott, ef við þorum ekki að horfast í augu við að taka ákvarðanir um veigamikið atriði eins og þetta ellegar reynum að víkja því frá á þennan hátt.

Ég tók eftir því, og það sýndi mér, að undir niðri fellst hæstv. forseti á allar forsendurnar, sem settar hafa verið fram fyrir því, að bankastjóri Landsbankans megi ekki eiga þarna sæti, að hæstv. forseti tvítók, að það væri um kosningu að ræða í stjórn áburðarverksmiðju ríkisins, ekki Áburðarverksmiðjunnar h/f. Enn fremur sagði hann, að þetta fyrirtæki, sem verið væri að kjósa í, ætti ekkert skylt við einkaatvinnufyrirtæki. Og enn fremur sagði hann, þegar hann talaði um hlutafélagið: „þetta opinbera fyrirtæki ríkisins“. M. ö. o.: Hvert einasta orð, sem hæstv. forseti hefur viðhaft um áburðarverksmiðjuna, stangast algerlega á við þann skilning, sem ráðherrar Framsfl. hafa verið með yfirlýsingar um hér á Alþ. undanfarið, samrýmist hins vegar algerlega því, sem ég hef undanfarið nokkrum sinnum lagt fram frv. um, og mér þykir mjög vænt um að því leyti, að hæstv. forseti skuli rökstyðja á þennan hátt sína niðurstöðu, þó að hún sé veik.

Þá tók hann enn fremur fram, að þessir þrír menn væru kosnir til að gæta fyrirtækisins af hálfu þess opinbera. Nú er viðkomandi maður að vísu líka einkahluthafi í þessu fyrirtæki. Þetta fyrirtæki er stofnað eftir þeim almennu hlutafélagslögum af ákveðnum einstaklingum, þ. á m. Vilhjálmi Þór, og eitt af því, sem hlýtur að koma til kasta Landsbankans í sambandi við lán til Áburðarverksmiðjunnar h/f, er t. d., hvort það eigi að heimta persónulegar ábyrgðir af hluthöfum eða hlutafélagsstjórnum, eins og ákaflega oft tíðkast með hlutafélög, og það er ekki góð aðstaða fyrir Alþ., þó að það hafi mætur á einum manni og treysti honum sem fjármálamanni, að setja hann í svona aðstöðu. Þess vegna held ég, að úrskurður hæstv. forseta fari hvað skiln-

ing snertir í bága við allar yfirlýsingar ríkisstj. um áburðarverksmiðjuna hér á Alþ. og hvað niðurstöðu snertir í bága við lög.

Þetta vildi ég aðeins taka fram.

**Forseti (JörB):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta atriði. Ég vil benda þeim hv. tveim þm., sem hafa gert úrskurðinn að umtalsefni, á, að það varðar vitaskuld höfuðatriði, að ríkið sjálft á meiri hluta í þessu fyrirtæki og getur alveg ráðið því, og það er kjarni málsins.

A-listi hlaut 35 atkv., B-listi 9 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Pétur Gunnarsson tilraunastjóri,
Vilhjálmur Þór bankastjóri,
Kjartan Ólafsson frá Hafnarfirði.

### 7. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga 1954.

Á 34., 36. og 38. fundi í Sþ., 9., 16. og 17. febr., var tekin á dagskrá

**kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1954, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson og Björn Jóhannesson; á B-lista Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 37 atkv., B-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Jón Pálmason alþm.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi.

### 8. Okurnefnd.

Á 64. fundi í Nd., 24. marz, var tekin til meðferðar

**kosning fimm manna nefndar innandeildarmanna samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 22. marz 1955, um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á okri.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Björn Ólafsson alþm. (C),
Skúli Guðmundsson alþm. (B),
Einar Ingimundarson alþm. (C),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (B),
Karl Guðjónsson alþm. (A).

### 9. Atvinnumálanefnd.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá

**kosning milliþinganefndar, 7 manna, til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa samkv. þingsályktun, sem samþykkt var um það efni á Alþingi 29. apríl 1955.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (D),
Hermann Jónasson alþm. (B),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (D),
Vilhjálmur Þór bankastjóri (B),
Jóhann Jakobsson efnafræðingur (D),
Einar Olgeirsson alþm. (C),
Eggert Þorsteinsson alþm. (A).

### 10. Fasteignamatsnefnd.

Á 56. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá

**kosning 2 manna í landsnefnd og 2 varamanna til þess að endurskoða fasteignamat, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. nýafgreiddum lögum frá þinginu um samræmingu á mati fasteigna.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Sþ., 10. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason alþm. (B),
Páll Zóphóníasson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Pétur Gunnarsson tilraunastjóri (B),
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (A).

## IX. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

**Skrifstofan og prófarkalestur:**
Sigríður Bjarklind, Kristrún Guðmundsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

**Skjalavarzla og afgreiðsla:**
Kjartan Bergmann.

**Lestrarsalsgæzla:**
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

**Vélræn upptaka á þingræðum:**
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

**Ræðuritun:**
Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ó. Ásmundsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Kirsten Thorberg, Sigfríður Bjarnar, Gerður Ísberg, Stefanía Einarsdóttir, Ólöf Klemenzdóttir.

**Dyra- og pallavarzla:**
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen,

Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Þórður Jónsson (að hálfu).

**Þingsveinsstörf:**
Steini Sævar Þorsteinsson, Haukur Kjartansson, Guðbjartur Gunnarsson (til 6. jan.), Karl Valur Karlsson (til 4. jan.), Herólvur Andreassen (frá 27. okt.), Eggert Ólafsson (frá 1. febr.), Gunnar Ingason (frá 7. febr.), Jón Gunnar Jónsson (frá 28. febr.).

**Símavarzla:**
Ingibjörg Pétursdóttir, Svala Nielsen, Ásmundur Guðmundsson.

**Fatagæzla:**
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir (til 20. jan.), Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir (frá 7. marz).

**Þingfréttamaður í útvarpi:**
Helgi Hjörvar.

## X. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 40. fundi í Nd., 17. des., mælti

**forseti (SB):** Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. En þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd., áður en þingi verður frestað, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og nýárs, um leið og ég þakka þeim góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á því ári, sem nú er senn liðið. Ég árna utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og læt í ljós þá von, að vér megum allir heilir hittast, er Alþingi heldur áfram störfum á nýju ári.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., að þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Ég vil enn fremur leyfa mér að þakka honum fyrir góða samvinnu við okkur á því ári, sem nú er að líða, og óska honum svo gleðilegra jóla og góðs nýárs og vona, að við megum sjá hann heilan aftur, þegar við hittumst að loknu jólaleyfi. Ég vil biðja hv. þdm. um að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

**Forseti (SB):** Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þau, endurtek svo árnaðaróskir mínar í garð hv. þdm. og segi fundinum slitið.

---

Á 43. fundi í Ed., 18. des., mælti

**forseti (GíslJ):** Þá er lokið dagskrá þessa fundar. Störfum hinnar hv. deildar er nú að verða lokið á þessu ári. Ég vil mega bera fram þá ósk, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. deildarmanna, að lög þau, sem samþykkt hafa verið á þessu þingi, megi verða þjóðinni til blessunar og létti henni sporin til betri lífskjara og bjartari framtíðar. Hv. þingmönnum flyt ég þakkir fyrir góða samvinnu, prúðan og drengilegan málflutning í hvívetna og góða og samvizkusamlega fundarsókn og fundarsetu, sem allt hefur auðveldað mér fundarstjórn, svo að unun hefur verið að. Þegar leiðir skiljast nú um stund vegna jólaleyfis, vil ég óska öllum hv. þm., vinum þeirra og vandamönnum svo og starfsliði þingsins og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þakklæti fyrir allt samstarf á því ári, sem nú er að líða. Þeim, sem nú halda heim til vina og vandamanna, óska ég góðrar heimferðar og vona, að við öll mætumst hér aftur heil, þegar þing kemur saman á ný, við áframhaldandi starf á komanda ári. Gleðileg jól.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil fyrir hönd deildarmanna þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir. Ég veit, að ég mæli einnig fyrir hönd deildarmanna, þegar ég flyt honum óskir um gleðileg jól og gott nýár, og vona, að við hittumst heilir hér að loknu jólaleyfinu. Gleðileg jól. — [Dm. risu úr sætum.]

**Forseti (GíslJ):** Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir hans góðu óskir og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. — Fundi er slitið.

---

Á 31. fundi í Sþ., s. d., mælti

**forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Forseti Íslands hefur hinn 17. þ. m. gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsrh. umboð til að fresta um sinn fundum Alþingis, 74. löggjafarþings, frá 18. des. 1954, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 4. febr. 1955.

Gert í Reykjavík, 17. des. 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors."

Samkv. þessu forsetabréfi lýsi ég yfir samkv. umboði því, sem ég hef lesið, að fundum þessa Alþingis, 74. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag, og verður það kvatt saman til fundar að nýju eigi síðar en 4. febr. n. k.

Ég vil leyfa mér að nota tækifærið til að óska öllum hv. þm. gleðilegra jóla og farsæls árs og þakka fyrir samstarfið á liðandi ári.

**Forseti (JörB):** Samkvæmt því, er hæstv. forsrh. hefur nú tilkynnt, er þetta síðasti fundur Alþingis á þessu ári.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir einkar gott samstarf og hvað þeir hafa lagt sig fram um að gera mér auðveld störfin sem forseta þingsins. Ég vil óska hv. þm. gleðilegra jóla og hamingjusams nýárs. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar ferðar heim til sín og góðrar heimkomu. Megum

allir hittast heilir eftir nýárið, þegar fundir hefjast á ný. Starfsfólki þingsins óska ég gleðilegra jóla og góðs nýárs.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir hönd allra hv. þm., að þakka hæstv. forseta fyrir þær óskir, sem hann hefur okkur flutt. Ég vil leyfa mér í nafni þm. að óska honum gleðilegra jóla og góðs nýárs og þakka honum fyrir samstarfið á þessu liðna ári; óska honum góðrar heimferðar og að við megum sjá hann hér aftur heilan á húfi, þegar við mætumst eftir áramótin. Vil ég biðja hv. þm. að gera svo vel að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hans hlýju orð í minn garð og árnaðaróskir, og einnig endurtek ég þakklæti mitt til hv. þm. og þakka þeim fyrir að hafa tekið undir óskir hans í minn garð. Megum við allir heilir hittast eftir áramótin, þegar fundir hefjast aftur. Segi ég svo þessum fundi slitið.

---

Á 32. fundi í Sþ., 4. febr., mælti

**forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Hinn 24. f. m. gaf forseti Íslands út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 74. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 4. febr. 1955, kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 24. jan. 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis, 74. löggjafarþings.

**Forseti (JörB):** Samkvæmt því, er hæstv. forsrh. hefur nú tilkynnt, hefjast fundir í Alþingi að nýju.

Ég vil leyfa mér að óska öllum hv. þingmönnum góðs og gleðilegs árs og þakka liðna árið. Sömuleiðis óska ég starfsfólki þingsins góðs og gleðilegs árs.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Má ég aðeins, herra forseti, fyrir hönd þingmanna leyfa mér að þakka herra forsetanum fyrir góðar óskir. Ég veit, að ég segi það fyrir hönd allra þingmanna, að við óskum honum gleðilegs árs, þökkum honum gömlu árin og biðjum honum allrar blessunar.

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans hlýju óskir til mín, sem hann bar fram af sinni hálfu og hv. þingmanna, og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þingmanna.

---

## XI. Starfslok deilda.

### a. Í efri deild.

Á 88. fundi í Ed., 10. maí, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (GíslJ):** Störfum deildarinnar er nú að ljúka að þessu sinni. Fundargerðir síðustu tveggja funda hafa ekki legið frammi. Ég leita því heimildar til þess að undirrita þær síðar og skoða það samþykkt, ef enginn mælir því í gegn.

Þetta þing hefur staðið yfir sjö mánaða tímabil. Hafa á þessum tíma verið rædd mörg mál og afgreidd mörg merk lög, svo sem lög um húsnæðismál, jarðræktar- og landbúnaðarmál, fiskveiðasjóð, atvinnubætur, bókasöfn, skólamál og breytingar á hegningarlöggjöfinni, svo að minnst sé nokkurra hinna merkustu, sem samþykkt hafa verið hér. Eru öll þessi lög tákn mikillar trúar á landið og framtíð þjóðarinnar. Er það von mín og bæn, að þau verði ásamt öllum öðrum störfum þingsins til mikillar blessunar í hvívetna fyrir land og þjóð.

Ég vil þakka öllum hv. dm. fyrir þá alúð, sem þeir hafa lagt í öll störf sín, bæði í nefndum og hér á deildarfundum, og fyrir prúðan og drengilegan málflutning, sem allt hefur auðveldað mér forsetastörfin, svo og hæstv. varaforsetum fyrir aðstoð þeirra, er ég hef orðið að víkja frá fundarstjórn. Skrifstofustjóra Alþingis, fulltrúum og öðru starfsliði þakka ég hvers konar aðstoð, sem í té hefur verið látin og jafnan með ljúfu geði. Þeim utanbæjarþingmönnum og öðrum, sem halda heim frá þingi, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við hittumst hér öll heil við setningu Alþ., þegar það kemur saman næst síðar á þessu ári.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil leyfa mér að flytja hæstv. forseta þakkir mínar og deildarmanna fyrir röggsama og óhlutdræga stjórn á meðferð mála hér í þessari deild. Jafnframt vil ég flytja honum og fjölskyldu hans beztu óskir um gleðilegt sumar og óska þess, að við megum allir heilir hittast hér að hausti komanda, þegar þing kemur aftur saman. Ég vænti, að hv. deildarmenn taki undir árnaðaróskir mínar til forseta og þakkir með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

**Forseti (GíslJ):** Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir góðar óskir og hv. þm. fyrir að taka undir þær. Verkefni þessa fundar er lokið.

### b. Í neðri deild.

Á 89. fundi í Nd., 10. maí, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (SB):** Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á þessu þingi.

Ég árna utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þm. gleðilegs og farsæls sumars. Vænti ég, að vér megum allir heilir hittast á Alþingi á komandi hausti.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir hönd allra hv. þdm., að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil einnig leyfa mér að þakka honum fyrir góða samvinnu við okkur þm. og fyrir röggsama og góða fundarstjórn. Ég vil vona, að við megum sjá hann aftur heilan í haust, og ég vil óska honum gleðilegs sumars og biðja hv. þm. um að rísa úr sætum til að taka undir árnaðaróskir mínar við hæstv. forseta. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

**Forseti (SB):** Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð, öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau og segi fundinum slitið.

## XII. Þinglausnir.

Á 59. fundi í Sþ., 11. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 9. okt. til 18. des. 1954 og frá 4. febr. til 11. maí 1955, eða alls 168 daga.

**Þingfundir** hafa verið haldnir:

| | |
|---|---|
| Í neðri deild | 89 |
| – efri deild | 88 |
| – sameinuðu þingi | 59 |
| Alls | 236 þingfundir |

**Þingmál og úrslit þeirra:**

**I. Lagafrumvörp:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjórnarfrumvörp: | | | |
| a. Lögð fyrir neðri deild | 32 | | |
| b. — — efri deild | 17 | | |
| c. — — sameinað þing | 2 | | |
| | | 51 | |
| 2. Þingmannafrumvörp: | | | |
| a. Borin fram í neðri deild | 70 | | |
| b. — — – efri deild | 15 | | |
| | | 85 | |
| | | | 136 |

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 14 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 9 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Afgreidd sem lög: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 46 | | |
| Þingmannafrumvörp | 27 | | |
| | | alls | 73 lög. |
| b. Fellt: | | | |
| Þingmannafrumvarp | | | 1 |
| c. Afgreidd með rökst. dagskrá: | | | |
| Stjórnarfrumvarp | 1 | | |
| Þingmannafrumvörp | 4 | | |
| | | alls | 5 |
| d. Ekki útrædd: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 4 | | |
| Þingmannafrumvörp | 53 | | |
| | | alls | 57 |
| | | | 136 |

**II. Þingsályktunartillögur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Bornar fram í sameinuðu þingi | | | 56 |
| b. — — – neðri deild | 4 | | |
| | | | 60 |
| Þar af: | | | |
| a. Ályktanir Alþingis | 22 | | |
| b. Ályktanir neðri deildar | 2 | | |
| c. Felldar | 2 | | |
| d. Afgr. með rökst. dagskrá | 1 | | |
| e. Vísað til ríkisstjórnarinnar | 6 | | |
| f. Ekki útræddar | 27 | | |
| | | | 60 |

**III. Fyrirspurnir:**

| | |
|---|---|
| Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 22, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema | 9 |
| Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar, að undanteknum tveim, sem útbýtt var á lokadegi þingsins. | |
| Mál til meðferðar í þinginu alls | 205 |
| Tala prentaðra þingskjala alls | 802 |

Síðan mælti

**forseti (JörB):** Eins og sjá má á þessu yfirliti, hefur Alþingi haft mörg mál til meðferðar. Mörg þeirra hafa verið afgreidd sem lög frá þinginu. Ég vil minna á sem dæmi þá lagasetningu, er lýtur að því, á hvern hátt Alþingi ráðstafaði greiðslufagangi ríkissjóðs árið 1954.

Samkvæmt þeim lögum er ríkisstj. heimilt að verja:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| 1) Til ræktunarsjóðs | 8 |
| 2) — fiskveiðasjóðs | 8 |
| 3) Lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands | 4 |
| 4) Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða | 3 |
| 5) — greiðslu uppbóta á sparifé | 1.5 |
| 6) — brúasjóðs til endurbyggingar gamalla stórbrúa | 1.5 |
| 7) Greiðsla upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir eða eru í byggingu | 2 |
| 8) Greiðsla upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar | 1 |
| 9) Að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga | 6 |

Samkvæmt þessu á að verja þessum fjármunum til nauðsynlegra umbóta og framkvæmda til styrktar og eflingar atvinnulífinu til sjávar og sveita.

Að því búta og lög þau, er þingið setti um breytingu á lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, lög um breytingu á ræktunarsjóðslögunum, lög um breytingu á lögunum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í

sveitum, lög um breytingu á jarðræktarlögum, lög um fiskveiðasjóð Íslands og lög um breytingu á hlutatryggingasjóðslögum bátaútvegsins.

Heildarstefna þessarar löggjafar er aukið framlag til stuðnings og fyrirgreiðslu þeirra málefna, er löggjöfin fjallar um og ætlazt er til að gildi um allmörg ár fram í tímann.

Þá voru sett lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Efni þessara laga er nýmæli að nokkru leyti og miðar að því að ráða bót á húsnæðiseklu þeirri, er ríkt hefur í landinu á undanförnum áratugum, og peningakreppu þeirri, sem þjóðin hefur átt við að búa í því efni, og fela lögin í sér einnig ráðstafanir til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum.

Þá setti þingið mikilsverð lög um breytingu á almennum hegningarlögum, ný læknaskipunar- og heilsuverndarlög og lög um lækningaferðir, nýja löggjöf um almenningsbókasöfn, lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og heildarlög um iðnskóla; enn fremur vegalög og lög um skógrækt.

Þessi lagasetning, sem drepið hefur verið á, miðar öll að framförum og umbótum, hver á sínu sviði.

Virðist mér þingið hafa haldið vel í horfinu um auknar hagsbætur þjóðinni til handa í ýmsum greinum. Vonandi gera þegnar þjóðfélagsins sitt til að efla heill og heiður þjóðarinnar, enda veltur framtíð hennar á því, að almenningur beri þann hug í brjósti.

Ég vil óska hv. þm. gleðilegs sumars, þakka þeim góða samvinnu og velvild í minn garð og óska þeim, sem heima eiga utanbæjar, góðrar ferðar og heimkomu. Allir vonumst vér að hittast heilir á næsta þingi.

Að lokum þakka ég starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir hönd allra hv. þm., að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil enn fremur fyrir hönd þm. þakka honum fyrir gott samstarf við okkur og fyrir góða og röggsama fundarstjórn. Ég vil óska honum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og gleðilegs sumars og vona, að við sjáum hann aftur heilan á húfi í haust, þegar störf hefjast að nýju.

Ég vil biðja hv. þm. um að rísa úr sætum sínum til að taka undir árnaðaróskir mínar við hæstv. forseta. — [Þingmenn risu úr sætum.]

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. hans hlýju orð og árnaðaróskir mér til handa og hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þær.

**Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson):** Háttvirtir alþingismenn. Í dag hefur verið gefið út svolátandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 74. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 11. maí 1955. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gert í Reykjavík, 11. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors."

Samkvæmt bréfi því, sem ég hef lesið, segi ég þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni heilla og bið þingheim að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi".

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

**Var síðan af þingi gengið.**